Ekki eru uppi áform um verulegar breytingar á löggjöf um tekju- og eignarskatt á komandi ári. Hins vegar er fyrirhugað að frumvarp um staðgreiðslu skatta verði fljótlega lagt fram á Alþingi. Verði staðgreiðslufrumvarp að lögum fyrir áramót 1982/83 og gangi allur undirbúningur vel, er hugsanlegt að hefja innheimtu skatta samkvæmt staðgreiðslukerfi í ársbyrjun 1983. En til þess að svo verði, þyrfti Alþingi að samþykkja sérstök lög haustið 1982 um upphaf staðgreiðslu og skattahlutföll miðað við áætlað verðbólgustig þegar kerfið kemur til framkvæmda.

Nú í þingbyrjun verður lagt fram nýtt frumvarp um breytingar á söluskattslögum, sem stefnir að því að herða innheimtu og tryggja betra eftirlit með álagningu skattsins. Sölugjald ásamt orkujöfnunargjaldi er orðið langstærsti tekjustofn ríkissjóðs og verður að tryggja eftir því sem mögulegt er að þessar tekjur komi til skila, en vafalaust eru hér nokkur vanhöld á innheimtu eins og víða annars staðar.

Unnið er að endurskoðun tollskrár og aðflutningsgjalda, m. a. með það markmið í huga að einfalda og jafna álagningu aðflutningsgjalda og draga úr óhóflegri gjaldtöku. Á liðnu sumri voru gjöld á nokkrum tegundum eldhústækja lækkuð verulega, eða úr 135% í 80%. Þá var innflutningsgjald á bifreiðar, sem teljast sparneytnar á eldsneyti, lækkað úr 50% í 35%, þannig að aðflutningsgjöld á þessar gerðir bifreiða lækkuðu úr 135% í 110%.

Niðurstöðutölur gjalda og tekna sýna rekstrarafgang að fjárhæð 151 m.kr. á árinu 1982, en í fjárlögum 1981 var rekstrarafgangur 57 m.kr. Gert er ráð fyrir neikvæðum jöfnuði á lánahreyfingum að fjárhæð 79 m.kr. og nettó-útstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 15 m.kr. Þannig kemur fram greiðsluafgangur að fjárhæð 58 m.kr., en í fjárlögum 1981 var greiðsluafgangur 28 m.kr. Afborganir af lánum til Seðlabankans eru áætlaðar 120 m.kr. í frumvarpinu. Í fjárlögum ársins 1981 eru þessar afborganir 100 m.kr. Heildarafborganir lána í A-hluta frumvarpsins eru áætlaðar 320 m.kr. en nýjar lántökur A-hlutans eru ráðgerðar 317 m.kr.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 hefur verið unnin jafnhliða fjárlagafrumvarpinu og var í meginatriðum frágengin þegar fjárlagafrumvarpið fór í prentun. Í áætluninni verður nánari grein gerð fyrir áætlaðri heildarfjárfestingu á næsta ári og fjármögnun hennar. Þar sem mikilvægum framkvæmdaáföngum í orkumálum lýkur á þessu ári er ljóst að nokkuð dregur úr framkvæmdum á næsta ári að magni til, og er heildarfjárfesting áætluð um 24% þjóðarframleiðslu í stað 25,5% í ár.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1981

Meginforsendur frumvarpsins

Gerð fjárlagafrumvarpsins er byggð á tilteknum reikniforsendum um þróun verðlags, launa og gengis milli meðaltala áranna 1981 og 1982. Eins og áður segir, er miðað við 33% verðlagshækkun frá meðaltali ársins 1981 til meðaltals 1982. Verðhækkanir í helstu viðskiptalöndum okkar eru áætlaðar 8—9% á næsta ári.

Launaáætlun einstakra stofnana er í frumvarpinu sett á launastig um næstu áramót, og er þá miðað við 9% hækkun 1. desember n. k. Á sérstökum fjárlagalið er síðan gert ráð fyrir fé til að mæta áætluðum hækkunum verðbótavísitölu á árinu 1982, samtals 270 m.kr. Að því er varðar aðra rekstrarliði er tekið tillit til þess að verðhækkunarforsenda fjárlaga 1981 reyndist eins og oftast áður lægri en verðhækkanir hafa orðið í reynd og verður því að bæta mismuninum ofan á reiknitölu fjárlaganna. Önnur rekstrargjöld hækka því um 40% í fjárlagafrumv. 1982 frá fjárlagatölu ársins á undan. Áætlun um framkvæmdaframlög eru almennt miðuð við 28% hækkun að því er tekur til helstu framkvæmdaflokka. Almennt er hliðsjón höfð af núverandi byggingarstigi einstakra framkvæmda og við það miðað að fjárveitingar nægi eftir því sem við á til heillegra byggingaráfanga. Framlög til fjárfestingarlánasjóða eru á sama hátt og undanfarin ár nokkru lægri en einstök lög gera ráð fyrir en þó miðuð við þá almennu reglu, að framlög aukist að hámarki um 40% en 33% að lágmarki. Sérstakt tillit er þó tekið til nýsettra laga um Iðnrekstrarsjóð, Byggingarsjóð verkamanna og Bjargráðasjóð. Sértekjur einstakra stofnana eru sérstaklega athugaðar með tilliti til væntanlegrar verðþróunar á næsta ári og raunverulegrar reikningsútkomu á árinu 1980. Tekjuáætlun frumvarpsins er meðal annars reist á þeim forsendum um breytingar verðlags og kauplags sem raktar eru hér að framan. Áætlanir um helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við að velta aukist um rúmlega 1% að raungildi milli 1981 og 1982. Varðandi aðflutningsgjöld er gert ráð fyrir 2½% aukningu alls innflutnings og að innflutningsverð hækki um 7% í erlendri mynt en um nálega 33% í krónum að meðaltali milli áranna 1981 og 1982. Áætlanir um tekjuskatta einstaklinga eru miðaðar við að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum tekjuárs milli 1980 og 1981. Gert er ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 150 stig miðað við 100 1981, og felur það í sér svipaða hækkun og nemur áætlaðri breytingu tekna milli áranna 1980 og 1981. Í tekjuáætlun frumvarpsins er gert ráð fyrir að lög um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sjúkratryggingagjald og sérstakt tímabundið vörugjald verði framlengt til ársloka 1982 og sama gildi um lagaákvæði um innheimtu sérstaks gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex falli niður í febrúarlok 1982 eins og gildandi lög kveða á um.

Áætlanir um rekstur fyrirtækja í B-hluta frumvarpsins, sem ekki fá framlög úr ríkissjóði, miðast almennt við verðlag á áætlunartímanum, en um B-hluta aðila og einkum mikilvæg gjaldskrármál þeirra verður að venju fjallað af fjárveitinganefnd.

Í þessu sambandi ber að nefna að gert er ráð fyrir að ríkissjóður yfirtaki tiltekið áhvílandi lán hjá Rafmagnsveitum ríkisins vegna félagslegra framkvæmda, sem þeim var falið að annast og er unnið að nánari greiningu á kostnaði af þeim sökum. Í greinargerð um vexti og afborganir ríkissjóðs er fjallað um þetta nánar.

Gjaldahlið

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi eru áætluð 7 648 m.kr. árið 1982 og er það 40,1% hækkun frá fjárlagatölu 1981. Við slíkan samanburð ber að hafa í huga að fjárlagatölur ársins 1981 eru lægri en raunverulegar tekjur og gjöld. Kemur þar einkum til, að hin almenna reikniforsenda sem fjárlagaáætlunin 1981 byggðist á, eða 42% hækkun frá meðalverðlagi 1980 til meðalverðlags 1981, var lægri en raunveruleg verðbreyting eins og oftast áður. Ennfremur er nú ljóst orðið að magnaukning í sjúkratryggingakerfinu og aukning raunbóta lífeyristrygginganna er mun meiri á árinu en séð varð fyrir í fjárlagaáætluninni. Auk þess koma til, eins og ávallt, ýmsar ráðstafanir eftir fjárlagaafgreiðslu sem orsaka frávik frá fjárlagatölum. Um mitt ár var útgjaldahlið ríkisfjármálanna endurmetin með tilliti til framangreindrar þróunar, og var niðurstaðan á sambærilegum grundvelli 5 640 m.kr. heildarútgjöld. Sé þessi tala lögð til grundvallar nemur útgjaldahækkunin 35,7%, sem samsvarar 2% magnaukningu, og kemur sú aukning einkum fram í ríkisframlögum til almannatrygginga. Heildarútgjöldin nema 28,1% af áætlaðri þjóðarframleiðslu 1982, en í fjárlagafrumvarpi 1981 var þetta hlutfall því sem næst hið sama eða 28,2%.

Á eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á helstu tegundum útgjalda í frumvarpinu og gildandi fjárlögum og þar á eftir fer stutt greinargerð um einstaka gjaldflokka. Tölur eru tilfærðar í heilum milljónum króna.

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun í %
Laun	1 563	2 172	39,0
Önnur rekstrargjöld	350	499	42,6
Viðhald	155	233	50,3
Vextir	191	264	38,2
Almannatryggingar	1 332	2 071	55,5
Niðurgreiðslur	350	466	33,1
Útflutningsuppbætur	120	160	33,3
Aðrar rekstrartilfærslur	556	710	27,7
	4 617	6 575	42,4
Sértekjur	99	153	54,5
Rekstrarliðir samtals	4 518	6 422	42,1
Framkvæmdaframlög	940	1 226	30,4
Útgjöld samtals	5 458	7 648	40,1

Laun. Launaliður frumvarpsins nemur í heild 2 172 m.kr. og er það 39,0% hækkun frá fjárlagatölu 1981. Í þessari tölu er meðtalin áætluð hækkun á árinu 1982 í samræmi við reikniforsendur frumvarpsins, en vegin meðalhækkun ársins '82 er 12,75% og nemur 270 m.kr. Launaliður á áætluðu verðlagi um áramót 1981/1982 er þannig 1 902 m.kr. Við gerð fjárlaga fyrir árið 1981 lá ekki fyrir hver útgjöld ríkissjóðs vegna kjarasamninga BSRB og BHM yrðu. Í fjárlögum voru áætlaðar 45 m.kr. til þess að mæta áhrifum kjarasamninganna. Þegar launaliður fjárlaga 1981 var endurmetinn í febrúar 1981 með tilliti til kjarasamninga BSRB, niðurstöðu kjaradóms varðandi BMH og þess að vísitöluhækkun 1. des. 1980 reyndist 9,52% í stað 10% sem áætlað var í fjárlögum, hækkaði grundvöllur launa um 56 m.kr. Að teknu tilliti til þessa er sambærileg fjárhæð við 1 902 m.kr. því í reynd 1 359 m.kr. Það er hækkun um 40,0%. Hækkun launaliðarins skýrist þannig: Verðbótavísitala launa hækkaði um 5,95% 1. mars 1981, 8,1% 1. júní, 8,92% 1. september og áætluð desemberhækkun

er 9,0%, eða alls 36,0% frá upphafi til loka árs. Umframhækkun, 4,0%-stig skýrist af ýmsum þáttum. Mjög erfitt er að greina þessa þætti af nákvæmni. Lauslegt mat bendir til þess að hækkun af völdum magnaukningar sé um 1,3%-stig og flokkahækkanir, áhrif kjarasamnings lækna og aðrar launatilfærslur valdi um 2,7%-stigum.

Önnur rekstrargjöld. Þessi gjaldaflokkur nemur 499 m.kr. og er hækkunin frá fjárlögum 1981 42,6%. Við áætlun þessa liðar hefur verið tekið tillit til þess að almenn reikniforsenda verðlags í fjárlögum 1981, sem var 42% frá meðaltali 1980 til meðaltals 1981, verður líklega nálægt 50%. Hin almenna verðlagsforsenda fyrir 1982 er, sem fyrr greinir, 33% og af framangreindum orsökum er vanáætlun ársins 1981 bætt við þannig að miðað er við um 40% verðlagshækkun í samanburði við fjárlagatölur yfirstandandi árs. Hækkun frumvarpstölu er því nær hin sama og áætluð verðlagshækkun og felur því í sér óbreytt útgjöld á föstu verðlagi, eða óbreytt magn.

Viðhald. Viðhaldsliður er í heild 233 m.kr. í frumvarpinu og er það rösklega 50% hækkun frá fjárlagatölu 1981. Þetta er talsvert umfram áætlaða verðlagshækkun, og veldur hér mestu vegaviðhald sem byggt er á tölu vegáætlunar eins og hún var afgreidd frá Alþingi vorið 1981. Þannig hækkar vegaviðhald um 56,4%, en annað viðhald hækkar um 35,6% sem er nokkurn veginn í samræmi við þá verðlagshækkun sem áætluð er fyrir þessa tegund útgjalda.

Vextir. Heildarvaxtagreiðslur ríkissjóðs á næsta ári eru áætlaðar 264 m.kr., eða 38,2% hærri en í fjárlögum 1981. Áætlunin er byggð á forsendum frumvarpsins um hækkun viðkomandi vísitalna að því er tekur til verðtryggðra lána, og gengis varðandi erlend lán, auk þess sem nettóbreyting á skuldastöðu ríkissjóðs hefur að sjálfsögðu áhrif á áætlunartöluna.

Almannatryggingar. Framlög til almannatrygginga eru áætluð samtals 2 071 m.kr. í frumvarpinu og er hér um að ræða 55,5% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þessi útgjaldaflokkur nemur meira en fjórðungi heildarútgjalda ríkissjóðs og er því meginorsök þess að ríkisútgjöldin hækka nokkuð umfram áætlaðar verðlagshækkanir. Ástæður þessarar umframhækkunar má einkum rekja til mikillar magnaukningar í sjúkratryggingakerfinu, en auk þess hefur komið til hækkun vissra tegunda lífeyristrygginga, einkum tekjutryggingar, umfram almennar launa- og verðlagshækkanir svo og fæðingarorlof. Þessi aukning magns og raunbóta hefur ekki verið séð fyrir við fjárlagagerð. Til viðbótar þessu kemur að almennar bótahækkanir í kjölfar kjarasamninganna á sl. hausti voru ekki áætlaðar í fjárlagatölum yfirstandandi árs. Þessar hækkanir eru áætlaðar um 88 m.kr. á árinu 1982 og að þeim frátöldum nemur hækkun ríkisframlags til almannatrygginga um 49%.

Niðurgreiðslur á vöruverði ásamt framlagi í lífeyrissjóð bænda nema 466 m.kr. sem er 33,1% hækkun frá fjárlögum 1981. Við áætlun þessa liðar var miðað við að hann fylgdi áætlaðri verðlagshækkun og felur það í sér hlutfallslega svipað niðurgreiðslustig og í ár. Í fjárlögum 1981 er gert ráð fyrir niðurgreiðslum er nema 2,9% af einkaneyslu og í frumvarpinu er áætlunarfjárhæðin hlutfallslega því nær hin sama, eða 2,8%.

Útflutningsuppbætur. Framlag ríkisins er áætlað 160 m.kr. í frumvarpinu og hækkar því um 33,3% og er það í samræmi við áætlaða verðlagshækkun. Þrátt fyrir að dregið hafi úr framleiðslu vegna kvótakerfis og fóðurbætisskatts þykir ekki raunhæft að gera ráð fyrir minni útflutningi en sem svarar 10% framleiðslunnar.

Aðrar rekstrartilfærslur nema samtals 710 m.kr. og er það 27,7% hækkun frá fjárlögum 1981. Hér er um að ræða ýmiss konar tilfærslur til neyslu og rekstrar sem ekki eru tilfærðar annars staðar á yfirlitinu hér á undan. Þyngst vega þar framlög

til fyrirtækja og sjóða í B-hluta frumvarpsins. Einstök framlög hækka mismikið, einna drýgst er þar framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sem nemur 117 m.kr. og hækkar um 45% frá fjárlögum 1981.

Sértekjur. Við fjárlagaáætlunina hefur þess verið gætt að áætla sértekjur hinna ýmsu stofnana til samræmis við síðustu handbærar reikningstölur og almenna hækkun rekstrarkostnaðar síðan. Er þá gert ráð fyrir að gjaldskrár og þjónustugjöld hækki til samræmis, eftir því sem við á. Samtals nema sértekjur 153 m.kr. sem er 54,5% hækkun frá fjárlagatölu.

Framkvæmdaframlög. Þessi framlög nema samtals 1 226 m.kr. og er það 30,4% hækkun frá fjárlagatölu 1981. Miðað við áætlun um 33% meðalverðhækkun milli áranna 1981 og 1982 felur þetta í sér um 2% magnminnkun. Þessi útgjaldaflokkur er nokkru víðtækar skýrgreindur en ríkisframkvæmdir í þjóðhagsáætlun, þar sem með eru taldar fjármagnstilfærslur, svo sem fjárfestingarstyrkir, framlög til sjóða og framlög vegna lánagreiðslna. Á meginflokkum þessara framlaga verða þessar breytingar frá fjárlögum 1981: Verklegar framkvæmdir, sem áætlaðar eru 737 m.kr., hækka um 35,3% og felur sú hækkun í sér 1—1½% magnaukningu. Fjárfestingarstyrkir eru samtals 51 m.kr., sem er 47,5% hækkun, eða um 11% magnaukning. Er hér aðallega um að ræða framlög til vegagerðar í þéttbýli samkvæmt vegáætlun. Framlög til fjárfestingarlánasjóða og lánagreiðslna eru áætluð 438 m.kr., eða 21,3%, en það jafngildir um 9% minnkun að raungildi.

Tekjuhlið

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1982 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin sýnir innheimtar tekjur og er annars vegar reist á þeim þjóðhagsforsendum, sem getið er hér að framan, en hins vegar á áætlunum um tekjuinnheimtu ríkissjóðs á árinu 1981.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1982 eru áætlaðar samtals 7 799,3 m.kr. samanborið við 5 619,2 m.kr. í áætlun fyrir árið 1981 og 5 514,8 m.kr. á fjárlögum ársins 1981. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1982 frá áætlun fyrir árið 1981 nemur 2 180,1 m.kr., eða 38,8%, en 41,4% frá fjárlögum 1981. Til samanburðar má nefna að heildartekjur ríkissjóðs fyrir árið 1981 eru taldar munu aukast um 52,7% frá 1980 (54,8% 1979—1980).

	1979	1980	Fjárlög 1981	Áætlun 1981	Frumvarp 1982
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.	2 377,7	3 680,9	5 514,8	5 619,2	7 799,3
Hækkun frá fyrra ári, %	53,9	54,8	49,8	52,7	41,4/38,8

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1981 67,7 m.kr. sem er rúmlega 74% hækkun frá álagningu fyrra árs. Tölur um álagningu eignarskatts á félög liggja ekki fyrir, en í tekjuáætlun fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að álagningin hækki heldur minna en hjá einstaklingum, eða um 58%. Heildarálagning eignarskatta yrði samkvæmt þessu 66% hærri en 1980.

Áætlanir um álagningu eignarskatta á árinu 1982 eru reistar á þeirri meginforsendu, að fasteignamat hækki um sem næst 45% frá desember 1980 til jafnlengdar 1981 og verðhækkun annarra eigna sé svipuð. Sem fyrr segir er í frumvarpinu gert ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 150 miðað við 100 1981, en fjárhæð skattfrjálsrar eignar einstaklinga breytist með skattvísitölu samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Á þessum forsendum ætti hækkun eignarskatts einstaklinga á hvern framteljanda að verða heldur minni en svarar verðhækkun eigna. Á hinn bóginn er áætlað að eignastofn aukist um 3—4% að magni milli

áranna 1980 og 1981. Heildarálagning eignarskatts einstaklinga og félaga er því talin aukast um tæplega 50% milli áranna 1981 og 1982.

Á ofangreindum forsendum um álagningu og miðað við að innheimta af álagningu og eftirstöðvum verði svipuð og á þessu ári er áætlað að innheimta eignarskatts einstaklinga nemi 93 m.kr. og innheimta eignarskatts félaga 81,3 m.kr. á árinu 1982.

Með lögum nr. 17/1981 var ákveðið að á sama hátt og á árinu 1980 skyldi lagður sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á árinu 1981. Í tekjuáætlun fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að innheimta þessa skatts verði 22 m.kr., eða óbreytt frá fjárlögum. Í tekjuáætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að skattur þessi verði lagður á og innheimtur með svipuðum hætti og verið hefur. Jafnframt er áætlunin fyrir árið 1982 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin, þannig að álagning hækki um 45% og álagningarstofninn aukist um 3—4%. Á þessum forsendum er álagning skattsins áætluð 35,5 m.kr. og innheimta 32,1 m.kr. að meðtalinni innheimtu eftirstöðva fyrri ára.

Tekjuskattar. Álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1981, brúttó, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra 1 015,1 m.kr. Hækkun frá frumálagningartölum fyrra árs nemur tæplega 58%. Barnabætur námu 211,4 m.kr. en voru 146,3 m.kr. í fyrra, eða 45% hækkun. Afsláttur til greiðslu eignarskatts, útsvars og sjúkratryggingagjalds nemur nú 77,2 m.kr. en 46,6 m.kr. í fyrra, eða 66% hækkun. Þess ber þó að gæta að nú er í fyrsta sinn heimilt að nýta persónuafslátt til greiðslu eignarskatts og nemur sú fjárhæð 15,3 m.kr. Sé einungis horft til afsláttar til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds er hækkunin milli 1980 og 1981 um 33%. Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga 1981 nemur þannig 726,4 m.kr., eða rösklega 61% hærri en frumálagning 1980.

Varðandi álagningu tekjuskatts einstaklinga má nefna að verulegur munur varð á frumálagningu 1980 og endanlegri álagningu. Þannig varð endanleg álagning um 6% lægri en frumálagningartölur gáfu til kynna. Þennan mun má meðal annars rekja til þeirrar óvissu sem fylgdi hinum nýju ákvæðum skattalaganna á síðasta ári, einkum varðandi heimildir í lögum um ákvörðun launa manna sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Meðal annars með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 25/1981 á lögum um tekju- og eignarskatt (sérstaklega ákvæðum 59. gr. laga nr. 40/1978) og komu til framkvæmda við álagningu 1981 er gert ráð fyrir að munurinn milli frumálagningar og endanlegrar álagningar á þessu ári verði minni en í fyrra. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir svipuðu innheimtuhlutfalli og á síðasta ári. Á þessum forsendum er nú áætlað að nettóinnheimta 1981 nemi um 614 m.kr.

Áætlun frumvarpsins um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1982 er reist á þeirri meginforsendu, að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum tekjuárs, milli 1980 og 1981. Áætlað er að heildartekjur einstaklinga til skatts aukist um 50% á mann milli áranna 1980 og 1981. Sem fyrr getur er í frumvarpinu gert ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 150 stig miðað við 100 stig 1980 í samræmi við breytingar tekna. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að álagning tekjuskatts einstaklinga hækki um 50% frá áætlun um endanlega álagningu 1981, og að auki er gert ráð fyrir um 1% fjölgun framteljenda. Forsendur um innheimtuhlutfall eru hinar sömu og í áætlun fyrir árið 1981. Samkvæmt ofangreindum forsendum er reiknað með að álagning og innheimta tekjuskatts einstaklinga á árinu 1982 verði sem hér segir (í m.kr.):

	Uppgjör 1980	Áætlun 1981	Frumvarp 1982
Eftirstöðvar í ársbyrjun	74,5	110,6	173,7
Brúttóálagning	595,8	975,1	1 482,2
Til innheimtu	670,3	1 085,7	1 655,9
Innheimt brúttó	559,7	912,0	1 391,0
Frá dragast barnabætur og persónuafsláttur	195,3	297,7	452,5
Innheimt nettó	364,4	614,3	938,5

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1981 nam 33,8 m.kr. og er það svipað og gert var ráð fyrir í endurskoðaðri tekjuáætlun sem gerð var í kjölfar þeirrar lækkunar á sjúkratryggingagjaldi sem ákveðin var með lögum nr. 36/1981. Við áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt og gengið út frá sömu forsendum um tekjubreytingar og í tekjuskattsáætluninni hér að framan. Samkvæmt því er áætlað að álagning gjaldsins nemi rétt um 50 m.kr. á árinu 1982 og að nettóinnheimta álagningar og eftirstöðva verði um 51 m.kr.

Tölur um álagningu tekjuskatts félaga árið 1981 liggja ekki fyrir, en reiknað er með að álagning nemi tæplega 110 m.kr. sem er um 50% hækkun frá endanlegri álagningu 1980 eins og hún er áætluð út frá ríkisreikningi. Miðað við svipað hlutfall innheimtu af álagningu og eftirstöðvum frá fyrra ári og var 1980 er áætlað að innheimtur tekjuskattur félaga á árinu 1981 verði nálægt 100 m.kr. Þótt óvissan um endanlega álagningu tekjuskatts félaga sé ekki eins mikil og á síðasta ári, þegar lagt var á tekjur félaga í fyrsta sinn eftir nýju skattalögunum, verður að hafa nokkurn fyrirvara á þessum áætlunum, m. a. með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á tekjuskattslögunum síðastliðið vor. Í áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að skattstofn tekjuskatts félaga hækki minna en tekjur einstaklinga milli áranna 1980 og 1981 vegna slakrar afkomu atvinnugreina. Þannig er reiknað með að álagningin hækki um 35% frá áætlun fyrir árið 1981. Samkvæmt þessu er talið að innheimta tekjuskatts félaga verði rösklega 134 m.kr. og er þá tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva frá fyrri árum, en miðað við óbreytt hlutfall innheimtu. Rétt er að benda á að allt mat á álagningu, innheimtu og eftirstöðvum er talsverðum erfiðleikum bundið þar sem ekki er greint á milli innheimtu tekna fyrir einstaklinga og félög í ríkisreikningi. Á þetta raunar bæði við um tekjuskatt og eignarskatt.

Með lögum nr. 49/1981 var kveðið á um, að á árinu 1981 skyldi leggja á skattskylda menn skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt sérstakt gjald er rynni í framkvæmdasjóð aldraðra. Á árinu 1981 er gert ráð fyrir að innheimtar tekjur af þessu gjaldi nemi um 10 m.kr. Í áætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að gjald þetta verði áfram lagt á og áætlað að tekjur af gjaldinu verði 13,5 m.kr.

Gjöld af innflutningi. Í fjárlögum ársins 1981 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 636,5 m.kr. Tölur um innheimtu og innflutning á fyrri helmingi þessa árs, einkum þó á öðrum ársfjórðungi, gefa á hinn bóginn til kynna að innflutningur hafi verið talsvert meiri en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Í endurskoðaðri áætlun um tolltekjur ríkissjóðs er því gert ráð fyrir að innheimtan verði um 667 m.kr. á árinu 1981. Reiknað er með svipuðu tollhlutfalli í almennum innflutningi og 1980, eða rétt tæplega 8%. Tollhlutfall í bifreiðainnflutningi er hins vegar talið munu aukast nokkuð frá fyrra ári vegna hlutfallslega meiri innflutnings á fólksbifreiðum en öðrum bifreiðum.

Í þjóðhagsforsendum þessa frumvarps er gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur aukist um 2½% að raungildi frá þessu ári. Ennfremur er gert ráð fyrir að innflutningsverð hækki um 7% í erlendri mynt en um tæplega 33% í krónum, eða svipað og verðlag innanlands.

Hvað almennan innflutning varðar er í áætlun fyrir 1982 gert ráð fyrir að tollhlutfall verði svipað eða ívið lægra en á þessu ári. Hið sama gildir um áætlaðar tolltekjur af bifreiðainnflutningi og er ennfremur reiknað með að bifreiðainnflutningur aukist í hátt við almennan innflutning eftir talsverðan samdrátt á þessu ári.

Á þessum forsendum eru tolltekjur ríkissjóðs af bifreiðum áætlaðar 234 m.kr. 1982, tolltekjur af bensíni eru taldar munu nema 154 m.kr. og aðrar tolltekjur rösklega 513 m.kr. Heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum á árinu 1982 yrðu samkvæmt þessu rösklega 900 m.kr., eða 35% hærri en í áætlun fyrir árið 1981. Hlutfall tolltekna af heildartekjum ríkissjóðs næmi samkvæmt þessari áætlun 11,5% á næsta ári, samanborið við 11,9% á þessu ári, 12,5% 1980 og 14,0% 1979. Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum hafa því lækkað verulega á síðustu árum. Hið sama er upp á teningnum þegar horft er á tölur um tolltekjur af bifreiðum og raunar hafa tolltekjur af bensíninnflutningi heldur lækkað hlutfallslega frá árinu 1979.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 172 m.kr. á árinu 1981, eða 66% hærra en á árinu 1980. Í fjárlögum var reiknað með heldur lægri tölu, eða 168 m.kr. Áætlanir um bensínsölu eru óbreyttar frá fjárlagaáætlun, eða rösklega 122 milljónir lítra, tæplega 1½% aukning frá árinu áður. Í áætlun fyrir 1982 er reiknað með nokkurri aukningu bensínsölu og innflutningsgjald af bensíni er samkvæmt því áætlað 252,7 m.kr. Hækkunin frá 1981 er talsvert umfram meðalhækkun tekjuliða og veldur þar mestu um að bensíngjaldið var óbreytt á fyrri hluta árs 1981 og var á þeim tíma mun lægra en gildandi heimildir í lögum leyfðu. Í áætlun fyrir 1982 er hins vegar gert ráð fyrir að bensíngjald breytist í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins.

Innflutningsgjald af bifreiðum var í fjárlögum áætlað 90 m.kr. á árinu 1981. Helstu breytingar frá fjárlagaforsendum eru þær að innflutningsverð hefur hækkað meira en þar var gert ráð fyrir, en á móti vegur nokkru meiri samdráttur í bifreiðainnflutningi en áður var talið. Með reglugerð nr. 453/1981 var ennfremur ákveðin 30% lækkun á innflutningsgjaldi sparneytinna bifreiða frá 1. ágúst 1981. Áætlað tekjutap ríkissjóðs af innflutningsgjaldi vegna þessarar lækkunar er áætlað 2—3 m.kr. á árinu 1981 og 20—25 m.kr. 1982. Að öllu þessu samanlögðu er innflutningsgjald af bifreiðum áætlað röskar 92 m.kr. 1981. Í frumvarpi er gert ráð fyrir að innflutningsgjald af bifreiðum nemi 125 m.kr. á árinu 1982 og er þá höfð hliðsjón af þeim forsendum sem áður voru nefndar.

Af öðrum innflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu á árinu 1981 er áætlað 5,3 m.kr. og í áætlun fyrir 1982 er gert ráð fyrir óbreyttum tekjum, þ. e. að þessi olíuinnflutningur verði svipaður og á árinu 1981. Tekjur af jöfnunargjaldi eru áætlaðar 33 m.kr. 1981 og á sömu forsendum og gilda um innflutning er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu á næsta ári nemi tæplega 45 m.kr. Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex er talið skila 13 m.kr. á þessu ári. Með því að gildandi lög um gjald þetta kveða á um, að það skuli einungis innheimt til febrúarloka næsta árs, er hér gert ráð fyrir að gjaldið falli þá niður. Tekjur af þessu gjaldi eru því einungis áætlaðar tæplega 3 m.kr. á næsta ári.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 987 m.kr. 1981, samanborið við 948 m.kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1980 er þannig rösklega 42%. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 1 339 m.kr. á árinu 1982, eða 36% hækkun frá 1981. Samkvæmt þessum áætlunum yrðu innflutningsgjöld rösklega 17% af heildartekjum ríkissjóðs 1982, eða heldur lægra hlutfall en 1981, en talsvert lægra en 1980 þegar hlutfallið var tæplega 19%.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 415 m.kr. á árinu 1981, eða 3 m.kr. meiri en í fjárlögum. Skýringuna á þessari tiltölulega litlu hækkun frá fjárlögum, þrátt fyrir breyttar verðlagsforsendur, má að langmestum hluta rekja til þess að vörugjald á gosdrykki var lækkað úr 30% í 17% frá 1. maí s. l. Ennfremur sýnist innheimta gjaldsins tregari en ráð var fyrir gert. Í áætlun fyrir

1982 er gert ráð fyrir að tekjur af vörugjaldi verði um 38 m.kr. Lög um sérstakt vörugjald ganga úr gildi í árslok 1981 en í áætlun fyrir 1982 er gert ráð fyrir að þau verði framlengd óbreytt til ársloka 1982. Í áætlun fyrir 1981 eru tekjur af þessu gjaldi taldar nema tæplega 383 m.kr. og á árinu 1982 eru tekjur áætlaðar 519 m.kr. Álgjald er áætlað 6,3 m.kr. 1981 og 9,4 m.kr. 1982. Er þá miðað við 85 000 tonna framleiðslu, lágmarksgjaldið 20 dollara á hvert tonn og óbreytta skiptingu gjaldsins milli viðtakenda.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Heildartekjur undir þessum lið voru á fjárlögum 1981 áætlaðar 2 719 m.kr. Í endurskoðaðri áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að tekjurnar verði um 2 867 m.kr., eða rösklega 5% meiri en í fjárlagaáætlun. Hækkun þessa má einkum rekja til breyttra verð- og veltuforsendna. Áætlun um söluskatt fyrir árið 1982 er reist á þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðarútgjöld sem áður er getið. Á þessum forsendum er áætlað að innheimtur söluskattur á næsta ári verði 2 585 m.kr., eða rösklega 36% hærri en 1981. Tekjur af orkujöfnunargjaldi eru áætlaðar 140 m.kr. 1981 og 190 m.kr. 1982. Heildartekjur ríkissjóðs af gjaldi á söluskattsstofn eru því áætlaðar 2 775 m.kr., eða tæplega 36% af heildartekjum ríkissjóðs 1982. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskatti er hér ekki meðtalinn, en hann er áætlaður tæplega 203 m.kr. 1982, samanborið við 149 m.kr. á þessu ári.

Launaskattur er áætlaður 277 m.kr. á þessu ári en tæplega 390 milljónir á næsta ári, eða rösklega 40% hækkun, og er þá gengið út frá launaforsendum frumvarpsins, auk áætlunarinnar fyrir árið 1981.

Rekstrarhagnaður ÁTVR er í fjárlögum 1981 áætlaður 385 m.kr. og var þá miðað við að útsöluverð hækkaði í samræmi við hækkun kauptaxta og verðlags. Í endurskoðaðri áætlun er þetta svo til óbreytt, enda hefur útsöluverð að mestu fylgt þróun tekna og verðlags það sem af er árinu og er reiknað með að svo verði áfram. Í áætlun fyrir 1982 er rekstrarhagnaður ÁTVR talinn verða 522 m.kr., eða tæplega 35% hærri en 1981.

Flugvallagjald var á fjárlögum þessa árs áætlað 14 m.kr. og var þá meðal annars gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í flugi svo og að gjaldið hækkaði í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga. Gjaldið var hins vegar óbreytt fyrstu átta mánuði þessa árs og er því gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði heldur minni, eða um 12½ m.kr. Í áætlun fyrir árið 1982 er miðað við það gjald sem tók gildi 1. september 1981. Samkvæmt þessu eru tekjur af gjaldinu áætlaðar 18 m.kr. á næsta ári.

Aðrir óbeinir skattar eru nú áætlaðir 362 m.kr. á þessu ári samanborið við 348 m.kr. á fjárlögum og stafar munurinn einkum af áætlaðri meiri innheimtu bifreiðaskatts vegna breyttra verðforsendna. Í heild eru tekjur undir liðnum aðrir óbeinir skattar áætlaðar 494 m.kr. 1982, eða 36—37% hærri en 1981.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða rösklega 8 m.kr. á þessu ári og er það óbreytt frá fjárlögum. Í áætlun fyrir árið 1982 eru þessar tekjur taldar verða 12 m.kr., eða 50% hærri en 1981.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar um 72 m.kr. 1981, eða tæplega 30 milljónum lægri en í fjárlögum. Mismunurinn felst nær eingöngu í endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs af vöxtum og dráttarvöxtum. Fyrir árið 1980 voru vextir áætlaðir 60 m.kr. samanborið við 36 m.kr. 1979. Innheimtir vextir 1980 reyndust hins vegar einungis 37 m.kr. eða litlu hærri en árið á undan. Ástæðurnar fyrir þessu eru nánast bókhaldslegar þar sem hér er um að ræða að Gjaldheimtan í Reykjavík hefur endurskoðað skiptingu innheimtutalna á þinggjöld og vexti. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar var sú að dráttarvextir væru mun minni hluti heildarinnheimtunnar en áður var talið og innheimtust mun verr en þinggjöldin sjálf. Áður hafði verið áætlað að innheimtuhlutfallið væri svipað. Þessi breyting, sem átti sér stað á síðasta ári, hefur hins vegar í för með sér að innheimtuhlutföll þinggjalda eru nú talin hærri

en áður og er tekið tillit til þess í núverandi áætlun. Hér er því um tilfærslu milli tekjuliða að ræða miklu fremur en tekjumissi. Í áætlun fyrir 1982 er reiknað með að tekjur ríkissjóðs af vöxtum verði um 50% hærri en 1981, eða 87 m.kr.

Í yfirlitinu, sem hér fylgir, koma fram áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1982 samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við fjárlög 1981 og endurskoðaða tekjuáætlun.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1981—1982

Innheimtar tekjur í m.kr.

	Fjárlög 1981	Áætlun 1981	Frumvarp 1982
1. **Eignarskattar**	152,0	147,0	218,3
2. **Tekjuskattar**	826,5	761,0	1 137,3
3. **Gjöld af innflutningi**	948,1	986,9	1 339,2
a) Almenn aðflutningsgjöld	636,5	666,9	901,1
b) Bensín- og gúmmígjald	168,9	172,9	253,6
c) Innflutningsgjald af bílum	90,0	92,2	125,1
d) Annað	52,7	54,9	59,4
4. **Skattar af framleiðslu**	412,5	415,1	566,5
a) Sérstakt vörugjald	368,0	382,8	519,1
b) Annað	44,5	32,3	47,4
5. **Skattar af seldri vöru og þjónustu**	2 719,3	2 867,3	3 927,2
a) Söluskattur með orkujöfnunargjaldi	1 910,0	2 038,1	2 775,0
b) Launaskattur	267,0	277,0	389,6
c) ÁTVR	385,0	388,0	522,0
d) Annað	157,3	164,2	240,6
6. **Aðrir óbeinir skattar**	347,6	361,9	493,9
7. **Arðgreiðslur úr B-hluta**	8,1	8,1	12,0
8. **Ýmsar tekjur**	100,7	71,9	104,9
Samtals	5 514,8	5 619,2	7 799,3
Beinir skattar	978,5	908,0	1 355,6
Óbeinir skattar	4 427,5	4 631,2	6 326,8
Aðrar tekjur	108,8	80,0	116,9

Heildarinnheimta tekna ríkissjóðs á árinu 1981 er áætluð 5 619,2 m.kr., eða rösklega 52% meiri en 1980. Hækkunin á næsta ári er mun minni, eða tæplega 39% miðað við endurskoðaða tekjuáætlun 1981, en rösklega 41% frá fjárlögum. Hlutur beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs er samkvæmt yfirlitinu talinn 17,4% 1982, en 16,2% 1981 (17,7% í fjárlögum 1981), og hlutur óbeinna skatta 81,1% 1982, en 82,4% 1981 (80,3% í fjárlögum 1981).

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar. Þar kemur fram að útstreymi umfram innstreymi á A-hluta er 78 923 þús. kr. og útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 15 000 þús. kr. Þessir liðir eru jafnaðir með afgangi á rekstrarreikningi. Hér á eftir verður gerð grein fyrir inn- og útstreymi lánajafnaðarins, en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1982, sem lögð verður fram innan tíðar, verður fjallað nánar um lánsfjáröflun ríkissjóðs og gerð grein fyrir henni í víðara samhengi við innlendan og erlendan lánsfjármarkað.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. kemur fram að heildarfjáröflun nemur 1 065 170 þús. kr. Fjáröflunin skiptist þannig að 520 000 þús. kr. er af innlendum uppruna en 665 170 þús. kr. er erlent lánsfé. Áætlað er að innlausn eldri spariskírteina nemi 120 000 þús. kr. þannig að innlent lánsfé til ráðstöfunar til A- og B-hluta ríkissjóðs nemur alls 400 000 þús. kr. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 er gerð nákvæm grein fyrir fjáröflun ríkissjóðs.

Fjáröflun innanlands byggist á lögum nr. 28/1979 um breytingu á lögum nr. 36/1975 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, svo og heimild í 6. gr. fjárlagafrumvarps um spariskírteinaútgáfu. Heimildar til innlendrar lántöku umfram þá sem aflað er skv. 6. gr. og heimildar til erlendrar lántöku mun leitað með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Lánahreyfingar út

Heildarútstreymi á lánahreyfingum er talið nema 397 003 þús. kr. Afborganir af lánum ríkissjóðs nema alls 320 223 þús. kr., þar af renna 120 000 þús. kr. til Seðlabankans og 200 223 þús. kr. til annarra aðila. Hlutafjár- og eiginfjárframlög ríkissjóðs 1982 eru ráðgerð alls 43 680 þús. kr. Að síðustu er gert ráð fyrir greiðslu af lánum sem tekin voru til aðstoðar við Flugleiðir hf. á árinu 1980. Þessi upphæð er færð sem útstreymi á lánahreyfingum, alls 33 100 þús. kr. Nánari skýringar er að finna um hlutafjár- og stofnfjárframlög og aðstoð við Flugleiðir í greinargerðinni hér á eftir.

Heildarfjáröflun til framkvæmda og annarrar fjárþarfar A- og B-hluta ríkissjóðs árið 1982 nemur eins og áður segir 1 065 170 þús. kr. Til A-hluta renna 317 080 þús. kr. en samkvæmt lánsfjárlögum 1981 nam sambærileg upphæð 244 190 þús. kr. Hækkun er því 72 890 þús. kr. eða 29,8%. Lánsfjárráðstöfun vegna B-hluta fjárlaga er alls talin nema 748 090 þús. kr. en nam í lánsfjárlögum 1981 391 520 þús. kr. Hækkun er því 356 570 þús. kr. eða 91,1%. Ráðstöfun lánsfjáröflunar A- og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt lánsfjárlögum 1981 og frumvarpi 1982 skiptist þannig í meginflokka (í þús. kr.).

	Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981	Frumvarp 1982	Hækkun	%
Framkvæmdir	490 040	733 668	243 628	49,7
Skuldagreiðslur	104 850	235 522	130 672	124,6
Annað	40 820	95 980	55 160	135,1
Samtals	635 710	1 065 170	429 460	67,6

Hér fer á eftir yfirlit um skiptingu fjármagns á einstaka þætti ásamt greinargerð um hvern lið fyrir sig.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs skv. frumvarpi til fjárlaga 1982

(Í þús. kr.)

A-hluti:	
Þjóðarbókhlaða	5 500
Vegagerð	200 000
Landshafnir	2 000
Hlutafjár- og eiginfjárframlög	40 480
Aðstoð við Flugleiðir hf.	33 100
Styrking dreifikerfis í sveitum	21 000
Hafnargerð vegna skipaiðnaðar	15 000
Samtals	317 080
B-hluti:	
Byggðasjóður	50 000
Landakaup kaupstaða og kauptúna	4 000
Lánasjóður íslenskra námsmanna	50 000
Lagmetisiðjan Siglósíld	1 500
Skipaútgerð ríkisins	40 000
RARIK, almennar framkvæmdir	118 660
— vararaforka fyrir landskerfið	10 000
Byggðalínur	40 493
Kröfluvirkjun:	
Framkvæmdir	63 175
Fjármagnsútgjöld	71 537
Virkjunarrannsóknir:	
Framkvæmdir	22 000
Fjármagnsútgjöld	11 385
Grænfóðurverksmiðjur	4 000
Orkusjóður:	
Byggðalínur, fjármagnsútgjöld	104 100
Hitaveitulán	7 500
Jarðhitaleit	7 000
Flutningur línu í Önundarfirði	1 840
Sveitarafvæðing	4 500
Sementsverksmiðjan	10 000
Landssmiðjan	7 000
Áburðarverksmiðjan	17 000
Póstur og sími:	
Vörukaupalán	6 000
Lagning sjálfvirks síma	31 000
Næstu stórvirkjanir	60 000
Fljótsdalsvirkjun:	
Fjármagnsútgjöld	5 400
Samtals	748 090

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Fyrirhugað er að til framkvæmda 1982 renni alls 10 000 þús. kr. Ráðgert er að afla alls 5 500 þús. kr. lánsfjár til framkvæmda auk 4 500 þús. kr. fjárveitingar. Heildarráðstöfunarfé er við það miðað að takast megi að reisa þak hússins og klæða veggi 2.—4. hæðar.

Vegagerð ríkisins. Heildarútgjöld til vegamála samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nema alls 566 330 þús. kr. Fjármögnun er þríþætt. Markaðir tekjustofnar eru taldir nema 350 800 þús. kr., ríkisframlag 15 530 þús. kr. og lántaka 200 000 þús. kr. Heildarráðstöfunarfé til vegamála nemur 2,1% af áætlaðri þjóðarframleiðslu 1982 en til frekari skýringa vísast til greinargerðarinnar hér á eftir.

Landshafnir. Ráðgert er að afla 2 000 þús. kr. lánsfjár til framhalds framkvæmda við landshafnir. Lánsfénu verður varið þannig, að 1 500 þús. kr. renna til framkvæmda við landshöfnina Keflavík—Njarðvík og 500 þús. kr. til framkvæmda við landshöfnina Rifi.

Hlutafjár- og eiginfjárframlög. Ríkissjóður mun á árinu 1982 leggja fram nokkra fjárhæð í formi hlutafjár- og stofnfjárframlaga og afla til þess lánsfjár alls 40 480 þús. kr. Lánsfjárhæðin skiptist þannig að 5 220 þús. kr. renna til Landsvirkjunar og er þar um að ræða fjórða framlag af fimm vegna aukningar á eiginfé fyrirtækisins. Samkvæmt lögum nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands. Ríkissjóður greiðir vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum hverri að fjárhæð 7 500 þús. kr. í 12 ár, í fyrsta sinn 1982. Endurgreiðsla þessi er skoðuð sem eiginfjárframlag til bankans. Auk þess er hér áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á aðild að í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins og heimildir í ýmsum sérlögum alls að fjárhæð 25 000 þús. kr. Að síðustu er að geta 2 760 þús. kr. stofnfjárframlags til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, og er það annað framlag af fimm.

Aðstoð við Flugleiðir hf. Í lögum nr. 74/1980 um málefni Flugleiða hf. er ákvæði þess efnis að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1982 skuli gera tillögu um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjöri láns þess sem tekið var vegna rekstrarerfiðleika fyrirtækisins. Þáttur ríkissjóðs í uppgjöri lánsins ræðst af rekstrarafkomu fyrirtækisins í Norður-Atlantshafsflugi frá október 1980 til jafnlengdar 1981. Fjárhæð sú, sem gert er ráð fyrir að tekin verði að láni, nægir til þess að standa undir vöxtum og afborgunum umræddrs rekstrarláns 1982, reynist slíkt nauðsynlegt.

Styrking dreifikerfis í sveitum. Áformað er að afla 21 000 þús. kr. lánsfjár til þess að standa straum af útgjöldum vegna styrkingar dreifikerfis í sveitum. Á árinu 1981 eru veittar til þessa verkefnis 17 000 þús. kr.

Hafnargerð vegna skipaiðnaðar. Á árinu 1981 er ákveðið að afla 11 770 þús. kr. lánsfjár til framkvæmda sem miða að því að bæta hafnaraðstöðu skipasmíðastöðva. Á árinu 1982 er stefnt að áframhaldandi framkvæmdum í þessu tilliti og að til verkefnisins verði aflað 15 000 þús. kr. lánsfjár.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Lánsfjáröflun Byggðasjóðs er áformuð 50 000 þús. kr. Fjárveiting til sjóðsins nemur 52 500 þús. kr. en auk þess er eigið fé sjóðsins áætlað 17 400 þús. kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 119 900 þús. kr., eða um 1,6% af heildarútgjöldum A-hluta ríkissjóðs, og hefur þá framlag til sjóðsins verið lækkað eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða.

Landakaup kaupstaða og kauptúna. Á árinu 1981 var ráðist í að styrkja sjóð þann er veitir lán til landakaupa sveitarfélaga. Í þessu skyni var á árinu 1981 aflað heimildar til töku 3 000 þús. kr. láns. Á árinu 1982 er áformað að afla sjóðnum heimildar til lántöku allt að 4 000 þús. kr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Fyrirhugað er að afla 50 000 þús. kr. lánsfjár á árinu 1982 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt reglur um lánveitingar allt að 90% umframfjárþarfar lántakenda. Um fjárframlög til sjóðsins og útlánagetu vísast til greinargerðarinnar undir menntamálaráðuneytinu.

Lagmetisiðjan Siglósíld. Fyrirtækið hefur átt við rekstrarerfiðleika að etja á síðustu árum. Því er áformað að afla fyrirtækinu 1 500 þús. kr. lánsfjár til þess að bæta rekstrarfjárstöðu þess. Auk þess nemur fjárveiting til fyrirtækisins 1 000 þús. kr.

Skipaútgerð ríkisins. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir lántöku til fyrirtækisins að fjárhæð 24 000 þús. kr. Hún skiptist þannig að 4 000 þús. kr. renna til smíði vöruskemmu og til þess að bæta aðstöðu fyrirtækisins í Reykjavíkurhöfn og 20 000 þús. kr. eru ætlaðar til hönnunar og byrjunarframkvæmda við smíði nýrra strandferðaskipa. Á árinu 1982 er áformað að afla heimildar til lántöku alls að fjárhæð 40 000 þús. kr. til endurnýjunar skipastóls fyrirtækisins. Fjárhæðin er við það miðuð að lánsfé áranna 1981 og 1982 renni til smíði sem svarar eins skips og kaupa á öðru.

RARIK, almennar framkvæmdir. Áformaðar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins eru sem hér segir (í þús. kr.):

Virkjanir	1 500
Stofnlínur	31 120
Aðveitustöðvar	40 540
Innanbæjarkerfi	44 000
Dísilstöðvar, tæki o. fl.	7 500
Samtals	124 660

Veigamestu verkefni ársins 1982 er hluti lagningar háspennulínu frá Laxá í Aðaldal til Kópaskers og að auka flutningsgetu lína á Suðurlandi (spennuhækkun). Almennar framkvæmdir RARIK eru fjármagnaðar þannig að fyrirhugað er að afla alls 118 660 þús. kr. lánsfjár., en auk þess er talið að tekjur af heimtaugargjöldum nemi 6 000 þús. kr. Í yfirliti í töfluviðauka fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar er sýnd skipting framkvæmdafjár á einstök verkefni.

RARIK, varaorka fyrir landskerfið. Til að auka öryggi þeirra landssvæða, sem lakast eru sett með tilliti til varaafls í raforkukerfinu þegar háspennulínur bila, er áformað að afla 10 000 þús. kr. lánsfjár og verja því til kaupa og uppsetningar á varaafli samkvæmt nánari athugun, sem nú stendur yfir.

Byggðalínur. Lánsfjárútvegun til framkvæmda við byggðalínur 1982 er alls áformuð 40 493 þús. kr. Eftir er að tímasetja framkvæmdir við Suðurlínu milli Sigöldu og Hafnar í Hornafirði og ákveða að hve miklu leyti útvega þarf fé til þeirra framkvæmda á næsta ári. Umræddu fjármagni verður varið til áframhaldandi framkvæmda við þá byggðalínuáfanga sem þegar hafa verið ákveðnir. Í töfluviðauka fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar er sýnd skipting lánsfjárins á helstu verkefni.

Kröfluvirkjun, framkvæmdir. Lánsfjárútvegun til framkvæmda, alls að fjárhæð 63 175 þús. kr., er við það miðuð að á árinu 1982 verði boraðar þrjár vinnsluholur á virkjunarsvæðunum og að þær holur verði tengdar.

Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld. Á síðustu árum hefur sá háttur verið á hafður að Orkusjóður eða ríkissjóður hafa aflað lánsfjár til þess að standa undir fjármagnskostnaði virkjunarinnar. Nú verður sú breyting á, að Kröfluvirkjun er ætlað að taka nauðsynleg lán til greiðslu vaxta og afborgana af eldri lánum sem virkjuninni tengjast.

Virkjunarrannsóknir. Frá árinu 1980 hefur árlega verið aflað nokkurrar fjárhæðar til rannsókna á helstu virkjunarkostum landsmanna. Jafnframt hefur verið til þess ætlast að tekin lán færist á hlutaðeigandi virkjanir þegar aðstæður leyfa. Á árinu 1982 er áformað að afla 22 000 þús. kr. lánsfjár til áframhaldandi undirbúnings og rannsókna og 11 385 þús. kr. til þess að greiða vexti og afborganir af áður teknum lánum.

Grænfóðurverksmiðjur. Gerður hefur verið samningur milli ríkissjóðs og heimaaðila í Skagafirði um að reisa grænfóðurverksmiðju í Hólminum, Skagafirði. Til fyrirtækisins leggur ríkissjóður 3 000 þús. kr. í formi hlutafjár. Ekki hefur verið gengið frá stofnun grænfóðurverksmiðju í Saltvík í Þingeyjarsýslu en til verksmiðju sem þar kann að rísa er veitt 750 þús. kr. fjárveiting. Auk þeirra framlaga sem þegar er getið er áformað að afla 4 000 þús. kr. lánsfjárheimildar til verksmiðjanna. Að svo komnu máli er ekki ákveðið hvernig lánsheimildin skiptist milli fyrirtækjanna en í frumvarpinu deilist hún jafnt á þau bæði.

Orkusjóður, vegna byggðalína. Áformað er að Orkusjóður afli alls 104 100 þús. kr. lánsfjár til þess að standa undir greiðslu afborgana og vaxta af lánum sem tekin hafa verið til byggðalínuframkvæmda.

Orkusjóður, vegna hitaveitulána. Framkvæmdir við hita- og fjarvarmaveitur eru fjármagnaðar með ýmsum hætti. Einn þáttur í þeirri fjármögnun er lánveiting Orkusjóðs. Lántaka Orkusjóðs til endurlána til framkvæmda nemur alls 7 500 þús. kr.

Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar. Framlag úr A-hluta ríkissjóðs til jarðhitaleitar nemur alls 3 000 þús. kr. Auk þess er sjóðnum aflað 7 000 þús. kr. lánsfjár svo að útlánageta hans nemur alls 10 000 þús. kr.

Orkusjóður, vegna flutnings á raforkulínu í Önundarfirði. Á árunum 1971—77 var lögð háspennulína frá Mjólkárvirkjun til Ísafjarðar. Lega línunnar er með þeim hætti að hún dregur úr flugöryggi við flugbrautina hjá Holti í Önundarfirði. Ráðgert er að afla 1 840 þús. kr. lánsfjár til að standa undir kostnaði við flutning línunnar svo að hætta stafi ekki af henni.

Orkusjóður, vegna sveitarafvæðingar. Til framkvæmda við endurbætur og nýlagnir er gert ráð fyrir að verja alls 7 200 þús. kr. Annars vegar er um að ræða 2 700 þús. kr. framlag úr ríkissjóði og hins vegar 4 500 þús. kr. lántöku.

Sementsverksmiðja ríkisins. Fyrirtækið hefur átt í fjárhagserfiðleikum á árinu 1981. Er því ráðgert að afla 10 000 þús. kr. lánsfjár á árinu 1982 til þess að tryggja rekstrargrundvöll þess.

Landssmiðjan. Hafnar eru framkvæmdir við verkstæðishús á lóð Landssmiðjunnar við Skútuvog í Reykjavík. Undirbúningur hefur staðið yfir frá því á árinu 1978. Áformað er að fyrirtækið fái heimild til lántöku á árinu 1982 alls að fjárhæð 7 000 þús. kr. Þá fjármagna lánasjóðir iðnaðarins framkvæmdir að hluta, auk þess sem gert er ráð fyrir sölu eigna við Sölvhólsgötu.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Á árinu 1981 var hafist handa við að reisa sýruverksmiðju við Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Áætluð lántökuþörf til lokaframkvæmda á árinu 1982 er 17 000 þús. kr.

Póstur og sími, vegna vörukaupa. Á sama hátt og á undanförnum árum er gert ráð fyrir að um nokkur vörukaupalán verði að ræða hjá Pósti og síma í tengslum við framkvæmdir. Alls er áætlað að aflað verði 6 000 þús. kr. í formi vörukaupalána 1982.

Póstur og sími, lagning sjálfvirks síma. Með lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma er Pósti og síma veitt heimild til að taka lán allt að 20 000 þús. kr. árlega í 5 ár til fjármögnunar framkvæmda við lagningu sjálfvirks síma. Fjárhæðin breytist með verðlagi og því er áætlað að lántaka á árinu 1982 nemi alls 31 000 þús. kr.

Næstu stórvirkjanir. Verkhönnun næstu þriggja stórvirkjana, þ. e. Blöndu-virkjunar, Fljótsdalsvirkjunar og Sultartangavirkjunar, stendur nú yfir og er stefnt að því að henni ljúki veturinn 1981—1982. Þess er vænst að í haust verði tekin ákvörðun um næstu virkjun í landskerfinu. Lánsfénu, alls 60 000 þús. kr., er áformað að ráðstafa til gerðar útboðsgagna, vegagerðar o. fl. sem nauðsynlegt er til undirbúnings virkjunarframkvæmdanna.

Fljótsdalsvirkjun, fjármagnsútgjöld. Á árunum 1975—1980 var aflað nokkurs lánsfjár til að kosta athuganir á virkjunarmöguleikum í Fljótsdal. Rafmagnsveitur ríkisins tóku þessi lán og hafa gjaldfært á sérstökum viðskiptareikningi. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að áhvílandi skuldir færist á B-hluta fyrirtækið Fljótsdalsvirkjun og að fyrst um sinn fái það fyrirtæki heimild til lántöku vegna fjármagnsútgjaldanna.

Loks er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1981.

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Mismunur
Lán hjá Seðlabanka Íslands	**100 000 000**	**120 000 000**	**20 000 000**
Greitt af skuldabréfum	100 000 000	120 000 000	20 000 000
Önnur lán	**114 744 070**	**200 223 300**	**85 479 230**
Innlend lán óverðtryggð	25 489 790	25 268 500	+ 221 290
Lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu	35 849 700	49 415 100	13 565 400
— — — lánskjaravísitölu	5 325 320	19 274 700	13 949 380
— — — vísitölu framf.kostn.	9 649 210	20 082 300	10 433 090
Happdrættisskuldabréf verðtryggð skv. vísitölu framfærslukostnaðar	—	30 868 200	30 868 200
Erlend lán og gengistryggð	23 390 050	29 814 500	6 424 450
Ýmis lán, ósundurliðuð	15 040 000	25 500 000	10 460 000
Samtals	214 744 070	320 223 300	105 479 230

Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1981. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1981. Ekki verður rætt sérstaklega um breytingar á þeim fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar framar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára eins og hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	32 361	47 437	15 076	46,6

Verður nú nánar vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun frá fjárlögum 1981.

101 **Embætti forseta Íslands.** Fjárveiting til embættis forseta Íslands hækkar um 777 400 kr. og verður 2 204 200 kr. Launaliður hækkar um 470 400 kr. og verður 1 395 400 kr., þar af eru 91 300 kr. vegna aukningar á stöðu forsetaritara úr hálfu í heilt stöðugildi, að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 193 400 kr., og verða 688 800 kr., sem er eingöngu vegna almennra verðlagsbreytinga. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 113 600 kr., og verður 120 000 kr., sem er vegna kaupa á bifreið og hefur þá verið reiknað með endursöluverði eldri bifreiðar embættisins.

301 **Ríkisstjórn.** Framlag hækkar um 2 726 500 kr. og verður 5 258 300 kr. Laun hækka um 2 616 500 kr. og verða 4 873 500 kr. Nú er áætlað fyrir launum fjögurra aðstoðarmanna ráðherra á þessum fjárlagalið en laun þeirra voru áður færð undir aðalskrifstofu viðkomandi ráðuneytis. Laun aðstoðarmannanna fjögurra nema samtals 917 200 kr. Önnur rekstrargjöld verða 384 800 kr., og er það hækkun um 110 000 kr., sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	3 473	6 848	3 375	97,2
Annað	40 551	56 749	16 198	39,9
Samtals	44 024	63 597	19 573	44,4
Þar af markaður tekjustofn	6 000	9 400	3 400	56,7

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er álgjald sem rennur til Byggðasjóðs.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 3 375 200 kr. og verður fjárveitingin 6 848 300 kr. Útgjöld vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins hækka um 744 800 kr. og verða 2 453 800 kr. Laun aðstoðarmanns ráðherra

falla niður á þessum lið en eru í staðinn færð undir fjárlagalið 00-301 Ríkisstjórn. Launaliður hækkar um 192 500 kr. umfram almennar verðlagsforsendur sé tillit tekið til launa aðstoðarmanns ráðherra. Skýring þessarar umframhækkunar er sú að gert er ráð fyrir aukningu á lausráðningu starfsfólks sem nemur fyrrnefndum 192 500 kr. Aðrar hækkanir á aðalskrifstofu eru eingöngu vegna almennra verðlagsbreytinga. Liðurinn Stjórnarráðshús hækkar um 51 900 kr. og verður 190 500 kr. Fálkaorðan verður 15 000 kr. og er það hækkun um 5 000 kr. Viðhald ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu hækkar um 50 000 kr. og verður 200 000 kr. Ráðherrabústaðurinn við Tjarnargötu, rekstur, verður 174 000 kr. og er það hækkun um 49 000 kr. Ráðherrabústaður Þingvöllum hækkar um 97 500 kr. og verður 140 000 kr. Hækkun þessa framlags skýrist af því að gert er ráð fyrir að endurbætur á bústaðnum eigi sér stað á næsta ári. Framlag til Hrafnseyrar lækkar um 100 000 kr. og verður framlagið 200 000 kr. Framlag til skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs verður 1 387 000 kr. og er það hækkun um 967 000 kr. frá fjárlögum 1981. Skýring þessarar hækkunar er sú að fjárveiting í fjárlögum 1981 var vanáætluð, en framlagið er samningsbundið og er hlutur Íslands 1 134 000 norskar krónur. Tvö ný viðfangsefni eru tekin upp, annað þeirra er Grænlandssjóður en sjóðurinn var stofnaður með lögum nr. 102/1980. Í 3. gr. áðurnefndra laga er kveðið á um að framlagsskylda ríkissjóðs skuli vera 1 250 000 kr. árin 1981 og 1982. Ennfremur er kveðið á um að verði breyting á gengi danskrar krónu frá því að lögin tóku gildi skuli framlag ríkissjóðs breytast í samræmi við það. Hefur framlagið því verið ákveðið 1 320 000 kr., eftir að tillit hefur verið tekið til breytingar á gengi danskrar krónu. Hitt viðfangsefnið er Stjórnarskrárnefnd og er framlag vegna þess ákveðið 190 000 kr. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1981.

102 **Þjóðhagsstofnun.** Framlag hækkar um 803 100 kr. og verður 2 482 200 kr. Laun hækka um 1 295 100 kr., og verða 3 931 400 kr., sem er um 136 200 kr. umfram almennar verðlagsbreytingar. Skýring þessa er sú að gert er ráð fyrir fjárveitingu til einnar nýrrar stöðu sérfræðings. Aðrir rekstrarliðir hækka samtals um 311 000 kr., og verða 1 033 000 kr., sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 803 000 kr. og verða 2 482 200 kr.

171 **Byggðasjóður.** Framlag til Byggðasjóðs nemur 52 500 000 kr. sem er hækkun um 15 000 000 kr. frá fjárlögum 1981. Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki lán að upphæð 50 000 000 kr. og að eigið fé sjóðsins verði 17 400 000 kr. Ráðstöfunarfé Byggðasjóðs er því 119 900 000 kr., eða sem svarar 1,6% af útgjöldum ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	7 554	10 819	3 265	43,2
Fræðslumál	720 830	1 027 587	306 757	42,6
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	64 291	94 952	30 661	47,7
Samtals	792 675	1 133 358	340 683	43,0
Þar af markaðir tekjustofnar	6 247	8 991	2 744	43,9

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir: Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna, sem fær hluta af einkaleyfisgjaldi og hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands, hækkar um 1 055 þús. kr. Hluti skemmtanaskatts sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilasjóðs hækkar um 1 479 þús. kr. Miðagjald sem rennur til Menningarsjóðs hækkar um 210 þús. kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka menntamálaráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins verður alls 10 818 600 kr. og er það hækkun um 3 264 600 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Hækkunin skiptist þannig á gjaldategundir: Laun hækka alls um 2 219 200 kr. eða 42,7%. Launahækkunin er að hluta vegna nýrrar stöðu ritara á skrifstofunni, 74 800 kr., en að öðru leyti hækka laun um 2 144 400 kr. vegna almennra taxtabreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 029 000 eða 44,9% sem er umfram verðlagsbreytingar en skýrist af starfsmannafjölgun og að hliðsjón er höfð af reikningsniðurstöðu 1980. Viðhald og stofnkostnaður hækka samtals um 16 400 kr. og verða alls 92 000 kr.

201 **Háskóli Íslands.** Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 29 741 100 kr. og verður 91 791 500 kr. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 22 341 600 kr. og verða 70 605 800 kr. sem er um 46,2% hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 514 600 kr. og verða 14 570 200 kr. sem er 44,8% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 35 370 000 kr. sem er hækkun um 12 940 000 kr. eða sem svarar 57,6%. Þá hækkar liðurinn sértekjur um 10 055 100 kr. og verður 28 754 500 kr. Verður nú nánari grein gerð fyrir skiptingu gjalda milli einstakra tegunda og viðfangsefna:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	3 520 670	5 277 300	1 756 630	49,9
Guðfræðideild	961 050	1 381 200	420 150	43,7
Læknadeild	10 633 140	15 192 600	4 559 460	42,9
Tannlæknadeild	2 270 750	3 265 200	994 450	43,8
Lyfjafræði lyfsala	692 170	1 001 300	309 130	44,7
Lagadeild	1 493 870	2 136 600	642 730	43,0
Viðskiptadeild	2 184 810	3 174 000	989 190	45,3
Heimspekideild	6 135 880	8 689 400	2 553 520	41,6
Verkfræðideild	14 938 720	21 891 900	6 953 180	46,5
Háskólabókasafn	1 747 270	2 453 700	706 430	40,4
Íþróttakennsla	456 770	660 800	204 030	44,7
Rekstur fasteigna	5 517 050	8 255 500	2 738 450	49,6
Sameiginleg útgjöld	2 966 460	4 857 900	1 891 440	63,8
Félagsvísindadeild	2 457 880	3 753 800	1 295 920	52,7
Byggingarframkv. og tækjakaup	22 430 000	35 370 000	12 940 000	57,7
Mannfræðistofnun	256 700	364 800	108 100	42,1
Reiknistofnun	2 086 220	2 820 000	733 780	35,2
Gjöld samtals	80 749 410	120 546 000	39 796 590	49,3
Sértekjur	18 699 450	28 754 500	10 055 050	53,8
Fjárveiting	62 049 960	91 791 500	29 741 540	47,9

Yfirstjórn. Fjárveiting til yfirstjórnar háskólans verður 5 277 300 kr. og er það hækkun um 1 756 630 kr. frá fjárlögum 1981. Launaliður hækkar um 1 127 230 kr. sem er u. þ. b. 179 400 kr. umfram almennar verðlagshækkanir og skýrist þessi hækkun af því að gert er ráð fyrir aukningu í auka- og forfallavinnu. Liðurinn önnur rekstrargjöld verður 1 945 900 kr. og er það hækkun um 100 000 kr. umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins og skýrist þessi hækkun af því að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980.

Viðskiptadeild. Fjárveiting hækkar um 989 190 kr. og verður 3 174 000 kr. sem er hækkun um 45,3%. Launaliður hækkar um 950 990 kr. sem er um 52 600 kr. umfram almennar verðlagsforsendur og er skýring þess sú að gert er ráð fyrir nýrri stöðu lektors í reikningshaldi og endurskoðun frá 1.7.1982. Að öðru leyti hækka laun sem nemur almennri verðlagsþróun. Önnur rekstrargjöld hækka um 38 200 kr., og verða 133 800 og er hækkun þessi í samræmi við almennar forsendur frumvarpsins.

Verkfræði- og raunvísindadeild. Framlag hækkar um 6 953 180 kr. og verður 21 891 900 kr. Launaliður verður 19 202 300 kr. og er það hækkun frá fjárlögum 1981 um 5 867 250 kr. Gert er ráð fyrir fjárveitingu fyrir prófessorsstöðu í tölvunarfræðum frá 1.7.1982 og er kostnaður vegna þess 76 700 kr. Þá er gert ráð fyrir nýrri dósentsstöðu í efnafræðiskor, 129 000 kr., og tveimur nýjum adjúnktsstöðum, annarri í rafmagnsverkfræðiskor og hinni í líffræðiskor, og er kostnaður vegna þessa áætlaður 11 000 kr. Að frádreginni þeirri magnaukningu sem að framan er getið er eingöngu um að ræða almennar verðlagshækkanir á launalið í samræmi við forsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 085 930 kr. og verða 2 689 600 kr.

Sameiginleg útgjöld. Framlag hækkar um 1 891 440 kr. og verður 4 857 900 kr. Launaliður hækkar um 1 520 740 kr. Vegur þar þyngst að gert er ráð fyrir fjárveitingu til nýs liðar, rannsóknasjóður, og er fjárveiting til sjóðsins 641 700 kr. Að öðru leyti er um að ræða almenna verðlagsþróun. Önnur rekstrargjöld hækka um 370 700 kr. og verða 1 304 700 kr.

Félagsvísindadeild. Fjárveiting hækkar um 1 295 920 kr. og verður 3 753 800 kr. Launaliður verður 3 581 400 kr. sem er hækkun um 1 245 470 kr. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu lektors í félagsráðgjöf og er viðbótarkostnaður vegna þess 115 400 kr. Önnur rekstrargjöld verða 172 400 kr. og er þar um að ræða hækkun um 50 400 kr. sem er í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Áætlað er að ráðstöfunarfé til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa Háskólans muni nema samtals 35 370 000 kr. og er gert ráð fyrir að fjármögnun og ráðstöfun fjárins verði með eftirgreindum hætti.

Framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 1982

Fjármögnun	Kr.
Eign 1. janúar 1982	8 750 000
Framlag H.H.Í.	15 100 000
Fjárveiting	10 770 000
Vaxtatekjur	750 000
Samtals	35 370 000

Ráðstöfun	Kr.
Viðhald húsa og lóða	2 100 000
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu	2 600 000
Skipulagning lóða og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð	330 000
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar	400 000
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námskeiða	300 000
Úrbætur í síma- og öryggismálum	250 000
Nýframkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð	29 390 000
Samtals	35 370 000

Í ársbyrjun 1979 fjallaði fjárveitinganefnd Alþingis um byggingarmál á Háskóla- og Landspítalalóð og kynnti sér m. a. álit samráðshóps er menntamálaráðherra skipaði hinn 17. nóvember 1978. Verkefni samráðshópsins var að kanna og endurmeta stöðu byggingarmála á vegum Háskóla Íslands og Landspítala, álit hópsins er dagsett 11. desember 1978. Þáverandi fjárveitinganefnd Alþingis gat fyrir sitt leyti fallist á þau áform um tilhögun framkvæmda og fjármögnun sem fram komu í áliti samráðshópsins. Fjármögnunin fól í sér að til viðbótar framlagi frá Happdrætti Háskóla Íslands þyrfti að koma til fjárveiting úr ríkissjóði á næstu árum. Upphæðin sem miðað var við var 3,0 m.nýkr. miðað við verðlag í október 1978. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var aftur á móti bein fjárveiting til framkvæmda að fjárhæð 6 750 000 kr. sem jafngilti 75% af ársskammti, sbr. fyrrnefnt álit samráðshópsins. Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir beinni fjárveitingu að upphæð 10 770 000 kr. sem jafngildir 90% af ársskammti.

205 **Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.** Tekin er upp viðfangsefnaskipting á útgjöldum stofnunarinnar og eru viðfangsefni tvö, þ. e. yfirstjórn stofnunarinnar og bókaútgáfa. Heildarhækkun á þessum fjárlagalið nemur 1 351 300 kr. eða 59,0%. Laun hækka um 749 100 kr. og skýrist sú upphæð af almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 666 700 kr. og nema 1 038 400 kr. Hækkunin er fyrst og fremst vegna þess að útgáfukostnaður á vegum stofnunarinnar er færður til rekstrargjalda í stað stofnkostnaðar eins og var í fjárlögum ársins 1981. Auk þess er gert ráð fyrir aukningu rekstrargjalda um 20 000 kr. vegna reksturs á húseigninni að Hvassaleiti 30 sem er í eigu stofnunarinnar. Viðhald hækkar um 7 000 kr. og nemur alls 27 000 kr. og rennur til almenns viðhalds tækja og búnaðar. Stofnkostnaður lækkar um 30 000 kr. frá fjárlögum 1981 og skýrist það af tilfærslu milli gjaldategunda á kostnaði við bókaútgáfu eins og áður segir. Stofnkostnaður verður alls 400 000 kr. og rennur til kaupa á ýmsum tækjabúnaði til hljóðritunar, segulbandsspólum o. fl. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 41 500 kr. og er það í samræmi við verðlagsbreytingar og reikningsniðurstöður fyrri ára.

231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Framlag hækkar alls um 721 400 kr. eða 48,6%. Laun hækka um 497 300 kr., þar af um 64 200 kr. vegna lausráðins starfsmanns til aðstoðar við skrifstofuhald stofnunarinnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 159 800 kr. eða 58,1% og skýrist hækkun umfram almennar verðbreytingar af vanáætlun í fjárlögum 1981. Þá hækkar viðhald og stofnkostnaður um 64 300 kr. og nemur alls 260 000 kr. Fjárhæðin rennur til ýmissa viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Þegar fjárlagafrumvarp fyrir árið 1981 var í meðförum fjárveitinganefndar Alþingis hélt nefndin fundi með forstöðumönnum rannsóknastofnana þeirra er starfa í tengslum við Rannsóknaráð ríkisins. Fram-

kvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins sat jafnframt fundi þessa og voru þeir haldnir til að kanna og athuga stöðu rannsóknastofnana með tilliti til mannahalds og fjárhagslegrar stöðu. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981 voru framlög til nokkurra rannsóknastofnana síðan hækkuð frá frumvarpi. Hækkunin felst í fjölgun starfsmanna, bæði fastráðinna og verkefnaráðinna, auk þess sem nokkrar breytingar voru gerðar á fjárveitingum vegna annarra rekstrargjalda.

Sumarið 1981 tók fjárveitinganefnd upp þráðinn þar sem frá var horfið og kynnti sér starfsemi einstakra rannsóknastofnana sérstaklega með tilliti til verkefna stofnananna og fjármála þeirra. Niðurstaða fjárveitinganefndar var tillaga um fjölgun á stöðuheimildum hjá nokkrum rannsóknastofnunum auk breytinga á öðrum rekstrarliðum. Tillögum nefndarinnar hefur verið fylgt í frumvarpi þessu og eru þær skýrðar í greinargerð með hverri rannsóknastofnun um sig. Þær stofnanir sem hér eiga í hlut eru: Rannsóknaráð ríkisins, Hafrannsóknastofnun, Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna, Iðntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Framlag til starfsemi Rannsóknaráðs ríkisins nemur alls 1 940 700 kr. og hækkar framlagið um 528 400 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Hækkun framlagsins skýrist þannig, að laun hækka um 443 600 kr. eða 59,6%, þar af um 132 200 kr. vegna nýrrar stöðu bókavarðar á viðfangsefninu „upplýsingaþjónusta". Að öðru leyti hækka laun í hátt við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 329 100 kr. eða 45,4%, þar af um 40 000 kr. vegna stöðufjölgunar í upplýsingaþjónustu. Um viðhald og gjaldfærðan stofnkostnað er ekki að fjölyrða en þessir liðir nema samtals 100 000 kr. og hækka um 25 700 kr. Sértekjur stofnunarinnar voru á fjárlögum ársins 1981 áætlaðar 130 000 kr. Með eflingu á starfsemi upplýsingaþjónustu er talið að auka megi tekjur af þeirri starfsemi. Tekjur eru því áætlaðar alls 400 000 kr. og er það hækkun um 270 000 kr.

301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Heildarframlag til skólans nemur 10 514 800 kr. og er það hækkun um 2 996 700 kr. frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 2 799 200 kr. og er það innan almennra launahækkana þrátt fyrir aukið kennslumagn og aukningu um 0,75 stöðu bókavarðar. Skýringin felst í því að laun voru ofáætluð í fjárlögum 1981. Önnur rekstrargjöld hækka töluvert umfram almennar verðhækkanir eða samtals um 197 500 kr. Litlar hækkanir hafa verið á þessum lið frá fjárlögum 1979 miðað við verðhækkanir á sama tíma og er tekið tillit til þess.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Framlag til skólans nemur 9 465 700 kr. og er það 3 146 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 2 723 000 kr. sem er umfram almennar launahækkanir. Skýringin felst í auknu kennslumagni, nýrri heimild fyrir stöðu tækjavarðar og hálfri stöðu bókavarðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 296 300 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Stofnkostnaður er 400 000 kr. og hefur hækkað um 250 000 kr. Framlaginu skal varið til hönnunar á félags- og samkomuaðstöðu auk breytinga á fyrrverandi íbúð skólameistara á 3. hæð í heimavistarhúsnæði fyrir nemendur skólans. Áætlaðar sértekjur vegna öldungadeildar eru 123 300 kr. og er þetta í fyrsta sinn sem áætlað er fyrir sértekjum.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Heildarfjárveiting til skólans er 14 524 700 kr. og hækkar um 4 039 200 kr. frá síðustu fjárlögum. Laun hækka um 4 042 200 kr. og er það innan almennra launahækkana. Skýringin er sú að laun vegna öldungadeildar voru ofáætluð í fjárlögum 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 300 000 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostn-

aður er 18 000 kr. og skal varið til kaupa og uppsetningar á lyftu sem fatlaðir í hjólastólum geta notað. Er það lækkun um 92 000 kr. frá fjárlögum 1981. Þá hækka sértekjur um 211 000 kr.

305 **Menntaskólinn við Sund.** Fjárveiting nemur 12 309 800 kr., sem er 36,6% hækkun frá fjárlögum 1981 eða 3 303 200 kr. Laun hækka um 3 113 600 kr., sem er umfram almennar launahækkanir, enda gert ráð fyrir auknu kennslumagni vegna nemendafjölgunar og 0,25 stöðu bókavarðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 173 600 kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 60 000 kr. og nemur samtals 1 960 000 kr. Þar af eru 1 900 000 kr. vegna greiðslusamnings við Reykjavíkurborg og 60 000 kr. vegna innréttinga. Sértekjur eru áætlaðar 80 000 kr. og er það hækkun um 44 000 kr. frá fjárlögum ársins 1981.

306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Heildarfjárveiting er 7 162 000 kr. og hækkar um 624 000 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 930 000 kr. í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 4 040 000 kr. Þar af eru 4 000 000 kr. vegna 2. áfanga við byggingu kennsluhúss og 40 000 kr. vegna endurnýjunar húsgagna. Þetta er 260 000 kr. lægra framlag en á árinu 1981. Sértekjur eru áætlaðar 71 000 kr. og er það 46 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981.

307 **Menntaskólinn á Egilsstöðum.** Fjárveiting til skólans nemur samtals 6 109 200 kr. sem er 1 300 100 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 795 100 kr. Hækkun launa umfram almennar launahækkanir stafar af nemendafjölgun og auknu kennslumagni. Önnur rekstrargjöld hækka um 270 000 kr., sem er töluvert umfram verðlagshækkanir, en skýrist af nemendafjölgun og stækkun húsnæðis. Á árinu 1981 bættist fjórða kennsluárið við og er því nú um fullan rekstur skólans að ræða. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 270 000 kr. og er 3 000 000 kr. Verður fjárhæðinni varið til framkvæmda við annan áfanga heimavistar. Sértekjur eru áætlaðar 35 000 kr. og er þetta í fyrsta sinn sem sértekjur eru áætlaðar við skólann.

308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Framlög til skólans hækka um 1 820 800 kr. Þar af hækka laun um 1 364 600 kr. eða 53,9%. Hækkun umfram almennar launahækkanir er vegna nemendafjölgunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 56 200 kr. í hátt við verðlagsþróun. Í stofnkostnað eru áætlaðar 400 000 kr. Þar af eru 370 000 kr. vegna athugunar á nýju húsnæði fyrir skólann og 30 000 kr. til kaupa á húsgögnum. Ekkert var áætlað í stofnkostnað á árinu 1981. Samtals nemur fjárveitingin til skólans 4 491 100 kr.

319 **Framhaldsskólar, almennt.** Á launalið þessa fjárlagaliðar eru ýmsir þættir svo sem orlofsgreiðslur til kennara, forfallakennsla, laun prófdómara o. fl., samtals 2 658 800 kr. Liðurinn önnur rekstrargjöld, sem er 2 000 000 kr., er ætlaður til þess að mæta útgjöldum í kjölfar óvæntrar nemendafjölgunar í ýmsum skólum. Framlag til viðhalds og tækjakaupa menntaskóla nemur alls 1 874 000 kr. og hækkar liðurinn um 404 000 kr. eða 27,5%. Loks er framlag til einstaklinga og samtaka, 472 900 kr., en þar er um að ræða kostnað við endurmenntunarnámskeið og námskeið í kennslu- og uppeldisfræði. Heildarframlag þessa liðar er því 7 005 700 kr. og er það hækkun um 181 100 kr. frá fjárlögum 1981.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Heildarfjárveiting til skólans nemur 19 493 800 kr. og hækkar um 6 042 300 kr. frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 2 945 200 kr., eða 29,8%, sem er undir almennum launahækkunum. Skýringin felst aðallega í því að kostnaður við námskeið vegna réttindanáms kennara er talinn lækka vegna þess að gert er ráð fyrir að þessum námskeiðum ljúki á árinu 1982. Einnig

voru laun fastra kennara ofáætluð í fjárlögum 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 517 100 kr., sem er að nokkru umfram almenna verðlagsþróun, en tillit er tekið til ríkisreiknings 1980. Viðhald er 200 000 kr. en var 150 000 kr. í fjárlögum 1981. Gjaldfærður stofnkostnaður er 4 810 000 kr. og er það 2 560 000 kr. hækkun frá fjárlögum. Til nýbyggingar skólans renna 4 610 000 kr. sem er vegna næsta verkáfanga við húsið sem er fólginn í innréttingum og búnaði. Þá eru veittar 200 000 kr. til kaupa á tækjum og kennslugögnum. Liðurinn „til einstaklinga, heimila og samtaka" er 210 000 kr. og hækkar um 60 000 kr. frá s. l. ári. Framlagið er vegna mötuneytiskostnaðar þátttakenda í endurmenntunarnámskeiðum. Að lokum er að nefna hækkun sértekna um 90 000 kr. og eru þær áætlaðar alls 225 000 kr.

351 **Fjölbrautaskólar í Reykjavík.** Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Ármúlaskólinn eru viðfangsefni undir þessum fjárlagalið. Heildarfjárveiting er 29 213 000 kr. og koma 22 035 900 kr. í hlut Fjölbrautaskólans í Breiðholti en framlag til Ármúlaskóla nemur 7 177 100 kr. Hækkun framlags til Ármúlaskóla er í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Samtals nemur hækkun framlags til Fjölbrautaskólans í Breiðholti 6 601 430 kr. Laun hækka um 4 867 430 kr. sem er eilítið umfram almennar launahækkanir vegna nokkurra launaliða sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum 1981. Hækkun annarra rekstrargjalda er 444 000 kr. og er umfram verðlagshækkanir en höfð er hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings undanfarinna ára. Þá er viðhald áætlað 200 000 kr. sem er 10 000 kr. lækkun frá fjárlögum ársins 1981. Stofnkostnaður er alls 5 000 000 kr. sem er 1 300 000 kr. hærri fjárhæð en 1981. Skuldbinding ríkissjóðs um framlög til byggingar fjölbrautaskóla í Breiðholti er samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og ríkissjóðs frá árinu 1978. Samkvæmt samningi ber ríkissjóði að greiða 3 500 000 kr. á árinu 1982 en auk þess eru veittar 1 500 000 kr. til áframhaldandi framkvæmda við E-álmu skólans.

352 **Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli.** Heildarframlag er 7 176 500 kr. og er það hækkun um 2 222 500 kr. frá síðustu fjárlögum. Laun hækka um 2 110 700 kr. og önnur rekstrargjöld um 201 800 kr. Hvort tveggja er þetta umfram almennar launa- og verðlagshækkanir og felst skýringin í því að skólinn verður að öllu leyti framhaldsskóli frá hausti 1981. Gert er ráð fyrir sama nemendafjölda og verið hefur en til þessa hefur 9. bekkur grunnskóla verið starfræktur í skólahúsinu. Hann mun nú fluttur og eykst því þátttaka ríkissjóðs í sameiginlegum kostnaði af þeim sökum. Viðhald er áætlað 10 000 kr. en var ekkert á fjárlögum 1981. Ekki er áætlað fyrir gjaldfærðum stofnkostnaði en hann var 100 000 kr. í fjárlögum 1981.

353 **Fjölbrautaskóli Suðurnesja.** Fjárveiting til skólans er 7 067 100 kr. og er það 1 620 500 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 1 930 000 kr. Þar af eru rúmlega 92 400 kr. vegna meistaraskóla sem ekki hefur verið áætlað fyrir áður. Annað er í samræmi við almennar launahækkanir. Hækkun annarra rekstrargjalda nemur 120 500 kr. og er innan almennra verðhækkana. Viðhald er 20 000 kr. en var ekkert í áætlun ársins 1981. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 450 000 kr. og verður 260 000 kr. Þar af skal verja 86 600 kr. til innréttingar verknámshúss og 173 400 kr. til tækjakaupa og kennslubúnaðar.

354 **Fjölbrautaskólinn á Akranesi.** Framlag til skólans hækkar um 2 894 800 kr. og nemur samtals 7 602 400 kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 1 814 800 kr. sem er í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Viðhald er áætlað 30 000 kr. en var ekki á áætlun ársins 1981. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 050 000 kr. og verður 1 500 000 kr. Til byggingar verknámshúss renna 1 300 000 kr., til tækjakaupa 150 000 kr. og 50 000 kr. til lagfæringar á lóð.

356 **Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki.** Heildarfjárveiting nemur 6 638 300 kr. og hækkar um 3 371 500 kr. frá síðustu fjárlögum. Skólinn er ennþá í mótun og nýr árgangur nemenda bætist við á árinu 1982. Samanburður við fjárlagatölur 1981 er því óraunhæfur. Gjaldfærður stofnkostnaður er samtals 3 930 000 kr. og skal varið þannig: Verknámshús 500 000 kr., tækjakaup 100 000 kr., búnaður í heimavist 200 000 kr., hönnun kennsluhúss 130 000 kr. og bygging heimavistar 3 000 000 kr. Stofnkostnaður heimavistar verður greiddur samkvæmt l. nr. 49/1967 í samræmi við samning menntamálaráðuneytis og Sauðárkrókskaupstaðar frá 10. september 1980 og greiðist að fullu af ríki, þegar fleiri sveitarfélög gerast formlegir aðilar að rekstri skólans, sbr. 3. mgr. 7. gr. l. nr. 49/1967, og er þetta til samræmis við byggingarkostnað heimavistar við menntaskóla og iðnskóla.

357 **Fjölbrautaskólinn á Selfossi.** Þetta er nýr fjárlagaliður. Gerður hefur verið samningur um stofnun fjölbrautaskóla á Selfossi og tekur skólinn til starfa haustið 1981. Skólinn yfirtekur starfsemi Iðnskólans á Selfossi og framhaldsdeilda grunnskólans þar. Heildarfjárveiting er áætluð 4 300 100 kr. Þar af er vegna launa og annarra rekstrargjalda 3 650 100 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er alls 650 000 kr. Verja skal 300 000 kr. til hönnunar á nýju skólahúsi, 200 000 kr. til kaupa á búnaði í verknámshús og 150 000 kr. til annars tækjabúnaðar.

358 **Framhaldsskólinn í Neskaupstað.** Gerður hefur verið samningur um stofnun framhaldsskóla í Neskaupstað. Skóli þessi tekur við starfsemi Iðnskóla Austurlands og Gagnfræðaskólans í Neskaupstað og er hér um nýjan fjárlagalið að ræða. Heildarframlag er 1 222 900 kr. Þar af fara 1 080 900 kr. í launa- og reksturskostnað en 5 000 kr. í viðhald. Í gjaldfærðan stofnkostnað er áætlað að verja 137 000 kr. sem fer til kaupa á ýmsum búnaði til skólans.

359 **Verkmenntaskóli á Akureyri.** Þetta er nýr fjárlagaliður. Gerður hefur verið samningur milli ríkisins og Akureyrarbæjar um stofnun verknámsskóla með fjölbrautasniði. Skólanum er ætlað að taka við verkefnum Iðnskólans á Akureyri, Hússtjórnarskólans og framhaldsdeilda Gagnfræðaskólans. Fyrsti áfangi að umræddum skóla er bygging verknámshúss sem fyrst í stað verður nýtt af núverandi iðnskóla. Framlag samkvæmt frumvarpinu er alls 3 300 000 kr. og rennur allt til stofnkostnaðar.

515 **Iðnskólar utan Reykjavíkur.** Heildarframlag nemur 7 693 700 kr. sem er 1 157 400 kr. hækkun frá fjárlögum 1981, eða 17,7%. Laun hækka um 1 076 300 kr. og önnur rekstrargjöld um 81 100 kr. Hvort tveggja er þetta innan almennra launa- og verðlagshækkana enda hefur þeim skólum sem áætlað er fyrir á þessum fjárlagalið fækkað um tvo frá fjárlögum 1981. Á Selfossi og í Neskaupstað hafa verið stofnaðir nýir skólar sem taka m. a. við starfsemi iðnskóla á þessum stöðum.

518 **Fiskvinnsluskólinn.** Framlag til skólans hækkar um 4 886 300 kr. og verður samtals 6 852 800 kr. Aðalhækkunin felst í gjaldfærðum stofnkostnaði en hann hækkar úr 834 000 kr. í 5 400 000 kr., eða um 4 566 000 kr. Stofnkostnaði þessum skal varið til byggingar á verknámshúsi. Laun hækka um 292 300 kr. sem er innan almennra launahækkana. Skýringin felst í því að við áætlun sértekna í frumvarpinu er tekið tillit til framlags í vinnulaunasjóð nemenda en í fjárlögum 1981 var þetta áætlað sem önnur laun. Önnur rekstrargjöld hækka um 186 000 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald hækkar um 7 000 kr. og sértekjur um 165 000 kr.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Hækkun framlags frá fjárlögum 1981 er samtals 2 471 600 kr. og nemur heildarframlag því 7 826 300 kr. Launagreiðslur nema 7 246 300 kr., þar af eru laun hjúkrunarnema meðan á bóklegu námi stendur 3 777 500 kr. Laun hækka því í heild um 2 149 600 kr. sem er innan almennra launahækkana. Launakostnaður vegna sauma á búningum er felldur niður og eru sértekjur einnig lækkaðar vegna þess. Önnur rekstrargjöld hækka um 112 000 kr., viðhald um 120 000 kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 20 000 kr. Nemur gjaldfærður stofnkostnaður samtals 100 000 kr. og er framlagið ætlað til breytinga á húsnæði skólans þannig að heimavist verði aðskilin frá stjórnunar- og kennslurými. Þessi breyting á að leiða til lækkunar launakostnaðar vegna eftirlits og símavörslu. Lækkun sértekna frá fjárlögum 1981 nemur 70 000 kr.

523 **Fósturskóli Íslands.** Heildarfjárveiting er 2 997 800 kr. og er það 1 317 300 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 1 272 900 kr., eða 92,7%, sem er verulega umfram almennar launahækkanir. Ein skýring þess er ákvæði í samningum við fóstrur frá 16.9.1980. Þar er kveðið á um að fóstrur þær er hafa fóstrunema í verklegu námi skuli fá ákveðna þóknun fyrir. Laun vegna þessa ákvæðis nema um 310 000 kr. Auk þessa eru flokkatilfærslur og leiðréttingar vegna vanáætlunar 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 74 300 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald er 20 000 kr. en var 15 000 kr. í síðustu fjárlögum og stofnkostnaður lækkar um 30 000 kr. og verður 90 000 kr. Sértekjur hækka um 4 900 kr. og verða 16 900 kr.

561 **Myndlista- og handíðaskólinn.** Framlag til skólans eykst um 959 200 kr. og verður samtals 2 774 500 kr. Laun hækka um 1 048 700 kr., eða 40,6%, sem er innan almennra launahækkana. Skýringin felst í því að áætluð kennsla á námskeiðum minnkar frá því sem gert var ráð fyrir 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 305 000 kr. og er það í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald hækkar um 12 000 kr., gjaldfærður stofnkostnaður um 120 000 kr. og nemur alls 210 000 kr. Fjárveitingin er ætluð til kaupa á stofnbúnaði. Sértekjur hækka um 526 500 kr. og verða 2 176 800 kr.

563 **Tónlistarfræðsla.** Framlag nemur alls 17 738 200 kr. en það er hækkun um 6 227 100 kr. eða 54% frá fjárlögum 1981. Útgjöld vegna þessa fræðsluþáttar hafa aukist verulega á undanförnum árum og er því brýnt að lög og reglur um tónlistarfræðslu verði endurskoðuð.

580 **Samvinnuskólinn.** Fjárlagaliður þessi er nýr. Áður hefur verið áætlað fyrir Samvinnuskólanum og Verslunarskóla Íslands sem viðfangsefnum undir fjárlagalið 02—581. Framlag til Samvinnuskólans hækkar um 890 100 kr. og er samtals 3 318 000 kr. Laun hækka um 537 100 kr. og er það innan almennra launahækkana. Helstu skýringar eru fækkun kennslustunda og minni heimavinna kennara. Hvort tveggja er þetta vegna þess að áætlað er fyrir færri nemendum nú en á árinu 1981. Önnur rekstrargjöld hækka í samræmi við almennar verðlagshækkanir eða um 443 000 kr. Sértekjur eru áætlaðar 90 000 kr. og er þetta í fyrsta sinn sem áætlað er fyrir sértekjum hjá skólanum.

581 **Verslunarskóli Íslands.** Verslunarskólinn og Samvinnuskólinn hafa verið viðfangsefni undir þessum fjárlagalið en nú er áætlað fyrir Samvinnuskólanum undir fjárlagalið 02—580. Framlag til Verslunarskólans nemur samtals 9 185 900 kr. og er það hækkun um 2 735 600 kr. frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 2 414 000 kr., eða 42,7%. Verðbætur vegna lífeyrisgreiðslna hafa verið áætlaðar til skólans á fjárlögum síðustu ára en eru nú áætlaðar undir fjárlagalið 08—381, uppbætur á lífeyri. Aftur á móti er aukning á aldursafslætti kennara, auknar persónuuppbætur og flokkatilfærslur. Önnur rekstrargjöld hækka um 321 600 kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun.

601—609 Héraðsskólar, rekstur. Heildarfjárveiting hækkar um 5 192 300 kr., eða 45,3%, frá fjárlögum ársins 1981 og nemur samtals 16 662 300 kr. Segja má að laun og önnur rekstrargjöld hækki nokkurn veginn í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Til sérstakrar hækkunar á launum kemur þó kostnaður vegna fimm húsvarðastaða, alls 397 300 kr. Húsverðirnir eru á skólunum að Núpi, Reykjum, Eiðum, Skógum og Laugum. Laun þessara húsvarða hafa að hluta verið greidd af viðhaldslið skólanna og er því heldur dregið úr framlögum til viðhalds. Einnig er um að ræða tilflutning af launalið yfir á önnur rekstrargjöld vegna mötuneytiskostnaðar skyldunámsnema.

610 Héraðsskólar, almennt. Framlag til þessa fjárlagaliðar rennur til viðhalds og gjaldfærðs stofnkostnaðar í héraðsskólum. Framlag til viðhalds skólanna nemur 1 000 000 kr. en það er lækkun um 200 000 kr. frá fjárlögum 1981. Hluti af árlegri fjárveitingu til viðhalds hefur runnið til greiðslu launa húsvarða í héraðsskólunum. Svo sem fram kemur í greinargerð um héraðsskóla, rekstur, er nú áætlað fyrir launum húsvarða undir öðrum dagvinnulaunum í rekstri skólanna. Framlag til stofnkostnaðar nemur 2 500 000 kr. en það er 510 000 kr. lækkun frá fjárlögum 1981. Hluti fjárveitinga undir þessum lið hefur á undanförnum árum runnið til verkmenntaskóla á Akureyri. Nú er kominn á samningur milli ríkis og Akureyrarbæjar um starfsemi skólans og greiðslu kostnaðar við skólastarfið. Því er áætlað fyrir þeim útgjöldum undir fjárlagaliðnum 02—359 Verkmenntaskóli á Akureyri. Eins og undanfarin ár mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárveitingarinnar milli einstakra skóla.

679 Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni. Framlag til sameiginlegs kostnaðar við skólana á Laugarvatni nam í fjárlögum 1981 35 000 kr. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til starfseminnar 1982, en henni þess í stað ætlað að standa undir sér.

700—780 Grunnskólar, rekstur. Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla á þessum lið hækkar frá fjárlögum 1981 um 104 150 500 kr., eða 42,7%. Er þá talið með eitt viðfangsefni á liðnum grunnskólar, almennt (02 791—0122) í fjárlögum 1981, laun í grunnskólum 3 500 000 kr. Launaliðurinn með þessari tilfærslu hækkar um 95 141 500 kr. og er það í samræmi við almennar launahækkanir. Gert er ráð fyrir lítilli fjölgun nemenda, eða um 200, á þessu skólastigi frá áætlun við gerð fjárlaga 1981. Sú breyting er gerð á öðrum rekstrargjöldum að með þeim er nú áætluð húsaleiga fræðsluskrifstofa og ferðakostnaður fræðslustjóra, sem áður var talið með yfirfærslum til sveitarfélaga. Í fjárlögum 1981 er þessi fjárhæð 224 000 kr. Að gerðri þessari breytingu hækka önnur rekstrargjöld um 8 171 600 kr., eða um 44,3%, sem er að nokkru umfram áætlaðar almennar verðhækkanir. Er það einkum vegna aukins kostnaðar við akstur skólabarna en hann er um 87,5% af liðnum önnur rekstrargjöld hjá grunnskólum utan Reykjavíkur. Enn skal bent á nauðsyn þess að þessi kostnaðarliður verði tekinn til rækilegrar athugunar.

Yfirfærslur til sveitarfélaga eru nú eingöngu framlag til fræðsluskrifstofa skv. 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og er það miðað við að greitt verði dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara (14. launafl., 3. þrep) á hvern nemanda í grunnskólum umdæmisins, þannig að 1,4 stundir komi á hverja fyrstu 2 200 nemendur og 0,4 stundir á hvern nemanda umfram það. Í fjárlögum 1981 er þetta framlag áætlað til allra fræðsluumdæmanna 890 700 kr., miðað við laun í mars 1980, án húsaleigu- og ferðakostnaðarframlags sem áður er getið, en framlagið láðist að hækka um 34% til samræmis við launalið fjárlaganna. Í þessu frumvarpi er framlagið reiknað 1 728 100 kr. og hækkar því

um 837 400 kr., eða tæplega 94%, sem skýrist að mestu af því sem áður er sagt, auk nokkurra breytinga á nemendafjölda milli umdæma og fjölgunar sem áður er getið.

791 **Grunnskólar, almennt.** Fjárveiting á þessum lið nemur samtals 11 669 200 kr. og er það 1 631 700 kr. lækkun frá fjárlögum 1981. Helstu skýringar á breytingunni eru þessar: Tekið er upp nýtt viðfangsefni, „rannsóknir á áhrifum skólaskyldu á nemendur og þjóðfélagið" 100 000 kr. Niður fellur viðfangsefnið „laun í grunnskólum" sem nam 3 500 000 kr. en framlag til launa vegna framhaldsdeilda í grunnskólum hækkar um 600 200 kr. Þessi liður hækkar innan marka almennra launahækkana vegna þess að í þessu frumvarpi eru fjárveitingar til nýstofnaðra framhaldsskóla en hliðstæð starfsemi var að hluta greidd af þessum fjárlagalið 1981. Þá hækkar framlag vegna launa til stjórnskipaðra prófdómara um 297 100 kr., til umferðarfræðslu í skólum um 57 000 kr., til framkvæmdar sundskyldu í skólum um 800 000 kr., til skíðakennslu í skólum 10 000 kr. og til unglingafræðslu 4 000 kr.

792 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Fjárveiting hækkar um 11 930 000 kr. eða 28% og nemur alls 54 400 000 kr. Að venju mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu þessa fjár.

797 **Stofnanir afbrigðilegra barna.** Framsetningu þessa liðar er breytt þannig að tekin er upp viðfangsefnaskipting. Liðurinn hækkar alls um 7 135 300 kr. Laun hækka um 4 884 800 kr. eða 49,4%. Er það nokkru meiri hækkun en svarar til almennra launahækkana og skýrist af því að tekin eru inn 8,62 ný stöðugildi kennara sem leiðir til 747 400 kr. hækkunar á föstum launum, auk þess sem nokkur hækkun verður vegna launaskriðs. Hins vegar lækka önnur laun nokkuð á móti hækkun fastra launa þannig að launahækkunin verður um 41,0% þegar föst laun ásamt launatengdum gjöldum vegna nýrra staða eru ekki reiknuð með. Önnur rekstrargjöld hækka um 421 600 kr. eða 19,7%. Þá ber að hafa í huga að tekið er tillit til þess að 430 000 kr., sem voru með öðrum rekstrargjöldum Öskjuhlíðarskóla í fjárlögum 1981, eru fluttar á sérstakt viðfangsefni, dvalarkostnað, og er yfirfærsla til einstaklinga og samtaka í frumvarpinu. Er þetta viðfangsefni áætlað 1 113 100 kr. Hér er um eftirtalda tvo útgjaldaþætti að ræða. Í fyrsta lagi greiðslur til fjölskyldna sem taka að sér vistun þroskaheftra barna, 913 100 kr., og samsvarar það þeim 430 000 kr. sem fluttar eru af Öskjuhlíðarskólanum. Í öðru lagi eru greiðslur vegna sumardvalar afbrigðilegra barna, sem eru áætlaðar 200 000 kr. í þessu frumvarpi, en eru taldar 140 000 kr. undir liðnum yfirfærslur til einstaklinga og samtaka í fjárlögum 1981. Til viðfangsefnisins barnaheimili—dagvistir eru áætlaðar 2 250 000 kr., sem er talin yfirfærsla til sveitarfélaga, og hækkar framlagið um 750 000 kr. frá fjárlögum 1981. Um er að ræða kostnað við vistun og þjálfun þroskaheftra barna á dagvistarstofnunum en greiðsluskylda vegna þessa er lögð á ríkissjóð í lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Viðhald hækkar um 58 900 kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 154 700 kr. Sértekjur hækka um 107 800 kr. Meginhluti sérteknanna eru örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna nemenda í Öskjuhlíðarskóla. Kostnaður undir viðfangsefninu þjálfunarskólar skiptist á eftirtalda skóla og eru stöðugildi (allt kennarar) einnig tilgreind.

	Fjárveiting skv. frumvarpi	Stöðugildi (kennarar)
Lyngás	1 351 000	9,5
Bjarkarás	1 077 200	7,0
Geðdeild barnaspítala Hringsins	1 066 200	8.0
Kópavogshæli	1 365 300	10,67
Sólborg	1 492 400	11,83
Skálatún	627 900	5,18
Tjaldanes	271 000	1,67
Sólheimar	231 600	2,0
Samtals	7 482 600	55,85

Í Öskjuhlíðarskóla er reiknað með 44,17 stöðugildum, þar af 33,67 vegna kennslu. Auk þess eru 3,0 stöðugildi í fjölskylduheimilinu við Reynilund (ekki kennsla). Í greiningarstöðinni í Kjarvalshúsi eru stöðugildi 12,75 (vantalin um 0,5 í athugasemdum við frumvarp 1981).

799 **Heyrnleysingjaskólinn.** Framlag til skólans eykst um 2 117 500 kr. frá síðustu fjárlögum og verður samtals 5 467 400 kr. Laun hækka um 1 720 700 kr. eða 59,4%. Sú hækkun launa sem er umfram almennar launahækkanir er vegna aukinnar kennslu sem breytingar á samsetningu nemenda hefur í för með sér. Nemendum á grunnskólastigi hefur fjölgað en fækkun hefur orðið á forskólastigi. Einnig er reiknað með fjölgun í framhaldsnámi og krefjast þessar breytingar mun meiri kennslu. Önnur rekstrargjöld hækka einnig nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar, eða um 344 000 kr. samtals, og hefur verið tekið tillit til raunútgjalda undanfarinna ára. Viðhald hækkar um 14 000 kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 43 000 kr. Loks hafa sértekjur verið hækkaðar um 4 200 kr.

803 **Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Fjárveiting til byggingar dagvistarheimila verður 15 000 000 kr. og er það hækkun um 4 000 000 kr. eða 36,3% frá fjárlögum 1981. Svo sem verið hefur mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárins.

871 **Unglingaheimili ríkisins.** Framlag til unglingaheimilisins, sem er B-hluta fyrirtæki, hækkar um 493 200 kr. eða 34,0%. Fallist er á nokkra breytingu á starfsemi heimilisins. Á árinu 1981 samþykkti ráðningarnefnd ríkisins tvær nýjar stöður við göngudeild unglingaheimilisins og hækka launaútgjöld vegna þessa um 191 500 kr. Þá eru jafnframt veittar 100 000 kr. vegna launa til lausráðningar starfsmanns sem hefur umsjón með starfsemi unglingaheimilisins að Sólheimum 17. Um aðra þætti í starfsemi heimilisins er óþarfi að fjölyrða þar sem aðrir rekstrarliðir breytast einungis í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag hækkar um 36 201 500 kr. eða 44,7% og verður 117 124 800 kr. Auk þess verður sjóðnum aflað 50 000 000 kr. lántökuheimildar sem er 17 000 000 kr. hærri fjárhæð en var í fjárlögum ársins 1981. Útlánageta sjóðsins verður alls 144 947 000 kr. og styrkveitingar alls 9 805 000 kr. Yfirlit yfir sjóðinn er í B-hluta frumvarpsins. Útlán sjóðsins miðast við það að mætt verði 90% af umframfjárþörf námsmanna en fjárútvegun til styrkveitinga miðast við það að hægt verði að greiða ferðastyrki að haustlagi og er það nýbreytni. Þetta felur í sér aukin útgjöld meðan verið er að koma þessari tilhögun á.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Framlag á þessum lið verður alls 3 953 600 kr. og er það hækkun um 1 008 800 kr. frá fjárlögum 1981, eða sem svarar 34,2%. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum verður 2 700 000 kr. og er það hækkun um 70 000 kr. Viðfangsefnið „starfsemi stúdenta" hækkar um 4 500 kr. og verður 16 500 kr. Framlag til Félagsstofnunar stúdenta nemur alls 1 055 000 kr., og er það hækkun um 279 300 kr. Stúdentagarðar, viðhald verður 2 100 000 kr. og er það hækkun um 600 000 kr. Fjárveiting til hjónagarða hækkar um 45 000 kr. og verður alls 170 000 kr. Að síðustu ber að nefna að framlag til viðfangsefnisins „námskynning" hækkar um 10 000 kr. og verður 40 000 kr. Framlög til annarra viðfangsefna eru óbreytt frá fjárlögum ársins 1981.

884 **Jöfnun á námskostnaði.** Framlag nemur alls 9 450 000 kr. og er það hækkun um 3 150 000 kr., eða 50% frá fjárlögum 1981. Framlag hækkar nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar sem skýrist af áætlaðri fjölgun styrkja en þeir hafa farið vaxandi á undanförnum árum.

885 **Fullorðinsfræðsla.** Framlag nemur alls 296 500 kr. og lækkar um 123 500 kr. frá fjárlögum 1981. Lækkunin skýrist af því að 200 000 kr. framlag til dönskukennslu í sjónvarpi fellur niður, sömuleiðis 30 000 kr. framlag til félagsmálanámskeiðs. Þeir liðir sem hækka eru framlag til bréfaskólans 83 400, námsflokka 16 500 kr. og Heimilisiðnaðarskólans 6 600 kr.

902 **Þjóðminjasafn Íslands.** Framlag til Þjóðminjasafns hækkar um 1 171 700 kr. og verður alls 5 040 400 kr. Launaliður Þjóðminjasafnsins hækkar um 766 200 kr., eða 49,9%, gert er ráð fyrir fjárveitingu til nýrrar stöðu forvarðar við safnið og er kostnaður vegna þess 107 700 kr. Að öðru leyti er hækkun launaliðar í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Heildar launaliður nemur 2 303 100 kr., þar af eru 70 000 kr. ætlaðar til styrktar útgáfu ársskýrslu Fornleifafélagsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 152 900 kr. sem er vegna almennra verðlagsbreytinga. Viðhald hækkar um 96 000 kr. og nemur alls 416 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er 350 000 kr. en það er 20 000 kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1981. Meginhluta fjárhæðarinnar er ætlunin að verja til breytinga og innréttinga á skrifstofu safnsins. Framlög til sveitarfélaga, 1 000 000 kr., er 320 000 kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum ársins 1981 og mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárins. Þá hækka sértekjur um 10 000 kr. og verða 50 000 kr. Framlag til Örnefnastofnunar hækkar um 126 600 kr. og nemur alls 486 300 kr. Um framlag til Örnefnastofnunar er ekki að fjölyrða þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum rekstrarbreytingum frá fjárlögum ársins 1981. Framlag til Sjóminjasafns Íslands fellur niður en það nam 300 000 kr. í fjárlögum 1981.

903 **Þjóðskjalasafn.** Framlag nemur alls 1 976 500 kr. og er það hækkun um 796 400 kr., eða 67,4%. Hækkunin skýrist þannig: Laun 581 000 kr., þar af 128 300 kr. vegna lausráðningar sérfræðings sem vinnur að útgáfustörfum á vegum safnsins. Að öðru leyti hækka laun vegna almennra launabreytinga. Rekstrargjöld hækka um 210 000 kr., þar af um 100 000 kr. vegna sérstakrar útgáfustarfsemi í tilefni 100 ára afmælis safnsins. Liðirnir viðhald og stofnkostnaður hækka um 11 400 kr. og nema alls 37 400 kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 6 000 kr. og verða 10 000 kr.

906 **Listasafn Einars Jónssonar.** Framlag til safnsins verður 510 800 kr. og er það hækkun um 226 900 kr. frá fjárlögum 1981. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 77 800 kr. og er það eingöngu vegna verðlagsbreytinga. Framlag til viðhalds hækkar um 153 600 kr. og nemur alls 252 600 kr. Á vegum Húsameistara ríkisins hefur farið fram úttekt á ásigkomulagi húsnæðis safnsins.

Framlag miðast við að gerð verði gangskör að því að lagfæra þau atriði sem brýnust geta talist. Þá hækkar framlag til stofnkostnaðar um 2 500 kr. og sértekjur um 7 000 kr.

907 **Listasafn Íslands.** Framlag til Listasafnsins verður 2 165 700 kr. og hækkar um 464 600 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Framlög vegna launa, annarra rekstrargjalda og viðhalds hækka um 369 300 kr., og hækka þessir liðir hver um sig sem nemur almennri verðlagsbreytingu. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 110 300 kr. og nemur alls 1 010 300 kr. Stofnkostnaðarframlagið er ætlað annars vegar til listaverkakaupa, 360 300 kr., og hins vegar til áframhaldandi framkvæmda við nýbyggingu safnsins, 650 000 kr. Sértekjur hækka um 15 000 kr. og verða 45 000 kr.

908 **Kvikmyndasafn Íslands.** Heildarfjárveiting til safnsins nemur 551 100 kr. og hækkar framlagið þá um 240 700 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Laun hækka um 15 200 kr. eingöngu vegna verðlagsbreytinga. Önnur rekstrargjöld lækka um 15 900 kr. og verða 91 600 kr. Veittar eru 2 500 kr. til viðhalds sem er nýmæli. Til gjaldfærðs stofnkostnaðar renna 400 000 kr. og er það 237 500 kr. hækkun frá árinu 1981. Fjárhæðin fer að hluta til kaupa og uppsetningar á loftræsti- og kælibúnaði fyrir safnið og að hluta til kaupa á kvikmyndum og annarra smærri verkefna. Þá er að nefna að veittar eru 1 400 kr. til greiðslu árgjalds FIAF, Alþjóðasambands kvikmyndasafna, sem er ný fjárveiting.

931 **Náttúruverndarráð.** Fjárveiting nemur 2 427 200 kr. og er það 613 300 kr. eða 33,8% hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækka um 599 200 kr. sem lætur nærri að vera almennar launa- og verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 114 100 kr. og verður 604 100 kr. og skiptist sú fjárhæð þannig á einstök verkefni: 46 600 kr. vegna flutnings ráðsins í nýtt skrifstofuhúsnæði í Reykjavík, 66 500 kr. vegna ýmissa framkvæmda við þjóðgarðinn í Skaftafelli, 234 000 kr. vegna þjónustumiðstöðvar við Jökulsárgljúfur og endurbóta á tjaldsvæði, 130 000 kr. til friðlýsingarsjóðs, 100 000 kr. til merkingar og eftirlits með friðlýstum svæðum og að lokum 27 000 kr. vegna rannsóknarstarfa við Mývatn. Sértekjur hækka um 100 000 kr. og verða 200 000 kr. sem er vegna sölu á bæklingum og gjalds af tjaldstæðum.

972 **Ríkisútvarp, sjónvarp.** Fjárveiting úr ríkissjóði nemur samtals 2 200 000 kr. sem er vegna greiðslu á afborgunum og vöxtum af lánum sem tekin voru á árunum 1979—81. Í fjárlögum fyrir árið 1981 voru tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins sett fram á áætluðu verðlagi fjárlagaársins. Í þessu frumvarpi eru tekjur og gjöld á áætluðu meðalverðlagi ársins 1982. Svo sem verið hefur mun fjárveitinganefnd Alþingis taka málefni stofnunarinnar sérstaklega fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

973 **Þjóðleikhúsið, framlög.** Framlög til Þjóðleikhússins hækka um 7 576 900 kr. og verða 20 411 700 kr. Hækkun einstakra gjaldategunda er sem hér segir: Laun hækka um 5 698 600 kr. og verða 19 249 200 kr. Er hækkunin í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 034 200 kr. og verða 5 133 000 kr. Er það um 2 200 000 kr. umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins og er skýring þessa sú að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980. Aðrir rekstrargjaldaliðir hækka um 473 800 kr. sem er í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Varðandi tekjuliði Þjóðleikhússins er gert ráð fyrir að seld vara og þjónusta hækki um 1 604 700 kr. og verði 6 467 200 kr. Enn fremur er nú gert ráð fyrir vaxtatekjum að fjárhæð 25 000 kr. en ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárlögum 1981.

974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Fjárveiting hækkar um 2 262 700 kr., verður 5 916 500 kr. og er hér um að ræða hækkun um 61,9% frá fjárlögum 1981. Laun verða 9 804 800 kr. sem er hækkun um 2 969 600 kr. og er í samræmi við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld verða 2 400 000 kr. Er það hækkun um 1 695 600 kr. og er u. þ. b. 1 400 000 kr. umfram verðlagsforsendur frumvarpsins enda hefur þá verið höfð hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980. Liðurinn aðrar tekjur hækkar um 1 990 400 kr. og verður 5 076 300 kr., og er hér um að ræða framlag Reykjavíkurborgar og Ríkisútvarpsins. Seldar vörur og þjónusta verður 1 212 000 kr. sem er hækkun um 412 100 kr. frá fjárlögum ársins 1981.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag til byggingar þjóðarbókhlöðu hækkar um 2 700 000 kr. og verður 10 000 000 kr., þar af verða 5 500 000 kr. fjármagnaðar með lántöku. Fyrirhugað er að verja framlaginu til að reisa þak hússins og klæða og einangra útveggi.

982 **Listir, framlög.** Framlög á þessum lið nema alls 14 525 800 kr. og hækkar liðurinn frá fjárlögum 1981 um 5 820 500 kr. eða 66,8%. Hækkun liðarins skýrist annars vegar af nýjum viðfangsefnum og hins vegar af breyttum framlögum til viðfangsefna sem fyrir eru í fjárlögum. Ný viðfangsefni og framlög til þeirra eru: Alþýðuleikhúsið 400 000 kr., Ferðaleikhúsið 30 000 kr., kynning á ísl. leiklist erlendis 100 000 kr., þýðingarsjóður 500 000 kr., kynning á ísl. bókmenntum erlendis 150 000 kr., kynning á ísl. tónlist erlendis 50 000 kr., Vefnaðar- og listiðnaðarskóli Sigrúnar Jónsdóttur 20 000 kr., kynning á ísl. myndlist erlendis 50 000 kr., Félag kvikmyndagerðarmanna 30 000 kr., Fjalaköturinn 20 000 kr., kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis 50 000 kr., endurskoðun höfundalaga 50 000 kr., kynning á norrænum bókmenntum í Bandaríkjunum 50 000 kr. og Íslenska tónverkamiðstöðin 50 000 kr. Framlög til eftirtalinna liða hækka frá fjárlögum 1981: Leikfélag Reykjavíkur 230 000 kr. og verður 730 000 kr., Leikfélag Akureyrar 250 000 kr. og verður 700 000 kr., Leiklistarstarfsemi 400 000 kr. og verður 1 100 000 kr., Bandalag íslenskra leikfélaga 80 000 kr. og verður 150 000 kr., leiklistarráð 15 000 kr. og verður 45 000 kr., óperustarfsemi 150 000 kr. og verður 300 000 kr., Íslenski dansflokkurinn 150 000 kr. og verður 250 000 kr., brúðuleikhús 25 000 kr. og verður 50 000 kr., höfundamiðstöð 7 000 kr. og verður 25 000 kr., Rithöfundasamband Íslands 5 000 kr. og verður 15 000 kr., Launasjóður rithöfunda 763 800 kr. og verður 2 400 000 kr., höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga 42 800 kr. og verður 62 800 kr., Rithöfundasjóður Íslands 400 000 kr. og verður 1 200 000 kr., lúðrasveitir 17 000 kr. og verður 50 000 kr., önnur tónlistarstarfsemi 40 000 kr. og verður 130 000 kr., tónlistardagar 10 000 kr. og verður 25 000 kr., myndlistarskólar 200 000 kr. og verður 600 000 kr., listasöfn 50 000 kr. og verður 150 000 kr. Listasafn alþýðu 25 000 kr. og verður 75 000 kr. Félag ísl. myndlistarmanna 80 000 kr. og verður 100 000 kr., Myndhöggvarafélagið 12 000 kr. og verður 37 000 kr., Nýlistarsafn 15 000 kr. og verður 45 000 kr., Íslensk grafík 10 000 kr. og verður 20 000 kr., listiðnaðarmál 10 000 kr. og verður 30 000 kr., Kvikmyndasjóður 500 000 kr. og verður 1 500 000 kr., heiðurslaun listamanna 31 000 kr. og verða 301 000 kr., listamannalaun 350 000 kr. og verða 1 115 000 kr., listkynning 37 000 kr. og verður 100 000 kr., starfslaun listamanna 350 000 kr. og verða 1 115 000 kr., Bandalag ísl. listamanna 10 000 kr. og verður 20 000 kr., til lista og menningarmála almennt 70 000 kr. og verður 220 000 kr., og listahátíð í Reykjavík 55 000 kr. og verður 175 000 kr. Framlög til tveggja viðfangsefna lækka en það eru viðfangsefnin önnur leiklistarstarfsemi 100 000 kr. og verður framlagið 100 000 kr., og framlag til norrænu sumarvinnustofunnar 20 000 kr. og verður það 40 000 kr.

983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Liður þessi hækkar um 34 500 kr. og nemur nú samtals 145 500 kr. Hækkunin skýrist þannig: Framlög til vísinda- og fræðimanna 4 000 kr., Surtseyjarfélagið 2 000 kr., jöklarannsóknir og mælingar 3 500 kr., Íslensk málnefnd 15 000 kr. og tímaritið Jökull 10 000 kr. Framlög til annarra viðfangsefna eru óbreytt.

984 **Norræn samvinna.** Fjárveiting verður alls 1 181 800 kr. og er það 444 200 kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Hækkun á framlagi til norræns samstarfs á sviði menningarmála skýrir 396 200 kr. af hækkuninni en til þessa viðfangsefnis renna alls 1 040 800 kr. Framlag til viðfangsefnisins „norrænt samstarf" hækkar um 20 000 kr. og nemur alls 70 000 kr. Af öðrum liðum ber að nefna að framlag til Norrænu félaganna hækkar um 20 000 kr. og er alls 55 000 kr., og styrkur til dvalar rithöfundar á Norðurlöndum hækkar um 8 000 kr. og verður 12 000 kr.

985 **Félagsheimilasjóður.** Framlag til sjóðsins verður 4 145 000 kr. og er það hækkun um 1 184 000 kr. eða 39,9% frá fjárlögum ársins 1981.

986 **Íþróttasjóður.** Fjárveiting á þessum lið hækkar um 2 165 000 kr., eða 28,8%, og verður fjárveitingin alls 9 665 000 kr. Rekstrarstyrkir hækka um 165 000 kr. og verða 665 000 kr. Framlag til byggingar íþróttamannvirkja hækkar um 2 000 000 kr. og verða 9 000 000 kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögu um skiptingu fjárveitingarinnar svo sem verið hefur.

987 **Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur.** Framlag til endurbóta á Viðeyjar- og Nesstofu nemur alls 370 000 kr. og er það hækkun um 120 000 kr. frá fjárlögum ársins 1981.

988 **Æskulýðsmál.** Samtals nema framlög til þessa málaflokks 1 528 000 kr. og er það 350 000 kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Framlög til einstakra viðfangsefna hækka sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins 49 000 kr., Æskulýðssamband Íslands 13 000 kr., Ungmennafélag Íslands 211 000 kr., Bandalag ísl. skáta 37 000 kr., Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns 7 500 kr., Bandalag ísl. farfugla 1 500 kr., íslenskir ungtemplarar 12 000 kr., Landssamband KFUM og KFUK 9 500 kr., starfsemi KFUM í Vatnaskógi 5 000 kr. og starfsemi KFUK í Vindáshlíð 4 500 kr.

989 **Ýmis íþróttamál.** Framlag verður samtals 4 951 000 kr. og er það 2 271 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Helstu framlög sem hækka eru þessi: Íþróttasamband Íslands 1 200 000 kr., farkennsla í íþróttum 5 000 kr., Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum 10 000 kr., til íþróttamála fatlaðra 50 000 kr., og Ólympíunefnd 20 000 kr. Auk þess eru eftirtaldir liðir sem voru undir fjárlaganúmeri 02—999 í fjárlögum 1981 færðir undir þetta fjárlaganúmer: Taflfélag Reykjavíkur 14 000 kr., Skáksamband Íslands 65 000 kr., styrkur til alþjóðaskákmóta 22 000 kr., forseti FIDE 527 000 kr., og stórmeistarar í skák 338 000 kr. Að lokum er tekinn inn nýr liður, útgáfa handbókar um skólaíþróttir 20 000 kr.

999 **Ýmislegt.** Fjárveiting verður samtals 1 410 000 kr., og er það 625 000 kr. lækkun frá fjárlögum 1981. Lækkunin skýrist að mestu af því að framlög til nokkurra viðfangsefna voru færð undir þessu fjárlaganúmeri í fjárlögum 1981 en eru nú færð undir fjárlaganúmerið 02—989, en þau voru: Taflfélag Reykjavíkur 10 000 kr., Skáksamband Íslands 45 000 kr., alþjóðaskákmót 15 000 kr., forseti FIDE 376 800 kr. og stórmeistarar í skák 241 700 kr. Auk þess voru Íslendingafélögin í Kaupmannahöfn, Osló og Þrándheimi sundurliðuð í fjárlögum 1981 með samtals 1 500 kr. en eru nú sameinuð undir einn lið sem félög Íslendinga á Norðurlöndum með 20 000 kr. framlagi og er það 18 500 kr. hækkun. Að lokum er einn nýr liður, héraðsbókasöfn, og er framlagið 45 000 kr. Aðrir liðir í þessum málaflokki eru óbreyttir frá fjárlögum ársins 1981.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	8 140	11 562	3 422	42,0
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	10 476	14 485	4 009	38,3
Sendiráðin	21 732	25 415	3 683	16,9
Alþjóðastofnanir	16 504	26 055	9 551	57,9
Samtals	56 852	77 517	20 665	36,3

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málaflokka utanríkisráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins verður 10 540 500 kr. og er það 3 300 500 kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Hækkun þessi skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Framlag vegna yfirstjórnar ráðuneytisins hækkar um 2 572 900 kr. og verður 8 200 900 kr. Gert er ráð fyrir fjárveitingu til einnar nýrrar fulltrúastöðu, að öðru leyti er um almennar verðlagsbreytingar að ræða. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki hækkar um 29 400 kr. og verður 73 400 kr. Er það um 11 800 kr. umfram almennar verðlagshækkanir og skýrist af því að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum hækkar um 342 000 kr. og verður 1 102 000 kr. Framlag til kjörræðismanna hækkar um 30 000 kr. og verður 90 000 kr. Liðurinn upplýsinga- og kynningarstarfsemi verður 434 000 kr. og er það hækkun um 124 000 kr. Framlag til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráðin til landkynningar hækkar um 17 200 kr. og verður 60 200 kr. Liðurinn markaðsmál hækkar um 155 000 kr. og verður 465 000 kr. Fjárveiting til kynningar á menningu Norðurlanda hækkar um 30 000 kr. og verður 115 000 kr.

301—312 **Sendiráðin.** Fjárveiting vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis nemur samtals 25 415 800 kr. og er það hækkun um 3 684 000 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður hækkar samtals um 2 319 900 kr. og verður 16 570 100 kr. Gert er ráð fyrir fjölgun í utanríkisþjónustunni um 1,2 stöðugildi og er kostnaður samfara því samtals 365 800 kr. Eru þetta 1,0 staða sendiráðsritara við sendiráðið í Washington og 0,2 staða ritara við sendiráðið í Osló. Að öðru leyti er hækkun á launalið sendiráðanna vegna gengisbreytinga íslensku krónunnar svo og vísitöluhækkunar í einstökum löndum þar sem sendiráð eru starfrækt. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 143 000 kr. og verða 7 679 800 kr. Viðhaldsliður verður 704 300 kr. og hækkar um 91 400 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 461 600 kr. sem er hækkun um 129 700 kr. frá fjárlögum 1981.

399 **Ýmis utanríkismál.** Fjárveiting á liðnum ýmis utanríkismál verður 11 532 000 kr. sem er hækkun um 5 923 000 kr. eða 105,6% frá fjárlögum ársins 1981. Fjárveitingin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands verður 10 007 000 kr. en stofnun þessi var sett á fót með lögum nr. 43/1981. Fjárveiting til þessa verkefnis var áður undir heitinu Aðstoð við þróunarlöndin og nam fjárveiting í fjárlögum 1981 4 757 000 kr., þannig að hækkunin er 5 250 000 kr. eða 110,4%. Framlag til Flóttamannaráðs Íslands

verður 108 000 kr. en var í fjárlögum 1981 8 000 kr. og hækkar því um 100 000 kr. Liðurinn Lögberg-Heimskringla hækkar um 14 000 kr. og verður 50 000 kr. Framlag vegna samskipta við Vestur-Íslendinga hækkar um 120 000 kr. og verður 250 000 kr. Þar af eru 150 000 kr. ætlaðar til útgáfu á ritum um vesturfarir Íslendinga. Framlag vegna Háskóla Sameinuðu þjóðanna er á áætluðu verðlagi um mitt árið 1982 og verður fjárveiting 1 100 000 kr. en nam 661 000 kr. í fjárlögum 1981. Önnur framlög eru óbreytt í krónutölu frá fjárlögum 1981.

401 **Alþjóðastofnanir.** Hækkun framlaga til alþjóðastofnana nemur samtals 3 628 000 kr. og verður framlagið 14 522 700 kr. Hækkun sem rekja má til gengisbreytingar íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar og breytingar á kostnaðarhlutdeild Íslands í ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að er samtals að fjárhæð 2 747 000 kr. Þá flyst framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) af þessum fjárlagalið yfir í 1. gr. frumvarpsins undir liðinn lánahreyfingar út, en hér er um að ræða stofnfjárframlag Íslands til Alþjóðaframfarastofnunarinnar. Framlag þetta var 2 760 000 kr. í fjárlögum 1981. Framlög til þróunaraðstoðar sem heyra undir þennan fjárlagalið hækka samtals um 3 641 000 kr. og verða 4 745 000, þannig að hér er um að ræða hækkun sem nemur 329,8%.

Framlög til þróunaraðstoðar árið 1982. Framlögum til þróunaraðstoðar Íslands er skipað í viðfangsefni undir tveimur fjárlagaliðum, þ. e. ýmis utanríkismál (03—399) og alþjóðastofnanir (03—401). Auk þess er svo gert ráð fyrir að framlag Íslands til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) færist í 1. gr. frumvarpsins undir liðinn lánahreyfingar út. Eftirfarandi yfirlit sýnir ráðgerð framlög Íslands til þróunaraðstoðar árið 1982 í samanburði við fjárlög 1981.

		Frumvarp 1982	Fjárlög 1981	Hækkun í %
03-401	**Alþjóðastofnanir**			
0110	Þróunaraðstoð S. þ.	3 600 000	546 000	559,3
0111	Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn	250 000	137 000	82,5
0112	Aðstoð við Palestínuflóttamenn	110 000	101 000	8,9
0113	Flóttamannastofnun S. þ.	347 000	137 000	153,3
0115	Matvælaáætlun S. þ.	159 000	54 000	194,4
0117	Namibíusjóður/S-Afríkusjóður	119 700	109 900	8,9
0128	Alþjóðaráð Rauða krossins	196 300	29 000	576,9
0143	Neyðarhjálparstofnun S. þ.	68 500	18 000	280,6
0146	Alþjóðalandbúnaðarþróunarsjóðurinn	100 000	—	—
0147	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn	30 000	—	—
03-399	**Ýmis utanríkismál**			
0101	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	10 007 000	4 757 000	110,4
0102	Flóttamannaráð Íslands	108 000	8 000	1 250,0
0106	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	1 100 000	661 000	66,4
1. gr.	**Lánahreyfingar út**			
	Alþjóðaframfarastofnunin	2 760 000	2 760 000	—
	Samtals	18 955 500	9 317 900	103,4

Skýring þess að framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar er haft óbreytt frá fjárlögum 1981 er sú að hlutur Íslands í framlagi þessu er 13 737 600 kr. eða jafnvirði 3,6 milljóna dollara á skráðu gengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar hjá IMF 5. október 1979. Framlagið er því ákveðið í íslenskum krónum og hækkar ekki í krónutölu þótt gengi íslensku krónunnar lækki.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	5 036	7 073	2 037	40,4
Búnaðarmál	222 078	313 523	91 445	41,2
Skólar	8 841	17 411	8 570	96,9
Samtals	235 955	398 007	102 052	43,3

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting verður 2 945 700 kr. og er það hækkun um 1 012 600 kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 738 600 kr. sem er u. þ. b. 173 500 kr. umfram almennar launahækkanir og skýrist af því að gert er ráð fyrir fjárveitingu vegna einnar nýrrar fulltrúastöðu. Önnur rekstrargjöld hækka um 274 000 kr. sem er 25 200 kr. umfram almenna verðlagshækkun. Á hækkun þessi rót sína að rekja til þess að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980.

171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlag ríkissjóðs verður 3 325 000 kr. og er það hækkun um 825 000 kr. frá fjárlögum 1981 eða 33%. Fjárveiting þessi er til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.

172 **Jarðasjóður.** Fjárveiting verður 802 000 kr. sem er hækkun frá fjárlögum 1981 um 199 000 kr. eða 33%. Hlutverk jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum að nýting lands verði sem hagkvæmust.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar alls um 2 770 300 kr. og verður 12 235 400 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 2 066 800 kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir. Það skýrist af því að tekin er inn ein staða rannsóknamanns í jurtasjúkdómum við jarðræktardeild. Að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld lækka um 600 kr. sem stafar af því að ekki er gert ráð fyrir viðfangsefninu „Tilraunabú, óskipt" í frumvarpi 1982, en í fjárlögum 1981 var gert ráð fyrir 900 000 kr. sem færðar voru á önnur rekstrargjöld. Ef ekki er tekið tillit til þessa liðar hækka rekstrargjöld um 41,0% frá fjárlögum 1981. Viðhald hækkar um 28 400 kr. og verður 168 900 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 213 900 kr., þar af eru 193 500 kr. til hitaveituframkvæmda á Hesti, Korpu og Hvanneyri, en Rannsóknastofnun landbúnaðarins greiðir hluta bútæknideildar í framkvæmdum á Hvanneyri. Framlag til tilraunastöðva sem fram kemur í B-hluta hækkar alls um 628 900 kr. og skiptist sem hér segir:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Hestur	423 600	547 700	124 100	29,3
Reykhólar	212 800	283 100	70 300	33,0
Möðruvellir	801 400	1 041 800	240 400	30,0
Skriðuklaustur	352 300	469 000	116 700	33,1
Sámsstaðir	227 600	305 000	77 400	34,0
Samtals	2 017 700	2 646 600	628 900	31,2

Eitt nýtt viðfangsefni er tekið upp, þ. e. Stóra-Ármót 50 000 kr., og er það fært sem yfirfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega. Þá hækka sértekjur um 217 100 kr. og verða 634 600 kr.

207 **Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum.** Fjárveiting til þessa verkefnis verður samtals 3 562 700 kr. og er það hækkun um samtals 1 817 200 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldtegundir: Laun hækka um 1 807 700 kr. sem er 104,9% hækkun frá fjárlögum 1981. Stafar hækkun þessi af því að gert er ráð fyrir að stöðugildum fjölgi úr 25,0 í 33,0. Er þannig gert ráð fyrir fjárveitingu til 30,0 stöðugilda allt árið 1982 og 6,0 stöðugilda að auki frá 1. júlí 1982. Rekstrargjöld verða 32 000 kr. og er það hækkun um 9 500 kr. eða 42,2%.

231 **Skógrækt ríkisins.** Framlag hækkar alls um 2 316 700 kr. og nemur alls 6 983 600 kr. Laun hækka um 2 020 400 kr., eða 54,8%, þar af um 385 000 kr. vegna þess að áætlað er fyrir nokkurri fjölgun starfsfólks við skóggræðslu yfir sumarmánuðina. Að öðru leyti hækka laun sem næst í hátt við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld verða 1 275 000 kr. Er það hækkun um 389 900 kr. sem er ríflega verðlagshækkun rekstrargjalda. Af fjárveitingu til rekstrargjalda eru 23 000 kr. sérstaklega ætlaðar til að safna borsýnum úr trjám og mæla árhringi. Viðhald er áætlað 800 000 kr. og stofnkostnaður 704 000 kr., og eru fjárveitingar til þessara liða 371 400 kr. hærri en í fjárlögum 1981. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 50 000 kr. og nemur alls 200 000 kr. Sértekjur hækka um 515 000 kr. og verða 1 700 000 kr. Vísað er til greinargerðar við fjárlagalið 04-271, landgræðslu- og landverndaráætlun, um framlög til skógræktar.

235 **Landgræðsla ríkisins.** Framlag hækkar um 1 532 500 kr. og nemur alls 4 866 600 kr., og er það 45,9% hækkun á fjárveitingu frá því sem er á fjárlögum ársins 1981. Hækkunin skýrist þannig að almennir rekstrarliðir, þ.e. laun, önnur rekstrargjöld og viðhald, hækka um 1 517 500 kr. og er það í stórum dráttum í samræmi við launa- og verðlagsbreytingar hlutaðeigandi gjaldaliða. Framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar hækkar um 155 000 kr. og nemur 625 000 kr. Skiptist sú fjárhæð þannig að 290 000 kr. renna til viðfangsefnisins almennrar landgræðslu, 150 000 kr. til tækjakaupa fyrir landgræðsluverði og 185 000 kr. til ýmissa framkvæmda og búvélakaupa vegna búrekstrar. Sértekjur hækka um 140 000 kr. og verða 1 220 000 kr. Vísað er til greinargerðar við fjárlagalið 04-271, landgræðslu- og landverndaráætlun, um framlög til landgræðslu.

241 **Landnám ríkisins.** Framlag hækkar samtals um 112 400 kr. og verður 2 674 800 kr. Laun hækka um 421 400 kr. eða 60,9% sem er um 123 900 kr. umfram almennar launabreytingar. Skýrist hækkun þessi af því að gert er ráð fyrir fjárveitingu vegna nýrrar stöðu tækniteiknara og eru sértekjur stofnunarinnar hækkaðar til jafns við þann útgjaldaauka sem er samfara þessari viðbótarstöðu. Önnur rekstrargjöld hækka um 64 400 kr. eða 40%. Viðhald hækkar um 1 000 kr. og verður 6 000 kr. Framlag til einstaklinga og samtaka verður 150 000 kr. og er þar um að ræða framlag ríkissjóðs til Hólsfjallaáætlunar. Framlög til skipulagningar og byggingar íbúðarhúsa í sveitum hækkar um 50 000 kr. og verður 350 000

kr. Framlag til grænfóðurverksmiðja lækkar um 261 000 kr. og verður 1 177 000 kr. Framlagið skiptist þannig að til grænfóðurverksmiðjunnar í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu renna 427 000 kr., til Hólmsins í Skagafirði fellur framlag ríkissjóðs niður en framlagið nam 500 000 kr. í fjárlögum 1981. Framlag til Saltvíkur í Suður-Þingeyjarsýslu verður 750 000 kr. og er það hækkun um 250 000 kr. Þá er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 2 000 000 kr. hjá tveimur síðasttöldu verksmiðjunum og 3 000 000 kr. hlutafjárframlagi ríkissjóðs til verksmiðjunnar í Hólminum í Skagafirði. Þá eru sértekjur Landnáms ríkisins hækkaðar um 163 400 kr. og verða þær 346 700 kr.

246 **Veiðimálaskrifstofan.** Fjárveiting hækkar um 893 900 kr., verður 3 829 800 kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 690 300 kr. og verða 1 811 900 kr., þar af eru 158 900 kr. vegna launa náttúrufræðings við nýtt útibú stofnunarinnar á Norðurlandi, en að öðru leyti er um almennar verðlagsbreytingar á launalið stofnunarinnar að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 313 800 kr. og verða 873 000 kr., þar af eru 90 000 kr. vegna útibús á Norðurlandi. Viðhald hækkar um 6 000 kr. og verður 20 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 23 000 kr. og verður 93 000 kr. Þar af eiga 23 000 kr. að fara til útibúsins á Norðurlandi, 15 000 kr. til útibús á Vesturlandi og 15 000 kr. til útibús á Austurlandi. Þá eru áætlaðar 40 000 kr. til kaupa á rannsóknatækjum og áhöldum. Framlag til Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði lækkar um 229 200 kr. og verður 716 900 kr., þar af eru 300 000 kr. vegna breytinga á starfsmannahúsi. Þá hækkar framlag til Fiskræktarsjóðs um 90 000 kr. og verður 315 000 kr.

247 **Yfirdýralæknir.** Fjárveiting hækkar um 1 457 500 kr. og verður 5 254 100 kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækkar samtals um 1 479 500 kr. í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar aftur á móti um 6 000 kr. og verður 530 000 kr. sem áformað er að verja þannig: Til að ljúka við byggingu dýralæknisbústaðar á Þórshöfn 70 000 kr., til að fullgera dýralæknisbústað á Barðaströnd, aðstöðu dýralæknis o. fl. 200 000 kr., til að ljúka endurbótum á dýralæknisbústaðnum á Breiðdalsvík 200 000 kr. Þá eru veittar 60 000 kr. til greiðslu stofnkostnaðar í sambandi við nýlagnir hitaveitu og gatnagerðargjalda. Fjárveiting til júgurbólgurannsókna og búfjársjúkdóma verður óbreytt eða 91 300 kr. Þá hækka sértekjur um 16 000 kr. og verða 56 000 kr.

270 **Landgræðslu- og landverndaráætlun.** Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar hækkar um 2 389 000 kr. og verður 12 316 000 kr. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra verkefna í fjárlögum 1981 og í frumvarpi fyrir 1982.

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	%
Landgræðsluáætlun, RALA	800 000	1 024 000	28,0
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	1 440 000	1 843 000	28,0
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	5 890 000	7 540 000	28,0
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	400 000	512 000	28,0
Landþurrkun	125 000	125 000	—
Fyrirhleðslur	1 272 000	1 272 000	—
Samtals	9 927 000	12 316 000	24,1

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til draga að landgræðsluáætlun sem samstarfsnefnd um landgræðsluáætlun árin 1981—1985 hefur sett fram.

286 **Landbúnaður, framlög.** Fjárveiting lækkar um 20 000 kr. þar sem stofnframlag til mjólkurbúa fellur niður en framlag þetta nam 20 000 kr. í fjárlögum 1981. Aðrir liðir eru óbreyttir.

287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlag til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem er lögbundið, verður 15 160 000 kr. og er það hækkun um 4 330 000 kr. eða 40%. Hefur þá verið tekið mið af meginforsendum frumvarpsins, að framlög til fjárfestingarlánasjóða hækki ekki meira en 40% frá fjárlögum 1981.

288 **Framlög samkvæmt jarðræktarlögum.** Fjárveiting verður 46 295 200 kr. og er það hækkun um 10 884 300 kr. eða 30,7%. Liðurinn jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur hækkar um 6 400 000 kr. og verður 29 100 000 kr., framræsla hækkar um 900 000 kr. og verður 4 000 000 kr. Nýjar búgreinar og hagræðing hækkar um 2 516 000 kr. eða 35% og verður 9 716 000 kr. Þá hækkar liðurinn rekstrargjöld um 1 068 300 kr. eða 44,3% og verður 3 479 200 kr.

290 **Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.** Útflutningsbætur vegna framleiðsluársins 1981/1982 eru áætlaðar nema samtals 160 000 000 kr. og hækka um 40 000 000 kr. eða 33,3% frá fjárlögum 1981. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af verðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.

299 **Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.** Framlag hækkar um 17 765 400 kr. og verður 20 175 100 kr. Liðurinn lántökukostnaður vegna laga nr. 9/1980 hækkar um 17 667 000 kr. og verður 19 707 000 kr. Þar af eru vextir 3 222 700 kr. og afborgun 16 484 300 kr. Auk þess greiðir Byggðasjóður 5 000 000 kr. afborgun af láninu samkvæmt ákvæðum áðurgreindra laga. Framlag til norræna búfræðifélagsins hækkar um 500 kr. og verður 2 000 kr. Liðurinn efnarannsóknastofa Norðurlands hækkar um 5 000 kr. og verður 20 000 kr., tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands hækkar um 36 300 kr. og verður 146 300 kr., Landvernd hækkar um 50 000 kr. og verður 200 000 kr. Þá hækkar liðurinn Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu um 6 600 kr. og verður 26 600 kr. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1981.

501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Við undirbúning á fjárlagatillögum fyrir Bændaskólann á Hvanneyri var ákveðið að taka upp viðfangsefnaskiptingu fyrir hvern þátt skólahaldsins um sig. Ákveðið var að hafa viðfangsefnin fjögur, þ.e. yfirstjórn, rekstur skóla, rannsóknir og tilraunastarfsemi og búrekstur. Samtals hækkar fjárveiting til skólans um 2 279 900 kr. og verður fjárveitingin 7 200 200 kr. Laun hækka um 1 556 900 kr. og verða 4 886 800 kr. og er hér eingöngu um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld verða 3 035 700 kr. og er það hækkun um 1 342 600 kr. eða 79,2%. Hækkun þessi umfram verðhækkanir skýrist af því að tekið hefur verið mið af niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 1980. Á móti þessari hækkun útgjalda hafa sértekjur verið hækkaðar um 1 245 600 kr. eða 80,2%.

Viðhald hækkar um 116 000 kr. og verður 466 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 510 000 kr. og verður 1 610 000 kr. Við yfirstjórn er gert ráð fyrir 4,25 stöðugildum, við rekstur skóla er gert ráð fyrir 13,0 stöðugildum kennara, 2.5 stöðugildum við rannsóknir og tilraunastarfsemi og 6,0 stöðugildum við búrekstur. Samtals eru því stöður við skólann 25.75 talsins. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 1 610 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður á yfirstjórn verður 125 000 kr., sem er vegna stofnlagnar hitaveitu 50 000 kr., lýsingar umhverfis skólans 25 000 kr. og þakklæðningar á bútæknisafn 50 000 kr. Við rekstur skóla verður stofnkostnaður samtals 1 200 000 kr., þar af eru 150 000 kr. veittar til frumathugunar á rannsóknahúsi, 430 000 kr. til skólastjórabústaðarins, 70 000 kr. til verkloka á gamla skólastjórabústaðnum, 400 000 kr. til gamla skólahússins

og 150 000 kr. til lagfæringar á lóð. Þá eru veittar 75 000 kr. sem gjaldfærður stofnkostnaður vegna tækjakaupa til rannsókna og tilraunastarfsemi. Gjaldfærður stofnkostnaður til búrekstrar verður 210 000 kr. og rennur til tækjakaupa.

502 **Bændaskólinn á Hólum.** Gert er ráð fyrir að skólahald hefjist að nýju haustið 1981 og eru fjárveitingar fyrir árið 1982 miðaðar við fulla kennslu það ár. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var einungis miðað við skólahald haustið 1981 svo að rekstrarfjárveitingar í þessu frumvarpi hækka verulega frá fjárlögum 1981. Laun verða 1 947 300 kr. og er það hækkun um 1 308 400 kr. frá fjárlögum 1981 en önnur rekstrargjöld verða 740 000 kr. Er það hækkun um 440 000 kr. eða 146,6% sem skýrist af aukinni starfsemi eins og áður hefur verið getið. Viðhald hækkar um 2 735 000 kr. og verður 2 990 000 kr. sem áætlað er að verja þannig að 2 500 000 kr. fara til að endurgreiða viðhaldskostnað sem stofnað var til á árinu 1981 og rann til endurbóta á skólahúsi staðarins. Þá eru 210 000 kr. til að einangra og klæða að utan kennarabústaði og að lokum eru veittar 280 000 kr. til endurbóta á stigahúsi í skólahúsinu. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 180 000 kr. og verður 1 930 000 kr. sem ætlað er að verja samkvæmt eftirfarandi yfirliti:

	kr.
Skipulag staðarins	100 000
Vatns- og skólplagnir	500 000
Viðbót við 1. áfanga hesthúss	380 000
Hlaða	950 000
Samtals	1 930 000

Sértekjur skólans hækka um 192 500 kr. og verða 542 500 kr. Er það hækkun um 55,0% frá fjárlögum ársins 1981.

503 **Garðyrkjuskóli ríkisins.** Fjárveiting hækkar um 819 400 kr. og verður 3 146 500 kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 2 192 600 kr. og er það hækkun um 680 000 kr. sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld verða 1 000 000 kr. og hækka um 550 500 kr. eða 122.4%. Hækkun þessi skýrist af því að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980 en jafnframt eru sértekjur hækkaðar á móti. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar samtals um 235 000 kr. eða sem svarar almennum verðlagsbreytingum. Sértekjur hækka um 646 100 kr. eða 190,0% og var þá höfð hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980 eins og áður hefur komið fram.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	2 741	3 871	1 130	41,2
Útvegsmál	78 683	112 855	34 172	43,4
Annað	3 597	4 695	1 098	30,5
Samtals	85 021	121 421	36 400	42,8
Þar af markaðir tekjustofnar	2 280	3 500	1 220	53,5

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem hækkar um 1 220 þús. kr. frá fjárlögum 1981. Útflutningsgjaldið

skiptist þannig milli viðtakenda: Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins fær 96 þús. kr. sem er hækkun um 21 þús. kr. frá fjárlögum 1981. Framleiðslueftirlit sjávarafurða fær 3 404 þús. kr. af gjaldinu og er það hækkun um 1 199 þús. kr. frá fjárlögum 1981. Verður nú fjallað nánar um helstu fjárlagaliði til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til reksturs aðalskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins verður 3 871 000 kr. og er það hækkun um 1 130 500 kr. frá fjárlögum ársins 1981. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 804 400 kr., þar af eru 115 400 kr. vegna einnar nýrrar stöðu háskólamenntaðs fulltrúa, að öðru leyti er eingöngu um að ræða hækkanir vegna almennrar launaþróunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 319 500 kr., sem er um 35 500 kr. umfram almenna verðlagsþróun og skýrist þessi hækkun af því að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 6 600 kr. og verða 46 600 kr. sem er vegna endurnýjunar og viðhalds skrifstofuáhalda.

201 **Fiskifélag Íslands.** Fjárveiting til Fiskifélags Íslands nemur alls 5 255 200 kr. og er það hækkun um 1 730 100 kr. frá fjárlögum 1981. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 134 800 kr. sem er örlítið umfram almenna launaþróun og skýrist af launaskriði. Önnur rekstrargjöld hækka um 428 300 kr. sem er samkvæmt almennri verðlagsþróun. Viðhald hækkar um 26 000 kr. og verður 50 000 kr. Gert er ráð fyrir að viðhaldsfé verði að mestu varið til viðgerðar á þaki húss Fiskifélagsins. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 232 000 kr. og verður 332 000 kr. Þar af koma 38 000 kr. í hlut yfirstjórnar, 94 000 kr. til tæknideildar vegna samvinnu við Nordforsk og 200 000 kr. renna til fiskræktunardeildar vegna athugana á laxeldi í sjó. Þá hækka sértekjur um 91 000 kr. og verða 321 000 kr.

202 **Hafrannsóknastofnun.** Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunar hækkar um 11 862 900 kr. og verður 39 009 700 kr. sem er hækkun um 43,6%. Laun hækka um 6 121 500 kr. og verða 22 360 000 kr. Önnur rekstrargjöld verða 12 725 400 kr. sem er hækkun um 4 247 700 kr. eða 50,1%. Hækkun rekstrargjalda umfram almennar verðlagshækkanir skýrist af hækkun á olíukostnaði hjá rannsóknarskipunum frá því sem fjárlög 1981 gerðu ráð fyrir. Viðhaldsliður Hafrannsóknastofnunar hækkar um 938 900 kr. og verður 2 707 100 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 884 800 kr. og verður 2 267 200 kr. Þá hækka sértekjur um 330 000 kr. og verða 1 050 000 kr. Tekin eru upp tvö ný viðfangsefni við stofnunina. Annað þeirra ber heitið Tímabundin verkefni, þar sem áætlað er fyrir launum sex lausráðinna rannsóknamanna, en við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981 samþykkti fjárveitinganefnd Alþingis þessar stöður. Nú hafa stöður þessar verið sameinaðar á sérstöku viðfangsefni og mun fjárveitinganefnd gera tillögu um til hvaða rannsókna þær verði nýttar árið 1982. Stöður þessar hafa árið 1981 verið nýttar til eftirfarandi rannsókna: Hvalrannsóknir, hrognkelsarannsóknir, magnmælingar, plöntusvifsrannsóknir, aldursákvarðanir á þorskfiskum, fiskileit og rannsóknartæki. Þá er tekið upp viðfangsefnið Útibú í Ólafsvík og er viðbótarkostnaður vegna stofnunar þess 217 400 kr. Gert er ráð fyrir að úthald rannsóknaskipa stofnunarinnar verði hið sama og árið 1981, þ.e. hvert skip verði gert út sem svarar í 9 mánuði árið 1982. Í fjárlögum fyrir árið 1981 voru fjárveitingar hvers rannsóknaskips ekki sýndar sérstaklega heldur hafðar saman á viðfangsefninu Rekstur hafrannsóknaskipa. Nú er aftur á móti rekstur hvers skips sýndur sem sérstakt viðfangsefni. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis verði gerð grein fyrir áætlun um rannsóknaleiðangra 1982.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Fjárveiting til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verður 7 290 500 kr. og er það hækkun um 2 811 300 kr. frá fjárlögum 1981. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 2 342 900 kr. og verða 5 988 100 kr. Gert er ráð fyrir fjölgun stöðugilda um 5,5 og er kostnaður vegna þess 823 400 kr. Stöður sem hér um ræðir eru þessar: Útgáfustjóri vegna samningar og útgáfu handbókar sjávarútvegsins, eftirlitsmaður við gerladeild, tveir rannsóknamenn við tæknideild og fjölgað er um hálfa stöðu við hvert útibúanna á Ísafirði, Neskaupstað og Akureyri. Önnur rekstrargjöld hækka um 752 900 kr. og verða 1 915 900 kr. Er það um 287 000 kr. umfram almennar verðlagshækkanir og skýrist meðal annars af þeirri fjölgun starfsliðs sem að framan er getið. Viðhald hækkar um 35 000 kr. og verður 132 000 kr. sem er hækkun um 36,0%. Þá hækkar liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður um 43 500 kr. og verður 487 500 kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 363 000 kr. og verða 1 233 000 kr. sem er hækkun um 41,7%.

215 **Framleiðslueftirlit sjávarafurða.** Framlag til Framleiðslueftirlits sjávarafurða verður 14 494 500 kr. sem er hækkun um 4 603 800 kr. frá fjárlögum 1981. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður hækkar um 3 498 400 kr. og verður 11 317 900 kr. Hækkun þessi er eingöngu vegna almennra launahækkana. Þá hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 1 236 400 kr. og verður 3 535 600 kr. Þetta er um 316 000 kr. umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins og á hækkunin rót sína að rekja til þess að höfð hefur verið hliðsjón af niðurstöðum ríkisreiknings árið 1980 vegna aksturskostnaðar við stofnunina. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 11 000 kr. og verða 141 000 kr. Sértekjur eru áætlaðar 500 000 kr. og er það 142 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981.

274 **Aflatryggingasjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs hækkar um 3 476 000 kr. og verður 12 170 000 kr. Um Aflatryggingasjóð gilda lög nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Við ákvörðun á mótframlagi ríkissjóðs var framlagið skert samkvæmt einni af meginforsendum frumvarpsins, þ.e. að framlög til sjóða hækki ekki meira en 40% frá fjárlögum 1981.

275 **Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs hækkar um 7 420 000 kr. og verður 25 960 000 kr. Er þá miðað við lög nr. 2/1980 um breytingu á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs hefur verið skert og er það í samræmi við meginstefnu frumvarpsins um framlög til fjárfestingarlánasjóða.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Fjárveiting hækkar um 904 800 kr. og verður 3 536 800 kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra viðfangsefna: Framlag til sjóvinnunámskeiða hækkar um 30 000 kr. og verður 130 000 kr., og framlag til skólabáta hækkar um 30 000 kr. og verður 150 000 kr. Kostnaður við veiðieftirlit hækkar um 614 800 kr. og verður 2 316 800 kr. Fjárveiting til vinnu- og rekstrarhagræðingar í fiskvinnslufyrirtækjum hækkar um 82 000 kr. og verður 332 000 kr. Framlag til mörkunar fiskveiðistefnu hækkar um 148 000 kr. og verður 598 000 kr. Þá er liðurinn eftirlit með hvalvinnslustöðvum óbreyttur frá fjárlögum ársins 1981.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	3 926	5 713	1 787	45,5
Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	203 985	284 883	80 898	39,7
Þjóðkirkjan	20 523	28 990	8 467	41,3
Samtals	228 434	319 586	91 152	39,9

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér verður á eftir gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting hækkar um 1 272 900 kr. og verður 3 957 900 kr. Laun hækka um 1 014 100 kr., þar af eru um 141 700 kr. vegna eftirlits með byggingum á prestssetrum og öðrum byggingum á vegum ráðuneytisins, en laun vegna þessa voru áður færð á fjárlagalið þjóðkirkju 06-301-0113. Hér er því um flutning á milli fjárlagaliða að ræða. Aðrar hækkanir launa, 872 400 kr., eru í samræmi við almennar launahækkanir. Framlag til einstaklinga og samtaka vegna lögfræðiaðstoðar Orators er flutt á lið 06-281 dómsmál, ýmis kostnaður, en framlagið var 32 000 kr. í fjárlögum 1981. Aðrar hækkanir sem nema alls 290 800 kr. eru í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

201 Hæstiréttur. Fjárveiting hækkar um 577 400 kr. og verður 1 771 400 kr. Laun hækka um 348 300 kr., þar af eru 150 200 kr. vegna nýrrar stöðu aðstoðarmanns dómara. Aðrar hækkanir, 229 100 kr., eru í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

203 Borgardómarinn í Reykjavík. Fjárveiting hækkar um 1 458 500 kr. og verður 4 720 600 kr. Laun hækka um 1 239 500 kr. eða um sem nemur almennum launahækkunum. Samþykkt hefur verið hálf staða ritara en sú ráðning hefur ekki í för með sér kostnaðarauka heldur tilfærslu milli launategunda. Önnur rekstrargjöld hækka um 184 000 kr. eða um sem nemur almennum verðlagshækkunum. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður verða samtals 70 000 kr. sem er 35 000 kr. hærri fjárveiting en var í fjárlögum 1981.

204 Borgarfógetinn í Reykjavík. Framlag hækkar um 1 703 800 kr. og verður 4 973 500 kr. Laun hækka um 1 320 800 kr. Þar af eru um 129 600 kr. vegna ráðningar eins löglærðs fulltrúa í skiptarétti sem ráðninganefnd hefur heimilað. Önnur rekstrargjöld hækka um 240 000 kr. Viðhald hækkar um 5 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 138 000 kr. og verður 178 000 kr. sem er til endurnýjunar símaskiptiborðs.

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Framlag hækkar um 18 464 400 kr. og verður 64 317 200 kr. Laun hækka alls um 16 677 900 kr., þar af eru um 134 200 kr. vegna stöðu eins kennara við lögregluskólann. Aðrar hækkanir launa, 16 543 700 kr., eru í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 268 700 kr. eða sem nemur almennum verðlagshækkunum. Viðhald verður 2 387 000 kr. og hækkar um 587 000 kr. frá fjárlögum 1981. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 415 500 kr. og verður 1 683 000 kr. sem skiptist í meginatriðum á eftirtalin verkefni: Kaup á bifreiðum og bifhjólum fyrir almenna löggæslu 1 250 000 kr., talstöðvar og tengdur búnaður 175 000 kr., kaup á bif-

reið vegna vegaeftirlits 130 000 kr. og 128 000 kr. eru til annarra þarfa hjá embættinu vegna húsnæðis og búnaðar. Sértekjur hækka um 1 484 700 kr. og verða 2 097 000 kr. og er þá höfð hliðsjón af rauntölum undanfarinna ára en sértekjur hafa verið verulega vanáætlaðar í fjárlögum.

207 **Lögreglustöð í Reykjavík, bygging.** Stofnkostnaðarframlag nemur 225 000 kr. en var 100 000 kr. í fjárlögum 1981. 75 000 kr. eru ætlaðar til að auðvelda fötluðum aðgang að húsinu og 150 000 kr. til innréttinga á æfingasal.

209 **Dómhús í Reykjavík.** Liðurinn fellur niður þar sem ekki er ætluð fjárveiting til byggingaframkvæmda á árinu 1982.

211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarhækkun framlaga er 27 788 200 kr. og verða þau 94 252 700 kr. Laun hækka alls um 23 377 000 kr. Breytingar á starfsmannahaldi eru þær að ráðninganefnd hefur heimilað hálfa stöðu skrifstofumanns á Sauðárkróki. Önnur rekstrargjöld hækka alls um 4 444 500 kr. og verða 15 060 000 kr. og er það í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald hækkar um 307 100 kr. og verður 1 585 600 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 3 794 500 kr. sem er 191 000 kr. hærra framlag en var í fjárlögum 1981. Helstu framkvæmdaframlög eru: 340 000 kr. vegna kaupa á húsnæði og búnaðar á Hólmavík, 200 000 kr. til hönnunar á sýsluskrifstofu í Búðardal, 150 000 kr. vegna bifreiðar- og skjalageymslu á Sauðárkróki, 200 000 kr. til hönnunar á lögreglustöð á Seyðisfirði, 1 600 000 kr. til byggingar sýsluskrifstofu á Eskifirði og 1 000 000 kr. til byggingar lögreglustöðvar á Hvolsvelli. Þá eru ýmsir smærri stofnkostnaðarliðir samtals 304 500 kr. Sértekjur hækka um 531 400 kr. og verða 1 495 500 kr.

241 **Hegningarhús.** Fjárveiting hækkar um 1 147 200 kr. og verður 2 997 300 kr. Laun hækka um 589 400 kr. eða sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 388 800 kr. sem er verulega umfram verðlagshækkanir. Tekið hefur verið tillit til mikillar aukningar í vistun afplánunarfanga í húsinu og vanáætlunar í fjárlögum undanfarinna ára. Viðhald verður 200 000 kr. en var 35 000 kr. í fjárlögum 1981. Fyrirhuguð er endurbygging á baki hússins. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 17 000 kr. en var 13 000 kr. í fjárlögum 1981.

242 **Vinnuhælið Litla-Hrauni.** Framlag hækkar um 2 710 900 kr. og verður 9 155 100 kr. Laun hækka um 2 208 200 kr. eða sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 242 700 kr. sem er um 470 000 kr. umfram almennar verðlagshækkanir en stækkun hælisins veldur því auk vanáætlunar í fjárlögum undanfarinna ára. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður er 110 000 kr. hærri en var árið 1981 og nemur alls 425 000 kr. Sértekjur eru 1 500 000 kr. sem er 850 000 kr. hærri tala en áætluð var í fjárlögum 1981.

247 **Eftirlitsstofnun með brotamönnum.** Fjárveiting hækkar um 171 500 kr. og verður 485 300 kr. sem er nokkuð umfram almennar verðlagshækkanir vegna aukningar á starfsemi.

251 **Landhelgisgæslan.** Heildarfjárveiting til Landhelgisgæslunnar verður 54 691 100 kr. og hækkar um 13 502 300 kr. frá fjárlögum 1981. Miðað er við rekstur fjögurra skipa, samtals í 36 mánuði, þ. e. Ægis, Óðins og Týs í 10 mánuði hvert skip og Þórs í 6 mánuði. Hjá fluggæslu er gert ráð fyrir rekstri þriggja flugvéla, þ. e. einni Fokker-27 (TF-SYN) og tveim þyrlum. Þyrlurnar eru TF-RÁN sem sinna skal gæslu- og björgunarstörfum og TF-GRÓ sem sinnir ýmsum smærri verkum frá varðskipum eða landi eftir aðstæðum.

Launaliður hækkar um 6 174 500 kr. og verður 25 610 000 kr. Fjölgað er um tvær stöður á viðfangsefninu yfirstjórn, þ. e. eina stöðu birgðavarðar og

eina stöðu iðnaðarmanns. Heimild fyrir stöðum þessum er fyrir hendi en fjárveiting féll niður í fjárlögum 1981. Laun vegna þessara tveggja staða skýra 150 500 kr. af launahækkuninni. Að öðru leyti er hækkun launa innan almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 195 000 kr. eða 37,1% og verða 19 165 600 kr. Viðhald hækkar um 1 227 100 kr. og verður 4 553 900 kr. Ekkert er áætlað í gjaldfærðan stofnkostnað en fjárveiting nam 132 500 kr. í fjárlögum 1981. Yfirfærslur til B-hluta, þ. e. í Landhelgissjóð, hækka um 1 065 200 kr. og verða 5 448 600 kr. Þá hækka sértekjur um 27 000 kr. og verða 87 000 kr.

253 **Almannavarnir.** Fjárveiting lækkar um 37 100 kr. og verður 1 234 400 kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 313 900 kr. eða sem nemur almennri launa- og verðlagsþróun. Viðhald hækkar um 7 000 kr. og verður 24 500 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 115 000 kr. sem er 367 000 kr. lægri fjárveiting en var í fjárlögum 1981, en þá var sérstök fjárveiting til færanlegrar stjórnstöðvar 200 000 kr. og til varnargarðs við Vík í Mýrdal 200 000 kr., auk 82 000 kr. til kaupa á ýmsum smærri búnaði sem nú áætlast 115 000 kr. Yfirfærsla til sveitarfélaga hækkar um 9 000 kr. og verður 38 000 kr.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Liðurinn hækkar alls um 264 200 kr. og verður 2 457 600 kr. Þar af eru 50 000 kr. sem framlag til Orators vegna lögfræðiaðstoðar laganema. Í fjárlögum 1981 var 32 000 kr. framlag til þessa færð á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Liðurinn útgáfa lagasafns hækkar um 42 000 kr. og verður 100 000 kr. Aðrar hækkanir, 172 200 kr., eru vegna almennra verðlagshækkana.

301 **Þjóðkirkjan.** Framlag til þjóðkirkjunnar hækkar alls um 8 116 800 kr. eða 42,1% frá fjárlögum 1981. Helstu breytingar á einstökum viðfangsefnum eru: Sumarbúðir hækka um 20 000 kr., biskupsbústaður um 15 500 kr., Hallgrímskirkja um 50 000 kr. og Hið íslenska bibliufélag um 100 000 kr. Nýtt viðfangsefni, bændakirkja að Skarði, Skarðsströnd, er tekið upp og er að fjárhæð 40 000 kr., Framlag til Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar hækkar um 114 100 kr. sem er nokkuð umfram almenna verðlagsþróun en stafar af því að laun voru vanáætluð í fjárlögum 1981. Framlag til Tónskóla þjóðkirkjunnar hækkar um 57 200 kr. Þar er nú í fyrsta skipti áætlað fyrir launum hálfrar stöðu söngkennara, 71 900 kr., sem færast á önnur dagvinnulaun. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 20 300 kr. og 10 000 kr. í stofnkostnað. Samtals eru framlög 102 200 kr. á þessu viðfangsefni. Önnur viðfangsefni hækka samtals um 7 720 000 kr. og eru þá ýmist óbreytt frá síðustu fjárlögum eða hækka einungis um almennar launa- og verðlagsbreytingar.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	2 182	3 292	1 110	50,9
Húsnæðismál	118 000	168 514	50 514	42,8
Önnur félagsmál	53 181	75 372	22 191	41,7
Samtals	173 363	247 178	73 815	42,6
Þar af markaðir tekjustofnar	84 286	124 646	40 360	47,9

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka frá fjárlögum 1981 sem hér segir: Markaður tekjustofn Byggingarsjóðs verkamanna hækkar um 36 314 þús. kr. og

verður 111 314 þús. kr. Markaðar tekjur Byggingarsjóðs verkamanna eru 1% af launaskatti. Skipulagsgjald sem rennur til Skipulagsstjóra hækkar um 1 046 þús. kr. og verður 4 332 þús. kr. Hluti af erfðafjárskatti sem fer til Erfðafjársjóðs hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 9 000 þús. kr. Hefur þá tekjustofn sjóðsins verið skertur frá gildandi lagaákvæðum í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Verður nú vikið nánar að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Útgjöld skrifstofunnar nema alls 3 292 200 kr. og er það hækkun um 1 110 600 kr. eða 50,9%. Um einstaka útgjaldaliði er eftirfarandi að segja: Laun hækka um 649 600 kr., þar af 128 000 kr. vegna endurskoðunar á veigamiklum lagabálkum um umhverfis- og sveitarstjórnarmál. Þá hækka laun vegna fastra starfsmanna um 129 600 kr. vegna fjölgunar um eina stöðu á skrifstofunni, en ráðningarnefnd ríkisins heimilaði á árinu 1981 stöðu fulltrúa vegna málefna öryrkja og þroskaheftra. Á móti hækkun fastra launa kemur fram nokkur lækkun annarra dagvinnulauna, enda var í fjárlögum 1981 veitt fjárhæð á launalið til sérstakra verkefna. Þá er áætlað fyrir stöðu lausráðins fulltrúa sem ráðningarnefnd heimilaði 1980 til eins árs og samþykkti nefndin framlengingu á ráðningu þessari til ótiltekins tíma. Önnur rekstrargjöld hækka um 450 000 kr. og nema 1 000 000 kr. Rekstrargjöld aukast nokkuð umfram almenna verðlagsbreytingu, annars vegar vegna aukinna umsvifa í ráðuneytinu og hins vegar vegna þess að rekstrargjöld hafa reynst vanmetin í fjárlögum 1980 og 1981. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 10 000 kr. og nemur alls 30 000 kr. Þá hækkar viðhald um 1 000 kr. og verður 5 000 kr.

271 **Húsnæðisstofnun ríkisins.** Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins hækkar um 14 200 000 kr. og nemur alls 57 200 000 kr. Auk ríkisframlagsins er gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað lánsfjár alls að fjárhæð 264 400 000 kr. Hjá lífeyrissjóðum er ráðgert að afla 187 000 000 kr. og hjá Atvinnuleysistryggingasjóði 52 400 000 kr. Þá er gert ráð fyrir að nettó-tekjur af skyldusparnaði verði 25 000 000 kr. Frá næstu áramótum verður skyldusparnaður innheimtur um póstgíróstofuna og er fyrrnefnd fjárhæð talin líkleg þar sem ávöxtunarkjör skyldusparnaðar eru nú ein þau bestu sem völ er á í landinu. Í frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir að nein sjóðshækkun eigi sér stað á árinu 1982, enda tryggi ríkissjóður að Byggingarsjóður ríkisins geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart lífeyrissjóðunum í ársbyrjun 1983 svo sem verið hefur. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins hafi alls til útlána 373 700 000 kr. Á undanförnum árum hefur Húsnæðisstofnunin lánað talsvert fé í framkvæmdalán til byggingaraðila. Í forsendum um fjármál sjóðsins er gert ráð fyrir því að framkvæmdalán færist yfir á viðskiptabankana, enda verður að teljast að þau séu eðlileg verkefni viðskiptabanka. Loks skal á það bent að Framkvæmdasjóður aldraðra mun í vaxandi mæli fjármagna byggingu hjúkrunar- og dvalarheimila aldraðra. Benda má á, að á þessu ári samþykkti stjórn Húsnæðisstofnunar 307 000 000 kr. útlánaáætlun, en félagsmálaráðherra staðfesti áætlun sem nam 300 000 000 kr. Húsnæðisstofnun var heimilað að afla lánsfjár hjá lífeyrissjóðunum að fjárhæð 7 000 000 kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981, ef þörf krefði. Hið sama verður heimilað á næsta ári, allt að 13 000 000 kr., ef brýn nauðsyn krefur að mati ríkisstjórnarinnar.

272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Með lögum nr. 51/1980 eru markaðar tekjur Byggingarsjóðs verkamanna ákveðnar 1% af launaskattsstofni. Tekjur samkvæmt þessu og þar með framlag ríkissjóðs nemur því 111 314 000 kr., og er það 36 314 000 kr. eða 48,4% hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Gert er ráð fyrir að framlag sveitarfélaga, sem er 10% af lánum til verkamannabústaða og leigu-

íbúða, nemi um 22 800 000 kr. Þá er miðað við að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar af eigin fé 24 200 000 kr. en lántökur til sjóðsins verði 110 000 000 kr. Heildarútlánageta sjóðsins verður því á árinu 1982 um 268 300 000 kr., til samanburðar við 100 000 000 kr. í áætlun þessa árs. Áætlun um útlán er byggð á eftirfarandi: Í fyrsta lagi, að veitt verði 80% lán til byggingar 100 leiguíbúða sveitarfélaga, samtals 52 000 000 kr. Í öðru lagi, að veitt verði 80% lán til 110 endursöluíbúða, samtals 40 000 000 kr. Í þriðja lagi hafa þegar verið samþykkt 207 lán til nýbygginga verkamannabústaða á árinu 1981, en 1. ágúst 1981 voru í undirbúningi á ýmsum byggingarstigum 472 íbúðir. Ekki er fullljóst hversu hratt þessum framkvæmdum miðar á árinu 1982 en hér er miðað við að veitt verði 300 full lán, eða samtals 176 300 000 kr.
Standist áætlun þessi um íbúðarbyggingar ekki mun ríkisstjórnin taka útlánaáætlun og fjármögnunarmál sjóðsins til endurskoðunar.

301 **Skipulagsstjóri.** Hækkun fjárveitingar nemur samtals 1 596 300 kr. og verða útgjöld stofnunarinnar 5 623 800 kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 1 216 300 kr. og verða 4 123 800 kr. Hækkun þessi er eingöngu vegna almennra verðbreytinga samkvæmt meginforsendum frumvarpsins. Fjárveiting til gjaldfærðs stofnkostnaðar fellur nú niður en stofnkostnaður var 20 000 kr. í fjárlögum 1981. Framlag til sveitarfélaga hækkar um 400 000 kr. og verður 1 500 000 kr. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er ríkissjóði skylt að greiða árlega til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Þar að auki rennur til stofnunarinnar skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.

302 **Ríkissáttasemjari.** Fjárveiting hækkar um 667 300 kr. og verður 1 699 400 kr. Laun hækka um 380 200 kr. og verða 1 205 400 kr. sem er eingöngu vegna launaþróunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 193 100 kr. og verða 400 000 kr. sem er hækkun um 93,3%. Skýring þessarar hækkunar er sú að nú er að koma í ljós hvert umfang á starfsemi stofnunarinnar er og hafa því önnur rekstrargjöld verið áætluð í samræmi við það. Viðhald verður 10 000 kr. en ekki var áætlað fyrir því í fjárlögum 1981. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 84 000 kr. sem er til kaupa á ljósritunarvél en ekki var áætlað fyrir gjaldfærðum stofnkostnaði 1981.

371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag til lánasjóðs sveitarfélaga verður 4 410 000 kr. sem er hækkun um 1 260 000 kr. eða 40%. Samkvæmt lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægri fjárhæð en sem nemur 2,5% af tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár. Framlag ríkissjóðs er miðað við þá meginforsendu frumvarpsins að framlög til fjárfestingarlánasjóða hækki að hámarki um 40% frá fjárlögum 1981.

399 **Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna verður 3 200 000 kr. sem er aukning um 1 500 000 kr. eða 88,2%, þannig að hér er um að ræða stórátak ríkissjóðs til að létta undir með sveitarfélögum í vatnsveituframkvæmdum.

953 **Jafnréttisráð.** Framlag til jafnréttisráðs hækkar um 169 000 kr. og verður fjárveiting samtals 371 300 kr. Laun hækka um 146 500 kr. og verða 295 100 kr. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu ritara og er viðbótarkostnaður vegna þess 82 900 kr., að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Aðrir rekstrarliðir hækka samtals um 22 500 kr., verða 76 200 kr. og er það eingöngu vegna almennra verðlagshækkana.

954 **Vinnueftirlit ríkisins.** Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 segir að sérstök stofnun undir stjórn félagsmálaráðherra skuli sjá um eftirlit á þessu sviði. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var ákveðið að grunnheimildir Vinnueftirlits ríkisins skyldu verða 18,0 talsins. Í þessu frum-

varpi er hins vegar gert ráð fyrir því að 2,0 stöðugildi eftirlitsmanna bætist við hjá stofnuninni og verði grunnheimildir þar með 20,0 talsins. Launaliður stofnunarinnar er því samtals að fjárhæð 3 521 700 kr. sem er hækkun um 1 242 200 kr. eða 54,4%. Önnur rekstrargjöld hækka um 600 000 kr. og verða 1 100 000 kr. Er hér um að ræða hækkun sem nemur 120% frá fjárlögum 1981. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 32 200 kr. og verða alls 122 700 kr. Sértekjur eru áætlaðar 4 744 400 kr., þ.e. sama fjárhæð og útgjöld stofnunarinnar, enda hefur Vinnueftirlitið tekjur eftir gjaldskrá um þjónustustörf stofnunarinnar samkvæmt reglugerð nr. 183/1981. Í fjárlagatillögum félagsmálaráðuneytisins var gert ráð fyrir meiri hækkun rekstrarliða en frumvarp þetta gerir ráð fyrir, en fjármál stofnunarinnar verða til nánari athugunar síðar með hliðsjón af ákvörðun um gjaldskrá fyrir hana á næsta ári.

971 Erfðafjársjóður. Framlag til erfðafjársjóðs nemur 9 000 000 kr. og er hér um að ræða hækkun að fjárhæð 3 000 000 kr. eða sem nemur 50% frá fjárlögum ársins 1981.

972 Bjargráðasjóður. Framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs Íslands verður 4 900 000 kr. sem er hækkun um 2 470 000 kr. eða 101,6% frá fjárlögum ársins 1981. Samkvæmt lögum nr. 57/1980 um breytingu á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð Íslands er kveðið á um framlagsskyldu ríkissjóðs til sjóðsins. Skal framlag ríkissjóðs nema 6,30 kr. fyrir hvern íbúa landsins og að auki fjárhæð sem svarar til 0,35% af söluvörum landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga til sjóðsins nemur jafnhárri fjárhæð. Þetta lögbundna framlag ríkissjóðs hefur verið skert þannig að það hækkar sem nemur 40% frá fjárlögum 1981 og verður framlagið 3 400 000 kr. Þessu til viðbótar er sérstakt framlag að fjárhæð 1 500 000 kr. samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar vegna greiðslubyrðar Bjargráðasjóðs af harðæristánum teknum árið 1980.

976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra. Fjárveiting til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra verður 26 730 000 kr. og er það hækkun um 6 630 000 kr. eða 33% frá fjárlögum ársins 1981. Er það í samræmi við meginforsendur frumvarpsins, þ. e. að framlög til fjárfestingarsjóða hækki um 40% að hámarki og 33% að lágmarki.

977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta. Liðurinn í heild hækkar um 1 480 000 eða 40,0%. Hækkun launa og annarra rekstrargjalda er í samræmi við launa- og verðlagshækkanir. Yfirfærslur hækka um 1 066 100 kr. eða 39,4%. Er gert ráð fyrir svipaðri starfsemi og 1981 að öðru leyti en því að tekinn er inn nýr liður, verndaðir vinnustaðir, og veittar til hans 350 000 kr. Fjárveiting til viðfangsefnisins sambýli skiptist milli tveggja verkefna, þ.e. sambýlis að Sigluvogi 5 í Reykjavík, 170 000 kr., og Auðarstrætis 15, 294 000 kr. Félagsmálaráðuneytið mun fara þess á leit við fjárveitinganefnd að þessi framlög verði tekin til athugunar.

981 Vinnumál. Þessi liður hækkar um 2 815 500 kr. og verður 8 209 200 kr. Hækkunin skýrist þannig: Framlag til Félagsdóms hækkar um 45 500 kr., framlag til stuðnings við samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi o.fl. hækkar um 375 000 kr., til byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna hækkar um 600 000 kr., til Alþýðusambands Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu hækkar um 210 000 kr., framlag til orlofsheimila BSRB hækkar um 180 000 kr., til Félagsmálaskóla alþýðu hækkar um 350 000 kr. og framlag til hagdeildar Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, BSRB og BHM hækkar um 300 000 kr. Næst er að nefna að framlag til Iðnnemasambands Íslands hækkar um 7 000 kr., framlag til Alþýðusambands Íslands vegna orlofsmála hækkar um 30 000 kr., ríkisábyrgð á

launum vegna gjaldþrota hækkar um 130 000 kr. og framlag til Alþýðusambands Íslands vegna Norræna verkalýðsskólans í Genf hækkar um 8 000 kr. Þá hækkar framlag til námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum um 100 000 kr., þátttaka í starfi ILO hækkar um 16 000 kr., framlag til Sjómannadagsráðs hækkar um 14 000 kr., til BSRB vegna fræðslumála um 60 000 kr. og fræðslumál BHM um 12 000 kr. Liðurinn fræðslumál annarra hækkar um 13 000 kr. og liðurinn sjómannasamtök, lögskráning hækkar um 35 000 kr. Þá eru tekin upp tvö ný viðfangsefni, vinnuverndarár og verður framlag til þess 250 000 kr. og upplýsingastarfsemi um kjaramál verður 80 000 kr.

999 **Ýmis framlög.** Framlög hækka um 470 000 kr. og verður fjárveiting 5 566 000 kr. Eftirtaldir liðir eru til skýringar á hækkun framlagsins: Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga hækka um 80 000 kr., meðlög skv. lögum nr. 87/1947 hækka um 790 000 kr. og framlag til Leigjendasamtakanna hækkar um 10 000 kr. Þá lækkar framlag vegna alþjóðaárs fatlaðra um 500 000 kr. Tekið er upp eitt nýtt viðfangsefni, þ.e. framlag til Félags heyrnarlausra og er fjárveiting til félagsins 90 000 kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	2 882	4 106	1 224	42,5
Tryggingamál	1 396 156	2 159 418	763 262	54,7
Heilbrigðismál	417 081	618 393	201 312	48,3
Annað	3 971	5 205	1 234	31,1
Samtals	1 820 090	2 787 122	967 032	53,1
Þar af markaðir tekjustofnar	135 350	223 870	88 520	65,4

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru iðgjöld atvinnurekenda til lífeyristrygginga sem hækka um 67 400 þús. kr. og verða 175 400 þús. kr., slysatryggingagjöld atvinnurekenda sem lækka um 590 þús. kr. og verða 8 000 þús. kr. Iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 7 970 þús. kr. og verður 26 200 þús. kr., hluti gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR hækkar um 40 þús. kr. og verður 150 þús. kr. Sérlyfjagjald verður óbreytt frá fjárlögum 1981 eða 150 þús. kr. Þá verður gjald af eyðublöðum heillaskeyta sömuleiðis óbreytt eða 20 þús. kr. Tekjur af samúðarskeytum Landssímans hækka um 200 þús. kr. og verða 450 þús. kr. Einn nýr markaður tekjustofn rennur til Framkvæmdasjóðs aldraðra og verða tekjur sjóðsins af gjaldinu 13 500 þús. kr. Verður nú vikið nánar að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Heildarframlag nemur 4 105 800 kr. og er það 1 223 500 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Laun nema 2 987 800 kr. og er það hækkun um 962 500 kr. eða 47,5% frá síðustu fjárlögum. Ef frá er talin 77 000 kr. hækkun vegna nýrrar stöðu ritara er hækkun launa í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 333 000 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Hvorki er nú áætlað fyrir viðhaldi né gjaldfærðum stofnkostnaði en þetta tvennt nam samtals 64 000 kr. í fjárlögum 1981, en á því ári flutti ráðuneytið í nýtt skrifstofuhúsnæði að Laugavegi 116. Að lokum eru sértekjur hækkaðar um 8 000 kr. frá fjárlögum 1981 og nema alls 28 000 kr.

271 **Tryggingastofnun ríkisins. Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður allra tryggingaþátta dregnar saman og hækkunin frá fjárlögum 1981 sýnd:**

Almannatryggingar 1981 og 1982
(Í þús. kr.)

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
Slysatryggingar	8 590	8 000	÷ 590	÷ 6,9
Lífeyristryggingar	682 530	1 061 000	378 470	55,4
Sjúkratryggingar	641 000	1 002 000	361 000	56,3
Samtals	1 332 120	2 071 000	738 880	55,5

Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingaiðgjaldi samkvæmt reglugerð nr. 201/1981 er áætluð 8 000 þús. kr. og lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda er áætlað 175 400 þús. kr., en það er lagt á samkvæmt lögum nr. 103/1980 og er 2% af launaskattsstofni fyrra árs. Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 738 880 þús. kr. eða 55,5%. Verðlagshækkun allra liða almannatrygginga er frá áætluðu meðalverðlagi eins og það var talið í fjárlögum ársins 1981 til áætlaðs meðalverðlags ársins 1982 í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Meginástæða þess að framlag til slysatrygginga lækkar, sbr. yfirlitið hér að ofan, er að iðgjöld til slysatrygginga nema nú 0,1% af launaskattsstofni ársins 1981 í stað 0,352% eins og áður var. Gert er ráð fyrir að slysatryggingaútgjöld umfram innheimtu markaðra tekna greiðist úr varasjóði slysatrygginga.
Heildarhækkun útgjalda til lífeyristrygginga er 378 470 þús. kr. eða 55,4% frá fjárlögum ársins 1981. Útgjöld til lífeyristrygginga samkvæmt fjárlögum 1981 og frumvarpi 1982 eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1981 og 1982
(Í þús. kr.)

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun
1. Elli- og örorkulífeyrir	320 500	456 200	135 700
2. Tekjutrygging	175 700	295 000	119 300
3. Uppbót á lífeyri, vasapeningar o. fl.	38 500	70 400	31 900
4. Heimilisuppbót	15 500	26 800	11 300
5. Örorkustyrkur	25 500	38 000	12 500
6. Barnalífeyrir	20 000	29 700	9 700
7. Ekkju-, ekkla- og makabætur	19 500	27 900	8 400
8. Mæðra- og feðralaun	17 300	27 100	9 800
9. Fæðingarorlof	36 000	65 220	29 220
Bætur alls	668 500	1 036 320	367 820
10. Kostnaður	7 630	13 800	6 170
11. Til varasjóðs	6 400	10 880	4 480
Gjöld alls	682 530	1 061 000	378 470

Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga stafa einkum af tvennu. Annars vegar er almennt gert ráð fyrir um 2% magnaukningu útgjalda vegna fjölgunar bótaþega. Hins vegar skýra almennar bótahækkanir á árinu 1980 og 1981 hina miklu hækkun þessa útgjaldaliðar í frumvarpinu. Í nóvember 1980 hækkuðu almennar bætur lífeyristrygginga um 8,5% og tekjutrygging um 10,0%. Ekki var áætlað fyrir þeirri útgjaldaaukningu sem af þessu stafar í fjárlögum 1981. Bótahækkanir sem orðið hafa á árinu 1981 eru 6,0% 1. mars (14,6% á tekjutryggingu), 8,1% 1. júní og 8,9% 1. september. Þá er áætluð 9,0% hækkun bóta 1. des. n. k. Á árinu 1982 er gengið út frá að vegin meðalhækkun verði 12,75% í hátt við launa- og verðlagsforsendu frumvarpsins. Þess ber að geta að hækkun einstakra bótaflokka er misjafnlega mikil. Þessu veldur að útgjaldaáætlunin fyrir árið 1982 er byggð á greiðslutölum fyrstu mánuði ársins 1981 og reikningsniðurstöðum 1980. Útgjöld vegna fæðingarorlofs skera sig nokkuð úr um hækkun eða um 81,2%, enda kemur sá bótaflokkur fyrst til útgreiðslu undir lífeyristryggingum á árinu 1981. Á sama hátt og gert var í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1980 og 1981 er einungis reiknað 1% varasjóðstillag og er þá sem fyrr miðað við að reglur um uppgjör sveitarfélaga á barnsmeðlögum verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1982 nema alls 1 002 000 þús. kr. Hækkun einstakra liða frá fjárlögum 1981 er eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1981 og 1982
(Í þús. kr.)

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun
1. Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum	446 000	692 300	246 300
2. Vistgjöld á stofnunum þroskaheftra	24 000	34 300	10 300
3. Læknishjálp	53 000	61 400	8 400
4. Lyf	82 000	158 900	76 900
5. Dagpeningar	22 500	40 000	17 500
6. Tannlækningar	29 000	45 300	16 300
7. Ýmis kostnaður	50 000	75 300	25 300
8. Rekstrarkostnaður	10 850	12 000	1 150
9. Til varasjóðs	3 750	—	+ 3 750
Samtals	721 100	1 119 500	398 400
Hlutur ríkissjóðs	641 000	1 002 000	361 000
Hlutur ríkissjóðs í %	88,9	89,5	

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs um 89,5% en hlutur sveitarfélaga um 10,5%. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi vegna aukins vægis sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar í heildarútgjöldum sjúkratrygginga. Hækkun á framlagi ríkissjóðs frá fjárlögum 1981 er 361 000 þús. kr. eða 56,3%. Við mat á hækkun framlags til sjúkratrygginga ber að hafa í huga að almennt er miðað við 2% magnaukningu útgjalda. Um hækkanir einstakra liða sjúkratrygginga er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum eru alls áætluð 692 300 þús. kr. og er það hækkun um 246 300 þús kr. eða 55,2%. Margvíslegar hækkanir hafa orðið á töxtum rekstrardaggjalda. Taxtar hækkuðu 1. des. 1980 um 10,9%, en í fjárlögum fyrir árið 1981 hafði sú hækkun verið áætluð 10%. Auk þess hafa eftirfarandi hækkanir orðið á árinu 1981:

1. janúar 3,2%, 1. mars 6,8%, 1. júní 9,3%, 1. júlí 3,9% vegna kjarasamnings við lækna og 1. september 8%. Þá er gert ráð fyrir að daggjöld hækki um 9% 1. desember n. k. og að vegin hækkun 1982 verði 12,75%. Áætlunin felur í sér að grunnrekstrargjöld sjúkrahúsanna án viðhalds nemi 652 300 þús. kr. en auk þess eru 40 000 þús. kr. ætlaðar til þess að mæta rekstrarbreytingum 1982 og til að mæta hugsanlegum halla á rekstri sjúkrahúsanna á árinu 1981. Á hliðstæðan hátt og í fjárlögum 1981 er ekki áætlað fyrir viðhaldi sjúkrahúsa í daggjöldum. Þess í stað er gert ráð fyrir 11 520 þús. kr. á fjárlagalið 08-381 til þess að standa undir þátttöku ríkissjóðs í viðhaldi sjúkrahúsa í samræmi við ákvæði laga nr. 57/1978. Í ársbyrjun 1981 ákvað daggjaldanefnd að reikna sjúkrahúsum sérstakt daggjald vegna viðhalds. Á árinu 1981 greiðir ríkissjóður 85% þess gjalds en frá næstu áramótum er stefnt að því að þátttaka ríkissjóðs verði 50% í samræmi við lagaákvæði. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að erfitt er að áætla og meta rekstrarbreytingar á sjúkrahúsum sem rekin eru með daggjöldum. Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra hefur að undanförnu farið fram athugun á rekstri og sér í lagi starfsmannahaldi nokkurra sjúkrahúsa. Margt bendir til þess að heilbrigðisyfirvöld þurfi að hafa styrkari stjórn á rekstri sjúkrahúsa en nú er. Nokkuð hefur skort á að samræmis sé gætt á milli ákvarðana um rekstrarumsvif og fjármögnunar. Í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri standa fyrir dyrum verulegar rekstrarbreytingar, stofnun nýrra deilda og flutningur á vissum þáttum í starfsemi sjúkrahússins í nýtt húsnæði. Með tilliti til þessa er nú unnið að því að fjárveitingum til reksturs sjúkrahússins verði hagað á sama hátt og til ríkisspítala. Stefnt er að því að þessi breyting komi til framkvæmda um n. k. áramót. Með lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta eru sett ákvæði um vistgjöld á stofnunum þroskaheftra. Vistgjöld þessi eru færð sem sérliðir en þau hækka um 10 300 þús. kr. eða 42,9%. Sérstök nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins fjallar um þessi vistgjöld. Útgjöld til læknishjálpar aukast um 8 400 þús. kr., vegna lyfja um 76 900 þús. kr., til tannlækninga um 16 300 þús. kr. og vegna dagpeninga um 17 500 þús. kr. Hækkun þessara liða er á bilinu 16—94%. Hin verulega hækkun lyfjakostnaðar frá fjárlögum 1981 er byggð á reynslutölu áranna 1980 og 1981. Þess ber að geta að miðað er við að þátttaka sjúklinga í læknishjálp og lyfjakostnaði haldist hlutfallslega svipuð og hún hefur verið. Um aðra liði sjúkratrygginga er ekki að fjölyrða en þeir hækka yfirleitt í samræmi við hækkun verðlags og áætlaða magnaukningu.

273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins nemur 78 600 000 kr. og hækkar um 23 910 000 kr. frá síðustu fjárlögum. Framlag atvinnurekenda til sjóðsins er 26 200 000 kr. og færist það jafnframt á tekjuhlið frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs er tvöfalt framlag atvinnurekenda og hækkar það um 15 940 000 kr. frá fjárlögum 1981 og nemur alls 52 400 000 kr.

274 **Eftirlaunasjóður aldraðra.** Framlagið hækkar um 472 000 kr. og nemur samtals 9 818 000 kr. Áætlun ársins 1981 hefur nú verið endurskoðuð og tillit tekið til þess að umsóknir um eftirlaun skv. II. kafla laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra hafa reynst færri en ráð var fyrir gert við setningu laganna. Hækkun framlagsins er því innan almennra launahækkana en útgjöld sjóðsins verðbætast á sama hátt og launagreiðslur.

310 **Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.** Heildarframlag nemur 2 566 000 kr. og er ætlað fyrir nýjum stöðum á ríkisspítölum og heilsugæslustöðvum á árinu 1982. Fjárveitinganefnd mun fjalla um ráðstöfun framlagsins eins og undanfarin ár.

321 **Geislavarnir ríkisins.** Heildarframlag nemur 222 600 kr. og skiptist þannig: Laun nema 262 800 kr., önnur rekstrargjöld nema 92 500 kr., til tækjakaupa eru ætlaðar 40 000 kr. og sértekjur eru áætlaðar 172 700 kr. Samkvæmt lögum nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem öðlast gildi 1. ágúst 1982, starfrækir ríkið stofnun sem nefnist Hollustuvernd ríkisins. Stofnun þessi kemur í stað ýmissa stofnana er að hollustueftirliti starfa og eru Geislavarnir ríkisins þar á meðal. Má því búast við að þetta sé í síðasta sinn sem áætlað er fyrir Geislavörnum ríkisins á sérstökum fjárlagalið. Í fjárlögum 1981 var framlag til Geislavarna ríkisins fært undir fjárlagaliðinn 08-371, Landspítalinn.

323 **Tryggingaeftirlitið.** Útgjöld nema alls 1 106 300 kr. sem er hækkun um 346 800 kr. frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 265 900 kr., þar af um 115 000 kr. vegna nýrrar stöðu tölfræðings, en að öðru leyti í samræmi við almennar launahækkanir. Hækkun annarra rekstrargjalda, viðhalds og stofnkostnaðar er alls 80 900 kr., og er það í samræmi við verðlagsbreytingar og þarfnast ekki umfjöllunar. Sértekjur eru áætlaðar 1 106 300 kr. eða jafnar útgjöldum.

302, 311, 312, 371—377 **Ríkisspítalar.** Heildarfjárveiting nemur kr. 463 201,1 þús. kr. sem er hækkun um 156 179,2 þús. kr. frá fjárlögum 1981 eða um 50,9%. Launaliður nemur samtals 329 137,1 þús. kr. og skiptist á hinar ýmsu stofnanir samkvæmt eftirfarandi yfirliti. Einnig sést launakostnaður samkvæmt fjárlögum 1981 og hlutfallsleg hækkun frá þeim.

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun	
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	%
Landspítali	109 611,3	173 770,4	64 159,1	58,5
Kvennadeild Landspítalans	15 259,9	28 088,0	12 828,1	84,0
Vífilsstaðaspítali	12 202,0	18 833,8	6 631,8	54,3
Kleppsspítali	35 278,2	50 919,7	15 641,5	44,3
Kópavogshæli	16 488,7	24 906,8	8 418,1	51,0
Gunnarsholt	1 172,5	1 754,0	581,5	49,6
Rannsóknastofa háskólans	8 200,8	12 835,9	4 635,1	56,5
Blóðbankinn	2 544,7	3 840,1	1 295,4	50,9
Skrifstofa ríkisspítala	4 066,9	6 722,7	2 655,8	65,3
Kristneshæli	5 086,6	7 465,7	2 379,1	46,7
Samtals	209 911,6	329 137,1	119 225,5	56,8

Launaliðurinn hækkar samtals um 119 225,5 þús. kr., eða 56,8%, sem er um 25 600 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Helstu skýringar eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er hækkun vegna kjarasamninga við lækna í júní 1981 samtals um 10 200 þús. kr. Í öðru lagi var áætlað fyrir 40 stöðum á geðdeild Landspítalans hluta ársins 1981 en nú er áætlað fyrir þeim allt árið. Þetta er kostnaðarauki um 3 200 þús. kr. Í þriðja lagi er nú í fyrsta sinn greitt lífeyrissjóðsframlag af álagsvinnu og hefur það um 1 900 þús. kr. kostnaðarauka í för með sér. Í fjórða lagi hefur það hlutfall sem áætlað er fyrir ofan á föst laun vegna veikinda- og afleysingastarfa ýmiss konar verið hækkað úr 17% í 18%. Þetta er gert vegna ýmissa óbeinna áhrifa í kjarasamningum á sl. ári og leiðir til um 1 800 þús. kr. kostnaðarauka. Í fimmta lagi koma til nýjar stöður sem sýndar eru í yfirliti hér á eftir. Samtals eru þetta 41 staða og er kostnaðarauki samfara því um 7 400 þús. kr. Í samanburði við fjárlög 1981 er ekki tekið tillit til þess

að síðla árs 1981 var tilfærð nokkur fjárhæð af liðnum 08-310 vegna 39 stöðugilda sem fjárveitinganefnd heimilaði. Aðrar umframhækkanir skýrast með flokkatilfærslum.

Heildarstöðufjöldi — aukning

	Fjárlög 1981	Tilfærslur	Af fjárl.lið 08-310	Viðbætur skv. frumv. 1982	Stöður alls
Landspítalinn	898,8	+13,25	5,0		917,05
Kvennadeild Landspítalans	114,5	÷ 3,5	28,0		139,0
Vífilsstaðaspítali	116,9	+ 1,25			118,15
Kleppsspítali	297,7	÷11,0			286,7
Kópavogshæli	178,2		2,0		180,2
Vistheimilið Gunnarsholti .	12,0				12,0
Rannsóknastofa háskólans	62,7				62,7
Blóðbankinn	21,7				21,7
Skrifstofa ríkisspítalanna .	41,5		1,0	2,0	44,5
Kristneshæli	44,9		3,0		47,9
Samtals	1 788,9	0	39,0	2,0	1 829,9

Í fjárlögum 1981 var almennt miðað við að yfirvinna næmi 21,5% af föstum launum grunnheimilda. Álagsgreiðslur voru miðaðar við 17,5% af sama stofni og 17% áætluð vegna veikinda og ýmiss konar afleysinga. Í frumvarpinu fyrir árið 1982 er miðað við sömu hlutfallstölur fyrir yfirvinnu og álagsgreiðslur en hlutfall vegna veikinda og afleysinga er hækkað í 18% eins og áður hefur komið fram. Frumvarpið felur því í sér 57% álag á föst laun grunnheimilda að jafnaði. Önnur rekstrargjöld hækka um 37 102,7 þús. kr. frá fjárlögum 1981. Þetta er 43,4% hækkun og er umfram áætlaða verðlagsbreytingu vegna aukinnar starfsemi. Sértekjur hækka samtals um 10 200,0 þús. kr. frá fjárlögum 1981 eða 43,7%. Áætlun um rekstrargjöld og sértekjur er byggð á rauntölum fyrstu fimm mánuði ársins 1981 og útkomu ársins 1980. Hvort tveggja er á áætluðu verðlagi ársins 1982 og er hækkunin milli ára sýnd í eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Rekstrargjöld	85 571,3	122 674,0	37 102,7	43,4
÷ Sértekjur	23 343,0	33 543,0	10 200,0	43,7
Mismunur	62 228,3	89 131,0	26 902,7	43,2

Í fjárlögum 1981 nam fjárveiting til viðhalds ríkisspítala 9 462,0 þús. kr. Fjárveiting fyrir árið 1982 er alls 12 800,0 þús. kr. eða 3 338,0 þús. kr. hærri fjárhæð en 1981. Fjárveiting til stofnkostnaðar, þ. e. framkvæmda og tækjakaupa, nam í fjárlögum 1981 alls 25 420,0 þús. kr. Heildarfjárveiting á árinu 1982 er 32 133,0 þús. kr. og er það hækkun á framlagi um 6 713,0 þús. kr. eða 26,4%, en þá er þess að geta að inni í tölunni fyrir 1981 voru 7 000 þús. kr. vegna kaupa á sneiðmyndatæki. Sé kostnaður vegna sneiðmyndatækis tekinn út úr bæði árin er hækkun til framkvæmda og tækjakaupa 52,7%.

Framlag til stofnkostnaðar skiptist þannig í þús. kr.:

A.	Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð	
	1. Geðdeild	7 591,0
	2. Símstöð	67,0
	3. Sumargjöf, barnaheimili	665,0
	4. K-bygging	1 000,0
	5. Sjúkramóttaka	2 910,0
	6. Tækjakaup	2 700,0
	7. Stjórn og eftirlit	500,0
		15 433,0
B.	Sérstök tækjakaup	
	1. Krabbameinstæki	3 200,0
	2. Sneiðmyndatæki	4 000,0
		7 200,0
C.	Stjórnarnefnd ríkisspítala	
	Til nýframkvæmda og tækjakaupa	9 500,0
	Samtals	32 133,0

Fjárveitingu til viðhalds og stofnkostnaðar á vegum stjórnarnefndar ríkisspítalanna hefur ekki verið skipt. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd muni fjalla um skiptingu fjárveitingarinnar milli stofnana og á einstök verkefni í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

324 **Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.** Heildarframlag nemur 4 354 800 kr. sem er 1 597 100 kr. hærra en framlag í fjárlögum 1981. Laun hækka í samræmi við almennar launahækkanir eða um 563 800 kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 120 000 kr., eða 72,2%, og er það umfram almennar verðlagsbreytingar. Samkvæmt lögum nr. 35/1980 ber stofnuninni að útvega ýmis hjálpartæki fyrir heyrnarskerta og málhalta. Stefnt hefur verið að því að stofnunin hafi jafnan nauðsynleg tæki til ráðstöfunar. Þetta skýrir hækkun annarra rekstrargjalda umfram verðlagshækkanir auk þess sem eftirspurn eftir ýmsum hjálpartækjum hefur verið mun meiri en áætlað var. Viðhald hækkar um 5 200 kr. og stofnkostnaður um 87 500 kr. Nemur fjárveitingin samtals 337 500 kr. og rennur til viðhalds og endurnýjunar tækjakosts stofnunarinnar. Sértekjur hækka um 179 400 kr. og nema alls 459 400 kr. Vegur þar þyngst þáttur einstaklinga í kostnaði við kaup á heyrnartækjum o. fl.

381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Framlög til þessa liðar hækka um 6 631 200 kr. og nema samtals 72 751 200 kr. Hækkunin skýrist þannig: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 3 000 000 kr. og verður 53 000 000 kr. Fjárveitinganefnd mun gera tillögu um skiptingu þessa fjár svo sem venja er til. Framlag til röntgentækja hækkar um 112 000 kr., viðhald sjúkrahúsa um 2 520 000 kr. og framlög til heilsuverndarstöðva um 999 200 kr. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1981. Við samanburð milli ára verður að taka tillit til þeirra verkefna sem nú færast á framkvæmdasjóð aldraðra en áður hafa verið kostuð á þessum fjárlagalið.

385 **Framkvæmdasjóður aldraðra.** Með lögum nr. 49/1981 er stofnaður framkvæmdasjóður aldraðra og skal sjóður þessi stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Tekjustofn sjóðsins á árinu 1981 er 9 500 000 kr. en

gert er ráð fyrir að um 8 000 000 kr. innheimtist á árinu. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að markaðar tekjur sjóðsins á árinu 1982 verði 13 500 000 kr. og að ríkissjóður leggi jafnframt fram 11 000 000 kr. Samtals mun því sjóðurinn hafa til ráðstöfunar 24 500 000 kr. sem er u. þ. b. þrefalt hærri upphæð en varið er til samsvarandi verkefna á árinu 1981. Segja má því að sérstakt átak sé gert í þessum efnum á árinu 1982, þ. e. á alþjóðaári aldraðra. Auk þessa er í frumvarpinu, undir fjárlagalið 08-399-0158, gert ráð fyrir að 70 000 kr. verði varið til þess að vinna að ýmsum verkefnum á ári aldraðra hér á landi.

391 **Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.** Heildarframlag er 32 518 500 kr. og nemur hækkun frá fjárlögum 11 089 800 kr. Laun hækka um 10 328 800 kr. eða 53,6%, og er það umfram almennar launahækkanir. Skýringin er sú að nú er áætlað fyrir fjórum fleiri læknisstöðum og sex fleiri stöðum hjúkrunarfræðinga en í fjárlögum fyrir árið 1981. Frumvarp þetta miðast því við eftirtaldar stöður: 80 læknastöður, 65 stöður hjúkrunarfræðinga, 12,5 stöður ljósmæðra og eina stöðu tannlæknis. Að frátalinni stöðufjölgun hækka laun í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 229 000 kr. sem er í samræmi við verðlagsbreytingar. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar samtals um 532 000 kr.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Fjárveiting til þessa liðar verður 11 292 900 kr. eða sem nemur 2 361 700 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Nokkrar breytingar hafa átt sér stað frá fjárlögum 1981 og ber þar fyrst að nefna hækkanir á framlögum til einstakra liða: Norræn samvinna í lyfjasölumálum 10 200 kr., Evrópska lyfjaskráin 12 200 kr., kostnaður samkvæmt farsótta- og sóttvarnalögum 235 600 kr., matvælarannsóknir 20 000 kr., Manneldisráð 38 600 kr., kynsjúkdómavarnir 25 300 kr., kostnaður vegna laga nr. 25/1975 66 900 kr., Minningarsjóður Landspítalans 196 000 kr., rhesusvarnir 55 600 kr., blóðrannsóknir ungbarna 71 800 kr., kostnaður vegna reglugerðar um iðjumengun 22 400 kr., ljósmæðralaun 491 400 kr., skólar heilbrigðisstétta 501 100 kr., lyfsölusjóður 40 000 kr., útbreiðsla atvinnusjúkdóma 23 100 kr., rannsóknir á heilsufarsáhrifum ákvæðislaunakerfa 16 500 kr., lyfjaverðlagsnefnd 55 300 kr., lyfjanefnd 173 500 kr., eiturefnanefnd 43 900 kr. og daggjaldanefnd 37 300 kr. Auk þess koma þrír nýir liðir nú til útgjalda en þeir eru: MS-félag Íslands 20 000 kr., erfðafræðinefnd H. Í. 180 000 kr. og alþjóðaár aldraðra 70 000 kr. Að lokum falla niður frá fjárlögum starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 45 000 kr. en aðrir liðir eru óbreyttir.

471 **Gæsluvistarsjóður, framlag.** Fjárveiting til sjóðsins verður 2 392 000 kr. og er það 560 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981, en hún kemur öll til hækkunar á viðfangsefninu, gæsluvistarsjóður. Aðrir liðir eru óbreyttir.

501 **Ljósmæðraskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans verður 894 900 kr. eða sem nemur 121 000 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Launaliðurinn sýnir 101 000 kr. hækkun eða aðeins 13,9% en það stafar af því að mjög stór hluti (80%) af launakostnaðinum hefur verið nemalaun, en á árinu 1982 er ekki gert ráð fyrir inntöku nýrra nema. Aðrir útgjaldaliðir hækka í samræmi við verðlagsbreytingar, eða um 18 000 kr. en sértekjur lækka um 2 000 kr.

502 **Þroskaþjálfaskóli Íslands.** Framlag til Þroskaþjálfaskóla Íslands hækkar um 402 900 kr. frá fjárlögum 1981 og verður 1 110 700 kr. Laun hækka um 327 700 kr. eða 57,8% og stafar það að hluta af því að tekin hefur verið inn 70% staða

fulltrúa en að öðru leyti vegna launabreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 94 200 kr. eða 120,1%, en það er u. þ. b. 62 900 kr. umfram almennar verðlagsbreytingar og er þá tekið tillit til niðurstöðu ríkisreiknings 1980. Viðhald lækkar um 19 000 kr., en gjaldfærður stofnkostnaður er óbreyttur og nemur alls 23 000 kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	10 392	15 563	5 171	49,8
Tolla- og skattheimta	48 745	68 817	20 072	41,2
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirl.	69 280	104 797	35 517	51,3
Annað	456 320	510 372	44 052	11,8
Samtals	584 737	699 549	114 812	19,6
Þar af markaðir tekjustofnar	6 000	9 500	3 500	58,3

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka fjármálaráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til reksturs skrifstofu hins almenna ráðuneytis verður 8 163 100 kr. og hækkar um 2 679 700 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 2 069 100 kr., þar af eru 120 000 kr. vegna ráðningar lögfræðings í launadeild ráðuneytisins, 129 200 þús. kr. vegna stöðu fulltrúa á aðalskrifstofu, en staða þessi var heimiluð af Ráðningarnefnd á árinu 1981. Niður falla laun aðstoðarmanns ráðherra en fyrir þeim er nú áætlað á liðnum 00-301, Ríkisstjórn. Að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 640 600 kr., og verða 2 030 600 kr., sem er í samræmi við forsendur frumvarpsins. Viðhald sem var 30 000 kr. í fjárlögum 1981 fellur nú niður.

105 **Ríkisbókhald.** Framlag hækkar um 2 037 800 kr. og verður 5 847 900 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 442 200 kr., sem er u. þ. b. 305 000 kr. umfram almennar launabreytingar, og er skýring þessarar hækkunar sú að gert er ráð fyrir fjárveitingu til tveggja nýrra deildarstjórastaða. Hækkun annarra rekstrarliða er samtals að fjárhæð 595 600 kr., og er hækkunin í samræmi við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins.

202—211 **Skattstofur.** Hækkun fjárveitinga til reksturs skattstofanna nemur samtals 8 657 300 kr. og verður fjárveiting 28 094 300 kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 7 712 200 kr., þar af eru 52 600 kr. vegna fjölgunar um 0,5 stöðugildi ritara á Skattstofu Norðurlands vestra, Siglufirði. Að öðru leyti skýrist hækkunin af almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 869 200 kr., og verða 3 000 600 kr., sem er í samræmi við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Viðhald hækkar um 59 000 kr. og verður 253 500 kr. Þar af eru 121 500 kr. til viðhalds á skattstofunni á Ísafirði, en áformað er að 90 000 kr. verði varið til viðhalds á húseigninni Skólagata 10, Ísafirði og 31 500 kr. í viðhald á embættisbústað skattstjórans þar á staðnum. Að öðru leyti er hækkun viðhaldsliðar í samræmi við almennar verðlagsbreyt-

ingar. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 101 500 kr. og verður 267 400 kr., þar af eru 60 000 kr. áætlaðar til skattstofu Austurlands vegna kaupa á skrifstofuhúsgögnum. Þá hækka sértekjur um 84 600 kr. og verða 253 300 kr.

Sumarið 1981 var í samvinnu fjármálaráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar unnið að athugun á mannaflaþörf hverrar skattstofu fyrir sig. Gengið var út frá eftirfarandi: a) Ekki yrði um að ræða fjölgun stöðugilda í skattkerfinu frá því sem nú er og var þá m. a. höfð í huga aukin tölvuvæðing. b) Stöðugildum yrði skipt niður á hverja skattstofu m.t.t. fjölda framteljenda í hverju skattumdæmi. c) Hverju framtali var gefið ákveðið vægi eftir því hvers eðlis framtalið var, t. d. einstaklingsframtal, einstaklingar í rekstri, félagaframtöl o. s. frv. Niðurstaða fyrrnefndrar athugunar var á þá leið að talsverður tilflutningur stöðugilda þarf að eiga sér stað milli skattstofanna innbyrðis ef jafna á álag þeirra á milli. Nú eru hins vegar fyrirhugað að leggja fram frumvarp um staðgreiðslu skatta á Alþingi. Ljóst er að verði sett lög um staðgreiðslu skatta kallar það á breytingu á starfsemi skattstofanna og mannaflaþörf þeirra.

214 **Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd.** Fjárveiting hækkar alls um 523 300 kr. og verður 1 731 200 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 455 000 kr. og er þá gert ráð fyrir sex stöðugildum eins og í fjárlögum 1981, en lög nr. 7/1980 kveða svo á að sex menn skuli eiga sæti í ríkisskattanefnd og tveir nefndarmanna hafi störfin að aðalstarfi. Önnur gjöld hækka samtals um 68 300 kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun.

261 **Tollstjórinn í Reykjavík.** Í fjárlögum 1981 voru rekstrarliðir Tollstjórans í Reykjavík sýndir viðfangsefnaskiptir. Skiptingin var á þann veg að rekstur tollstöðvarhússins var sýndur sem sérstakt viðfangsefni. Nú er rekstur þess hins vegar færður í B-hluta frumvarpsins, fjárlaganúmer 29-934. Að frádregnum rekstri tollstöðvarhússins í fjárlögum 1981 breytast rekstrarliðir Tollstjórans í Reykjavík sem hér segir: Framlag verður 10 534 800 kr. sem er hækkun um 3 334 200 kr. Hækkun skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður hækkar um 2 599 800 kr. og verður 8 338 400 kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 710 400 kr. og verða 2 130 400 kr. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 14 000 kr. og verða 66 000 kr. Sértekjur við stofnunina falla niður en þær námu 1 739 800 kr. í fjárlögum 1981, þar af 1 729 800 vegna reksturs tollstöðvarhússins.

263 **Tollgæslan.** Framlag hækkar um 3 408 200 kr. og verður 12 519 100 kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhaldsliður hækka samtals um 3 369 800 kr., og verða 12 720 500 kr., sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 267 000 kr. og verður 377 000 kr., þar af eru 350 000 kr. sem verja á til kaupa á lokuðu sjónvarpskerfi í Sundahöfn. Sértekjur hækka um 228 600 kr. og verða 578 400 kr.

381 **Uppbætur á lífeyri.** Liður þessi hækkar um 35 288 300 kr. og verður 102 723 300 kr. Hækkun fjárveitingar er u. þ. b. 6 300 000 kr. umfram almennar verðlagsbreytingar og er skýringin sú að við ákvörðun framlags var höfð hliðsjón af raunverulegum útgreiðslum á lífeyri fyrstu sex mánuði ársins 1981.

402 **Fasteignamat ríkisins.** Fjárveiting hækkar um 1 084 900 kr. og verður 4 596 800 kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka samtals um 1 444 000 kr. sem er í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 947 500 kr. sem er u. þ. b. 320 000 kr. umfram almennar verðlagsforsendur og er skýring þessarar hækkunar sú að tekið hefur verið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1980. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 50 000 kr. og verða 200 000 kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 1 356 600 kr. og verða 2 756 600 kr. Hér er um að ræða hækkun sértekna um 96,9% frá fjárlögum 1981 og hefur þá verið höfð hliðsjón af reikningsútkomu sértekna árið 1980.

981 **Skrifstofubygging við Suðurgötu, Hafnarfirði.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða sem er vegna byggingar skrifstofuhúsnæðis í Hafnarfirði. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var heimildarákvæði um lántöku vegna byggingar húsnæðis fyrir Skattstofu Reykjaness. Fjárveiting til byggingar hússins er að fjárhæð 3 600 000 kr.

989 **Vegna launa og verðlagsmála.** Til þess að mæta launabreytingum á árinu 1982 í samræmi við frumvarpsforsendur eru nú veittar 270 000 000 kr. á þessum lið. Sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1981 var 259 700 000 kr. Í fjárlögum 1981 voru veittar 18 000 000 kr. til þess að mæta óvissuþáttum. Að þessu sinni eru áætlaðar undir þessum lið 140 000 000 kr. til að mæta óvissum útgjöldum í efnahags- og kjaramálum.

999 **Ýmislegt.** Fjárveiting hækkar um 14 216 600 kr. og verður 53 957 500 kr. sem er hækkun um 35,7% frá fjárlögum 1981. Laun hækka um 214 500 kr. og verða 817 500 kr., önnur rekstrargjöld hækka um 2 544 000 kr. og verða 11 214 000 kr., gjaldfærður stofnkostnaður verður 1 000 000 kr. en ekki var áætlað fyrir stofnkostnaði í fjárlögum 1981. Framlag til fyrirtækja í B-hluta hækkar um 230 000 kr. og verður 2 050 000 kr., þá fellur niður framlag til fyrirtækja og atvinnuvega en fjárveiting var 800 000 kr. 1981. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 11 028 100 kr. og verður 38 876 000 kr. Verður nú nánar vikið að einstökum viðfangsefnum: Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld hækka um 1 389 300 kr., til kaupa á dagblöðum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hækkar um 850 000 kr., ýmis sameiginlegur kostnaður hækkar um 120 000 kr. Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna hækkar um 1 744 000 kr., kostnaður við kjarasamninga hækkar um 154 200 kr., þá hækkar liðurinn dómkröfur og málskostnaður um 400 000 kr. og þungaskattsálagning með ökumælum hækkar um 76 000 kr. Framlag til lífeyrissjóðs sjómanna hækkar um 50 000 kr. og til lífeyrissjóðs bænda hækkar um 2 016 000 kr. Liðurinn óviss útgjöld hækkar um 7 012 100 kr. og verður 28 000 000 kr., þar af er áformað að verja 1 500 000 kr. til viðgerðar og lagfæringa á húseigninni Laugavegur 166. Fjárveiting vegna húseignarinnar Borgartún 6 hækkar um 230 000 kr. Eitt nýtt viðfangsefni er tekið upp og er það liðurinn húsnæðisbreytingar vegna fatlaðra og nemur fjárveiting til þessa verkefnis 1 000 000 kr. Liður þessi er eins og nafnið bendir til ætlaður til að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð í opinberum stofnunum. Fjárveiting til eins viðfangsefnis lækkar frá fjárlögum 1981 og er það liðurinn milliþinganefndir sem lækkar um 25 000 kr. Þá fellur út liðurinn Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána, en áætlað er fyrir þessum kostnaði undir fjárlagalið 15-991, Ýmis lán ríkissjóðs. Framlag vegna þessa nam 800 000 kr. á fjárlögum 1981.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	1 778	2 687	909	51,1
Vegamál	388 000	566 330	178 330	46,0
Önnur samgöngumál	159 236	210 573	51 337	32,2
Samtals	549 014	779 590	230 576	42,0
Þar af markaðir tekjustofnar	248 790	369 830	121 040	48,7

Markaðir tekjustofnar samgönguráðuneytisins hækka sem hér segir: Bifreiðaskattur hækkar um 32 000 þús. kr. og verður 97 200 þús. kr., gúmmígjald verður óbreytt frá fjárlögum 1981 eða 900 þús. kr. Innflutningsgjald af bensíni hækkar um 84 700 þús. kr. og verður 252 700 þús. kr. Vitagjald verður óbreytt frá fjárlögum 1981 eða 180 þús. kr., skipaskoðunargjald hækkar um 240 þús. kr. og verður 450 þús. kr. Flugvallargjald hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 18 000 þús. kr. Þá hækkar sérleyfisgjald um 100 þús. kr. og verður 400 þús. kr.

Verður nú nánar vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Framlag verður 2 686 800 kr. og er það 908 500 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Útgjaldahækkunin skýrist þannig: Laun hækka um 716 500 kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir. Tekin er inn hálf staða ritara, 46 400 kr., sem er nýtt. Auk þess eru reiknuð heils árs laun viðskiptafræðings sem ráðinn var um mitt ár 1981, en það skýrir um 65 400 kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 192 000 kr. sem er í samræmi við forsendur um almenna verðlagsbreytingu.

211 **Vegagerð ríkisins.** Framlag hækkar um 178 330 000 kr., eða 45,9% frá fjárlögum 1981 og nemur gjaldatala því alls 566 330 000 kr. Markaðar tekjur til vegagerðar, þ. e. bensíngjald, gúmmígjald og bifreiðaskattur nema 350 800 000 kr., og er það í samræmi við tekjuáætlun frumvarpsins. Ráðgerð er lántaka til vegagerðar alls 200 000 000 kr., eins og fram kemur í yfirliti um lántökur. Fjárveiting úr ríkissjóði nemur því 15 530 000 kr., en þar af renna 330 000 kr. til að styrkja vetrarsamgöngur. Heildarframlag til vegagerðar jafngildir 2,1% vergrar þjóðarframleiðslu. Stefna Alþingis gerir ráð fyrir að auka framlag að magni til um sem nemur 0,1% af vergri þjóðarframleiðslu. Gera verður ráð fyrir, ef útgjöld til vegamála verða aukin, að Alþingi samþykki samsvarandi tekjuaukningu.

321 **Strandferðir, framlög.** Hækkun framlags til Skipaútgerðar ríkisins nemur 5 890 100 kr., eða 33,9%, og verður alls 23 250 000 kr. Rekstur stofnunarinnar er áætlaður á verðlagi ársins 1982. Launaliður hækkar um 4 349 000 kr., eða 23,6%, sem er verulega undir almennri launaþróun, enda þótt gert sé ráð fyrir rekstri þriggja skipa, Esju, Heklu og eins leiguskips, allt árið 1982. Lækkun launa skýrist af fækkun í íslenskri áhöfn á leiguskipinu vegna breyttra leiguskilmála. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 994 300 kr. sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Viðhald lækkar um 290 700 kr. og nemur alls 1 831 300 kr. Um rekstur skipaútgerðar er ekki fjallað frekar enda munu málefni fyrirtækisins koma til umfjöllunar hjá fjárveitinganefnd fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982. Til fjárfestingar hjá fyrirtækinu er fyrirhuguð 40 000 000

kr. lántaka til endurnýjunar skipastóls fyrirtækisins, sbr. greinargerð um lánahreyfingar. Framlög til flóabáta og vöruflutninga eru óbreytt frá fjárlögum ársins 1981, en samvinnunefnd Alþingis um samgöngumál gerir tillögu um skiptingu framlaga milli viðtakenda.

331 **Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa.** Framlag til aðalskrifstofu Vita- og hafnarmála verður 3 556 800 kr. sem felur í sér 530 600 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Hækkun einstakra gjaldaliða er eftirfarandi: Laun hækka um 1 572 400 kr., eða 50,7%, og er það umfram launahækkanir. Þetta skýrist af aukinni vinnu verk- og tæknifræðinga við verk sem stofnunin selur út. Önnur rekstrargjöld hækka um 288 200 kr. og viðhald um 10 000 kr. Báðir þessir liðir hækka í samræmi við verðlagsbreytingar. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 10 000 kr., nemur alls 40 000 kr. og rennur til endurnýjunar skrifstofuvéla og búnaðar. Framlag til B-hluta, þ. e. áhaldahúss vitamálastjórnar, nemur 800 000 kr. og er það 350 000 kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1981. Fjárframlagið er ætlað til að bæta aðstöðu starfsmanna áhaldahússins og ljúka byggingu starfsmannahúss. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 1 700 000 kr. og nema alls 3 000 000 kr., og er þetta af ástæðum sem þegar er getið.

332 **Vitamál.** Fjárveiting til vitamála nemur 9 808 900 kr. og er það 2 950 500 kr. hækkun frá fjárlögum 1981. Útgjaldabreytingin skýrist þannig í megindráttum: Laun og rekstrargjöld hækka um 2 330 500 kr. og er það hækkun í samræmi við verðlagsbreytingar. Viðhald hækkar um 320 000 kr. og nemur alls 1 200 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 500 000 kr., eða 50%, og verður alls 1 500 000 kr. sem renna til vitabygginga. Sértekjur hækka um 200 000 kr., en þær eru tvíþættar. Annars vegar hlutdeild Veðurstofu Íslands í launum vitavarða og hins vegar þjónusta við innsiglingaljós sem hafnarsjóðir bera kostnað af. Með lögum nr. 56/1981 um vitamál eru ákvæði um Vitastofnun Íslands og verkefni þeirrar stofnunar. Samgönguráðuneytið skal setja reglugerð til nánari skýringar um skipulag og starfshætti stofnunarinnar. Reglugerð um vitagjöld sem innheimta skal samkvæmt lögum hefur enn ekki verið sett.

333 **Hafnarmál.** Fjárveiting til hafnarmála verður 65 351 700 kr. Er það heildarhækkun sem nemur 14 660 100 kr. og skiptist þannig á einstaka liði:

	Fjárlög 1981	Frumvarp 1982	Hækkun kr.	Hækkun %
Til hafnarrannsókna og mælinga ..	400 000	600 000	200 000	50,0
Hafnarmannv. og lendingarbætur	31 915 000	40 850 000	8 935 000	28,0
Ferjubryggjur og sjóvarnargarðar	1 140 000	1 470 000	330 000	28,9
Landshafnir	3 045 080	3 186 700	141 620	4,7
Hafnabótasjóður	3 191 500	4 245 000	1 053 500	33,0
Hafnarframkv. vegna skipaiðnaðar	11 000 000	15 000 000	4 000 000	36,4
Samtals	50 691 580	65 351 700	14 660 120	28,9

Framlög til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækka um 8 935 000 kr., eða 28,0%, og er það í samræmi við hækkun framlaga til stærri framkvæmdaflokka. Framlag til Hafnabótasjóðs hækkar um 1 053 500 kr., eða 33,0%, og hefur framlagið þá verið skert í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Liðurinn landshafnir hækkar um 141 620 kr., en hann nær bæði til endurgreiðslu lána og framkvæmda við landshafnir. Framlag til hafnarframkvæmda vegna skipaiðnaðar nemur 15 000 000 kr. og hækkar um 4 000 000 kr. frá fjárlögum 1981. Á sama hátt og 1981 er aflað lánsfjár vegna þessa framkvæmdaflokks.

Stofnlínukerfið sænska er allsérstakt. Samkvæmt ákvörðun þingsins, frá 1946, skal ríkið eitt byggja allar stofnlínur með yfir 200 kv-spennu. Það hefur því fallið í hluta Vattenfall að byggja og reka helstu stofnlínurnar. Önnur raforkuver greiða síðan Vattenfall fyrir raforkuflutning. Ný reglugerð þessu viðvíkjandi var gerð í árslok 1968.

Starfandi er stofnlínudeild. Vattenfall tilnefnir fjóra menn og aðrir aðilar hina fjóra, níundi maður nefndarinnar, formaðurinn, er hins vegar skipaður af hinu opinbera. Á vegum nefndarinnar starfa tvær undirnefndir, áætlananefnd og rekstrarnefnd.

Loks ber að nefna Centrala driftledningen (CDL), sem er myndað af Vattenfall og 13 öðrum virkjanafyrirtækjum. Þrátt fyrir nafnið hefur CDL engin afskipti af daglegum rekstri eða samrekstri. CDL var fyrst og fremst sett á stofn sem áætlunarstofnun, sem hefði það verkefni að koma í veg fyrir orkuskömmtun og annað neyðarástand. Náin samvinna er á milli CDL og samrekstrarnefndarinnar.

Jafnframt hefur CDL síðar tekið að sér áætlanir fyrir allt framleiðslukerfi landsins á sviði raforkumála. Starfssvið CDL hefur því aukist mjög, og hefur því staðið fyrir dyrum umskipan starfseminnar. Staða CDL mun þá styrkjast og er mikils vænst af henni í framtíðinni.

Raforkuver 1977

	Danmörk		Finnland		Ísland		Noregur		Svíþjóð		Norðurl. samt.	
	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh
Vatnsorka	8	20	2 395	11 967	492	2 520	17 205	72 292	13 209	52 755	33 309	139 554
Gufuorka	6 121	20 968	5 745	19 398	19		134	180	9 706	34 584	21 725	75 130
Gas- og dísilorka	325	157	900	369	96	82	22	48	1 719	136	3 062	792
Heildarframleiðsla:												
1977		21 145		31 734		2 602		72 520		87 475		215 476
1976		19 645		27 885		2 421		82 133		84 087		216 171
Aukning í %		7,6		13,8		7,4		÷1,7		4,0		÷0,3
Heildarframleiðsla:												
1976		19 645		27 804		2 421		82 199		84 304		216 373
1975		17 551		25 134		2 295		77 486		78 573		201 039
Aukning í %		11,9		10,6		5,5		6,1		7,3		7,6
Uppsett afl MW:												
1977	6 454		9 040		607		17 361		24 634		58 096	
1976	6 236		8 030		503		16 933		23 799		55 501	

Ed. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um Jarðboranir ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Lárus Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Ríkið starfrækir fyrirtæki er nefnist Jarðboranir ríkisins. Skal það rekið sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

Jarðboranir ríkisins heyra undir ráðherra þann sem fer með orkumál.

2. gr.

Hlutverk Jarðborana ríkisins er að eiga og reka jarðbora til notkunar við rannsóknir á orkulindum landsins og við vinnslu á orku úr jörðu. Þeim er heimilt að bora í öðru skyni, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Vegna náinna starfstengsla jarðborana og rannsókna til undirbúnings borun, meðan á henni stendur og að henni lokinni, skal dagleg starfsemi Jarðborana ríkisins fara fram í nánum tengslum við Orkustofnun.

4. gr.

Jarðboranir ríkisins framkvæma boranir samkvæmt beiðni Orkustofnunar eða annarra aðila, sem þess óska, enda komi full greiðsla fyrir.

Gerður skal verksamningur fyrir hvert verkefni, sem Jarðboranir ríkisins taka að sér. Skal gjaldskrá fyrir þjónustu þá, sem Jarðboranir ríkisins inna af hendi, ákveðin með hliðsjón af því, að tekjur af borunum standi undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði fyrirtækisins miðað við eðlilegan afskriftatíma.

Ráðherra skal staðfesta gjaldskrá Jarðborana ríkisins.

5. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Jarðborana ríkisins og aðra fasta starfsmenn fyrirtækisins að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Aðra starfsmenn ræður framkvæmdastjóri.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi Jarðborana ríkisins.

7. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt óbreytt nema að því er varðar ákvæði um gildistöku. Áður fylgdi frumvarpinu eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til orkulaga og leiðir af breytingum sem þar er gert ráð fyrir að verði gerðar á hlutverki Orkustofnunar.

Meginbreytingarnar, sem frumvarp þetta felur í sér frá gildandi lögum, eru, að

1) Orkustofnun er ekki falið að annast rekstur Jarðborana ríkisins, eins og verið hefur, heldur skal fyrirtækið lúta sérstökum framkvæmdastjóra, sem ráðherra skipar,
2) ný ákvæði eru sett um starfshætti fyrirtækisins.

Rétt þykir að hafa sérlög um Jarðboranir ríkisins í stað þess að fjallað sé um slíkt fyrirtæki í almennum orkulögum, svo sem verið hefur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um þá breytingu að ræða frá gildandi lögum, að fellt er niður ákvæði um að ráðherra feli Orkustofnun eða öðrum aðila að annast rekstur fyrirtækisins.

Um 2. gr.

Hér er nánar og skýrar kveðið á um hlutverk og verkefni Jarðborana ríkisins en gert er í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um starfshætti Jarðborana ríkisins, sem leiðir af því, að hér er um að ræða verktakafyrirtæki. Verksamning ber að gera, hvert svo sem verkefnið er og fyrir hvaða aðila sem unnið er, Orkustofnun sem aðra.

Um 5.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um skipan olíuleitarmála og hagnýtra hafsbotnsrannsókna á íslensku yfirráðasvæði.

Flm.: Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með orkumál, hefur yfirumsjón þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

2. gr.

Olíuleitarnefnd skipa 7 menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu fulltrúa nefndarmanna.

3. gr.

Gera skal að frumkvæði Olíuleitarnefndar og í samráði við landgrunnsnefnd og Rannsóknaráð ríkisins áætlun til fjögurra ára, sem miðar að því að ljúka sem fyrst hagnýtum hafsbotnsrannsóknum á íslensku yfirráðasvæði, einkum þar sem líkur eru taldar mestar á því, að olía finnist í jörð, og álitið er að hún sé nýtanleg. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framvindu þessarar rannsóknaáætlunar og framkvæmd olíuleitarmála.

4. gr.

Hlutverk Olíuleitarnefndar er:

1. að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um öll þau mál, sem varða olíuleit og hagnýtar hafsbotnsrannsóknir á Íslandi og landgrunni þess;
2. að hafa frumkvæði að öllum málum er varða hagnýtar hafsbotnsrannsóknir og olíuleit og umsjón með framkvæmd olíuleitarmála;

3. að afla, vinna úr og annast vörslu allra tiltækra gagna um jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar upplýsingar um íslenskt umráðasvæði sem geta haft þýðingu fyrir olíuleitarstarfsemi;
4. að annast samninga við innlenda og erlenda aðila, sem óska eftir að fá að kanna setlög á íslensku yfirráðasvæði og aðrar auðlindir hafsbotnsins, og umsjón með framkvæmd og úrvinnslu kannananna;
5. að hafa frumkvæði að því að fá erlenda sérfræðinga til að annast kannanir á ákveðnum svæðum, ef þurfa þykir og innlendir aðilar geta ekki annast þær;
6. að koma á fót sérhæfðu bóka-, tímarita- og skjalasafni um hafsbotnsrannsóknir og olíumál og annast vörslu þess;
7. að hafa frumkvæði að rannsóknum að því er varðar mengunarhættu af olíuvinnslu, setningu reglugerðar um öryggisráðstafanir, sem nauðsynlegar eru ef til olíuvinnslu kemur. Í þessu efni skal ráðið hafa samráð við samtök allra aðila, sem olíuleitar- og olíuvinnslumál varða á einhvern hátt;
8. að annast samstarf og samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir f. h. iðnaðarráðuneytis;
9. að annast samningagerð við erlend olíuvinnslufyrirtæki, ef með þarf, og leggja fyrir ríkisstjórn og Alþingi.

5. gr.

Í Orkustofnun skal setja á laggir deild, sem annast framkvæmdastjórn fyrir Olíuleitarnefnd. Deildarstjóri er jafnframt framkvæmdastjóri nefndarinnar, og ræður hann sér starfslið.

6. gr.

Olíuleitarnefnd skal láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um olíuleit og olíuvinnslu og gera drög að reglugerð í samráði við iðnaðarráðuneyti um framkvæmd þessara mála, m. a. mengunarmál. Í frv. þessu og reglugerð skal kveða skýrt á um hvaða málefni Olíuleitarnefnd getur endanlega afgreitt þannig að framkvæmd olíuleitarmála og hagnýtra hafsbotnsrannsókna verði sem skilvirkust.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. var flutt á síðasta þingi og var ekki útrætt. Þá fylgdi því svofelld greinargerð:

Megintilgangur þessa frv. er að fella olíuleit og hagnýtar hafsbotnsrannsóknir að ákveðnu skipulagi, efla rannsóknir á þessu sviði og undirbúa hugsanlega olíuvinnslu á íslensku yfirráðasvæði. Frv. gerir ráð fyrir því, að Alþingi hafi aukin áhrif á gang þessara mikilvægu mála og að kosin verði 7 manna nefnd, sem annist þau viðtæku verkefni á sviði hagnýtra hafsbotnsrannsókna og olíuleitar sem í frv. eru tilgreind. Hér er um hliðstætt form að ræða og á kosningu Orkuráðs og kosningu Stóriðjunefndar skv. tillögu sem sjálfstæðismenn hafa flutt fyrr á þessu þingi.

Íslendingar hafa nú í raun eignast mikil yfirráðasvæði á hafsbotni utan og innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Því miður eru grundvallarrannsóknir og hagnýtar rannsóknir á hafsbotni þessa svæðis mjög skammt komnar. Þetta hefur þegar valdið erfiðleikum í viðræðum um yfirráðarétt okkar á hafsbotninum utan 200 mílna lögsögunnar. Í viðræðum við Norðmenn um hafsbotninn milli Íslands og Jan Mayen, þar sem til voru kvaddir sérfræðingar frá nokkrum löndum, voru Íslendingar þeir einu sem gátu ekki lagt fram rannsóknaniðurstöður á þessu umdeilda svæði máli sínu til stuðnings þótt þeir gerðu kröfur til yfirráða þar. Sama máli gegnir um hagsmuni Íslendinga á svæðinu milli Íslands og Bretlandseyja, svonefndu Hatton-Rockall svæði.

Ljóst er að tími er kominn til að efla og auka rannsóknir á jarðlögum hafsbotnsins innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu. Á árinu 1978 veitti þáverandi iðnaðarráðherra bandarískra fyrirtækinu Western Geophysical Co. of America leyfi til mælinga setlaga norðan Íslands. Leyfið var bundið ýmsum skilyrðum um eftirlit og afhendingu rannsóknargagna. Um þessar rannsóknir ásamt fleirum gaf iðnaðarráðherra Alþingi skýrslu hinn 10. jan. 1980 og fylgir hún hér með í fskj.

Þá hefur jarðfræðingurinn Karl Gunnarsson tekið saman mjög greinargóða skýrslu á vegum Orkustofnunar (ágúst 1980) um vitneskju og stöðu þekkingar á hafsbotninum umhverfis Ísland. Í henni er m. a. fjallað um setlög og myndun olíu. Sá viðbætir fylgir sem fskj. III.

Þessar skýrslur sýna, svo ekki verður um villst, að brýn nauðsyn er á að efla þessar rannsóknir og taka í alvöru á þeim möguleika að olía og önnur hagnýt efni kunna að finnast á íslensku landgrunni. Engum blöðum er um það að fletta, að niðurstöður rannsókna, þar sem setlög hafa fundist á svæði úti fyrir Eyjafirði og Skjálfanda, hafa varpað nýju ljósi á þekkingu sérfræðinga á jarðfræði hafsbotnsins umhverfis Ísland. Engin leið er á grundvelli þeirra einvörðungu að fullyrða um tilvist olíu á þessum slóðum, en líkurnar hafa stóraukist fyrir því, að um slíkt geti verið að ræða.

Brýna nauðsyn ber til að halda þessum rannsóknum áfram. Líkast til þarf að setja út nýjar mælilínur á þessu svæði og gera frekari setlagakönnun á þar til búnum skipum áður en hafist yrði handa um boranir. Þess má geta, að 1000 km mælilína, sem talin er lágmarksverkefni ef skip er fengið til slíkra mælinga, er talin kosta rúmlega $ 700 000 eða 400—500 millj. gkr. Á Eyjafjarðar-Skjálfandasvæðinu er talið nauðsynlegt að gera mælingar á línu sem er tæplega 500 km, þannig að hér er ekki verið að tala um stórfelldar fjárhæðir.

Á þessu Eyjafjarðar-Skjálfandasvæði, þar sem setlög hafa fundist, er Flatey á Skjálfanda. Þegar nægilegum yfirborðsmælingum er lokið er mjög auðvelt að fá nauðsynlega vitneskju um jarðlög á þessu svæði og ganga úr skugga um tilvist olíu með tilraunaborun í Flatey. Slík borun hefur mikla kosti fram yfir borun á palli í hafsbotninum. Borun á landi er margfalt ódýrari og mengunarhætta er hverfandi miðað við borun á sjó. Að þessum rannsóknum á því að vinda bráðan bug næstu 2—3 árin.

Íslendingar verða mjög háðir olíuinnflutningi á næstu árum þrátt fyrir auðlindir vatns- og hitaorku í landinu. Orkuspárnefnd (sjá skýrslu í fskj.) hefur spáð því, að olíunotkun minnki nokkuð fram til aldamóta vegna hagnýtingar innlendra orkugjafa og sparnaðarráðstafana. Samt sem áður er innflutningsþörfin talin vera 558 þúsund tonn árið 2000 í samanburði við 570 þús. tonn 1980. Þetta er miðað við ítrasta sparnað og að allir kostir á hagnýtingu vatns- og varmaorku hafi verið nýttir. Reynslan sýnir hvað það kostar að vera eins háður innflutningi olíuvara og verið hefur. Það hlýtur því að vera algjör nauðsyn að ganga úr skugga um hugsanlega olíuvinnslu umhverfis Ísland, einkum ef svo vildi til að unnt væri að vinna olíu með fast land undir fótum, eins og í Flatey á Skjálfanda, þar sem mengunarhætta í sjó er nánast engin.

Þótt hér hafi verið lögð áhersla á olíuleit fjallar frv. um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir almennt. Einsýnt virðist að allar hagnýtar hafsbotnsrannsóknir séu á vegum sama aðila í stjórnkerfinu. Verkefni á þessu sviði eru gífurleg, eins og bent var á hér að framan, og væri það eitt út af fyrir sig nægilegur rökstuðningur fyrir því skipulagi og eflingu þessara rannsókna, sem frv. gerir ráð fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eðlilegt er, að olíuleit og hagnýtar hafsbotnsrannsóknir heyri undir iðnaðar- og orkuráðherra. Um þetta eru tekin af tvímæli, en nokkur styrr stóð um afskipti ráðuneyta af setlagarannsóknum sem hófust 1978. Rannsóknaráð heyrir t. d. undir menntamálaráðherra.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um kosningu nefndar á Alþingi og er nefndin kölluð Olíuleitarnefnd. Nefndin á að annast allar hagnýtar hafsbotnsrannsóknir, þótt það sé ekki tekið fram í heiti nefndarinnar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Fjallar um verkefni Olíuleitarnefndar. Matsatriði er hversu ítarleg upptalningin á að vera, eins og jafnan er þegar lög eru sett um svipað efni.

Um 5. gr.

Eðlilegt er að deild í Orkustofnun sé falið að hafa á hendi framkvæmdastjórn fyrir nefndina. Gæta verður þess, að þessi deild sé nægilega aðgreind frá núverandi starfsemi Orkustofnunar vegna margvíslegra leyndarákvæða sem þarf að fjalla um þegar rannsóknasamningar eru gerðir við utanaðkomandi aðila. Að öðru leyti er hér um svo sérhæft verkefni að ræða að sjálfstæði deildarinnar er nauðsynlegt.

Um 6. gr.

Þar sem frv. er frumsmíð þykir rétt að gera ráð fyrir því, að hin þingkjörna nefnd taki til hendi um ítarlegri laga- og reglugerðarsetningu um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir, olíuleitarmál og olíuvinnslu. Í þessum lögum og reglugerð er nauðsynlegt að setja ákvæði m. a. um mengunarmál og mál sem nefndin getur afgreitt af sjálfsdáðum.

Fylgiskjal I.

SKÝRSLA

iðnaðarráðherra um könnun setlaga á landgrunninu út af Norðurlandi.

Hinn 17. ágúst 1978 veitti iðnaðarráðuneytið bandarískа fyrirtækinu Western Geophysical Co. of America leyfi til mælinga á setlögum norðan Íslands. Leyfið var bundið ýmsum skilyrðum, sem nánar voru tilgreind, m. a. varðandi eftirlit með framkvæmdinni og afhendingu gagna. Í nóvember og desember 1978 voru mælingar þessar framkvæmdar frá rannsóknaskipinu Karen Bravo, sem er í eigu fyrirtækisins. Iðnaðarráðuneytið fól Orkustofnun umsjón og eftirlit með framkvæmd mælinganna undir stjórn dr. Guðmundar Pálmasonar, forstöðumanns Jarðhitadeildar. Ólafur Flóvenz, jarðeðlisfræðingur, var um borð í skipinu og tók einnig þátt í allri úrvinnslu gagnanna í mars 1979 á rannsóknastofu fyrirtækisins í London.

Í samræmi við skilmála leyfisveitingarinnar afhenti rannsóknafyrirtækið iðnaðarráðuneytinu eintak af öllum gögnum og niðurstöðum könnunarinnar á miðju s. l. ári, og eru öll gögnin í vörslu Orkustofnunar.

Í könnuninni var mæld þykkt setlaga á sjávarbotninum norðan við landið á fjórum mælilínum að samanlagðri lengd 857 km. Þrjár af þessum línum lágu út frá ströndinni, en sú fjórða hornrétt þar á, nálægt brún landgrunnsins, eins og sýnt er á fyrra kortinu.

Mælilínurnar voru lagðar í stórum dráttum samkvæmt tillögum frá Western Geophysical, en af íslenskri hálfu voru gerðar á þeim nokkrar breytingar með hliðsjón af upplýsingum, sem aflað hafði verið með þyngdarmælingum á vegum Orkustofnunar, sem gerðar voru árin 1972—'73 innan ramma rannsóknaráætlunar landgrunnsnefndar. Niðurstöðurnar benda til þess, að þær breytingar hafi aukið verulega upplýsingagildi setþykktarmælinganna.

Miðlínan út frá landinu (lína C) reyndist einna áhugaverðust með tilliti til setlaga. Þar kemur fram setlagaæð, um 200 km löng og með hámarksþykkt setlaga um 4000 metra. Sjávardýpi er þar hvergi meira en 400 metrar. Berggrunnurinn undir setlögunum er brotinn sundur sums staðar, og ná misgengi upp í setlögin, stundum alveg upp á sjávarbotninn. Jarðlagaskipaninni á þessum stað svipar að sumu leyti til þess, sem fundist hefur á öðrum stöðum í heiminum, þar sem kolvetni hafa safnast fyrir í setlögum.

Á hinum mælilínunum koma einnig fram setlög, en mjög misþykk, allt að 2000 metra þykk. Þessi rannsókn gefur þó aðeins mjög grófa hugmynd um dreifingu setlaga á landgrunninu norðan við landið.

Rétt er að leggja á það áherslu, að til að kolvetni finnist í berglögum, þurfa bæði að vera fyrir hendi myndunarskilyrði, þ. e. lífrænar leifar, og geymsluskilyrði, þ. e. berg, sem geymt getur í sér kolvetnin í langan tíma. Af þeirri könnun, sem hér um ræðir, var ekki að vænta neinnar vísbendingar um það, hvort hagstæð myndunarskilyrði fyrir kolvetni væru fyrir hendi. Ítarlegri jarðfræðilegar rannsóknir þarf að gera til að skera úr um þetta, þar sem teknar væru með í myndina þær nýju upplýsingar, sem hér hafa fengist.

Þótt ekki hafi fyrirfram verið vitað, hvort um veruleg setlög væri að ræða á landgrunninu norðan við landið, eru þó niðurstöðurnar ekki að öllu leyti óvæntar. Þyngdarmælingarnar, sem gerðar voru á árunum 1972—'73 á vegum Orkustofnunar, sýndu aflanga lægð í þyngdarsviðinu utan við mynni Eyjafjarðar og austur á Skjálfanda (sjá síðara kort). Orsök hennar eru tiltölulega létt berglög. Lína C var lögð svo, að suðurendinn næði yfir þyngdarlægðina, og fékkst þannig staðfesting á því, að setlög væru orsök hennar.

Setlagadalinn, sem kemur fram í þyngdarmælingunum og kalla mætti Flateyjardal nyrðri, því að Flatey situr á honum miðjum væri æskilegt að kanna betur með frekari setþykktarmælingum. Á þann hátt mætti gera sér betri grein fyrir myndunarsögu hans og um leið líkum fyrir því, hvort um sé að ræða nýtanleg efni í setum þeim, er fylla dalinn.

Ég hef gert ráðstafanir til að samdar verði reglur um rannsókn á auðlindum landgrunnsins, í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. En í því sambandi og við frekari aðgerðir á þessu sviði mun eins og hingað til verða gætt ýtrustu náttúruverndarsjónarmiða.

Iðnaðarráðuneytið hefur falið Orkustofnun að hafa á hverjum tíma yfirlit um þessi mál, en þar er nú unnið að gerð yfirlitsskýrslu um núverandi stöðu þekkingar á þessu sviði.

Að því er næstu könnunaraðgerðir varðar, þá hyggst iðnaðarráðuneytið síðan beita sér fyrir annars vegar nánari könnun, þéttari mælingum á þeim svæðum, er áhugaverðust reyndust, úti fyrir Norðurlandi, og hins vegar frumkönnun á nýjum svæðum, t. d. á Íslands-Jan Mayenhryggnum og fyrir Suðurlandi.

10. janúar 1980.


ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
Mælilínur Western Geophysical Co.
norðan við land, nóvember–desember 1978
80.01.07.
KG / GSJ
J – ým.
F. 18945
68°
66°
10°
14°
18°
22°
26°
2000
1000
400
GRÆNLAND
ÍSLAND
GRÍMSEY
HRYGGUR
KOLBEINSEYJAR-
Mörk efnahagslögsögu
A
B
C
D


ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
Þyngdarkort (Bouguer) af landgrunninu úti fyrir Mið-Norðurlandi
80.01.09
KG/IS
J-ým
F-18957
KOLBEINSEY
GRÍMSEY
FLATEY
HÚSAVÍK
SIGLUFJÖRÐUR
200
400
80
60
40
20
Jafnþyngdarlínur (mgal)
Jafndýptarlínur (m)

Fylgiskjal II.

ÚR SKÝRSLU ORKUSPÁRNEFNDAR

Olíunotkun 1980—2000, spá.

1 INNGANGUR.

Í Orkuspárnefnd eru fulltrúar frá Orkustofnun, Landsvirkjun, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitum ríkisins og Hitaveitu Reykjavíkur og hefur áður komið út á hennar vegum raforkuspá til aldamóta. Frá því nefndin tók til starfa (febr. 1976) hafa nefndarmenn haft í hyggju að gera samræmda orkuspá sem næði til allra orkugjafa, það er raforku, olíu og jarðhita. Sú skýrsla, sem hér birtist, er olíuhluti þeirrar spár, en í bígerð er samantekt jarðhitaspár og endurskoðun raforkuspárinnar.

Í febrúar 1979 var gefin út á vegum Orkuspárnefndar greinargerð sem nefndist „Drög að olíuspá, 1979—2000". Henni var dreift til ýmissa aðila í þeim tilgangi að fá frá þeim athugasemdir er stuðlað gætu að áreiðanlegri olíuspá. Greinargerðin hefur nú verið aukin og endurbætt með tilliti til nýrra upplýsinga og rauntalna fyrir árið 1978, og birtast niðurstöðurnar í þessari skýrslu. Eins og tafla 1 og einnig tafla 6 sýna er gert ráð fyrir því, að ýmsar breytingar í skiptingu olíunotkunar eigi sér stað fram til aldamóta. Þessi þróun verður þó engan veginn sjálfkrafa því að hún byggist á verulegum sparnaði í olíunotkun og þurfa eftirtaldar aðgerðir að koma til:

1. Innlendir orkugjafar (jarðhiti, vatnsorka) komi í stað olíu til húshitunar og spari þannig 160 000 tonn af olíu miðað við árið 1973.
2. Dregið verði úr vexti fiskiskipaflotans, spornað við aukinni vélarstærð í fiskiskipum og sókn takmörkuð. Olíunotkun fiskiskipaflotans verði um 150 000 tonn árið 2000 þ. e. örlítið meiri en hún er nú, í stað 270 000 tonna eins og hugsanlegt hefði verið ef þróun flotans hefði haldið áfram óbreytt.
3. Bifreiðar verði almennt minni og sparneytnari í framtíðinni og innflutningur rafbíla verði hafinn fyrir alvöru um 1990. Þannig spöruðust um 60 000 tonn af bensíni og gasolíu árið 2000 miðað við að meðaleldsneytisnotkun bifreiða héldist óbreytt frá árinu 1978 og engir rafbílar kæmu til sögunnar.
4. Orkunýtni fiskimjölsverksmiðja verði hætt þannig að olíusparnaður árið 2000 verði um 30 000 tonn miðað við nýtnina árið 1978.

Á síðustu árum hefur nokkur umræða orðið um eldsneytisframleiðslu á Íslandi, sem gæti reynst hagkvæm vegna síhækkandi olíuverðs. Einkum hefur athygli manna beinst að framleiðslu vetnis og vetnissambanda ýmiss konar (metanól). Þótt innlend eldsneytisframleiðsla hafi marga kosti í för með sér er vart við því að búast að áhrifa hennar gæti að marki á þessari öld. Brýnt er hins vegar að fylgjast með framvindu tæknibróunar erlendis í þessum efnum svo að hægt verði að hefjast handa um framleiðslu eldsneytis hér á landi um leið og það verður fjárhagslega fýsilegt og tæknilegum örðugleikum hefur verið rutt úr vegi. Í þessari spá er ekki gert ráð fyrir því, að innlent eldsneyti komi í stað innfluttrar olíu og olíuafurða fram til aldamóta fyrir utan það sem áður er sagt um rafbílana. Einnig er vert að geta þess, að hugmyndir eru á lofti um notkun kola í sumum greinum iðnaðar (fiskimjölsverksmiðjur, Sementsverksmiðjan). Engar ákvarðanir um notkun kola í stað olíu hafa þó verið teknar. Í olíuspánni er þess vegna ekki reiknað með að nýtt tímabil í sögu kolanotkunar á Íslandi hefjist á næstu árum.

Fjölmargir aðilar, bæði opinberir og úr einkarekstri (Síldarverksmiðjur ríkisins, Sjávarútvegsráðuneytið, Framkvæmdastofnun, Fiskifélag Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Olíuverslun Íslands, Vegagerð ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Flugleiðir) lögðu nefndinni lið og veittu henni notadrjúgar upplýsingar við gerð olíuspárinnar og kann nefndin þeim hinar bestu þakkir fyrir.

2 NIÐURSTÖÐUR.

Meginniðurstöður olíuspárinnar eru:

1. Að heildarolíunotkun muni minnka um 5% frá árinu 1978 til ársins 1980, úr 603 000 tonnum árið 1978 í 570 000 tonn árið 1980.
2. Að eftir 1980 muni olíunotkun haldast að mestu óbreytt til aldamóta og árlega verða á bilinu 540—560 þús. tonn.

Á meðfylgjandi töflu (1) og töflu 6 má sjá nánar hvernig olíunotkunin þróast samkvæmt spánni (sjá einnig mynd 1).

TAFLA 1. Spá um olíunotkun 1980—2000 (tölur í þús. tonna).

	1978	1980	1985	1990	1995	2000
Bensín	90,8	98	112	120	119	114
Flugvélabensín	2,3	2	2	3	3	3
Þotueldsneyti	67,2	43	50	58	67	78
Steinolía	1,5	2	2	3	3	3
Gasolía	308,0	244	189	170	169	170
Brennsluolía	133,0	181	187	188	189	190
Alls	602,8	570	542	542	550	558

Nánari grein er gerð fyrir forsendum þessarar spár í kafla 4 og í viðaukum.

3 ÞRÓUN OLÍUNOTKUNAR FRÁ 1972.

Tafla 5 sýnir hvernig sala á eldsneyti hefur þróast árin 1972—1978.

3.1 Bensínsala hefur vaxið jafnt og þétt allt tímabilið, að meðaltali um rúm 6% á ári. Þessi aukning stafar eingöngu af aukinni bifreiðaeign því að á sama tíma hefur meðalbensínnotkun bifreiða minnkað. Hlutur bensíns í olíuinnflutningi fer vaxandi og er nú um 15%.

3.2. Flugvélabensín er einkum notað á litlar flugvélar. Hlutur þess í olíunotkun er mjög lítil og salan hefur verið að mestu óbreytt allt tímabilið.

3.3. Þotueldsneytisnotkun má skipta í tvo flokka, þ. e. sölu til innlendra aðila annars vegar og erlendra hins vegar. Sala til innlendra aðila hefur verið nokkuð stöðug, eða um 50 000 tonn á ári, en sala til erlendra aðila hefur minnkað úr nær 30 000 tonnum árið 1972 í 14 200 tonn árið 1978. Minni sölu til erlendra aðila má helst rekja til þess, að flugvélar eru nú stærri og langfleygari en áður, og því minni ástæða til millilendinga á leiðinni yfir Atlantshafið. Hlutur þotueldsneytis í olíusölu var árið 1978 11%.

3.4 Steinolíusala er óveruleg og virðist ekki aukast ört.

3.5 Sala á gasolíu (dísilolíu) nemur rúmum 300 000 tonnum á ári og hefur staðið í stað frá 1972 með minni háttar sveiflum þó. Hlutur gasolíu er milli 50 og 60% af heildarsölu olíu. Þessi stöðugleiki í heildarsölu gasolíu dylur þó miklar breytingar, sem orðið hafa á notkun gasolíunnar. Húshitun með gasolíu náði hámarki árið 1973 er til hennar voru notuð 160 000 tonn. Vegna aukinnar notkunar jarðhita og rafmagns til húshitunar hefur sala á gasolíu til húshitunar minnkað í um 95 000 tonn á ári. Á sama tímabili hefur hins vegar gasolíunotkun fiskiskipa vaxið mjög mikið, eða úr 75 000 tonnum árið 1972 í tæp 140 000 tonn árið 1978. Nemur þessi aukning 11% á ári til jafnaðar. Er nú svo komið, að fiskiskipaflotinn er langsamlega stærsti olíunotandinn og notar um fjórðung allrar olíu ef svartolíunotkunin er meðtalin. Árlega eru seld 25—30 þús. tonn af gasolíu á dísilbifreiðar úr söludælum. Gasolíunotkun á bifreiðar og tæki ýmiss konar er þó örugglega meiri, því að nokkurt magn gasolíu er selt beint til Vegagerðarinnar og verktaka. 10—20 þús. tonn af gasolíu

eru notuð til raforkuframleiðslu. Önnur skip en fiskiskip, iðnaður og annað nota 30—40 þús. tonn af gasolíu árlega og virðist þessi notkun frekar fara minnkandi en hitt.

3.6 Brennsluolía (svartolía) er mikið notuð í iðnaði og á seinni árum einnig í stærri skipum. Notkunin hefur vaxið og var 133 000 tonn árið 1978, á móti 94 000 tonnum árið 1972; aukningin nemur 6% á ári að jafnaði. Loðnubræðslur og aðrar fiskimjölsverksmiðjur nota bróðurpartinn af brennsluolíunni og má áætla þessa notkun rúmlega 80 000 tonn árið 1978. Aðrir aðilar, sem nota brennsluolíu, eru t. d. Sementsverksmiðjan 12—13 þús. tonn, grasköggla verksmiðjur 3 500 tonn, hvalstöðin og hvalbátar 9 000 tonn og skip 13—18 þús. tonn. Hlutur brennsluolíu í heildarnotkun hefur farið vaxandi undanfarin ár, og var hann 22% árið 1978.

4 SPÁ UM OLÍUNOTKUN.

4.1 Bensínnotkun er að mestu bundin við fólksbifreiðar, sem nota bensín sem eldsneyti. Notkun er einkum háð þrem þáttum, þ.e. fjölda bifreiðanna, árlegri akstursvegalengd hverrar bifreiðar og bensíneyðslu á hvern ekinn kílómetra. Fyrir fólksbifreiðarnar hefur hver þessara þátta verið áætlaður þannig (sjá nánar í viðauka 1):

1. Framkvæmdastofnunin hefur áætlað fjölda fólksbifreiða og jafnframt íbúafjölda fram til ársins 2000. Þessar upplýsingar eru notaðar til að reikna fjölda fólksbifreiða fram til aldamóta. Áætlað er að hlutur dísilfólksbifreiða vaxi úr 4% nú í 8% árið 2000. Reiknað er með að rafbílar verði fyrst fluttir inn að marki árið 1990 og verði þá 10% af innflutningi fólksbifreiða, en árið 2000 er áætlað að 15% af innfluttum bifreiðum verði rafbílar. Árlegur innflutningur bifreiða er talinn munu nema 8% af bifreiðaeign hvers árs frá 1990—2000.
2. Reiknað er með að árleg akstursvegalengd hverrar bifreiðar verði sú sama árið 2000 og hún er um þessar mundir, þ. e. 12 000 km á ári.
3. Í framtíðinni verða bifreiðar almennt minni og sparneytnari en nú. Árleg bensíneyðsla hverrar bifreiðar mun því minnka þrátt fyrir óbreyttan akstur. Áætlað er að eyðslan minnki árlega um 1%.

Í samræmi við þróun undanfarinna ára er ekki gert ráð fyrir því, að bensínbifreiðum, öðrum en fólksbifreiðum, fjölgi á komandi árum. Þær eru nú um 3 500. Spá um bensínnotkun 1980—2000 lítur þá þannig út:

TAFLA 2.

Spá um bensínnotkun 1980—2000.

Ár	Bensín-fólksbifr. þús.	Aðrar bensínbifr. þús.	Eyðsla l/ári	Bensín-notkun ml	Bensín-notkun þús. tonn
1980	75,9	3,5	1660	131,8	97,5
1985	92.1	3,5	1579	150,9	111,7
1990	104,4	3.5	1502	162,1	120,0
1995	109,3	3,5	1428	161,1	119,2
2000	110,0	3,5	1358	154,1	114,0

4.2 Flugvélabensín er óverulegur þáttur í olíunotkun landsins og er hann afgreiddur með því að áætla að þessi notkun vaxi úr um 2000 tonnum árið 1978 í 3000 tonn árið 2000, en það samsvarar 2% árlegri aukningu.

4.3 Þotueldsneyti hefur verið verulegur þáttur í olíunotkun landsins á umliðnum árum, en mikil óvissa ríkir nú um þróun íslenskra flugsamgangna í framtíðinni. Árið 1978 nam heildarsala þotueldsneytis hér á landi rúmlega 67 000 tonnum, en nú

nýlega hafa Flugleiðir fækkað mjög viðkomum á Íslandi í Norður-Atlantshafsfluginu, þannig að talið er að þotueldsneytissalan minnki í 43 000 tonn árið 1980. Úr því er reiknað með að árleg aukning verði 3% og verður þotueldsneytisnotkunin þá 78 000 tonn árið 2 000.

4.4 Steinolía er lítið notuð á Íslandi. Reiknað er með 3% árlegri aukningu í þessari spá.

4.5 Gasolía er mest notaða eldsneytið og er notkun hennar mjög fjölbreytt:

1. Húshitun var löngum stærsti þátturinn í gasolíunotkuninni, en þessi notkun hefur minnkað mikið með vaxandi notkun jarðvarma og rafmagns til húshitunar. Áætlað er að þessi samdráttur haldi áfram og að notkunin árið 1985 verði aðeins um 12 000 tonn og árið 2000 verði sögu húshitunar með olíu að heita má lokið. Í stað olíu koma innlendir orkugjafar, jarðvarmi og vatnsorka.
2. Fiskiskip eru nú stærsti notandi gasolíu, og hefur orðið mjög mikil aukning á þessari notkun frá 1972. Aukningin nemur 85% á 6 árum, eða um 11% á ári. Líkur benda til að þetta tímabil mikillar aukningar sé liðið og notkunin muni minnka ört á næstu árum, með auknum sparnaði, en einkum vegna þess að skuttogarar og stór loðnuskip muni í vaxandi mæli nota svartolíu. Reiknað er með að gasolíunotkun fiskiskipa muni dragast saman um rúm 50% fram til aldamóta og verða þá 68 000 tonn. Heildarolíunotkun flotans mun þó ekki minnka verulega, en flotinn mun skila meiri afla en nú með ódýrari olíu (sjá viðauka 2).
3. Í þessum lið eru talin kaup skipafélaganna á gasolíu hér á landi og gasolíunotkun Skipaútgerðar ríkisins, Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknastofnunar. Þótt reiknað sé með auknum vöruflutningum á sjó, þá mun vaxandi tilhneiging til að nota svartolíu í stað gasolíu mæta þeirri aukningu. Þess vegna er reiknað með að þessi liður haldist næstum óbreyttur til aldamóta og verði árlega um 13 000 tonn.
4. Bifreiðar og tæki nota líklega um 42 000 tonn af olíu, þar af eru keypt í smásölu 25 000 tonn, 12 000 tonn eru seld til Vegagerðar ríkisins og verktaka, en áætlað er að 5 000 tonn séu tekin úr heimilistönkum, einkum til sveita á landbúnaðartæki og dísilbifreiðar. Reiknað er með að flutningsþörf og notkun dísilbifreiða og tækja vaxi um 3—4% árlega, en að betri vegir og bætt tækni takmarki aukningu í gasolíunotkun við 2% á ári.
5. Raforkuvinnsla með gasolíu mun væntanlega minnka á næstu árum með samtengingu dreifikerfa landsins. Árið 2000 er reiknað með að til jafnaðar verði 3‰ af raforkuframleiðslunni í olíustöðvum, sem samsvarar 20 GWh og 6 000 tonnum af olíu.

4.6 Brennsluolía (svartolía) hefur til skamms tíma verið nær eingöngu notuð í iðnaði, einkum fiskimjölsverksmiðjum. Á þessu er þó að verða mikil breyting, því að togaraflotinn og stærri skip eru nú sem óðast að taka upp brennsluolíu í stað gasolíu. Þetta leiðir til þess, að notkun brennsluolíu mun vaxa verulega á næstu árum.

1. Fiskimjölsverksmiðjur nota nú um 84 000 tonn af brennsluolíu árlega til að vinna um 1 200 000 tonn af hráefni. Olíunotkun fiskimjölsverksmiðjanna er mjög mismunandi eftir tækjabúnaði eða 40—80 kg olíu á hvert tonn hráefnis, en að meðaltali er olíunotkunin 70 kg á tonn hráefnis. Fram til aldamóta er gert ráð fyrir verulegu átaki til orkusparnaðar, og er reiknað með að olíunotkunin verði þá komin niður í 40 kg á tonn bræðslufisks og 55 kg á tonn fiskúrgangs. Líklegt er að raforka eða kol verði í framtíðinni notuð í stað olíu í fiskimjölsverksmiðjum. Ekki er þó reiknað með því hér, en staðan verður endurmetin reglulega. Nú er reiknað með að olíunotkunin þróist eins og meðfylgjandi töflur (3 og 4) sýna, miðað við 1 400 000 tonna árlegt bræðsluhráefni.

TAFLA 3.

Spá um olíunotkun á tonn bræðsluhráefnis.

	1980	1985	1990	1995	2000
Loðna og bræðslufiskur	60 kg	55 kg	50 kg	45 kg	40 kg
Fiskúrgangur	75 kg	70 kg	65 kg	60 kg	55 kg

TAFLA 4.

Spá um olíunotkun fiskimjölsverksmiðja (tölur í tonnum).

	1980	1985	1990	1995	2000
Loðna 1,0 Mt	60 000	55 000	50 000	45 000	40 000
Bræðslufiskur 0,2 Mt	12 000	11 000	10 000	9 000	8 000
Fiskúrgangur 0,2 Mt	15 000	14 000	13 000	12 000	11 000
	87 000	80 000	73 000	66 000	59 000

2. Grasköglaverksmiðjur nota nú árlega um 3 500 tonn af svartolíu til að framleiða 10 000 tonn af grasköglum. Reiknað er með að hvort tveggja tvöfaldist fram til aldamóta, enda er talið raunhæft að framleiða mun meira af kjarnfóðri innanlands en gert hefur verið hingað til.
3. Sementsverksmiðjan notar um 13 000 tonn af brennsluolíu árlega. Í athugun er að nota kol eða rafmagn í stað olíunnar, en niðurstaða liggur enn ekki fyrir. Hér er því gert ráð fyrir óbreyttri notkun.
4. Hvalur hf. notar 8—9 þús. tonn af svartolíu á hvalbátana og í hvalstöðinni. Nokkur óvissa ríkir um framhald hvalveiðanna, en í þessari spá er reiknað með að þessi liður haldist óbreyttur.
5. Fiskiskip, einkum skuttogarar og loðnuveiðiskip, munu í vaxandi mæli nota svartolíu í stað gasolíu. Reiknað er með að árið 2000 verði svartolíunotkun fiskiskipaflotans orðin 81 000 tonn í stað 13 000 tonna árið 1978, en að gasolíunotkunin verði þá 68 000 tonn í stað 140 000 tonna árið 1978 (sjá viðauka 2).
6. Svartolíunotkun annarra skipa en fiskiskipa er áætluð 3 000 tonn árið 1978. Þessi notkun mun aukast á næstu árum, m. a. vegna þess að Skipaútgerð ríkisins hyggst nota næstum eingöngu svartolíu á skip sín á komandi árum. Reiknað er með að notkunin vaxi örf fyrst í stað (15% á ári að meðaltali 1980—1985), en svo hægar (3% 1985—2000). Árið 2000 verður þessi notkun þá 9 000 tonn.
7. Önnur notkun brennsluolíu er talin munu vaxa úr 8 000 tonnum árið 1978 í 12 000 tonn árið 2000. Undir þennan lið fellur olíunotkun þeirra fjarvarmaveitna (R/O-veitna) sem fyrirhugaðar eru.

Niðurstöður olíuspárinnar, sem er lýst hér að framan, eru dregnar saman í töflu 6. Einnig sýnir mynd 1 niðurstöður olíuspárinnar en að auki olíusöluna 1972—1978.

TAFLA 5.

Sala á innfluttu eldsneyti 1972—1978 (tölur í þús. tonna).

Eldsneyti	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
Bensín	64,4	71,4	76,4	77,7	78,8	86,7	90,8
Flugvélabensín	2,2	2,7	2,4	2,2	2,1	2,2	2,3
Innlendir aðilar	1,7	1,7	1,6	1,6	1,5	1,6	1,5
Erlendir aðilar	0,5	1,0	0,8	0,6	0,6	0,6	0,8
Þotueldsneyti	79,2	76,7	70,9	62,9	60,4	65,8	67,2
Innlendir aðilar	50,1	56,5	53,2	49,1	46,0	48,7	53,0
Erlendir aðilar	29,1	20,2	17,7	13,8	14,4	17,1	14,2
Steinolía	1,3	1,8	1,6	1,7	1,8	1,7	1,5
Gasolía	303,0	332,3	337,2	334,5	300,7	309,7	308,0
Húshitun	152,7	159,6	141,7	134,1	111,3	104,3	95,4
Fiskiskip	75,1	85,5	110,1	120,9	118,3	130,1	138,6
Farskip	....	....	....	....	....	....	....
Bifreiðar	26,4	29,0	27,4	25,2	25,0	25,4	25,6
Raforkuvinnsla	10,7	19,7	18,2	17,9	13,5	16,3	12,2
Iðnaður o. a.	38,1	38,5	39,9	36,4	32,6	33,6	36,3
Brennsluolía	93,9	107,9	99,3	95,1	105,1	125,0	133,0
Samtals	544,0	592,8	587,9	574,1	548,9	591,1	602,8

TAFLA 6.

Spá um olíunotkun 1980—2000 (tölur í þús. tonna).

	1978	1980	1985	1990	1995	2000
Bensín	90,8	98	112	120	119	114
Flugvélabensín	2,3	2	2	3	3	3
Þotueldsneyti	67,2	43	50	58	67	78
Steinolía	1,5	2	2	3	3	3
Gasolía	308,0	244	189	170	169	170
Húshitun	90,4	55	12	1	1	1
Fiskiskip	138,6	108	93	80	74	68
Önnur skip	13,0	13	12	13	13	14
Bifreiðar og tæki	42,6	46	51	56	62	69
Raforkuvinnsla	12,2	10	9	8	7	6
Iðnaður o. a.	11,2	12	12	12	12	12
Brennsluolía	133,0	181	187	188	189	190
Fiskimjölsverksm.	84	87	80	73	66	59
Grasköggla verksm.	3	4	6	7	7	7
Sementsverksm.	13	13	13	13	13	13
Hvalstöðin	9	9	9	9	9	9
Fiskiskip	13	55	68	68	75	81
Önnur skip	3	3	6	7	8	9
Annað	8	10	10	11	11	12
Alls	602,8	570	542	542	550	558


Þús.tonn
600
500
400
300
200
100
Þotueldsneyti og annað
Bensín
Brennsluolía
Gasolía
1972
73
74
75
76
77
78
1980
1985
1990
1995
2000
Þingskjal 6

Mynd 1

Fylgiskjal III.

Úr skýrslu Karls Gunnarssonar jarðfræðings.
(Orkustofnun, ágúst 1980).

MYNDUN OLÍU.

Efnahagslegt mikilvægi jarðolíu hefur leitt til ákafra rannsókna á myndun og tilvist hennar í jarðlögum, og eru olíuvísindi orðin voldug grein á meiði jarðfræðinnar. Hér verður í stuttu máli greint frá því, á hvaða hátt og í hvernig umhverfi olía myndast, og er hér einkum stuðst við ágæta bók eftir Tissot og Welke (1978).

Olía er talin myndast úr leifum lífvera, sem setjast fyrir í seti á sjávarbotni eða í vötnum. Þær lífverur, sem leggja mest af mörkum, eru plöntu- og dýrasvif, en sums staðar er framburður plöntuleifa af landi einnig mikilvægur.

Setlög, sem innihalda meira magn kolefnis í lífrænum samböndum en 0.5% (af þyngd), teljast auðug af lífrænu efni frá sjónarhóli olíumanna. Á landgrunni meginlanda eru góð skilyrði fyrir þess háttar setmyndanir, þar sem mikil framleiðni á lífrænum efnum og heppileg upphleðsla sets er þar fyrir hendi.

Jafnvægi verður að vera á milli setmyndunarhraða, setgerðar og framboðs lífræns efnis til að það varðveitist og safnist fyrir í setinu. Fíngerður framburður (leir) safnar best í sig lífrænum efnum. Leirinn sest helst til í kyrru vatni. Hlaðist hann nógu hratt upp, lokar hann fyrir aðstreymi súrefnisríks vatns að lífrænu leifunum og varnar þannig rotnun. Hins vegar má upphleðsla setlaga ekki vera of hröð, ella verður lífræna efnið of útþynnt. Heppilegt umhverfi getur t. d. myndast í lónum, árósum, djúpum álum með kyrrstæðu vatni og í hlíðum landgrunna.

Ummyndun lífrænna efna í olíu getur aðeins orðið ef áframhaldandi upphleðsla setlaga grefur þau djúpt í jarðlagastaflann, svo þau hitni vegna eðlilegs hitastiguls jarðskorpunnar. Þróun lífrænna efna í olíu og gas má skipta í þrjú meginstig, sem ráðast af dýpt og hita.

Efst í setlagastaflanum myndast lítil olía, en lífræn efni breytast í svokölluð kerógenefni (diagenesis), sem eru hráefni fyrir olíumyndun.

Dýpra í staflanum, þar sem ákveðnu hitastigi er náð, taka kerógenin að breytast í olíu og gas (catagenesis), og kallast það „svæði mestu olíumyndunar".

Enn neðar verður hitastigið það mikið að olían brotnar niður og breytist í gas (metagenesis), aðallega metangas. Það er því á takmörkuðu dýptarbili, „vökvaglugganum", sem olía getur myndast eða haldist óskemmd.

Þetta líkan olíumyndunar má skilja sem þróunarferil lífræns efnis, sem grefst stöðugt dýpra í setlagastaflann, en einnig lýsir það ástandinu á mismunandi dýpi í staflanum á hverjum tíma. Þessi þróunarferill er sameiginlegur öllum setgerðum. Hins vegar er dýptarbil mestu olíumyndunar, svo og magn og gerð kolvetna sem myndast, afar breytilegt. Því veldur helst fjölbreytileiki lífrænu efnanna og samband hitastigs og aldurs setsins. Kerogen úr landplöntum mynda minni olíu en aðrar gerðir, en gætu myndað gas á miklu dýpi.

Þau efri og neðri mörk hitastigs í setstaflanum, sem afmarka olíumyndandi bilið, eru mjög háð tímalengd olíumyndunar og verða því lægri sem olíumyndun varir lengur. Erfitt er að líkja eftir áhrifum óralangs tíma jarðsögunnar í rannsóknarstofum, svo mest er stuðst við athuganir á misgömlum olíulindum í þessu efni (sjá t. d. Cornelius, 1975). Lægri mörkin fara allt niður í 50° C í setdældum frá fornlífsöld (fyrir um 400 millj. ára), en eru um 115° C í seti frá míósen-plíósentíma (fyrir um 5—10 millj. ára). Samsvarandi dýptargildi má setja frá rúmum kílómetra upp í tæpa þrjá kílómetra.

Efri hitastigsmörk olíumyndunar, þ. e. þegar öll olía breytist í gas, geta verið svo lág sem 100° C í gömlum setmyndunum, en eru oftast um 135° C. Í ungum olíusvæðum getur hitastig farið vel yfir 200° C án þess að olían hafi eyðst.

Hröð olíumyndun tekur um 5—10 millj. ára, en það telst hæg olíumyndun, sem tekur 100 millj. ára eða lengri tíma. Tími mestu olíumyndunar getur orðið langt á eftir myndun setlaganna, ef hlé verður á upphleðslu. Mikill fjöldi olíulinda var t. d. myndaður á krítar- og tertiertíma, óháð aldri setmyndananna.

Bergið, sem olía myndast í, köllum við móðurberg, en hér að framan var eiginleikum þess og skilyrðum í því lýst. Til þess að olía finnist í vinnsluhæfu formi, verður hún að hafa síast út úr móðurberginu og safnast fyrir í olíugildrum. Olía er töluvert léttari en salt vatn og hneigist því til þess að stíga upp á við í berginu. Hvort hún nær að síast út úr móðurberginu er háð flotmagni hennar og vídd groppanna (holanna) í berginu miðað við stærð olíudropanna. Einnig getur streymi vatns í berginu rekið á eftir og hjálpað til.

Olíugildrum má í grundvallaratriðum líkja við skál á hvolfi, gerða úr þéttu ógegndræpu bergi, sem kallast þá hettuberg (eða þakberg). Ef olía flýtur upp undir skálina, nær hún að stöðvast og safnast saman í geymsluberginu. Til þess að verulegt magn olíu safnist í geymslubergið, verður það að vera vel gropið (gljúpt), og groppuhlutfall góðs geymslubergs er oftast á bilinu 5—30%.

Algengastar eru olíugildrur sem myndast hafa við höggun jarðlaga. Sem dæmi má nefna andhverfur fellingamyndana, misgengi og rask setlaga kringum saltstólpa. Önnur gerð setgildra verður til vegna breytilegrar gerðar setmyndana, t. d. eins og þegar sandrif grafast í þéttan leirstein.

Hér hefur hinn margbreytilegi myndunarferill olíu verið rakinn, og ljóst er að fjölda skilyrða verður að uppfylla til þess að olía í vinnsluhæfu ástandi myndist. Lífrænt efni verður að vera nægilegt í setinu og af réttri gerð. Það þarf að færast á hæfilegt dýpi með áframhaldandi upphleðslu. Olían þarf tíma til að myndast og verður að geta síast úr móðurberginu. Á flakki sínu verður olían að hitta fyrir þétt hettuberg ofan á gljúpu geymslubergi og þau lagamót verða að mynda gildru svo olíupollur myndist.

Umfangsmiklar rannsóknir þarf jafnan til þess að meta möguleika á tilvist nýtanlegrar olíu í setmyndunum. Af yfirborðsrannsóknum eru endurkastsmælingar (seismic reflection) gagnlegastar. Þær felast í því, að myndaðar eru hljóðbylgjur á yfirborði með skotum, og endurköst eða bergmál frá lagamótum í setinu eru skráð. Fartími hljóðsins er því lengri sem lagamótin liggja dýpra. Með endurkastsmælingum má kortleggja lagamót og útbreiðslu einstakra setmyndana, og oft benda þær á líklegar olíugildrur. Nákvæm vitneskja um gerð bergs og hæfni þess til myndunar olíu fæst þó jafnan ekki nema með athugunum á bergsýnum og kostar það venjulega umfangsmiklar boranir.

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19 5. apríl 1971.

Flm.: Eiður Guðnason.

1. gr.

Á eftir 1. málslið 1. mgr. 2. gr. laganna komi:
Ríkisútvarpið útvarpar og sjónvarpar dagskrá hvern dag ársins um kring.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu ári voru fimmtíu ár liðin frá því að Ríkisútvarpið tók til starfa. Á þeirri hálfu öld, sem útvarpið hefur starfað, hefur dagskrá þess lengst jafnt og þétt og er nú svo komið að Ríkisútvarpið útvarpar dagskrá frá klukkan sjö að morgni nær alla daga fram undir og fram yfir miðnætti. Vaxandi kröfur eru uppi um enn lengri og fjölbreyttari útvarpsdagskrá: næturútvarp, aðra dagskrárrás og héraðsútvarp.

Sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins tók til starfa 30. september 1966 og hefur því á þessu hausti starfað í fimmtán ár. Dagskrá sjónvarps hefur lítið lengst frá því skömmu eftir að Sjónvarp hóf útsendingar. Hefur útsendingartími lengst af verið 20—25 klukkustundir á viku. Á þessu ári var dagskrá Sjónvarps raunar stytt vegna mikilla fjárhagsörðugleika stofnunarinnar.

Frá upphafi Sjónvarps hér á landi hefur það verið svo, að útsendingar hafa ekki verið á fimmtudögum né heldur í júlímánuði og raunar nú seinni árin nokkuð fram í ágúst.

Sú ákvörðun að hafa ekki sjónvarp á fimmtudögum mun á sínum tíma hafa átt rætur að rekja til þess, að við upphaf sjónvarps voru þeir býsna margir sem horfðu á alla dagskrána alla daga sem sent var út. Óttuðust menn að stofnun sjónvarps mundi hafa lamandi áhrif á félagsstarfsemi og fundahöld og væri því ákjósanlegt að hafa einn sjónvarpslausan dag. Það mun og hafa átt sinn þátt í þessari ákvörðun að nauðsyn var talin bera til að hafa einn dag vikunnar, þar sem ekki væri útsending, til þess að fámennu starfsliði á upphafsárum Sjónvarpsins gæfist kostur að hlúa að og viðhalda tækjakosti stofnunarinnar sem að hluta var fenginn gamall erlendis frá.

Nú eru fimmtán ár síðan Sjónvarpið tók til starfa. Félagslíf hefur aðlagast tilvist og tilveru þessa fjölmiðils, sem hvorki verður séð að hafi lamað félagslíf né menningarstarfsemi — miklu fremur hið gagnstæða. Þá hefur starfsliði Sjónvarps fjölgað verulega og eru því röksemdir fimmtudagslokunar brott fallnar.

Ekki verður séð að sú ákvörðun að loka Sjónvarpi vegna sumarleyfa starfsfólks í júlímánuði hafi verið ætluð til frambúðar. Hún var til komin af illri nauðsyn. Er sjónvarp hófst voru fáir einstaklingar sem kunnu til verka við þá tækni sem þar er beitt, og þeir störfuðu nær allir hjá Sjónvarpinu. Nú er nægu tækni- og dagskrármenntuðu starfsfólki til að dreifa í landinu sem getur leyst fasta starfsmenn Sjónvarps af í sumarleyfum, þannig að meginrök fyrir sumarleyfislokun, sem voru í upphafi, eru ekki lengur til staðar. Þá er þess að geta, að vaxandi óánægju virðist gæta með sumarlokun Sjónvarps. Hefur þess ekki síst orðið vart hjá öldruðu fólki, öryrkjum, sjúklingum og þeim sem ýmissa hluta vegna eiga ekki heimangengt, en eru tryggustu áhorfendur sjónvarpsins. Ríkisútvarpið hefur vissulega skyldum að gegna gagnvart þessum aðilum.

Víst er að fullfrískt fólk, sem fer allra sinna ferða, saknar ef til vill ekki sjónvarps um hásumarið, en það er ekki meginatriði þessa máls. Þetta frumvarp er flutt til að taka af tvímæli um að útvarpa skuli og sjónvarpa alla ársins daga og að með því verði bætt og aukin þjónusta þessarar mestu menningarstofnunar okkar, sem er sameign íslensku þjóðarinnar.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Sþ. 8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um endurskoðun fjarskiptalaga.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög um fjarskipti, nr. 30 27. júní 1941 og leggja frumvarp til nýrra fjarskiptalaga fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Núgildandi fjarskiptalög eru 40 ára gömul. Þau veita íslenska ríkinu einkarétt til allra fjarskipta á Íslandi, í íslenskri landhelgi og í íslenskri lofthelgi. Einnig veita lögin ríkinu einkarétt til innflutnings og hvers konar viðskipta með fjarskiptatæki, nær hverju nafni sem nefnast, en veita jafnframt ráðherra víðtækar undanþáguheimildir.

Að nokkru bera fjarskiptalögin með sér að þau eru samin á ófriðartímum, og þau taka að sjálfsögðu fyrst og fremst mið af þeirri tækni sem mönnum var tiltæk í þessum efnum fyrir 40 árum.

Það er ekki of sterkt til orða tekið, þótt fullyrt sé að síðan lögin voru sett hafi orðið bylting í fjarskiptatækni, og fram undan eru í þeim efnum örari breytingar en okkur kann að óra fyrir. Úrelt löggjöf má ekki standa í vegi þess, að almenningur fái notið þeirra framfara sem ný og breytt fjarskiptatækni hefur í för með sér, en það gerir núgildandi löggjöf að ýmsu leyti.

Sþ. 9. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en kom eigi til umræðu vegna anna undir þinglok. Þá fylgdi henni svohljóðandi greinargerð:

Ísland hefur tekið þátt í störfum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, frá því hún var stofnuð árið 1960. Undanfari þeirrar stofnunar var Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, OEEC, en Ísland tók einnig þátt í starfi hennar frá stofnun á árinu 1948.

Árið 1974 var komið á fót sjálfstæðri stofnun innan vébanda OECD, Alþjóðaorkustofnuninni (International Energy Agency — IEA). Stofnunin var sett á laggirnar með ákvörðun ráðs OECD. Fulltrúi Íslands í ráðinu greiddi atkvæði með þeirri ákvörðun.

Á árunum næst þar á undan hafði athygli ríkjanna innan OECD í vaxandi mæli beinst að hinu ótrygga ástandi í olíuviðskiptum í veröldinni. Árið 1971 var í ráði OECD samþykkt tillaga þar sem aðildarríki stofnunarinnar voru hvött til að ná sem fyrst því marki að eiga 90 daga olíubirgðir. Ísland greiddi atkvæði með þeirri tillögu. Árið 1972 samþykkti ráð OECD ákvörðun um neyðaráætlanir og ráðstafanir og úthlutun olíubirgða á neyðartímum á svæði stofnunarinnar í Evrópu. Ísland greiddi einnig atkvæði með þessari ákvörðun.

Þegar á reyndi kom hins vegar í ljós að þetta viðbúnaðarkerfi OECD-ríkjanna dugði ekki. Það brást í olíukreppunni 1973—1974. Sú staðreynd leiddi til þess, að ákveðið var að koma samstarfi ríkjanna í þessum efnum á traustari grunn. Það var gert með stofnun Alþjóðaorkustofnunarinnar. Aðilar að henni eru nú öll aðildarríki OECD, nema Frakkland, Ísland og Finnland. 21 aðildarríki af 24 taka þátt í starfi Alþjóðaorkustofnunarinnar, þeirra á meðal Noregur, Danmörk og Svíþjóð.

Grundvöllur Alþjóðaorkustofnunarinnar er Samningur um alþjóðaorkuáætlun sem greinist í tíu meginþætti: 1. Neyðarbirgðir olíu. 2. Takmörkun á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum. 3. Úthlutun á olíu á neyðartímum. 4. Framkvæmd neyðarráðstafana. 5. Upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn. 6. Aðstaða til samráðs við olíufélög. 7. Langtímasamstarf í orkumálum. 8. Tengsl við olíuframleiðslu- og notkunarlönd. 9. Ákvæði um stjórnun og almenn atriði. 10. Lokaákvæði. Viðauki: Neyðarbirgðir olíu.

Samkvæmt fyrsta kafla samningsins skulu aðildarríkin eiga að minnsta kosti 90 daga neyðarbirgðir af olíu. Miðað við það, sem var árið 1979, skortir Ísland 54 daga birgðir til að ná þessu marki.

Um það er ekki ágreiningur hér á landi, að nauðsyn er að auka olíubirgðir í landinu, og fylgir því nokkur kostnaður. Hins vegar fæst með því nauðsynlegt öryggi fyrir mannlíf og atvinnulíf. Að mati flutningsmanna verður því markmiði best náð að tryggja hér nægar olíubirgðir, að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

Í lok október 1979 ákvað íslenska ríkisstjórnin að efna til könnunarviðræðna við Alþjóðaorkustofnunina um hugsanlega aðild Íslands að stofnuninni. Í janúar 1980 var skipuð nefnd til að kanna náið málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar. Sú nefnd hefur skilað ítarlegri skýrslu (Júní 1980: Skýrsla nefndar til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar). Um rökstuðning fyrir samþykkt þessarar þingsályktunartillögu vísast að öðru leyti til þeirrar skýrslu.

Nd. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um héraðsútvarp.

Flm.: Benedikt Gröndal, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Héraðsútvarp fer fram á vegum sjálfseignarstofnana á þann hátt sem greinir í lögum þessum.

Útvarpa má eingöngu á örbylgjum (FM), sem Landssími Íslands leyfir.

Héraðsútvarp skal háð öllum þeim ákvæðum útvarpslaga, nr. 19/1971, sem við geta átt.

2. gr.

Héraðsútvarp einbeitir sér að efni, sem framleitt er í viðkomandi héraði eða snertir það sérstaklega. Það leggur áherslu á staðbundnar fréttir og auglýsingar, en má ekki flytja það efni á sama tíma og fréttir eða auglýsingar eru fluttar í Ríkisútvarpinu.

Héraðsútvarp má vera helgað sérstöku efnisvali, enda brjóti það ekki í bága við útvarpslög.

Héraðsútvarpi er heimilt að endurvarpa eins miklu af dagskrá Ríkisútvarpsins og það óskar án endurgjalds, og skal það ekki hafa áhrif á greiðslutaxta útvarpsins fyrir efni.

Ríkisútvarpinu er heimilt að útvarpa hverju því af efni héraðsútvarps, sem það óskar, án sérstaks endurgjalds. Þó skal Ríkisútvarpið greiða höfundum og flytjendum mismun á greiðslutaxta héraðsútvarps og þess sjálfs fyrir aðfengið efni.

3. gr.

Stofnanir héraðsútvarps geta verið fleiri en ein á hverju svæði.

Héraðsútvarpi stýrir héraðsútvarpsráð skipað sjö mönnum. Það fer með alla stjórn stofnunarinnar, þar á meðal dagskrárstjórn.

Stjórnir sveitarfélaga, sem samþykkja aðild og sendistöð nær til, kjósa sex stjórnarmenn og hafa atkvæðamagn í hlutfalli við íbúafjölda. Útvarpsráð kýs einn stjórnarmann. Héraðsútvarpsráð kýs sér formann, varaformann og ritara.

Sveitarstjórnir geta falið samtökum einstaklinga rekstur héraðsútvarpsstöðvar, og gilda þá sömu ákvæði um stjórn og lög þessi að öðru leyti.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um kosningu og störf héraðsútvarpsráða.

4. gr.

Sveitarstjórnir skulu á þriggja ára fresti endurnýja ákvarðanir um héraðsútvarp. Sé það gert skal á ný kosið til héraðsútvarpsráðs.

Berist menntamálaráðherra rökstuddar kvartanir um hlutdrægni héraðsútvarps er honum heimilt að veita viðkomandi stofnun áminningu. Berist ítrekaðar kvartanir og sé rökstudd ástæða til að ætla sex mánuðum síðar að gróf hlutdrægni haldi áfram getur ráðherra svipt viðkomandi stofnun útvarpsleyfi.

5. gr.

Héraðsútvarpsráð ræður framkvæmdastjóra fyrir héraðsútvarp. Hann ræður annað starfsfólk að fenginni umsögn ráðsins.

6. gr.

Tekjur héraðsútvarps skulu vera sem hér segir:

1) Auglýsingatekjur.
2) Leggja skal 10% á söluskattsstofn myndbandstækja, myndbanda, segulbandstækja og segulbanda. Útvarpsráð og útvarpsstjóri skipta þessum tekjum milli héraðsútvarpsstöðva.

7. gr.

Menntamálaráðherra ákveður auglýsingataxta fyrir hvert héraðsútvarp.

8. gr.

Ríkisútvarpið veitir héraðsútvarpi hvers konar aðstoð sem það hefur kost á.

Útvarpsstjóri efnir árlega til fundar þar sem mæta formenn og framkvæmdastjórar héraðsútvarpsstofnana og Ríkisútvarpsins. Þar skal fjalla um sameiginleg hagsmunamál og greiða úr hugsanlegum árekstrum. Leysist deilur ekki skal menntamálaráðherra skera úr.

9. gr.

Verði sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum þessum lögð niður renna eignir hennar til Ríkisútvarpsins.

10. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um starfsemi héraðsútvarps samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stórstígar framfarir hafa orðið í útvarpstækninni á síðari árum og er hún mun einfaldari og ódýrari en áður var. Af þessum sökum hafa komið fram kröfur um mun meira og fjölbreyttara útvarp en áður, svo og um staðbundið útvarp og sérhæft á ýmsa lund.

Flestar þjóðir hafa á einhvern hátt komið til móts við þessar kröfur, en hafi stjórnvöld ekki gert það hefur víða komið til ólöglegs einkaútvarps, og skipta slíkar stöðvar tugum og hundruðum í sumum löndum.

Algengast hefur verið að mæta þessum nýju aðstæðum með einhvers konar héraðsútvarpi, þ. e. staðbundnum smástöðvum. Þröngt er um útvarpsstöðvar á langbylgju (sem Ríkisútvarpið notar fyrir aðalstöð sína) og miðbylgju. Hins vegar er rúmt á örbylgju (FM), enda eru stöðvar þar ekki langdrægar og að ýmsu leyti takmarkaðar. Hér er því gert ráð fyrir að íslenskt héraðsútvarp noti eingöngu FM-bylgjur.

Hér á landi hafa verið háværar óskir um fjölbreyttara og frjálsara útvarp. Hefur þótt einhæft að hafa aðeins eina dagskrá Ríkisútvarpsins, auk útvarpsstöðvar varnarliðsins sem mikið er hlustað á við Faxaflóa. Ógerningur er að uppfylla helstu óskir um útvarp með einni dagskrá, hversu vel sem hún er úr garði gerð. Til þess mun þurfa að minnsta kosti þrjár: eina aðallega fyrir talað mál, aðra fyrir dægurtónlist og hina þriðju fyrir aðra tónlist og ýmislegt menningarefni.

Með þessu frumvarpi er reynt að koma til móts við óskir um fjölbreyttara útvarp á þann hátt sem helst virðist raunhæfur við íslenskar aðstæður. Enda þótt héraðsútvarp verði háð útvarpslögunum eins og við getur átt (sérstaklega hvað markmið og óhlutdrægni snertir), mun það njóta mikils frjálsræðis um dagskrárgerð og geta komið við mikilli fjölbreytni. Því yrðu aðeins takmarkanir settar hvað starfslið snertir, en fámennt lið þýðir óhjákvæmilega einfalda dagskrárgerð. Þrátt fyrir það — og stundum einmitt vegna þess — verður furðumargt hægt að gera og margvíslegar skoðanir um hvers kyns áhugamál ættu að geta fengið útrás.

Óþarfi er að fjalla sérstaklega um hverja grein þessa frumvarps, þær eru auðskildar, en nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Sþ. 11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um staðarval stóriðnaðar á Norðurlandi.

Flm.: Lárus Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna sérstaklega nauðsyn eflingar atvinnulífs á Norðurlandi eystra og kosti þess að velja þar stóriðnaði stað, t. d. í grennd Akureyrar eða Húsavíkur.

Greinargerð.

Tillaga til þingsályktunar, samhljóða þessari, var lögð fram á síðasta löggjafarþingi, en varð ekki útrædd. Þá fylgdi henni eftirfarandi greinargerð sem enn er í fullu gildi. Þó hefur áfram hallað á ógæfuhliðina, jafnvel örar en svartsýnustu menn óraði fyrir.

„Samdráttar hefur víða gætt í atvinnulífi á liðnum vetri. Ástandið er greinilega langtum verst á Norðausturlandi ef marka má opinberar tölur um atvinnuleysisskráningu. Ef frá eru taldir þeir sjávarútvegsstaðir, sem skortir hráefni, hefur atvinnuleysi orðið mest í stærstu kaupstöðunum, t. d. voru 120 manns á atvinnu-

leysisskrá á Akureyri í janúar. Þessi samdráttur á vafalítið rætur að rekja til öfugsnúinnar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, t. d. í vaxtamálum, gengis- og verðlagsmálum, auk húsnæðismála. Að því leyti er vandinn tímabundinn. Ástæða er þó til að ætla að til viðbótar sé um verulegan frambúðarvanda að ræða í eflingu atvinnulífsins, einkum á Akureyri og Húsavík, þar sem vaxtarbroddurinn er í iðnaðar- og þjónustugreinum.

Á Akureyri voru um 60% vinnuaflsins hjá 11 stærstu fyrirtækjum bæjarins árið 1970, en nú eru 70% vinnuaflsins hjá einvörðungu 7 fyrirtækjum, þ. á m. sjúkrahúsinu og Akureyrarbæ. Þessi stóru fyrirtæki: Útgerðarfélag Akureyringa, Verksmiðjur SÍS, Slippstöðin, Niðursuðuverksmiðja K. Jónsson & Co., svo nokkur séu nefnd, eiga öll í erfiðleikum vegna atvinnumálastefnu ríkisstjórnarinnar. T. d. mun lækkun lána til innlendrar skipasmíði og öll fyrirgreiðsla stjórnvalda á sviði skipasmíða verða Slippstöðinni þung í skauti, en þar vinna 300 manns. Kjarni málsins er þó sá, að öll fyrrnefnd fyrirtæki virðast ekki líkleg til þess að vaxa umfram núverandi stærð og umsvif, jafnvel þótt úr rætist með atvinnustefnu stjórnvalda. Þess er m. ö. o. ekki að vænta, að hjá þeim verði til nauðsynleg ný atvinnutækifæri á næstu árum, ef ungt fólk, sem kemur á vinnumarkaðinn, á að geta fest rætur og heimili á Akureyri.

Svipuðu máli gegnir um Húsavík. Þar virðist fiskiðnaðurinn vart bæta við sig verulegu vinnuafli og aðrar iðngreinar á Húsavík flestar bundnar þjónustu við heimamarkað. Nýr vaxtarbroddur er því nauðsynlegur þar til eflingar atvinnulífsins ekki síður en á Akureyri og hafa bæjaryfirvöld þar sýnt á þessu sérstakan skilning með athugunum á að koma á fót nýjum iðngreinum á Húsavík, m. a. pappírsverksmiðju, sem kunnugt er.

Afar þýðingarmikil rök fyrir því að velja stórfyrirtækjum stað í grennd við öfluga þéttbýlisstaði felast í þeirri staðreynd, að einmitt þar hefur ný atvinnustarfsemi mest áhrif til eflingar annarra iðn- og þjónustugreina. Slíkt staðarval hefur því mest áhrif á byggðaþróun í landinu sem unnt er að ná með einni ákvörðun. Akureyri er sem kunnugt er stærsti þéttbýlisstaður utan höfuðborgarsvæðisins og þar er fyrir öflugastur iðnaður og þjónustugreinar á landsbyggðinni. Áætla má að fyrirtæki, sem veitir 400 manns atvinnu, muni örva aðra atvinnustarfsemi í Eyjafirði þannig að um 600 ný atvinnutækifæri hlytust af staðarvali slíks stórfyrirtækis til viðbótar. Þannig yrði fjöldi nýrra atvinnutækifæra 1000 og íbúafjölgun a. m. k. 3000 manns vegna staðarvalsins. Á hinn bóginn yrði íbúafjölgun minni og færri ný atvinnutækifæri sem hlytust af staðarvali slíks fyrirtækis í 1000 manna héraði, en félagslegar aðstæður allar gjörbreytast þar sem hefðbundnar atvinnugreinar væru væntanlega einar til staðar í slíku byggðarlagi. Um framangreindar niðurstöður á þeim áhrifum, sem staðarval stórfyrirtækja hefur í atvinnu- og byggðaþróun, liggja fyrir reynsluathuganir, m. a. í Noregi.

Orkufrekur iðnaður kemur auðvitað sérstaklega til greina í framangreindu skyni. Þar sem orkukerfi landsins verður allt samtengt innan skamms yrði staðarval slíkra stórfyrirtækja í grennd við Akureyri eða Húsavík lítt háð stórvirkjunarstöðum, en um orkuþáttinn í þessu sambandi vísast til frv. sjálfstæðismanna um nýjar stórvirkjanir á þessum áratug."

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um smærri hlutafélög.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu sérlaga um smærri hlutafélög.

Greinargerð.

Árið 1978 voru sett á Alþingi ný lög um hlutafélög, nr. 32 frá 12. maí 1978, og öðluðust þau gildi í öllum meginatriðum 1. janúar 1980. Lögin leystu af hólmi lög nr. 77 frá 27. júní 1921, ásamt síðari breytingum, en þau lög voru talin ófullnægjandi, m. a. vegna mikilla breytinga sem orðið höfðu á atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar á þeim tíma er liðinn var frá setningu þeirra.

Nýju hlutafélagalögin eru mun ítarlegri en þau eldri, eins og vel má marka af fjölda lagagreinanna, en í fyrrnefndu lögunum eru þær 163 talsins á móti 60 í þeim síðarnefndu.

Við samningu lagafrumvarpsins var höfð hliðsjón af dönsku hlutafélagalögunum (aktieselskabsloven) frá 1973. Í athugasemdum við frumvarpið segir einnig að við samningu þess hafi verið „reynt að líta til íslensks fjárhagskerfis og þjóðfélagshátta".

Alþingi hafði frumvarpið til meðferðar árin 1977 og 1978 og gerði á því nokkrar breytingar. Frumvarpið var síðar afgreitt sem lög frá Alþingi í lok vorþings 1978. Af þingskjölum og umræðum um frumvarpið á þingi virðist mega ráða að góð samstaða hafi ríkt um endanlega afgreiðslu þess.

Hlutafélagalögin hafa yfirleitt hlotið fremur góða dóma. Þær raddir hafa þó heyrst er telja lögin að ýmsu leyti óheppileg fyrir íslensk hlutafélög og ýmis ákvæði þeirra óþarflega ströng í garð smærri félaga. Þessa gagnrýni má meðal annars lesa í grein sem lögfræðingur Landssambands iðnaðarmanna ritar í Tímarit lögfræðinga á síðasta ári. Þar segir orðrétt:

„Sjálfsagt hafa flestir verið sammála um, að nauðsyn hafi borið til að setja ný hlutafélagalög, þar sem félagsform þetta hefur haft mikla þýðingu í íslenskum atvinnurekstri og hlutafélög hérlendis eru fjölmörg. Flest þeirra eru hins vegar mjög lítil. Ófrávíkjanlegar kröfur, sem gerðar eru í nýju hlutafélagalögunum, m. a. um stofnun hlutafélaga, stjórnun þeirra og rekstur almennt, eru bæði ítarlegar og strangar... Spurning er hvort ýmsar þær kröfur, sem koma fram í hlutafélagalögum, séu ekki óþarflega strangar, a. m. k. þegar um lítil fyrirtæki er að ræða."

Hlutafélagaskrá viðskiptaráðuneytisins annast skráningu íslenskra hlutafélaga. Fyrr á þessu ári var gerð athugun hjá skránni sem annars vegar laut að stærð hlutafélaga með tilliti til upphæðar hlutafjár og fjölda hluthafa og hins vegar því, hvort félögin væru opin eða lokuð. Náði athugunin til allra hlutafélaga sem voru stofnuð og skráð árið 1980 en þau voru 85 talsins. Niðurstöður þessarar athugunar hafa nokkurt gildi fyrir þingsályktunartillöguna og þykir rétt að gera stutta grein fyrir þeim.

1. Stærð hlutafélaga með tilliti til fjölda hluthafa og upphæðar hlutafjár.

Samkvæmt hlutafélagalögum geta hluthafar fæstir verið fimm og lágmarksfjárhæð hlutafjár er 2 millj. gkr.

Athugunin leiddi í ljós, að í 52 hlutafélögum (rúmum 61% þeirra félaga sem athugunin tekur til) var hlutafé 10 millj. gkr. eða lægra og hluthafar 5—7. Þar af voru hluthafar í 19 félögum aðeins 5 talsins og hlutafé á bilinu 2—3 millj. gkr.

Í 15 félögum (tæp 18%) voru hluthafar annaðhvort 8—10 og hlutafé 2—10 millj. gkr. eða 5—10 og hlutafé 10, 1—40 millj. gkr.

Í 18 félögum (rúm 21%) voru hluthafar fleiri en 10 eða hlutafé yfir 40 millj. gkr.

2. Opin eða lokuð hlutafélög.

Viðtækar hömlur eru á viðskiptum með hluti hjá þeim félögum sem athugunin tekur til.

Hjá öllum félögunum að þremur undanskildum eiga félag og hluthafar forkaupsrétt við eigendaskipti að hlut, sbr. 19. gr. hlutafélagalaga. Hjá jafnmörgum félögum er krafist samþykkis félags svo hluthöfum sé heimilt að veðsetja hlut, sbr. 20. gr. laganna. Hins vegar er fátíðara að samþykki félags sé áskilið ef hluthafi vill selja hlut sinn í félagi. Hjá 20 félögum er þó slíkt samþykki áskilið.

Í 32 félaganna eiga 2 hluthafar 67—98% af hlutafénu og virðist þátttaka annarra hluthafa einungis vera til þess að fullnægja kröfu hlutafélagalaga um 5 hluthafa.

Miðað við þá forsendu, að nöfn hluthafa og sömu heimilisföng geti veitt vísbendingu um fjölskyldutengsl, gefur athugunin til kynna að meiri hluti félaganna sé lítil fjölskyldufyrirtæki. Má t. d. geta þess, að út frá nefndum forsendum er meiri hluti hluthafa í 44 félaganna úr sömu fjölskyldu.

Þá kemur fram í athuguninni að sárasjaldan hefur farið fram almennt útboð á hlutum við stofnun félaganna, heldur skrifa stofnendur sig fyrir öllu hlutafé.

Eitt atriði má nefna til viðbótar, sem athugunin tekur reyndar ekki til, en hefur þýðingu um hvort félög verði talin opin eða lokuð, en það er útgáfa hlutabréfa. Að mati kunnugra manna er mikill misbrestur á því, að hlutabréf hafi verið gefin út í hlutafélögum, og bendir það til lítilla viðskipta með hluti í félögunum sem aftur á móti gefur til kynna að félögin séu lokuð.

Niðurstöður þessarar athugunar bera með sér að hlutafélög, sem hún tekur til, séu yfirleitt bæði smá og lokuð og er það í samræmi við það sem kunnugir hafa almennt talið að gildi um íslensk hlutafélög. Niðurstöðurnar koma einnig í meginatriðum heim og saman við það sem kemur fram í athugasemdum við frumvarp til hlutafélagalaga, en þar segir að athuganir, sem hafi verið gerðar, sýni að í meiri hluta hlutafélaga sé hlutafé mjög lítið og í langflestum félaganna séu örfáir hluthafar. Í athugasemdunum segir einnig að almenningur leggi ekki fé sitt í hlutafélög og viðskiptahömlur séu algengar hjá félögunum.

Um það er ekki deilt, að frumhlutverk hlutafélagalaga er að gera hlutafélagsformið að eftirsóknarverðu formi fyrir atvinnustarfsemi. Víða í Vestur-Evrópu hefur löggjafinn verið þess meðvitandi að þær kröfur, sem rétt þykir að gera til stærri hlutafélaga, eiga alls ekki við um smærri og lokuð hlutafélög. Hefur þetta leitt til þess, að sérstök lög hafa verið sett um smærri félögin. Lög af þessu tagi voru fyrst sett í Þýskalandi 1892. Á Norðurlöndunum hafa Danir einir sett slík lög (anpartsselskabsloven), en í Svíþjóð hafa verið samdar tillögur að frumvarpi til slíkra laga (Förslag till andelsbolag).

Að vísu eru lög um stærri hlutafélög í löndum Vestur-Evrópu að ýmsu leyti enn strangari en íslensku hlutafélagalögin, t. d. gera þau meiri kröfur um lágmarksfjárhæð hlutafjár. Engu að síður virðist mega taka undir þá gagnrýni, að ýmis ákvæði íslensku laganna henti illa lokuðum og smærri félögum eins og meiri hluti íslenskra hlutafélaga er. Virðist vera full ástæða til þess að undirbúa setningu sérlaga um þau. Tvö dæmi má nefna til skýringar:

1. Hlutafélagalögin gera stjórnkerfi smærri hlutafélaga þungt í vöfum. Hluthafafundir fara með æðsta ákvörðunarvald, en minnst þriggja manna stjórn fer með málefni félagsins milli funda. Stjórn er skylt að ráða framkvæmdastjóra ef hlutafé er 30 millj. gkr. eða hærra. Hér er krafan um þriggja manna stjórn óþarflega ströng þegar um er að ræða smærri félög sem e. t. v. eru lokuð og í eigu einnar eða tveggja fjölskyldna. Til greina kemur að taka upp svipaða reglu í smærri hlutafélögum og gildir um smærri „anpartsselskaber". Þar gegnir framkvæmdastjóri, einn eða fleiri eftir atvikum, störfum stjórnar auk þess að

annast daglegan rekstur. Þessi tilhögun horfir til einföldunar og í mörgum tilvikum til sparnaðar.

2. Skv. 108. gr. hlutafélagalaga er hlutafélögum skylt að leggja í varasjóð minnst 1/10 hluta þess árságóða sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, uns varasjóðurinn nemur 1/10 hluta hlutafjárins. Þegar því marki er náð skulu framlög vera minnst ⅕ hluti þar til sjóðurinn nemur ¼ hluta hlutafjárins.

Skylda til að leggja í varasjóð er einkum hugsuð sem tryggingarráðstöfun og sem slík hefur hún fyrst gildi þegar hlutafé er umtalsvert. Í smærri hlutafélögum skapar þessi skylda hins vegar ekki tryggingu sem eitthvað hefur að segja. Er því óhætt að létta henni af smærri hlutafélögum. Í lögum um „anpartsselskaber" er ekki að finna ákvæði um skyldu til að leggja í varasjóð.

Sem dæmi um önnur ákvæði, er ekki henta smærri og lokuðum félögum, mætti taka hinar ströngu formreglur um stofnun hlutafélaga og hækkun hlutafjár og er þá fátt eitt talið.

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um orlofsbúðir fyrir almenning.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að gera tillögu um hvernig nota skuli jarðeignir í eigu ríkissjóðs og stofnana ríkisins undir skipulögð orlofsbúða- og útivistarsvæði fyrir almenning.

Nefndin skal gera tillögur um landnýtingu í þessu skyni í þágu einstaklinga, félaga og samtaka, sem áhuga hafa á að koma sér upp orlofsdvalar- og útivistaraðstöðu til eigin nota. Nefndin skal einnig gera tillögur um hvaða reglur skuli settar í því sambandi, hvaða leigugjöld skuli greidd og hvaða jarðeignir ríkissjóðs og stofnana ríkisins komi til greina að nýta í þessu sambandi.

Nefndin skal ljúka störfum á árinu 1982 og skila forsetum Alþingis skýrslu um niðurstöður sínar.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Stærsti landeigandi á Íslandi er þjóðin sjálf. Í umboði þjóðarinnar fara ríkisvaldið og stofnanir þess með umsýslu á fjölmörgum bújörðum og öðrum jarðeignum. Mörgum þessara jarða fylgja umtalsverð hlunnindi. Sumar jarðirnar eru nýttar til búskapar og leigðar ábúendum. Aðrar eru ýmist ekki nýttar með slíkum hætti ellegar leigðar út fyrst og fremst vegna ýmissa hlunninda sem þeim fylgja.

Þegar þetta er skrifað liggur ekki ljóst fyrir hversu miklar eignir er hér um að ræða, sem jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins hefur umsjá með svo og þær jarðeignir aðrar sem eru í umsjá annarra aðila og stofnana ríkisins. Ekki er heldur ljóst né finnanlegar á einum stað upplýsingar um með hvaða hætti þessar jarðeignir eru nýttar — hvaða jarðnæði nýtt er og hvernig og hvaða leigugjald er greitt. Þó er vitað að mjög margar jarðeignir ríkissjóðs og stofnana ríkisins eru ekki nýttar til búskapar nema að hluta til, en margar hverjar leigðar fyrir lága leigu vegna ýmissa hlunninda sem jörðunum fylgja. Er þar m. a. um að ræða ýmsar

kostamiklar jarðeignir, jarðeignir í fögru umhverfi og jarðeignir sem umtalsverð hlunnindi fylgja, svo sem veiðiréttur.

Á sama tíma og þjóðin er stærsti landeigandi í eigin landi, ef litið er til þeirra jarða sem ríkið og stofnanir þess fara með, er stöðugt verið að kreppa að almenningi hvað varðar umgengni og afnot af landi. Í heilum héruðum er jafnvel bönnuð berjatínsla. Enn frekari bönn liggja við veiðiskap af ýmsu tagi og er að minnsta kosti hæpið að sum þau bönn eigi stoð í lögunum. Þá er einnig stöðugt erfiðara fyrir almenning að fá aðgang til almennrar útivistar nema þá á sérstökum afmörkuðum svæðum á landinu, og er jafnvel orðið erfitt að fá leyfi til að slá niður tjöldum á alfaraleiðum. Þá hefur það einnig gerst í vaxandi mæli að fólk, einkum í þéttbýli, hefur öðlast áhuga á að reisa sér sumarbústaði úti á landsbyggðinni til þess að breyta með þeim hætti um umhverfi hluta ársins og komast í snertingu við íslenska náttúru. Eru ýmsir örðugleikar á slíku, bæði að fá leyfi og eins fara leigugjöld fyrir afnot af slíkum svæðum ört hækkandi.

Þá hefur að sama skapi aukist áhugi almennings á veiðiskap hvers konar, og enda þótt það sé viðurkennd staðreynd að flestöll fiskivötn á Íslandi séu ofsetin, svo til skaða horfir, þá er víða amast við veiðiskap almennings eða gerðar kröfur um há leigugjöld enda þótt aðstaða, sem veitt er á móti, sé oft af mjög skornum skammti.

Við þessar aðstæður er eðlilegt að athugað sé hvort stærsti jarðeigandi á Íslandi, íslenska þjóðin sjálf, eigi ekki að nýta jarðnæði sitt fyrir sjálfa sig. Með tillögu þessari er lagt til að svo verði gert, Alþingi kjósi nefnd til þess að gera tillögur um fyrirkomulag þjóðarnota á þjóðarjörðum þannig að almenningur fái aðgang bæði til útivistaraðstöðu og til þess að koma sér upp orlofsaðstöðu á ríkisjörðum gegn hóflegu gjaldi.

Sérstök athygli skal vakin á því, að með tillögu þessari er ekki lagt til að bújarðir í eigu ríkissjóðs og stofnana ríkisins, sem nýttar eru til búskapar, verði teknar úr byggð, heldur að áherslan sé lögð á þær jarðir sem nú eru ekki nýttar í slíku skyni, en hafa upp á að bjóða náttúrufegurð svo og aðra þá aðstöðu sem eftirsóknarverð kann að vera fyrir almenning. Að sjálfsögðu koma þar margs konar nytjar til greina því þarfir fólks til umgengni við land sitt eru margvíslegar og misjafnar, en slíkri tillögugerð þurfa að sjálfsögðu að fylgja hugmyndir um reglur og gjöld sem setja þarf til þess að tryggja gróðurvernd og góða umgengnishætti við landið.

Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir því, að umrædd nefnd, sem Alþingi kjósi, ljúki störfum á árinu 1982 og skili forsetum Alþingis skýrslu um niðurstöðu sína. Gætu þá niðurstöður orðið hvort heldur sem er tilefni til almennrar lagasetningar um aðgang almennings að jarðnæði í almenningseign eða til annarra aðgerða á sviði skipulagsmála, leigumála eða sölumála á landi ríkisins í því skyni.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á undanförnum þingum flutt ýmis þingmál um þjóðareign á landi og aðgang og afnot íslensku þjóðarinnar af eigin landi. Með flutningi slíkra þingmála hafa þingmenn Alþýðuflokksins lagt til að þeim fjölmenna hópi þjóðfélagsþegna, sem nefndur hefur verið „hinn landlausi almenningur", verði veittur aðgangur að landi því sem allir eru sammála um að sé eign alþjóðar þegar um er að ræða fjárþarfir þess vegna, en lítill hópur manna telur sig eiga allan umráðarétt yfir þegar um aðgang og afnot er að ræða. Á þinginu í vetur munu þingmenn Alþýðuflokksins flytja þessa stefnu með nýjum hætti — þ. e. a. s. í stað þess að flytja hana í formi þingsályktunartillögu um almenna stefnumörkun munu þeir flytja mörg sjálfstæð þingmál er lúta að hverjum einstökum þætti þess máls að tryggja þjóðarheildinni afnota- og umgengnisrétt yfir eigin landi.

Tillaga sú til þingsályktunar um orlofsbúðir fyrir almenning, sem hér er flutt, er eitt þeirra þingmála.

Nd. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65 frá 31. maí 1976.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi taka til, að því undanteknu að fjármálaráðherra fer með málefni Jarðasjóðs ríkisins og fjármálaráðuneytið fer með umsjá jarða í ríkiseign.

2. gr.

Í stað orðanna „Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins“ í 27. gr. laganna komi: Fjármálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðanna „Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins“ í 30. gr. laganna skal koma: fjármálaráðuneytið.

4. gr.

Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ í 1. og 2. mgr. 36. gr. laganna komi: Fjármálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú eina breyting verði gerð á jarðalögum, nr. 65 frá 31. maí 1976, að Jarðasjóður ríkisins og umsjón bújarða í ríkiseign verði flutt úr landbúnaðarráðuneytinu yfir í fjármálaráðuneytið. Flutningsmaður telur nauðsynlegt að öll umráð fasteigna og jarðnæðis í eigu ríkisins, umsjá með fasteignaréttindum svo og ráðstöfun sé í höndum eins og sama aðila í ríkiskerfinu og er nærtækast að það sé fjármálaráðuneytið, en sérstök deild í því ráðuneyti fer nú m. a. með kaup og sölu fasteigna og hefur á undanförnum árum verið að taka að sér í sívaxandi mæli ýmis eignaumsvif fyrir ríkið og stofnanir þess. Þó er svo enn að einstök ráðuneyti og ríkisstofnanir fara með ýmsar fasteignir og fasteignaréttindi í opinberri eigu og veldur það m. a. því, að hvergi eru fáanlegar á einum stað upplýsingar um hver þessi réttindi séu og hvernig með þau sé farið né heldur eru til samræmdar reglur um meðferð slíkra fasteigna.

Langstærsti aðilinn í þessu sambandi er jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins sem fer með umsjá á bújörðum í ríkiseign. Þótt ýmislegt mæli með því, að landbúnaðarráðuneytið hafi afskipti af hagnýtingu bújarða í opiberri eigu, er ekki eðlilegt að annað ráðuneyti en fjármálaráðuneyti, sem fer með fjármál og eignaumsýslu ríkissjóðs, fari með það sem lýtur að allri eignaumfjöllun á fasteignum og fasteignaréttindum þeim sem Jarðasjóður ríkisins telst eiga — en þar er auk bújarða og búskaparnytja um að ræða veruleg hlunnindi, svo sem veiðirétt og fleira. Flutningsmaður vekur athygli á þeirri staðreynd, að fátt eitt liggur fyrir opinberlega um hvernig með þessar miklu eignir hins opinbera er farið. Hvaða jarðeignir ríkisins eru nytjaðar, hvernig eru þær nytjaðar, hvaða leigugjöld eru greidd og hverjir greiða? Jafnvel Alþingi hefur átt erfitt með að fá upplýsingar um þessi mál. Sjálfsagt er þó að ávallt sé gerð skrá um jarðnæði, fasteignir og fasteignaréttindi ríkisins þannig að ljóst liggi fyrir hvaða verðmæti hér er um að ræða, hvernig þau eru nýtt og hverjir nytja.

M. a. til þess að tryggja að þetta sé gert þarf eignaumsjáin að vera á hendi sama aðila sem jafnframt tryggi að samræmdar reglur verði settar um nytjar og leigugjöld á fasteignum og fasteignaréttindum hins opinbera. Sá aðili á með réttu að vera fjármálaráðuneytið eins og tillaga er gerð um í þessu frumvarpi.

Landbúnaðarráðuneytið fer eftir sem áður með yfirstjórn jarðræktarmála og hefur með því móti afskipti af nytjum og nýtingu ríkisjarða þótt sjálf eignaumsýslanir færist yfir til fjármálaráðuneytisins.

Frumvarpið þarfnast ekki frekari skýringa.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson.

1. gr.

1. málsliður 1. mgr. 92. gr. laganna hljóði svo:

Allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talin ágóðaþóknum, ökutækjastyrkur, húsaleigustyrkur og hvers konar önnur fríðindi og hlunnindi, eftirlaun, biðlaun og lífeyrir, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur þessar ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður í samráði við Kjararannsóknarnefnd.

2. gr.

1. málsliður 2. mgr. 115. gr. laganna hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun, Kjararannsóknarnefnd og Jafnréttisráði skýrslur í því formi, er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Megintilgangur þessa frumvarps er að hagkvæm og fljótvirk leið verði valin til að fá fram úttekt á raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Vorið 1980 samþykkti Alþingi þingsályktun um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum. Tillaga þessi var margþætt og yfirgripsmikil og laut að upplýsingaöflun og úrvinnslu fjölmargra þátta er snerta kaup og kjör í landinu. Ljóst var að upplýsingaöflun sumra þeirra þátta gæti tekið langan tíma, en önnur atriði var hægt að vinna á skömmum tíma án mikils tilkostnaðar. Í greinargerð með þeirri tillögu sagði m. a.:

„Mikill meiri hluti efnahagslegra ákvarðana, sem teknar eru á Alþingi og í ríkisstjórn, miðar að því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

Slík vinnubrögð eru og í fullu samræmi við álit stórs hluta þjóðarinnar um framkvæmd á grundvallarhugmyndum um þjóðfélagslegt réttlæti. — Þó hér virðist við fyrstu sýn um ærið yfirgripsmikil, torleyst og umdeilanleg atriði að ræða, þá er þekking á þeim alger forsenda fyrir því, að efnahags- og kjaramálum verði stjórnað af einhverri skynsemi og sanngirni með einhverjum árangri og án alvarlegra árekstra. — Það er engum blöðum um það að fletta, að kaup og kjör eru höfuðdeilumál sérhvers iðnvædds samfélags og sanngjörn uppbygging og

þróun kjaramála forsenda réttmætrar skiptingar og hlutdeildar þjóðfélagsþegnanna í bættum þjóðarhag, auk þess sem slíkt tryggir vinnufrið, vaxandi atvinnuuppbyggingu í þjóðfélaginu og heilbrigt efnahagslíf."

Það er ljóst að með samþykkt þeirra lagabreytinga, sem hér um ræðir, væri löggjafarvaldið fyrst og fremst að auðvelda framkvæmdavaldinu að fara að vilja Alþingis sem fram kemur í ýmsum greinum þessarar þingsályktunar. Jafnframt tryggir það fyrirkomulag á úrvinnslu, sem hér er lagt til, að þeir hagsmunir, sem helstu samtök atvinnurekenda og launþega eiga að gæta í þessum efnum, verði að fullu tryggðir.

Í frumvarpinu er lagt til að Kjararannsóknarnefnd og jafnréttisráð fái aðgang að upplýsingum um kjaramál úr skattframtölum, auk þess sem Kjararannsóknarnefnd hefði áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað væri ýtarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er skattayfirvöldum gert skylt að veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur í því formi er þessir aðilar ákveða um framtaldar tekjur og eignir. Kjararannsóknarnefnd gegnir ekki síður en þessir aðilar mikilvægu hlutverki á sviði kjararannsókna hérlendis og ber því nauðsyn til að veita Kjararannsóknarnefnd einnig aðgang að upplýsingaöflun úr skattframtölum.

Jafnréttisráð verður einnig að telja til sögunnar í sambandi við kjararannsóknir, enda er ráðið sá aðili sem lögum samkvæmt á að fylgjast með að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Eðlilegt og réttmætt verður því að telja að Jafnréttisráð hafi aðgang að sem gleggstum og aðgengilegustum upplýsingum um kjaramál til að auðvelda ráðinu að sinna hlutverki sínu.

Uppbygging Kjararannsóknarnefndar.

Núverandi skipan nefndarinnar á að tryggja að lykilaðilar vinnumarkaðarins hafi óskorað traust á starfseminni, þar sem þeir hafa ákvörðunarvald bæði hvað varðar verkefnaval og úrvinnslu. Aðilar að Kjararannsóknarnefnd eru Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. ASÍ skipar þrjá nefndarmanna, VSÍ tvo og VMS einn.

Lögum samkvæmt greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður kostnað af starfsemi nefndarinnar og hefur svo verið frá upphafi. Ekki verður séð að þung efnisleg rök mæli með því, að þessi sjóður standi straum af starfsemi af þessu tagi. — Hins vegar fylgir núverandi fyrirkomulagi sá kostur, að starfsemin er ekki með beinum hætti háð fjárveitingarvaldi á hverjum tíma, og þetta fyrirkomulag undirstrikar því sjálfstæði stofnunarinnar sem hlýtur að teljast fremur af hinu góða.

Nefndin er frjáls samstarfsvettvagur þeirra samtaka sem að henni standa. Nefndin byggir upplýsingaöflun sína ekki á lagalegri eða félagslegri skyldu upplýsingagjafa. Í þessu kann að felast nokkur styrkur, en jafnframt verður það að teljast verulegur veikleiki fyrir nefndina að hafa ekki í lögum stoð fyrir upplýsingaöflun sinni meðal atvinnurekenda.

Úrtaksupplýsingar nefndarinnar.

Með tilkomu nýs úrvinnslukerfis fyrir rúmu ári opnuðust Kjararannsóknarnefnd möguleikar sem áður voru ekki fyrir hendi. Þetta nýja kerfi gerir nefndinni kleift að færa mjög út kvíarnar í upplýsingaöflun. Úrtak nefndarinnar náði fyrr einungis til höfuðborgarsvæðisins og réðu þar fyrst og fremst tæknilegir örðugleikar á úrvinnslu. Þessari hindrun hefur nú verið rutt úr vegi og úrtakið tekur nú til allra landshluta. Nefndin framkvæmir úrtakskannanir sínar ársfjórðungslega. Aflað er einstaklingsbundinna upplýsinga um aldur, kyn, stéttarfélag, starf, atvinnugrein, laun fyrir dagvinnu og yfirvinnu, bónus, greiðslur fyrir vaktavinnu, greiðslur fyrir ákvæðisvinnu, greiðslur í veikinda- og slysatilvikum og sérstakar greiðslur sem ekki falla undir neitt af framantöldu. Þá er vinnutími eða öllu heldur greiddur

tími sundurliðaður á dag-, eftir- og næturvinnu, svo og á vaktavinnu, ákvæðisvinnu og veikindi.

Úrtaksupplýsingar eru reglulega flokkaðar með margvíslegum hætti, eftir kynjum, grófri aldursskiptingu, eftir landshlutum, atvinnugreinum, stéttarfélögum og störfum. Megininntak úrvinnslunnar er að upplýsa meðaltímakaup og einstaka þætti þess. Upplýsingarnar taka ekki til mánaðar- eða árslauna, og í þessu felst grundvallarmunur á þeim upplýsingum, sem Kjararannsóknarnefnd vinnur, og á upplýsingum úr skattframtölum sem Þjóðhagsstofnun og Hagstofa vinna nú. Úrtaksupplýsingar nefndarinnar taka nú einungis til landverkafólks á samningssviði ASÍ, VSÍ og VMS, en ekkert á að vera því til fyrirstöðu, að fleiri geirar atvinnulífsins verði teknir fyrir, en eðlilega hefur meginähersla verið lögð á þetta svið.

Kjararannsóknarnefnd hefur nýlega tekið upp samstarf við samtök sjómanna og útvegsmanna í því skyni að afla reglubundið upplýsinga um launakjör far- og fiskimanna, en undirbúningur þessa er enn á frumstigi.

Upplýsingar úr skattframtölum.

Úrvinnsla launaupplýsinga úr skattframtölum hefur einkum verið tvíþætt. Annars vegar hefur Hagstofan, síðar í samstarfi við Þjóðhagsstofnun, aflað úrtaksupplýsinga úr framtölum launþega um atvinnutekjur kvæntra verka-, sjó- og iðnaðarmanna. Hins vegar hefur Hagstofan unnið altækar upplýsingar um tekjur kvæntra karla sem fela nánar til tekið í sér upplýsingar um meðaltekjur heimila kvæntra karla, flokkaðar eftir starfsstétt heimilisföður, — og eru þá meðtaldar tekjur eiginkonu og barna svo og aðrar tekjur en launatekjur, en þessar tekjur eru allar undanskildar í úrtakskönnun Þjóðhagsstofnunar um atvinnutekjur verka-, sjó- og iðnaðarmanna.

Með þeim stórtæku breytingum, sem gerðar voru á skattalögum og framtölum og til framkvæmda komu á s. l. ári, var a. m. k. um stundarsakir kippt stoðum undan úrvinnslu Hagstofu um heimilistekjur. Í tvö ár hefur því verið á döfinni endurskipulagning á úrvinnslu upplýsinga úr skattframtölum einstaklinga, en undirbúningur þessa er að því er virðist skammt á veg kominn. En Kjararannsóknarnefnd hefur leitað eftir því að fá að hafa hönd í bagga með því, hvernig þessari úrvinnslu verður háttað.

Með endurskipulagningu á úrvinnslu skattframtala verður væntanlega unnt að fá mun ýtarlegri upplýsingar en áður um laun og aðrar tekjur. Möguleikar eiga t. d. að vera á því að fá upplýsingar um launatekjur fólks sundurliðaðar eftir stéttarfélagsaðild, aldri og hjúskaparstétt, búsetu o. fl. Þá ættu einnig þegar að vera tæknilegar forsendur fyrir því að fá upplýsingar um meðalvikukaup sundurgreindar með sama hætti.

Verkaskipting stofnana.

Þær þrjár stofnanir, sem hér hafa verið nefndar, Kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan, hafa allar haslað sér nokkurn völl á sviði kjararannsókna hérlendis. Þessar stofnanir hafa bærilega yfirsýn um hvað hinar aðhafast í þessum efnum, og verkaskiptingin er skýr, þó upplýsingastreymi þeirra á milli mætti vafalaust bæta.

Þjóðhagsstofnun hefur því meginhlutverki að gegna á sviði kjararannsókna að gera grein fyrir heildarstærðum tekna, verðlags, skatta o. fl. Þetta verkefni fellur augljóslega í hennar hlut sem ráðgefandi stofnunar á sviði efnahagsmála. Stofnunin hefur eins og hinar tvær margvíslegum skyldum að gegna á sviði upplýsingamiðlunar, jafnt um þau mál, er snerta kjararannsóknir, sem önnur mál.

Hagstofa Íslands hefur augljóslega miklu hlutverki að gegna á sviði kjararannsókna með því að stofnunin hefur á hendi framkvæmd á útreikningi verðvísitölu. Hlutverk hennar við úrvinnslu skattframtala einstaklinga er fullkomlega eðlilegt, enda þótt gagnrýna megi að ekki hafi verið nóg að gert á þessu sviði af hálfu Hagstofunnar.

Starfsemi Kjararannsóknarnefndar hefur mjög verið í mótun á síðustu árum og hefur tekið verulegum breytingum frá fyrstu starfsárunum. Þetta er ofureðlilegt þegar haft er í huga að hagrannsóknir voru ákaflega skammt á veg komnar hér á landi við stofnun nefndarinnar. Meginverkefni nefndarinnar er í dag að afla sem víðtækastra upplýsinga um raunveruleg launakjör og vinnutíma verkafólks. Upplýsingar af þessu tagi og greining þeirra eru augljóslega helsta forsenda þess, að samningsaðilar viti a. m. k. stundum með nokkurri vissu hvaða áhrif einstök samningsákvæði eða breytingar á þeim hafa á hag umbjóðendanna. Starfsmenn nefndarinnar eru í nánu sambandi við hagdeildir heildarsamtakanna, og starfsemi þessi er að því leyti sérstæð, að hérlendis hafa bæði samtök launþega og vinnuveitenda hönd í bagga með henni, en víða erlendis, t. a. m. á hinum Norðurlöndunum, fer þessi starfsemi einhliða fram á vegum samtaka vinnuveitenda.

Ný úrvinnsla skattframtala.

Svo sem áður var vikið að stendur fyrir dyrum endurskipulagning á úrvinnslu skattframtala einstaklinga. Rammi þessarar úrvinnslu verða þær upplýsingar sem nú koma fram á launaseðlum og skattframtölum, en þessar upplýsingar hafa nær einvörðungu mótast af þörf hins opinbera til þess að hafa skýrt skilgreinda skattstofna. Ljóst er að úr skattframtölum væri unnt að afla mun ýtarlegri upplýsinga um tekjur einstaklinga og uppruna þeirra en nú er gert.

Þessar upplýsingar gætu orðið mjög þýðingarmiklar fyrir hið opinbera og gæfu, ef því væri að skipta, möguleika á auknum sveigjanleika í álagningu opinberra gjalda. Jafnframt er ljóst að upplýsingar þær, sem hér um ræðir, yrðu mjög mikils virði fyrir aðila vinnumarkaðarins að því leyti sem þær upplýstu samsetningu launatekna og vinnumagn í einstökum greinum atvinnulífsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin gerir ráð fyrir að ríkisskattstjóri ákveði **í samráði við Kjararannsóknarnefnd** hvernig skýrslur atvinnurekenda um launagreiðslur til starfsmanna skuli úr garði gerðar. Með þessari breytingu væri opnaður möguleiki á að Kjararannsóknarnefnd hefði áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað væri ýtarlegri upplýsinga en nú er gert um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum. Með þessu fyrirkomulagi eru hagsmunir hins opinbera í þessu efni engu lakar tryggðir en nú gerist, en Kjararannsóknarnefnd og þar með hlutaðeigandi aðilum vinnumarkaðarins gefið tækifæri til þess að móta upplýsingaöflun. Við alla kjarasamningagerð er notagildi þeirra upplýsinga, sem þar fengjust, mjög þýðingarmikið.

Um 2. gr.

Með þessari breytingu væri Kjararannsóknarnefnd og jafnréttisráði tryggður aðgangur að fyllstu upplýsingum úr skattframtölum. Ljóst virðist að þessir aðilar hefðu á liðnum árum haft af því verulegt gagn að hafa fullan og óskoraðan aðgang að þessum upplýsingum til jafns við Þjóðhagsstofnun og Hagstofu. Með ýtarlegri upplýsingum og úrvinnslu framtala verður þörfin í þessu efni að nauðsyn. Í þessu sambandi skal á það bent að í þeirri grein laganna, sem hér um ræðir, er þegar til staðar ákvæði um þagnarskyldu þeirra sem fjalla um skattframtöl, og tæki þetta ákvæði að sjálfsögðu til Kjararannsóknarnefndar, Jafnréttisráðs og starfsliðs þeirra.

Nd. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús, H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein sem orðist svo:

Gjaldskrár og verðtaxtar, sem settir eru einhliða af einstökum stéttum, þjónustuaðilum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, skulu vera undir sérstöku eftirliti.

Sérstakir starfsmenn Verðlagsstofnunar skulu sérhæfa sig í uppbyggingu slíkra gjaldskráa og verðtaxta og hafa reglulegt eftirlit með þeim.

Með þeim er skylt að senda rökstudda greinargerð, þar sem á fullnægjandi hátt er gerð grein fyrir einstökum kostnaðarliðum. Enn fremur þarf að tilgreina sérstaklega þóknunar- eða álagningarhluta hverrar einstakrar verðlagningar.

Allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfa að hljóta samþykki verðlagsráðs að fenginni umsögn Verðlagsstofnunar.

Óheimilt er að gefa út lágmarkstaxta eða ákveða lágmarksverð.

Gjaldskrár og verðtaxtar skulu hverju sinni auglýst á þann hátt að aðgengilegt sé almenningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti er hvergi að finna bein ákvæði er snerta meðferð Verðlagsstofnunar á gjaldskrám og verðtöxtum sem settir eru einhliða. Tilgangur þessa lagafrumvarps er að tryggja nauðsynlegt verðlagseftirlit á þeim sviðum þar sem eftirlit hefur verið lítið eða óvirkt hingað til.

Líta verður svo á að samkvæmt 2. og 4. gr. laganna geti Verðlagsstofnun haft eftirlit með einhliða settum gjaldskrám og verðtöxtum. Ætla verður einnig að það sé á þess valdi að ákveða að allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfi að hljóta staðfestingu verðlagsráðs, þó hvergi séu bein ákvæði um það í lögunum.

Reynslan er þó sú, að mjög er misjafnt hvað gjaldskrár og verðtaxtar, sem sett eru af ýmsum þjónustuaðilum öðrum en hinu opinbera, eru undir virku eftirliti hjá Verðlagsstofnun, og því er það mat flutningsmanna að bein ákvæði um það í lögum séu óhjákvæmileg.

Þannig má t. d. benda á að hækkanir á útseldri vinnu, svo sem byggingarmeistara, rafverktaka og málm- og skipasmiða, þurfa að hljóta samþykki verðlagsráðs.

Þjónustuaðilar eins og hárgreiðslu- og hárskerameistarar þurfa einnig að sækja um hækkanir á sínum gjaldskrám og fá þær samþykktar af verðlagsráði áður en hægt er að gefa þær út. Sama gildir um fyrirtæki í einkaeign sem selja þjónustu sína, eins og efnalaugar og þvottahús. Einnig má benda á að gjaldskrá leigubifreiðarstjóra er háð ákvörðun verðlagsráðs.

Hér eru taldir upp nokkrir aðilar sem selja þjónustu sem mikið er notuð af öllum almenningi. Eðlilegt er að gjaldskrár þeirra séu undir virku verðlagseftirliti þannig að fylgst sé með að eðlileg verðlagning sé á þessari þjónustu.

Hins vegar eru svo aðrir þjónustuaðilar sem eru undir litlu sem engu eftirliti hjá Verðlagsstofnun.

Má þar nefna lögfræðinga, endurskoðendur, arkitekta, verkfræðinga og tannlækna. Erfitt er að sjá hvað réttlætir það, að gjaldskrár og verðtaxtar þessara aðila séu ekki undir svipuðu eftirliti og þurfi að hljóta samþykki verðlagsráðs.

Megintilgangurinn með starfsemi Verðlagsstofnunar hlýtur að vera að vernda hag neytenda og tryggja þeim sanngjarnt og eðlilegt verð fyrir vöru og þjónustu.

Til að ná því markmiði getur þurft að velja mismunandi leiðir, eins og raunar kemur fram í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, enda ekki algilt að sama fyrirkomulag henti í öllum tilfellum til að tryggja sem hagstæðasta verðlagningu á vörum og þjónustu.

Það er þó skoðun flutningsmanna, að sá skortur, sem er á eftirliti með gjaldskrám og verðtöxtum þeirra aðila sem hér hafa verið tilgreindir, tryggi lítt þann grundvallarþátt í starfsemi Verðlagsstofnunar sem er að vernda hag neytenda.

Segja má að þeir aðilar, sem þessa þjónustu veita, fái yfirleitt óhindrað að ráðskast með hvaða verð þeir setja upp fyrir sína þjónustu. Neytendavernd er þar engin eða a. m. k. mjög takmörkuð.

Stundum er líka gefin út gjaldskrá, svo sem hjá tannlæknum, sem notuð er sem nokkurs konar viðmiðunargjaldskrá og er í raun lágmarksgjaldskrá. Gefur auga leið að það fyrirkomulag verndar lítt hag neytenda um sanngjarna og eðlilega verðlagningu fyrir þessa þjónustu.

Nauðsynlegt er að líta á þetta fyrirkomulag út frá ákveðinni staðreynd, þegar til þess er litið að um einhliða ákvörðun um gjaldskrá er að ræða, án íhlutunar eða eftirlits opinberra aðila um eðlilega verðmyndun.

Í 1. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti kemur fram sem eitt af markmiðum laganna að stuðla að sanngjarnri skiptingu þjóðartekna.

Þó um það megi deila, hvernig til hafi tekist um framkvæmd á skiptingu þjóðartekna sem í geti falist ákveðið þjóðfélagslegt réttlæti, þá má segja að varðandi veigamikinn þátt þess gildi ákveðnar leikreglur sem flestir verði að hlíta.

Bæði vinnukaupendur og vinnuþiggjendur þurfa að hlíta ákveðnum leikreglum. Þeir þurfa að komast að samkomulagi um verð fyrir vinnuframlag sem báðir aðilar sætta sig við. Hvorugur aðili hefur einhliða ákvörðunarvald í þessu efni.

Auðvitað eiga sömu leikreglur að gilda um þjónustuaðila sem selja vinnu sína samkvæmt gjaldskrá.

Það fyrirkomulag er vægast sagt óþolandi, að nokkrir aðilar fái að ráðskast með það sjálfir hvaða verð þeir setja upp fyrir sína þjónustu. M. ö. o. eru þeir undanþegnir leikreglunum. Ákvörðunin er einhliða á þeirra valdi, hvaða verð þeir setja upp fyrir sitt vinnuframlag.

Tilgreint skal hér dæmi. Ekki er óeðlilegt að taka það úr þjónustugrein sem almenningur þarf hvað mest að leita til af þeim aðilum sem eru undir litlu sem engu eftirliti og áður var að vikið.

Eins og allir vita er þjónusta tannlækna almennt mjög dýr.

Í samningi milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins, sem gerður var 1975, kemur fram að 50% af gjaldskrárfjárhæðum svari til rekstrarkostnaðar tannlækna. Ekki skal hér lagt mat á það, hvort um sé að ræða eðlilegt hlutfall eða ekki.

Hitt er þó ljóst, að verulegur hluti af verði gjaldskrárinnar er laun tannlækna, enda renna tölur, sem fram komu á Alþingi 1980 um laun skólatannlækna, stoðum undir það.

Gjaldskrár, sem nefndar hafa verið, eru settar án þess að þurfa að hljóta samþykki þeirra sem þjónustuna kaupa — þ. e. ríkisvaldsins í umboði neytenda. Án alls opinbers eftirlits um hvað talist getur sanngjarnt og eðlilegt skammta þessir aðilar sér sinn skerf af þjóðarkökunni.

Í slíku fyrirkomulagi getur varla falist sanngjörn skipting þjóðartekna, eins og fram kemur sem markmið þeirra laga sem sett voru 1978.

Það er vægast sagt óeðlilegt, að án nokkurs eftirlits hafi nokkrir aðilar í þjóðfélaginu þá sérstöðu að geta skammtað sér laun og tekjur fyrir sína þjónustu, sem oft hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir allan almenning.

Óhætt er einnig að fullyrða að verðlagning er oft á tíðum óeðlilega há og getur varla verið í samræmi við þann tilkostnað, sem af þjónustunni leiðir, eða í samræmi við hugmyndir þorra þjóðfélagsþegnanna um eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Meðan við búum við slíkt fyrirkomulag er skylda stjórnvalda að grípa inn í með ákveðnu, virku og skipulegu eftirliti til að tryggja eðlilega verðmyndun fyrir þá þjónustu sem veitt er samkvæmt gjaldskrám og verðtöxtum.

Um 1. gr.

Greinin mælir fyrir um að allar gjaldskrár og verðtaxtar, sem sett eru einhliða af hinum ýmsu einkaaðilum, svo sem einstökum stéttum, þjónustuaðilum og fyrirtækjum, skuli vera undir sérstöku eftirliti.

Lagt er til að sérstakir starfsmenn Verðlagsstofnunar skuli sérhæfa sig í uppbyggingu á gjaldskrám og verðtöxtum þessara aðila. Uppbygging þeirra er mjög mismunandi eftir eðli starfseminnar. Því er nauðsynlegt að um þær fjalli starfsmenn sem kynni sér sérstaklega þann þátt, sem snýr að uppbyggingu þeirra, og þann grunn, sem þær eru reistar á, til að hægt sé á raunhæfan hátt að meta réttmæti þeirra svo eftirlit verði sem árangursríkast.

Einnig er lagt til að með gjaldskrám og verðtöxtum verði skylt að senda inn rökstudda greinargerð. Til að auðvelda allt eftirlit er það fyrirkomulag nauðsynlegt, þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir vægi einstakra kostnaðarþátta í gjaldskránni, svo sem álagningarhluta hverra einstakra verðþátta í heildarverðmynduninni.

Til að hægt sé að meta hvað réttlætir hækkanir gjaldskráa og verðtaxta er rökstudd greinargerð um hvern þátt fyrir sig í verðmynduninni mjög nauðsynleg, enda mjög afgerandi þáttur í þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Það fyrirkomulag, sem gilt hefur í sumum tilfellum, að gefnir séu út lágmarkstaxtar, er vægast sagt mjög óeðlilegt og lítt í samræmi við tilgang laganna frá 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Gjaldskrár eru oftast settar af heildarsamtökum í viðkomandi starfsgrein. Lágmarkstaxtar banna þeim, sem þjónustuna veita, að undirbjóða þá taxta, en hærri verðlagning en taxtinn segir til um er heimil.

M. ö. o. sætti þeir aðilar sig ekki við þá verðlagningu, sem stéttarfélag þeirra ákveður, er einfalt að hækka taxtann, taka meira til sín en hann segir til um. Sá, sem nota þarf þjónustuna, stendur uppi varnarlaus og á ekki annars úrkosta en greiða það sem upp er sett hverju sinni.

Því er hér lagt til að ekki sé heimilt að gefa út lágmarkstaxta eða ákveða lágmarksverð. Líta yrði því á útgefna taxta sem hámarkstaxta. Þetta fyrirkomulag tryggir mun betur að neytandinn viti hverju sinni hvers hann má vænta í kostnaði þegar hann sækir sér þjónustu sem greiðsla er krafin fyrir samkvæmt einhliða settum gjaldskrám eða verðtöxtum.

Í greininni eru einnig tekin af öll tvímæli um það, að allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfi samþykki verðlagsráðs. Samkvæmt því eru allar gjaldskrár og verðtaxtar háð ákvörðun verðlagsráðs — og ekki hægt að gefa þær út fyrr en samþykki verðlagsráðs liggur fyrir.

Síðasta mgr. greinarinnar kveður á um að gjaldskrárnar skuli hverju sinni auglýstar á þann hátt að aðgengilegar séu almenningi. Er nauðsynlegt að lögbinda þá skyldu til að almenningur hafi hverju sinni glöggar upplýsingar um leyfilegt verð fyrir þá þjónustu sem veitt er samkvæmt gjaldskrám og verðtöxtum.

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 5. tl. 44. gr. laganna komi nýr tl. sem verði 6. tl. og orðist svo:

Fyrir einstaklinga, sem ekki falla undir liði 1—5, skal greiða 25% kostnaðar við tannlækningar aðrar en við gullfyllingar, krónur eða brýr.

2. gr.

Á eftir 5. tl. sömu lagagr. komi nýr tl. sem verði 7. tl. og orðist svo:

Fyrir gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir, sem ekki falla undir 2. tl., skal greiða 20% kostnaðar.

3. gr.

Aftan við sömu lagagrein komi ný málsgr. er orðist svo:

Skylt er tannlæknum að leggja fram sundirliðaða greiðslukvittun í því formi, sem Tryggingastofnun ríkisins óskar eftir, þegar greiðsla er innt af hendi. Framvísa ber þessari kvittun við sjúkrasamlög þegar sótt er um endurgreiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þó skólatannlækningar hafi fyrst byrjað í Reykjavík árið 1922 og regluleg tannskoðun og skýrslugerð 1926, þá má segja að tannvernd hafi fyrst hlotið viðurkenndan sess sem nauðsynlegur hluti af heilsuvernd landsmanna með lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973, en þar er sú stefna mörkuð, að tannlækningar verði hluti af þeirri læknisþjónustu sem veita eigi í heilsugæslustöðvum.

Með lögum frá 1974 kemur svo til þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga í tannlækningakostnaði ákveðinna þjóðfélagshópa. — Þær meginreglur, sem gilda um þátttöku almannatrygginga í tannlækningum, er eftirfarandi:

1. Fyrir börn yngri en 5 ára 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6—15 ára greiðir sjúkrasamlag tannviðgerðir að fullu, en 75% af kostnaði við gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir og tannréttingar.

   Auk þess greiðir sjúkrasamlag 75% kostnaðar við tannréttingar hafi meðferð verið hafin innan 16 ára aldurs.

   Heimilt er einnig að greiða 75% aðgerðar á 17—18 ára unglingi ef nauðsynlegt var að fresta aðgerðinni.
3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka þessar greiðslur í 75% og fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100%. Í 100% er með sama hætti einnig heimilt að hækka greiðslur fyrir þroskahefta njóti þeir fullrar tekjutryggingar.

Þegar þáverandi heilbrigðismálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu sagði hann m. a.:

„Þar sem hvort tveggja kemur til, að greiðsla á tannlæknaþjónustu mun auka útgjöld sjúkrasamlaga verulega og uppbygging þjónustustöðva tekur nokkurn tíma, er eðlilegt að láta réttinn til greiðslu frá sjúkrasamlögum takmarkast fyrstu árin við ákveðna þjóðfélagshópa. Í þessum áformum um uppbyggingu og þróun þessarar þjónustu í áföngum er farið inn á svipaða braut og Norðmenn hafa fylgt þegar þeir hafa tekið tannlækningar inn í sitt kerfi."

Það er því ljóst að afstaða ríkisvaldsins var á þeim tíma sú, að hér væri aðeins stigið fyrsta skrefið í þeim áfanga að færa tannlækningar undir tryggingakerfið.

Þó að á þessum tíma hafi verið stigið stórt skref í heilsuvernd og heilbrigðisþjónustu landsmanna, þá er samt stór hluti þjóðarinnar sem að öllu leyti verður að kosta þennan nauðsynlega þátt heilbrigðisþjónustunnar úr eigin vasa.

Afleiðing þess er að tannvernd margra er í algjöru lágmarki.

Tannskemmdir ná því oft að þróast í slæma tannátu og oft á tíðum ýmsa tannvegssjúkdóma sem verða illviðráðanlegir. Í öllum tilfellum eru þá aðgerðir gífurlega kostnaðarsamar og ekki nema á færi einstakra manna að ráða við, nema steypa sér út í miklar skuldir. Auk þess geta slæmir tannsjúkdómar í vissum tilfellum valdið öðrum sjúkdómum, en í læknisfræðiritum um orsakir og afleiðingar sjúkdóma hefur komið fram að slæmir tannsjúkdómar geti valdið hjarta- og nýrnakvillum og einnig liðagigt.

Hér er því um svo mikilvægan þátt í allri heilbrigðisþjónustu landsmanna að ræða, að hann ætti að skipa sess í heilsuvernd landsmanna sem önnur heilbrigðisþjónusta með meiri þátttöku hins opinbera í kostnaði en verið hefur. Stjórnvöldum ber að gefa þessum þætti heilsuverndar meiri gaum og leita leiða til úrbóta.

Í blaðagrein í ágústmánuði s. l. hefur tryggingatannlæknir eftirfarandi að segja um tannlækningar og tannsjúkdóma:

„Allur þorri þeirra sjúklinga, sem náð hafa þrítugsaldri, þarf á meiri háttar tannaðgerðum að halda. — Því veldur fyrst og fremst tannvegsbólga (bólgan í stoðvef tanna). Það er staðreynd að flestir, sem náð hafa fertugsaldri, hafa sýkst af tannvegsbólgu sem brýtur niður stoðvef tannanna og losar um þær svo að þær tapast um síðir sé ekkert að gert. Bólgan varir oft í mörg ár eða áratugi og er á háu stigi ill- eða ólæknandi, svo að viðgerðir á tönnum þessara einstaklinga hafa tekið á sig skipulagt undanhald, þ. e. a. s. lafað er í lengstu lög á þeim tönnum, sem nægan styrk hafa hverju sinni til að bera upp brýr eða parta, uns þær sligast og gervigómurinn verður eina úrræðið. Mikill minni hluti tannvegssjúklinga nær fullum bata við tannkvilla vegna vanhæfni. Þetta er nöturleg staðreynd, en sannleikur engu að síður. Þetta telja margir vera nú stærsta vandamál í tannlækningum. Það mundi því ekki teljast óeðlilegt þótt tryggingakerfið styddi við bakið á þeim sjúklingum sem leita vilja sér lækninga vegna tannvegsbólgu."

Af þessu má draga þá ályktun, að skipulögð tannvernd og reglubundnar skoðanir og eftirlit hjá tannlæknum séu mjög brýnn og nauðsynlegur þáttur í heilsuvernd landsmanna til að koma í veg fyrir alvarlega tannsjúkdóma.

Allir vita að tannlæknaþjónusta er mjög dýr, og víst er að það er ekki á allra færi að veita sér hana svo vel sé. Því verður að draga í efa að hægt sé að koma við skipulagðri tannvernd og eftirliti meðan hið opinbera styður ekki meira við bakið á þessum heilbrigðisþætti en raun ber vitni — og ýtir undir með raunhæfum aðgerðum að draga úr alvarlegum tannsjúkdómum og kostnaðarsömum.

Þó efalítið megi rekja það til vanrækslu í mörgum tilfellum, að ekki sé leitað reglulega til tanneftirlits eða lækninga á tannskemmdum og öðrum tannsjúkdómum, þá er óhætt að fullyrða að ein af meginorsökunum fyrir tíðum og slæmum tannsjúkdómum og oft miklum tannviðgerðum er sá mikli kostnaður sem oftast fylgir tannlæknaþjónustu. — Einstaklingar,

sem ekki fá greitt samkvæmt almannatryggingakerfinu, verða að bera þennan kostnað alfarið sjálfir og veigra sér því við í lengstu lög að leita sér þessarar þjónustu. Almannatryggingakerfið tekur að þessu leyti lítið mið af lágtekjuhópum, heldur er miðað við vissa aldurshópa.

Afleiðing þess er oft sú, að ekki er leitað tannlækninga fyrr en í óefni er komið og tannsjúkdómurinn orðinn erfiður viðureignar og kostnaðurinn við tannlækningar þá kominn á það stig að fæstir geta staðið undir honum.

Á árinu 1980 var áætlað að kostnaðurinn við þá hópa, sem greitt fá samkvæmt almannatryggingalögum, væri um 3,5 milljarðar g. kr. Þar af voru útgjöld sjúkrasamlaga um 2 330 000 þús. g. kr. Í Reykjavík var heildarkostnaðurinn um 1 171 000 þús., þar af greitt frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur 565 000 þús. g. kr., og laun tannlækna og annar kostnaður vegna skólatannlækninga voru um 606 000 þús. g. kr.

Þó þessar tölur séu háar er þó hér í fæstum tilfellum um dýrustu tannlækningarnar að ræða sem eingöngu börn og unglingar fá greitt hluta kostnaðar sem fylgir þeirri dýru þjónustu sem er gullfyllingar, krónu- eða brúaraðgerðir.

Verður að ætla að einmitt þeir aldurshópar, sem utan tryggingakerfisins standa í þessu efni, verði helst að leita þeirra aðgerða.

Kostnaður, sem þegar er greiddur af almannatryggingakerfinu samkvæmt lögum, er því mikill og erfitt að gera sér grein fyrir þeim kostnaði sem yrði ef undir almannatryggingakerfið félli almennt tannlæknaþjónusta landsmanna, enda engar skýrslur til um það, hvað sá kostnaður er í raun mikill, eða forsendur sem á megi byggja við slíka útreikninga.

Mörg rök mæla með því, að tannlækningar falli í meira og víðtækara mæli undir almannatryggingakerfið og því samfara fáist virkara eftirlit með tannlækningum en nú er. Má þar einkum nefna eftirfarandi:

1. Vegna upplýsingaskorts er erfitt að koma við skipulögðum rannsóknum á tíðni hinna ýmsu tannsjúkdóma sem á megi byggja skipulega tannvernd og þátttöku hins opinbera í henni og gildi hafi við fræðilega könnun á stöðu tannlækninga hér á landi. Til þess að slík rannsókn hefði raunhæft gildi yrði að taka með tannaðgerðir og tíðni þeirra hjá öllum aldurshópum. Sá grundvöllur skapaðist með meiri þátttöku hins opinbera í tannlæknaþjónustu, en í formi nákvæmlega sundurliðaðra greiðslukvittana fyrir tannaðgerðir opnaðist möguleiki á skipulögðum rannsóknum í því efni og þróun þeirra í framtíðinni. — Grundvöll yrði þar með hægt að legga að skipulögðu fyrirbyggjandi starfi í tannlækningum.
2. Þátttaka hins opinbera gerði mörgum kleift að leita fyrr með nauðsynlegar aðgerðir til tannlækna, sem þýðir sparnað og fyrirbyggjandi aðgerðir.
3. Draga mundi úr tíðni tannskemmda og alvarlegra tannsjúkdóma og komið í veg fyrir að þeir þróuðust á erfitt og jafnvel óviðráðanlegt stig.
4. Sundurliðuð og nákvæm greiðslukvittun skapar einnig virkt eftirlit með gjaldtöku tannlækna.

Nokkuð er misjafnt á hinum Norðurlöndunum hvernig fyrirkomulagi á þátttöku hins opinbera í tannlæknaþjónustu er háttað, en í flestum þeirra er hún þó mun meiri en hér á landi.

Benda má einnig á að í Bretlandi eiga allir kost á tannlækningum sem hið opinbera tekur að einhverju eða öllu leyti þátt í. Taxtar tannlækna eru ákveðnir af taxtanefnd, skipaðri jafnmörgum fulltrúum tannlækna og ríkisvaldsins auk hlutlauss oddamanns. — Sjúklingar greiða aðeins hluta kostnaðar (um 17% af heildarkostnaði t. d. árið 1975), þó eru fjölmennir hópar undanþegnir öllum greiðslum. Heildarupphæð fyrir meðferð þeirra, sem ekki eru undanþegnir öllum greiðslum, fer þó aldrei fram úr ákveðnu hámarki, sem var fyrir

5 árum um 30 pund. — Undanþegnar öllum greiðslum eru t. d. 1) verðandi mæður, 2) börn innan 16 ára, 3) unglingar 16—21 árs sem ekki eru í skóla, 4) skólanemendur í heilsdagsskólum, 5) ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar, 6) láglaunafólk með ríkisstyrk, 7) fjölskyldur hópa í lið 5 og 6.

Flutningsmenn telja rétt að stíga ekki stærra skref nú til að taka þessa þjónustu inn í heilbrigðiskerfið en lagt er til í þessu frv. Réttara sé að gera það í áföngum, þar sem erfitt er að gera sér grein fyrir kostnaði tannlæknaþjónustunnar í landinu.

Með því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, gæti næsta skref verið að gera könnun á heildarkostnaði við tannlækningar á Íslandi. Flutningsmenn telja að það verði ekki gert nema með þeim hætti sem frumvarpið leggur til, þ. e. a. s. að endurgreiða tiltölulega lítinn hluta alls tannlæknakostnaðar landsmanna. Lægri prósentuhlutur en frv. gerir ráð fyrir kemur vissulega til greina, en þess ber þó að gæta, að óveruleg endurgreiðsla gæti rýrt gildi slíkrar könnunar, ef allir reikningar skiluðu sér ekki.

Flutningsmenn leggja ekki til í frv. að sérstökum tekjum verði varið til að standa straum af þessum kostnaði, enda erfitt að áætla hann. Hugleiða mætti þó hvort tekjur ríkisins af innflutningi sælgætis og annars sætmetis gætu ekki staðið straum af þessum kostnaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessu ákvæði væri stigið það skref að fella undir almannatryggingakerfið tannlækningar að hluta til fyrir alla einstaklinga sem þurfa á tannlæknaþjónustu að halda og ekki er nú þegar greitt fyrir samkvæmt almannatryggingalögum. Lagt er til að greiða skuli 25% kostnaðar við allar tannlækningar aðrar en við gullfyllingar, krónur eða brýr.

Um 2. gr.

Gullfyllingar, krónu- eða brúaraðgerðir eru einn dýrasti þáttur tannlæknaþjónustunnar. Ekki er óalgengt að fyrir meiri háttar aðgerðir sé kostnaðurinn oft á bilinu 30 000—60 000 kr. Á skattframtölum fyrir árið 1979 hefur komið fram að meðalárslaun þá voru um 53 þús. kr. Er því auðvelt reikningsdæmi að sjá að fólk með lágar og meðaltekjur getur ekki staðið undir þessum kostnaði. Hér er því lagt til að þátttaka hins opinbera í kostnaði við gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir verði 20%.

Um 3. gr.

Til að ná fram virku eftirliti með greiðslum fyrir þessa þjónustu er nauðsynlegt að skylda tannlækna til að leggja fram sundurliðaða greiðslukvittun, þannig að á greiðslukvittun fyrir tryggða sjúklinga komi skýrt fram fyrir hvers konar þjónustu greitt er. Sú greiðslukvittun, sem hingað til hefur gilt fyrir þá sem greiðslu fá gegnum almannatryggingakerfið, er ekki í því formi að hægt sé að hafa virkt eftirlit með gjaldtöku tannlækna, en verkþættir aðgerða eru ekki flokkaðir í núgildandi kvittanaformi. Það kvittanaform hefur því ekkert raunhæft upplýsingagildi til að hafa eftirlit með gjaldtöku tannlækna, eins og mikilvægt er þegar þjónustan er greidd af opinberu fé. Sundurliðuð greiðslukvittun er ekki síður mikilvæg til að hægt sé að koma við skipulögðum rannsóknum á tíðni hinna ýmsu tannsjúkdóma sem á megi byggja skipulega tannvernd og gildi hefði einnig við fræðilega könnun á stöðu tannlækninga hér á landi.

Því er í þessari grein lögð sú skylda á tannlækna að leggja fram sundurliðaða greiðslukvittun í því formi sem Tryggingastofnun ríkisins óskar eftir.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Vilmundur Gylfason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rétt eiga menn á að stofna starfsgreinafélög og stéttarfélög, sambönd starfsgreinafélaga og stéttarfélagasambönd, í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamáli verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

Starfsgreinafélag er félag allra launþega (vinnuseljenda) sem starfa hjá sama atvinnurekanda (vinnukaupanda).

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Starfsgreinafélög og stéttarfélög skulu opin öllum á hlutaðeigandi vinnustað eða í hlutaðeigandi starfsgrein, eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði stéttarfélaga má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Starfsgreinafélög og stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf, með þeim takmörkunum sem sett eru í lögum þessum.

Einstakir meðlimir félaganna eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarfélagasambands þess eða sambands starfsgreinafélaga, sem það kann að vera í.

Meðlimur stéttarfélags eða starfsgreinafélags hættir að vera bundinn af samþykktum félagsins og sambands þess þegar hann skv. reglum félagsins er farinn úr því, en samningar þeir, sem hann hefur orðið bundinn af, á meðan hann var félagsmaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Starfsgreinafélög og stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir, enda hafi félögin í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

Þar sem 25 launþegar eða fleiri starfa fastráðnir hjá sama atvinnurekanda skulu starfsgreinafélög eða sambönd starfsgreinafélaga vera lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör og gegna að öðru leyti því hlutverki, sem stéttarfélögum er fengið í lögum eða kjarasamningum.

Nú eru færri launþegar í starfi (fastráðnir) hjá sama atvinnurekanda og eru allir ásáttir um að stofna starfsgreinafélag. Skulu þeir þá lúta ákvæðum næstu málsgreinar á undan.

Að öðru leyti eru stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna.

Ákvæði þessara greina ná ekki til sjómanna á fiskiskipum, starfsmanna samvinnufélaga, opinberra starfsmanna og bankastarfsmanna í ríkisbönkum.

5. gr.

Þar sem í lögum þessum er getið um „stéttarfélög“ komi: starfsgreinafélög eða stéttarfélög.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

7. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi skulu lög nr. 80 11. júní 1938, með áorðnum breytingum gefin út með fyrirsögninni: Lög um starfsgreinafélög, stéttarfélög og vinnudeilur.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var áður flutt á 103. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Fyrsta spurning, sem vaknar þegar hugað er að svo róttækum breytingum á meira en 40 ára gömlum lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eins og hér er verið að leggja til, er sú spurning, hvort það sé yfirleitt Alþingis að láta slík mál til sín taka, hvort með þessum hætti sé ekki verið að grípa inn í frjálsan félagarétt, eins og það stundum er kallað. Þessi spurning fjallar um grundvallaratriði í löggjafarstarfi. Vinnulöggjöf er háttað með ýmsu móti í hinum mismunandi löndum. Í Noregi t. d. er ítarleg vinnulöggjöf, sem setur ýmsar takmarkanir á báða bóga. Í Danmörku er hins vegar um litla beina löggjöf að ræða, heldur er fremur byggt á almennu samkomulagi með deiluaðilum um kaup og kjör. Almenn lagasetning getur einnig verið mismunandi. Alþekkt er, að í Bretlandi er engin stjórnarskrá, heldur er þar einungis byggt annars vegar á hefðum og hins vegar á almennri lagasetningu. Á hinn bóginn hafa Frakkar síðan í stjórnarbyltingunni miklu rekið ríki sitt með stjórnarskrá, sem þeir iðulega hafa breytt og stundum á mjög róttækan hátt. Í raun og veru er verið að takast á um sams konar grundvallaratriði, þegar menn velta því fyrir sér, hvort það sé löggjafans að skipta sér af lögum um samninga um kaup og kjör. Þeir, sem andvígir eru slíkum afskiptum, segja gjarnan, að svokallaður félagaréttur eigi að vera frjáls, en það þýðir, að löggjöfin skuli sem minnst afskipti hafa af slíku.

Hins vegar má leiða að því rök, að slíkur skilningur styðst ekki við sögulegan raunveruleika hér á landi. Núverandi skipun þessara mála á ekki stoð í náttúrurétti af neinu tagi, heldur í löggjöf, sem er eins og hvert annað mannanna verk og er undirrituð af dönskum konungi 11. júní 1938. Þegar lög um stéttarfélög og vinnudeilur voru endanlega samþykkt á Alþingi 1938, höfðu átt sér stað miklar deilur og pólitískar umræður um þessi lög og um þessa lagasetningu almennt og yfirleitt. Endanlega frumvarpið samdi nefnd skipuð tveimur alþýðuflokksmönnum og tveimur framsóknarmönnum.

Nú ber að gæta þess, að deilur um þessi efni höfðu staðið lengi hér á landi. Framan af var það fyrst og fremst áhugamál Sjálfstæðisflokksins að setja vinnulöggjöf, og verkalýðshreyfingin, sem auðvitað var veik á fyrstu árum sínum, andmælti og hélt því fram, að slík vinnulöggjöf væri fyrst og fremst hugsuð til þess að setja hömlur á verkföll sem og aðrar kröfur verkalýðsstéttarinnar. Þá ber einnig að gæta þess, að það þarfnast nokkurrar skýrgreiningar, hvað átt er við þegar talað er um frjálst samningakerfi annars vegar og skipanir löggjafans á formi lagasetningar hins vegar. Það er söguleg staðreynd, að framan af er verkalýðshreyfingin fylgjandi frjálshyggju í þessum efnum, þ. e. hún vildi frjálsan samningsrétt og engin afskipti ríkisvaldsins af honum. Skýringar á þessu eru auðvitað þær, að á 19. öld og vel fram eftir 20. öld leit verkalýðshreyfingin svo á, að ríkisvald væri eðli málsins samkvæmt sér fjandsamlegt. Þegar verkalýðshreyfingin var að verða til var kosningarréttur víða takmarkaður, og kann það að skýra þessa sögu að hluta. Í orði kveðnu hefur verkalýðshreyfingin, m. a. af þessum ástæðum, ævinlega verið fylgjandi frjálsum samningum, þ. e. lágmarksafskiptum ríkisvalds og helst engum afskiptum. Þó hafa hugmyndir um þetta oft orðið nokkuð ruglingslegar, og nægir í því sambandi að vísa til nýlegrar umræðu hér á landi um það, hvort Alþingi skuli lögfesta sættir í þeirri kjaradeilu, sem nú stendur.

En um vinnulöggjafarfrumvarpið á árinu 1938 urðu á þeim tíma miklar deilur og þá fyrst og fremst milli Alþýðublaðsins annars vegar og Þjóðviljans hins vegar. Til upplýsingar er fróðlegt að kynna sér rök, sem færð voru bæði með og á móti þessu frumvarpi til laga.

Í Þjóðviljanum, sem þá var málgagn Kommúnistaflokks Íslands, birtist forustugrein þriðjudaginn 15. febrúar 1938, sem hét **Vinnulöggjöfin.** Þar segir:

„Eitt af því, sem komandi þing ætlar að gleðja íslenska alþýðu með að þessu sinni, er vinnulöggjöf. Á undanförnum árum hefur íhaldið borið fram frumvarp um vinnulöggjöf þing eftir þing. Framsókn hefur nú að síðustu bugast fyrir kröfum íhaldsins og komið með sín frumvörp um vinnulöggjöf. En allar þessar kröfur íhaldsins og Framsóknar hafa strandað á sama skerinu, andstöðu alþýðu. Hins vegar hefur það verið ljóst í nokkuð langan tíma, að Alþýðuflokkurinn var langt frá því að vera óklofinn í málinu. Hinir íhaldssamari leiðtogar Alþýðuflokksins hafa í raun og veru verið fylgjandi vinnulöggjöf. Hins vegar hafa vinstri menn Alþýðuflokksins verið því mótfallnir, að samtök verkalýðsins væru hneppt í fjötra vinnulöggjafar og annarra þvingunarráðstafana. Kommúnistaflokkurinn hefur frá öndverðu verið mótfallinn vinnulöggjöf. Andstaðan gegn vinnulöggjöfinni hefur verið svo sterk innan verkalýðshreyfingarinnar, að á Alþýðusambandsþingi 1936 var það samþykkt, að vinnulöggjöf skyldi aldrei sett án samþykkis verkalýðsfélaganna.

Nú hefur það hins vegar gerst, að hægri foringjar Alþýðuflokksins hafa samið við Framsókn um vinnulöggjöf, sem á að hljóta staðfestingu næsta Alþingis. Hefur plaggi þessu verið laumað út á land, til verkalýðsfélaganna eða manna, sem hægri foringjarnir telja sér trygga innan þeirra. Lítur helst út fyrir að ætlunin sé sú að fá frumvarp þetta samþykkt í félögunum, áður en tími vinnst til þess að ræða málið. A. m. k. er það víst, að frumvarpinu fylgdu úr hlaði góðar fyrirbænir frá meiri hluta sambandsstjórnar og ósk um, að tillögur þessar verði á þennan hátt samþykktar. Munu hægri foringjar Alþýðuflokksins hugsa sér að smjúga ódýrt fram hjá ákvæði Alþýðusambandsþingsins 1936 og halda sig frekar við bókstaf en anda samþykktarinnar.

Því verður að vísu ekki neitað, að tillögur þessar eru á margan veg skárri en tillögur og frumvörp íhaldsins og framsóknarmanna um sama efni. Réttur alþýðunnar og verkamanna er ekki jafnmiskunnarlaust fyrir borð borinn. **Hins vegar verður að líta svo á sem öll vinnulöggjöf sé hættuleg frá sjónarmiði verkalýðsins og geti ekki verið annað en hnekkir á frelsis- og hagsmunabaráttu hans.** (Leturbreyting höfundar).

Hér má t. d. benda á eina staðreynd. Vinnudómur sá, sem komið er á stofn og hefur í frumvarpinu hlotið nafnið „félagsdómur", skal svo skipaður: Einn maður frá Alþýðusambandinu, einn frá Vinnuveitendafélagi Íslands, tveir útnefndir af Hæstarétti og einn af atvinnumálaráðherra. Sýnir þetta e. t. v. betur en allt annað, hve langt er frá því, að **réttur verkamanna sé sá sami og atvinnurekenda, þar sem verkamenn mundu í flestum tilfellum aðeins eiga einn fulltrúa af fimm,** eða hafa a. m. k. enga tryggingu fyrir fleiri fulltrúum.

Þetta er glöggt dæmi þess, hve viðsjárverð lögin eru, þó gengið sé að fullu fram hjá þeirri staðreynd, að **engin jafnréttisákvæði megna að gera réttarstöðu bláfátækra, allslausra verkamanna jafna aðstöðu atvinnurekandans, sem styðst við fjármagn og yfirráð yfir atvinnumöguleikum verkamannanna.** Þetta er svo tvímælalaus aðstöðumunur, að enginn hefur reynt að hnekkja honum af nokkru viti.

Það má að vísu segja, að vinnulöggjöf sé, eins og hver önnur löggjöf, fyrst og fremst komin undir þeirri ríkisstjórn sem á að framkvæma hana. Sé ríkisstjórnin og dómsvaldið í höndum verkalýðsins og alþýðunnar, getur vinnulöggjöf verndað rétt verkamanna gagnvart atvinnurekendum, komið í veg fyrir óþörf og tilefnislaus verkbönn o. s. frv. Sé ríkisstjórnin aftur á móti ekki stjórn alþýðunnar, getur vinnulöggjöf aldrei orðið annað en fjötur um fót verkalýðshreyfingarinnar, verkfæri sem er notað gegn alþýðunni, allri baráttu hennar fyrir bættum hag og auknu frelsi.

Þeirri ríkisstjórn, sem nú fer með völd í landinu, er ekki treystandi til þess að vernda rétt verkalýðsins með vinnulöggjöf. Þvert á móti bendir flest til þess, að þau lög yrðu notuð gegn alþýðunni. Og víst er það, að Jónas frá Hriflu hefur til þess fullan hug að nota vinnulöggjöf frá sjónarmiði atvinnurekandans. Um hitt þarf ekki

að tala, hvað verður ofan á, ef íhaldið næði hér völdum eða fengi meiri áhrif á stjórn landsins.

Þess vegna mótmælir verkalýðurinn um allt land vinnulöggjafarfrumvarpi því, sem leggja á fyrir þingið, sem kemur saman í dag. Og með samtökum sínum mun hann hindra allar slíkar lagasetningar.“

Þessi forustugrein í Þjóðviljanum frá 15. febrúar 1938 sýnir einfaldlega, að langur vegur er frá því, að allir hafi verið á eitt sáttir um þá vinnulöggjöf, sem samþykkt var á því ári, og stendur enn með litlum breytingum. Á þeim tíma tókust menn á um vinnulöggjöf svo og það grundvallaratriði, hvort löggjafinn ætti yfirleitt að skipta sér af slíkum efnum. Sama dag segir Þjóðviljinn raunar í fyrirsögn fyrir mikilli grein um þetta mál: „Vinnulöggjöf í vændum. Hafa hægri foringjar í Alþýðuflokknum samið um samþykkt þrælalaga, þvert ofan í ákvörðun Alþýðusambandsþings? Verkalýðssamtökin verða öll að mótmæla.“

Í nefndinni, sem samdi þetta frumvarp, áttu sæti frá Framsóknarflokki þeir Gísli Guðmundsson og Ragnar Ólafsson og frá Alþýðuflokki þeir Sigurjón Á. Ólafsson og Guðmundur Í. Guðmundsson. Á þessum tíma er Alþýðusambandið enn hluti af Alþýðuflokknum og deilurnar um vinnulöggjöfina blönduðust öðrum deilum, sem uppi voru innan Alþýðuflokks og Kommúnistaflokks svo og innan Alþýðusambands Íslands. Stjórn Alþýðusambandsins, sem þá var einvörðungu skipuð Alþýðuflokksmönnum, tók afstöðu með þessu frumvarpi, en öfl innan verkalýðshreyfingarinnar, en þó utan þessa valdakerfis, tóku mjög gjarnan afstöðu gegn og er Þjóðviljinn gleggst dæmi um það.

3. mars 1938 segir Þjóðviljinn á forsíðu frá því, að verkalýðsfélögin mótmæli vinnulöggjöf Sigurjóns Á. Ólafssonar, eins og það er orðað. Þar er greint frá mótmælum víðs vegar að af landinu gegn vinnulöggjöfinni og gerræði Jóns Baldvinssonar og Co.“ Þessi mótmæli bárust m. a. úr Vestmannaeyjum, frá Stokkseyri og frá Siglufirði.

Um þessar mundir skrifar Björn Franzson grein í Þjóðviljann, sem ber heitið: „Verkamaður eða þræll.“ Þar segir:

„Verkamaður hefur yfirleitt haft frelsi til að **neita** að selja vinnuafl sitt, eins og atvinnurekandi getur neitað að kaupa það. Það er fyrst og fremst **þetta**, sem greinir verkamann auðvaldsþjóðfélagsins frá þrælnum eða hinum ánauðuga bónda. Þetta er í rauninni hið eina jákvæða í afstöðu hans, sem vegið getur að nokkru móti öryggisleysinu. Með því að beita þessum rétti sínum getur verkalýðurinn skapað sér vald, er vegið getur að nokkru á móti valdi yfirstéttarinnar, sem fólgið er í ráðum hennar yfir auðmagninu.

Sé þessi réttur, verkfallsrétturinn, tekinn af verkamanninum er þar með búið að gera þjóðfélagsaðstöðu hans jafna aðstöðu þrælsins. Aðstaða hans er jafnvel orðin enn verri eða því sem öryggisleysinu svarar. **Vinnulöggjöf, sem skerðir verkfallsréttinn, ber því ekki annað samnefni réttara en þrælalöggjöf.**

Það er skiljanlega eitt af aðaláhugamálum yfirstéttarinnar að koma á vinnulöggjöf og taka þannig verkfallsréttinn af hinni vinnandi stétt. Þetta hefur verið gert í löndum fasismans. Og í sumum löndum hins borgaralega lýðræðis, jafnvel Danmörku og Svíþjóð, hefur yfirstéttinni tekist að koma á lögum, sem skerða þennan rétt verkalýðsins að mjög verulegu leyti.

Hér á landi hefur þessu ekki fengist framgengt enn þá vegna andstöðu og stéttvísi hinnar íslensku verkalýðsstéttar. En nú hefur það ótrúlega gerst, að sumir af fulltrúum þeim, sem verkalýðurinn hefur valið sér til að gæta hagsmuna hans á þingi og í öðrum trúnaðarstöðum, hafa í fyrsta sinn tekið upp opinskáa baráttu fyrir vinnulöggjöf, sem afnemur að mestu leyti verkfallsrétt íslenskra verkamanna, og stærsta blað verkalýðsins hérlendis (hér er átt við Alþýðublaðið) flytur daglega magnaðan áróður fyrir þessu máli þvert ofan í einföldustu og viðurkenndustu grundvallarreglur hinna sósíalistisku kenninga.

Ætla íslenskir verkamenn að una því, að yfirstéttin geri þá að þrælum enn á ný og steypi þeim niður á þjóðfélagsstig hinna herteknu réttleysingja, sem þjáðust hér á landi fyrir 1000 árum?“

Um þessar mundir birtist í Þjóðviljanum forustugrein undir heitinu: „Alþýðublaðið og vinnulöggjöfin." Þar segir:

„Verkalýðurinn lætur aldrei taka af sér verkfallsréttinn og mun aldrei gefa Hæstarétti né öðrum útsendurum embættismanna og atvinnurekenda rétt til þess að ráða málum sínum.

Alþýðublaðið hefur undanfarna daga gengið erinda Claessens og Jónasar með því að reyna að sprengja verkalýðshreyfinguna innan frá. Verkalýðurinn hefur svarað þeim skemmdarverkum á viðeigandi hátt, og á sama hátt mun hann svara tilraunum Alþýðublaðsins til þess að rjúfa samtök verkalýðsins með lögum.

Alþýðan réð niðurlögum þrælalöggjafarinnar og er þess albúin að svara öllum árásum á samtakarétt sinn og beita til þess öllum krafti og harðfylgi, sem samtökin eiga yfir að ráða."

Svo ítarlega hefur verið vitnað til þeirra, sem mótmæltu frumvarpinu um stéttarfélög og vinnudeilur á árinu 1938, til þess að undirstrika, að fjarri fer að skipan þessara mála nú sé meðfæddur eða áunninn réttur, sem fengist hafi vegna þróunar og hefðar. Skipun þessara mála nú er þvert á móti meira en 40 ára gömul löggjöf, og eins og hver önnur löggjöf, þá er hún mannanna verk, gott eða vont eftir atvikum, og enn fremur standast slík verk auðvitað misjafnlega tímans tönn, eins og gengur.

Til þess að tiltaka röksemdir þeirra, sem að frumvarpinu stóðu og það studdu, er vitnað í forustugrein í Alþýðublaðinu 16. febrúar 1938, sem bar heitið: „**Frumvarpið um stéttarfélög og vinnudeilur.**" Þar segir m. a.:

„Alþýðuflokkurinn hefur aldrei verið mótfallinn löggjöf um vinnudeilur eða annarri löggjöf í sjálfu sér. Hann er hlynntur löggjöf, sem er til hagsbóta fyrir verkalýðinn og færir honum aukin réttindi, en hann er mótfallinn hvers konar tilraunum til að skerða réttindi verkalýðssamtakanna. Alþýðuflokkurinn er með öðrum orðum með réttlátri og skynsamri vinnulöggjöf, en á móti ranglátri og skaðlegri vinnulöggjöf.

Fullyrðing Þjóðviljans um að „öll vinnulöggjöf sé hættuleg frá sjónarmiði verkalýðsins og geti ekki verið annað en hnekkir á frelsis- og hagsmunabaráttu hans", er svo heimskuleg að það þýðir ekki að bjóða neinum viti bornum manni upp á slíka röksemdafærslu.

Vinnulöggjöf sú, sem Eggert Claessen hefur beitt sér fyrir, var sannnefnd „þrælalöggjöf", en það er hin grófasta blekking að vilja telja fólki trú um, að hið sama felist í frumvarpi milliþinganefndarinnar um stéttarfélög og vinnudeilur. Frumvarp Claessens var samsett úr því skaðlegasta úr vinnulöggjöf annarra þjóða. Í frumvarpi milliþinganefndarinnar er tekin frjálslegri og vinsamlegri afstaða en þekkist annars staðar.

Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði um réttindi verkalýðsfélaganna, sem sumpart eru staðfesting á þeim réttindum, sem verkalýðsfélögin hafa barist fyrir frá því fyrsta að fá viðurkennd og hafa smám saman fengist viðurkennd, a. m. k. þau öflugustu þeirra, sumpart réttindi, sem félögunum hefur ekki tekist að fá viðurkennd. Samtakarétturinn er viðurkenndur, verkalýðsfélögin eru viðurkennd sem lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör, rétturinn til að velja trúnaðarmenn í hverri vinnustöð staðfestur og trúnaðarmönnum veitt lögvernd gegn kúgun atvinnurekenda og atvinnurekendum bannað að beita atvinnukúgun við verkamenn sína.

Það má e. t. v. efast um, hversu vel muni takast að fá tryggingu fyrir því, að þessi réttindi verkalýðsfélaganna og meðlima þeirra verði í fullum heiðri haldin, en það er hin ósvífnasta blekking að halda því fram, að slík ákvæði séu sett í þeim tilgangi „að hnekkja samtakamætti alþýðunnar".

Síðan segir:

„Tiltæki kommúnista, að reyna að telja verkafólkinu trú um, að hér sé um að ræða svipaða löggjöf og „vinnulöggjöf" íhaldsins og Claessens, verður ekki nóg-

samlega fordæmt. Alþýðan mótmælti með réttu einróma kúgunarfrumvarpi íhaldsins um gerðardóm, og hún hefur með fullum rétti stimplað frumvarp Eggerts Claessens og atvinnurekendaklíku hans sem þrælalöggjöf.

Kommúnistar treysta því, að þessi frumvörp hafi gert alla vinnulöggjöf svo hataða af verkalýðnum, að nægilegt sé að stimpla frumvarp milliþinganefndarinnar sem „vinnulöggjöf" og bannfæra það þar með algerlega. Slík málafærsla er algert vindhögg og dæmir sig sjálf og upphafsmenn hennar. Enginn skyni borinn verkamaður getur haft á móti löggjöf um þessi efni, sem treystir og eykur réttindi verkalýðsfélaganna og meðlima þeirra.

Aðalatriðið er því ekki, hvort frumvarpið feli í sér „vinnulöggjöf" eða ekki, heldur verða menn að líta á það kalt og rólega, hvort frumvarpið felur í sér réttarbætur fyrir verkalýðinn eða ekki, og fella síðan dóm sinn."

Á Alþingi urðu harðar umræður um þetta frumvarp, og voru gerðar minni háttar breytingar á tillögum milliþinganefndarinnar, en í öllum aðalatriðum var frumvarpið samþykkt. Þingmenn úr Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki og Bændaflokki voru frumvarpinu hlynntir, svo og þingmenn úr Alþýðuflokki, að undanskildum Héðni Valdimarssyni. Þá ber þess þó að gæta, að klofningur í Alþýðuflokki var á þessum vikum að verða staðreynd. Þingmenn Kommúnistaflokks voru hins vegar andvígir frumvarpinu.

Vilmundur Jónsson, þingmaður Alþýðuflokksins, sagði m. a. í þingræðu um þetta mál:

„Verkfallsrétturinn er á engan hátt lögverndaður. Allur svokallaður „réttur" til verkfalla er fólginn í því, að þau eru liðin af þeim, sem valdið hafa í þjóðfélaginu — á meðan það verður —, en ekki því að þau séu leyfð. Með verkfallsbrjótum, jafnvel meðlimum þess verkalýðsfélags, sem í verkfalli á, má gera þennan „verkfallsrétt" að engu. Fyrir venjulegar aðgerðir verkalýðsfélaga til að hindra verkfallsbrot má samkv. hinum íslensku hegningarlögum dæma menn til þungra refsinga og jafnvel til betrunarhúsvinnu."

Síðar í ræðu sinni sagði Vilmundur Jónsson:

„Það er fyrst að telja, að réttur verkamanna til að stofna verkalýðsfélög og til að vera í verkalýðsfélögum er tvímælalaust viðurkenndur og lögverndaður með 1. gr. frumvarpsins. Hér á eftir verða verkalýðsfélögin ekki aðeins félög, heldur félög, sem hafa löglegan tilgang. Engar hundakúnstir lögfræðinga í dómarasæti geta komist í kringum það."

Ísleifur Högnason, þingmaður Kommúnistaflokksins, sagði m. a.:

„Ef þetta vinnulöggjafarfrumvarp verður að lögum, markar það tímamót í sögu íslenskrar verkalýðsbaráttu, með því að fyrsta spor er stigið í áttina til þess að gera íslenska verkamenn að þrælum."

Héðinn Valdimarsson, þingmaður Alþýðuflokksins, var eini þingmaður þess flokks, sem mælti gegn frumvarpinu. Héðinn, sem var þá formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sagði m. a. í umræðum á þingi um þetta mál:

„Nei, þessi vinnulöggjöf er þannig, að ekki er hægt að skoða hana nema sem beina árás á alþýðusamtökin og steyttan hnefa gegn þeim. Það blómskrúð, sem er sett í réttindakaflann, fölnar fljótt, þegar á að fara að nota það. En tilgangur takmarkananna á réttindum félaganna er lömun þeirra í baráttunni fyrir bættum kjörum alþýðunnar."

Einar Olgeirsson sagði í umræðum á Alþingi:

„Í öðru lagi er með þessu frumvarpi verið að stofna til ófriðar í landinu. Verkalýðurinn mun verja frelsi sitt. Hann mun ekki virða þræla- og þvingunarlög; hann mun vernda rétt sinn og samtök, fjör sitt og frelsi. Og þeim, sem nú ætla að knýja þessi lög gegnum þingið á móti vilja verkalýðssamtakanna, er best að athuga áður, hvort þeir ætla sér að vera með því að útbúa þann ríkisher, sem Ólafur Thors var að heimta hér á dögunum og tvímælalaust mun þurfa til að framkvæma þessa löggjöf."

Þessi rúmlega 40 ára gamla umræða er tíunduð svo rækilega hér til þess að undirstrika, að langt er frá því menn væru á eitt sáttir á sínum tíma um í fyrsta lagi réttmæti vinnulöggjafar yfir höfuð að tala og síðan um inntak laga sem samþykkt voru.

Eins og fyrr er vikið að, var þessi vinnulöggjöf samþykkt á meðan formleg tengsl voru á milli Alþýðuflokks og Alþýðusambands. Tveimur árum síðar rofnuðu hins vegar þessi tengsl og alþýðusamtökin urðu að formi til óháð stjórnmálaflokkum. Fljótlega hófust umræður um það, bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og utan hennar, að skipulag verkalýðshreyfingarinnar væri bæði stirt og þungt í vöfum og tæki auk þess ekki mið af þeirri öru atvinnuþróun, sem átt hefði sér stað í þjóðfélaginu síðan á frumbýlingsárum verkalýðshreyfingarinnar. Þessi umræða leiddi hins vegar ekki til formlegra tillagna innan launþegahreyfingarinnar sjálfrar fyrr en á árinu 1956. Þá samþykkti 25. þing Alþýðusambands Íslands að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að athuga hugsanlegar breytingar á lögum og skipulagi Alþýðusambands Íslands. Nefndin skyldi ljúka störfum fyrir 25. nóvember 1957.

Á Alþýðusambandsþingi 1958 var samþykkt stefnuyfirlýsing um grundvallaratriði í skipulagsmálum verkalýðshreyfingarinnar, en það var byggt á tillögum frá skipulags- og laganefnd. Stefnuyfirlýsingin er svofelld:

„Allt frá stofnun Alþýðusambandsins 1916, eða í rúma fjóra áratugi, hefur sambandið í meginatriðum búið við sama skipulag og í öndverðu var upp tekið, að því er varðar uppbyggingu sambandsins í heild og einstakra verkalýðsfélaga.

Á þessu tímabili hafa átt sér stað stórfelldar breytingar á atvinnuháttum þjóðarinnar. Nýjar starfsgreinar hafa orðið til, og tækniþróun hefur leitt til gerbreytingar á flestum sviðum atvinnulífs og efnahagsmála.

Verkalýðssamtökin hafa verið í fararbroddi þessarar þróunar, en eigi lagt nægilega rækt við að samhæfa samtökin sjálf þessari þróun, sem öllum hlýtur þó að vera ljóst að er knýjandi nauðsyn. Eigi samtökin að vera fær um að gegna hlutverki sínu og varðveita baráttuhæfni sína, verða þau að samhæfa skipulag sitt breyttum aðstæðum, svo að þau séu á hverjum tíma í samræmi við kröfur þróunarinnar. Hagsmunir heildarinnar verða að sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum einstakra starfshópa.

Í fullum skilningi þess, að þróunin krefst sterkra samtaka verkalýðsins, að skipulagskerfið verður að þróast þannig að samheldni verkalýðsins verði sem best nýtt og máttur samtakanna aukinn, samþykkir þingið eftirfarandi:

1. Undirstaðan í uppbyggingu verkalýðssamtakanna skal vera vinnustaðurinn. Verkalýðssamtökin skulu, eftir því sem framkvæmanlegt er, reyna að koma á því skipulagskerfi, að í hverri starfsgrein sé aðeins eitt félag í hverjum bæ, eða á sama stað, og skulu allir á sama vinnustað (verksmiðju, skipi, iðjuveri o. s. frv.) vera í sama starfsgreinafélagi.

Starfsgreinafélag skipar trúnaðarmenn á hverjum vinnustað, sbr. lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Sé um fleiri sérgreinar að ræða á hverjum vinnustað, skal skipaður trúnaðarmaður fyrir hverja þeirra, og skal tryggja nauðsynlegt samráð milli trúnaðarmanna, þar sem fleiri eru.

Innan sérgreina má leyfa félög hinna ýmsu sérgreina, er ræði sérmál. Félög þessi eru þó aðeins ráðgefandi, þar sem starfsgreinafélagið sjálft fer með ákvörðunarvaldið.

2. Á fámennum stöðum, þar sem atvinnuhættir gera slíkt nauðsynlegt, getur ASÍ ákveðið, að staðurinn skuli teljast einn vinnustaður (þótt um fleiri starfsgreinar sé að ræða) og það skuli því aðeins vera eitt félag.

Miðstjórn ASÍ og skipulagsnefnd er veitt heimild til, í nánu samstarfi við sambandsfélögin, að setja nánari reglur um framkvæmd á þeim grundvallaratriðum, er að framan greinir, og falið að vinna að framgangi þeirrar stefnu í skipulagsmálum verkalýðssamtakanna, sem í samþykkt þessari felst.“

Þessi stefna Alþýðusambands Íslands var síðan ítrekuð á sambandsþingum, bæði árið 1960 og 1962. Í stefnuyfirlýsingunni á þinginu 1960 var fjallað um það, að Alþýðusamband Íslands verði heildarsamtök verkalýðsins og samanstandi af landssamböndum starfsgreinafélaga. Þá var sagt, að það skuli, eftir því sem framkvæmanlegt er og hagkvæmt þykir, við það miðað að aðeins eitt samband eigi aðild að hverjum vinnustað. Þá er um það fjallað að í kaupstöðum skuli mynda félag í hverri starfsgrein, ef aðstæður leyfi, og eigi félagið aðild að landssambandi viðkomandi starfsgreina.

Loks var gefin út að tilhlutan Alþýðusambands Íslands á árinu 1960 ítarleg greinargerð og tillögur um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, þar sem þessum hugmyndum var lýst í smáatriðum. Þá skýrslu tók saman milliþinganefnd í laga- og skipulagsmálum Alþýðusambands Íslands, og hún skilaði áliti 4. mars 1960. Þessa nefnd skipuðu Eðvarð Sigurðsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Tryggvi Helgason, Snorri Jónsson og Óskar Hallgrímsson. Þessi greinargerð er mjög ítarleg, og þar er útfærð í smáatriðum sú hugmynd, að vinnustaðurinn skuli vera grundvallareining að því er varðar samninga um kaup og kjör. Þar segir m. a.:

„Með fjölbreyttari atvinnuháttum, stöðugt vaxandi verkaskiptingu og mikilli fjölgun þeirra, er skipa sér undir merki ASÍ, hefur þetta viðhorf gerbreyst. Það skipulagsform, sem í öndverðu gaf verkalýðssamtökunum styrk, er nú að ýmsu leyti orðið veikleiki þeirra og hindrar, að sá styrkur, sem samtökin geta ráðið yfir, nýtist. Þetta á við um hreyfinguna í heild, en ekki einstök staðbundin félög."

Síðan segir:

„Með stefnuyfirlýsingu þeirri, sem samþykkt var á 26. þinginu, er því slegið föstu, að horfið skuli frá því skipulagi, sem lýst hefur verið hér að framan, og skipulagsnefnd og miðstjórn falið að vinna að því, að upp verði tekið það skipulag sem grundvallast á vinnustaðnum, þ. e. að allir launþegar á einum og sama vinnustað skuli vera í sama félagi án tillits til starfa eða sérgreina. Hér skiptir því ekki máli, hvort um er að ræða mann, sem vinnur störf, sem í daglegu tali eru nefnd verkamannavinna, eða mann, sem vinnur iðnaðarstörf. Ef þeir vinna báðir á sama vinnustað, skulu þeir samkvæmt þessu vera í sama félagi.

Til þess að skýra þetta nánar skal tekið dæmi:

Hlutafélagið Uggi starfrækir fiskvinnslu í húsum sínum við Sjávarsíðu 303.

Á þessum sama vinnustað starfa menn og konur úr eftirtöldum félögum:

Verkamannafélagið Dagsbrún: verkamenn, vélgæslumenn og bifreiðastjórar.

Verkakvennafélagið Framsókn: verkakonur og starfsstúlkur í eldhúsi og mötuneyti.

Félag járniðnaðarmanna: járnsmiðir.

Félag ísl. rafvirkja: rafvirki.

Þessi fjögur félög hafa hvert um sig samning við fyrirtækið um kaup og kjör sinna meðlima og geta hvert um sig sagt upp samningum án samráðs við hin.

Samkvæmt stefnuyfirlýsingunni ætti þetta fólk að vera í sama félagi og félagið að gera einn samning við fyrirtækið. Gengið er út frá því, að sú skylda hvíli á félaginu, sem gerir hinn sameiginlega samning, að það tryggi félagsmönnum hvers þessara félaga eigi lakari kjör en þeir höfðu fyrir sameininguna og að jafnan séu eigi lakari kjör á vinnustaðnum en gildandi eru í viðkomandi sérgrein á hverjum tíma."

Síðan segir (og skal þá tekið fram, að þar hefur þessi milliþinganefnd Alþýðusambands Íslands nokkuð aðrar hugmyndir en gert er ráð fyrir í frumvarpinu hér að framan):

„Þegar talað er um hér að framan að gera einn samning við fyrirtæki, er ekki átt við að nauðsynlegt sé að mynda sérstakt félag fyrir vinnustaðinn." (Í því frumvarpi, sem hér er flutt, er það einmitt lagt til). „Nú getur hagað svo til, að fleiri fyrirtæki séu í sama bæ eða sýslu og hafi sams konar starfrækslu og hf. Uggi. Starfsfólk allra þessara fyrirtækja vinnur sams konar störf, eru í sömu starfsgrein

og á því allt að vera í sama starfsgreinafélagi, sem gerir heildarsamning við öll fyrirtækin.

Til að skýra þetta nánar skal tekið hér annað dæmi:

Setjum svo, að í Reykjavík séu starfrækt fimm skipafélög, sem gera út 25 kaupskip. Á hverju kaupskipi starfa menn úr Sjómannafélagi Reykjavíkur og 6 kjördæmafélögum. Hvert kaupskip er sérstakur vinnustaður og allir, sem þar starfa, ættu að vera í sama félagi. Menn úr öllum félögum vinna í sömu starfsgrein, þ. e. við siglingar. Hér yrði því um eitt starfsgreinafélag að ræða, sem gerði samning við öll skipafélögin samtímis og fyrir alla sem þar starfa."

Sú greinargerð um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, sem hér hefur verið vísað til, er miklum mun ítarlegri en svo, að hér gefist ráðrúm til að rekja hana alla. En í niðurlagsorðum segir m. a.:

„Öllum hugsandi mönnum í verkalýðssamtökunum er ljós nauðsyn þess, að samtökin hagi skipulagi sínu og starfsháttum á hverjum tíma þannig, að afl það, sem þau geta ráðið yfir, nýtist sem best því fólki, sem samtökin skipa til hagsbóta. Ætli verkalýðssamtökin að vera hlutgeng í því þjóðfélagi, sem þannig er mótað, verða þau að aðhæfa sig þeirri þróun, skera af sér vankanta, sem þegar eru í ljós komnir, og byggja skipulag sitt og starfshætti þann veg, að samtökin geti mætt hverjum nýjum viðhorfum með öllum styrk. Hér er ekki nægjanlegt, að samtökin geti aðlagað sig breyttum aðstæðum. Þau þurfa að vera á undan þróuninni, gera sér á hverjum tíma grein fyrir, hvert hún stefnir, og haga viðbrögðum sínum samkvæmt því. Aðeins með þeim hætti geta verkalýðssamtökin tryggt meðlimum sínum rétta hlutdeild í þeim vaxandi framleiðsluverðmætum, sem tækniþróunin á að hafa í för með sér .... Enda þótt slík öfl (þ. e. öfl fjandsamleg verkalýðshreyfingunni) hafi eigi áhrif á innra skipulag samtakanna, má eigi gleyma því, að á löggjafar- og framkvæmdavald geta þau haft áhrif. Og vissulega mætti með löggjafaratriðum sníða skipulagi verkalýðssamtakanna þann stakk, sem þau síst kysu sér. Það er þýðingarlaust og beinlínis stórskaðlegt að loka augunum fyrir því, að á seinni árum geta gerst ýmsir atburðir, sem eru bein afleiðing af núverandi starfsháttum innan samtakanna, sem framkalla háværar kröfur um að vald samtakanna yrði skert. Sumar þessara aðgerða, sem hafa framkallað slíkar kröfur, hafa átt fullan rétt á sér og verið nauðsynlegar. Hinu er hins vegar ekki unnt að neita, að aðrar aðgerðir hafa orkað mjög tvímælis og í nokkrum tilfellum alls ekki samrýmst hagsmunum hreyfingarinnar í heild. Hér sannast sem oftar, að einsdæmin eru verst. Það orkar ekki tvímælis, að það er á valdi samtakanna að ráða bót á slíkum misfellum og hindra þannig, að löggjafinn sjái sig tilneyddan til að hlutast til um þessi mál .... Grundvallarsjónarmið verkalýðssamtakanna hlýtur að vera það að láta hagsmuni heildarinnar sitja í fyrirrúmi fyrir „hagsmunum" einstakra starfshópa. Með þessi sannindi í huga eiga samtökin sjálf að ráða skipulagsmálum sínum og starfsháttum."

Það eru liðin rétt 20 ár síðan þessi greinargerð var tekin saman, og þessi stefna var jafnframt yfirlýst stefna launþegasamtakanna. Síðan hefur samt sem áður engin skipulagsbreyting verið gerð á skipulagi samtakanna.

Orðið „starfsgreinafélag" er notað í þessum lagatexta. Það orð var notað á þingum Alþýðusambands Íslands á sínum tíma svo og í þeim greinargerðum, sem hér hefur verið vísað til, en að vísu í nokkuð öðrum skilningi en lagt er til í þessu frumvarpi til laga. Segja má þó, að það orð kunni að vera nokkuð misvísandi, og skal hér nokkur grein gerð fyrir notkun þess. Talið var æskilegt að halda þessu orði í lagatextanum, m. a. til að undirstrika skyldleika þessa frumvarps við hugmyndir sem áður hafa komið fram hjá Alþýðusambandi Íslands.

Með „starfsgreinafélagi" er átt við, að allir þeir, sem vinna að sömu framleiðslu á vöru eða inna af hendi sömu þjónustu og selja vinnu sína til sama vinnukaupanda, séu saman í starfsgreinafélagi. Starfsgrein er þá skilgreind sem vinna að tiltekinni framleiðslu, óháð því hvaða sérstaka starfi tiltekinn einstaklingur gegnir. Þannig

væru allir þeir, sem vinna við flug, að selja vinnu sína einum og sama vinnukaupanda, í sama starfsgreinafélagi, hvort sem þeir fljúga flugvélum, færa bókhald, vinna við þvotta eða rafvirkjun. Þeir, sem vinna í verksmiðju, hjá skipafélagi eða í stærri verslun, væru þá saman í „starfsgreinafélagi".

Eftir er þá vandi þeirra, sem vinna á minni vinnustöðum. Gert er ráð fyrir því, að þeir séu sem áður í stéttarfélagi, þ. e. fagfélagi, nema samkomulag allra starfsmanna sé um annað.

Þeirri röksemd hefur verið hreyft, að fagmenn, sem vinna sérhæfð störf, en lenda í augljósum minni hluta innan starfsgreinafélags, muni aldrei sætta sig við slíka skipan, enda gangi það gegn hagsmunum þeirra, þeirra réttur verði sem sagt ævinlega fyrir borð borinn í samningum. Þetta eru vissulega veigamikil rök, sem vega þungt. En stéttarfélög munu starfa áfram, sínu fólki til halds og trausts væntanlega. Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og halda kröfum sinnar sérgreinar á lofti. Einnig er á hitt að líta, að í kjarasamningum er samið um lágmarkslaun einungis. Það er ekkert sem bannar fyrirtækjum að borga hærri laun, ef þau svo kjósa og svo meta störf. Í þriðja lagi, ef hagsmunir tiltekins hóps eru gersamlega fyrir borð bornir í kjarasamningum og þar fæst engin leiðrétting, þá má gera ráð fyrir því, að menn fáist síður eða ekki til starfa.

Veigamikil spurning, sem vaknar þegar hugleitt er, hvort Alþingi eigi að skerast í leikinn og gerbreyta vinnulöggjöfinni, er sú, hvort þetta sé yfirleitt í verkahring löggjafarvaldsins. Því er til að svara, að löggjafarvaldið setti þau lög, sem nú eru í gildi, og þeim hefur einnig lítils háttar verið breytt síðan. T. d. var ákvæðum núgildandi laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sem lutu að sáttasemjara ríkisins, breytt fyrir nokkrum árum. Það er því hefð fyrir því á Íslandi, að þetta sé löggjafarmál. Undir hitt ber að taka, að auðvitað er það æskilegast sem almenn regla, að aðilar vinnumarkaðarins, sem svo eru kallaðir, komi sér saman um bardagavöll án nokkurra afskipta löggjafans. En litið skal til þess, að þrátt fyrir ótvíræða stefnuyfirlýsingu alþýðusamtakanna og mikla vinnu, sem í hana hefur verið lögð fyrir tveimur áratugum, hefur ekkert gerst í þessum efnum. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort það sé ekki beinlínis skylda löggjafans að grípa inn í, að vera eins konar hvati þess, að þessar breytingar eigi sér stað. Og þegar spurt er hvers vegna, þá er þeirri spurningu raunar að fullu svarað í greinargerð og tillögum um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, sem áðurnefnd milliþinganefnd tók saman á árinu 1960. Áhersla skal lögð á það, sem þar kemur fram um nauðsyn þess, að launþegasamtök lagi sig að breyttum þjóðfélagsháttum, breytingum í atvinnulífi og tækniframförum, sem vissulega hafa átt sér stað og eiga sér stað. Sögulega og að nafninu til háttar svo, að bæði vinnukaupendur (sem oftar eru nefndir vinnuveitendur) og vinnuseljendur (verkalýðshreyfing) hafa lagt áherslu á, að þeir vilji frjálsræði, sem þýðir afskiptaleysi ríkisvalds. Þá er átt við að ríkisvaldið virði frjálsan samningsrétt, að það hafi ekki með löggjöf eða með öðrum hætti afskipti af því, hvernig kaup og sala á vinnu ganga fyrir sig. Segja má, að í orði kveðnu hafi bæði vinnukaupendur og vinnuseljendur aðhyllst að þessu leytinu frumskógalögmál kapitalismans, en í reynd er þessu raunar allt öðruvísi háttað. Í vaxandi mæli hafa komið til afskipti ríkisvalds með einum eða öðrum hætti, bæði með íhlutun um samninga og núna í seinni tíð með beinni þátttöku í samningamálum. Þegar samið er um fiskverð, eru gerðir „baksamningar" um gengisbreytingar. Vaxandi umræður um félagsmálapakka eru auðvitað ávísun á það, að heildarsamtök launafólks hafa stillt ríkisvaldinu upp við vegg við hliðina á vinnukaupendum og gera kröfur á hendur þeim báðum samtímis, þannig að ætla má, að ef ríkisvaldið veitir stærri félagsmálapakka, t. d. í formi skatta og dagvistunarmála, þá komist vinnukaupendur af með að borga lægri laun. Með þessum hætti er auðvitað ríkisvald, nauðugt eða viljugt, orðið þriðji aðili kjarasamninga. Og bæði verða þessar millifærslur auðvitað ærið ruglingslegar og eins getur verið í raun ógerlegt að meta

þær til tekna, þó svo það sé gjarnan gert. **Í þessu frumvarpi til laga er lagt til, að horfið verði frá þessu ríkisafskiptakerfi um kaup og kjör og horfið til baka til þeirrar grundvallarhugmyndar, raunar bæði verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, að þeir semji beint um kaup og kjör og án milligöngu ríkisvaldsins.**

Á það skal lögð áhersla, að í þessu frumvarpi til laga er raunar gert ráð fyrir því að ganga heldur lengra í þá átt, að vinnustaðirnir séu gerðir að grunneiningu, heldur en gert var ráð fyrir í tillögum Alþýðusambands Íslands fyrir um það bil 20 árum. Þegar frá hafa verið taldir opinberir starfsmenn, sem talið er eðlilegt, að myndi heildarsamtök þar sem þeir vinna hjá einum og sama vinnuseljandanum, samvinnustarfsmenn, sem vinna við sérstakt rekstrarform, bankastarfsmenn, svo og þeir fiskimenn, sem veiða upp á hlut og fá laun sín þess vegna sem hluta af umsömdu fiskverði, þá er gert ráð fyrir því, að sérhverjir starfsmenn, sem vinna á vinnustað, þar sem einn og sami vinnukaupandi kaupir vinnu, gangi saman í félag. Með þessu er gert ráð fyrir því, að laun geti verið misjöfn, jafnvel hjá fyrirtækjum, sem stunda nákvæmlega sömu framleiðslu. Slíkt getur auðvitað verið komið undir afköstum, hagræðingu og tæknibúnaði, svo að nokkuð sé nefnt. Flytjandi þessa frumvarps telur eðlilegt, að hlutdeild starfsfólks sé aukin með þessum hætti og þannig beinlínis tengd afkomu fyrirtækisins. Ef fyrirtækið eykur framleiðslu sína vegna tækniframfara og tækninýjunga, þá er auðvitað eðlilegt, að starfsfólk við þetta fyrirtæki geri auknar kaupkröfur. Það er einnig eðlilegt, að starfsfólk taki þátt í rekstri með þeim hætti t. d., að það hægi á kaupkröfum sínum til þess að gera fyrirtæki kleift að fjárfesta í nýrri og betri vélum, sem þannig skili sér í auknum kaupmætti þegar fram líða stundir. Það kerfi, að sérhvert fyrirtæki sé með þessum hætti samningseining út af fyrir sig, býður upp á miklum mun meiri sveigjanleika heldur en núverandi kerfi heildarsamninga gerir. Hins vegar geta starfsgreinafélög myndað samböndin á milli, sem þá gera samninga fyrir alla félagsmenn.

Á tvennt skal þó lögð áhersla. Í þessu lagafrumvarpi er leitast við að hafa eins lítil afskipti af félagsuppbyggingu launþegafélaga og frekast er talinn kostur. Hér er að vísu lagt til, að lögfest verði, að vinnustaðurinn verði grunneining með þeim undantekningum, sem nefndar eru, en að öðru leyti verður það að vera launþegahreyfingarinnar sjálfrar að ákvarða, hvernig félagskerfið er upp byggt. Það félagskerfi, svo og þau félagasamtök, sem fyrir eru, geta auðvitað að öllu leyti starfað áfram eftir því sem félagsmönnum þykir þurfa. Ekki er að sinni tekin afstaða til þess, með hverjum hætti skuli farið með margháttuð hagsmunamál, svo sem lífeyris- og orlofsmál. Hins vegar hlýtur það að vera bæði eðlilegt og nauðsynlegt, að fagmenn, t. d. í prentiðnaði eða verslun, séu eftir sem áður í stéttarfélögum til að sinna margvíslegum félagsmálum og öðrum þeim málum, sem félagsmenn telja skipta máli. Eins verður það fólk, sem vinnur á vinnustað þar sem færri en 25 vinna, eftir sem áður að skipa sér í stéttarfélög, sem taka þá til margra vinnustaða, eins og núverandi kerfi gerir ráð fyrir, gagngert til þess að gæta hagsmuna sinna. Á þessu stigi er talið eðlilegt, að heildarsamtök launafólks hafi forustu um að endurskipuleggja samtök sín, en hagsmuna þessa fólks sé gætt með bestu móti.

Það hefur gerst síðan Alþýðusambandsþing ályktaði í þessa veru á árunum 1956—1962, að beinir samningar fyrirtækis og starfsfólks hafa verið reyndir á nokkrum stöðum og þá fyrst og fremst í svokölluðum stóriðjufyrirtækjum, í verksmiðjunum á Grundartanga og í Straumsvík. Þar hefur þetta fyrirkomulag reynst með ágætum, og á það má leggja áherslu, að þar eru borguð hærri laun en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Og svo virðist sem bæði þeir vinnuseljendur og vinnukaupendur, sem þarna eiga hlut að máli, séu ánægðir með þetta fyrirkomulag og vilji ekki frá því breyta.

Þessar hugmyndir hafa hins vegar oft verið ítarlega ræddar. Nefna má umræðu, sem skráð er í 1. hefti tímaritsins Réttar í árgangi 1976. Í umræðu um verkalýðsmál tjá nokkrir forustumenn í launþegahreyfingunni sig um hugmyndir af þessu tagi.

Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði m. a.:

„Þegar ASÍ-þing markaði stefnuna í skipulagsmálum, þá var hugmyndin sú að stefna að því, að vinnustaðurinn yrði grundvöllur fyrir verkalýðsfélögin. Þetta var samþykkt. Hins vegar hefur það gengið afskaplega lítið að framfylgja raunverulega þessari stefnu. Það er óhætt að játa það hreinskilnislega, að það hefur alveg mistekist enn sem komið er. Þessa stefnumörkun í skipulagsmálum ASÍ, sem ákveðin var, hafa menn enn ekki treyst sér til þess að framkvæma í einu vetfangi, en myndun landssambandanna átti að vera spor í þessa átt." Og Björn hætti við: „Það hefur verið sagt, að verkalýðshreyfingin væri eitt íhaldssamasta afl í þjóðfélaginu, og verður að játa, að hún er ákaflega íhaldssöm á formið!"

Sigurður Magnússon rafvirki sagði í sömu umræðu:

„Ég hef verið þeirrar skoðunar, að stefna þurfi markvisst að því að gera vinnustaði sem mest að einni félagseiningu. Breyta þarf skipulagi verkalýðssamtakanna úr því að vera einhver sérgreinafélög iðnaðar- eða verkamanna í félag starfsfólksins á tilteknum vinnustöðum. Þannig held ég að möguleiki sé á að mynda þann samhug og þá bræðralagskennd, sem þarf til að hindra að það gerist, sem hefur verið að gerast hjá okkur varðandi hina miklu tekjuskiptingu."

Það skal ítrekað og á það skal lögð áhersla, að hetta frumvarp til laga um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur tekur aðeins til þeirra hugmynda, að vinnustaðurinn skuli vera grundvallareining. Að öðru leyti er það alfarið á hendi launþegasamtakanna sjálfra með hverjum hætti þau kjósa að haga sínum skipulagsmálum, komist þessi breyting á. Það er hins vegar hugmynd flutningsmanns, að bæði heildarsamtökin svo og einstök stéttarfélög, sem nú starfa, hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna eftir sem áður í þá veru að fylgjast með samningum og gæta hags sinna manna í hvívetna.

Deila má um, hvort viðmiðunartalan 25, eins og hún er fram sett í frumvarpinu, sé hin æskilega tala. Slíkt þarf vitaskuld að athuga mjög nákvæmlega.

Í þessari greinargerð hefur nær einvörðungu verið fjallað um skipulag launþegasamtakanna, en því sem næst ekkert um skipulag Vinnuveitendasambands Íslands. Flutningsmanni þykir sem það leiði af sjálfu sér, að breyta þyrfti skipulagi Vinnuveitendasambands Íslands til samræmis við þá breytingu sem hér er lögð til, en með öllu sé ástæðulaust að það sé sérstakt löggjafaratriði.

Frumkvæði löggjafans í þessum efnum kann að þykja óæskilegt og getur jafnvel valdið tortryggni, þótt það sé mat flutningsmanns, að slík tortryggni ætti með öllu að vera ástæðulaus. En nú ber þess líka að gæta, að sú hætta er fyrir hendi án þess að um hana skuli nokkuð fullyrt, að foringjar í launþegafélögum kynni að vera íhaldssamari í þessum efnum en gengur og gerist. Kann sú íhaldssemi að vera sömu náttúru og íhaldssemi alþingismanna í kjördæma- og kosningarréttarmálum. Í báðum tilvikum er fólk, sem jafnan hefur haft atvinnu af því árum saman að stunda löggjafarstörf og/eða standa í samningum og getur talið, að með þessu sé verið að ráðast að stöðu sinni. Sú hætta kann sem sé að vera fyrir hendi að forustufólk við núverandi skipan sé tregara til breytinga en gengur og gerist meðal almennra félagsmanna. Einnig af þeirri ástæðu getur verið réttlætanlegt, að löggjafinn hafi hér nokkra forustu. Þessi sjónarmið reifaði einmitt Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, í heim umræðum um verkalýðsmál, sem þegar hefur verið vísað til og birtust í tímaritinu Rétti árið 1976. Hann sagði: „Kannske er líka einhver smákónganólitík í þessu. En það er, fyrst og fremst þeir, sem eru harðast launaðir, sem eru harðastir á móti því. Þeir þola ekki lýðræðið. Þeir vita, að þeir ófaglærðu eru fleiri."

Vitaskuld er með þessu frumvarpi til laga lögð fram mjög róttæk grundvallarbreyting á fyrirkomulagi samninga um kaup og kjör. Flutningsmaður telur þó, eftir að hafa gefið sér þá forsendu að þessi breyting sé nauðsynleg, að í þessu frumvarpi sé eins hægt farið í sakirnar og frekast er kostur og að öðru leyti sé aðilum vinnumarkaðarins látið eftir, hvernig þessum skipulagsmálum verður háttað.

Það er einnig mat flutningsmanns, að það sé staðreynd, að í samningum á undanförnum árum hafi þeir, sem lægst hafa launin, ekki fengið þá uppbót, sem þeim beri. En með því fyrirkomulagi, sem hér er verið að leggja til, er stefnt að auknum launajöfnuði. Þá verða hagsmunir þeirra, sem hingað til hafa haft lægstu launin, tengdir og samtvinnaðir hagsmunum annarra þeirra, sem við sömu framleiðslustörf vinna, en hafa hingað til haft hærri laun vegna starfsreynslu, menntunar eða af öðrum ástæðum. Það er því skoðun flutningsmanns, að þetta nýja fyrirkomulag muni í reynd fela í sér raunverulegri jafnlaunastefnu en unnt hefur verið að koma á með því kerfi heildarsamninga, sem ríkt hefur. Ummæli manna, sem mikla reynslu hafa í samningamálum, styðja mjög þessa skoðun.

Þá má benda á, að það er vaxandi tilhneiging launþegahreyfinga víðs vegar um landið að brjótast undan kerfi heildarsamninga og semja sérstaklega. Þessara tilhneiginga hefur mjög gætt nú á haustdögum og virðist benda til þess, að það sé vaxandi óánægja einstakra launþegafélaga með ríkjandi fyrirkomulag.

Það er einnig röksemd, sem styður þá breytingu sem hér er verið að leggja til, að í svokölluðum heildarsamningum, eins og þeir hafa verið byggðir upp, eru sáralítil tengsl á milli annars vegar afkomu fyrirtækis og framleiðslugreinar og hins vegar samninga um kaup og kjör. Það er gersamlega útilokað, að fáeinir samningamenn, sem fyrir þessu samfloti standa, geti haft tilfinningu fyrir afkomu einstakra fyrirtækja eða framleiðslugreina. Leiða má rök að því, að stundum leiði þetta til þess, að samningar verði óraunhæfir, þannig að ekki séu til verðmæti fyrir þeim samningum, sem gerðir eru, og ríkisvaldið skakki síðan leikinn með tilfærslum, eins og t. d. gengisfellingum. En það má einnig leiða rök að því, að þessi skortur á tilfinningu verði til þess í öðrum tilvikum, að launþegar njóti ekki ávaxta af aukinni framleiðslu fyrirtækis eða framleiðslugreinar. Það, sem hér er verið að leggja til, á einfaldlega að stuðla að því, að launþegar fái laun í réttu hlutfalli við verðmæti þeirrar framleiðslu á vöru eða þjónustu, sem þeir vinna við.

Þá má benda á, að þetta nýja fyrirkomulag gerir í raun ráð fyrir vaxandi þátttöku vinnuseljenda í rekstri fyrirtækja. Að þessu sinni er ekki verið að leggja til löggjöf um atvinnulýðræði, þ. e. að tiltekinn hluti starfsfólks skuli hafa rétt til setu í stjórnum, en slíkt gæti vel verið löggjafaratriði síðar. En gera má ráð fyrir, að þegar um beina samninga er að ræða milli fyrirtækis og starfsfólks, þá sjái fyrirtækið sér hag í því, að fulltrúar starfsfólks sitji í stjórnum, fylgist sem best með rekstri og afkomu fyrirtækis til þess að auðvelda og liðka fyrir skynsamlegum kjarasamningum, án þess að gengið sé á hag fyrirtækis. Flutningsmaður telur raunar að mjög aukin þátttaka starfsfólks í rekstri sé af hinu góða og æskileg framtíðarþróun.

Loks má benda á, að í því fyrirkomulagi heildarsamninga, sem hefur ríkt hér á landi um langa hríð, hefur farið mjög í vöxt, að ríkisvaldið sé beinn eða óbeinn þátttakandi í kjarasamningum, samningum um fiskverð eða öðrum hliðstæðum samningum. Þetta gengur reyndar gegn sögulegri stefnu launþegahreyfingarinnar og annarra samningsaðila einnig, en samt hefur þetta verið þróunin án sýnilegra mótmæla. Hins vegar má mjög draga í efa að slík samskipti séu æskileg, einfaldlega vegna þess að á endanum eru það ævinlega skattborgarar, sem við skulum segja að séu allir borgarar þessa lands, sem borga fyrir þessa samninga með einum eða öðrum hætti, annaðhvort í formi rýrnandi gjaldmiðils, í formi hærri skatta eða með öðrum hætti.

Með því fyrirkomulagi, sem hér er verið að fjalla um, er vissulega verið að leggja til að samningar verði í raun frjálsir á milli vinnuseljenda og vinnukaupenda og fari fram alfarið án afskipta ríkisvaldsins. Það er kannske fyrst og síðast sú meginstefnubreyting, sem í þessari grundvallarhugmynd felst. Það er svo önnur saga,

vissulega skylt mál, en á hins vegar að skoðast með öðrum hætti, með hverjum hætti ríkisvaldið leitast við að auka velferð þegna sinna á hverjum tíma. Um það hefur stjórnmálaflokka greint á og á sennilega eftir að greina á um langa hríð."

Allnokkrar umræður urðu um efni þessa frumvarps á s. l. vetri, meðal annars innan Alþýðuflokksins.

Ráðstefna um verkalýðsmál, haldin á vegum Verkalýðsmálanefndar Alþýðuflokksins, 3. október s. l. ályktaði svo:

„Ráðstefnan lýsir yfir fyllsta stuðningi við þá grundvallarstefnu í skipulagsmálum, sem samþykkt var á þingum Alþýðusambands Íslands 1958 og 1960, að undirstaða skipulags verkalýðssamtakanna skuli vera vinnustaðurinn og að allir launþegar á sama vinnustað skuli vera í einu og sama stéttarfélagi.

Ráðstefnan telur, að það ástand, sem nú ríkir í skipulagsmálum verkalýðssamtakanna, sé með öllu úrelt og baráttu samtakanna til mikils tjóns. Brýna nauðsyn beri því til að hefjast nú þegar handa um að færa skipulag samtakanna í það horf, sem stefnt var að með fyrrgreindum samþykktum, sem ítrekaðar voru á síðasta þingi ASÍ.

Það er eindregin skoðun ráðstefnunnar að ein af meginorsökum þess, hve seint hefur sóst að koma í framkvæmd raunhæfri launajafnréttisstefnu, byggðri á samábyrgð alls launafólks, sé öðru fremur sá glundroði, sem ríkir í skipulagsmálum verkalýðssamtakanna, þar sem launþegum er skipað í stéttarfélag eftir gjörsamlega úreltum viðhorfum.

Ráðstefnan hvetur alla jafnaðarmenn í verkalýðssamtökunum og aðra þá, sem vilja efla sterk og virk verkalýðssamtök í landinu, til þess að hafa forustu um það að skipulagsmálin verði nú tekin föstum tökum með almennum umræðum í stéttarfélögum og á vinnustöðum og til lykta leidd í samræmi við fyrri samþykktir á yfirstandandi kjörtímabili ASÍ."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt úr gildandi lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nema aukið er við nýrri tegund félaga, starfsgreinafélögum. Leitast er við að skilgreina hugtakið starfsgreinafélag, þar sem það er nýmæli.

Þarflaust er hins vegar að skilgreina hugtakið stéttarfélag, þar sem það hefur nokkuð fasta merkingu.

Um 2. og 3. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar frá því sem er í gildandi lögum, nema bætt er við starfsgreinafélögum.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því, að starfsgreinafélög eða sambönd þeirra verði viðurkenndur samningsaðili, þar sem 25 launþegar (vinnuseljendur) eða fleiri starfa hjá sama atvinnurekanda (vinnukaupanda). Ef færri starfa hjá sama atvinnurekanda geta þeir þó stofnað starfsgreinafélag, ef allir, sem á vinnustaðnum vinna, eru á eitt sáttir, og skal það þá viðurkennt sem samningsaðili um kaup og kjör. Ella starfa stéttarfélög áfram sem áður. Ákvæði greinarinnar ná ekki til opinberra starfsmanna né heldur bankamanna í ríkisbönkum þar sem þeir lúta sérstökum lögum um þessi efni.

Hins vegar þykir rétt að undanskilja sjómenn á fiskiskipum, þar sem launagreiðslum til þeirra er hagað með sérstökum hætti. Sömu sögu er að segja um samvinnustarfsmenn, þeir vinna við sérstakt rekstrarform og þykir rétt að undanskilja þá frá ákvæðum þessara laga.

Um 5.—7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Ed. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan, Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Eiður Guðnason.

1. gr.

Við 1. tl. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Heimild þessi nái einnig til barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er endurflutt frá síðasta þingi og fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Á sínum tíma flutti fyrsti flm. þessa frv. ásamt öðrum frumvarp um að öll vinna hjá húseiningaverksmiðjum samsvarandi vinnu á byggingarstað yrði undanþegin söluskatti svo sem er um aðrar húsbyggingar.

Frv. var borið fram beinlínis til þess að koma á fullu jafnrétti hjá þeim, sem byggja verksmiðjuframleidd hús, samanborið við þá framkvæmdaaðila sem framkvæma allt á byggingarstað.

Þetta frv. náði ekki fram að ganga.

Hins vegar flutti þáv. fjármálaráðherra frv., sem lögfest var, en heimildin í þeim lögum einskorðast við íbúðarhús.

Þetta var vissulega mikilvægur áfangi og létu flm. fyrra frv. þar við sitja. Nú hefur orðið mikil aukning á verksmiðjuframleiddum húsum almennt og allt er það til hagsbóta fyrir byggingariðnaðinn í landinu og enn frekar fyrir húsbyggjendur og þá aðra er í byggingarframkvæmdum standa.

Til að fullt jafnrétti náist þarf víðtækari heimild, almenna og altæka, eins og var í upphaflegu frv. um mál þetta.

Flm. telja hins vegar að nú sé að næsta áfanga komið, þó ekki verði fullu jafnrétti náð.

Þar hljóta framkvæmdir, sem ríkið fjármagnar að miklu leyti, að vera í fremstu röð og því er í frv. fyrst og fremst að þeim framkvæmdum vikið.

Miðað við ákveðna eftirspurn á verksmiðjuframleiddu húsnæði til atvinnurekstrar — iðnrekstrar einkanlega, þykir flm. rétt að láta það fylgja með, enda um leið ákveðinn stuðningur við innlendan iðnað almennt.

Sþ. 20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um ár aldraðra.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Bjarnason, Albert Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir, Matthías Á. Mathiesen, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Jósef H. Þorgeirsson, Steinþór Gestsson, Lárus Jónsson, Egill Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Geir Hallgrímsson, Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að tileinka árið 1982 málefnum aldraðra.

Alþingi kýs sjö manna nefnd til að vinna að framgangi þeirra og skal hún eiga samvinnu við stjórnskipaða nefnd sem vinnur að lagasetningu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða.

Skal nefndin vinna að því að meta þörf brýnna átaka og úrbóta auk framtíðarverkefna, bæði staðlægra og á landsmælikvarða, og vinna að fjáröflun og framkvæmdum á þessu sviði.

Stefnt verði að því að ljúka sem flestum verkefnum á ári aldraðra og lagður grundvöllur að þeim sem lengri tíma taka.

Sérstaklega skal lögð áhersla á samvinnu og þátttöku þeirra samtaka, sem vinna að hagsmunamálum aldraðra, og þeirra klúbba og félaga, sem alltaf eru reiðubúin til að leggja mannúðar- og menningarmálum lið.

Í samræmi við ályktun þessa skal hin þingkjörna nefnd skipa undirnefndir til starfa innan landshluta, kjördæma, heilsugæslusvæða eða einstakra sveitarfélaga.

Greinargerð.

4. desember 1978 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna tillögu (33/52) sem fól aðalritara samtakanna að undirbúa heimsráðstefnu um ellimál á árinu 1982.

Þessi samþykkt var ítrekuð með ályktun í desember 1980 (35/129) og þá ætlunin að á ráðstefnunni yrði hleypt af stokkunum alþjóðlegri áætlun sem miðist við að tryggja efnahagslegt og félagslegt öryggi aldraðs fólks svo og að skapa tækifæri til framlaga í þessum efnum af hálfu einstakra þjóða. Enn fremur samþykkti þingið ályktun efnahags- og félagsmálaráðs (1980/26) þar sem þess er óskað meðal annars að ritarinn undirbúi alþjóðlega framkvæmdaáætlun í samráði við aðildarþjóðirnar.

Aðalritarinn lagði til í dagskrá sinni fyrir alþjóðaráðstefnu um öldrunarmál (skjal A/35/130), að öldrunarmálin skyldu hugleidd í nánum tengslum við þróun efnahags- og félagsmála í heiminum, svo að menn geti gert sér grein fyrir, hve margþætt þau eru, og átti sig á því, að öldrunarmálin eru vandamál hvers samfélags í heild.

Með þetta í huga taldi aðalritarinn ráðlegt að skipa skyldum málum á alþjóðaráðstefnunni í tvo aðalflokka: mannúðarmál og þróunarmál. Hann lagði hins vegar áherslu á að þessir tveir málaflokkar væru hvor öðrum háðir og nátengdir innbyrðis; mannúðarsjónarmiðin hafa oft áhrif á hina ýmsu valkosti á sviði þróunar og verða jafnframt fyrir áhrifum af þeim.

Með tilliti til þeirrar staðreyndar, að það verða þessi vandamál, sem um verður fjallað á alþjóðaráðstefnunni um öldrunarmál, virðist vel við hæfi og æskilegt að hin alþjóðlega starfsáætlun mæli meðal annars með framkvæmdum á alþjóðlegum, svæðisbundnum og þjóðlegum sviðum í þessum efnum.

Um einstök viðfangsefni innan þessara tveggja aðalmálaflokka er síðan fjallað öllu nánar í dagskrá aðalritarans (A/35/139) sem getið er hér að ofan. Þau eru í stuttu máli sem hér segir:

MANNÚÐARMÁL eru þau mál sem fjalla um sérstakar þarfir einstaklinga þegar aldurinn færist yfir þá. Þar verður athyglinni einkum beint að heilsufari, húsakosti og umhverfi, félagslegri velferð, tekjum, tryggingum, menntun og fjölskyldumálum, eins og þessi atriði snerta þarfir hinna öldruðu.

ÞRÓUNARMÁL eru þau mál sem fjalla um vandamál tengd „öldrun hópa" innan samfélagsheildarinnar. Verður þar einkum fjallað um hækkandi aldur þjóða og áhrifin af breyttri aldursflokkaskiptingu á félagslega og efnahagslega þróun og þá einkum í dreifbýli. Þá verður og fjallað um hlutverk aldraðra í þróunarrásinni þar eð þeir eru bæði orsakavaldar og þiggjendur.

Í samræmi við þann vilja Alþingis á s. l. vori að vísa frv. ríkisstjórnarinnar um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða aftur til hennar, ásamt þingsályktunartillögu sem Jóhanna Sigurðardóttir o. fl. fluttu, svo og framangreinda ályktun Sameinuðu þjóðanna frá 1980, skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd um málefni aldraðra, án tilnefningar, sem tók til starfa í byrjun september. Þeir, sem skipaðir voru, eru fjórir og mynda þeir nefndina ásamt stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Í skipunarbréfi nefndarmanna segir svo m. a.:

„Nefndin fær annars vegar það hlutverk að annast undirbúning alþjóðaárs aldraðra 1982 í samræmi við ályktun þings Sameinuðu þjóðanna (A/Res/35/129) 11. desember 1980 og hins vegar að gera tillögur til ráðherra um samræmingu á skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða, sbr. þingsályktun hér að lútandi, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar frá sameinuðu Alþingi í maí s. l. (Þingskjöl 23 og 936)."

Í fjölmörgum löndum hefur sú leið verið farin sem á er bent í einum lið ályktunartillögu S. þ., að stofna framkvæmdanefndir innan viðkomandi landa sem starfi í anda áætlunar aðalritara S. þ., en í samræmi við menningu, venjur og hefðir landanna. Í nokkrum löndum hefur þegar verið gengið enn lengra og þá að nokkru í þá átt sem lagt er til á þáltill. þessari. Er þetta skiljanlegt þegar haft er í huga að einn megintilgangur heimsráðstefnunnar er að veita fulltrúum ríkisstjórna, félaga og samtaka almennings, sem vinna að málefnum aldraðra, og síðast en ekki síst fulltrúum hinna öldruðu sjálfra, tækifæri til að hittast, skiptast á skoðunum og skýra frá eigin reynslu í þeim málum sem rædd verða.

Heimsráðstefnan á að beina leitarljósinu að þeim aðstæðum sem áhrif hafa á aldraða og stöðu þeirra í samfélaginu.

Ráðstefnan á sérstaklega að benda á þá þætti, sem krefjast breytinga, og beita sér fyrir að efla allan stuðning við þau samtök sem vinna fyrir og með öldruðu fólki.

Á meðal nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum og víðar er sú stefna viðurkennd, að þegar þessi mál eru á dagskrá eru kallaðir til fulltrúar frá hinum félagslegu, sterku og vel skipulögðu heildarsamtökum, sem starfa að hinum ýmsu þáttum öldrunarmála. Og innan þeirra vébanda eru að sjálfsögðu samtök aldraðra sjálfra.

Slík samtök, sem eiga aðild, félaga annars vegar frá Norðurlöndunum öllum og hins vegar frá Evrópulöndunum, hafa verið kölluð til í sambandi við undirbúning Vínarráðstefnunnar, og sterkar óskir hafa komið fram um að fulltrúar aðildarfélaga þessara samtaka innan hvers lands fyrir sig verði kallaðir til á næsta undirbúningsfund sem verður haldinn í janúar.

Þegar er mikill áhugi hér heima fyrir ráðstefnu þessari og fyrir því að nota þetta tækifæri til að helga árið 1982 málefnum aldraðra með verulegu átaki sem víðast um landið.

Snemma í maí s. l. samþykktu Sjómannadagssamtökin í Reykjavík og Hafnarfirði eftirfarandi tillögu, sem send var viðkomandi ráðuneytum og fjölda annarra aðila svo sem tillagan ber með sér.

„Þing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt að efna til heimsráðstefnu í Vín um málefni aldraðra á árinu 1982.

Fjölmargar þjóðir hafa þegar ákveðið að helga þetta ár skipulagningu, umbótum og framkvæmdum innan þessa víðtæka málaflokks í heimalöndum sínum.

Aðalfundur Sjómannadagsráðs í Reykjavík og Hafnarfirði, haldinn dagana 2. og 9. maí 1981, samþykkir að beina þeirri áskorun til allra félaga og hagsmunasamtaka, sem hafa á stefnuskrá sinni menningar- og mannúðarmál, og allra annarra, sem vilja starfa að hagsmunamálum aldraðra, að þeir vinni að því að árið 1982 verði sérstaklega helgað málefnum aldraðra hér á landi.“

Nú er verið að leggja síðustu hönd á stofnun Öldrunarráðs Íslands, sem mun sameina innan sinna vébanda alla þá aðila, sem þegar vinna að málefnum aldraðra, og ljá þeim frekara lið.

Um markmið þessara nýju samtaka segir svo í lögum þeirra m. a.:

a) vinna að samræmdri stefnu í málefnum aldraðra og framkvæmd hennar,
b) koma fram fyrir hönd aðila sinna eftir því sem við á, m. a. í samskiptum þeirra við stjórnvöld,
c) beita sér fyrir ráð- og námstefnum fyrir þá sem vinna launuð eða sjálfboðin störf að málefnum aldraðra og námskeiðum til undirbúnings starfsloka og til endurhæfingar,
d) beita sér fyrir rannsóknum og almennri upplýsingar- og fræðslustarfsemi um málefni aldraðra,
e) koma á fót upplýsingamiðstöð með heimildargögnum er varða öldrunarmál, veita aðilum sínum aðstoð við skipulagningu verkefna og framkvæmd þeirra og
g) annast samskipti við erlenda aðila samkvæmt samþykktum aðalfunda.

Virðist flm. sjálfsagt að fulltrúar slíkra aðila séu kallaðir til, enda þar nær allir, sem til þessa hafa sýnt þessum málum áhuga, auk þess þýðingarmikil samtök sem hafa ekki áður gert sig gildandi sem slík. Þetta og margt annað sýnir tvímælalaust ótvíræðan vilja þjóðarinnar til að hefjast nú þegar handa og gera verulegt átak í málefnum aldraðra.

Virðast heimsráðstefna S.þ. í Vín á næsta ári og ár aldraðra hér á Íslandi vera ákjósanleg tækifæri til þjóðarsamstöðu um framkvæmd og stefnumótun.

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um votheysverkun.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Pétur Sigurðsson, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal, Jósef H. Þorgeirsson, Vigfús Jónsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er.

Skal þetta gert með því að

1) kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun,
2) kynna bændum nýjungar og tækniframfarir í votheysverkun og votheysfóðrun,
3) veita hærri stofnlán og framlög til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna og
4) veita sérstök stofnlán og framlög til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður.

Greinargerð.

Á s. l. sumri var óþurrkatíð mikil víða um land. Þetta minnir enn áþreifanlega á hve bændur eru almennt háðir veðurfarinu um heyöflun. Þó mætti ætla að í allri þeirri tækniþróun, sem í landbúnaði hefur orðið á síðari árum, stæðu bændur betur að vígi í þessu efni en áður var. En það er síður en svo. Fjárhagsleg skakkaföll bænda af völdum óþurrka gerast nú stórum alvarlegri en áður var þar sem nú er miklu kostað til áburðar og heyvinnslutækja. Er því ekki að ófyrirsynju að talað er um hvernig bæta megi tjón sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum. En mest er um vert að forða frá tjóni með því að gera fóðuröflunina óháðari veðurfarinu.

Með votheysverkun fá bændur öryggi svo sem frekast er unnt gegn duttlungum tíðarfarsins. Votheysverkun tryggir fóðuröflunina í óþurrkatíð. Votheysverkun firrir bændur áföllum og fjárhagstjóni, sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum sem ekki hagnýta þessa aðferð.

En votheysverkunin er ekkert neyðarúrræði til að mæta óþurrkum, þvert á móti. Auk öryggisins, sem þessi heyverkun veitir um fóðuröflunina, fylgja aðrir hinir mikilvægustu kostir.

Votheysverkun tryggir fóðurgildi heyfengsins hvað sem líður tíðarfarinu. Þroskastig gróðurs er afgerandi fyrir næringargildið í grasinu og þá að sjálfsögðu í votheyinu. Eftir því sem jurtin þroskast verður trénið meira og fóðurgildið minna. Við votheysgerð þarf ekki að bíða þurrks til að slá þar til grasið er úr sér vaxið, en mikilvægi þess fyrir fóðurgildið verður ekki ofmetið. Og ekki er hætta á því, að slegið gras hrekist og missi þannig fóðurgildi sitt því hey er hirt í vothey um leið og það er slegið. Með votheysverkun komast bændur hjá notkun fóðurbætis til að bæta hið lélega fóðurgildi sem fylgir úr sér vöxnu og hröktu þurrheyi vegna óþurrka. Er því hér um stórkostlegan fjárhagslegan hagnað fyrir bændur að ræða, svo mjög sem fóðurbætiskaupin vega mikið í útgjöldum búsins þegar byggt er á þurrheysverkun. Auk þess ber að hafa í huga hina miklu gjaldeyrisnotkun, sem innflutningi fóðurbætis fylgir, og þjóðhagslegan óhag.

Þá krefst votheysverkun miklu minni vélakosts en þurrheysverkunin. Hér munar svo miklu að það mun láta nærri að um a. m. k. helmingsmismun sé að ræða. Þetta varðar ekki litlu þegar hafður er í huga hinn mikli vélakostur sem fylgir nútímabútækni. Hér er þá ekki einungis um að ræða að votheysverkun fylgi miklu minni stofnkostnaður vegna tækjakaupa, heldur og miklu minni rekstrarkostnaður véla. Kostnaður verður minni vegna aðkeyptrar viðgerðarvinnu, varahluta, bensíns, dísilolíu o. s. frv. sem rekstri slíkra véla fylgir. Er hér um að ræða atriði sem hafa veruleg áhrif á framleiðslukostnað landbúnaðarvara.

Enn kemur til sá kostur votheysgerðar sem eigi varðar litlu. Þurrheysverkun fylgir miklu meiri umferð um túnin auk þess sem galtar sitja tímunum saman á túnunum og valda skemmdum. Það er auðvelt að stórspilla gróðri með mikilli umferð. Á undanförnum árum hafa verið gerðar tilraunir til að fá úr því skorið, hvaða áhrif mikil þjöppun hefur á uppskeruna. Þessar tilraunir hafa gefið til kynna að tún með eðlilegri umferð, sem svo er kallað, gefi einum þriðja meiri uppskeru en tún með mikilli umferð. Þetta sýnir ótvírætt hver hagur fylgir votheysverkun einnig í þessu tilviki.

Ekki er lítils um vert hvað votheysverkun krefst minni vinnu en þurrheysverkun. Vinnsluþörf votheys er fremur lítil, en stöðug, og fóðuröflunin er einfalt verk og að mestu fyrir fram afmarkað í tíma og fyrirhöfn.

Eitt er það og sem hafa ber í huga, að votheysverkun tryggir ekki einungis búpeningi hollt fóður, heldur eru og þeir menn, sem vinna við fóðrunina, firrtir óhollustu þeirri sem fylgir þurrheysfóðrun. Bægt er frá atvinnusjúkdómi þeim sem herjað hefur íslenska bændur, heymæðinni.

En votheysverkun er ekki skilyrðislaust öruggasta, ódýrasta og fyrirhafnarminnsta heyverkunaraðferðin. Til þess að svo megi verða þurfa bændur að sérhæfa sig og aðstöðu sína í vélakosti og byggingum til votheysverkunar. Það þarf nægar haganlegar votheysgeymslur, réttan tækjabúnað og rétta meðhöndlun. Þegar svo er um búið er leið fóðursins greið frá túni og fram á jötu. Það stoðar ekki fyrir bændur að grípa til votheysgerðar við ófullkomnar aðstæður þegar í óefni er komið. Úr sér vaxið og hrakið hey getur aldrei orðið gott fóður. Það gengur ekki að grípa til votheysverkunar sem neyðarúrræðis í óþurrkatíð. Svo furðulegt sem það má vera, þá virðist að mistök fyrir hálfkák í votheysgerð hafi mótað frekar almennt viðhorf til þessarar heyverkunaraðferðar en árangur þeirra sem alfarið hafa haldið sig við votheysverkun.

Það er ekki ámælislaust hversu treglega hefur gengið að útbreiða votheysverkun í landinu. Ekki eiga þó allir bændur landsins sammerkt í þessu efni. Um langt árabil hafa sumir bændur verið svo óháðir veðurfarinu um heyfeng sem verða má. Öll eða nær öll heyverkun þeirra hefur verið í vothey. Þeir bændur, sem beitt hafa þessari heyverkunaraðferð alfarið, eru samt allt of fáir. Þeir teljast frekar til undantekninga þegar litið er á bændastétt landsins í heild. Þó eru þess dæmi, að allir bændur í heilum byggðarlögum verki hey sín í vothey, svo sem í Strandasýslu og á Ingjaldssandi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, en árið 1980 verkuðu Strandamenn 77,3% af heyfeng sínum í vothey. Samt sem áður er ástand þessara mála með öllu óviðunandi þegar litið er á landið í heild. Á árinu 1980 nam vothey 8,6% af heildarheyfeng landsmanna.

Fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu, sem hér er flutt, lagði fram á Alþingi fyrir 5 árum svipaða tillögu til þingsályktunar um votheysverkun. Tillaga sú var samþykkt sem ályktun Alþingis. Hefði því mátt vænta úrbóta í máli þessu. En því er ekki að heilsa. Árið 1975 nam vothey 8,4% af heildarheyfengnum eða nálega því sama og árið 1980. Tregðulögmálið um að taka upp bætta búskaparhætti hefur hér reynst sterkt.

Hér er of mikið í húfi til þess að við svo búið sé látið standa. Hér eiga ekki hlut að máli bændur einir, heldur og neytendur almennt. Hagkvæm fóðuröflun er ekki einungis höfuðmál landbúnaðarins, heldur kemur minni framleiðslukostnaður neytendum í hag í lægra verði landbúnaðarafurða. Þjóðarbúið hefur ekki efni á öðru en tekið sé til hendi í því máli sem tillaga þessi til þingsályktunar fjallar um. Ekki telja aðrar þjóðir sig hafa efni á viðlíka slóðaskap og hér hefur viðgengist. Í Noregi hefur hlutdeild votheys í heyfóðri aukist frá því að vera 29% árið 1965 í tæp 70% árið 1979. Og í Svíþjóð og Finnlandi er votheysverkun svipuð og í Noregi.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, felur í sér að ríkisstjórnin láti gera ráðstafanir til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er.

Þetta skal gert með því að kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun. Bændur, sem ekki hafa horfið að votheysverkun, þurfa ekki að þreifa sig áfram eða renna blint í sjóinn. Þeir geta fræðst um þessi efni hjá þeim bændum sem hafa kunnáttu og reynslu. Þarf að vinna skipulega að þessu sérstaka verkefni, svo sem með útgáfu upplýsinga, kynningarferðum bænda og með alhliða aðstoð ráðunauta þeirra og sérfræðinga.

Þá skal kynna bændum nýjungar og tækniframfarir í votheysverkun og votheysfóðrun. Þarf að fylgjast með þróuninni í þessum efnum sem öðrum. Nýjungar koma til sem varða hagkvæmni og aðferðir við votheysgerðina. Þá er stöðugt verið að bæta hagræðingu við votheysfóðrunina. Allt miðar þetta að því að tryggja sem best gæði votheysins og létta mannshöndinni verkin. Hagnýta ber allt sem til framfara horfir í þessum efnum, hvort sem það kemur erlendis frá eða frá hérlendum mönnum sem hafa kunnáttu og áhuga á þessum málum.

Enn fremur gerir tillaga þessi ráð fyrir að hærri stofnlán og framlög verði veitt til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna til að greiða fyrir þeirri þróun sem áríðandi er að verði.

Loks er lagt til að sérstök stofnlán og framlög verði veitt til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður. Slíkt hefur mikla þýðingu. Í mörgum tilfellum er hægt að breyta hlöðum, sem upphaflega voru gerðar fyrir þurrheysverkun, svo að í þeim megi verka vothey. En slíkar breytingar kosta fjármagn og því er gert ráð fyrir sérstökum stofnlánum og framlögum til að gera bændum slíkar breytingar auðveldari.

Þessi tillaga til þingsályktunar kveður ekki á um nefndarskipun til þess að athuga málið. Tillagan byggir á þeirri forsendu, að málið liggi nógu ljóst fyrir til stefnumörkunar á þann veg sem lagt er til. Með þessu er ekki verið að gera lítið úr rannsóknum. Almennar rannsóknir á heyverkunaraðferðum eru sjálfsagðar og raunar stöðugt verkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. En slík starfsemi má ekki koma í veg fyrir eða tefja eðlileg viðbrögð við reynslu sem þegar liggur fyrir.

Tillögu þessari fylgir eftirfarandi fylgiskjal: Hlutfall votheys í heildarheyfeng 1964—1980.

Fylgiskjal.

Búnaðarfélag Íslands.

Hlutfall votheys í heildarheyfeng 1964—1980.

Svæði	1964 Þurrhey m³	1964 Vothey m³	1964 Vothey % af heild	1965 Þurrhey m³	1965 Vothey m³	1965 Vothey % af heild	1966 Þurrhey m³	1966 Vothey m³	1966 Vothey % af heild
Reykjanessvæði	76 573	5 564	12,7	88 765	3 917	8,1	75 669	3 694	8,9
Vesturland	401 136	15 216	7,1	469 037	22 292	8,7	413 335	10 973	5,0
Vestfirðir	153 732	22 398	22,6	161 018	21 557	21,1	148 089	20 481	21,7
Norðurland vestra	452 234	13 439	5,6	442 190	15 789	6,7	399 236	8 135	3,9
Norðurland eystra	595 639	21 430	6,7	575 736	14 208	4,7	548 854	9 714	3,4
Austurland	269 343	9 244	6,4	245 857	10 289	7,7	278 235	10 800	7,2
Suðurland	796 032	52 610	11,7	918 009	48 695	9,6	844 575	43 522	9,3
Allt landið	2 744 689	139 901	9,3	2 900 612	136 747	8,6	2 707 993	98 319	6,8
Strandasýsla	34 530	9 635	35,8	39 244	10 875	35,7	32 097	10 255	39,0

Svæði	1967 Þurrhey m³	1967 Vothey m³	1967 Vothey % af heild	1968 Þurrhey m³	1968 Vothey m³	1968 Vothey % af heild	1969 Þurrhey m³	1969 Vothey m³	1969 Vothey % af heild
Reykjanessvæði	86 348	2 984	6,5	84 059	3 309	7,3	64 286	5 629	14,9
Vesturland	395 510	15 505	7,3	413 694	18 490	8,2	289 356	27 094	15,8
Vestfirðir	120 855	19 515	24,4	107 673	24 951	31,7	91 306	32 283	41,4
Norðurland vestra	392 075	8 946	4,4	421 566	10 827	4,9	403 105	17 253	7,9
Norðurland eystra	524 348	10 250	3,8	560 608	12 309	4,2	567 887	16 835	5,6
Austurland	260 405	9 394	6,7	258 005	9 900	7,1	274 532	15 312	10,0
Suðurland	865 462	29 280	6,3	917 725	34 372	7,0	573 356	39 907	12,2
Allt landið	2 645 003	95 874	6,8	2 763 330	114 158	7,6	2 263 828	154 313	12,0
Strandasýsla	25 947	9 679	42,7	18 502	12 708	57,9	11 269	17 076	75,2

Svæði	1970 Þurrhey m³	1970 Vothey m³	1970 Vothey % af heild	1971 Þurrhey m³	1971 Vothey m³	1971 Vothey % af heild	1972 Þurrhey m³	1972 Vothey m³	1972 Vothey % af heild
Reykjanessvæði	62 121	3 728	10,7	77 050	4 049	9,5	76 125	4 917	11,4
Vesturland	286 644	23 788	14,2	427 464	22 134	9,4	484 734	27 748	10,3
Vestfirðir	69 726	24 674	41,4	110 882	29 485	34,7	147 194	32 283	30,5
Norðurland vestra	320 956	17 554	9,9	457 630	16 291	6,6	618 128	24 040	7,2
Norðurland eystra	449 168	21 684	8,8	629 880	18 991	5,7	784 195	21 809	5,3
Austurland	257 026	12 782	4,0	348 179	10 793	5,8	425 732	9 207	4,1
Suðurland	614 615	37 088	10,8	1 025 853	39 196	7,1	1 030 939	43 460	7,8
Allt landið	2 060 256	141 298	12,1	3 076 938	140 939	8,4	3 567 047	163 464	8,4
Strandasýsla	6 297	13 168	80,7	16 045	16 886	67,8	31 863	19 025	54,4

Svæði	1973 Þurrhey m³	1973 Vothey m³	1973 Vothey % af heild	1974 Þurrhey m³	1974 Vothey m³	1974 Vothey % af heild	1975 Þurrhey m³	1975 Vothey m³	1975 Vothey % af heild
Reykjanessvæði	72 666	2 953	7,5	75 504	2 604	6,5	74 498	2 653	6,6
Vesturland	458 991	25 395	10,0	460 430	21 598	8,5	453 264	29 273	11,4
Vestfirðir	146 415	32 545	30,7	155 727	30 283	28,0	143 900	32 758	31,3
Norðurland vestra	581 988	17 072	5,5	595 296	13 704	4,4	621 077	24 203	7,2
Norðurland eystra	697 479	17 046	4,7	708 434	13 313	3,6	688 692	13 076	3,7
Austurland	409 340	8 879	4,2	394 831	8 207	4,0	376 813	8 197	4,2
Suðurland	1 058 311	35 399	6,3	918 915	30 547	6,2	970 099	43 237	8,2
Allt landið	3 425 690	139 289	7,5	3 309 137	120 256	6,8	3 328 843	153 397	8,4
Strandasýsla	33 538	18 926	53,0	37 290	18 019	49,1	30 489	18 316	54,6

Svæði	1976 Þurrhey m³	1976 Vothey m³	1976 Vothey % af heild	1977 Þurrhey m³	1977 Vothey m³	1977 Vothey % af heild	1978 Þurrhey m³	1978 Vothey m³	1978 Vothey % af heild
Reykjanessvæði	91 399	2 442	5,1	88 296	2 791	5,9	81 308	2 242	5,2
Vesturland	475 673	29 784	11,1	496 492	30 857	11,1	469 522	31 673	11,9
Vestfirðir	133 254	38 419	36,6	155 030	42 787	35,6	134 444	43 777	39,4
Norðurland vestra	641 479	16 656	4,9	686 458	19 632	5,4	572 972	22 153	7,2
Norðurland eystra	734 083	12 096	3,2	778 518	11 137	2,8	734 081	11 577	3,1
Austurland	447 680	7 291	3,2	433 537	7 294	3,3	417 527	9 030	4,1
Suðurland	1 061 321	48 530	8,4	1 096 981	47 461	8,0	1 055 095	44 860	7,8
Allt landið	3 584 889	153 397	7,9	3 735 312	161 959	8,0	3 464 949	165 312	8,7
Strandasýsla	28 498	21 068	59,7	30 478	25 354	62,5	19 845	25 218	71,8

Svæði	1979 Þurrhey m³	1979 Vothey m³	1979 Vothey % af heild	1980 Þurrhey m³	1980 Vothey m³	1980 Vothey % af heild
Reykjanessvæði	70 943	2 682	7,0	83 164	2 379	5,4
Vesturland	387 481	26 985	13,9	513 995	30 457	11,9
Vestfirðir	102 021	41 844	45,1	128 265	46 919	42,2
Norðurland vestra	478 419	23 772	9,0	629 371	25 338	7,5
Norðurland eystra	619 531	19 805	6,0	669 585	15 419	4,4
Austurland	381 241	9 520	4,8	452 265	12 514	5,2
Suðurland	954 386	34 768	6,8	1 227 842	41 032	6,3
Allt landið	2 994 022	159 376	9,6	3 704 487	174 058	8,6
Strandasýsla	11 347	24 838	81,4	15 622	26 566	77,3

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum.

Flm.: Egill Jónsson, Pétur Sigurðsson, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum með það fyrir augum að nýta sem best ár og vötn svo og að nýta ferskt vatn, heitt og kalt, til fiskeldis.

Í þessu sambandi verði áhersla lögð á:

1. Að efla rannsóknir og tilraunir í veiðimálum, svo að unnt sé að fá sem haldbesta vitneskju um þau skilyrði sem fyrir hendi eru í landinu til fiskræktar.
2. Auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum, m. a. með því að fjölga fiskifræðingum sem staðsettir verði úti á landi.
3. Komið verði á samræmingu í fjárveitingu til fiskræktarmála og Fiskræktarsjóður verði efldur svo að hann verði fær um að styrkja framkvæmdir við fiskrækt og fiskeldi í stórauknum mæli.

Greinargerð.

Á Íslandi eru um 250 ár, sem lax og silungur gengur í, og um 800 stöðuvötn stærri en 0.3 km² að flatarmáli. 82 þessara vatna eru yfir 1 km² að flatarmáli. Í flestum þessum vötnum lifir silungur að staðaldri og í mörg þeirra gengur lax og silungur úr sjó.

Lax er afar verðmætur fiskur hvort heldur er á markaði eða til stangaveiði. Verðmæti laxveiðinnar er áætlað árið 1978 1.2 millj. kr. og hefur þá vafalaust ekki allt verið talið.

Um verðmæti silungsveiði er minna vitað þrátt fyrir eftirgrennslan þar um.

Mest er um lax á vestari hluta landsins, þegar Vestfirðir eru frátaldir, enda laxarækt þar stunduð um langan tíma. Fyrir áhrif ræktunar hefur laxveiðin aukist um 80% milli áratuganna 1961—1970 og 1971—1980. Gefur auga leið, að hér er hægt að ná enn betri árangri með skipulögðum aðgerðum og auknu fjármagni.

Silungsveiði í stöðuvötnum hefur verið matarhirsla sem þjóðin hefur sótt sér björg í um aldaraðir, en á síðustu áratugum hefur veiðisókn í vötnin minnkað verulega og veiði víðast hvar lítið verið stunduð að undanförnu. Með skipulagðri nýtingu og markaðsöflun má stórauka nytjar af silungsveiði.

Á grundvelli lax- og silungsveiðilaganna hefur á síðustu árum byggst merk starfsemi á sviði veiðimála. Ber þar helst að nefna fiskræktar- og veiðifélög. Nú eru starfandi rúmlega 146 veiðifélög víðs vegar um landið, sem sjá um fiskrækt og ráðstöfun veiði hvert á sínu svæði.

Veiðifélög mörg hver hafa staðið vel að sínum málum og skilað góðu starfi. Þau hafa stofnað með sér öflugt landssamband, Landssamband veiðifélaga, sem vinnur að sameiginlegum málum félaganna.

Þá eru enn fremur starfandi tugir stangveiðifélaga, sem leigja ár og vötn til stangaveiði og vinna ásamt veiðifélögunum að fiskrækt. Stangveiðifélögin hafa einnig með sér samband, Landssamband stangveiðifélaga, sem vinnur að sameiginlegum málum þeirra.

Starfandi eru í landinu 12 fiskeldisstöðvar auk nokkurra hafbeitarstöðva. Þessi starfsemi hefur átt í fjárhagserfiðleikum, m. a. vegna skorts á lánsfé til uppbyggingar. Starfsemi fiskeldisstöðvanna er afar mikilvægur þáttur í fiskræktarmálum, þar sem til þeirra verður að sækja seiði til fiskræktar og hafbeitar.

Þáttur hins opinbera kemur einkum fram í starfi Veiðimálastofnunarinnar. Þar hefur einkum verið unnið að uppbyggingu veiðimála með leiðbeiningum, athugun á ám og vötnum, rannsóknum á vatnafiskum, þ. e. laxi og silungi, og með eldi þeirra fiska í tilraunastöðinni í Kollafirði svo og með hafbeit. Þetta starf hefur leitt af sér margháttaðan fróðleik og athyglisverðar niðurstöður, þrátt fyrir að starfsemin hafi jafnan búið við þröngan kost.

Í veiðimálum er þegar fyrir hendi mikil þekking og reynsla til að grundvalla á nýtt og víðtækt átak í veiðimálum, m. a. með það að markmiði að auka fjölbreytni í atvinnu sveitafólks. Til þess að svo verði þarf með auknum leiðbeiningum að koma þeirri þekkingu, sem nú er til staðar, til þeirra, sem ekki hafa enn nýtt þá möguleika sem kunna að vera víða um land og enn eru ekki nýttir, jafnframt því sem nýrrar þekkingar er aflað með auknum rannsóknum og tilraunum, enn fremur sé þess gætt, að öll þessi mikilvæga starfsemi í fiskræktarmálum njóti nauðsynlegs fjármagns til uppbyggingar og rekstrar.

Hér er fjallað um mikilvægt mál og reynir nú á, hvort á vettvangi hinnar almennu umræðu fylgir hugur máli um gagnsemi þess að byggja upp öflugt og víðtækt starf til eflingar fiskræktarmálum í landinu.

Nd. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Engu að síður skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar, þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Samhljóða frv. voru flutt á 102. og 103. löggjafarþingi og fylgdi þeim þá svohljóðandi greinargerð:

„Með lögum nr. 63/1970 voru fest í lög ákvæði um skipan opinberra framkvæmda. Í 13. gr. þeirra laga er ákvæði um að verk skuli að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Þó er heimilt að víkja frá útboði, ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð teljist ekki munu gefa góða raun, en fá þarf umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Þá segir enn fremur, að verkinu skuli ráðstafað á grundvelli samningsverðs eða eftir reikningi, ef tilboð séu óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg.

Þessi ákvæði kveða ótvírætt á um, að meginreglan átti að verða sú, að útboð á vegum ríkisins og ríkisstofnana átti að verða meginreglan. Þetta má enn fremur

sjá með því að skoða greinargerð frumvarps laganna um skipan opinberra framkvæmda, en þar segir m. a.: „Frumvarpið gerir ráð fyrir að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald, þannig að samanburður kostnaðar verkanna fáist.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 476). Í athugasemdum við 13. gr. segir: „Greinin hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undantekningum eftir eðli verks eða öðrum ástæðum.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 479).

Í reynd hefur framkvæmd orðið nokkuð á annan veg. Í svari hæstv. samgönguráðherra við fyrirspurn í Sþ. 22. apríl s. l. um útboð verklegra framkvæmda komu fram upplýsingar um útboð nokkurra ríkisstofnana. Þar kom m. a. eftirfarandi fram:

Heildarframkvæmdir Vegagerðar ríkisins til nýrra framkvæmda við vega- og brúagerð námu á árinu 1978 4 580 millj. kr. Greiðslur til verktaka sem hlutfall af þessum framkvæmdum námu 11%. Sambærilegar tölur fyrir árið 1979 eru 5 630 millj. kr. og 12%.

Hjá Hafnamálastofnuninni voru heildarframkvæmdir 1978 2 402 millj. kr. Hlutfall útboða af þessum framkvæmdum var 14.7%. Árið 1979 voru heildarframkvæmdir hjá stofnuninni 2 600 millj. kr. og hlutfall útboða 14.6%.

Hjá flugmálastjórn unnu verktakar 13% af verkefnum við flugvallagerð árið 1978 og 24% árið 1979.

Af þessum tölum má sjá að því fer fjarri, að meginstefna laganna frá 1970 um útboð hafi verið framkvæmd. Í ofangreindu svari hæstv. samgönguráðherra kom fram, að 3. mgr. 21. gr. laganna um opinberar framkvæmdir hefði verið túlkuð þannig, að viðkomandi stofnunum hefði verið falin framkvæmd verkefna á sínum sérsviðum án skilyrða um útboð sem aðalreglu.

3. mgr. 21. gr. hljóðar svo: „Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.“ Samkvæmt þessu frv. er ráðgert að bæta einni málsgrein við þessa setningu til að taka af öll tvímæli um það, að útboð skuli vera aðalstefnan, þrátt fyrir þetta ákvæði, þannig að ríkisstofnanir eigi að láta útboð fara fram nema skilyrði undantekningarákvæða 13. gr. séu fyrir hendi.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða, að ráðherra geti veitt ríkisstofnunum ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga. Hér er aðallega átt við að ríkisstofnanir, sem nú framkvæma aðallega verk sín sjálfar, fái tíma til að losa sig við tæki og útbúnað svo og til að útvega þeim starfsmönnum ný störf, sem skipta þyrftu um störf af þessum ástæðum.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki frekari skýringa.“

Nd. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um listskreytingar opinberra bygginga.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar, sem kostaðar eru af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar, sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar, sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til bygginga á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis.

2. gr.

Skylt er að verja til listskreytinga opinberra bygginga fjárhæð, er nemur 1—2% af byggingarkostnaði mannvirkis. Kostnaður, sem af þessu leiðir, telst til stofnkostnaðar byggingar.

Fjárhæð þessari má verja jafnt til listskreytinga utanhúss og innan, sem verði hluti af mannvirkinu, og til kaupa á lausum listaverkum, sem komið sé fyrir í byggingunni eða á lóð hennar.

Ef um er að ræða listaverk, sem er hannað sem hluti af byggingu og gert um leið og byggingarframkvæmdum miðar áfram, skal ofangreint hlutfall miðast við áætlaðan byggingarkostnað samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins þar um, en ella við endanlegan byggingarkostnað án búnaðar.

Ef bygging er reist í áföngum, skal leitast við að lög þessi komi til framkvæmda eftir því sem hverjum áfanga miðar áfram.

3. gr.

Þegar um er að ræða skólabyggingar, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, skal viðkomandi sveitarfélag hafa frumkvæði að framkvæmd þessara laga og leggja fyrir menntamálaráðuneytið tillögur um, hvernig þau skuli framkvæma varðandi einstakar skólabyggingar. Tillögurnar eru háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Sama hátt skal á hafa varðandi aðrar byggingar, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, þó þannig að í stað menntamálaráðuneytisins komi það ráðuneyti, sem viðkomandi stofnun heyrir undir.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Skal í reglugerð m. a. kveðið á um aðild listamanna að stjórnun á þessu sviði.

5. gr.

Með þessum lögum eru úr gildi numdar 10. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og 27. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Greinargerð.

Nær samhljóða frumvörp voru lögð fram á 102. og 103. löggjafarþingi og fylgdi þeim þá eftirfarandi greinargerð:

Í lögum um skólakostnað, nr. 49/1967, 10. gr., var það nýmæli sett í lög, að menntamálaráðuneytið gæti að fenginni umsögn svèitarstjórnar ákveðið listskreytingu skólamannvirkja og mætti verja í þessu skyni fjárhæð allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkja. Áður höfðu þó ýmsar skólabyggingar verið listskreyttar og má í því sambandi benda á lágmyndir Ásmundar Sveinssonar á Austurbæjarbarnaskólanum, málverk Jóhanns Briem í Laugarnesskóla, veggskreytingar Barböru Árnason í Melaskóla og mósaikmyndir Valtýs Péturssonar í Kennaraháskólahúsinu við Stakkahlíð.

Í lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, 27. gr., er ákvæði um það, að sveitarstjórn geti ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins og megi verja allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis í þessu skyni.

Enginn vafi er á því, að ofangreindar lagaheimildir hafa örvað listskreytingar í skólum, þótt ljóst sé að þær hafi ekki verið notaðar í eins ríkum mæli og æskilegt væri.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir allmikilli breytingu á þeim lagaákvæðum, sem um þetta hafa gilt. Í fyrsta lagi er hér gert ráð fyrir skyldu til listskreytinga í stað

heimildar áður. Í öðru lagi skal þessi skylda ná til allra opinberra bygginga, en ekki aðeins til skóla eins og núgildandi ákvæði kveða á um.

Með listskreytingu opinberra bygginga vinnst margt. Þjóðin verður ríkari af listaverkum og með því að tengja þau opinberum byggingum er þeim komið fyrir þar sem margir ganga að jafnaði um garða og geta notið þeirra. Íslenskir listamenn fá á þennan hátt tækifæri til að vinna að list sinni, og enginn vafi er á því, að laun fyrir slík verk eru flestum listamönnum kærkomnari en „styrkir" hins opinbera. Reynslan sýnir að íslenskir listamenn, sem tekið hafa slík verk að sér, vinna þau af alúð og slík listaverk verða ómissandi hluti af umhverfi sínu.

Engum aðilum í þjóðfélaginu stendur það nær en ríki og sveitarfélögum að tryggja aðgang almennings að listaverkum. Það er unnt að gera á ýmsan hátt, en ein áhrifamesta leiðin er að tengja þau opinberum byggingum, og árangursríkast er vafalaust að skylda opinbera aðila til að verja hluta byggingarkostnaðar til listskreytinga. Reynslan hefur sýnt að skilningur þeirra, sem fyrir slíkum byggingum standa, er mjög misjafn og áhugi hjá sumum mjög lítill. Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja að allar opinberar byggingar verði listskreyttar, og það er trú flutningsmanna að með því verði auðgað íslenskt lista- og menningarlíf.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginreglan verður sú skv. þessari grein, að allar opinberar byggingar, sem kostaðar eru af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, falli undir lögin. Sem dæmi má nefna alla skóla, hvort sem þeir eru byggðir af ríkinu einu eða með þátttöku sveitarfélaga, enn fremur sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, barnaheimili o. s. frv. Undanþáguákvæðin skýra sig sjálf. Þá er einnig ráðgert í þessari grein, að ríkisstjórnin geti ákveðið að lögin taki til ríkisstofnana, sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Má sem dæmi nefna Póst og síma, sem byggir í fjölmörgum byggðarlögum landsins. — Með hugtakinu byggingar í þessari grein er fyrst og fremst átt við hús, en ekki önnur mannvirki, eins og t. d. brýr.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er ráðgert að aðalreglan verði að verja skuli nær 2% byggingarkostnaðar, þegar um allar venjulegar byggingar er að ræða. Ákvæði um, að upphæðin skuli aldrei vera lægri en 1%, gæti frekar átt við, ef um óvenjulega dýrar eða flóknar byggingar er að ræða, t. d. stórar sjúkrahúsbyggingar, svo að eitthvað sé nefnt.

3.—6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 25. Fyrirspurnir. [25. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um afkomu iðnfyrirtækja í eigu ríkisins.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hver er áætluð rekstrarafkoma neðangreindra fyrirtækja á árinu 1981, sem eru að hluta eða öllu leyti í eigu ríkissjóðs og opinberra aðila:

1) Járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.
2) Álafoss hf.
3) Kísiliðjunnar við Mývatn.
4) Sementsverksmiðju ríkisins.

5) Siglósíldar.
6) Norðurstjörnunnar í Hafnarfirði?

Ef taprekstur er fyrirsjáanlegur hjá þessum fyrirtækjum, hvernig verður hann fjármagnaður?

II. Til dómsmálaráðherra um fyrirkomulag bifreiðaeftirlits.

Frá Eiði Guðnasyni.

Er tillagna að vænta frá dómsmálaráðherra um breytta skipan bifreiðaeftirlits hér á landi, með tilliti til tillagna frá stjórnskipaðri nefnd er fram voru lagðar í október 1979?

III. Til menntamálaráðherra um myndvarp.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hvaða ráðstöfunum hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir til að tryggja almenningi eðlileg not þeirrar nýju tækni og þeirra möguleika sem myndbönd og myndvarp veita, þannig að lágmarksgæðakröfur séu virtar og réttur skapenda, höfunda og flytjenda sé ekki fyrir borð borinn?
2. Telur menntamálaráðherra að starfsemi þeirra fyrirtækja, sem nú dreifa sjónvarpsefni til almennings, aðallega á Reykjavíkursvæðinu, um myndstrengi, sé í samræmi við fjarskiptalög, nr. 30 1941, útvarpslög, nr. 19 1971, og lög um vernd barna og ungmenna nr. 53 1966?
3. Hefur menntamálaráðuneytið látið kanna efnisframboð þeirra fyrirtækja sem dreifa sjónvarpsefni til almennings um myndstrengi?

IV. Til félagsmálaráðherra um húsnæðismál.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Vill ríkisstjórnin gera Byggingarsjóði ríkisins kleift að fullnægja eftirspurn eftir íbúðarlánum með þeim lánskjörum, að því er varðar lánsupphæð, lánstíma og vexti, að staðið verði undir af almennum launatekjum?
2. Hvað eru almenn íbúðarlán Byggingarsjóðs ríkisins nú há í hlutfalli við byggingarkostnað?
3. Hvað liggja fyrir margar óafgreiddar lánsumsóknir hjá Byggingarsjóði ríkisins og hvernig skiptast þær milli lánaflokka?
4. Hvernig er staða Byggingarsjóðs ríkisins nú miðað við fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir árið 1981?
5. Hvernig miðar kaupum lífeyrissjóðanna, sem ráðgerð eru í ár, á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins?
6. Hvað er áætlað um ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1982 og skiptingu þess milli útlánaflokka?
7. Hvaða fyrirætlanir hefur ríkisstjórnin uppi um að gera sveitarfélögunum kleift að standa að sínum hluta undir fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna?
8. Hvað liggja nú fyrir margar óafgreiddar umsóknir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna og hvað er áætlað að sjóðurinn fjármagni margar íbúðir á árinu 1982?

V. Til menntamálaráðherra um drátt á skipan nefndar til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvers vegna hefur nefnd til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna ekki verið skipuð, svo sem Alþingi fól ríkisstjórninni með ályktun sinni hinn 21. maí s. l.?

Sþ. 26. Fyrirspurn [26. mál]

til fjármálaráðherra um jarðeignir ríkisins og leigutekjur af þeim.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

I. Hvaða jarðeignir eru í eigu ríkisins og stofnana þess, hvaða hlunnindi fylgja jarðeignunum og hver eru talin vera verðmæti umræddra jarðeigna og hlunninda?

II. Hvaða aðilar hafa þessar jarðeignir og hlunnindi á leigu og hvaða leigugjald greiða þeir?
Er kunnugt um að slíkir leigutakar framselji gegn leigu eða á annan hátt rétt til nýtingar á jarðeignum eða hlunnindum sem þeir hafa þannig öðlast, og ef svo er hvar á það sér þá stað og með hvaða hætti?

Óskað er skriflegs svars.

Nd. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Starfa skal samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Tilgangur hennar er að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á vandamálum og verkefnum kirkjunnar, svo og eflingu kristni og auknum trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis forseti sameinaðs þings og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar kirkjuráð.

Forseti sameinaðs þings og biskup landsins fara með formennsku nefndarinnar sitt árið hvor.

3. gr.

Samstarfsnefndin getur annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess, en hins vegar til kirkjuþings.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Starf þjóðkirkjunnar er með nokkrum blóma um þessar mundir. Framboð af ungu fólki til guðfræðináms og prestsstarfa er nægilegt, þar sem fyrir nokkrum árum var skortur. Kirkjur og félagsheimili kirkna rísa um land allt. Og það er álit kunnugra, að þjóðin leiti nú meir til kirkju og kristni í hamingjuleit og lífsstríði en lengi hefur verið.

Oft hafa kirkjunnar menn kvartað undan því, að Alþingi væri áhugalaust um málefni þjóðkirkjunnar og veitti lítið fé til starfsemi hennar. Þetta frumvarp er flutt til að koma til móts við þá gagnrýni og bæta sambúð þings og þjóðkirkju.

Sjaldan hefur fólki verið eins rík þörf á andlegri kjölfestu og innri friði og einmitt nú í bjargálna, ef ekki auðugu tækniþjóðfélagi. Er því rík ástæða til að styrkja eins og unnt er starfsemi kirkjunnar.

Ed. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

1) 43. gr. stafliður h) orðist þannig:
Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns. Ferðakostnað þennan skal greiða að fullu.

2) 43. gr. stafliður i) orðist þannig:
Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Flutningskostnað þennan skal greiða að fullu. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi í heimahús, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi, sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir. Sé fylgd nauðsynleg í einhverju ofantalinna tilvika, greiðist fargjald fylgdarmanna, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að jafna kostnað af sjúkraflutningum og læknisvitjunum þannig að dreifbýlisfólki í vissum landshlutum sé ekki íþyngt sérstaklega eins og nú er.

Samkvæmt gildandi reglum um sjúkravitjanir getur kostnaður óferðafærs sjúkings í dreifbýli af vitjun samlagslæknis numið t. d. 300 kr. miðað við rúmlega 100 km akstur hvora leið, en í þéttbýli er innheimt sérstakt vitjunargjald, 16 kr., sem innifelur ferðakostnað læknisins.

Sjúkraflug milli Norðurlands, Austurlands og Vestfjarða annars vegar og Reykjavíkur hins vegar mun kosta 4000—7000 kr. Í flestum tilvikum greiðir sjúklingur ¼ hluta þess eða allt að 1 750 kr. (175 þús. gkr.). En þess munu dæmi, að sjúklingar hafi orðið að greiða allan kostnaðinn, eða allt að 7000 kr. (700 þús. gkr.). Hér er því

greinilega um mikla mismunun að ræða á því sviði sem síst skyldi, því að enginn á að þurfa að kvíða því að geta ekki notið sjúkraþjónustu af efnahagslegum sökum. Séu þær fjárhæðir, sem hér um ræðir, bornar saman við ellilífeyrisgreiðslur sést glöggt hve tilfinnanleg og óréttlát útgjöld af þessu tagi eru.

Varðandi óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til samlagssjúklings gilda ákvæði h-liðar 43. gr. laga um almannatryggingar. Samkvæmt því greiðir sjúklingur þennan kostnað að hálfu, ef læknir notar eigin farartæki, en ella að ¼ hluta, enda sé þá um að ræða lengri vegalengd en 10 km á landi eða nota verði skip eða flugvél til ferðarinnar. Að því er varðar akstur mun gjaldtakan verða svipuð að krónutölu hvort heldur læknir notar eigin farartæki eða ekki. Gjald fyrir akstur eigin farartækis mun nú nema kr. 2.75 á km. Sjúklingur, sem býr 50 km. frá aðsetri samlagslæknis, hlýtur því að greiða 138 kr. fyrir aksturskostnað læknis, en sjúklingur, sem býr í 100 km fjarlægð, 275 kr. (27 500 gkr.). Flutningur læknis með snjóbíl getur hins vegar kostað nokkur þúsund krónur. Sé t. d. litið á snjóbílsferð, sem kostar 3000 kr., yrði hluti sjúklings 750 kr. (75 þús. gkr.).

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sjúklingur þurfi ekki að bera kostnað af þessu tagi, sem stafar einungis af því, hversu fjarri honum samlagslæknirinn býr. Það stríðir vitaskuld gegn eðlilegu jafnrétti, að þeir, sem búa við erfiðastar aðstæður til að njóta læknisþjónustu allajafna, skuli gjaldteknir umfram aðra þegar þeir verða að fá læknisvitjun í heimahús, af því að þeir eru ekki ferðafærir sökum sjúkdóms síns. Með samþykkt breytingartillögunnar varðandi þetta atriði yrði þetta misrétti afnumið.

Varðandi greiðslu á sjúkraflutningum gilda ákvæði i-liðar 43. gr. laga um almannatryggingar. Samkvæmt því, sem þar segir, greiðir sjúklingur ¼ hluta af flutningskostnaði í sjúkrahús þegar það á við, að hann geti ekki notað venjulegar farþegaflutningsleiðir. Þetta á einkum við um sjúkraflug og flutning með snjóbíl. Að því er varðar flutning milli sjúkrahúsa er sagt að fara skuli eftir því sem kveðið kunni að verða á um í lögum um heilbrigðisþjónustu. Í lögum um heilbrigðisþjónustu eru hins vegar engin ákvæði um þetta efni svo að ofangreint ákvæði um flutning milli sjúkrahúsa er marklaust og gilda engin lagaákvæði um slíkan flutning. Vegna þessa var leitað samkomulags um, að það sjúkrahús, sem sendi sjúkling, skyldi greiða flutningskostnaðinn. Sjúkrahúsin í Reykjavík hafa þó tregðast við að greiða slíkan kostnað af heimsendingu sjúklinga. Þess eru því dæmi, að sjúklingar hafi orðið að greiða hann að fullu sjálfir.

Gildandi reglur fela í sér margs konar misræmi og óréttlæti. Sjúklingur, sem fyrst er lagður inn á sjúkrahús á Egilsstöðum og síðan fluttur til Reykjavíkur, ber t. d. engan kostnað af flutningunum. Sjúklingur á Djúpavogi, sem eins stendur á um verður hins vegar að greiða fjórðung kostnaðarins, því að þar er ekkert sjúkrahús. Sjúklingur utan af landi, sem þarf eða óskar að komast heim til sín og verður að nota sjúkraflugvél, af því að hann getur ekki heilsu sinnar vegna notað venjulegar farþegaflutningsleiðir, má allt eins búast við því að verða að bera allan kostnað af sjúkrafluginu. Reykvíkingur, sem eins stæði á um, en hefði lent á sjúkrahúsi úti á landi, getur hins vegar vænst þess að þurfa ekki að bera neinn kostnað. Í þessu sambandi er ekki úr vegi að minna á að sjúkraflug af þessu tagi kostar allt að 5000 kr. Ferðir um fjallvegi með snjóbíl geta líka orðið ámóta dýrar og sjúkraflug. Sömuleiðis geta flutningar með sjúkrabíl um langar vegalengdir orðið mjög dýrar, t. d. frá Vík í Mýrdal eða Borgarnesi til Reykjavíkur eða frá Reykjavík á þessa staði.

Varðandi fargjald fylgdarmanns, þegar hans er þörf, gilda þau ákvæði, að sjúklingur verður að greiða fjórðung af fargjaldi hans þótt um áætlunarflug sé að ræða.

Samkvæmt þessu lagafrumvarpi yrðu sett lagaákvæði um það, að allur flutningskostnaður milli sjúkrahúsa væri greiddur af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling, nema í þeim innanbæjarferðum sem sjúklingur getur heilsu sinnar vegna notað

venjulegar samgönguleiðir. Jafnframt gilti það sama við heimsendingu sjúklings með sérstökum sjúkraflutningi. Um þetta hvort tveggja eru nú engin lagaákvæði. Þá yrði sjúkraflutningur í sjúkrahús greiddur að fullu af almannatryggingum í stað þess að nú greiðir sjúklingur fjórðung af slíkum flutningskostnaði. Loks yrði tiltekið að fargjald nauðsynlegs fylgdarmanns yrði sjúklingi að kostnaðarlausu í stað þess að nú greiðir sjúklingur fjórðung slíks fargjalds. Enn fremur gerir lagafrumvarp þetta ráð fyrir að fella niður gjaldtöku af sjúklingi vegna flutnings innanbæjar og af fyrstu 10 km flutningsleiðar, enda setur frumvarp þetta fram þá meginreglu, að sjúklingar greiði ekki kostnað af ferðum í sjúkraflutningum.

Rétt er þó að benda á, að jafnvel þótt síðastnefnda ákvæðið héldist væri stórt skref stigið í réttlætisátt. Enn fremur hefur flutningsmönnum verið bent á að varðandi flutning á sjúkrahús komi sú regla til álita, að almannatryggingar greiddu flutningskostnað að því marki sem hann er umfram fargjald með áætlunarferð milli viðkomandi staða, þó aldrei minna en ¾ hluta flutningskostnaðar. Flutningsmenn telja þessa reglu ekki fullnægja þeim réttlætiskröfum, sem eðlilegt sé að gera, og telja að sanngjarnt sé að sjúklingur beri engan kostnað af sjúkraflutningunum.

Flutningsmenn telja, að enginn eigi að þurfa að kvíða því vegna efnahags að fá ekki notið bestu sjúkraþjónustu sem völ er á í landinu. Allir eiga að hafa sama rétt til læknisþjónustu og hjúkrunar án tillits til efnahags eða búsetu. Að því verður að stefna af fremsta megni. Þessi markmið, svo sjálfsögð sem þau eru, verða að teljast fjarri því að vera uppfyllt í okkar landi. Eitt misréttið í þessum efnum birtist í h- og i-lið gildandi laga um almannatryggingar, sbr. fylgirit, eins og hér hefur verið rakið. Með samþykkt þess lagafrumvarps, sem hér er flutt, yrði dregið úr misrétti á sviði heilbrigðismála.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Því er það endurflutt nú, enda um mikið sanngirnismál að ræða og skref í þá átt að bæta aðstöðu þess fólks sem í dreifbýli býr.

Fylgirit.

h- og i-liður 43. gr. laga um almannatryggingar.

Núgildandi ákvæði.

h) Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.

Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ella að ¾ hlutum.

i) Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningar innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sé fylgd nauðsynleg greiðast ¾ af fargjaldi fylgdarmanns, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breytingu á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Almenningsvagnar, sem sannanlega eru eingöngu notaðir innan kaupstaða eða til ferða milli kaupstaða á höfuðborgarsvæðinu, skulu undanþegnir gjaldi skv. þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta löggjafarþingi og fylgdi því þá svohljóðandi greinargerð:

Í þessu frumvarpi er lagt til að þungaskattur af strætisvögnum verði felldur niður. Flestir strætisvagnar fara aldrei út fyrir gatnakerfi þéttbýlis og aka svo til eingöngu eftir götum, sem viðkomandi borgar- eða bæjarsjóður kostar að öllu leyti, bæði lagningu og viðhald. Strætisvögnum er ætlað að veita almenningi sjálfsagða þjónustu og reynt er að láta þá þjónustu í té á sanngjörnu verði. Ríkisvaldið hefur hins vegar um langan tíma haldið niðri með verðlagsákvörðunum fargjöldum slíkra vagna. Á sama tíma tekur ríkissjóður umtalsverðan skatt af þessari starfsemi. Flest strætisvagnafyrirtæki eru því rekin með miklum halla.

Þess má geta, að í fréttatilkynningu frá ríkisstjórninni, dags. 26. júní 1979, segir, að ríkisstjórnin hafi að tillögu iðnaðarráðherra samþykkt á fundi sínum 25. júní 1979 viðtækar aðgerðir til orkusparnaðar og hagkvæmari orkunýtingar.

Síðan eru einstakar aðgerðir taldar upp í tilkynningunni og í lið 4-2 segir orðrétt:

„Frá og með 1. janúar 1980 verður þungaskattur felldur niður af bifreiðum, sem stunda reglulega áætlunarakstur í þéttbýli.“

Enn hefur þessi þungaskattur ekki verið afnuminn, og er hann t. d. áætlaður 100 millj. kr. hjá Strætisvögnum Reykjavíkur á þessu ári. Stjórn Strætisvagna Reykjavíkur hefur einróma skorað á stjórnvöld að fella þennan skatt niður.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í grein þessari er skilgreint, til hvaða fyrirtækja þessi undanþága eigi að ná. Á höfuðborgarsvæði annast þrjú fyrirtæki þessa þjónustu, þ. e. Strætisvagnar Reykjavíkur, sem aka nær eingöngu innan Reykjavíkur, en einnig til Seltjarnarneskaupstaðar, Strætisvagnar Kópavogs, sem aka innan Kópavogs og til Reykjavíkur, og Landleiðir, sem aka innan Hafnarfjarðar og um Garðabæ, Kópavog og Reykjavík. Strætisvagnar Akureyrar aka eingöngu innan Akureyrar. Gert er ráð fyrir að öll þessi fyrirtæki njóti þessarar undanþágu.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um lyfjadreifingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I. KAFLI

1. gr.

Yfirstjórn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn lyfjadreifingar samkvæmt lögum þessum. Í því ráðuneyti starfar deildarstjóri (lyfjamálastjóri) sem annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Skal hann vera lyfjafræðingur að mennt og uppfylla að öðru leyti skilyrði laga, til að öðlast lyfsöluleyfi.

II. KAFLI

Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

2. gr.

Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu vera í héruðum, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem ráðherra setur með hliðsjón af skiptingu landsins í læknishéruð í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57 20. maí 1978.

3. gr.

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum, lyfsölusjóði og Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum.

Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

Heimilt er ráðherra að leggja þá kvöð á handhafa lyfsöluleyfis, að hann reki lyfjaútibú og/eða lyfjaforða í héraði sínu. Ennfremur að hann annist faglegt eftirlit með lyfjabirgðum heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana.

Umsóknir um lyfsöluleyfi skulu sendar ráðherra. Þær skulu lagðar fyrir 3ja manna nefnd, sem skipuð er af ráðherra þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands, auk lyfjamálastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Varamenn félaganna eru skipaðir á sama hátt, en varamaður lyfjamálastjóra er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Sæki nefndarmaður um lyfsöluleyfi tekur varamaður sæti hans í nefndinni.

Kjörtími nefndarmanna er 3 ár. Nefndin lætur ráðherra í té umsögn um faglega hæfni þeirra umsækjenda, sem að hennar áliti eru hæfastir, þó aðeins þremur hæfustu, ef umsækjendur eru þrír eða fleiri.

Nú sækir enginn um tiltekið lyfsöluleyfi eða enginn umsækjandi er talinn hæfur að dómi nefndarinnar og er þá lyfsölusjóði skylt að kaupa viðkomandi lyfjabúð og annast rekstur hennar til bráðabirgða með þeim réttindum og skyldum er því

fylgja samkvæmt lögum þessum. Lyfsölusjóður annast rekstur lyfjabúðar í slíku tilviki, þangað til umsækjandi gefur sig fram eða lyfsöluleyfi er úr gildi fellt.

Háskóli Íslands getur öðlast eitt lyfsöluleyfi með sérstöku tilliti til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala. Lyfsöluleyfi sem Háskóli Íslands hefur þannig hlotið verður ekki framselt.

Háskóli Íslands skal hafa frumkvæði að tímabundinni vistun stúdenta í Lyfjaverslun ríkisins, sjúkrahúsapótekum og öðrum lyfjabúðum og lyfjagerðum eftir því sem þörf krefur.

4. gr.

Skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi eða fá skipun í stöðu forstöðumanns lyfjabúðar er að umsækjandi hafi starfsleyfi í samræmi við I. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu áfram. Fer um réttarstöðu forstöðumanna þeirra á sama hátt og segir í 1. málsgr. 3. gr.

Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og í samræmi við landslög.

Skilyrði þessarar greinar eiga jafnt við um forstöðumenn sjúkrahúsapóteka, samvinnulyfjabúða, forstöðumann háskólaapóteks og forstöðumenn sbr. 1. málsgr. 3. gr. Umsóknir um slíkar stöður forstöðumanna skulu lagðar fyrir nefnd þá sem um getur í 4. málsgr. 3. gr. og samþykkir ráðherra ráðningu þeirra.

5. gr.

Starfandi læknir (tannlæknir, dýralæknir) má ekki vera eigandi eða starfsmaður lyfjabúðar, sbr. III. kafla.

6. gr.

Lyfsöluleyfi fellur niður, ef leyfishafi:

1. Tekur ekki við rekstri lyfjabúðar innan þess frests, sem tiltekinn er í 10. gr.
2. Deyr eða fullnægir ekki lengur skilyrðum 4. gr.
3. Hættir að veita forstöðu lyfjabúð án þess að hafa gert ráðstafanir um rekstur hennar samkvæmt 13. gr. eða getur ekki tekið við stjórn hennar á ný.
4. Fær lyfsöluleyfi fyrir annarri lyfjabúð.
5. Er sviptur leyfinu samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

Lyfsöluleyfi fellur niður í lok þess árs, sem leyfishafi verður sjötugur, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, 1. tölulið.

Ef leyfishafi óskar, getur ráðherra hvenær sem er fellt úr gildi lyfsöluleyfi hans.

III. KAFLI

Um rekstur lyfjabúða.

7. gr.

Lyfjabúð skal velja heiti, sem ráðherra samþykkir, og auðkenna á áberandi hátt. Handhöfum lyfsöluleyfa er heimilt að nefna lyfjaverslanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek.

8. gr.

Lyfjabúðum er skylt að versla með lyf, sem selja má hér á landi, enn fremur helstu gerðir lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna.

Ráðherra ákveður með reglugerð hverjar lyfjavörur, hjúkrunar- og sjúkragögn, sem og aðrar vörur lyfjabúðir mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

Lyfjanefnd skal gera tillögur um reglugerð þessa.

9. gr.

Nú tekur lyfsali við rekstri annarrar lyfjabúðar eða fær lausn frá starfi, og er honum þá rétt og skylt að reka lyfjabúðina, þar til hinn nýi leyfishafi tekur við, sbr. 10. gr., eða lyfjabúðin er lögð niður.

Nú deyr lyfsali, og fer þá með réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:

1. Ef erfingjar taka á sig ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda samþykki ráðherra ráðningu hans. Hafi lyfsöluleyfinu ekki verið ráðstafað að þeim tíma loknum, tekur lyfsölusjóður við rekstrinum og annast hann þar til leyfið hefur verið veitt að nýju.
2. Ef erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins, eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta, annast lyfsölusjóður rekstur lyfjabúðarinnar þar til leyfi til rekstrar hennar hefur verið veitt og fer um frest til þess skv. 1. tölulið.

Þegar lyfsöluleyfi fellur niður vegna annarra orsaka, ákveður ráðherra, hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar, og má þá um stundarsakir reka hana á kostnað lyfsölusjóðs.

10. gr.

Handhafi lyfsöluleyfis skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Geta skal í auglýsingu um lyfsöluleyfi, sem laust er til umsóknar, hvenær verðandi lyfsali skuli hefja reksturinn.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt fresti þessa, séu knýjandi ástæður fyrir hendi.

Nú er það ráðið að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, og getur sá, er tekur við af honum, ekki krafist þess að hefja reksturinn, fyrr en hinn fyrrnefndi hefur hafið rekstur lyfjabúðar þeirrar, er hann tekur við, enda hefjist sú starfræksla innan þeirra fresta, sem greindir eru í 1. og 2. málsgrein.

11. gr.

Ef lyfsali lætur af rekstri lyfjabúðar, eða bú hans óskar þess og/eða aðrar ástæður mæla með því, skal lyfsala þeim, er við tekur, skylt að kaupa vörubirgðir lyfjabúðarinnar, að svo miklu leyti sem þær eru nothæfar.

Ráðherra getur, ef fráfarandi lyfsali eða bú hans óskar þess, skyldað lyfsala þann, er við lyfjabúð tekur, til þess að kaupa húseign þá, er lyfjabúðin er í, enda sé hún eingöngu ætluð til rekstrar lyfjabúðarinnar og íbúðar lyfsalans og viðunandi hæf til hvors tveggja. Þessarar kvaðar skal sérstaklega getið í auglýsingu um lyfsöluleyfi. Ef lyfjabúð flytur í heilsugæslustöð við lyfsalaskipti, er lyfsölusjóði heimilt að kaupa húseign þá er lyfjabúðin er í og búnað hennar, þegar svo stendur á.

Vilji fráfarandi lyfsali eða bú hans ekki selja húsnæði lyfjabúðarinnar, skal honum skylt að leigja það þeim, er við tekur, í allt að tvö ár. Ágreiningi um leigufjárhæð og leiguskilmála skal lokið með þeim hætti er segir í 5. málsgrein.

Ef fráfarandi lyfsali hefur haft húsnæði lyfjabúðarinnar á leigu gengur lyfsalinn, sem við tekur, inn í leigusamninginn allt að einu ári.

Ef ekki næst samkomulag milli lyfsala þess, sem við tekur, eða lyfsölusjóðs og hins fráfarandi eða bús hans um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein, skal ágreiningurinn úrskurðaður af gerðardómi, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

Ráðherra skipar þrjá menn í gerðardóm til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Skulu formaður og varaformaður fullnægja dómaraskilyrðum. Auk þess tilnefna málsaðilar sinn manninn hvor til setu í gerðardómi í hverju einstöku máli.

Gerðardómur ákveður hvernig kostnaði af hverju máli skuli skipt milli málsaðila.

Nýi leyfishafinn getur krafist að fá keyptan búnað og áhöld lyfjabúðarinnar sem teljast nauðsynleg til rekstrarins. Nýi leyfishafinn hefur forkaupsrétt að húsnæði lyfjabúðarinnar.

12. gr.

Lyfsali samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar 4. greinar skal sjálfur annast forstöðu lyfjabúðar sinnar og bera ábyrgð á rekstri hennar svo og undirstofnunum, sbr. VI. kafla.

Handhafi lyfsöluleyfis (Háskóli Íslands, sjúkrahúsapótek, samvinnufélög, lyfsölusjóður) ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og undirstofnana hennar samkvæmt ákvæðum 4. málsgreinar 4. greinar. Hann skal fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns, sem einnig ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og undirstofnana hennar.

Þegar ræðir um lyfsala í lögum þessum, er átt við leyfishafa og forstöðumann lyfjabúðar samkv. 4. gr. eftir því sem við á.

Lyfsala ber að sjá lyfjabúð sinni fyrir nægu og hæfu starfsliði.

Lyfsala ber að skipuleggja störf í lyfjabúð sinni á þann hátt að sem tryggilegast sé girt fyrir misferli. Sérstaklega er lyfsala skylt að gæta þess um lyfjagerð, lyfjaafgreiðslu og hvers konar meðferð lyfja, að störfum og skráningu starfa sé þannig hagað, að jafnan sé auðrakið hver starfsmaður eigi hlut að máli, ef misferli kynni að eiga sér stað.

Nú verða mistök um gerð eða afhendingu lyfs í lyfjabúð og stafar mönnum eða skepnum heilsutjón af, en ekki sannast hver persónulega er að misferlinu valdur eða ber ábyrgð á því, og skal þá refsing mæld lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, ef misferlið má rekja til skorts á hæfu starfsliði, ónógs eftirlits, ófullkominnar vinnutilhögunar eða annarra skipulagsgalla á rekstri lyfjabúðarinnar, enda verði lyfsali (forstöðumaður) talinn eiga sök á því, sem aflaga fer í þessum efnum.

13. gr.

Í fjarveru lyfsala vegna orlofs, sjúkdóms eða af öðrum ástæðum skal hann fela lyfjafræðingi að annast rekstur lyfjabúðarinnar, enda sé ekki um lengra tímabil en tvo mánuði að ræða.

Heimilt er að fela aðstoðarlyfjafræðingi að annast reksturinn innan greinds tímabils, ef hann er starfsmaður lyfjabúðarinnar og enginn lyfjafræðingur er fáanlegur til starfa. Samráð skal ávallt hafa við ráðuneytið um setningu staðgengils lyfsala, nema um yfirlyfjafræðing lyfjabúðarinnar sé að ræða.

Líði tveir mánuðir svo að lyfsali geti ekki annast rekstur lyfjabúðar sinnar eða verði í upphafi að álíta að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn áfram og bera faglega ábyrgð á honum. Leita skal samþykkis ráðuneytisins um ráðningu forstöðumanns. Sá forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

IV. KAFLI

Starfsmenn lyfjabúða.

14. gr.

Í lyfjabúð skal starfa til aðstoðar lyfsala a. m. k. einn lyfjafræðingur. Ef í lyfjabúð starfar aðeins einn lyfjafræðimenntaður maður auk lyfsala getur ráðuneytið leyft, að hann sé aðstoðarlyfjafræðingur. Ráðherra getur og leyst lyfsala sem rekur litla lyfjabúð undan skyldu til að hafa aðstoðarlyfjafræðing enda mæli Lyfjaeftirlit ríkisins með því. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins, gefið leiðbeiningar um hver sé nauðsynlegur fjöldi starfsmanna í lyfjabúð, sundurliðað í menntunarstig.

15. gr.

Um nám, próf og starfsréttindi lyfjatækna, svo og annars afgreiðslu- og aðstoðarfólks í lyfjabúðum og öðrum stofnunum, sem afgreiða, framleiða eða selja lyf í heildsölu, skulu sett ákvæði í reglugerð. Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins í reglugerð að vista lyfjatækninema til verklegs náms.

Ráðuneytinu er heimilt að starfrækja námskeið eða skóla í lyfjatækni í samvinnu við samtök lyfsala og lyfjafræðinga.

16. gr.

Eigi má ráða starfsmann í lyfjabúð, nema hann leggi fram heilbrigðisvottorð frá lækni. Starfsfólk lyfjabúða skal árlega gangast undir almenna læknisrannsókn.

17. gr.

Starfsmenn lyfjabúða eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun, sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, sbr. 12. gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir því sem segir í réttarfarslögum.

18. gr.

Nú telur Lyfjaeftirlit ríkisins rekstri lyfjabúðar ábótavant vegna vanrækslu af hendi lyfsala eða annarra starfsmanna lyfjabúðarinnar, og skal eftirlitið þá tilkynna ráðuneytinu og landlækni það. Ráðherra ákveður eftir málsatvikum, hvernig farið skuli með hvert einstakt slíkt mál.

Um missi starfsréttinda fer eftir V. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið áður en ráðherra ræður því til lykta.

V. KAFLI
Um afgreiðslu lyfja.

19. gr.

Ráðherra mælir með reglugerð fyrir um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða og annarra lyfjaverslana, þar á meðal um þær bækur, sem lyfsölum er skylt að halda.

20. gr.

Ráðherra mælir fyrir í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða. Lyfjabúð skal eins fljótt og auðið er afgreiða lyf, lyfjagögn, hjúkrunar- og sjúkragögn hvort sem er á venjulegum afgreiðslutíma eða vöktum.

21. gr.

Um meðferð og geymslu lyfja í lyfjabúð fer skv. löggiltri lyfjaskrá eða öðrum fyrirmælum, sem ráðuneytið gefur út.

22. gr.

Auk þess sem lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar er skylt að haga bókhaldi lyfjabúðar sinnar í samræmi við lög nr. 51 2. maí 1968 um bókhald ber honum að hlíta ítarlegri fyrirmælum þar að lútandi, ef sett verða í reglugerð.

Skylt er þeim, sem selja lyf, að leyfa athugun á bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, ef þess er krafist í umboði ráðherra.

23. gr.

Lyfjabúð skal hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við stærð hennar og ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna, sem starfa á svæði lyfjabúðarinnar.

24. gr.

Með afgreiðslurétti á lyfjum og eiturefnum er átt við rétt til að bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og framkvæma lokaeftirlit með að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni. Slíkan rétt hafa lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar í lyfjabúðum og útibúum.

Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaforða, enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af ráðuneytinu eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í lyfjaforða, er heimilt að veita hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður slíkan afgreiðslurétt.

25. gr.

Meðferð lyfja og eiturefna skal ávallt háð eftirliti lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga og skulu þeir sjá um að gildandi reglum sé í hvívetna fylgt.

26. gr.

Lyfsali er skyldur til að afgreiða lyf gegn staðgreiðslu, þó einungis gegn lyfseðli þau lyf, sem aðeins má afgreiða á þann hátt. Ef læknir lætur þess getið á lyfseðli, að lyf eða sjúkragögn þurfi að afgreiða án tafar, og auk þess, hvern hann telji bera ábyrgð á greiðslunni, skal lyfsali afgreiða hið umbeðna svo skjótt sem auðið er.

VI. KAFLI

Undirstofnanir lyfjabúða.

27. gr.

Innan umdæmis lyfjabúðar getur starfað lyfjaútibú sbr. 2. gr. og stofna má lyfjaforða frá lyfjabúð samkvæmt meðmælum eða ósk hlutaðeigandi heilbrigðismálaráðs, lyfsala eða viðkomandi sveitarstjórnar, enda gerist þess þörf að dómi ráðherra.

28. gr.

Lyfjaútibú er útibú frá lyfjabúð og er starfrækt til þess að halda uppi viðunandi lyfjaþjónustu þar sem ekki telst grundvöllur til að stofna lyfjabúð.

Lyfjaútibú skal bera heiti sem auðkennir það nafni viðkomandi lyfjabúðar.

29. gr.

Í lyfjaútibúi má ekki framleiða lyf eða aðrar vörur. Í lyfjaútibúi skulu vera til sölu öll algeng lausasölulyf, sem eftirspurn er eftir á viðkomandi svæði, auk allra algengra lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna. Lyfseðilsskyld lyf má afgreiða í lyfjaútibúi samkvæmt lyfjaávísun. Skulu slík lyf geymd í hirslum sem má læsa.

Afgreiðslutími lyfjaútibús skal ákveðinn af ráðuneytinu og skal þar sérstaklega kveðið á um afgreiðslutíma lyfseðilsskyldra lyfja.

30. gr.

Lyfseðilsskyld lyf skulu afgreidd úr lyfjaútibúi af lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi, sem starfar á vegum viðkomandi lyfjabúðar. Alla aðra afgreiðslu annast lyfjatæknir (hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir), sem gætir útibúsins, þegar lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur er ekki viðstaddur.

31. gr.

Þar sem strjálbýlt og langt eða erfitt er að komast til næstu lyfjabúðar eða lyfjaútibús má vera lyfjaforði frá lyfjabúð. Í lyfjaforða mega vera auk lausasölulyfja, sáraumbúða, hjúkrunar- og sjúkragagna einstök lyfseðilsskyld lyf, sem nauðsynlegt er að geta gripið skjótt til, sbr. 24. gr.

Lyfjaforði skal vera í gæslu lyfjatæknis, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða annars ábyrgs umboðsmanns, sem lyfsali ræður til þess, og skal lyfjamálastjóra tilkynnt um nafn og stöðu hans. Ráðuneytið getur mælt svo fyrir að lyfsala sé skylt að hafa lyfjaforða á ákveðnum stað eða í ákveðnu hverfi sbr. 3. gr.

32. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum umsögnum Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands, heilbrigðismálaráðs viðkomandi héraðs og Lyfjaeftirlits ríkisins, að lyfjaútibú skuli verða lyfjabúð, og skal lyfsala viðkomandi lyfjabúðar tilkynnt sú ákvörðun með hæfilegum fyrirvara. Skal hann þá fá lyfsöluleyfi fyrir hinni nýju lyfjabúð, ef hann óskar þess, enda segi hann um leið lausu leyfi sínu fyrir hinni eldri.

33. gr.

Á stöðum þar sem ekki er lyfjabúð, lyfjaútibú eða lyfjaforði en læknir hefur aðsetur getur ráðherra heimilað viðkomandi lækni að annast afhendingu lyfja, sáraumbúða og annarra hjúkrunargagna gegn greiðslu. Varanna má afla frá lyfjabúð (lyfjaútibúi) í umdæminu á heildsöluverði að viðbættu þjónustugjaldi, sem ákveðið er af ráðherra að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar, og skulu þær vera í stöðluðum órofnum umbúðum. Hlutaðeigandi lyfjabúð annast eftirlit með slíkum lyfjabirgðum.

34. gr.

Nánari fyrirmæli um búnað, rekstur og fyrirkomulag lyfjaútibúa og lyfjaforða skulu sett í reglugerð.

VII. KAFLI
Innflutningur og heildsala lyfja.

35. gr.

Leyfi til innflutnings lyfja hafa þau fyrirtæki ein, sem til þess hafa hlotið starfsleyfi sem ráðherra gefur út.

36. gr.

Leyfi til að dreifa lyfjum og lyfjaefnum í heildsölu hafa þau fyrirtæki ein, sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

Til að fá starfsleyfi verður lyfjaheildsala, sbr. 1. málsgr., að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur, sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. I. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978. Skal hann gegna fullu starfi við fyrirtækið.
2. Að vera þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði, að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins, að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjapakkningar. Óheimilt er að breyta áletrun á pakkningum lyfja, nema á ábyrgð framleiðanda og að fenginni umsögn lyfjanefndar. Lyfjaeftirlit ríkisins fylgist með að slík breyting sé gerð á tryggilegan hátt.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim, sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum og þeim tilraunastofnunum, sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

37. gr.

Nú er lyfjainnflytjandi eða lyfjaheildsala einkainnflytjandi skráðs sérlyfs og er forráðamönnum hennar þá skylt að hafa ávallt þær birgðir lyfsins á boðstólum, sem hæfilegar teljast að mati Lyfjaeftirlits ríkisins.

38. gr.

Umboðsmönnum erlendra sérlyfjaframleiðenda (innflytjendum, heildsölum) er skylt að greiða fyrir kaupum Lyfjaverslunar ríkisins á lyfjum frá umbjóðendum þeirra, annaðhvort beint frá framleiðanda á skráðu innkaupsverði (fob./cif.) eða með afhendingu úr eigin vörubirgðum umboðsmanns á kostnaðarverði. Með kostnaðarverði er hér átt við það verð, sem heimilt er að leggja til grundvallar fyrir álagningu í heildsölu, að viðbættu þjónustugjaldi, sem ákveðið er af ráðherra, að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar.

Einungis Lyfjaverslun ríkisins er heimilt að flytja inn bóluefni og ónæmisefni.

39. gr.

Starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar og aðrir starfsmenn lyfjabúða og starfsmenn sjúkrahúsapóteka mega ekki vera umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda. Sama gildir um eignaraðild þessara aðila að sérlyfjainnflutningsfyrirtækjum og lyfjaheildsölum, sbr. ákvæði 3 til bráðabirgða.

40. gr.

Ráðherra getur afturkallað starfsleyfi lyfjainnflytjanda og lyfjaheildsala ef um alvarlega eða endurtekna vanrækslu við meðferð og/eða dreifingu lyfja er að ræða.

41. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins annast eftirlit með fyrirtækjum þeim, sem flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu, og gerir tillögur til ráðherra um reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsmenn slíkra fyrirtækja.

VIII. KAFLI
Um Lyfjaverslun ríkisins.

42. gr.

Íslenska ríkið rekur lyfjaheildverslun og lyfjagerð sem sjálfstæða stofnun undir nafninu Lyfjaverslun ríkisins. Lyfjaverslun ríkisins er skylt að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn, bóluefni, ónæmisefni og sjúkragögn fyrir sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra og aðrar heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríki og sveitarfélögum. Þá er Lyfjaverslun ríkisins skylt að útvega heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum bóluefni til ónæmisaðgerða.

43. gr.

Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og sölu til sjúkrahúsa, dvalarheimila aldraðra og annarra heilbrigðisstofnana í landinu.

Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og birgðahald Almannavarna.

44. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af fjármálaráðuneytinu, hinn þriðji skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar.

45. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. laga þessara.

46. gr.

Um búnað og fyrirkomulag í Lyfjaverslun ríkisins fer eftir þeim meginreglum sem gilda um lyfjagerðir og lyfjaheildsölur og lýtur fyrirtækið eftirliti Lyfjaeftirlits ríkisins.

IX. KAFLI
Um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum.

47. gr.

Á hverju sjúkrahúsi skal starfa lyfjafræðingur, sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra innan sjúkrahússins. Heimilt er að starf þetta tengist starfi viðkomandi lyfjafræðings í lyfjabúð eða lyfjaútibúi í umdæminu.

Dvalarheimili aldraðra skulu afla sér faglegrar aðstoðar lyfjafræðings að því er varðar öflun, geymslu og notkun lyfja innan stofnunarinnar.

48. gr.

Á deildaskiptum sjúkrahúsum starfa sérstök sjúkrahúsapótek, sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun og varðveislu lyfja og eftirliti með notkun þeirra á einstökum deildum.

Yfirlyfjafræðingur er forstöðumaður slíks sjúkrahúsapóteks, og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússtjórn, en umsóknir um slíkar stöður lagðar fyrir stöðunefnd, sbr. 4. málsgrein 3. gr., og skal ráðning hans staðfest af ráðherra.

Yfirlyfjafræðingur sjúkrahúsapóteks ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórn sjúkrahússins.

49. gr.

Ráðherra getur veitt heimild til þess að sjúkrahúsapótek annist dreifingu lyfja til sjúklinga, sem ekki liggja á sjúkrahúsinu, ef skráning er sérstaklega bundin við notkun á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

Slík afgreiðsluheimild nær einnig til almennra lyfja, sem nauðsynleg eru sjúklingum, er sendir eru af sjúkrahúsi í stutt leyfi um helgar eða hátíðar.

Ráðherra getur og veitt heimild til þess að stærri sérhæfð sjúkrahús fái sams konar heimild og kveðið er á um í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar enda þótt þau séu ekki deildaskipt.

Um afgreiðslu lyfja frá sjúkrahúsi til sjúklinga utan sjúkrahúss samkvæmt heimild þessarar greinar fer eftir þeim almennu reglum, sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

50. gr.

Óheimilt er að afhenda lyf frá sjúkrahúsi til sjúklinga, sem ekki eru liggjandi á sjúkrahúsinu, né heldur til starfsfólks, með öðrum hætti en um getur í 49. gr.

51. gr.

Á hverju sjúkrahúsi skal starfa 3ja til 5 manna lyfjanefnd, sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a. m. k. 1 starfandi lækna sjúkrahússins og 1 lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins.

Að jafnaði skal þess gætt, þegar völ er á fleiri en einu jafngildu lyfi, að velja til notkunar á sjúkrahúsi þau lyf, sem ódýrari eru, og innlenda framleiðslu fremur en erlenda.

52. gr.

Stofna skal sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar ríkisins og sjúkrahúsapóteka. Í samstarfsnefnd þessari skulu eiga sæti forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins og einn af deildarlyfjafræðingum hennar, yfirlyfjafræðingar sjúkrahúsapóteka og auk þess skipar ráðherra einn mann í samstarfsnefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Verkefni samstarfsnefndarinnar er að leita samræmingar og hagkvæmni í innkaupum og framleiðslu lyfja, lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna vegna þarfa sjúkrahúsa.

53. gr.

Stjórn sjúkrahúss er heimilt, að höfðu samráði við yfirlyfjafræðing sjúkrahúsapóteks, að haga dreifingu lyfja til sjúkrahúss þannig, að Lyfjaverslun ríkisins afgreiði beint til einstakra deilda þess öll algeng lyf, en beint til sjúkrahúsapóteksins þau lyf önnur sem nauðsynlegt er að hafa á sjúkrahúsinu af öryggisástæðum.

Lyfjanefnd sjúkrahússins gerir skrá yfir þau lyf sem þannig má afgreiða beint á deildir sjúkrahússins.

54. gr.

Heilsugæslustöðvar mega afla sér lyfja frá lyfjabúð eða lyfjaútibúi í hlutaðeigandi lyfsöluumdæmi. Lyfjabúðir selja heilsugæslustöðvum lyf á heildsöluverði að viðbættu ákveðnu þjónustugjaldi, sem lyfjaverðlagsnefnd gerir tillögur um og ráðherra staðfestir.

55. gr.

Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður sjúkrahúsapóteks eða lyfjageymslu sjúkrahússins sé við hæfi og skal hlíta úrskurði Lyfjaeftirlits ríkisins þar að lútandi, samkvæmt ákvæðum um búnað og rekstur þeirrar starfsemi, sem sett verða í reglugerð.

56. gr.

Sett skulu í reglugerð fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra, heilsugæslustöðvum og enn fremur í lækningastofum og öðrum stofnunum, þar sem lyf eru notuð til lækninga.

X. KAFLI

Um dreifingu dýralyfja.

57. gr.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur heimild til að selja lyfjabúðum og héraðsdýralæknum framleiðslu sína á dýralyfjum og bóluefni í heildsölu. Þá getur tilraunastöðin flutt inn og selt sömu aðilum í heildsölu ormalyf, sem skráð eru hér á landi eða gerðar eru tilraunir með.

Tilraunastöðin að Keldum getur selt bændum slík lyf og bóluefni í smásölu eftir því sem aðstæður krefjast, enda sé slík sala undir eftirliti dýralækna tilraunastöðvarinnar.

58. gr.

Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu hafa á boðstólum algengustu dýralyf miðað við þarfir í hverju lyfsöluumdæmi. Héraðsdýralæknum er einnig heimilt að annast sölu dýralyfja og skulu þeir fá lyfin keypt hjá lyfjaheildsölum eða hjá Tilraunastöðinni að Keldum.

Þar sem héraðsdýralæknir situr en ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú á staðnum, skal hann hafa í umdæmi sínu á hendi sölu dýralyfja, sem hann kaupir frá lyfjaheildsölu, lyfjabúð eða hjá Tilraunastöðinni að Keldum.

XI. KAFLI

Eftirlit, málarekstur og refsing.

59. gr.

Lyfjaeftirlit og annað eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins undir yfirstjórn ráðuneytisins.

60. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að 2 árum.

XII. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

61. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð.

62. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:

1. Lyfsölulög nr. 30 29. apríl 1963, II., III., V., VI., VII., VIII. kafli.
2. II. kafli laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63 28. maí 1969.
3. Önnur ákvæði sömu laga og annarra laga, sem fara í bága við lög þessi.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Þeir lyfsalar, sem höfðu lyfsöluleyfi 1. júlí 1963 og fullnægja ákvæðum laganna, eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs.
2. Ákvæði 4. málsgreinar 7. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 um hlutbundið lyfsöluleyfi (Reykjavíkur Apótek) eiga við meðan starfandi er lyfsali, sem öðlast hefur leyfið fyrir gildistöku laga þessara.
3. Fyrirtæki, sem starfa í báða við 39. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 8 ára frest til að aðlaga sig heim.
4. Lyfjaverslun ríkisins er heimilt, urs ráðherra ákveður, að starfa í rekstrarlegum tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hafa sameiginlegt skrifstofuhald með henni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samstarfsnefnd, sem skipuð var af ríkisstjórninni og í áttu sæti þeir Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður, Helgi Seljan alþingismaður og Pálmi Jónsson ráðherra, hefur yfirfarið frumvarp þetta til laga um lyfjadreifingu, sem lagt var fyrir Alþingi á 100. og 102. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga. Meðfylgjandi drög að frumvarpi til laga, sem eru óbreytt frá þeim er lögð voru fram á 103. löggjafarþingi og náðu enn ekki fram að ganga, ásamt athugasemdum við einstaka greinar þess eru að langmestu leyti byggð á tillögum nefndar, sem skipuð var í september 1978 af þáverandi heilbrigðismálaráðherra, sbr. hér að neðan.

Helstu breytingar samstarfsnefndarinnar er að finna í II., VIII. og X. kafla frumvarpsins.

Samstarfsnefndarmenn eru sammála frv. eins og það nú er en hafa allir áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við bráðabirgðaákvæði 3 með frumvarpi þessu.

Með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dagsettu 25. september 1978, var skipuð nefnd til að gera tillögur um tilhögun lyfjadreifingar í landinu, á grundvelli ákvæðis í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þar sem segir: „Athugað verði að tengja lyfjaverslun heilbrigðisþjónustu og setja hana undir félagslega stjórn".

Í nefnd þessa voru eftirtaldir skipaðir: Almar Grímsson deildarstjóri, formaður, Adda Bára Sigfúsdóttir borgarfulltrúi, Georg H. Tryggvason aðstoðarmaður ráðherra, Sigmundur Sigfússon aðstoðarlandlæknir og Vilhjálmur G. Skúlason, öll án tilnefningar. Auk þess áttu sæti í nefndinni Einar Birnir framkvæmdastjóri, tilnefndur af lyfjavöruhópi Félags íslenskra stórkaupmanna, Oddur C.S. Thorarensen lyfsali, tilnefndur af Apótekarafélagi Íslands og Þór Sigþórsson lyfjafræðingur, tilnefndur af Lyfjafræðingafélagi Íslands. Sú breyting varð meðan nefndin starfaði að Oddur C.S. Thorarensen lét af störfum í nefndinni, en Werner I. Rasmusson lyfsali tók við störfum hans. Sigurjón Jónsson lyfjafræðingur var ritari nefndarinnar.

Nefndin hélt alls 11 fundi en auk þess störfuðu tvær undirnefndir milli funda. Nefndin skoðaði frumvörp um Lyfjastofnun ríkisins og lyfjaframleiðslu, sem lögð voru fyrir Alþingi 1973 og 1974. Auk þess fékk nefndin til meðferðar einn kafla úr drögum að frumvarpi til lyfjalaga sem endurskoðunarnefnd lyfsölulaga skilaði í febrúar 1978. Þessi kafli fjallaði um dreifingu lyfja og var ákveðið að nema hann úr frumvarpi til lyfjalaga og geyma til frekari meðferðar og endurskoðunar á lyfjadreifingarþætti lyfsölulaga.

Með drögum nefndarinnar að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu lauk endurskoðun lyfsölulaga nr. 30/1963. Lög um lyfjafræðinga nr. 35/1978 tóku gildi 1. júlí 1978 og lyfjalög tóku gildi 1. janúar 1979.

Tillögur nefndarinnar miðuðu fyrst og fremst við íslenskar aðstæður og voru ekki beint sniðnar eftir erlendri fyrirmynd.

Nefndin aflaði sér upplýsinga umfram sérþekkingu einstakra nefndarmanna og ritara nefndarinnar, með því að boða ýmsa kunnáttumenn á fundi hennar. Þannig mætti borgarlæknir á fund annarrar undirnefndarinnar til að gera grein fyrir hugmyndum um heilsugæslustöðvar í Reykjavík.

Þá mætti forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins og lyfjafræðingar ríkisspítalanna, Borgarspítala og St. Jósefsspítala Landakoti bæði á fundi nefndarinnar og annarrar undirnefndar hennar.

Í sambandi við kaflann um dýralyf og dreifingu þeirra mættu forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum og yfirdýralæknir á fund nefndarinnar.

Þeir þrír nefndarmenn sem tilnefndir voru til starfa í nefndinni af félagssamtökum höfðu samráð við umbjóðendur sína.

Nefndinni var gert að skila tillögum sínum í formi draga að frumvarpi eða frumvörpum um innflutning, heildsölu og smásölu lyfja. Þá var lögð á það áhersla, að nefndin hraðaði störfum og skilaði tillögum sínum, ef kostur væri, fyrir áramót 1978—1979. Nefndinni tókst ekki að verða við þessum óskum og var veittur aukinn frestur til febrúarloka 1979.

Tillögur nefndarinnar í formi draga að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu voru lagðar fyrir Alþingi á 100. og 102. löggjafarþingi, en náðu ekki fram að ganga eins og áður sagði.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu sjónarmiðum nefndar- og samstarfsnefndarmanna við gerð þessara draga.

Nú er þannig kveðið á um staðaval og stofnun lyfjabúða og lyfjaútibúa, að þar um skuli setja reglugerð, sem taki mið af skiptingu landsins í héruð, sbr. ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978 en ekki setjast með lögum eins og nefndin skipuð 1978 lagði til. Þannig skapast meira svigrúm hvað varðar t. d. stofnun eða flutning lyfjabúðar eða undirstofnun hennar í heilsugæslustöð eða annað.

Athygli skal vakin á því, að með þessum tillögum er stefnt að því að lyfjasala fari úr höndum lækna, en eins og kunnugt er hafa læknar að verulegu leyti annast lyfsölu sums staðar í dreifbýli. Hér er þó ekki tekið jafndjúpt í árinni og í tillögum nefndarinnar, sem lagði til að lyfjasalan færi alfarið úr höndum lækna. Það er þó augljóst, að slík lyfjasala hefur verið neyðarúrræði víðast hvar og munu þó finnast fámenn héruð, þar sem tekjur af lyfjasölu lækna eru hugsanlega mikilvæg forsenda þess, að læknir fáist í héraðið. Slíkt verður þó að teljast óæskilegt og þarf að leysa með öðrum hætti.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er ákvæði þess efnis að lyfjaútibú og lyfjaútsölur (lyfjaforðar) séu í heilsugæslustöðvum, ef ekki er lyfjabúð á staðnum. Jafnframt er ákvæði þess efnis að ráðherra getur ákveðið að lyfjabúð skuli vera í heilsugæslustöð. Á það skal bent, að tengsl lyfjabúða og heilsugæslustöðva eru mjög nauðsynleg og æskilegt, ef ekki er annar kostur betri, að lyfjabúð sé í heilsugæslustöð. Augljóst er, að slíkt hefur í för með sér aukinn byggingarkostnað heilsugæslustöðva og þykir því rétt að taka til athugunar hvert einstakt tilvik og nánari ákvæði þar að lútandi sett með reglugerð, sbr. hér að framan.

Helstu nýmæli frumvarpsins varða lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum.

Einsýnt þykir að eftirlit lyfjafræðinga með öflun lyfja og varðveislu og notkun þeirra á sjúkrahúsum sé mjög mikilvægt hvort sem er faglega eða í hagræðingarskyni. Því hafa verið sett mjög ákveðin fyrirmæli um störf þeirra við hin deildaskiptu sjúkrahús.

Er gert ráð fyrir því að á þeim starfi svonefnd sjúkrahúsapótek, sem geti öðlast heimild til að afhenda sjúklingum er ekki liggja á sjúkrahúsinu, sérstök lyf, sem einungis má nota á sjúkrahúsum. Slíkt heimildarákvæði er mjög mikilvægt, þar sem í reynd er óheimilt að afhenda slík lyf til notkunar handa öðrum sjúklingum en þeim sem liggja inni á sjúkrahúsum. Þá er opnaður sá möguleiki, að Lyfjaverslun ríkisins geti afgreitt öll algengustu lyf beint til deilda sjúkrahúss ef henta þykir. Slíkt á ekki að raska stöðu sjúkrahúsapóteks, en er ætlað að vera til hagræðingar í innkaupum.

Þá er lagt til, að lögfest verði stofnun sérstakrar samstarfsnefndar þeirra aðila sem hafa með þjónustu við sjúkrahús og lyfjadreifingu á þeim að gera. Er þeirri nefnd ætlað að leita samræmingar í innkaupum á lyfjum, lyfjagögnum, hjúkrunar- og sjúkragögnum í hagkvæmnisskyni.

Að því er varðar dýralyf er lagt til að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum haldi þeim starfsháttum sem tíðkast hafa hingað til, það er að selja framleiðslu sína og innflutt ormalyf í heildsölu til dýralækna og lyfjabúða og ef aðstæður krefjast í smásölu beint til bænda. Þá er ákveðið að setja þá kvöð á lyfjabúðir og lyfjaútibú að hafa á boðstólum bæu dýralyf, sem almennt eru notuð í viðkomandi umdæmi og að lyfjabúðum og lyfjaútibúum sé heimilt að sjá dýralæknum fyrir þeim lyfjum sem þeir þurfa að selja í vitjunum gegn ákveðinni þóknun. Þá er með öllu tekið fyrir sölu annarra en Tilraunastöðvarinnar, lyfjabúða og lyfjaútibúa og dýralækna á dýralyfjum. Ljóst er, að þótt rekstur lyfjabúða og lyfjaheildsala sé að mestu í einkaeign, er aðhald hins opinbera með rekstri þessara fyrirtækja mjög mikið. Má þar nefna starfsemi lyfjaverðlagsnefndar sem að meiri hluta er skipuð fulltrúum opinberra aðila og ákveður verðlagsgrundvöll lyfja. Lyfjaeftirlit ríkisins hefur árlegt eftirlit með lyfjabúðum, lyfjaheildsölum og öðrum stofnunum, sem geyma lyf eða dreifa þeim og hefur jafnframt eftirlit með innkaupsverði erlendra sérlyfja. Skal tekið fram, og undirstrikað, að innkaupsverð erlendra sérlyfja er viðurkennt við skráningu þeirra og er ekki um að ræða breytingar á slíku innkaupsverði nema Lyfjaeftirlit ríkisins samþykki það.

Lyfjaverðlagsnefnd hefur jafnframt eftirlit með framleiðsluverði innanlands og gerir tillögur til ráðherra um vinnugjaldskrá.

Mikilsvert hefur þótt að tryggja stöðu Lyfjaverslunar ríkisins sem innkaupa- og dreifingaraðila fyrir sjúkrahús ríkisins og sveitarfélaga auk dvalarheimila aldraðra.

Ákvæði í þessum drögum að frumvarpi tryggja að Lyfjaversluninni verði ekki settur stóllinn fyrir dyrnar með innkaupum erlendis frá og þar með er talið, að hagsmunum hennar sé borgið.

Lyfjaverslun ríkisins er í raun lyfjagerð og lyfjaheildsala í senn og má þannig telja hana samkeppnisaðila við einkafyrirtæki í þessari atvinnugrein, en í reynd er hún fyrst og fremst þjónustuaðili við sjúkrahúsin og er henni ætlað það hlutverk áfram.

Á það skal minnt, að árið 1973 var lagt fram á Alþingi frumvarp um Lyfjastofnun ríkisins, sem miðaði að því að ríkið tæki að sér að öllu leyti innflutning og heildsölu lyfja. Ekki náðist pólitísk samstaða um slíkt fyrirkomulag.

Lagt er til að Lyfjaverslun ríkisins verði stjórnunarlega sett undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, enda óumdeilanlega um mikilvægan hlekk að ræða í þjónustu við heilbrigðisstofnanir. Með tilliti til fyrri tengsla Lyfjaverslunarinnar við fjármálaráðuneytið og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er talið rétt, að einn þriggja stjórnarmanna Lyfjaverslunar ríkisins verði tilnefndur af fjármálaráðuneytinu og heimilt verði að reka stofnunina áfram um sinn í tengslum við ÁTVR.

Vakin skal athygli á lyfjadreifingarkerfum á öðrum Norðurlöndum.

Í Danmörku er innflutningur og heildsala lyfja í höndum einkaaðila, sjúkrahúsapótekin rekin af einstökum sjúkrahúsum og í einu tilviki hafa nokkur sjúkrahús sameinast um rekstur framleiðslu- og dreifingarmiðstöðvar. Lyfjabúðir eru annars í einkaeign með svipuðu opinberu eftirliti og hér á landi.

Í Finnlandi eru bæði heildsölur og lyfjabúðir í einkaeign, nokkur sjúkrahúsapótek rekin af sjúkrahúsum, 1 háskólaapótek og 1 apótek vegna þarfa heraflans.

Í Noregi hefur ríkið einkarétt til innflutnings og heildsölu lyfja, en lyfjabúðir eru í einkaeign með svipuðu sniði og eftirliti og í Danmörku. Nokkur sjúkrahúsapótek eru rekin af sjúkrahúsum.

Í Svíþjóð annast hlutafélag (Apoteksbolaget), sem að meiri hluta (65%) er í eign ríkisins, rekstur lyfjabúða og flestra sjúkrahúsapóteka, en nokkur sjúkrahúsapótek eru í eign sveitarfélaga. Lyfjaheildsala er að mestu í einkaeign, en Apoteksbolaget á meiri hluta í einni lyfjaheildsölu.

Í þessum tillögum er gert ráð fyrir, að Háskóli Íslands geti öðlast eitt lyfsöluleyfi vegna kennslu og rannsókna á sviði lyfjafræði lyfsala. Þá er rétt að geta þess, að lagt er til að starfsleyfi samvinnulyfjabúðanna tveggja á Selfossi og Akureyri haldist áfram, en falli ekki úr gildi, sbr. ákvæði í lyfsölulögum nr. 30/1963.

Rétt þykir að benda á ákvæði um starfsemi lyfsölusjóðs í X. kafla lyfjalaga nr. 49/1978, sérstaklega hvað varðar rekstur lyfjabúðar á stöðum, þar sem heilbrigðisyfirvöld telja nauðsyn hennar ótvíræða. Til að þetta megi verða þarf að breyta lagaákvæðum er varða tekjuöflun sjóðsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Ath. að tölur og tákn í svigum vísa til viðmiðunar í lyfsölulög nr. 30 29. apríl 1963.

Dæmi: (N) þýðir ný grein, (19) vísað til sams konar ákvæðis í 19. gr. lyfsölulaga, (20 óbreytt) vísað til 20. gr. lyfsölulaga og að sú grein standi a. m. k. efnislega óbreytt í hinu nýja frumvarpi.

Um 1. gr. (N)

Greinin skýrir sig sjálf í samræmi við starfsemi lyfjamáladeildar, sem starfar í ráðuneytinu. Tekið er þó upp sérstakt starfsheiti deildarstjóra lyfjamáladeildar, sem skýrir betur verksvið hans.

Um 2. gr. (6)

Hér er um stefnubreytingu frá gildandi lögum að ræða. Gert er ráð fyrir því að sett verði reglugerð um staðarval lyfjabúða og lyfjaútibúa og þá höfð hliðsjón af skiptingu héraða í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978.

Um 3. gr. (7)

Nýmæli í þessari grein er þriggja manna nefndin, sem fjallar um hæfni umsækjenda um lyfsöluleyfi. Samkvæmt lyfsölulögum nr. 30/1963 hefur starfað tveggja manna nefnd skipuð einum fulltrúa frá hvoru félaga lyfjafræðinga og apótekara. Í þessari grein er gert ráð fyrir að lyfjamálastjóri sé aðili að nefndinni og er það ætlað að gefa starfi nefndar aukið vægi og gildi.

Þá er gert ráð fyrir því að Háskóli Íslands fái heimild til að kaupa eina af starfandi lyfjabúðum og starfrækja hana með sérstöku tilliti til rannsókna og kennslu í lyfjafræði lyfsala.

Í þessari grein er einnig gert ráð fyrir að lyfsölusjóður kaupi og annist til bráðabirgða rekstur lyfjabúðar, sem enginn umsækjandi er að eða hefur verið talinn hæfur. Á þennan hátt rekur lyfsölusjóður lyfjabúð þangað til umsækjandi gefur sig fram eða annað er ákveðið.

Það er ennfremur nýmæli í þessari grein, að ráðherra getur lagt lyfsölum þær skyldur á herðar að reka lyfjaútibú og/eða lyfjaforða í lyfsöluumdæmi sínu. Hér er einnig ráðin bót á því, að ársfjórðungslegt eftirlit með lyfjabirgðum heilbrigðisstofnana sé framkvæmt, en erfitt hefur reynst að fá lyfjafræðinga til þess.

Um 4. gr. (9)

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu hin sömu og í hliðstæðri grein lyfsölulaga nr. 30/1963. Þó er gert ráð fyrir að samvinnufélög þau er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laganna haldi leyfi sínu, en samkvæmt ákvæðum lyfsölulaga nr. 30/1963 var þeim veitt leyfi til 25 ára, sem mátti framlengja til 25 ára í senn, ef landlæknir mælti með umsókn þar að lútandi.

Um 5. gr. (10. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr. (11. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr. (8)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr. (40)

Greinin þarfnast ekki skýringar, þó er það nýmæli í greininni, að hún segir fyrir um hvaða vörur lyfjabúðum er skylt að versla með.

Um 9. gr. (12)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr. (32)

Tímafresturinn, sem geta skal um í auglýsingu um lyfsöluleyfi, er nýmæli, að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 11. gr. (32)

Nýmæli í þessari grein eru fyrst og fremst réttur hins nýja leyfishafa til að fá keyptan búnað og áhöld sem teljast nauðsynleg til reksturs lyfjabúðar, en samkv. gildandi lögum hefur viðtakandi lyfjabúðar ekki slíkan rétt.

Þá er sett inn ákvæði um forkaupsrétt hins nýja leyfishafa að húsnæði lyfjabúðar. Er þannig gert ráð fyrir að hann geti gengið inn í kauptilboð.

Um 12. gr. (33. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr. (35)

Nýmæli er að ávallt skuli haft samráð við ráðuneytið um setningu staðgengils lyfsala. Þá er einnig rétt að undirstrika að reglan verður sú, að lyfjafræðingur leysi lyfsala af, en aðstoðarlyfjafræðingur aðeins ef hann er starfandi í lyfjabúðinni og lyfjafræðingur er ekki fáanlegur til afleysinga. Þetta atriði skýrist með því að ekki er lengur sá skortur á lyfjafræðingum sem var þegar lyfsölulög voru sett 1963. Ábyrgð forstöðumanns er einnig nánar skilgreind.

Um 14. gr. (36)

Nýmæli í þessari grein er, að ráðuneytið geti gefið leiðbeiningar um hver sé nauðsynlegur starfsmannafjöldi í lyfjabúð. Er þetta ákvæði eðlilegt, þar sem gert er ráð fyrir, að ráðherra veiti undanþágu frá kröfu um að starfandi sé aðstoðarlyfjafræðingur í hverri lyfjabúð.

Um 15. gr. (16)

Nýmæli er heimild ríkisins til að standa að menntun tæknimenntaðs aðstoðarfólks við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu. Í reynd hefur þó slík menntun farið fram í ríkisreknum skóla, Lyfjatæknaskóla Íslands, frá árinu 1974.

Um 16. gr. (37)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr. (46)

Ítarleg ákvæði eru um þagnarskyldu í lögum um lyfjafræðinga nr. 35/1978, og er vísað fyrst og fremst til þeirra laga þar að lútandi.

Um 18. gr. (20)

Sama er að segja um þessa grein og þá næstu á undan að ítarleg ákvæði um missi starfsréttinda eru í V. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978 og vísast því til þeirra.

Um 19. gr. (30. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr. (38)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr. (26)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr. (45. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr. (25)

Þessi grein er ekki eins almennt orðuð og tilsvarandi grein í gildandi lögum. Er hér farið inn á þá braut að gera birgðaskyldu fyrir einstök lyf háð aðstæðum á hverju svæði fyrir sig.

Um 24. gr. (N)

Greinin er algert nýmæli. Talað er um afgreiðslurétt á lyfjum og eiturefnum og kveðið er skýrt á um hverjir hafa hann, en það eru lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar.

Þó er gert ráð fyrir að veita megi sérmenntuðum heilbrigðisstéttum takmarkaðan afgreiðslurétt úr lyfjaforðum í dreifbýli, enda ekki kostur á að leysa lyfjadreifingarvandamál með öðrum hætti víða um land.

Um 25. gr. (N)

Kveðið er hér skýrt á um skyldu lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga til að sjá svo um að í hvívetna sé fylgt settum reglum um geymslu og meðferð lyfja.

Um 26. gr. (27. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr. (43, 44)

Gert er ráð fyrir, að lyfjaútibú starfi í einstökum heilsugæsluumdæmum, þar sem ekki er grundvöllur fyrir rekstri sjálfstæðrar lyfjabúðar.

Einnig er gert ráð fyrir að stofna megi svo kallaða lyfjaforða frá lyfjabúð, samkvæmt meðmælum eða ósk frá héraðslækni, lyfsala eða viðkomandi sveitarstjórn. Lyfjaforði yrði allajafna í umsjá lyfjatæknis, hjúkrunarfræðings eða ljósmóður og er gert ráð fyrir að í honum sé ákveðinn nauðlyfjalager lyfseðilsskyldra lyfja auk lausasölulyfja og hjúkrunar- og sjúkragagna.

Lyfjaforði er nýyrði og hét samkvæmt lyfsölulögum 1963 lyfjaútsala. Slíkar lyfjaútsölur hafa starfað víða um land frá því að lyfsölulög tóku gildi.

Um 28. gr. (43)

Í þessari grein er lyfjaútibú skilgreint.

Um 29. gr. (N)

Greinin fjallar um birgðaskyldu lyfjaútibús og reglur um afgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja og afgreiðslutíma.

Allajafna má gera ráð fyrir að rýmisþörf lyfjaútibús sé 30 m² geymslu- og vinnuaðstaða, en auk þess þarf að gera ráð fyrir afgreiðsluaðstöðu og snyrtingu.

Miðað við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, þess efnis að lyfjaútibú skuli vera í heilsugæslustöð ef ekki er lyfjabúð á staðnum, hafa nú verið hönnuð lyfjaútibú og útsölur (forðar) á nokkrum stöðum á landinu. Með því nýtist sameiginleg vinnuaðstaða í heilsugæslustöðvum, þar sem afgreiðsluaðstaða er sameinuð annarri afgreiðslu heilsugæslustöðvarinnar með öðrum starfsþáttum stöðvarinnar.

Um 30. gr. (N)

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við 24. gr.

Um 31. gr. (N)

Greinin fjallar um skilgreiningu á stöðu og starfsemi lyfjaforða. Eðlilegt má teljast að ráðuneytið hafi frumkvæði um staðarval lyfjaforða í dreifbýli og geti lagt lyfsala þá skyldu á herðar að annast rekstur lyfjaforða.

Um 32. gr. (N)

Með þessari grein er ráðherra gefin heimild til að ákveða að lyfjaútibú skuli verða lyfjabúð ef líkur eru til að það geti borið sig sem sjálfstæð eining og lyfjabúð, sem gegndi því áður, hafi áframhaldandi rekstrargrundvöll.

Um 33. gr. (42)

Með þessari grein er gert ráð fyrir að læknir, sem hefur aðsetur á stað, þar sem ekki er lyfjabúð, lyfjaútibú eða lyfjaforði, geti haft með höndum sölu lyfja og hjúkrunarvara. Í reynd er því gert ráð fyrir að öll eða nær öll lyfjasmásala í landinu færist í hendur lyfjabúða og undirstofnana þeirra.

Um 34. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr. (N)

Með þessari grein er gert ráð fyrir, að fyrirtæki geti öðlast leyfi til innflutnings lyfja, án þess að um leyfi til heildsölu sé að ræða. Hér er meðal annars höfð í huga síaukin notkun tollvörugeymslu við innflutning lyfja.

Um 36. gr. (51)

Í þessari grein er fjallað um starfsleyfi lyfjaheildsala. Skilyrði til starfsleyfis eru nánast þau sömu og verið hafa, samkvæmt lyfsölulögum. Samt er nú kveðið á um faglega stjórn lyfjafræðinga, en áður voru lögfest skilyrði um tæknilega stjórn þeirra yfir lyfjaheildsölu.

Starf lyfjafræðinga við lyfjaheildsölur er fyrst og fremst faglegs eðlis og er það þannig undirstrikað í þessari grein.

Í greininni eru jafnframt ákvæði um hverjum lyfjaheildsölur mega selja lyf í heildsölu.

Um 37. gr. (N)

Hér er sett ákvæði, sem ekki hefur verið áður í lögum, um birgðaskyldu einkaumboðsmanna lyfja.

Um 38. gr. (N)

Hér eru sett ákvæði þess efnis að Lyfjaverslun ríkisins geti aflað sér hverra þeirra lyfja, bóluefna og ónæmisefna, sem nauðsyn krefur vegna þarfa sjúkrahúsa og dvalarheimila aldraðra. Þykir nauðsynlegt að slíkt afdráttarlaust ákvæði sé haft í lögum þannig að tryggð sé heimild Lyfjaverslunarinnar til innflutnings og heildsölu lyfja vegna þarfa þessara stofnana.

Einnig þykir rétt, að eingöngu einn aðili annist innflutning bóluefna og ónæmisefna.

Um 39. gr. (57)

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunatengsl þeirra, sem ávísa lyfjum og þeirra sem selja lyf, sbr. og 5. gr. Á sama hátt þykir eðlilegt að þeir sem stunda smásölu lyfja séu ekki í hagsmunatengslum við erlenda sérlyfjaframleiðendur.

Um eignaraðild lyfsala og annarra starfsmanna lyfjabúða að innlendum lyfjaframleiðslufyrirtækjum gegnir öðru máli og eru engar hömlur settar á slíkt, enda aldalöng hefð á framleiðslu lyfsala á lyfjum, þótt sú formbreyting sé nú orðin staðreynd, að framleiðsla lyfja færist á verksmiðjustig.

Um 40. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr. (N)

Grein þessi er efnislega samhljóða 9. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63 28. maí 1969.

Um 43. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins sé í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Með tilliti til fyrri tengsla Lyfjaverslunar ríkisins við fjármálaráðuneytið og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða, þykir rétt að fjármálaráðuneytið tilnefni einn mann í stjórn Lyfjaverslunarinnar og jafnframt þykir rétt að landssamtök þeirra sem annast rekstur sjúkrahúsa tilnefni einn stjórnarmann og hinn þriðji verði svo skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar og sé hann formaður stjórnarinnar.

Um 45. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að skipun forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins sé á sama hátt og um veitingu lyfsöluleyfis sé að ræða.

Um 46. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr. (N)

Hér er sett það ákvæði að á hverju sjúkrahúsi (sbr. skilgreining laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978) og dvalarheimili aldraðra skuli starfa lyfjafræðingur, sem annist öflun og eftirlit með lyfjum á þessum stofnunum. Ákvæði þetta er mjög rúmt því það verður háð stærð hverrar stofnunar og aðstæðum á hverjum stað, hversu mikið starf verður um að ræða.

Þá þykir eðlilegt að starf þetta geti tengst starfi lyfjafræðings í lyfjabúð eða lyfjaútibúi í heilsugæsluumdæminu, enda er það líklega allajafna hentugasta fyrirkomulagið.

Þá er ekkert því til fyrirstöðu að tvær stofnanir eða fleiri sameinist um þjónustu sama lyfjafræðings.

Um 48. gr. (N)

Í þessari grein er sett sérstakt ákvæði um lyfjaþjónustu á deildaskiptum sjúkrahúsum. Þykir rétt að nefna slíkar þjónustudeildir á sjúkrahúsi sjúkrahúsapótek, þar sem um víðfeðma þjónustu við deildir sjúkrahúss og sjúklinga er að ræða.

Starfsemi sjúkrahúsapóteks er með öllu ólík starfsemi venjulegrar lyfjabúðar (apóteks), en engu að síður þykir rétt að taka upp heitið sjúkrahúsapótek, jafnvel þótt um beina sölu lyfja sé ekki að ræða.

Áður hefur verið notað heitið lyfjabúr, sem þykir óviðeigandi og betur eigi við um lyfjabirgðir á einstökum deildum.

Gert er ráð fyrir að forstöðumaður sjúkrahúsapóteks fái starfsheitið yfirlyfjafræðingur og verði ráðinn á sama hátt og gildir um forstöðumenn lyfjabúða, en viðkomandi sjúkrahússtjórn annist formlega ráðningu.

Um 49. gr. (13)

Í þessari grein er gert ráð fyrir heimild, sem reyndar hefur verið í lyfsölulögum frá 1963, að stofna megi sérstakt sjúkrahúsapótek á deildaskiptum sjúkrahúsum. Dreifing slíkra sjúkrahúsapóteka á lyfjum til sjúklinga verður þó takmörkuð við þau lyf, sem aðeins eru skráð sérstaklega til notkunar á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði. Ennfremur getur heimildin náð til almennra lyfja, sem sjúklingar þurfa að hafa með sér í helgarleyfi og leyfi um hátíðar.

Þykir mjög nauðsynlegt að sjúkrahús geti öðlast slíka heimild, þar sem vandséð er með hverjum hætti hægt er að sjá sjúklingum, sem ekki liggja inni á sjúkrahúsinu, fyrir meðferð á hinum sérstöku sjúkrahúslyfjum. Þar að auki er hér um fjárhagslegt atriði fyrir sjúkrahúsin að ræða, þar sem engin heimild er til gjaldtöku fyrir lyf til sjúklinga utan sjúkrahúss.

Þá þykir rétt, að önnur stærri sjúkrahús geti fengið leyfi til slíkrar dreifingar lyfja, ef nauðsyn krefur, enda má ætla að töluvert sé um helgar- og hátíðaleyfi sjúklinga á slíkum sjúkrahúsum.

Um 50. gr. (N)

Hér er kveðið skýrt á um að önnur afhending lyfja frá sjúkrahúsum til sjúklinga, sem ekki liggja á sjúkrahúsinu, eða til starfsfólks, sé óheimil.

Um 51. gr. (N)

Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða, þar sem kveðið er á um að á sérhverju sjúkrahúsi starfi lyfjanefnd, sem sé ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Gera má ráð fyrir að slík lyfjanefnd sé 3 manna á minni sjúkrahúsum, en 5 manna á deildaskiptum sjúkrahúsum og öðrum stærri sjúkrahúsum.

Slíkar lyfjanefndir hafa mikla þýðingu. Þeim er meðal annars ætlað að setja upp ákveðna lyfjalista fyrir hvert sjúkrahús og marka stefnu um lyfjagjöf á sjúkrahúsinu.

Þá er sett fram það stefnumark að notuð séu að jafnaði ódýrari lyf þegar um jafngild lyf er að ræða og fremur innlend en erlend.

Gera verður ráð fyrir að slíkar lyfjanefndir verði ólaunaðar.

Um 52. gr. (N)

Hér er um að ræða nýmæli, sem er samstarfsnefnd þeirra aðila sem vinna í föstu starfi við lyfjaþjónustu við sjúkrahús.

Eins og fram kemur í greininni er nefndinni fyrst og fremst ætlað það hlutverk að samræma innkaup, ekki aðeins lyfja, heldur einnig lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna vegna þarfa sjúkrahúsa.

Um 53. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að haga megi dreifingu lyfja til sjúkrahúsa þannig að öll algengustu lyf verði afgreidd beint á deildir sjúkrahússins. Með þessu er opnuð leið til hagræðingar í innkaupaaðferðum.

Um 54. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að heilsugæslustöðvar geti aflað lyfja frá lyfjabúð eða lyfjaútibúi í hlutaðeigandi lyfsöluumdæmi, eins og tíðkast hefur um öflun heimilislækna á lyfjum til notkunar í starfi.

Um 55. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr. (N)

Með þessari grein er lögfest ákvæði um sölu Tilraunastöðvarinnar að Keldum á framleiðslu sinni og innfluttum ormalyfjum hvort sem er í heildsölu til lyfjabúða eða dýralækna, eða í smásölu beint til bænda. Hér er um að ræða staðfestingu á því fyrirkomulagi sem verið hefur um skeið.

Um 58. gr. (49)

Hér er sett skylda á lyfjabúðir og lyfjaútibú, að hafa á boðstólum dýralyf og kveðið á um að dýralæknum sé heimilt að selja dýralyf úr eigin birgðum. Þar sem ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú er ætlast til að sala dýralyfja sé í höndum dýralæknis.

Um 59. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 60. gr. (68)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 61. gr. (69)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 62. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

1. Ákvæðið er í fullu samræmi við bráðabirgðaákvæði í lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963.
2. Rétt þykir að færa form lyfsöluleyfis í Reykjavíkur Apóteki til samræmis við það sem almennt gildir samkvæmt lögum þessum.
3. Rétt þykir að veita rúman aðlögunartíma þeim lyfjaheildsölum, sem starfa í bága við 39. gr., þ. e. 8 ár frá gildistöku laganna.
4. Hentugt þykir að gera ráð fyrir að Lyfjaverslun ríkisins verði áfram rekstrarlega í tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, uns ráðherra telur sjálfstæðan rekstur hennar heppilegri, enda þótt gert sé ráð fyrir rekstri hennar sem sjálfstæðrar stofnunar. Lyfjaverslunin hefur verið með sameiginlegt skrifstofuhald með Áfengisverslun ríkisins og virðist ekki ástæða til að breyta því að sinni.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um könnun á nýtingu bújarða (ríkisjarða) í þágu aldraðra.

Flm.: Helgi Seljan, Stefán Jónsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara könnun á þeim möguleika að nýta bújarðir (ríkisjarðir sérstaklega) í nánd þéttbýlisstaða með góða heilsugæsluaðstöðu sem dvalarheimili fyrir aldraða.

Dvalarheimilin yrðu byggð upp sem smáar einingar, þar sem búandfólk, sem flytja þarf af bújörðum sínum vegna aldurs eða heilsubrests, gæti haft smábúskap, sameiginlega eða út af fyrir sig undir ákveðinni yfirstjórn og með nauðsynlegri aðstoð og aðhlynningu.

Reynt yrði að tengja slík heimili svo sem kostur væri við smáiðnað í sveitum einnig.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur þrívegis áður verið flutt, en aldrei orðið útrædd. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð, lítillega breytt.

Aðstaða aldraðra í þjóðfélaginu til að njóta ævikvöldsins sem best hefur verið mjög til umræðu á undanförnum árum. Þjóðfélagsþróunin hefur orðið þess valdandi, að í raun blasir við æ meiri einangrun þessa fólks, ef ekkert er að gert. Eitt veigamesta atriðið í velferð aldraðra á elliárum þeirra er öruggt athvarf og aðstæður til að starfa svo lengi sem frekast er kostur.

Athugun á atvinnumálum aldraðra var samþykkt í formi þingsályktunar fyrir nokkrum árum, en fyrsti flm. þeirrar tillögu þá var Svava Jakobsdóttir. Hægt mun þar miða, því miður, og er þó ærin þörf sem eftir kallar. Fólk með skerta starfsorku hefur engu síðri þörf fyrir að veita henni útrás og öðlast þannig aukna lífsfyllingu en þeir sem við fulla starfsorku búa.

Sé grannt skoðað um aðstæður allar er þörfin sennilega enn meiri m. a. í ljósi þess, að þetta fólk vill mörgum öðrum fremur leggja sitt af mörkum, vera hlutgengari þjóðfélagsþegnar með virkni sinni í atvinnulífinu.

Eitt með því alvarlegra, sem blasir við okkur varðandi allt of margt fólk, er sú mikla og snögga lífsvenjubreyting og oft algera röskun sem á högum þess verður við það t. d. að flytjast inn á elliheimili. Þessi þingsályktun beinist að könnun á því, hvernig e. t. v. sé unnt að taka að hluta á þessu vandamáli hjá því fólki, sem verður að þola hér mest umskipti og röskun á öllum högum sínum, þ. e. aldrað fólk í sveitum. Sem betur fer á mikill hluti þess kost á athvarfi heima hjá sér allt til hins síðasta, en hins vegar munu þó dæmin fleiri, ekki síst vegna þeirrar miklu fólksfækkunar sem í sveitum hefur orðið og síður en svo sér nú fyrir endann á.

Ríkið á margar ágætar jarðir um land allt, sumar vel hýstar og vel setnar, aðrar annað hvort, enn aðrar eyðijarðir eða því sem næst. Okkur flm. þykir fullkomin ástæða til að kanna möguleika á nýtingu einhverra þessara jarða í því skyni að koma upp litlum dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, sem kysi að hafa smábúskap áfram eða stunda einhverja aðra iðju, sem væri þá tengd landbúnaði á einhvern hátt, svo sem fullvinnslu á landbúnaðarafurðum. Við teljum einnig mjög koma til álita kaup á jörðum, er losnuðu úr ábúð og ekki yrðu betur til annars nýttar.

Við flm. erum þess fullvissir að þessa könnun eigi að gera sem besta því hér gæti þetta aldraða fólk búið við svipaðar aðstæður og lífsstarf þess hefur við miðast, með að sjálfsögðu þeirri aðstoð sem nauðsynleg kann að reynast, bæði varðandi

vissa yfirstjórn (ráðsmann eða forstöðumann), nauðsynlega aðstoð varðandi vélanotkun og ef með þarf einhverja heimilishjálp. Smáar einingar væru hér eðlilegastar, en þó yrði stærð þeirra að fara eftir hagkvæmni varðandi nýtingu jarðar og ekki síður fjárhagslegri hagkvæmni.

Hugmyndin að þessari tillögu er m. a. komin frá þeim, sem hér ættu gerst að vita, þ. e. frá sveitafólki, sem orðið hefur að fara á dvalarheimili í þéttbýli þvert gegn innsta vilja sínum, aðeins af því að ekki var um annað að ræða, — sveitafólki, sem ekki gat rekið sjálfstæðan, erfiðan búskap lengur, en hafði alla orku og krafta til þess að hafa smábúskap með höndum, fólki, sem situr nú að mestu auðum höndum, en vildi gjarnan leggja hönd á plóginn að einhverri verðmætasköpun í þjóðfélaginu og þá eðlilega helst þeirri sem tengist lífsstarfi þess um langan aldur. Þessi sjónarmið eru hér sett fram í tillöguformi eins og þau komu frá þeim aðilum, sem vöktu fyrst máls á þessu.

Sú stefna, að dvalarheimili eða íbúðir fyrir aldraða eigi að vera smáar einingar, á nú góðu heilli almennu fylgi að fagna, og sú tilhögun, sem hér er lagt til að könnuð verði, er hið besta í samræmi við þá meginstefnu.

Flm. gera sér ljósa ýmsa annmarka hér á og vilja því ítarlega könnun á þessu máli sem fyrsta skref. Þeir vita um þá augljósu einangrunarhættu, sem af slíku fyrirkomulagi stafar, einangrun frá öðrum aldurshópum, sem er mikið vandamál margs aldraðs fólks. En sú einangrun mæðir sannarlega ekki síður á fólki í þéttbýlinu og eflaust mest og verst hér á suðvesturhorninu, á hinum fjölmennu stofnunum, sem þar er að finna. Hins vegar koma möguleikarnir til eðlilegs starfs hér mjög á móti og útilokað er að einangrunin verði svo alger sem hún oft vill verða í mesta þéttbýlinu.

Við leggjum mikla áherslu á að heimili þessi verði í nánd þeirra staða sem hafa góða heilsugæsluaðstöðu, en þeim þéttbýlisstöðum fer nú ört fjölgandi. Hér er um sjálfsagt öryggisatriði að ræða, sem taka verður mið af í könnuninni.

Að lokum vilja flm. benda á að ekki síður koma öryrkjar hér til greina, þó tillaga um forkönnun málsins feli það aðeins óbeint í sér.

Alþýðubandalagsmenn fengu samþykkta vorið 1979 tillögu um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum. Því telja flm. þessarar tillögu rétt, að í könnun og hugsanlegri framkvæmd þessa máls verði einnig hugað að þessum smáiðnaði og þátttöku aldraðs fólks þar svo sem frekast er kostur.

Könnunin mun að sjálfsögðu leiða í ljós kostnað af tilhögun sem þessari, en flm. telja að hann muni síst verða meiri en almennt er um heimili af þessu tagi, og hugsanlegur aukakostnaður mun skila sér til baka, bæði fjárhagslega beint og ekki síður í aukinni lífshamingju þess fólks, sem við eigum samfélagslega skuld að gjalda.

Með tilkomu Framkvæmdasjóðs aldraðra og lána frá Húsnæðisstofnun til þessara verkefna hlýtur að verða unnið rösklegar að þessum málum á næstunni. Brýnt er því að kanna rækilega, hvort fyrirkomulag það, sem hér er ráð fyrir gert, eigi ekki að koma til greina í þeirri heildaruppbyggingu sem mun eiga sér stað í vaxandi mæli.

Nánar í framsögu.

Sþ. 32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um stefnumörkun í landbúnaði.

Flm.: Egill Jónsson, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal, Vigfús B. Jónsson, Ólafur G. Einarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur Karlsson, Salome Þorkelsdóttir, Halldór Blöndal, Þorv. Garðar Kristjánsson, Albert Guðmundsson, Jósef H. Þorgeirsson, Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins skuli byggjast á eftirfarandi grundvallaratriðum:

I. Treysta skal sjálfseignarábúð bænda á jörðum. Eignarréttur einstaklinga og sveitarfélaga á landi og hlunnindum verði verndaður. Landbúnaðurinn verði jafnan metinn sem sjálfstæður atvinnurekstur, þar sem framsýni og hyggindi njóti sín og sú áhætta, sem felst í rekstri og uppbyggingu, leiði til aðhalds og ábyrgðar.

II. Grundvöllur landbúnaðar, er felst í ræktun landsins, verði treystur og verðmæti jarðargróðurs aukin með nýrri þekkingu og tækni. Unnið verði markvisst að aukinni hagkvæmni í landbúnaðinum ásamt fjölbreytni í framleiðslu og fullvinnslu búvara.

III. Framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við það, að fullnægt verði þörfum þjóðarinnar fyrir neysluvörur og hráefni til iðnaðar. Auk þess verði tekið fullt tillit til þjóðhagslegs gildis þeirra atvinnutækifæra annarra, sem landbúnaðarframleiðslan veitir.

IV. Áhersla verði lögð á að treysta byggð í sveitum landsins. Miðað verði við að heföbundnar búgreinar ásamt aukinni nýtingu hlunninda fullnægi atvinnuþörf sveitanna í núverandi mynd, en nýjar búgreinar og aukin atvinnutækifæri, m. a. í iðnaði og þjónustugreinum, auki á styrk byggðar í sveitum landsins.

V. Landbúnaðinum verði búin þau skilyrði, að unnt sé að tryggja bændum sambærileg lífskjör við aðrar fjölmennar stéttir þjóðfélagsins.

VI. Íbúum sveitanna verði með lögum veitt sambærileg félagsleg réttindi og þorri annarra þegna þjóðfélagsins nytur. Aukið verði jafnræði í aðstöðu til mennta og í þjónustu opinberra aðila án tillits til búsetu.

VII. Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess. Tryggt verði, svo sem tök eru á, að varðveitt séu sérstæð náttúrufyrirbrigði, gróður, dýralíf og hlunnindi. Öllum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru landsins og séð verði fyrir opnum svæðum til útivistar, þjóðgörðum og fjalldstæðum.

Til að unnt sé að ná framangreindum markmiðum er m. a. bent á:

1. Gerðar verði markvissar ráðstafanir til að koma á jafnvægi í framleiðslu og sölu búvara. Samtök bænda fái víðtækar heimildir til að stjórna framleiðslu landbúnaðarvara í samræmi við þarfir markaðarins á hverjum tíma.

   Í þessu sambandi er lögð áhersla á:

   a. Heimilt verði að leggja gjald á allt innflutt kjarnfóður, er að upphæð verði svipað og nemur útflutningsbótum á kjarnfóðri frá viðskiptalöndum okkar.
   b. Á meðan það ástand varir í landbúnaðinum, að heimildir til útflutningsbóta nægja ekki til að verðbæta útfluttar búvörur verði heimilt að leggja

á sérstakt gjald á hámarksnotkun kjarnfóðurs, er miðist við framleiðslu og bústofn.

Á meðan kvótakerfi er í framkvæmd verði þau bú, sem eru með svipaða eða minni framleiðslu en grundvallarbú verðlagsgrundvallar og ekki hafa umtalsverðar tekjur annars staðar frá, undanþegin framleiðslukvóta og sérstakt tillit verði tekið til frumbýlinga og þeirra annarra bænda, sem fjárfest hafa í landbúnaði á síðari árum.

c. Heimildir verði áfram í lögum um verðmiðlun búvöru.
d. Samtökum bænda verði veittar heimildir til að skipuleggja og hagræða framleiðslu búvara innan héraða og framleiðslusvæða. Í því sambandi er áhersla lögð á að markaðsþörf innanlands sé alls staðar fullnægt.

2. Til að auðvelda framleiðendum búvara aðlögun að breyttri skipan framleiðslumála og til að koma í veg fyrir snöggar breytingar í landbúnaðarframleiðslunni, sem hefðu í för með sér erfiðleika í rekstri, er m. a. leiddi til skorts á búvörum, þegar framleiðsla þeirra er í lágmarki, verði sú útflutningsframleiðsla, sem ekki nýtur verðbóta, að hluta verðtryggð.
3. Þeirri heimild, sem nú er í lögum um verðtryggingu búvara til útflutnings, verði breytt þannig, að heimiluð sé greiðsla til ákveðinna framleiðsluþátta á frumstigi. Heimildir til viðmiðunar verði innan þess ramma sem nú er, og nái ekki til nýrra búgreina. Jafnframt verði tryggt að þær greiðslur hafi áhrif til lækkunar á framleiðslukostnaði búvara.

Í þessu sambandi kemur m. a. til greina:

a. Greiðsla til Áburðarverksmiðju ríkisins til að lækka verð á tilbúnum áburði.
b. Greiðsla vegna fjármagnskostnaðar.
c. Niðurgreiðsla á vinnsluvörum á markað innanlands til að auðvelda sölu þeirra, t. d. til þarfa iðnaðarins.
d. Beinar greiðslur til bænda, sbr. þingsályktun um beinar greiðslur til bænda, sem samþykkt var á Alþingi fyrir ári.

4. Þar sem á vissum svæðum landsins á sér enn stað eyðing gróðurlendis og Ísland er sérlega vel fallið til grasræktar, skiptir það höfuðmáli að bæta og vernda gróðurfar í byggð og óbyggð. Með hliðsjón af þeirri vitneskju, sem fengist hefur með tilraunum og rannsóknum, ber að hraða úttekt gróðurlendisins svo að unnt verði að ákvarða nýtingu þess og koma í veg fyrir ofbeit þar sem hún kann að eiga sér stað.

Stórátak verði gert til að tryggja heyverkun í landinu með aukinni votheysverkun og súgþurrkun. Jafnframt verði komið á skipulagðri uppbyggingu fóðuriðnaðar, er miði að því að í landinu verði að mestum hluta framleitt það fóður sem þörf er fyrir innanlands.

5. Gert verði öflugt átak í markaðsmálum landbúnaðarins. Þess verði freistað að ná samningum við stjórnvöld í helstu viðskiptalöndum okkar um að fá fellda niður innflutningstolla af íslenskum landbúnaðarafurðum, m. a. í tengslum við aðra viðskiptasamninga.

Gert verði skipulagt átak í að fullvinna innanlands þær landbúnaðarvörur, sem nú eru fluttar óunnar úr landi, t. d. gærur og ull, og auka þannig verðmæti útfluttra landbúnaðarvara stórlega. Skipulag á sölu- og markaðsmálum landbúnaðarins, er lýtur að útflutningi búvara, verði tekið til endurskoðunar m. a. með það fyrir augum að tryggja bændasamtökunum beina aðild að framkvæmd þeirra mála.

6. Lánamál landbúnaðarins verði tekin til endurskoðunar. Þar verði m. a. athugað hvaða áhrif núverandi lánareglur, er fela í sér fulla verðtryggingu, hafa á rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Jafnframt verði kannað að hve miklu leyti Lífeyrissjóður bænda geti fullnægt lánsfjárþörf landbúnaðarins í framtíðinni.

Þá verði tekið til endurmats, m. a. með tilliti til breyttra lánskjara, hvort

ekki sé unnt að fella niður það gjald, sem innheimt hefur verið af búvöruverði og hefur í raun verið varið til lánajöfnunar, eða að öðrum kosti verði því varið til eflingar nýrra verkefna, sbr. 8. lið.

Rekstrar- og afurðalán verði þau sömu og til annarra atvinnuvega og greiðslum hagað skv. ályktun Alþingis frá 22. maí 1979.

7. Til að ná því markmiði að koma á jafnvægi í framleiðslu og eftirspurn (markaði) og til þess að treysta grundvöll nýrra verkefna í landbúnaði, verði rannsóknar- og leiðbeiningastörfum beint að þeim verkefnum. Bændaskólarnir taki upp verklega og bóklega kennslu í nýjum búgreinum í samræmi við niðurstöðu tilrauna- og rannsóknarstarfseminnar.

Hér kemur m. a. til greina hagræðing og einföldun í rekstri búanna, nýting jarðhita, sem æ víðar kemur til nota, fiskrækt í ám og vötnum og önnur hlunnindi, einnig mat á gróðri og uppskeru túna og beitilanda, fjölbreytni í ræktun grænfóðurs, garðávaxta, skjólbelta og skóga, korns og fleiri tegunda, með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna og möguleika. Þá má nefna ný áform í búfjárrækt, svo sem sérræktun ákveðinna eðlisþátta innlendra búfjárkynja, sem miðuðu að verðmætari útflutningi búvara.

Til að treysta þessi áform í framkvæmd er áhersla lögð á að efla rannsóknarstarfsemina og gera tilraunir á tilraunastöðvunum sjálfum svo og á búum bænda í svo ríkum mæli sem nokkur kostur er á.

8. Komið verði á skipulagðri starfsemi og ákveðnu formi varðandi uppbyggingu nýrra búgreina og ræktun nýrra búfjártegunda.

Þar verði m. a. kveðið á um, hvernig haga beri innflutningi á nýjum búfjártegundum, fyrirkomulagi í rekstri og rannsóknum, sölu og vinnslu framleiðsluvara og félagslegum grundvelli þessarar starfsemi.

Stofnuð verði sérstök deild innan Stofnlánadeildar landbúnaðarins til stuðnings við ný verkefni í landbúnaði.

Greinargerð.

Mál þetta er nú flutt í þriðja sinn á Alþingi nánast óbreytt.

Borist hafa umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Framleiðsluráði landbúnaðarins og Landnámi ríkisins. Fela þær í sér stuðning við málið.

Svofelld greinargerð hefur fylgt málinu:

Segja má að stefna í landbúnaðarmálum hafi verið óbreytt í tvo áratugi. Með breytingum á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins árið 1960 var landbúnaðinum tryggður réttur til bóta á útfluttar búvörur, er að upphæð máttu nema allt að 10% af heildarverðmætum landbúnaðarvara. Þessi lögboðna verðtrygging nægði til ársins 1976 en þá hófst sá vandi, sem síðan hefur sífellt vaxið, að óverðtryggðar birgðir búvara hafa aukist ár frá ári. Vöntun útflutningsbóta á þessu tímabili hefur numið:

Verðlagsárið 1976/77	500 millj. kr.
Verðlagsárið 1977/78	1 800 millj. kr.
Verðlagsárið 1978/79	3 487 millj. kr.

Í upphafi verðlagsárs 1979/80 var áætlað að um 7 milljarða skorti til þess að verðbæta alla umframframleiðslu búvaranna. Í reynd mun þessi vöntun nema 5.9 milljörðum króna, sem meðal annars skýrist með þeim hömlum sem settar hafa verið á framleiðslu búvara.

Afleiðing þessarar þróunar er augljós. Birgðir hlaðast upp, framleiðendur fá ekki fullar greiðslur fyrir framleiðslu sína, sem síðar leiðir til ófyrirsjáanlegra erfiðleika í rekstri, er bitna harðast á þeim er verr eru settir.

Afleiðingin verður óhjákvæmilega sú, að einhver hluti bændanna í landinu verður að endurmeta stöðu sína og velja sér viðfangsefni á öðrum sviðum.

Svo að unnt sé að ná fram breytingum í framleiðslumálum landbúnaðarins er nauðsynlegt að leitast við að einangra þær ástæður sem leitt hafa til núverandi ástands.

Bústofn.

Sé litið á tölu mjólkurkúa eins og hún hefur verið tvo síðustu áratugi kemur í ljós að nokkrar sveiflur í mjólkurkúastofninum hafa átt sér stað á milli ára, sem rekja má til breytinga á árferði. Sé hins vegar tekið meðaltal af mjólkurkúastofninum milli tveggja síðustu áratuga kemur í ljós að á árunum 1960—1970 er tala mjólkurkúa að meðaltali 38 900 kýr, en á áratugnum 1970—1980 er sambærileg tala nokkru lægri eða 36 100 kýr.

Þegar samanburður er gerður á tölu sauðfjár á þessu sama árabili kemur í ljós að þótt um fremur smávægilegar breytingar sé að ræða eru þær gagnstæðar því, sem er varðandi mjólkurkúastofninn.

Árin 1960—1970 er árleg meðaltalstala sauðfjár 806 800, en sambærileg tala áranna 1970—1980 er 837 500. Af þessum samanburði má ráða að breytingar í bústofni hafa nánast engin áhrif á umframframleiðslu þessara greina landbúnaðarins. Hins vegar kemur hér fram greinileg viðleitni bændanna í þá átt að fella framleiðslu sína að meiri hagkvæmni í útflutningi með tilliti til verðlags á erlendum mörkuðum.

Framleiðsla búvara.

Í línuriti I kemur fram hverjar breytingar hafa orðið á framleiðsluvörum landbúnaðarins á síðustu tveimur áratugum.

Þar kemur fram að um nokkra aukningu er að ræða. Sé miðað við framleiðsluárið 1969/1970, en þá var landbúnaðarframleiðslan í lágmarki, hefur um nokkuð stöðuga framleiðsluaukningu verið að ræða, sem nú síðustu tvö árin nemur tæpum 30%. Í þessu sambandi er þó vert að geta þess, að þessi ár eru bæði afbrigðileg að því er framleiðslu varðar, þótt ástæðurnar séu ólíkar. Fyrra árið var landbúnaði afar hagstætt að því er allt árferði áhrærði, en hið síðara var illt, það erfiðasta fyrir landbúnaðinn. Af þeirri ástæðu var ásetningur minni en ella hefði verið og þar af leiðandi barst meira kjöt á markað.

Ef hins vegar er gerður samanburður á framleiðslumagni búvara og fólksfjölda kemur í ljós að mjólkurframleiðslan er hin sama á íbúa árið 1979 og hún var árið 1960 (sjá töflu VI í fylgiskjali II).

Kjarnfóður.

Að höfðu samráði við þáverandi samgönguráðherra veitti samgönguráðuneytið Póst- og símamálastofnuninni hinn 16. febrúar 1979 heimild til að taka tilboði erlends fyrirtækis um sölu á **skrefatalningartækjum** fyrir Reykjavíkursvæðið án þess að það skilyrði væri sett í heimildarbréfi ráðuneytisins að pöntunin, sem gerð var hinn 1. mars 1979, skyldi gerð með fyrirvara um fjárveitingu Alþingis. Í fjárlögum fyrir árið 1980, sem voru ekki samþykkt fyrr en 9. apríl 1980, var veitt 1 milljón króna (100 milljónir gamalla króna) til liðarins „Karlssontalning" sem birtur var í sérstöku yfirliti um almenna fjárfestingu Pósts og síma, undir fyrirsögninni sjálfvirkar símstöðvar („Karlssontalning á 91-svæðinu" í sundurliðun). Verður ekki séð að við afgreiðslu fjárlaganna hafi verið vakin sérstök athygli fjárveitinganefndar né þingmanna almennt á því, að hér væri um að ræða kostnað vegna tækjakaupa til mælingar innanbæjarsímtala á höfuðborgarsvæðinu. Af ofangreindri upphæð var innan við helmingur eða minna en ½ milljón króna vegna tækjakaupa (vorið 1980). „Aðflutningsgjöld af nýju gjaldheimtukerfi fyrir innanbæjarsímtöl á höfuðborgarsvæðinu", sem námu hærri fjárhæð en tækin, hefur fjárveitinganefnd ekki fallist á að heimila ráðherra að endurgreiða.

Horfið var að því ráði að **smíða hluta tækjabúnaðar hér á landi.** Vinna að uppsetningu tækja og skyldum undirbúningi hefur staðið nokkuð lengi. Samkvæmt nýjustu upplýsingum er fyrirhugað að skrefatalningin verði að öllum líkindum tekin upp hinn **1. nóvember 1981.** M. a. vegna fyrirspurna og gagnrýni þingmanna hafa **áform** samgönguráðherra og Póst- og símamálastofnunarinnar **um framkvæmd skrefatalningarinnar,** sem verið hafa mjög á reiki, tekið ýmsum breytingum:

1) Tímamæling á þannig ekki einungis að ná til innanbæjarsímtala á Reykjavíkursvæðinu, heldur til símtala í öllum bæjum og byggðakjörnum landsins er hafa sjálfvirkan síma. Tekur skrefagjaldið því strax til um 90 sjálfvirkra símstöðva um allt land eða um **96% símanúmera.** Samkvæmt lögum um lagningu sjálfvirks síma, nr. 32 frá 26. maí 1981, er stefnt að því, að allir símnotendur verði með sjálfvirka síma í síðasta lagi 1. janúar 1987 þannig að þá ætti gjaldið að ná til allra símnotenda á landinu í nágrennissímtölum. 2) Ekki er lengur nefnd 3 mínútna skreflengd á daginn og 6 mínútna skreflengd á kvöldin, næturnar og hluta helganna, heldur hefur verið ákveðin 6 mínútna skreflengd frá kl. 8—19 á daginn mánudaga — föstudaga og kl. 8—15 laugardaga, en hins vegar engin tímatakmörkun eins og verið hefur frá kl. 19 að kvöldi til kl. 8 að morgni virka daga og frá kl. 15 á laugardögum til

kl. 8 á mánudögum. 3) Ekki er lengur á dagskrá að lengja aðeins langlínuskref í 2. og 4. gjaldflokki, sem hefði m. a. komið illa niður á Vestmanneyingum vegna þess að langlínusímtöl þeirra til Reykjavíkur eru í 3. gjaldflokki, heldur er nú fyrirhugað að lengja langlínuskref í 2., 3. og 4. gjaldflokki. Slíkt leiðir þó ekki enn til jafnhagstæðrar niðurstöðu fyrir Vestmanneyingana og hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa.

Til hægðarauka fylgir hér **upptalning í stafrófsröð á bæjum og byggðakjörnum þeim sem fyrirhugað er að leggja skrefagjaldið á nú:**

Akranes, Akureyri, Aratunga, Árnes, Árskógur, Bíldudalur, Blönduós, Bólstaðarhlíð, Bolungarvík, Borgarnes, Borgarfjörður (eystri), Brautarholt, Breiðamýri, Breiðdalsvík, Brú, Búðardalur, Búrfell, Dalvík, Djúpivogur, Egilsstaðir, Eiðar, Eskifjörður, Eyrarbakki, Fáskrúðsfjörður, Flateyri, Fljótin, Flúðir, Garðabær, Garður, Grenivík, Grímsey, Grindavík, Grundarfjörður, Hafnarfjörður, Hafnir, Hamar, Hella, Hellissandur, Hjalteyri, Hofsós, Hólmavík, Hrafnagil, Hrísey, Húsavík, Hvammstangi, Hvalfjörður, Hvanneyri, Hveragerði, Hvolsvöllur, Höfn, Ísafjörður. Keflavík, Kirkjubæjarklaustur, Kópasker, Kópavogur, Lambhagi, Laugaland, Laugarbakki, Laugarvatn, Minni-Borg, Mosfellssveit (Varmá), Neskaupstaður, Njarðvík, Ólafsfjörður, Ólafsvík, Patreksfjörður, Raufarhöfn, Rein, Reyðarfjörður, Reykir, Reykjahlíð, Reykjavík, Sandgerði, Sauðárkrókur, Selfoss, Seltjarnarnes, Seyðisfjörður, Siglufjörður, Skagaströnd, Sog (Ásgarður), Staðarhóll, Stokkseyri, Stykkishólmur, Stöðvarfjörður, Súðavík, Suðureyri, Tálknafjörður, Varmahlíð, Vestmannaeyjar, Víðigerði, Vík, Vogar, Vopnafjörður, Þingeyri, Þorlákshöfn, Þórshöfn og væntanlega Þykkvibær.

Í sambandi við upptalningu þessa er rétt að taka fram að ýmis **bændabýli** í nágrenni ofangreindra bæja og byggðakjarna eru nú þegar komin með sjálfvirkan síma og þurfa bændurnir því að fara að greiða fyrir símtöl við næstu nágranna sína eftir tímamælingu strax við tilkomu skrefagjaldsins.

Af hálfu forráðamanna Póst- og símamálastofnunarinnar hefur m. a. verið bent á eftirtalin **rök** sem mæli **með notkun tímamælingar** innanbæjarsímtala: 1) Réttlátt er að greiða notkun samkvæmt notkunartíma. 2) Skrefatalningin leiðir til meiri jafnaðar gjalda milli höfuðborgarsvæðisins og dreifbýlisins en samkvæmt núgildandi kerfi. 3) Skrefatalningin leiðir til réttlátari gjaldtöku fyrir tal og flutning á myndum, gögnum fyrir tölvur o. fl. þess háttar (teletex, viewdata o. fl.). 4) Skrefatalningin bætir nýtingu símakerfisins með því að stytta og fækka einkasímtölum virka daga og fjölga og lengja þau á kvöldin eftir kl. 19 og um helgar. Á þennan hátt dreifist álag símstöðvanna á lengri tíma.

Andstaða hefur verið **gegn áformum um skrefagjald** frá fyrstu tíð, m. a. í hópi fremstu sérfræðinga í símamálum. Hefur óánægjan komið fram í margs konar formi í ræðu og riti og farið vaxandi, þótt reynt hafi verið að sníða ýmsa vankanta af fyrirhugaðri framkvæmd skrefatalningarinnar. Hefur engu breytt þótt tækin væru þegar keypt, enda er verð þeirra lágt á þjóðhagsmælikvarða. M. a. má nefna að almennur borgarafundur á Hótel Sögu samþykkti hinn 7. mars 1981 mótmæli gegn skrefatalningaráformunum, um 12 000 íbúar á höfuðborgarsvæðinu lýstu ugg sínum um sama leyti og Bandalag kvenna í Reykjavík lét einnig til sín taka þá og var téðum erindum komið á framfæri við Alþingi. Sérstökum áhyggjum hefur verið lýst varðandi áhrif skrefagjalds á hagi aldraðra, öryrkja og annarra sem eru öðrum bundnari heimili sínu.

Af hálfu þeirra, sem **andmæla skrefagjaldinu,** hafa m. a. verið borin fram eftirfarandi **rök:** 1) Skrefatalningin sviptir Íslendinga því frelsi sem þeir hafa nú til að tala óhindrað við fólk í nágrenni sínu í samræmi við hinar margvíslegustu þarfir, sem það er best dómbært um sjálft, og skerðir málfrelsi allra á óeðlilegan hátt þar eð ná má sömu jöfnun símkostnaðar með hefðbundnum gjaldskrárbreytingarleiðum. 2) Ná má sama jöfnuði og stefnt er að með skrefatalningunni með hefðbundinni hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa (þó ekki á kostnað langlínunotenda). Póst- og símamálastofnunin hefur fyrst nú fyrir skömmu viljað

viðurkenna þetta opinberlega og hefur reiknað að hækkunin á umframskrefunum þurfi að vera 35%. Markar viðurkenningin alger þáttaskil í skrefagjaldsmálinu. Þetta yrði föst hækkun sem vitað er fyrir fram hvað gefur. Í skrefatalningunni er hins vegar byggt á þeirri áætlun — eða nánast ágiskun — að umframskrefunum fjölgi um 35%. Miðað við símnotkun 1979 hækkar reikningur meðalsímnotanda á Reykjavíkursvæðinu samkvæmt útreikningum andstæðinga skrefatalningarinnar um 6,5%, en lækkar utan svæðisins um 9,4%, hvor leiðin sem farin er, en þó er verðhækkunarleiðin nokkru hagstæðari fyrir Vestmanneyinga og væntanlega fleiri aðila sem hringja mikið í 3. gjaldflokki til Reykjavíkur. Vísitalan hækkar jafnmikið með báðum aðferðum samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. 3) Þorri vestrænna þjóða, sem allar eru fjölmennari og flestar tækniþróaðri en við, hafa leyst vandamál varðandi gjaldtöku vegna annarrar notkunar símaþjónustu en til símtala, svo sem gagnasendinga til og frá tölvum, án þess að leggja skrefagjald á almenna símnotendur. Bandaríkjamenn eru dæmi þar um. Tölvuskrásetningu ætti að vera unnt að koma við. 4) Póst- og símamálastofnuninni ætti að vera treystandi til að leysa úr staðbundnum eða tímabundnum álagsvandamálum án tímamælingar nágrennissímtala eins og hingað til og á sama hátt og þorri vestrænna þjóða. Stofnunin hefur ekki getað nafngreint nema 15 ríki — innan við tíunda hluta aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna — þar af 8 eða einungis þriðjung vestrænna ríkja (miðað við könnun erlends fyrirtækis þar sem 56 ríki svöruðu spurningum þar að lútandi). Þá má nefna hér að fyrrverandi umdæmisverkfræðingur Póst- og símamálastofnunarinnar í Reykjavík hefur ekki talið tölvunotkunar- og álagsröksemdir stofnunarinnar fullnægjandi og bendir á hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa samhliða lengingu langlínuskrefa sem heppilegustu lausnina.

Ályktun Alþingis frá 19. maí 1981, þar sem ríkisstjórninni er falið að láta kanna hvort unnt sé að koma við svonefndum **„frínúmerakerfum“** síma hjá þeim opinberu stofnunum sem allur almenningur þarf að hafa mikil samskipti við — enda liggi niðurstöður fyrir á þessu hausti, þarf ekki að girða fyrir könnun þá sem tillaga er gerð um í þingsályktunartillögu þessari. Eðlilegt þykir að spurningarform og upplýsingar á könnunareyðublaðinu verði unnin í samráði við **Neytendasamtökin** og send út með símreikningum. Geta símnotendur þá á lýðræðislegan hátt látið í ljós afstöðu sína til máls er skiptir þá miklu.

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um rannsókn á orsökum minnkandi laxagengdar í ár á Austurlandi.

Flm.: Guðmundur Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka orsakir minnkandi laxagengdar í ár á Austurlandi eftir 1978. Leitað verði samstarfs við Færeyinga og aðrar þjóðir um rannsókn þessa.

Greinargerð.

Samkvæmt veiðiskýrslum er ljóst að átt hefur sér stað gífurleg minnkun laxveiða hér á landi undanfarin þrjú ár. Í skýrslum Veiðimálastofnunar kemur fram að meðalveiði eftirtalinna ára var þessi:

1946—1950	17 373	laxar
1951—1955	19 604	—
1956—1960	26 913	—
1961—1965	36 234	—
1966—1970	40 208	—
1971—1975	64 135	—

Veiði næstu ára var sem hér segir:

1976	59 633	laxar
1977	64 575	—
1978	80 578	—
1979	64 228	—
1980	52 137	—

Á árinu 1981 er áætlað að veiðin verði um 45 000 laxar. Þannig er ljóst að um verulega minnkun veiða er að ræða frá 1978.

Veiðihlutfall eftir kjördæmum 1978 til 1980 var þannig:

	1978		1979		1980	
	laxar	%	laxar	%	laxar	%
Reykjaneskjördæmi	5 533	6,9	5 329	8,3	5 025	9,6
Vesturlandskjördæmi	29 174	36,2	25 347	39,4	17 237	33,0
Vestfjarðakjördæmi	1 911	2,4	2 294	3,6	1 557	3,0
Norðurlandskjörd. v.	12 462	15,5	10 540	16,4	8 062	15,5
Norðurlandskjörd. e.	7 234	8,9	5 561	8,7	5 306	10,2
Austurlandskjördæmi	4 041	5,0	2 159	3,4	1 718	3,3
Suðurlandskjördæmi	20 223	25,1	12 998	20,2	13 232	25,4
Samtals	80 578		64 228		52 137	

Af töflu þessari má m. a. ráða að veðurfarsáhrif ársins 1979 hafi leitt til hinnar almennu minnkunar laxveiða á landinu í heild. En þó virðist sú skýring ekki fullnægjandi. Austurland sker sig úr þegar litið er á hlutfall kjördæma í heildarveiðinni. Á því þarf að leita frekari skýringa.

Auknar laxveiðar í hafinu umhverfis Færeyjar undanfarin ár gefa tilefni til ótta um áhrif á nefnda þróun hér á landi.

Veiðar Dana og Færeyinga við Færeyjar frá 1976 hafa verið þessar mælt í tonnum:

	Danir	Færeyingar	Samtals
1976	0	40	40
1977	0	40	40
1978	14	37	51
1979	75	119	194
1980	150	568	718

Áætlaðar veiðar þessara þjóða 1981 eru um 1000 tonn. Gera má ráð fyrir að um 250 til 260 fiskar séu í hverju tonni. Er því heildarveiði Dana og Færeyinga við Færeyjar nálægt sex sinnum meiri en veiði Íslendinga 1981 og hefur um tuttugufaldast frá 1978.

Á síðustu árum hefur mönnum á Íslandi orðið æ ljósari nauðsyn aukinnar fjölbreytni í landbúnaði. Hefur áhugi á fiskirækt og efnahagslegt gildi laxveiða farið vaxandi. Er því knýjandi að leita skýringar á minnkandi afrakstri laxveiða undanfarin ár og leita úrræða til bóta.

Ed. 37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Söluskattsskyldir aðilar og aðrir, sem tilgreindir eru á söluskattsskrá, skulu ótilkvaddir greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, söluskatt þann, sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Greiðslum skal fylgja skýrsla, á þar til gerðum eyðublöðum, um heildarveltu fyrir síðasta mánuð, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, söluskattsskylda veltu og söluskatt þann, sem inna ber af hendi.

Söluskattsskýrslu með upplýsingum um heildarveltu og frádrátt ber einnig að skila innheimtumanni fyrir hvert uppgjörstímabil, þótt ekki hafi verið um söluskattsskylda veltu að ræða. Innheimtumenn skulu veita skýrslu viðtöku, þótt eigi fylgi greiðsla.

Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, skal, eftir nánari ákvörðun skattstjóra, láta í té sérstaka söluskattsskýrslu fyrir hverja þeirra. Skattstjóri getur ákveðið, að aðili, sem rekur starfsemi á fleiri en einum stað, skuli láta í té sérstaka skýrslu fyrir hvern starfsstað.

Söluskatti ásamt söluskattsskýrslu skal skila fyrir hvern mánuð. Gjalddagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag, færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

Skattstjóri getur heimilað þeim, sem hafa smávægilegan rekstur með höndum, að greiða söluskatt við framvísun söluskattsskýrslu einu sinni á ári, enda sé árleg söluskattsskyld velta yfirleitt minni en 10 000 kr.

Skattstjóri skal rannsaka söluskattsskýrslu og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt tilgreindur. Einnig skal skattstjóri áætla söluskatt af viðskiptum þeirra, sem ekki hafa skilað fullnægjandi söluskattsskýrslu innan tilskilins tíma.

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi gert fullnægjandi skil á eindaga, skal hann sæta álagi skv. 21. gr. auk þess sem hann getur sætt viðurlögum skv. 25. gr.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum eða álagi skv. 21. gr., á tilskildum tíma, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Í stað orðsins „ríkisskattstjóra“ í 1. og 2. málsl. 4. mgr. 15. gr. laganna, með áorðnum breytingum, komi: skattrannsóknarstjóra.

3. gr.

1. Á 21. gr. laganna, með áorðnum breytingum, verði eftirtaldar breytingar:
   1. málsliður 1. málsgreinar greinarinnar orðist svo: Sé söluskattur ekki greiddur á tilskildum tíma, skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt söluskattsskýrslu, eða til viðbótar þeim söluskatti, sem honum bar að standa skil á, sbr. 10. gr.
2. Í stað orðsins „viðurlög“ í 2., 3., 4., 5. og 6. mgr. greinarinnar komi: álag.
3. Í stað orðanna „fyrir dómstólum“ í 8. mgr. greinarinnar komi: hjá rannsóknarlögreglu ríkisins.

4. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Skýri söluskattsskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því, er máli skiptir um söluskatt hans, eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma söluskattsskýrslu eða þann söluskatt, sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta, skal hann auk ógreidds söluskatts greiða sekt allt að tífaldri þeirri fjárhæð, sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Álag skv. 1. tl. 2. mgr. 21. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína eftir 2. og 4. mgr. 11. gr., misnotar skírteini það, sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr., vanrækir þá skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru skv. 28. gr., vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju, er varðar söluskattsskýrslu hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, skal hann sæta sektum allt að 50 000 kr., enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Verði brot á 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús, skal greiða úr búinu sekt, er nemi allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð, sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir, má gera búinu sekt allt að 25 000 kr.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi söluskattsskýrslur annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 15. gr., skal greiða sekt allt að 100 000 kr. Sömu sekt skal sá sæta, sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum, má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti, má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, og varða slík brot sektum allt að 100 000 kr., nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

5. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 25. gr., nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni, þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir ríkisskattanefndar um sektir eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfdáðum svo og eftir ósk sökunautar, ef hann vill eigi hlíta því, að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanefnd.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatta eftir lögunum, þar á meðal um lögtaksrétt. Einnig má beita ákvæðum 8. mgr. 12. gr. við innheimtu þeirra.

Sök skv. 25. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

6. gr.

Á eftir 26. gr. laganna bætist ný grein er verði 27. gr. þeirra og orðist svo:

Skattstjórar skulu árlega semja og leggja fram söluskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina ákvarðaðan söluskatt hvers söluskattsskylds aðila. Söluskattsskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar söluskattsskrá liggur frammi.

7. gr.

1. og 2. mgr. 27. gr. laganna, er verði 28. gr. þeirra, orðist svo:

Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald fyrir alla söluskattsskylda aðila, skráningu í bókhald, á reikninga, strimla, staðgreiðslusölulista og önnur gögn til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, færslu þeirra og geymslu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sumarið 1980 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að gera tillögur um bætta innheimtu söluskatts. Í skipunarbréfi var nefndinni falið að leita leiða til að tryggja sem best skil söluskatts í ríkissjóð. Nefndinni var m. a. falið að endurskoða ákvæði um dráttarvexti og viðurlög við skattundandrætti og kanna önnur þau atriði er horft gætu til að auðvelda eftirlit með söluskattsskilum.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Árni Kolbeinsson, Garðar Sigurðsson, Garðar Valdimarsson, Geir Geirsson, Jón Hallsson og Jónas Gunnarsson. Var Árni Kolbeinsson skipaður formaður nefndarinnar. Með bréfi dags. 7. júlí 1980 var Skúli Alexandersson skipaður í nefndina í stað Garðars Sigurðssonar er beðist hafði undan störfum í nefndinni.

Nefndin skilaði áliti sínu í mars s. l.

Frumvarpið er að meginstefnu til byggt á tillögum nefndarinnar. Þykir mega vísa til álits hennar um almennar skýringar á þeim breytingum sem hér eru gerðar tillögur um en þar segir m. a.:

„Núgildandi viðurlaga- og refsiákvæði eru að stofni til frá árinu 1974. Er þar annars vegar um að ræða ákvæði 21. gr. laganna sem kveða á um sjálfvirk viðurlög, án sakar, við drætti á söluskattsskilum og skýrslugjöf. Eru þessi viðurlög nokkurs konar samblanda af dráttarvöxtum og refsikenndum viðurlögum. Nefndin telur að þessi ákvæði hafi að meginstefnu reynst vel og gerir því ekki tillögur til róttækra breytinga á þeim. Hins vegar er um að ræða ákvæði 25. og 26. gr. um eiginlegar

refsingar ákveðnar af skattsektanefnd (nú ríkisskattanefnd) eða dómstólunum. Nefndin telur þessum ákvæðum að ýmsu leyti áfátt, t. d. gætir óeðlilegs misræmis milli ákvæða 25. gr. og 26. gr., og einnig sé nauðsynlegt að samræma þessi ákvæði samsvarandi ákvæðum í XII. kafla nýju tekjuskattslaganna. Í því sambandi leitaði nefndin aðstoðar Jónatans Þórmundssonar, prófessors í refsirétti við Háskóla Íslands.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar eru ákvæði 25. og 26. gr. gildandi söluskattslaga sameinuð í eitt samræmt ákvæði. Eftir ákvæðinu er þá að áliti nefndarinnar enn betur tryggt en í núgildandi lögum að heimilt sé að beita refsingum, fésektum og refsivist við ýmsum brotum á lögunum, óháð því hvort álagi verður við komið. Hefur nefndin þar sérstaklega haft í huga að ótvírætt verði að dráttur söluskattsskila milli mánaða, innan ársins, geti varðað slíkum refsingum auk venjulegs álags. Þá eru huglæg skilyrði refsiábyrgðar færð til samræmis við samsvarandi ákvæði tekjuskattslaga. Þá eru sektarmörk við brotum á bókhaldsákvæðum söluskattslaga og reglugerða hækkuð úr 100 000 gömlum krónum í 5 000 000 gamlar krónur eða 50 000 nýjar krónur. Þá er lagt til að álag það sem fellur á vanskilafjárhæð á fyrstu 5 dögum eftir eindaga, eða samtals 20%, komi til frádráttar sektarfjárhæð. Önnur ákvæði er lúta að breytingum á refsiákvæðum og ákvæðum um málsmeðferð eru skv. tillögum nefndarinnar færð til samræmis við tekjuskattslög.

Að auki telur nefndin að ýmis ákvæði um mikilvæga þætti söluskattsinnheimtu sem nú er í reglugerð séu þess eðlis að þau eigi betur heima í lögum. Ekki felast þó í tillögu nefndarinnar að þessu leyti neinar efnisbreytingar frá gildandi ákvæðum.

Þá telur nefndin rétt að upp í söluskattslög verði tekin bein ákvæði um árlega framlagningu söluskattsskrár, hliðstæð ákvæðum tekjuskattslaga um framlagningu skattskrár.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrstu fimm málsgreinarnar eru efnislega samhljóða ákvæðum 27., 29., 30. og 31. gr. reglugerðar nr. 169/1970 um söluskatt með áorðnum breytingum. Að öðru leyti er greinin að mestu samhljóða núgildandi 12. gr. laganna utan þess að orðinu viðurlög er breytt í álag, sbr. athugasemd við 3. gr.

Um 2. gr.

Sbr. breytingar í 5. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Í 1. tl. er 21. gr. tengd 10. gr. með tryggari hætti en verið hefur.

2. tl.: Refsiskattur sá, sem í 21. gr. gildandi laga er nefndur viðurlög, er hér nefndur álag til samræmis við 106. gr. laga nr. 75/1981. Heppilegra er að nota heitið viðurlög sem heildarheiti um hvort tveggja, álag og refsingar (sektir og refsivist).

3. tl.: Rannsókn á vegum rannsóknardeildar ríkisskattstjóraembættisins telst m. a. hafin við skoðun á gögnum skattaðila eða við framlagða beiðni um afhendingu þeirra, sbr. 15. gr. laganna. Hér kemur og rannsóknarlögregla ríkisins í stað dómstóla, sbr. nánar í athugasemd við 5. gr.

Um 4. gr.

Sameinuð eru ákvæði 25. og 26. gr. gildandi laga í eitt samræmt ákvæði. Eftir ákvæðinu er lögmælt að beita refsingum, fésektum og refsivist við ýmsum brotum á lögunum, óháð því hvort álagi verður við komið. Ákvæðið er orðað með tilliti til þess að í lögin komi ákvæði um skilafresti og fleiri atriði, svo að glögg lagastoð liggi til grundvallar refsiábyrgð vegna óheimillar frestunar á söluskattsskilum milli tímabila.

1. mgr. ákvæðisins svarar til 2. mgr. 25. gr. og 1. málsl. 1. mgr. 26. gr. gildandi laga. Tilgreind eru saknæmisskilyrði í samræmi við 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981. Í gildandi lögum er ekki vikið að þessu atriði í 25. og 26. gr., og verður því að skýra ákvæðin svo með gagnályktun frá 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að hvers konar gáleysi nægi auk ásetnings. Á móti þeirri takmörkun gáleysisábyrgðar, sem í þessu felst, kemur það hins vegar, að bætt er við orðinu „villandi“ í verknaðarlýsingu ákvæðisins. Rétt þykir að álag skv. 21. gr. laganna, að undanteknu dráttarvaxtaálagi, dragist frá sektarfjárhæð. Er það og í samræmi við 1. mgr. i. f. 107. gr. laga nr. 75/1981.

2. mgr. svarar til 1. mgr. 25. gr. gildandi laga. Bætt er við ákvæði um ranga eða villandi skýrslugjöf, sem hefur ekki áhrif á skattskyldu eða skattgreiðslur, sbr. 2. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981. Ekki þykir þörf á að nefna hér rangfærslu bókhalds, sjá 158. og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Óþarft er að taka fram að álag komi til frádráttar í þessum tilvikum, þar sem hér er yfirleitt um formbrot að ræða sem gefa ekki tilefni til álags.

3. mgr., sem kemur í stað 3. mgr. 25. gr. gildandi laga, er breytt á tvo vegu. Annars vegar má miða sekt við allt að fjórföldun, þegar um undandrátt er að ræða. Hins vegar er ný sektarheimild, ef atvik þau, sem lýst er í 2. mgr., koma fram við skipti dánarbús. Að sjálfsögðu gildir hér regla 1. mgr. um frádrátt álags.

4. mgr. felur í sér nýtt ákvæði um hlutdeildarbrot hliðstætt ákvæði 4. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981. Sem dæmi má nefna ranga skýrslu vitnis við rannsókn ætlaðs söluskattsbrots. Heppilegra þykir að hafa ákveðið sektarhámark í stað þeirrar reglu, sem notuð er í 107. gr. laga nr. 75/1981.

5. mgr. svarar til 6. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 26. gr. gildandi laga.

6. mgr. samsvarar síðari málslið 1. mgr. 26. gr. gildandi laga.

7. mgr. er að mestu nýmæli hliðstætt 7. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, sjá þó 2. mgr. 26. gr. gildandi laga um hlutdeild.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta kemur í stað 4. og 5. mgr. 25. gr. gildandi laga um fyrningu og meðferð skattsektarefndar, sbr. 6. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 26. gr. gildandi laga. Lagt er til, að settar séu sambærilegar reglur um málsmeðferð og sakarfyrningu og nú gilda í 108. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981.

Fyrningarákvæði 5. mgr. er notað með hliðsjón af 4. mgr. 25. gr. gildandi laga og 6. mgr. 108. gr. laga nr. 75/1981. Ákvæði frumvarpsins er nokkru ítarlegra. Tekið er fram, að miðað sé við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra, rannsóknarlögreglustjóra eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut. Skattaðili er skýrlega fyrir sökum hafður vegna tiltekins brots. Felst slíkt yfirleitt í bókunum í rannsókn máls. Að sjálfsögðu ber að gæta ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 við slíka rannsókn. Þess skal þó getið, að rannsókn getur hafist gegn manni sem sökunaut, þótt hann sé ekki nærstaddur og komi ekki persónulega fyrir rannsóknaraðila. Athygli er á því vakin að hér eru gerðar ríkari kröfur til slita á fyrningu en gerðar eru til slita á fyrningu heimildar til endurreiknings skattkröfu, sbr. 21. gr. laganna, en þar eru m. a. ekki gerðar kröfur um að rannsókn fari fram hjá löglærðum fulltrúa eða aðila sé gefin réttarstaða sakbornings.

Um 6. gr.

Lagt er til að tekið verði upp í söluskattslög beint ákvæði um framlagningu söluskattsskrár, hliðstætt ákvæði 2. mgr. 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 7. og 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um fangelsismál.

Flm.: Helgi Seljan, Guðmundur J. Guðmundsson, Baldur Óskarsson.

Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna nefnd til að gera heildarúttekt á fengelsismálum. Nefndin skal í kjölfar þeirrar úttektar skila áliti um þær úrbætur í fangelsismálum, sem henni þykja knýjandi, svo og áætlun um framtíðarskipan þessara mála.

Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum skv. tilnefningum þingflokka, tveim fulltrúum frá félagssamtökunum Vernd og einum fulltrúa dómsmálaráðuneytisins.

Dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna. Nefndin skal skila áliti fyrir þingbyrjun 1982.

Greinargerð.

Fangelsismál okkar hafa mjög verið í sviðsljósi að undanförnu og mikið um þau rætt og ritað.

Hér er um viðkvæman og vandmeðfarinn málaflokk að ræða þar sem oft vill verða skammt öfga á milli.

Það fer hins vegar naumast milli mála að hreinskilin og opinská umræða hlýtur að vera af hinu góða og Alþingi hlýtur að vera sjálfsagður vettvangur slíkrar umræðu.

Þegar menntunarmál fangavarða komu til umræðu á Alþingi í fyrra hlutu fangelsismál almennt að verða fyrirferðarmest í umræðunni og þar kom margt athyglisvert fram í máli manna.

Fyrirspurn frá Salome Þorkelsdóttur um tiltekna þætti fangelsismála fékk ekki neina umræðu, en skriflegt svar ráðherra barst við fyrirspurninni.

Í umræðum undangenginna þinga um geðheilbrigðismál hefur málefni geðsjúkra afbrotamanna mjög borið á góma, en þar er á ferðinni eitt stærsta vandamál í fangelsismálum okkar.

En heildarumræða um alla þætti fangelsismála, vandamálin þar og framkvæmd yfirleitt, hefur ekki farið fram á þingi og hafa þó oft gefist til þess ástæður.

Nú í sumar hefur séra Jón Bjarman fangaprestur vakið verðskuldaða athygli á fjölmörgu í fangelsismálum okkar, og munu flutningsmenn þessarar tillögu leita liðsinnis hans er málið kemur til umfjöllunar Alþingis.

Í kjölfar þess, sem séra Jón Bjarman hefur látið frá sér fara, hafa svo birst viðtöl og greinar um þessi mál sem vekja ekki síður fjölmargar spurningar sem ósvarað er að miklu eða öllu leyti.

Skemmst er að minnast viðtalsbókarinnar við Sævar Ciesielski: Stattu þig drengur, sem er þess eðlis, að löggjafinn, Alþingi, hlýtur að leggja að eyru og fá svör við ýmsum þeim spurningum sem vakna við lestur þeirrar bókar. En til þess að Alþingi geti um málið fjallað heildstætt og vegið og metið allar aðstæður er óhjákvæmilegt að fram fari hlutlaus úttekt á fangelsismálum okkar og stöðu þeirra í dag.

Fullyrðingar allar er hollast að spara, en engum dylst þó að í svo vandmeðförnum málaflokki getur vart hjá því farið, að ýmislegt sé öðruvísi en vera ætti. Þar geta komið til mannleg mistök, einstrengingsháttur og jafnvel mannúðarskortur gagnvart því ógæfufólki sem oft á sér fáa formælendur, ef nokkra. Hvergi er í raun meiri hætta á valdníðslu en einmitt

gagnvart þessu fólki og úr því verður að fást skorið óyggjandi, að slíkt eigi sér ekki stað, og ef svo er, að gripið sé þá til harkalegra gagnráðstafana.

Í greinargerð með tillögu þessari, sem að meginefni er fólgin í skjótri úttekt á ástandi þessara mála, hæfir ekki að fjalla um einstök atriði.

Í ljósi þeirrar úttektar, sem lögð verður fyrir Alþingi, munu svo fram fara enn frekari umræður og í væntanlegum tillögum um frekari úrbætur gefst svo enn færi á því að fjalla um þessi mál. En þögn um þau inni á Alþingi í ljósi þess, sem um málin hefur verið rætt og ritað, er af hinu illa, vekur enn frekari tortryggni og grunsemdir og er í raun ekki réttlætanleg.

Sú spurning leitar mjög á flutningsmenn, hvort fangelsunum sé ekki beitt um of með tilliti til þeirra áhrifa sem slík frelsissvipting hefur í för með sér. Nefndinni er því nauðsyn að kanna rækilega hvort önnur viðurlög en fangelsun eigi ekki í mörgum tilfellum meiri rétt á sér.

Fá mál eiga meiri heimtingu á raunsærri skoðun, hreinskilnum umræðum, og í framhaldi af þeim og nauðsynlegu starfi nefndar, sem gerði úttekt og tillögur til Alþingis, yrði þá af mikilli alvöru snúið sér að því að gera þær umbætur sem knýjandi teldust.

Þetta ógæfufólk á þar ótvíræðan rétt og rétti þess má löggjafinn aldrei gleyma, heldur gæta hans sem best.

Flutningsmenn munu gera nánari grein fyrir málinu í framsögu og umræðum og koma þar að ýmsu því sem ekki þykir að svo stöddu rétt að fara inn á í greinargerð.

Sþ. 39. Fyrirspurnir. [39. mál]

I. Til samgönguráðherra um áætlun vegna lagningar sjálfvirks síma.

Frá Helga Seljan.

Hvað líður áætlun um lagningu sjálfvirks síma skv. 1. gr. laga nr. 32 26. maí 1981?

II. Til menntamálaráðherra um styttingu á forustugreinum dagblaða í Ríkisútvarpi og greiðslu þar fyrir.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

a) Hvað greiða skattgreiðendur mikið fyrir þá styttingu á forustugreinum dagblaða sem fram fer í Ríkisútvarpinu?
b) Hvers vegna eru ekki blöðin sjálf látin sjá um þetta verk?

III. Til félagsmálaráðherra um væntanlegt frumvarp til laga um umhverfismál.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

Hvað líður störfum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði í júlí s. l. til að semja frumvarp til laga um umhverfismál?

Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga.

Flm.: Alexander Stefánsson, Jóhann Einvarðsson, Níels Á. Lund,
Stefán Valgeirsson, Guðmundur Gíslason, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar nefnd til að gera breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978, með því að setja í lögin skýr ákvæði um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga.

Enn fremur að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um greiðslu kostnaðar við sjúkraflutninga og ferðakostnað sjúklinga, þau verði einfölduð og gerð aðgengilegri og aðstöðumunur sjúklinga í sambandi við kostnað sjúkraflutninga verði jafnaður.

Greinargerð.

Núgildandi lög gera engan aðila í landinu ábyrgan fyrir sjúkraflutningum eða skipulagi þeirra. Sjúkrabifreiðar eru ýmist í eigu sveitarfélaga, sýslufélaga eða félagasamtaka. Rauði krossinn á nú stóran hluta sjúkrabifreiða í landinu og hefur sýnt lofsvert framtak í þessum málum, en til eru læknishéruð sem eiga enga sjúkrabifreið. Rekstri þessara bifreiða er hagað með ýmsu móti. Jafnvel eru dæmi þess, að slíkar bifreiðar eru í geymslu ónotaðar þar sem enginn ábyrgur aðili vill sjá um rekstur þeirra. Einkum eru laun ökumanna erfitt vandamál, en víða greiða sveitarfélög þessi laun.

Ekkert heildarskipulag er til um framkvæmd sjúkraflutninga nema helst í Reykjavík þar sem slökkviliðið sér um slíka flutninga. Á þessu þarf að verða breyting. Að mati flutningsmanna er eðlilegt að um þetta séu sett skýr ákvæði í lög um heilbrigðisþjónustu þar sem ákveðið sé hver eigi að vera ábyrgur fyrir sjúkraflutningum.

Þá er ljóst að þegnar landsins búa við alvarlegt misrétti þar sem þeir, sem búa langt frá sjúkrahúsum, þurfa við núgildandi reglur að greiða óeðlilega háan kostnað vegna sjúkraflutninga. Þessu þarf að breyta. Ákvæði almannatrygginga eru óréttlát og flókin hvað þetta varðar. Er því nauðsynlegt að þetta ákvæði laganna verði endurskoðað með jöfnun kostnaðar í huga og reglurnar gerðar aðgengilegri.

Í 43. gr. almannatryggingalaga eru eftirtalin atriði varðandi sjúkraflutninga:

„i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands skal greiða að 3/4 hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sé fylgd nauðsynleg greiðast 3/4 af fargjaldi fylgdarmanns, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.

j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum, sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, fyrir sjúklinga, sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, með eða án innlagningar.“

Þessi ákvæði laganna eru háð þeim reglum er tryggingaráð eða Tryggingastofnun setur um framkvæmdina, sem er í mörgum tilfellum flókin og tekur ekki nægjanlegt tillit til aðstæðna sjúklinga. Í þessari lagagrein stendur m. a.: „Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.“

Engin slík ákvæði eru til í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978. Hefur þessi grein ein sér valdið ágreiningi og oftast auknum útgjöldum sjúklinga.

Það er skoðun flm. að þennan þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar hljóti að vera hægt að hafa í einföldu, aðgengilegu formi, án þess að sífellt þurfi til að koma úrskurðaratriði og reglur sem gera málið flóknara og erfiðara fyrir sjúklinga.

Á heilbrigðisþingi 1980 urðu töluverðar umræður um sjúkraflutninga. Fram kom í máli þingfulltrúa og starfshópa að skipulagsleysi í framkvæmd sjúkraflutninga er víðast stórt vandamál í læknishéruðum landsins, aðstöðumunur og kostnaður gífurlegur. Á þinginu kom fram sú hugmynd, að sjúklingar greiddu aldrei meira fyrir sjúkraflutninga en sem svaraði venjulegu sætafargjaldi á sömu flutningaleið með áætlunarbifreið eða flugvél.

Tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu er að þessi mál verði tekin til meðferðar og breyting gerð á lögum eftir því sem með þarf til að koma framkvæmd og skipulagi sjúkraflutninga í landinu í viðunandi form og jafna um leið aðstöðumun þess fólks, sem þarf á sjúkraflutningum að halda. Þetta eiga lög um almannatryggingar og heilbrigðisþjónustu að tryggja.

Sþ. 41. Fyrirspurnir. [41. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um tölvustýrð sneiðmyndatæki.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvað líður framkvæmd á gjafaloforði ríkisstjórnarinnar um sneiðmyndatæki til Landspítalans í tilefni 50 ára afmælis sjúkrahússins 20. desember 1980?
   a) Hvenær var gengið frá kaupsamningi við seljanda sneiðmyndatækisins?
   b) Hvenær verður sneiðmyndatækið afhent Landspítalanum?
2. Vill ríkisstjórnin greiða fyrir kaupum sjúkrahúsa á tölvustýrðum sneiðmyndatækjum með því að afnema gjöld til ríkisins af tækjum þessum?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra varðandi eftirlitsskyldu Tryggingastofnunar ríkisins með gjaldtöku tannlækna.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hefur nýr samningur verið gerður milli Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands síðan 1979 varðandi breytt skipulag á taxta, hönnun staðlaðrar sjúkraskrár fyrir tryggða sjúklinga og nýja greiðslukvittun, þar sem tannviðgerðir eru tilgreindar og kostnaðarupphæð er sundurliðuð — eins og tryggingatannlæknir lagði til 1979?
2. Hversu umfangsmikil voru afskipti og eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins 1980 af gjaldtöku tannlækna og tannréttingalækna, miðað við þær greiðslur er ríkið, sjúkrasamlög og sveitarfélög greiddu til þeirra skv. lögum? Hversu há fjárhæð var greidd árið 1979 og árið 1980 vegna tannlækninga tryggðra?

III. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra varðandi framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvenær má vænta útgáfu gjaldskrár um greiðslu sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp skv. 20. gr. laganna tölulið 2?

2. Á hvern hátt fer fram eftirlit og endurskoðun launagreiðslna til lækna og tannlækna sem starfa við heilsugæslustöðvar, skipaðir af ráðherra og taka laun með tvennu móti skv. 22. gr. laganna a- og b-lið, og hversu víðtæk var þessi endurskoðun 1979 og 1980?
3. Liggja fyrir upplýsingar um, hvernig þessi laun til lækna skiptast milli a- og b-liðar 22. gr. laganna 1979 og 1980?
4. Var samningur milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um gjaldskrár fyrir almenna læknishjálp veitta á heilsugæslustöðvum frá 19. mars 1979 gerður með samþykki heilbrigðismálaráðherra, og telst hann í samræmi við lögin um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978?
5. Hefur Tryggingastofnun ríkisins gert sérstakan samning við Læknafélag Íslands um, að Læknafélagið annist reglulegt eftirlit með reikningsgerð lækna skv. gjaldskrám, og um skipan gerðardóms er skeri úr ágreiningi, sbr. bókun er fylgdi samningsgerð frá 19. mars 1979?

IV. Til samgönguráðherra um útboð verklegra framkvæmda nokkurra ríkisstofnana.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

1. Hvaða verk hafa verið boðin út á almennum verktakamarkaði árin 1980 og 1981 hjá eftirtöldum stofnunum:
   a. Vegagerð ríkisins.
   b. Pósti og síma.
   c. Vita- og hafnamálaskrifstofunni.
   d. Flugmálastjórn?
2. Hversu stór hluti af heildarframkvæmdum þessara stofnana var boðinn út 1980 og 1981 og hversu stór hluti var unninn af verktökum samkvæmt samningum án útboðs?

V. Til viðskiptaráðherra um gróða bankakerfisins og ráðstöfun hans í þágu atvinnuvega landsmanna.

Frá Baldri Óskarssyni.

1. Hver var rekstrarhagnaður Seðlabankans og viðskiptabankanna á s. l. ári sundurliðað eftir bönkum?
2. Hvernig breyttist eiginfjárstaða bankanna árið 1980?
3. Hvernig hefur endurmatsreikningur Seðlabankans þróast s. l. 5 ár til þessa dags?
4. Hvaða leiðir eru færar til að nýta gróða bankanna í þágu atvinnuvega landsmanna og hvaða áætlanir hefur ríkisstjórnin uppi um það?

Ed. 42. Frumvarp til laga [42. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1981, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 2.286% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Liggi ríkisábyrgð fyrir, er sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs heimilt að taka lán í því skyni að gera einstökum deildum sjóðsins kleift að standa við skuldbindingar sínar. Lán þessi mega þó aldrei nema samtals meiru en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að ákveða nú þegar ráðstafanir til þess að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og gera honum kleift að þjóna markmiðum sínum og gæta hagsmuna þeirra, sem hlut eiga að máli. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1981, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 2.286% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Liggi ríkisábyrgð fyrir, er sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs heimilt að taka lán í því skyni að gera einstökum deildum sjóðsins kleift að standa við skuldbindingar sínar. Lán þessi mega þó aldrei nema samtals meiru en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 28. ágúst 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

Nd. 43. Frumvarp til laga [43. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I. KAFLI

Stjórn brunamála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

Ráðherra skipar 6 manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og tvo menn eftir tilnefningu brunatryggingafélaganna í landinu. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðherra brunamálastjóra. Skal hann vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa sérþekkingu á brunamálum.

Brunamálastjóri veitir brunamálastofnuninni forstöðu og er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

3. gr.

Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:

a. Að leiðbeina sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
b. Að hafa á hendi yfirumsjón með brunavarnaeftirliti sveitarfélaga og öllum meiriháttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og bensín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv.
c. Að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiriháttar breytingum á mannvirkjum töldum í b-lið, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum sem að brunamálum lúta sé fullnægt.
d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
e. Að hafa æfingar með slökkviliðum, gangast fyrir reglubundnum námskeiðum fyrir slökkviliðsmenn og undirbúa reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.
f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála, leiðbeina um val og uppsetningu á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi, þar með talið að kynna hönnuðum mannvirkja nýjungar á sviði brunavarna og gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og tæknimenn sveitarfélaga.
h. Að semja árlega skýrslu um orsakir eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögunum og aðalniðurstöður þeirra birtar opinberlega.
i. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál, og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
j. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

4. gr.

Sveitarfélög skulu halda uppi brunavörnum í samræmi við kröfur, sem nánar skal kveða á um í reglugerð um brunavarnir og brunamál, og kosta þær.

Sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri fara með brunavarnamál sveitarfélagsins.

Sá, sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (slökkviliðsstjóra), getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið að fenginni umsögn brunamálastjóra.

Félagsmálaráðherra getur að fenginni umsögn brunamálastofnunar undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum, berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

II. KAFLI

Um slökkvilið og slökkvistarf.

5. gr.

Sveitarfélögum er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og útbúnaði til slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði. Þeim ber að hlutast til um, að nægilegt vatn sé fyrir hendi til slökkvistarfs.

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða.

6. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum.

7. gr.

Allir verkfærir menn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviæfinga allt að 20 klst. á ári, og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum, skv. nánari reglum um útköll. Sveitarstjórn skipar menn í slík slökkvilið eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar, en hafa skal hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna.

8. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur samkv. 7. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

9. gr.

Slökkviliðsstjóra, eða staðgengli hans, er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt, og getur enginn vinnufær maður skorast undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

10. gr.

Annar innflutningur	−3 681	−5 490	−7 550
(þ. a. olía)	(−724)	(−1 010)	(−1 330)
(þ. a. annað)	(−2 957)	(−4 480)	(−6 220)
Útfluttar vörur alls, f.o.b.	4 460	6 870	9 350
Vöruskiptajöfnuður	148	520	700
Þjónustujöfnuður	−466	−620	−700
Innflutt þjónusta	−1 819	−2 450	−3 200
Útflutt þjónusta	1 353	1 830	2 500
Viðskiptajöfnuður	−318	−100	0
Viðskiptajöfnuður í % VÞF	−2,4	−0,5	−
Framlög án endurgjalds	−20	−30	−40
Fjármagnsjöfnuður	591	500	740
Erlent einkafjármagn	111	...	...
Langar lántökur, nettó	686	1 035	1 091
Innkomin löng lán, alls	1 062	1 735	2 071
Afborganir	−376	−700	−980
Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	−206	−535	−351
Úthlutun sérstakra dráttarréttinda við IMF	16	30	...
Heildargreiðslujöfnuður	269	400	700

VI Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 18 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum þeirra

Í m.kr.

	1980	Bráðab.-tölur 1981	Lánsfjár-áætlun 1982
I Opinberir aðilar	470	789	1 036
Innkomin	587	1 017	1 346
Afborganir	117	228	310
1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó	52	40	42
Innkomin	71	64	93
Afborganir	19	24	28
2. Ríkisfyrirtæki, nettó	317	584	915
Innkomin	383	739	1 113
Afborganir	66	155	190
3. Fyrirtæki sveitarfélaga, nettó	102	167	48
Innkomin	130	212	138
Afborganir	28	45	90
4. Sveitarfélög, nettó	−1	−2	–
Innkomin	3	2	2
Afborganir	4	4	2
II Atvinnuvegir, nettó	241	227	40
Innkomin	413	579	535
Afborganir	172	352	495
III Framkvæmdasjóður, nettó	−14	2	24
Innkomin	60	100	164
Afborganir	74	98	140
IV Fiskveiðasjóður, nettó	−4	−8	−12
Innkomin	–	–	–
Afborganir	4	8	12
V Aðrar lánastofnanir, nettó	−7	25	3
Innkomin	2	39	26
Afborganir	9	14	23
VI Löng lán alls, nettó	686	1 035	1 091
Innkomin	1 062	1 735	2 071
Afborganir	376	700	980
Meðtalin að ofan lán viðskiptabanka	94		
Innkomin	189		
Afborganir	95		

Ed. 46. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá forsætisráðherra.

2. gr., sem er ný grein, hljóði svo (röð greina, sem á eftir koma, breytist til samræmis við það):

Nú ákveður Seðlabanki Íslands að endurgreiða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 og skulu þá 26 millj. kr. þeirrar endurgreiðslu, sem kemur á afurðir sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tekur til, renna til freðfiskdeildar sjóðsins, en afgangurinn skiptist hlutfallslega á aðrar hlutaðeigandi deildir sjóðsins.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um aukinn skattafrádrátt.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að kanna möguleika þess að nota skattafrádrátt til frekari jöfnunar á skattbyrði þjóðfélagsþegnanna.

Nefndin skal sérstaklega athuga hvort aukning frádráttar hjá þeim, sem vinna langan vinnutíma fyrir sömu laun og þeir fá sem vinna miklu skemur, geti dregið úr samanburðarstríði milli stétta og um leið úr verðbólguhvata.

Enn fremur hvort sérstakur frádráttur hjá þeim, sem búa öldruðu fólki heimili, geti dregið úr vistrýmisþörf stofnana sem mikill skortur er á, enda mjög dýrar í byggingu og rekstri.

Nefndin skal njóta aðstoðar og fyrirgreiðslu ráðuneyta og embættismanna sem til er leitað. Hún skal skila áliti til Alþingis áður en þing kemur saman haustið 1982.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi fjallar um hvort athugun á þeirri leið, sem þar er bent á, geti greitt fyrir úrlausn vanda sem um langt skeið hefur fylgt tveim þýðingarmiklum málaflokkum.

Annars vegar er um að ræða samanburðarstríð launamarkaðarins, misrétti í skattheimtu og órétti sem því fylgir, hins vegar um óbeina aðstoð við aldraða svo þeir fái dvalið sem lengst á eigin heimilum utan dýrra stofnana.

Mörgum verður tíðrætt um nauðsyn þess að bæta sérstaklega hag þess hluta þjóðarinnar sem í máli hinna sömu hefur fengið samheitið láglaunafólk. Þótt það sé ekki algilt munu flestir sammála um að efnislega flokkist í þann hóp þeir sem vegna langvarandi veikinda, aldurs, fötlunar eða annarrar vanhæfni til að starfa á hinum almenna vinnumarkaði nái ekki einhverju ákveðnu tekjulágmarki. Um þá fjallar þessi tillaga ekki sérstaklega, enda næsta auðsætt hverjir flokkast þannig. Auk þess er sérstakt tillit tekið til afkomu þeirra í lögum, þótt mörgum muni þykja að þar sé ekki nóg að gert nú sem endranær.

Flm. þessarar tillögu hefur þótt skorta á skilgreiningu þess, hvaða hópar það séu á hinum almenna vinnumarkaði, sem eigi að flokkast undir láglaunahugtakið, og hvort ómanneskjulegur vinnutími eigi að skera úr um hvort svo sé eða ekki.

Flestir horfa á samanlagðar tekjur í árslok eða á styttri tíma og þannig er litið á af alltsjáandi auga skattheimtunnar.

Í lögum um tekjuskatt og tekjuútsvar er ekkert tillit tekið til þeirrar vinnutímafórnar sem að baki liggur þeim tekjum sem aflað hefur verið. Þeir, sem mest tala um láglaunafólk, gera sér allt of sjaldan grein fyrir því, að réttlát skattheimta er það ekki að leggja sama skatt á tvo sambærilega einstaklinga sem aflað hafa jafnhárra tekna, annar með 7—8 klst. vinnu á dag fimm daga vikunnar, en hinn 10—12 klst. á dag sex til sjö daga vikunnar. Til þessa er ekki heldur alltaf tekið tillit þegar farið er í tekjusamanburð sem undanfara kröfugerðar við gerð launasamninga.

Verður nánar vikið að þessu í framsögu.

Þær miklu breytingar, sem orðið hafa á allri þjóðfélagsbyggingu okkar síðustu áratugina, lífsháttum, atvinnu, búsetu og fjölskyldulífi, hafa haft meiri áhrif á þá, sem teljast til eldri kynslóðarinnar, en flesta aðra.

Þessar breytingar eru ekki bundnar ákveðnum árum, heldur má fullyrða að hver einstaklingur, sem náð hefur því aldursskeiði að teljast til aldraðra á síðara helming tuttugustu aldarinnar, hafi upplifað einhverjar af framangreindum breytingum sem veruleg áhrif hafa haft á líf hans. Stöðugar framfarir á sviði rannsókna, lyfjagerðar og lækninga, samfara fyrirbyggjandi aðgerðum gegn sjúkdómum og hrörnun auk alhliða heilsuverndar, stuðla að auknu langlífi og hafa í för með sér hækkaðan meðalaldur og mikla fjölgun í efri aldurshópum.

Leiða má rök að því, að stöðubreyting konunnar síðustu áratugina og stóraukin þátttaka hennar í störfum utan heimilis hafi á þéttbýlissvæðum a. m. k. gert hugmyndir fólks um endurnýjun „stórfjölskyldunnar" endanlega að engu. Þá má einnig nefna ýmis hegðunarform, sem yngri kynslóðir temja sér og eitt og annað fylgir sem eldra fólki er ekki að skapi.

Hér er bent á nokkuð af því fjölmarga sem hefur í för með sér einangrun aldraðra frá börnum sínum og fjölskyldu. Einangrun þeirra, sem hvorki eiga börn né aðra sér nákomna, verður enn tilfinnanlegri en ella.

Einangruninni fylgir oft ótti og öryggisleysi. Er óhætt að fullyrða að þessir þættir, auk sjúkdóma, eru meginástæður þess, hve margir hinna öldruðu sækja í það samfélag sem finna má innan veggja dvalar- og elliheimila og í öðrum sérhönnuðum íbúðum fyrir aldrað fólk.

Á seinni árum hefur mikið átak verið gert í byggingu slíks húsnæðis fyrir aldraða. Eftirspurnin hefur hins vegar aukist hraðar en tekist hefur að safna fé og koma upp slíku húsnæði, sem er auk þess mjög dýrt í byggingu auk þess sem allur rekstrarkostnaður hefur farið úr böndum hin síðari ár vegna óðaverðbólgu og af öðrum ástæðum.

Þróunin hefur orðið sú hin síðari ár, að á öllu höfuðborgarsvæðinu og nú á Akureyri ríkir neyðarástand í húsnæðismálum þeirra sem aldraðir eru og þurfa á sérstakri umönnun, hjálp, eftirliti og hjúkrun að halda.

Þegar svo er komið að hið sama gildir um hinn almenna leigumarkað húsnæðis er ljóst að auk hinna hefðbundnu leiða ber að leita allra ráða til að finna lausn á þessum vanda.

Allir, sem hafa kynnt sér þau mál sem hér er drepið á, eru sammála um að æskilegast sé fyrir þá, sem komnir eru á efri ár, að búa á eigin heimili þar til yfir lýkur.

Á því máli eru þó fleiri hliðar, sem nánar verður komið að í framsögu.

Það, sem flm. vilja m. a. láta kanna, er hvort slíkur hvati sem skattafrádráttur er geti orðið til hjálpar við að leysa þann vanda sem hér er drepið á.

Má t. d. benda á þann möguleika, að aldrað fólk, sem býr í eigin húsnæði, fái til sín til búsetu yngra fólk eða aðra sem húsnæðisþurfi eru. Einnig að fólk, sem heilbrigt er, komið yfir miðjan aldur, börn farin að heiman, en býr í eigin húsnæði, geti tekið inn á heimili sitt aldrað fólk sem leitar úr einveru til öryggis og nokkurrar hjálpar.

Sama gildir að sjálfsögðu um yngra fólk sem komið hefur sér upp eigin húsnæði í rýmra lagi. Í slíkum tilfellum eiga konur oft ekki heimangengt vegna ungs barns eða barna. Finnast

dæmi um slíkt fyrirkomulag. Flm. telja skattafrádrátt heppilegri leið en beinar greiðslur til viðbótar kostnaðargreiðslu, m. a. til þess að fyllilega sé ljóst að ekki hafi orðið brotalöm á þeirri þjónustu, sem í té á að láta, né að hinum öldruðu finnist að um ölmusugreiðslu sé að ræða þeirra vegna.

Þegar breytingar á skattalögum hafa verið til umræðu á liðnum árum, hafa alþingismenn æðioft fengið að heyra frá embættismönnum, sem um málið hafa fjallað, að sérstakir frádráttarliðir, sem ná aðeins til lítils hluta skattgreiðenda, séu til mikils ama. Væri um mikla aukavinnu að ræða í þessu sambandi og margir erfiðleikar á skattaúrvinnslu af þessum sökum.

Þetta álit embættismanna og stjórnmálamanna, sem málið hefur heyrt undir, hefur verið ein meginástæðan fyrir niðurfellingu frádráttarliða og samruna annarra.

Samt sem áður eru slíkir liðir, sem halda sér og ná til þrengri hópa, fyrst og fremst vegna þess að verið er að ná fram félagslegu réttlæti, sem illmögulegt er að ná öðruvísi. Má hér sem dæmi benda á sjómannafrádráttinn.

Fyrir fækkun og samruna slíkra frádráttarliða á liðnum árum má finna mörg jákvæð rök, en þau eru líka til staðar þegar rætt er um að taka upp nýja liði til að ná fram lagfæringu á þjóðfélagslegum vandamálum. Úrvinnsluvandi, sem á hefur verið bent, getur ekki lengur verið fyrirstaða í augum þeirra sem fylgjast með úrvinnslumöguleikum nútíma tæknibúnaðar.

Við lifum á tímum þegar hver byltingin af annarri gengur yfir í tölvubúnaði og tölvuvinnslu, nú síðast örtölvubyltingin. Þessar tækniframfarir hafa þegar haft í för með sér svo miklar breytingar og reyndar enn ófyrirséða möguleika á úrvinnslu gagna, þegar leita þarf svara við ótrúlegustu vandamálum, að slíkur fyrirsláttur sem „úrvinnsluvandi“ getur ekki staðist.

Vissulega er mikill kostnaður samfara tölvuvæðingu. Má þar t. d. nefna tæknibúnaðinn sjálfan, nám starfsmanna, upplýsingasöfnun og allan launakostnað. En flm. þessarar þáltill. telja að ef sá kostnaður geti orðið til að létta sérstök vandamál þjóðfélagsins, leiðrétta misrétti og draga úr miklu fjárhagslegu tjóni sé slíkur kostnaður ekki til að setja fyrir sig, ekki síst þegar haft er í huga að allur tæknibúnaður, sem nota þarf, er ekki bundinn neinu einu verkefni, en er í dag nauðsynlegt hjálpartæki við úrvinnslu margs konar gagna í flóknu nútímaþjóðfélagi.

Nd. 48. Frumvarp til laga [46. mál]

um land í þjóðareign.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Benedikt Gröndal, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Vilmundur Gylfason.

1. gr.

Þau landssvæði skulu teljast þjóðareign, sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir.

Sama máli gegnir um vatnsréttindi, jarðhita, námuréttindi og önnur réttindi bundin eignarrétti lands, sem eignarheimildir annarra en ríkisins finnast ekki fyrir.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast framkvæmd laga þessara og hefur umsjón og eftirlit með öllum eignum og réttindum þeim bundnum í eigu þjóðarinnar skv. 1. gr. laga þessara.

Fjármálaráðuneytið heldur skrá yfir allar fasteignir og réttindi skv. 1. gr. Í skrá þessari skal þess getið, hvernig nýtingu er háttað hverju sinni, hverjir nýta og hvaða leigugjöld eru greidd. Skrána skal birta reglulega.

3. gr.

Óheimilt er að leigja einstaklingum eða lögaðilum landssvæði, landréttindi eða hlunnindi, sem talin eru í 1. gr., þannig að réttur almennings til umferðar og afnota glatist eða verði háður gjaldtöku.

Undantekning er þó ef um er að ræða skipulögð orlofsbúða- eða útivistarsvæði fyrir almenning, enda setji fjármálaráðuneytið sérstakar reglur þar um, sem tilgreini þær landsnytjar sem nauðsynlegar eru taldar fyrir slíka starfsemi.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið skal setja í samráði við Náttúruverndarráð, veiðimálastjóra, Búnaðarfélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga almennar reglur um nýtingu þeirra hlunninda, landa og landgæða sem teljast þjóðareign skv. 1. gr.

Í reglum þessum skulu vera ákvæði um ítölu og varnir gegn ofbeit og rányrkju, um gróðurvernd og aðra náttúruvernd, um veiðiskap, umgengnisrétt almennings og annað það sem lýtur að afnotum lands og landgæða í þjóðareign.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið skal láta kanna eignarrétt á öllu landi og landgæðum utan heimalanda lögbýla. Skal gera áætlun um slíka könnun, sem stefni að því að henni sé að fullu lokið árið 1995. Þar sem óvissa þykir ríkja um eignarrétt og land eða landgæði kynnu hugsanlega að vera þjóðareign, sbr. 1. gr. laga þessara, skal leita úrskurðar dómstóla um eignarréttinn.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hugmyndir Alþýðuflokksins um þjóðareign á landi eru löngu kunnar. Fyrstu tillögur flokksins um þau mál voru lagðar fram á Alþingi af Braga Sigurjónssyni alþingismanni árið 1970. Var þar um að ræða tillögu til þingsályktunar um endurskoðun löggjafar um óbyggðir landsins, vötn, ár, jarðhita og námur. Í tillögunni var lagt til að Alþingi legði fyrir ríkisstjórnina, að hún léti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum, fallvötnum, jarðhita svo og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu, þar sem stefnt væri að því meðal annars að allt hálendi landsins og óbyggðir yrðu lýst alþjóðareign.

Tillaga þessi hefur tekið ýmsum breytingum við frekari meðferð málsins. Árið 1972 var henni breytt verulega og nefndist þá tillaga til þingsályktunar um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. Árið 1976 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins í efri deild, þeir Bragi Sigurjónsson og Jón Ármann Héðinsson, síðan frumvarp til laga um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum, og höfðu þingmennirnir þar með breytt þingsályktunartillögunni um

almenna stefnumörkun í þessum málum yfir í lagasmíð. Þá hafa þingmenn Alþýðuflokksins einnig flutt sérstök þingmál þessu máli tengd, svo sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms, sem flutt var á eitt hundraðasta löggjafarþinginu árið 1978, og frumvarp til laga um breytingu á orkulögum, sem þingmenn Alþýðuflokksins voru meðflutningsmenn að á þingunum 1974, 1975 og 1976, en upphaflega var samið og flutt af fyrrverandi orkumálaráðherra, Magnúsi Kjartanssyni.

Tillögur Alþýðuflokksins um eignarráð þjóðarinnar á landinu, gögnum þess og gæðum eru mjög yfirgripsmikið mál og varða fjölmarga þætti. Allt frá því umræður um málið hófust fyrir frumkvæði Alþýðuflokksins hefur stuðningur við meginsjónarmið Alþýðuflokksmanna um þjóðareign á landi farið ört vaxandi, enda er stöðugt verið að kreppa meira að almenningi um aðgang að landi, not og nytjar. Þannig hefur t. d. sú tillaga Alþýðuflokksins nú hlotið almenna viðurkenningu og almennt fylgi að mati flutningsmanna, að náttúruauðlindir, svo sem djúphiti, ásamt orku í fallvötnum landsins, svo og virkjunarréttur skuli vera eign þjóðarheildarinnar, en ekki tiltekinna einstaklinga, og að sama máli skuli gegna um óbyggðir og hálendi landsins. Stuðningur er hins vegar ekki eins almennur við önnur atriði í tillögum Alþýðuflokksins, svo sem að allar ár og vötn skuli teljast sameign þjóðarinnar, þar á meðal veiðiréttur og fleira þess háttar.

Ljóst er því að mjög almennur stuðningur er nú orðinn við sum atriðin í tillöguflutningi Alþýðuflokksins um þessi mál og ættu þær tillögur því út af fyrir sig að geta náð fram að ganga, þótt enn kunni að verða nokkur bið á því, að önnur og umdeildari atriði í tillögugerð Alþýðuflokksins um þjóðareign á landi hljóti almenna viðurkenningu.

Að þessu athuguðu telur þingflokkur Alþýðuflokksins rétt að láta nú reyna á hvaða einstök atriði í tillögum Alþýðuflokksins um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum hafi öðlast nægan stuðning til þess að von sé til að þau náist fram á Alþingi Íslendinga. Þingmenn Alþýðuflokksins hafa því brugðið á það ráð, að í stað þess eins og oftast áður að flytja allt þetta stóra og mikla mál um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum í einu þingmáli á Alþingi, annaðhvort frumvarpi til laga þar um eða sem tillögu til þingsályktunar um almenna stefnumörkun Alþingis, þá verði þetta stóra og umfangsmikla mál brotið upp í einstaka þætti og flutt sjálfstætt þingmál um hvern þátt fyrir sig og látið reyna á hvort þær hugmyndir Alþýðuflokksmanna, sem mest fylgi almennings hafa hlotið, nái afgreiðslu á Alþingi. Þannig verða nú flutt á þessu þingi margar tillögur og lagafrumvörp um einstök atriði í stefnu og tillögugerð Alþýðuflokksmanna um eignarráð yfir landinu og er frumvarp það, sem hér um ræðir, eitt þeirra. Af öðrum málum má nefna tillögu til þingsályktunar um orlofsbúðir fyrir almenning, fyrirspurn um meðferð og leigu ríkisjarða, ásamt lagafrumvarpi um framkvæmd eignarnáms, en allt eru þetta mál sem flutt verða strax í upphafi þings. Þá munu þingmenn Alþýðuflokksins einnig í upphafi þings endurflytja frumvarp til laga um þjóðareign á háhitasvæðum og virkjunarrétti þeirra, og síðar á þinginu eru væntanlegar aðrar tillögur frá þingmönnum Alþýðuflokksins.

Þannig munu þingmenn Alþýðuflokksins gera hin einstöku atriði í stefnu og tillögugerð Alþýðuflokksins um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum að sjálfstæðum þingmálum nú á þessu þingi og láta þá á það reyna, hvernig háttað er afstöðu annarra þingmanna og þingflokka til einstakra atriða í þeirri stefnu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, takmarkast við að lýsa öll þau landssvæði þjóðareign sem skýlausar eignarheimildir annarra en ríkisins finnast ekki fyrir, og er lagt til að slíkt sé gert um öll landssvæði, þar sem svo háttar til, og auk þeirra um vatnsréttindi, jarðhita, námuréttindi og önnur fasteignarréttindi.

Í framkvæmd mundi þetta þýða að allar óbyggðir Íslands yrðu lýstar þjóðareign ásamt flestum eða öllum afréttum og hálendissvæðum. Á þeim svæðum mundi íslenska þjóðin gera

tilkall til allra fasteignaréttinda, svo sem vatnsréttinda, jarðhita, námuréttinda og annarra réttinda, sem bundin eru eignarrétti lands, en beitarréttindi þau, sem fylgja einstökum bújörðum, upprekstrarfélögum eða sveitarfélögum, stæðu óskert svo og veiðiréttindi og allar aðrar eignarheimildir annarra en ríkisins sem sönnun er færð fyrir.

Stefna af því tagi, sem tekin er með 1. gr. frumvarpsins, mundi líka afgreiða endanlega ýmis deilumál, sem niðurstaða þarf að fást í. Slík lagasetning er t. d. nauðsynleg í kjölfar niðurstöðu dómstóla um hver eignarrétt hafi á botni Mývatns. Þá mundi þessi lagasetning einnig taka af öll tvímæli um eignarréttindi á afréttum, sem dómstólar hafa komist að niðurstöðu um að bændur, upprekstrarfélög eða sveitarfélög geti ekki talist eigendur að, að undanteknum beitarréttindum, og er því nauðsynlegt að taka í almannaeign.

Með öðrum orðum skal ítrekað, að með frumvarpinu er ekki gerð tillaga um eignaupptöku eða eignarnám á landssvæði, hlunnindum eða öðrum eignarréttindum sem eru eign annarra en ríkisins. Samþykkt frumvarpsins mundi engu breyta þar um. Einasti tilgangur frumvarpsins er sá að lýsa yfir að land og landsréttindi, sem aðrir eigendur finnast ekki að, skuli eftirleiðis talin eign þjóðarheildarinnar og um þá þjóðareign verði settar ákveðnar reglur sem tryggi bæði rétt og skyldur almennings gagnvart slíku landi og landgæðum. Er vel við eigandi að slíkt sé gert einmitt nú þegar þessi sama þjóð hefur varið miklu af fjármunum sínum til þess að bæta fyrir spjöll genginna kynslóða á landinu og þegar rætt er um að nauðsyn sé að áfram verði haldið því starfi. Auðvitað fer það ekki saman að biðjast í öðru orðinu fjár til slíkra verka, þar eð Ísland sé eign þjóðarheildarinnar, en neita því svo í hinu, að þessi sama þjóð skuli lýsa sem þjóðareign því landi og landgæðum sem enginn annar eigandi finnst að.

Nú er vel líklegt að ágreiningur geti orðið og verði um hvaða lönd og landgæði eignarheimildir annarra en ríkisins liggi fyrir á. Í 5. gr. frumvarps þessa er ráð fyrir því gert, að fjármálaráðuneytið, sem á skv. frumvarpinu að annast framkvæmd laganna, láti kanna eignarrétt á öllu landi og landsgæðum utan heimalanda og birti opinberlega. Skal ráðuneytið gefa öllum þeim, sem hlut eiga að máli, kost á að koma fram breytingum og leiðréttingum á skránni, og loks er lögð sú skylda á herðar að ef óvissa þykir ríkja skuli fjármálaráðuneytið leita úrskurðar fyrir dómstólum.

Með þessu á að vera frá gengið svo öruggt sé að ekki verði um neinar eignaupptökur að ræða né eignarnám, heldur aðeins það eitt að lýsa þau landssvæði og landsgæði þjóðareign, sem aðrir eigendur finnast ekki að.

Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Tilgangur þessarar greinar er að taka formlega í þjóðareign öll þau landssvæði og landgæði, sem aðrir en ríkisvaldið hafa ekki eignarheimildir fyrir.

Hér er því ekki um að ræða eignaupptöku eða eignarnám og enga skerðingu á eignarrétti.

Um 2. gr.

Í grein þessari er fjármálaráðuneytinu falin framkvæmd laganna svo og umsjón og eftirlit með öllum fasteignum og fasteignaréttindum sem teljast þjóðareign skv. 1. gr.

Í þessu sambandi er einnig vakin athygli á frumvarpi til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65 frá 31. maí 1976, sem flutt er í sömu deild, þar sem ráð er fyrir því gert, að fjármálaráðuneytið taki við umsýslu allra þeirra bújarða sem nú eru í umsjá jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins.

Er fjármálaráðuneytinu þannig ætlað að hafa með höndum eignaumsýslu á öllum þeim fasteignum og fasteignaréttindum, sem frumvarp þetta fjallar um, auk bújarða í eigu ríkisins, og setja samræmdar reglur um nýtingu þessara ríkiseigna.

Þá er það nýmæli, sem lagt er til í þessari grein, að haldin skuli skrá yfir allar fasteignir og fasteignaréttindi, þar sem getið sé hvernig nýtingu er háttað hverju sinni, hverjir nýta og hvaða leigugjöld eru greidd, en mikið vantar á að slíkar upplýsingar hafi legið á lausu, t. d. um bújarðir í eigu ríkisins og hlunnindi, sem þeim fylgja.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að óheimilt verði með öllu að leigja einstaklingum eða lögaðilum þau landssvæði og fasteignaréttindi, sem talin eru í 1. gr. og verða þjóðareign, svo að réttur almennings til umferðar og afnota glatist eða verði háður gjaldtöku. Undantekning er þó gerð ef um er að ræða landssvæði í þjóðareign og landsnytjar sem ætluð eru í þágu skipulagðra orlofsbúða og útivistarsvæða fyrir almenning, enda setji þá fjármálaráðuneytið sérstakar reglur þar um.

Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á sölu og leigu bújarða í eigu ríkisins, en um þau mál fer áfram skv. jarðalögunum, nr. 65 frá 1976, jafnt eftir samþykkt frumvarp þessa sem áður.

Um 4. gr.

Í grein þessari er fjármálaráðuneytinu lögð sú skylda á herðar að setja í samráði við Náttúruverndarráð, veiðimálastjóra, Búnaðarfélag Íslands og Samband ísl. sveitarfélaga almennar reglur um nýtingu þeirra hlunninda landa og landgæða, sem verða eign þjóðarinnar skv. 1. gr.

Um 5. gr.

Engar upplýsingar liggja nú fyrir á einum stað um hvaða gögn fyrirfinnast um eignarrétt á landi og landgæðum utan heimalanda lögbýla. Margvíslegar kröfur hafa um þau mál verið reistar, sem byggðar eru á ýmsum gögnum, sem margir telja að sum hver standist ekki fyrir dómstólum.

Nauðsynlegt er að kannað verði, hvaða gögn séu til í þessu sambandi, og þau skráð. Mikil óvissa í þessu sambandi hefur skapað alls konar árekstra, sem mætavel hefði mátt afstýra ef upplýsingarnar hefðu legið fyrir.

Könnun eins og þá, sem hér um ræðir, létu Norðmenn gera fyrir nokkrum árum og var hún af þeirra hálfu rökstudd með sömu nauðsyn um upplýsingar um eignarrétt á landi og landgæðum utan lögbýla og hér er gert. Hér var um umfangsmikla könnun að ræða í Noregi, sem tók tvo áratugi áður en endanleg niðurstaða fékkst. Þótt eigi sé líklegt, að svo mikil vinna sé samfara hliðstæðri eignarheimildakönnun hér á landi, er þó lagt til að góður tími sé gefinn til þess að ljúka málinu, eða allt til ársins 1995.

Að lokum er lagt fyrir fjármálaráðuneytið að leita úrskurðar hjá dómstólum þar sem óvissa kynni að ríkja um eignarréttarmálin, þannig að fyrir lok þessarar aldar liggi ótvírætt fyrir hver séu mörk almannaeignar og einkaeignar á landi og landgæðum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

ÞINGMÁL ALÞÝÐUFLOKKSINS UM EIGNARRÁÐ Á LANDI

Hér á eftir verður getið þeirra þingmála um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum sem þingmenn Alþýðuflokksins hafa flutt allt frá upphafi þess máls, svo til séu á einum stað öll þau gögn og menn geti virt fyrir sér hvaða þróun málin hafa tekið á þeim röska áratug, sem liðinn er frá því málinu var fyrst hreyft á Alþingi.

Á Alþingi 1970, 91. löggjafarþingi, lagði Bragi Sigurjónsson fram fyrsta þingmálið af þessu tagi. Þingmál þetta hét:

Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun löggjafar um óbyggðir landsins, vötn, ár, jarðhita og námur.

Tillagan hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari verði m. a. athugað:

1. Hvort ekki sé rétt að lýsa allt hálendi landsins og óbyggðir alþjóðareign, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggi ekki fyrir, og hvernig kveða megi á, svo að glöggt sé, um mörk þessarar ríkiseignar.

2. Hvort ekki sé rétt að öll not afrétta, sem eru ekki í einkaeign, skuli teljast réttindi viðkomandi sveitarfélaga, eins og þau yrðu nánar skilgreind.

3. Hvort veiði- og fiskræktarréttur í stöðuvötnum og fallvötnum í byggðum skuli ekki fremur bundinn viðkomandi sveitarfélögum en einkaeigendum jarða.

4. Hver mörk skuli setja milli eignarráða ríkis og réttinda annarra eigenda fallvatna, t. d. varðandi virkjanir, þegar árekstrar verða milli einkanota og almenningsnota.

5. Hver eignarmörk ríkið skuli hafa yfir jarðhita og hve djúpt í jörð eignarréttur jarðeiganda á honum skuli ná.

6. Hvort verðmæti í jörðu, á landi eða landgrunni, er finnast fyrir atbeina ríkisins, skuli ekki teljast ríkiseign og háð valdi ríkisins, hvernig unnin verði og farið með.

7. Hver takmörk náttúruvernd skuli sett.

8. Hvern umgengnisrétt og hverjar umgengnisskyldur almenningur skuli hafa til ónotaðs lands og óbyggða.

Frumvarpsgerð þessi verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en á öðru þingi frá þessu þingi.“

1972.

Málið var síðan tekið upp árið 1972 á 93. löggjafarþingi með nýjum hætti. Fluttu þá þingmenn Alþýðuflokksins, þeir Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Ármann Héðinsson og Pétur Pétursson, nýja tillögu til þingsályktunar sem nefndist:

TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM EIGNARRÁÐ Á LANDINU, GÖGNUM ÞESS OG GÆÐUM.

Tillagan hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.

Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt:

1. Allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign, og skýrt sé kveðið á um mörk þessarar ríkiseignar.

2. Sú grundvallarregla verði mörkuð, að stefnt skuli að því, að allt land verði með tímanum alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir megi ganga kaupum og sölum til búrekstrar, meðan bændur kjósa þann hátt á fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum sé þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.

3. Stöðuvötn á afréttum og öll fallvötn verði lýst alþjóðareign, þar í falinn virkjunarréttur. Ríkið eitt geti leyft og leigt fiskræktar- og veiðirétt, svo sem viðkomandi sveitarfélögum og öðrum félagslegum samtökum, en greiddur sé arður til landeigenda skv. arðskrá.

4. Allur jarðvarmi undir 100 m dýpi og aðstoðar hins opinbera þarf til að bora eftir og virkja verði lýstur alþjóðareign.

5. Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins eða leyfis ríkisins þarf til að leita eftir, skuli teljast ríkiseign og háð valdi þess.

6. Glöggt sé kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færast úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.

7. Kveðið skal á um umgengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum.“

1974.

Málið var svo enn tekið upp með nýjum hætti á þinginu 1974, 96. löggjafarþingi, en þá fluttu þingmenn Alþýðuflokksins, þeir Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Ármann Héðinsson og Sighvatur Björgvinsson tillögu til þingsályktunar sem nefndist:

„Tillaga til þingsályktunar um eignarráð þjóðarinnar á landinu, gögnum þess og gæðum.“

Tillagan hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því, að allt land verði alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir verði í eigu bænda þegar þeir kjósa þann hátt fremur en að hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum skal þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi þjóðarinnar yfir byggðu landi og óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu, sem ekki eru þegar í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Glöggt verði kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkisins og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.“

1975.

Enn er flutt tillaga um málið af þingmönnum Alþýðuflokksins á Alþingi 1975, 97. löggjafarþinginu, og eru flutningsmenn þeir Bragi Sigurjónsson, Benedikt Gröndal, Gylfi Þ. Gíslason, Jón Ármann Héðinsson og Sighvatur Björgvinsson.

Tillagan hét enn:
Tillaga til þingsályktunar um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum.

Tillögugreinin hljóðaði svo:
„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina, að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir byggðu landi sem óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu.
Við samningu frumvarps eða frumvarpa að lagagerð þessari sé m. a. þessa gætt:
1. Allt hálendi landsins og óbyggðir, að svo miklu leyti sem skýlausar eignarheimildir annarra aðila en ríkisins liggja ekki fyrir, sé lýst alþjóðareign og skýrt sé kveðið á um mörk þessarar eignar.
2. Sú grundvallarregla verði mörkuð, að landið allt, eins og miðin umhverfis það, sé sameign þjóðarinnar allrar. Umráðaréttur á byggðu landi, fallvötnum, jarðhita undir 100 m dýpi, námuvinnslu, veiðiám og veiðivötnum, óbyggðum og afréttum sé í höndum Alþingis, sem geti með sérstökum lögum og reglum veitt einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum tiltekinn rétt til þessara gæða. Bændum sé tryggður kaup- og söluréttur (eignarréttur) á bújörðum til búrekstrar, ef þeir svo kjósa, fremur en erfðafestu eða lífsábúð.
3. Glöggt sé kveðið á hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkis eða sveitarfélaga og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.
4. Kveðið skal á um umgengnisskyldur við landið og viðurlög við spjöllum.“

1976.

Árið 1976, á 98. löggjafarþingi, var svo flutt af hálfu þingmanna Alþýðuflokksins í efri deild **frumvarp til laga um eignarráð yfir landinu gögnum þess og gæðum.**
Flutningsmenn voru Bragi Sigurjónsson og Jón Ármann Héðinsson.

Frumvarpið hljóðaði svo:
„1. gr.
Landið allt með gögnum þess og gæðum og miðin umhverfis það, svo sem viðtekin efnahags- og fiskveiðilögsaga hverju sinni greinir, er sameign þjóðarinnar allrar, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum (sbr. 3. gr. og 11. gr.).
2. gr.
Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþingis, en það getur með sérstökum lögum veitt sveitarfélögum, félagssamtökum og einstaklingum tiltekinn rétt til gagna og gæða lands og miða, enda fari það ekki í bága við hag almennings.
3. gr.
Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara skal bændum frjálst, ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar. Bújörðum skulu fylgja þau hlunnindi, sem þeim hafa fylgt, ef einhver eru, og bændur hafa nýtt til bútekna, svo sem dúntekja, eggjataka, selver og reki, þó ekki veiðiréttur í ám né vötnum, sbr. 5. gr.
4. gr.
Ríkinu skal skylt að kaupa bújarðir af bændum, ef þeir óska, og miðist kaupverð við gildandi gangverð jarða til búrekstrar milli bænda hverju sinni.
Sömuleiðis skal ríkinu skylt að kaupa af bændum hús og ræktun á jörðum, sem fara úr byggð vegna óbyggis eða afbýlis, og skal í reglugerð setja nákvæm fyrirmæli um það, hvernig slíkar eignir skuli meta til verðs.

5. gr.

Ár og vötn eru sameign þjóðarinnar, svo sem önnur gögn og gæði landsins, þar með talinn virkjunarréttur og veiðiréttur. Frjálst er þó jarðeiganda að virkja fallvatn fyrir landi sínu til eigin nota, ef það brýtur ekki í bága við almannaþarfir.

Við gildistöku laga þessara skal ríkið láta kanna, hver veiðihagur hefur verið talinn fram af hverri veiðijörð s. l. 20 ár, og greiða eiganda hennar bætur skv. því fyrir veiðiréttinn. Frjálst skal þó veiðiréttareiganda, þegar lög þessi öðlast gildi, að velja á milli framangreindra bóta eða halda veiðiréttinum í allt að 20 ár eða uns sala viðkomandi veiðijarðar eða jarðarhluta fer fram, ef fyrr verður, og lækkar þá bótaskylda ríkisins um $^1/_{20}$ við hvert ár sem líður og fellur niður eftir 20 ár.

6. gr.

Alþingi getur falið viðkomandi sveitarfélögum eftir nánar settum reglum umráðarétt veiði- og fiskræktar í ám og vötnum gegn sérstöku gjaldi, er gangi til aukinnar fiskræktar, sömuleiðis samtökum ábúenda aðliggjandi jarða, áa og vatna, einnig sérstökum fiskræktarfélögum. Sama rétt má veita einstaklingum, sem einstæðan áhuga og árangur hafa sýnt í fiskræktarmálum.

Skylt skal ábúendum jarða að veiðiám og veiðivötnum að leyfa veiðileyfishöfum nauðsynlegan aðgang að veiðistöðum og umferð milli veiðisvæða, enda sýni veiðileyfishafar fyllstu nærfærni í umgengni sinni, svo að hvergi valdi spjöllum.

7. gr.

Enginn getur átt né eignast óbyggðir né afréttir utan heimalanda nema ríkið sjálft. Geti einhver við gildistöku laga þessara sannað eign sína á slíku landi, skal það eigi að síður verða ríkiseign, en gjalda ber eiganda þess verð fyrir skv. gildi þeirra nota, sem hann hefur af því talið fram s. l. 20 ár.

Viðkomandi sveitarfélög og/eða upprekstrarfélög skulu halda hefðbundnum afréttarnotum sínum án endurgjalds, enda sinni þau og hefðbundnum skyldum við afréttina, en skylt skal þeim að hlíta settum reglum hverju sinni um ítölu sem og gróður- og náttúruvernd, einnig reglum um umferð og ferðafrelsi innan settra marka.

8. gr.

Skylt er ríkinu að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir leigulóðum undir sumarbústaði, láta skipuleggja slík bústaðahverfi, en falið getur það sveitarfélögum þeim, þar sem slík hverfi rísa, þessi verkefni, ef betur þykir henta.

Þurfi að taka bújörð eignarnámi vegna sumarbústaðahverfis, eða hluta bújarðar, skal bæta eiganda hennar skv. mati með hliðsjón af þeim búnotum, sem af eignarnámslandinu hafa verið.

9. gr.

Allur jarðhiti er eign ríkisins, nema á eignarjörð sé, þá er sá jarðhitit, sem er ofan 200 m dýpis, eign viðkomandi jarðeiganda. Megi ætla, að borun ríkisins eftir jarðvarma og virkjun hans valdi notatjóni á viðkomandi bújörð eða aðliggjandi bújörðum, svo sem á matjurtarækt eða upphitun húsa, ber ríkinu að bæta slíkt skv. mati.

10. gr.

Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins og leyfis þess þarf til að leita eftir og vinna, eru eign ríkisins og háð valdi Alþingis.

11. gr.

Allar lóðir og lendur undir húsum og öðrum mannvirkjum skulu eign viðkomandi sveitarfélags, nema ríkisins sé áður, en þá skal Alþingi fela sveitarfélaginu umráðarétt slíkra eigna. Sveitarfélög skulu bótaskyld til eigenda lóða og lendna þeirra, sem í einkaeign eru, þegar lög þessi öðlast gildi, en við ákvörðun bóta skal draga frá að $^3/_4$ hlutum þá verðmætaaukningu, sem dómkvaddir matsmenn ætla að viðkomandi þéttbýlissköpun eða aðrar aðgerðir samfélagsins hafi valdið.

Ekki er sveitarfélagi skylt að inna slíkar bætur af hendi til eigenda nema við missi vinnu vinnu vegna aldurs eða örorku, dauðsfall eða burtflutning, og þá eigi fyrr en 2 árum síðar.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um lóðir og lendur undir hús og mannvirki í sveitum, önnur en lúta að búrekstri, þar með taldar lóðir undir sumarbústaði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.“

Til viðbótar við þessi mál hafa þingmenn Alþýðuflokksins svo flutt ýmsar einstakar þingsályktunartillögur og frumvörp um einstök atriði, sem að framan hafa verið nefnd, en þó ekki að verulegu marki fyrr en nú á þessu þingi þegar ákveðið hefur verið, eins og fyrr segir, að flytja stefnu Alþýðuflokksins og tillögur um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum í mörgum einstökum þingmálum í stað eins þingmáls, eins og gert hefur verið fram til þessa.

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um ráðunaut í öryggis- og varnarmálum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Benedikt Gröndal, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna sérstakt embætti ráðunauts ríkisstjórnarinnar í öryggis- og varnarmálum hjá utanríkisráðuneytinu.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var lögð fram seint á síðasta þingi og fékkst því ekki rædd. Þá fylgdi henni svofelld greinargerð:

„Allt frá því að Ísland gerðist eitt af stofnríkjum Atlantshafsbandalagsins hefur ríkt einhugur um aðildina að bandalaginu hjá Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki, en Alþýðubandalagið og forverar þess verið andvígir aðildinni. Á sínum tíma studdu fleiri þingmenn lýðræðisflokkanna gerð varnarsamningsins við Bandaríkin en aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Á síðustu árum hafa allir flokkar nema Alþýðubandalagið lýst þeirri skoðun með einum eða öðrum hætti, að breytingar á varnarviðbúnaði hér á landi í þá átt að draga úr honum séu ótímabærar. Umræður um varnar- og öryggismál Íslands einkennast oft um of af tilfinningalegri afstöðu og lítilli þekkingu á þeim staðreyndum, sem móta og ráða stefnunni í þessum málum, og þeim ákvörðunum, sem teknar eru í varnar- og öryggismálum. Árum saman hafa hinir hernaðarlegu þættir, sem móta það ytra umhverfi sem Ísland býr við, verið á vitorði tiltölulega fárra. Stjórnvöld hafa lítt sinnt því að fræða þjóðina um staðreyndir þessara mála. Ein ástæða þess er vafalaust skortur á viðurkenndri innlendri sérfræðiþekkingu á þessum sviðum. Þessi skortur á innlendri sérfræðiþekkingu hefur líka leitt til ásakana þess efnis, að stjórnvöld séu í mati sínu á varnarhagsmunum Íslands á hverjum tíma um of háð mati erlendra manna á íslenskum hagsmunum. Það ætti því að vera augljóst áhuga- og hagsmunamál allra, að Íslendingar ráði sjálfir yfir nægri þekkingu til þess að meta sjálfir þann herfræðilega veruleika sem landið er hluti af, og til þess að meta sjálfstætt þær upplýsingar og skoðanir, sem aðrir kunna að gefa um og hafa á herfræðilegri stöðu Íslands og varnar- og öryggishagsmunum landsins. Slík herfræðiþekking innan stjórnkerfisins er í fyrsta lagi til þess fallin að treysta ákvarðanir stjórnvalda á þessum sviðum. Í öðru lagi mundi hún eyða tortryggni og ásökunum í garð þeirra sem með þessi mál fara. Á síðustu árum hafa Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur allir lýst vilja sínum í þessu efni.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1967 sagði þáverandi formaður flokksins, Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, m. a.: „Annað mál er, hvernig vörnum Íslands skuli háttað hverju sinni. Það verður stöðugt að meta eftir atvikum, og einmitt þess

vegna var varnarsamningurinn við Bandaríkin bundinn því höfuðskilyrði af hálfu Íslendinga, að við gætum sjálfir einhliða með tilteknum fresti sagt honum upp. Við höfum þetta því á valdi okkar og getum metið eftir eigin þekkingu á aðstæðum, hvað gera skuli. En spurning er: Höfum við þá þekkingu, sem á þarf að halda? Við erum svo fjarhuga hernaði, að enginn eiginlegur íslenskur hernaðarsérfræðingur er til, svo að um sé vitað. Talað er um, að við eigum að láta íslenska sérfræðinga taka að sér rekstur varnarmannvirkjanna. Þetta kann að láta vel í eyrum og verða menn þó þá að gera sér grein fyrir, hvort eigi sé um orðaleik að ræða, þannig að slíkir svokallaðir sérfræðingar séu í raun og veru hermenn. Úrlausnarefnið er þá í raun og veru, hvort Íslendingar eigi að taka upp eigin hermennsku eða ekki. Slíkt þarf ekki að vera nein fjarstæða, en ef menn vilja það, þá er nauðsynlegt að segja það berum orðum, svo að allir geti áttað sig á, um hvað sé að ræða. En áður en við tökum slík sérfræðingastörf að okkur, sýnist hitt sanni nær, að við öflum okkur sérfræði í herstjórnarmálum, svo að við þurfum ekki að sjá þau með annarra augum. Fyrsta skrefið hlýtur þess vegna að vera það að leggja drög að öflun þvílíkrar sérfræði."

Þessi skoðun var ítrekuð í yfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins um utanríkis- og varnarmál 1974 og oft síðan af forustumönnum flokksins.

Á fjörutíu ára afmæli íslensku utanríkisþjónustunnar lýsti núverandi utanríkisráðherra, Ólafur Jóhannesson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, því yfir, að hann teldi æskilegt og hefði í huga að ráða herfræðilega menntaðan mann til starfa í utanríkisráðuneytinu. Þetta hefur ráðherrann síðar ítrekað.

Benedikt Gröndal, fyrrv. formaður Alþýðuflokksins og utanríkisráðherra, hefur hreyft þeirri hugmynd að stofna beri sérstaka rannsóknarstofnun er fjallaði að staðaldri um utanríkis- og öryggismál. Hlutverk hennar væri fyrst og fremst að leggja hlutlægt mat á tæknilegar upplýsingar og þróun mála og að vera stjórnvöldum til ráðuneytis við stefnumótandi ákvarðanir.

Í ritstjórnargreinum Alþýðublaðsins hefur sú skoðun verið sett fram, að Íslendingar eigi að krefjast fullgildrar þátttöku í störfum hermálanefndar NATO. Aðild að henni kallar á það, að á vegum utanríkisráðuneytisins starfi sérfróðir aðilar um hernaðar- og öryggismál er geti lagt hlutlægt mat á tæknilegar upplýsingar út frá séríslenskum hagsmunum. Spurningin um það, hvort varnarviðbúnaður fullnægi strängustu kröfum um öryggi íslenskra borgara, er t. d. stöðugt matsatriði.

Þannig eru allir stuðningsflokkar Atlantshafsbandalagsins hér á landi á einu máli um það, að innlend sérfræðiþekking á sviði hermála sé nauðsynleg. Þrátt fyrir andstöðu Alþýðubandalagsins við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið verður því vart trúað að óreyndu með tilliti til þess, hve sá flokkur leggur mikla áherslu í málflutningi sínum á íslenska hagsmuni í varnar- og öryggismálum, að Alþýðubandalagið mundi vera andvígt því að íslensk stjórnvöld ráði á hverjum tíma yfir sérfræðilegri þekkingu í varnar- og öryggismálum.

Embætti af því tagi, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, yrði að hafa á að skipa starfsliði, sem bæði hefði herfræðilega (strategiska) þekkingu og almenna hernaðarþekkingu. Miðað við núverandi skiptingu starfa milli ráðuneyta væri eðlilegast að embætti þetta félli beint undir utanríkisráðherra, eins og varnarmáladeild gerir nú, en verkefni hennar eru fyrst og fremst fólgin í hvers konar stjórnsýslulegum samskiptum við varnarliðið og skipulagningu verklegra framkvæmda á þess vegum. Verkefnaskipting milli hins nýja embættis og varnarmáladeildar eða innan varnarmáladeildar yrði ákveðin af utanríkisráðherra. Verkefni þessa embættis væru að annast mat á herfræðilegri stöðu Íslands, varnarþörfum landsins og að gera tillögur um hvernig öryggi Íslands verði best tryggt. Embættið mundi annast öll samskipti Íslands við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið á sviði hermála og öryggismála innan utanríkisráðuneytisins og í fullri samvinnu við önnur viðkomandi stjórnvöld og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hvað eina sem snertir þjóðaröryggi og varnarmál Íslands."

Sþ. 50. Þjóðhagsáætlun

fyrir árið 1982.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 22. október 1981.)

EFNISYFIRLIT

Inngangur .....

I. Markmið .....
1. Atvinnuöryggi .....
2. Frekari hjöðnun verðbólgu .....
3. Launa- og kjaramál .....
4. Jafnvægi í viðskiptum við útlönd .....
5. Vöxtur framleiðslu — bætt lífskjör .....

II. Stefna og ráðstafanir .....
1. Fjármál ríkisins .....
2. Peninga- og lánamál .....
3. Launa- og lífeyrismál .....
4. Verðlagsmál .....
5. Fjárfestingarmál .....
6. Atvinnumál .....

III. Framvinda efnahagsmála 1981 og horfur 1982 .....
Framvindan 1981 .....
1. Utanríkisviðskipti .....
2. Þjóðarútgjöld .....
3. Atvinna .....
4. Verðlag og tekjur .....
5. Ríkisfjármál og peningamál .....
6. Framleiðsla og hagur atvinnuvega .....

Horfur 1982 .....
7. Útflutningsframleiðsla .....
8. Viðskiptakjör .....
9. Verðlag og tekjur .....
10. Þjóðarútgjöld .....
11. Viðskiptajöfnuður .....
12. Þjóðarframleiðsla — þjóðartekjur .....

Inngangur.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981 var lýst helstu markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og þeim viðfangsefnum, sem þessi markmið fólu í sér, við ríkjandi ástand og horfur í efnahagsmálum á síðastliðnu hausti. Þegar þjóðhagsáætlunin var lögð fram, voru ýmsir mikilvægir þættir efnahagsmála enn óráðnir og meðal annars ólokið gerð kjarasamninga. Þjóðhagsáætlun var síðan fylgt eftir með efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar um síðustu áramót, þar sem gerð var nánari grein fyrir efnahagsaðgerðum á þessu ári.

Helstu markmið þessara áætlana voru að tryggja atvinnuöryggi, draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, tryggja kaupmátt og treysta rekstrargrundvöll atvinnuveganna.

Framvinda efnahagsmála á þessu ári hefur um margt orðið hagstæðari en búist var við fyrir ári. Þjóðarframleiðslan eykst að líkindum heldur meira en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun, einkum vegna meiri þorskafla en þar var miðað við. Gengisþróun á þessu ári hefur bætt viðskiptakjör þjóðarinnar, að minnsta kosti um sinn, en enn eru viðskiptakjörin þó mun lakari en þau voru á árinu 1978. Þær sviptingar, sem orðið hafa á erlendum gjaldeyrismörkuðum, hafa hins vegar komið misjafnt niður á hinum ýmsu atvinnugreinum.

Atvinnuástand hefur almennt verið gott og þegar á heildina er litið hefur reyndar enn gætt umframeftirspurnar eftir vinnuafli, þótt erfiðleikar hafi komið fram á nokkrum stöðum. Verðbólga hefur hjaðnað verulega frá því sem var á síðustu tveimur árum, og útlit er fyrir, að hún verði um 40% frá upphafi til loka þessa árs, eins og stefnt var að í efnahagsáætluninni um áramót. Þetta hefur leitt til þess, að kaupmáttur ráðstöfunartekna og kauptaxta verður ívið meiri á árinu en horfur voru á að mati Þjóðhagsstofnunar að loknum kjarasamningum. Einnig eru nú horfur á, að viðskiptahalli verði óverulegur og töluvert minni en á árinu 1980. Þótt þannig hafi margt áunnist á þessu ári, er brýnt að treysta þann árangur, sem náðst hefur, og ná frekari árangri á næsta ári. Þetta á ekki síst við um hjöðnun verðbólgunnar en tryggja verður áframhaldandi hjöðnun hennar í áföngum. Þótt mikilvægur áfangi hafi náðst á þessu ári í baráttunni við verðbólguna, er hún enn mikil og ávallt hætta á að hún fari vaxandi á ný.

Efnahagsástandið í heiminum einkennist enn af hægum hagvexti eða jafnvel samdrætti í mörgum löndum, miklu og vaxandi atvinnuleysi og verulegri verðbólgu. Þótt vonast sé til, að efnahagsástand í heiminum batni heldur á næsta ári, þá munu erfiðleikar í alþjóðaefnahagsmálum og hin óhagstæða þróun að undanförnu óhjákvæmilega hafa áhrif á þjóðarbúskap okkar. Ástand fiskstofna og lök viðskiptakjör setja vexti þjóðarframleiðslu og -tekna þröngar skorður um sinn. Þeim mun mikilvægara er að stefna að auknum hagvexti í framtíðinni, ekki síst með nýtingu orkulindanna.

Í fyrsta hluta þessarar skýrslu er gerð grein fyrir markmiðum efnahagsstefnunnar. Í öðrum hlutanum er gerð grein fyrir stefnu og ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og í þriðja hlutanum er lýst framvindu og horfum í efnahagsmálum, eins og þær virðast í vetrarbyrjun 1981. Fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 eru reist á sömu markmiðum í efnahagsmálum.

I.

Markmið.

1. Atvinnuöryggi.

Ríkisstjórnin leggur megináherslu á að tryggja næga og örugga atvinnu. Atvinnuástand hefur verið gott á þessu ári, þrátt fyrir einstök staðbundin vandamál og vissa erfiðleika í

sumum greinum atvinnulífsins. En brugðist hefur verið við þessum vanda og næg atvinna tryggð, þannig að atvinnuástand er með besta móti hér á landi, bæði þegar borið er saman við undanfarin ár og ekki síður þegar horft er til annarra landa.

Gagnstætt reynslu annarra þjóða er vandi efnahagsstjórnar hér á landi ekki síður fólginn í að koma í veg fyrir afleiðingar af ofþenslu í einstökum greinum og á ákveðnum árstíma en að viðhalda fullri atvinnu. Í þessu skyni vinnur ríkisstjórnin nú að því að framkvæmdum sé dreift meira yfir árið en gert hefur verið og jafnframt tekið aukið tillit til sérstakra aðstæðna á hverjum stað. Nauðsynleg forsenda slíkra vinnubragða er aukin upplýsingaöflun um framkvæmdafyrirætlanir og atvinnuástand.

Þegar litið er til skamms tíma er við ákveðna erfiðleika að etja í sumum greinum sjávarútvegsins, einkum í frystingu, svo og útflutnings- og samkeppnisiðnaði, m. a. vegna óvenju mikilla sviptinga í alþjóðaefnahagsmálum. Til lengri tíma litið er brýnasta viðfangsefnið vöxtur þjóðarframleiðslu með orkunýtingu og iðnaði. Á þann hátt má tryggja næga atvinnu um leið og stuðlað er að jafnvægi í byggð landsins.

2. Frekari hjöðnun verðbólgu.

Mikilvægur áfangi hefur náðst á þessu ári í baráttunni við verðbólgu. Í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá áramótum var sett fram það meginmarkmið að draga svo úr hraða verðbólgunnar, að hún lækkaði í um 40% á árinu, mælt frá byrjun til loka árs. Horfur eru á, að þessu markmiði verði náð, og verðbólgan hjaðni því úr 60% á árinu 1980 í 40% 1981. Þessum árangri er náð án þess að kaupmátturinn rýrni frá því, sem búist var við að hann yrði, er efnahagsaðgerðirnar um áramótin voru ákveðnar.

Á komandi ári mun ríkisstjórnin leggja höfuðáherslu á að þrýsta verðbólgunni enn verulega niður í samræmi við það meginmarkmið að koma henni svo fljótt sem kostur er niður á svipað stig og er í helstu viðskiptalöndum okkar. Ríkisstjórnin telur æskilegt að ná hlutfallslega svipuðum árangri á árinu 1982 og á þessu ári, en tölulegt markmið verður ákveðið, þegar betri upplýsingar liggja fyrir um þróun ýmissa þátta efnahagsmála, sem enn eru óljósir. Árangri í baráttunni við verðbólguna verður að ná með samstilltu átaki í þjóðfélaginu og aðhaldssamri og sterkri efnahagsstjórn án þess að til atvinnuleysis komi, eða að gengið verði á kaupmátt ráðstöfunartekna.

Heldur hefur dregið úr verðbólgu í flestum löndum heims á þessu ári, en árangurinn hefur verið seintekinn og víða óviss. Í OECD-löndum er nú gert ráð fyrir, að verðbólgan á árinu 1982 verði á bilinu 9—10% að meðaltali, samanborið við 10—11% á þessu ári og 12% 1980. Af þessum tölum má glöggt marka, að verulega hefur dregið úr þeim mun, sem verið hefur á verðbólgu hér og í öðrum löndum. Það er markmið ríkisstjórnarinnar að þessi munur verði enn minnkaður verulega á næsta ári. Það verður hins vegar torsótt, ef jafnframt á að tryggja næga atvinnu og kaupmátt, og til þess þarf samstillt átak ríkisstjórnarinnar og annarra áhrifaaðila í hagkerfinu.

3. Launa- og kjaramál.

Á þessu ári hefur ríkt friður á vinnumarkaðnum. Kjarasamningar eru nú almennt að renna út og undirbúningur undir næstu kjarasamninga er í fullum gangi. Ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á að samningar um launa- og kjaramál verði gerðir með samstarfi og samráði á breiðum grunni og niðurstöður þeirra samrýmist efnahagslegum markmiðum hennar um hjöðnun verðbólgu í áföngum og jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Jafnframt leggur ríkisstjórnin áherslu á að í kjarasamningunum verði lagður hornsteinn að farsælli launa- og kjarastefnu fyrir næstu ár, sem í senn skili árangri í baráttunni við verðbólguna og bæti lífskjör í landinu.

Það er grundvallarstefna ríkisstjórnarinnar, að það sé verkefni samtaka launþega og

atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. En til þess að stuðla að gerð kjarasamninga, sem samrýmist markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, er hún reiðubúin til að beita sér fyrir ráðstöfunum í því efni eftir því sem aðstæður leyfa.

4. Jafnvægi í viðskiptum við útlönd.

Ríkisstjórnin mun stefna að því, að jafnvægi náist í viðskiptum við útlönd á árinu 1982.

Eins og nú horfir í utanríkisviðskiptum, er líklegt að talsvert dragi úr halla á viðskiptajöfnuði á árinu 1981 samanborið við fyrra ár. Á árinu 1980 nam viðskiptahalli 2,4% af þjóðarframleiðslu, en í ár stefnir í aðeins 0,5% halla, eða um 100 milljónir króna. Viðskiptahalli undanfarinna tveggja ára á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til halla á þjónustuviðskiptum, einkum vegna hárra vaxta á erlendum lánamörkuðum og erfiðleika í samgöngugreinum. Á árinu 1982 er gert ráð fyrir samdrætti í fjárfestingu, sem hefur í för með sér, að innflutningur á fjárfestingarvöru minnkar. Með hliðsjón af því mætti búast við meiri afgangi á vöruskiptareikningi en í ár, til að mæta halla á þjónustujöfnuði, ef þjóðarútgjöld fara ekki fram úr því, sem hér verður miðað við.

5. Vöxtur framleiðslu — bætt lífskjör.

Þau fjögur markmið, sem greint var frá hér að framan, varða einkum viðfangsefni hagstjórnar til skamms tíma, til eins eða tveggja ára. En á sama tíma og gerðar eru ráðstafanir til að tryggja árangur í efnahagsmálum á þessu og næsta ári, er þýðingarmikið að leggja grundvöll að frekari uppbyggingu atvinnulífsins með það langtímamarkmið að leiðarljósi að auka framleiðslu og bæta lífskjör og lífsskilyrði á næstu árum og áratugum. Í þessu skyni þarf bæði að efla og styrkja undirstöðu hefðbundinna atvinnugreina og byggja upp nýjar í tengslum við nýtingu orkulinda landsins. Þessu verkefni má skipta í þrjá höfuðþætti.

Í fyrsta lagi þarf að efla rannsóknir á íslenskum auðlindum og rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnulífsins og til undirbúnings nýjum atvinnugreinum. Þetta er afar þýðingarmikill aflvaki framþróunar, enda hefur það sýnt sig, að þær þjóðir, sem lagt hafa áherslu á þennan þátt, hafa að jafnaði notið meiri hagvaxtar og hagsældar en aðrar þjóðir. Sama máli gegnir um ráðgjafaþjónustu og aðstoð við rannsóknarstarfsemi, vöruþróun og markaðsstarfsemi erlendis.

Í öðru lagi mun ríkisstjórnin leggja áherslu á ráðstafanir til að auka framleiðni og framleiðsluverðmæti í atvinnuvegum landsmanna, þannig að þeir geti staðist harðnandi samkeppni bæði heima fyrir og á erlendum mörkuðum og séð vaxandi fjölda fólks fyrir atvinnu við góðan aðbúnað og kjör. Fylgjast verður vel með því, hvernig samkeppnisstaða einstakra atvinnugreina þróast hér á landi og hvernig líklegt er, að hún muni þróast í framtíðinni. Í þessu sambandi ber að kappkosta að innlend fyrirtæki lagi sig að breytilegum ytri aðstæðum og framleiðni og afköst séu sambærileg við það sem er í erlendum samkeppnisfyrirtækjum. Um leið verður að forðast að styðja við atvinnugreinar og fyrirtæki, sem lítil von er til að standist erlenda samkeppni til lengdar við eðlileg skilyrði eða geti veitt Íslendingum þau lífskjör og lífsskilyrði, sem að er stefnt.

Mikilvægur þáttur í atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar er að skapa atvinnuvegunum sömu starfsskilyrði. Starfsskilyrðanefnd, sem ríkisstjórnin skipaði í september 1980, hefur nú fyrir skömmu skilað áfangaskýrslu og er þar gerð grein fyrir margs konar misvægi í starfsskilyrðum atvinnuveganna. Í framhaldi af vinnu Starfsskilyrðanefndar kannar ríkisstjórnin nú leiðir til að jafna starfsskilyrðin, jafnframt því sem nefndin heldur áfram störfum.

Þriðji meginþáttur atvinnustefnunnar er nýting orkulinda landsins til að draga svo sem verða má úr innflutningi á olíuvörum og til uppbyggingar innlendra fyrirtækja, sem byggja á mikilli orkunotkun. Í þessu skyni hefur ríkisstjórnin þegar aflað heimilda til að reisa og reka fjórar vatnsaflsvirkjanir, auk heimildar til stækkunar Hrauneyjafossvirkjunar og ráðstafana

til að tryggja betur en nú er rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og auka orkuvinnslugetu þeirra. Ríkisstjórnin mun innan skamms leggja fyrir Alþingi tillögur um framkvæmdaröð við virkjunarframkvæmdir í samræmi við lög um raforkuver, lög nr. 60/1981. Á næstu 10—15 árum er gert ráð fyrir að unnt sé að reisa þær virkjanir, sem heimilda hefur verið aflað fyrir en virkjunarhraðinn hlýtur þó fyrst og fremst að ráðast af orkunýtingu umfram almennan markað á grundvelli stefnu stjórnvalda, meðal annars um forræði landsmanna yfir orkufrekum iðnfyrirtækjum. Má því gera ráð fyrir, að framkvæmdir við einstakar virkjanir geti skarast töluvert, eftir því sem orkunýting gefur tilefni til.

Meginverkefnin í raforkuframkvæmdum á næstunni verða:

— að ljúka virkjunarframkvæmdum við Hrauneyjafoss.
— að auka vatnsöflun til núverandi orkuvera og tryggja rekstur þeirra.
— að halda áfram undirbúningi og hefja framkvæmdir við næstu stórvirkjanir fyrir landskerfið.
— að ljúka hringtengingu byggðalína og auka flutningsgetu og öryggi raforkukerfisins.

Um framkvæmdaáform og virkjunarstefnu ríkisstjórnarinnar er nánar fjallað í lögum nr. 60/1981 um raforkuver og greinargerð er fylgdi frumvarpi til þeirra laga.

Í tengslum við þessa virkjunarstefnu vinnur Orkustefnunefnd ríkisstjórnarinnar og iðnaðarráðuneytið nú að athugun og undirbúningi framkvæmda á sviði orkufreks iðnaðar. Ýmis verkefni liggja nú þannig fyrir, að um beinar framkvæmdir gæti verið að ræða á tímabilinu 1982—1987 ef hagkvæmniathuganir reynast jákvæðar. Þannig eru til athugunar forsendur fyrir hugsanlegri stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, framkvæmdir við natríumklóratverksmiðju á Suðvesturlandi og pappírsmassaverksmiðju á Húsavík. Auk þess væri unnt frá tæknilegu sjónarmiði að stækka álverið í Straumsvík og auka framleiðslugetu þess um 20—40 þús. tonn á þessu tímabili. Að þessum verkefnum ásamt öðrum, sem hugsuð eru til lengri tíma, verður unnið áfram þannig að ákvarðanir megi taka á traustum forsendum um hagkvæmni, markað og aðra þætti.

II.

Stefna og ráðstafanir.

Ráðstafanir í efnahagsmálum mótast sem fyrr af þeim markmiðum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Efnahagsstefnan miðar að því að treysta þann árangur, sem náðst hefur á ýmsum sviðum, og fylgja honum eftir með ráðstöfunum í því skyni að draga úr verðbólgu án þess að stefna atvinnuöryggi í hættu. Verðbólgan er enn helsta vandamál íslensks efnahagslífs og viðfangsefni efnahagsstjórnar er því sem fyrr að beita víðtækum aðgerðum í því skyni að draga úr henni án þess að fórna öðrum markmiðum.

1. Fjármál ríkisins.

Í fjárlögum ársins 1981 var stefnt að nokkrum rekstrarafgangi auk þess sem ráðgert var að greiða verulega af skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann. Með þessu væri fjármálastjórnin enn styrkt eftir verulegan árangur í þá átt síðustu árin. Það sem af er árinu, þ. e. til ágústloka, er greiðsluafkoma ríkissjóðs heldur betri en á sama tíma í fyrra og áætlanir benda til þess að markmiði fjárlaga um greiðsluafgang verði náð og greitt verður af skuldinni við Seðlabankann.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1982 mótast af sömu aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum og fylgt hefur verið á þessu ári. Skattar verða ekki hækkaðir en útgjöldum haldið í skefjum og því stefnt að verulegum rekstrarafgangi. Samkvæmt frumvarpinu verða heildartekjur ríkis-

sjóðs um 7 800 milljónir króna. Útgjöld verða 7 648 milljónir króna eða um 28% af áætlaðri þjóðarframleiðslu og er það svipað hlutfall og búist er við á árinu 1981. Tekjuafgangur verður þannig 151 milljón króna. Afborganir af lánum umfram nýjar lántökur og greiðsla viðskiptaskulda eru áformaðar 94 milljónir króna og greiðsluafgangur er því 57 milljónir króna. Í afborgunum lána eru meðtaldar 120 milljónir króna til Seðlabanka og samkvæmt þessu mun ríkissjóður bæta stöðu sína við bankakerfið um nær 200 milljónir króna eða nær 1% af þjóðarframleiðslu. Þetta hefur veruleg aðhaldsáhrif á þróun peningamála.

Miklar breytingar voru gerðar á lögum um tekju- og eignarskatt á síðastliðnu vori og þá lagfærðir ýmsir ágallar, sem reyndust vera á hinum nýju skattalögum. Jafnframt voru skattar á lágum tekjum og miðlungstekjum lækkaðir með lækkun sjúkratryggingagjalds. Í framhaldi af þessum breytingum hefur frumvarp til laga um samtímagreiðslu beinna skatta verið undirbúið og verður það lagt fram á þessu hausti. Þá er jafnframt unnið að endurskoðun á tekjuöflunarkerfi óbeinna skatta, eins og nánar er greint frá í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins.

2. Peninga- og lánamál.

Stefna ríkisstjórnarinnar í peningamálum hefur beinst að því að koma á jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum og gæta aðhalds í útlánum bankakerfisins, þannig að peningamálin verkuðu sem afl í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr verðbólgu og ná jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Stefnan í peningamálum ásamt ríkisfjármálum er einn grundvallarþáttur efnahagsstefnunnar og ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á að beita þessum hagstjórnartækjum á samstilltan hátt til að draga úr verðbólgu.

Talsverður árangur hefur náðst í peninga- og lánamálum á þessu ári. Fjármagnsmarkaðurinn er nú í betra jafnvægi en um langt árabil. Í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar frá síðustu áramótum var mörkuð sú meginstefna, að verðtryggja innlán, sem bundin voru til lengri tíma en 6 mánaða, og samfara minnkandi verðbólgu hefur tekist að verðtryggja flestar tegundir inn- og útlána, þrátt fyrir að vextir hafi tvívegis verið lækkaðir á árinu. Þessi stefna hefur leitt til þess, að sparnaður hefur aukist verulega og innlendur fjármagnsmarkaður styrkst. Gert er ráð fyrir, að hlutfall innlána í innlánsstofnunum af þjóðarframleiðslu hækki í 26,5% á þessu ári úr 23,8% í fyrra. Horfur eru á að þessi þróun haldi áfram á árinu 1982 og hlutfall innlána af þjóðarframleiðslu hækki í 29% og yrði þá hærra en verið hefur síðustu 8 árin. Þessi umskipti í peningamálum skapa grundvöll til að styrkja og endurskipuleggja bankakerfið til að fást við fleiri og viðameiri verkefni en áður, um leið og unnt ætti að vera að draga úr erlendum lántökum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar var að því stefnt sem meginreglu, að greiðslubyrði af erlendum lánum yrði ekki meiri en um 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Þó var við það miðað, að efri mörk erlendrar lántöku yrðu ákveðin nánar með hliðsjón af eðli framkvæmda og með tilliti til gjaldeyrissparnaðar og gjaldeyrisöflunar. Horfur eru á, að á þessu ári verði greiðslubyrðin 16—17% af útflutningstekjum, meðal annars vegna hárra vaxta á erlendum lánamörkuðum og mikilla framkvæmda í orku- og samgöngumálum.

Annar meginþáttur peningamálastefnunnar hefur beinst að því að hafa strangt taumhald á útlánum bankakerfisins. Í september á síðasta ári var gripið til sérstakra ráðstafana til að hefta þróun útlána, sem hafði verið ákaflega óhagstæð framan af ári. Auk útlánasamkomulags voru vextir af yfirdráttarlánum innlánsstofnana við Seðlabankann hækkaðir og einnig dagvextir af innlánum þessara stofnana í Seðlabankanum. Þessar ráðstafanir báru allgóðan árangur og batnaði lausafjárstaða innlánsstofnana stórlega á síðustu mánuðum ársins. Það kom hins vegar í ljós í upphafi þessa árs, að viðbótarráðstafana var þörf til að halda útlánaþróun innan marka stefnunnar í efnahagsmálum. Í þessu skyni beitti ríkisstjórnin sér fyrir lagasetningu í lok aprílmánaðar um sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, en með beitingu þeirra ákvæða getur Seðlabankinn dregið úr

útlánagetu innlánsstofnana, þegar ástæða þykir til. Hefur þessu ákvæði verið beitt á undanförnum mánuðum. Í öðru lagi voru vextir af óumsömdum yfirdrætti innlánsstofnana við Seðlabankann hækkaðir úr 4,75% í 5% á mánuði, sem jafngildir nær 80% á ári.

Ljóst er, að útlánastefnan hefur borið góðan árangur í samanburði við fyrra ár. Það er hins vegar nauðsynlegt að benda á, að aukning peningamagns og útlána virðist enn vera talsvert umfram almennar verðlagsbreytingar af margvíslegum ástæðum, meðal annars vegna þeirrar jákvæðu þróunar að sparnaður innan bankakerfisins hefur aukist, eins og áður var nefnt. Peningamálastefna ríkisstjórnarinnar á árinu 1982 verður því enn að beinast að því að halda aftur af þróun helstu peningastærða, þannig að peningamálin styðji þá viðleitni ríkisstjórnarinnar að draga verulega úr verðbólgu. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að efla áætlunargerð um peningamálin með það fyrir augum að auðveldara verði að bregða skjótt við, ef þróunin stefnir í aðra átt en samrýmist stefnunni í efnahagsmálum.

Í gengismálum miðar ríkisstjórnin við, að gengisskráningu verði þannig hagað, að til langs tíma sé viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna sé tryggður og þeirra atvinnugreina, sem eiga í samkeppni við innflutning. Ríkisstjórnin mun jafnframt leggja áherslu á að miða stefnuna í gengismálum við, að gengið verði sem stöðugast á næstu árum.

3. Launa- og lífeyrismál.

Í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá síðustu áramótum var stefnt að því að tryggja kaupmátt launa. Með þeim efnahagsráðstöfunum, er þá voru gerðar, var tekið mið af því, að kaupmáttur launa undir lok ársins yrði ekki lakari en þá var útlit fyrir að yrði að óheftum víxlgangi verðlags og launa. Kaupmáttur launa nú er meiri en horfur voru á í lok síðasta árs, áður en gripið var til efnahagsráðstafana um áramót. Þetta hefur orðið, þrátt fyrir takmörkun á verðbótahækkun launa 1. mars síðastliðinn. Ástæðan er sú, að verðbólga hefur verið mun minni en horfur voru á undir lok síðasta árs. Það má rekja til þeirra efnahagsráðstafana, sem ákveðnar voru um áramótin, og einnig hefur hagstæð gengisþróun þegar á heildina er litið, haft umtalsverð áhrif. Hjöðnun verðbólgu hefur þó átt stærstan þátt í því að treysta kaupmátt launa. Á árinu öllu verður kaupmáttur kauptaxta allra launþega líklega um 1% minni en á árinu 1980, en kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verður hins vegar um 1% meiri en á síðasta ári. Við lok þessa árs verður kaupmáttur launa svipaður og að meðaltali á árinu öllu. Eins og áður hefur komið fram, er frekari hjöðnun verðbólgu eitt meginmarkmið efnahagsstefnunnar á næsta ári. Til þess þarf að beita ströngu aðhaldi í ríkisfjármálum, peninga- og lánamálum og fjárfestingarmálum. Slík stefna er hins vegar haldlítil, ef ekki er jafnframt gætt aðhalds í launamálum. Hætt er við, að almenn hækkun grunnlauna muni ekki bæta lífskjör við núverandi aðstæður, en áfram verður að leitast við að tryggja kaupmátt, skapa forsendur fyrir almennri lífskjarabót, jafna lífskjör og tryggja betur hag þeirra, sem lakast eru settir. Ríkisstjórnin er reiðubúin að stuðla að því, eftir því sem aðstæður leyfa. Þetta verður þó aðeins unnt, ef framvinda launamála verður með þeim hætti að samrýmist því markmiði að draga úr verðbólgu.

Á sviði lífeyrismála hafa nú verið samþykkt lög um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda svo og lög um skráningu lífeyrisréttinda og um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Með þessu hefur verið tryggð þátttaka allra starfandi manna í lífeyrissjóðum. Auk þess hafa verið gerðar ýmsar úrbætur í málum lífeyrisþega, svo sem með sérstakri hækkun tekjutryggingar. Með þessu hefur verið unnt að auka kaupmátt lágmarkstekna elli- og örorkulífeyrisþega um 3½% á þessu ári. Þessar og aðrar ráðstafanir hafa mjög bætt kjör þeirra lífeyrisþega, sem ekki njóta fullra réttinda í lífeyrissjóðum. Nú er langt komið undirbúningi að heildarlöggjöf um lífeyrissjóði, þar sem meðal annars verður kveðið á um lágmarksréttindi og skyldur sjóðfélaga. Verður lagt kapp á að ljúka þessu verki sem fyrst.

4. Verðlagsmál.

Í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá áramótum var ákveðið að fylgja mjög aðhaldssamri stefnu í verðlagsmálum á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Þessi ákvörðun var nauðsynlegur þáttur í þeirri heildarstefnu, sem mótuð var í efnahagsmálum á þeim tíma, til að draga úr hraða verðbólgu án þess að skapa atvinnuleysi eða skerða kaupmátt ráðstöfunartekna á árinu frá því, sem orðið hefði án þeirra efnahagsaðgerða, sem þá voru ákveðnar. Að liðnum fyrstu fjórum mánuðum ársins var tekin upp sveigjanlegri stefna í verðlagsmálum og verðhækkanir heimilaðar í samræmi við þá verklagsreglu, að ríkisstjórnin setti ársfjórðungslega meginmarkmið um verðhækkanir. Þessum viðmiðunarmörkum, sem nú eru ákveðin ársfjórðungslega, er ætlað að vera almenn stefnuviðmiðun fyrir meðferð verðlagsmála og tryggja að ekki myndist ósamræmi milli verðlagsstefnu ríkisstjórnarinnar og annarra þátta efnahagsáætlunar hennar.

Það er hins vegar ljóst, að ef ákvarðanir verðlagsyfirvalda eru meira og minna bundnar við fyrirfram ákveðin mörk yfir lengra tímabil, jafnvel þó að um sveigjanlegar meginreglur sé að ræða, er hætta á, að misvægi skapist í efnahagslífinu, vegna þess að atvinnustarfsemi í sífelldri þróun þarfnast mismikilla verðbreytinga. Sveigjanleg stefna í verðlagsmálum er því forsenda heilbrigðrar þróunar atvinnulífs, þegar horft er til lengri tíma. Með þetta í huga var ákveðið, að gildistími laganna um verðlagsaðhald væri einungis til áramóta, og miðað við að færa verðlagskerfið meira í frjálsræðisátt, þegar betra jafnvægi hefði náðst í þjóðarbúskapnum. Í þessu skyni er nú unnið að endurskoðun á verðlagsstefnunni í ljósi efnahagsþróunarinnar á þessu ári og með tilliti til horfa á næstu misserum.

5. Fjárfestingarmál.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir nokkrum samdrætti fjármunamyndunar og að heildarfjárfesting yrði um 26% af þjóðarframleiðslu. Með þessu var stefnt að því að færa fjármunamyndunina nær heildarsparnaði þjóðarbúsins og draga úr viðskiptahalla. Jafnframt var lögð sérstök áhersla á orkuframkvæmdir með tilliti til breyttra aðstæðna í orkumálum í heiminum. Eins og nú horfir, virðist fjármunamyndunin sem hlutfall af þjóðarframleiðslu ætla að verða heldur minni en gert var ráð fyrir í áætluninni eða rúmlega 25% af þjóðarframleiðslu.

Á næsta áratug verður stefnt að stórátaki í orkuöflun og iðnaðaruppbyggingu í tengslum við hana. Á næsta ári verður um undirbúningsframkvæmdir að ræða á sama tíma og líður að lokum stórra verkáfanga í orkuframkvæmdum. Orkuframkvæmdir verða því ekki eins miklar á næsta ári og á síðustu árum. Meðal annars af þessum sökum eru horfur á, að fjárfesting verði lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu en verið hefur síðasta áratuginn, eða innan við fjórðungur. Þetta gefur svigrúm til aukningar orku- og iðnaðarframkvæmda á næstu árum án þess að raska um of jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Jafnframt ætti sú breyting, sem nú er orðin á ávöxtun sparifjár og lánskjörum, að koma á betra jafnvægi milli sparnaðar og fjárfestingar en áður var. Skilyrði til aukningar orkuframkvæmda án þess að þær raski um of efnahagslegu jafnvægi þjóðarbúsins ættu því að vera betri nú en áður.

6. Atvinnumál.

Þegar á heildina er litið hefur atvinnuástand verið gott á þessu ári og Ísland er eitt fárra landa, þar sem teljandi atvinnuleysi fyrirfinnst ekki. Í reynd hefur umframeftirspurn eftir vinnuafli verið stærra vandamál hér á landi en skortur á atvinnu á undanförnum árum, einkum á vissum tímum ársins og í ákveðnum atvinnugreinum. Til þess að bregðast við þessum vanda er nauðsynlegt að skipuleggja framkvæmdir markvissara en áður og lengra fram í tímann, þannig að unnt verði að laga þær betur að atvinnuástandi hverju sinni. Þessu markmiði verður ekki náð, nema bæta upplýsingaöflun um vinnumarkaðinn, sérstaklega

virðist skorta haldgóða vitneskju um eftirspurnarástand á vinnumarkaðnum og er brýnt að bæta úr því.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á aukna upplýsingaöflun og eftirlit með atvinnuástandi og horfum í öllum greinum atvinnulífsins, bæði er varðar hugsanlegt atvinnuleysi og eins ofþenslu á vinnumarkaði. Í samræmi við þetta ákvæði koma fulltrúar Þjóðhagsstofnunar, Vinnumáladeildar félagsmálaráðuneytisins og Kjararannsóknarnefndar til reglubundinna mánaðarlegra funda, þar sem farið er yfir atvinnuþróun og horfur í þeim efnum metnar. Þetta er skref í rétta átt, en ljóst er að endurbæta þarf upplýsingagrundvöllinn, þannig að mat á atvinnuástandi sé ekki háð eins mörgum óvissuþáttum og nú er.

Forsenda nægrar og öruggrar atvinnu fyrir vaxandi fjölda fólks er traust og þróttmikið atvinnulíf. Staða atvinnuveganna verður best styrkt með því að auka framleiðni, hagræðingu og draga úr innlendum kostnaði. Viðfangsefnin eru mörg í þessu efni og á þetta við um allar greinar atvinnulífsins.

Í sjávarútvegi er brýnasta verkefnið að samræma betur fiskveiðar og fiskvinnslu og endurbæta þær stjórnunaraðferðir sem nú eru notaðar í sambandi við fiskveiðistefnuna. Einnig er nauðsynlegt að bregðast við þeim vanda, sem er afleiðing af stórfelldum breytingum í alþjóðaefnahagsmálum og versnandi samkeppnisstöðu íslenskra fiskframleiðenda á Bandaríkjamarkaði. Í þessu skyni verður að tryggja aðlögun fiskvinnslunnar að breyttum aðstæðum um leið og gera þarf átak í markaðs- og sölumálum.

Í samráði við samtök bænda þarf að vinna áfram að þeirri stefnu í landbúnaðarmálum að samræma sem best framleiðslu og innanlandsneyslu, efla nýjar búgreinar og auka fjölbreytni í framleiðslu. Eins og komið hefur fram hér að framan er stefnt að mikilli uppbyggingu í iðnaðar- og orkumálum. Auk þess þarf að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna, en nefnd sem unnið hefur að þessum málum, hefur nú skilað áfangaskýrslu til ríkisstjórnarinnar.

III.

Framvinda efnahagsmála 1981 og horfur 1982.

Framvindan 1981.

Samkvæmt fyrirliggjandi spám fyrir árið 1981 er talið líklegt, að þjóðarframleiðslan vaxi um rösklega 1%. Viðskiptakjör hafa farið batnandi á þessu ári og horfur eru á að þau reynist að meðaltali 1½—2% betri en í fyrra. Þessi bati eykur vöxt þjóðartekna umfram vöxt þjóðarframleiðslu um nær 1% og þjóðartekjur ykjust því um 2% frá fyrra ári. Samkvæmt þessu yrði þjóðarframleiðsla á mann svipuð og á árinu 1980 en þjóðartekjur á mann ykjust um 1%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna er talinn verða um 1% meiri á mann en á árinu 1980.

Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur á mann, viðskiptakjör og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann 1975—1981.
Vísitölur 1970 = 100

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	Spá 1981
Þjóðarframleiðsla á mann							
Vísitölur	122	124	130	135	138	140	140
Breyting frá fyrra ári, %	−3,3	1,6	5,2	3,6	1,9	1,6	0,2
Viðskiptakjör							
Vísitölur	98	110	119	119	108	105	107
Breyting frá fyrra ári, %	−16,0	11,9	8,7	0,2	−9,2	−3,4	1,8
Þjóðartekjur á mann							
Vísitölur	121	128	138	143	140	140	142
Breyting frá fyrra ári, %	−7,0	5,0	8,1	3,6	−2,1	0,4	1,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann							
Vísitölur	130	133	149	161	164	162	164
Breyting frá fyrra ári, %	−11,2	2,0	12,5	8,0	1,6	−1,2	1,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

1. Utanríkisviðskipti.

Fyrstu átta mánuði þessa árs varð heildaraflinn, metinn á föstu verðlagi, mjög áþekkur því sem hann var á sama tíma í fyrra. Botnfiskaflinn var þó sýnu meiri en í fyrra en loðnuaflinn innan við helmingur þess sem hann var tímabilið janúar—ágúst 1980. Horfur eru nú á, að árið allt verði þorskaflinn um 450 þúsund tonn samanborið við 426 þúsund tonn árið 1980. Annar botnfiskafli er einnig talinn verða nokkru meiri en í fyrra. Sé miðað við, að loðnuaflinn á haustvertíð verði svipaður og í fyrra og að fullu verði veitt upp í þann síldarkvóta, sem ákveðinn hefur verið, má ætla að sjávarafurðaframleiðslan verði um 2½% meiri en á árinu 1980. Allmiklar breytingar hafa orðið á samsetningu sjávarafurðaframleiðslunnar á þessu ári, bæði af völdum breytinga á markaðsaðstæðum og markaðsverði og breytinga á afla. Sé miðað við tölur um útflutning og birgðabreytingar fyrstu átta mánuði ársins, sýnist líklegt, að framleiðsla frystiafurða verði nokkru minni en í fyrra og mjöl- og lýsisframleiðslan mun minni, en á hinn bóginn hefur saltfiskverkun og skreiðarverkun aukist að mun á þessu ári. Útflutningur sjávarafurða hefur yfirleitt gengið allvel á þessu ári og birgðahald verið með eðlilegum hætti, en birgðir af saltfiski og skreið hafa verið með mesta móti svo sem búast má við í kjölfar ört vaxandi framleiðslu. Í spám fyrir árið 1981 er nú gert ráð fyrir, að birgðir sjávarafurða verði í árslok meiri en í ársbyrjun vegna mikillar aukningar í skreiðarverkun og þar sem birgðir af frystum karfa hafa safnast fyrir. Ekki er þó fullvíst, að afskipanir, einkum á skreið, verði jafnörar síðustu mánuði ársins og hér er gert ráð fyrir, en það hefði í för með sér að útflutningstölur yrðu að sama skapi lægri en spáin sýnir.

Fyrstu mánuði ársins var dregið verulega úr framleiðslu áls og kísiljárns vegna raforkuskorts og framleiðslan á árinu verður því töluvert minni en nemur fullum afköstum verksmiðjanna. Á hinn bóginn hefur lægð í efnahagslífi í Evrópuríkjum valdið miklum samdrætti í eftirspurn eftir þessum málmum svo og verulegri verðlækkun. Sala kísiljárns hefur þó gengið vel en birgðir hafa safnast fyrir hjá álverksmiðjunni. Samkvæmt þeim áætlunum er fyrir lágu er spáin um útflutningsframleiðsluna var gerð, er reiknað með að álframleiðslan verði 1% meiri en í fyrra. Jafnframt er í spánni gert ráð fyrir svipuðum útflutningi og nemur ársframleiðslunni, en nýjar upplýsingar benda hins vegar til þess, að útflutningshorfur séu nú verri en áður var talið og því verði um nokkra birgðasöfnun að ræða. Framleiðsla kísiljárns

er áætluð þriðjungi meiri en í fyrra og reiknað er með að útflutningur gangi greiðlega. Annar útflutningur er hins vegar talinn verða heldur minni en á árinu 1980. Í heild er útflutningsframleiðslan talin aukast um nær 3% á þessu ári og ef ekki kemur til meiriháttar birgðasöfnunar á skreið eða áli gæti útflutningur aukist nokkru meira eða um 3½%. Þessar horfur eru þó ótryggar og eins og jafnan kann raunar að skipta töluverðu máli í þessu sambandi hvoru megin áramóta afskipanir lenda.

Viðskiptakjörin á fyrri helmingi ársins voru 1,3% betri en að meðaltali á árinu 1980. Viðskiptakjarabatinn stafar af hækkun á gengi dollars gagnvart Evrópumyntum og verðhækkun í dollurum á nokkrum mikilvægum sjávarafurðum. Breytingar útflutningsverðs eru hins vegar mjög mismunandi og á fyrri árshelmingi kom fram veruleg hækkun í dollurum á saltfiski og einnig nokkur á skreið og mjöli og lýsi, en meðalverð frystiafurða var ívið lægra en það var að meðaltali 1980. Síðustu mánuðina hefur mjöl og lýsisverð hins vegar lækkað mikið og sama máli gegnir um verð á saltsíld. Jafnframt hefur dollarverð á saltfiski og skreið lækkað heldur. Á þessu ári hefur orðið mikil lækkun á verði áls, kísilgúrs og kísiljárns svo og á verði ýmissa iðnaðarvara. Innflutningsverð breyttist lítið fyrstu mánuði ársins en fór síðan ört hækkandi. Olíuverð á Rotterdammarkaði hefur lengst af á þessu ári verið lágt að tiltölu við heimsmarkaðsverð á hráolíu. Verðið er hins vegar í dollurum og vegna gengishækkunar hans hækkar olíuverð í krónum að líkindum meira en annað innflutningsverð. Fyrir árið allt er því nú spáð, að útflutningsverð hækki um 10% miðað við fast meðalgengi en innflutningsverð um 8% og viðskiptakjörin verði því 1½—2% betri en á árinu 1980.

Þróun vöruinnflutnings hefur verið nokkuð sveiflukennd á þessu ári. Innflutningur var fremur lítill tvo fyrstu mánuði ársins en óx svo hröðum skrefum fram til júní. Eftir það hefur dregið úr aukningunni og er þess að vænta að framhald verði á því næstu mánuði. Fyrstu átta mánuði ársins varð vöruinnflutningurinn 1,2% meiri en á sama tíma í fyrra, sé reiknað á föstu gengi. Sérstakur innflutningur fjárfestingarvöru og rekstrarvöru varð þá fimmtungi minni en í fyrra en almennur vöruinnflutningur um 5% meiri en fyrstu átta mánuði ársins 1980. Hafði olíuinnflutningur dregist saman um 17% en annar almennur vöruinnflutningur aukist um 11%. Fyrir árið allt er nú gert ráð fyrir, að vöruinnflutningur í heild aukist um ½% að raungildi. Innflutningur skipa og flugvéla og til stóriðjuvera verður minni en í fyrra en horfur eru hins vegar taldar á 1% aukningu almenns vöruinnflutnings. Er olíuinnflutningur talinn dragast saman um 9% að raungildi en spáð nær 4% aukningu annars almenns vöruinnflutnings.

Niðurstöður spánna um útflutning og innflutning eru þær, að vöruútflutningur aukist um 3,5% að magni og útflutningsverð á föstu gengi hækki um 10%. Í krónum talið gæti verðbreytingin þá orðið um 49% vegna lækkunar á gengi krónunnar. Vöruútflutningurinn næmi samkvæmt þessu 6 870 milljónum króna. Vöruinnflutningurinn yrði samkvæmt spánni samtals 6 350 milljónir króna og þá gert ráð fyrir 0,6% magnaukningu, 8% verðhækkun á föstu gengi og rösklega 46% verðbreytingu í krónum. Samkvæmt spánni yrði því afgangur á vöruskiptajöfnuði sem næmi 520 milljónum króna eða um 2½% af þjóðarframleiðslu samanborið við um 1% afgang á árinu 1980. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að birgðasöfnun útflutningsvöru kann að reynast meiri en hér er reiknað með, eins og áður er um rætt, og vöruskiptaafgangurinn því orðið minni en ella.

Áætlað er, að töluverður halli hafi orðið á þjónustuviðskiptum á fyrri hluta ársins. Fyrir árið allt er nú búist við, að um 620 milljón króna halli verði á þjónustujöfnuði eða sem nemur 3% af þjóðarframleiðslu samanborið við um 3½% halla á árinu 1980. Meginástæður hallans eru sem fyrr auknar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum, bæði vegna mjög hárra vaxta á alþjóðalánamarkaði og hækkunar erlendra lána, halli á samgöngureikningi og töluverð útgjöld vegna utanferða umfram tekjur af erlendum ferðamönnum.

Samkvæmt þeim spám, sem hér hafa verið raktar, verður halli á viðskiptajöfnuðinum við útlönd sem nemur 100 milljónum króna. Þetta er um ½% af þjóðarframleiðslu en á

árinu 1980 var viðskiptahalli nær 2½% af þjóðarframleiðslu þess árs. Áætlað er, að nýjar lántökur til langs tíma umfram afborganir eldri lána nemi 1 035 milljónum króna og er þetta svipuð skuldaaukning og í fyrra. Vegna útstreymis á öðrum fjármagnsliðum í heild er fjármagnsjöfnuður alls áætlaður hagstæður um 500 milljónir króna. Þar af ganga 100 milljónir til að mæta viðskiptahallanum en gjaldeyrisstaðan batnar um 400 milljónir króna. Greiðslubyrði af erlendum lánum er áætluð svara til 16—17% af útflutningstekjum á árinu 1981 samanborið við 14,1% á árinu 1980.

2. Þjóðarútgjöld.

Áætlanir um kaupmátt ráðstöfunartekna einstaklinga benda til nokkurrar aukningar einkaneyslu á árinu 1981. Hið sama gildir um tölur um útgjöld og söluskattsveltu en þær hafa raunar sýnt mjög mismiklar breytingar á þessu ári. Samkvæmt innheimtutölum ríkisbókhalds virðist velta söluskattskyldrar vöru og þjónustu fyrstu sjö mánuði ársins hafa orðið um 3% meiri að raungildi en á sama tíma í fyrra. Innflutningur neysluvöru á fyrri helmingi ársins varð um 2% meiri en í sömu mánuðum á síðastliðnu ári. Sala gasolíu til húshitunar hefur dregist töluvert saman á árinu en bensínsala aukist nokkuð. Almenn raforkunotkun jókst um 6% á fyrri hluta ársins og reikna má með að notkun hitaveitu hafi aukist að mun. Sala áfengis það sem af er árinu hefur verið heldur minni en í fyrra en tóbakssala hefur aukist. Sala mjólkurafurða hefur loks verið álíka mikil og í fyrra. Miðað við þessar vísbendingar og á grundvelli áætlana um kaupmátt ráðstöfunartekna er nú gert ráð fyrir, að einkaneysla aukist um 2% í heild á þessu ári. Jafnframt er reiknað með um 2% aukningu samneyslu.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er gerð ítarleg grein fyrir fjárfestingarspá fyrir þetta ár. Í heild er því spáð, að fjármunamyndunin verði um 4% minni að raungildi í ár en í fyrra. Þar af er gert ráð fyrir að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 8%, íbúðabyggingar verði um 5% minni en í fyrra en opinberar framkvæmdir um 1% meiri. Orkuframkvæmdir voru auknar mjög mikið á árinu 1980 og eru í ár taldar verða álíka miklar að vöxtum og í fyrra.

Spárnar um þjóðarútgjöld, sem hér hafa verið raktar, fela í sér, að neysla og fjármunamyndun aukist samtals um ½% á árinu 1981. Samkvæmt spánni er ekki gert ráð fyrir verulegum birgðabreytingum á árinu en nokkurrar birgðasöfnunar gætti hins vegar á síðastliðnu ári.

Í þessu felst að í spánni fyrir árið 1981 eru þjóðarútgjöldin að meðtöldum birgðabreytingum talin verða svipuð að raungildi og á árinu 1980.

3. Atvinna.

Þegar á heildina er litið, verður varla annað sagt en atvinnuástandið sé almennt gott um þessar mundir. Fyrstu átta mánuði þessa árs voru að meðaltali 413 manns skráðir atvinnulausir á landinu öllu samanborið við 341 á sama tíma í fyrra og 429 árið 1979. Þetta svarar til 0,4% af heildarmannafla á þessu ári, samanborið við 0,3% í fyrra og 0,4% á árinu 1979. Þegar atvinnuleysisskráningin eftir mánuðum er athuguð, kemur í ljós, að fyrstu mánuðir þessa árs eru venju fremur erfiðir og skráð atvinnuleysi með mesta móti samanborið við undanfarin ár. Orsakir þessa má vafalaust að mestu rekja til slæms tíðarfars og gæftaleysis, sem leiddi til samdráttar í byggingarstarfsemi og fiskvinnslu víða um landið. Á hinn bóginn snerist þessi þróun við, þegar líða tók á sumarið, og var skráð atvinnuleysi þá svipað og á undanförnum árum. Þó hefur gætt nokkurra staðbundinna erfiðleika umfram það, sem áður var, til dæmis á Akureyri. Þess ber að vísu að gæta, að frá og með júlímánuði síðastliðnum eru tölur um skráð atvinnuleysi ekki með öllu sambærilegar við tölur fyrri ára, þar sem reglum um atvinnuleysisskráningu hefur verið breytt og eru rýmri en áður. Má ætla, að þessar breytingar einar sér fjölgi skráðum atvinnuleysisdögum töluvert. Samanburður á

skráðum atvinnuleysisdögum síðari hluta þessa árs og tölum fyrri ára er því ekki einhlítur mælikvarði á breytingar á atvinnuástandinu.

Upplýsingar um breytingar á vinnutíma einstakra atvinnustétta á árinu 1981 eru enn af skornum skammti, en tölur um fyrsta fjórðung þessa árs benda ekki til verulegra breytinga frá sama tíma 1980, þegar á heildina er litið. Tölurnar sýna á hinn bóginn, að vinnutími verkamanna á höfuðborgarsvæðinu hefur lengst nokkuð, eða sem nemur 2 stundum á viku, en vinnutími verkamanna utan höfuðborgarsvæðisins hefur styst að sama skapi.

4. Verðlag og tekjur.

Horfur eru á, að verðbólgan, mæld frá upphafi til loka árs á mælikvarða framfærsluvísitölunnar, verði um 40%, eins og að var stefnt í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá áramótum. Verðbólgan hefur því hjaðnað verulega á þessu ári. Í febrúar sl. hafði vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 58% frá sama tíma árið áður, frá maí 1980 til maí á þessu ári um 51% og í ágúst var vísitalan 49% hærri en í sama mánuði árið áður. Svipaðrar þróunar gætir þegar litið er til annarra vísitalna.

Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1975—1981.
Vísitölur 1970 = 100.

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	Spá 1981
Tekjur:							
Kauptaxtar launþega	348	436	636	985	1 420	2 143	3 177
Ráðstöfunartekjur einstaklinga á mann	422	560	826	1 284	1 918	2 961	4 486
Verðlag:							
Vísitala framfærslukostnaðar	306	404	527	759	1 104	1 751	2 627
Vísitala byggingarkostnaðar	378	467	607	893	1 313	2 043	3 065
Kaupmáttur:							
Kaupmáttur kauptaxta[1])	114	108	121	130	129	122	121
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann[2])	130	133	149	161	164	162	164
Meðalbreyting frá fyrra ári, %							
Kauptaxtar	27,1	25,4	45,8	55,0	44,1	50,8	48,2
Ráðstöfunartekjur á mann	32,3	32,7	47,5	55,5	49,4	54,4	51,5
Vísitala framfærslukostnaðar	49,0	32,2	30,4	44,1	45,5	58,5	50,0
Vísitala byggingarkostnaðar	42,1	23,5	30,0	47,2	47,0	55,6	50,0
Kaupmáttur kauptaxta	−14,7	−5,1	11,8	7,6	−1,0	−4,9	−1,2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	−11,2	2,0	12,5	8,0	1,6	−1,2	1,0

1) Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
2) Miðað við verðlag einkaneyzlu.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Kauptaxtar launþega hækkuðu almennt í kjarasamningum undir lok síðastliðins árs en hafa á þessu ári breyst með verðbótahækkun launa. Verðbótahækkun launa nam 5,95% 1. mars. Verðbætur hafa síðan hækkað sem næst eins og framfærsluvísitala, eða um 8,10% 1. júní og 8,92% 1. september. Kauptaxtar gætu að meðaltali orðið rösklega 48% hærri á þessu ári en á árinu 1980. Er þá ekki tekið tillit til hugsanlegra áhrifa nýrra kjarasamninga, en samningar stéttarfélaga innan ASÍ eru lausir frá 1. nóvember næstkomandi.

Upplýsingar um þróun tekna á fyrsta fjórðungi ársins og vísbendingar um atvinnu og vinnutíma það sem af er árinu gefa til kynna, að atvinnutekjur aukist meira en nemur hækkun kauptaxta á árinu og sama máli gegnir um aðrar tekjur. Endanlegar tölur um álagningu beinna skatta og fyllri upplýsingar en áður um tekjur ársins 1980 benda til að skattbyrði hafi á því ári verið svipuð og árið 1979 en áður var talið að hún hefði þyngst

nokkuð. Áætlanir um endanlega álagningu í ár og heildartekjur bendir til þess, að skattbyrði verði í heild svipuð og í fyrra, en skattbyrði hefur lést á lágum tekjum en þyngst á háum tekjum. Í heild er áætlað, að ráðstöfunartekjur einstaklinga verði á þessu ári um 51—52% meiri á mann en á árinu 1980. Kaupmáttur ráðstöfunartekna yrði samkvæmt þessu og miðað við áætlaða hækkun framfærsluvísitölu um 1% meiri í ár en í fyrra.

5. Ríkisfjármál og peningamál.

Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir, að innheimtar tekjur yrðu 57 milljónum króna umfram útlögð gjöld eða sem svaraði 1% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu. Greiðsluafgangur var áætlaður 127 milljónir króna og áformað að honum yrði að mestu varið til að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann. Horfur eru á að þetta takist og ríkisrekstrarinn verði í viðunandi jafnvægi á árinu 1981.

Tölur ríkisbókhalds um innheimtar tekjur og útlögð gjöld á rekstrarreikningi ríkissjóðs, A-hluta, hafa það sem af er árinu sýnt fremur lítinn rekstrarhalla. Hallinn hefur þó verið heldur meiri en í fyrra en bæði þessi ár sýna mun hagstæðari útkomu en árin næstu á undan. Í lok september nam rekstrarhallinn frá áramótum 62 milljónum króna eða 1,5% af tekjum ríkissjóðs á þessum tíma samanborið við um 1% á sama tíma í fyrra en um 5% að meðaltali árin 1976—1979.

Fyrstu níu mánuði ársins voru innheimtar tekjur 60% meiri en á sama tíma í fyrra, en sú aukning er 5—6% umfram meðalhækkun framfærsluvísitölu milli þessara tveggja tímabila. Útgjöld höfðu aukist nokkru meira en tekjur, 61%, eða um 6% umfram verðlagshækkun. Í tekjuaukningunni vegur söluskattur þyngst, en innheimta hans var 66% meiri en í fyrra, en í útgjaldaaukningunni fer mest fyrir 77% aukningu útgjalda til tryggingamála.

Tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs, A-hluta, (án lánahreyfinga við Seðlabankann) sýna svipaða mynd og niðurstöður rekstrarreiknings af framvindu ríkisfjármálanna í ár í samanburði við síðastliðið ár. Í september var greiðsluafkoma ríkissjóðs frá áramótum óhagstæð um 27 milljónir króna. Þetta er 0,7% af tekjum en sambærilegt hlutfall var 1,3% í lok september á síðastliðnu ári.

Á tólf mánuðum til ágústloka jókst peningamagn og sparifé um nær 86% þegar með eru taldir áfallnir vextir innlána. Aukning útlána frá innlánsstofnunum var um 64% á sama tímabili. Í lok ágúst var lausafjárstaða innlánsstofnana jákvæð um 186 milljónir króna, en neikvæð um 138 milljónir króna fyrir ári síðan og hafði því batnað um 324 milljónir króna. Gjaldeyrisstaða bankanna var um 1 650 milljónir króna í ágústlok og hafði batnað á heilu ári um 600 milljónir króna, þegar frá er talin hækkun stöðunnar í krónum vegna gengisuppfærslu.

Aukning innlána síðustu 12 mánuði hefur verið meiri en dæmi eru um á heilu ári. Eins er um útlán. Erlendar lántökur hafa stuðlað að aukningu peningamagns. Á tólf mánuðum til júníloka jukust löng erlend lán um 70%, en þá er meðtalin hækkun þeirra vegna gengisbreytinga. Við mikið peningaframboð vegna gjaldeyrisviðskipta bættust árstíðabundnar hreyfingar í greiðsluafkomu ríkissjóðs og afurðalánum Seðlabankans á fyrri hluta ársins. Skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann, sem námu 314 milljónum króna í ársbyrjun, jukust um 234 milljónir króna á fyrsta þriðjungi ársins en lækkuðu um 209 milljónir króna á öðrum þriðjungi og voru í ágústlok orðnar 339 milljónir króna. Sveiflan innan ársins var nú öllu meiri en í fyrra. Endurkaup Seðlabankans jukust um 20% á fyrstu átta mánuðum ársins og á tólf mánuðum til ágústloka nam aukningin um 62%.

Vextir hafa verið lækkaðir tvívegis á árinu með þeirri undantekningu þó að vextir almennra skuldabréfa hækkuðu úr 38% í 40% á ári og mynda nú sameiginlegan vaxtaflokk með skuldabréfum sem áður nefndust vaxtaaukaútlán. Stefnt hefur verið að því að verðtryggja útlán og sparifé og hefur því marki verið náð fyrir flestar tegundir inn- og útlána. Svo

dæmi sé tekið af innlánum bundnum í 12 mánuði má sjá að meðalvextir þeirra á heilu ári til júlíloka voru 45,6% samanborið við 49,2% hækkun framfærsluvísitölu á sama tímabili. Raunvextir miðað við þessa vísitölu teljast því hafa verið −2,4% og hafa þeir ekki verið hærri á þessum flokki innlána síðan árið 1972. Í ágústmánuði var verðbólgustig metið 40,2% og var þá að venju byggt á verðlagshækkunum síðustu 6 mánuði og áætlun fyrir næsta hálfa árið. Við þetta verðbólgustig eru raunvextir 1,9% á 12 mánaða sparifjárreikningum, 0,2% á 3ja mánaða reikningum og 2,7% á skuldabréfalánum svo dæmi séu tekin. Fyrir tveim árum voru sambærilegar tölur á bilinu −24% til −14% svo sjá má að hér er veruleg breyting á orðin, sem stuðlar að aukinni sparifjármyndun, enda þykir nú ljóst, að innlán muni aukast á þessu ári mun örar en tekjur og verðlag.

Allt bendir til þess að útlánaaukning innlánsstofnana á árinu verði meiri en nemur verðlags- og tekjubreytingum, enda hefur útlánageta bankanna aukist samfara auknum innlánum. Ýmsar ráðstafanir hafa þó verið gerðar til að draga úr aukningu útlána viðskiptabankanna. Í lok aprílmánaðar sl. beitti ríkisstjórnin sér fyrir lagasetningu um sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, lög nr. 12/1981. Með beitingu þessara lagaákvæða getur Seðlabankinn dregið úr útlánagetu innlánsstofnana, ef ástæða þykir til. Í júnímánuði nýtti Seðlabankinn sér heimild þessara laga með því að binda 2% heildarinnlána á sérstökum reikningi í Seðlabankanum hinn 10. júní sl. Hlutfallið var hækkað í 3% hinn 10. júlí og í 5% 10. ágúst og var bundna fjárhæðin þá komin í um 230 milljónir króna. Hinn 25. september var hlutfallið lækkað í 3% en hækkað á ný í 5% hinn 10. október. Í öðru lagi breyttust vextir af óumsömdum yfirdrætti innlánsstofnana á viðskiptareikningum við Seðlabanka úr 4,75% í 5% á mánuði, sem svarar til nær 80% á ári. Loks hefur viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum verið gefinn kostur á skammtíma (15 daga) víxillánum frá Seðlabanka upp að vissum mörkum til þess að mæta venjulegum sveiflum lausafjárstöðunnar.

Nokkrar peningastærðir 1975—1980.
Breytingar frá upphafi til loka árs í %.

	1975	1976	1977	1978	1979	1980
Heildarinnlán innlánsstofnana	29,0	32,8	42,9	49,5	58,1	67,1
Veltiinnlán	40,0	19,3	44,2	40,1	52,4	69,6
Almenn spariinnlán	28,3	25,7	40,1	43,2	49,3	65,5
Bundin innlán	20,9	61,9	46,8	63,0	70,9	65,0
Heildarútlán innlánsstofnana	22,4	26,2	42,5	39,9	58,0	57,6
Endurseld útlán	52,2	27,8	65,5	50,0	47,8	69,0
Önnur lán	15,9	25,8	35,8	36,3	62,0	53,5
Peningamagn og sparifé (M3)	29,0	32,5	44,0	48,8	55,9	65,4
Peningamagn og almennt sparifé (M2)	31,5	24,1	42,9	43,4	49,4	65,5
Peningamagn (M1)	36,9	21,7	47,5	40,1	45,8	63,5
Seðlar og mynt í umferð	28,5	28,7	56,5	40,1	29,4	39,6
Grunnfé Seðlabankans	34,2	36,3	55,0	55,3	47,7	75,4
Til samanburðar:						
Breytingar verðlags	40,2	30,5	36,2	42,7	60,1	58,7

Heimild: Seðlabanki Íslands.

6. Framleiðsla og hagur atvinnuvega.

Sjávarútvegur.

Nú eru horfur á að framleiðsla sjávarafurða í heild verði nær 3% meiri en á síðasta ári. Þorskafli verður líklega nokkru meiri en í fyrra og bætir það hag útgerðarinnar frá því sem ella hefði verið. Afkoma útgerðar er þó afar misjöfn og á það einkum við um togaraflotann.

Afkoma stærri togaranna hefur verið erfið á þessu ári og sama gildir einnig um hluta minni togaranna, einkum nýrri skipin, sem bera mikinn fjármagnskostnað, miðað við eldri skip.

Afkoma botnfiskvinnslu í heild hefur líklega ekki verið lakari á þessu ári en nokkur undanfarin ár en afkoma einstakra greina er mjög misjöfn. Þessu veldur mismunandi þróun markaðsverðs auk þess sem gengisþróun á erlendum gjaldeyrismörkuðum kemur mjög misjafnt niður á einstökum greinum. Þetta hefur aftur áhrif á framleiðslu greinanna, sem enn eykur á muninn milli þeirra.

Verð á frystum flökum á Bandaríkjamarkaði hækkaði talsvert á árinu, en hins vegar hefur verð á fiskblokk lækkað. Einnig hefur lækkun á gengi sterlingspunds rýrt tekjur af útflutningi til Bretlands, sem hefur farið vaxandi undanfarin ár. Framleiðsla frystra afurða hefur dregist talsvert saman á árinu auk þess sem samsetning framleiðslunnar hefur verið óhagstæðari en síðustu árin. Við þetta bætist svo birgðasöfnun á karfaflökum fyrir Rússlandsmarkað. Allt þetta veikir stöðu frystingar þannig að hún hefur verið rekin með halla á árinu, þrátt fyrir verðhækkun á flökum á Bandaríkjamarkaði og hækkun á gengi dollars.

Afkoma saltfiskverkunar var góð á síðustu vetrarvertíð, sem er aðalframleiðslutími ársins. Verð á saltfiski hækkaði verulega frá fyrra ári auk þess sem hækkun á gengi dollars kemur greininni til góða. Saltfiskframleiðslan hefur aukist talsvert á þessu ári. Að undanförnu hefur hins vegar gætt nokkurrar verðlækkunar á saltfiski. Afkomuhorfur eru því óvissar um þessar mundir en samningar um sölu á saltfiski á næstu vetrarvertíð munu ráða úrslitum um afkomu greinarinnar á næsta ári. Þar verður að hafa í huga, að gengi mynta helstu viðskiptalanda gagnvart dollar hefur lækkað verulega á árinu og getur það haft áhrif á verðþróunina.

Afkoma skreiðarverkunar hefur einnig verið góð á árinu og framleiðsla mun meiri en í fyrra. Skreiðarverð, sem ákveðið er í dollurum, hefur nú lækkað frá því sem það var fyrr á árinu, og afkomuhorfur í greininni eru því óvissar.

Hagur loðnuveiða og -vinnslu hefur versnað mjög á þessu ári. Afkoman var góð í lok síðasta árs, er markaðsverð á mjöli og lýsi hækkaði. Á þessu ári hefur markaðsverð í dollurum hins vegar lækkað verulega. Mjöl og lýsi er einkum selt á Evrópumarkað, þótt verðið sé skráð í dollurum. Gengishækkun dollars gagnvart Evrópumyntum hefur því fljótt áhrif á dollarverðið til lækkunar. Auk þessa hefur eftirspurn eftir mjöli farið minnkandi. Við þessa óhagstæðu markaðsþróun bætist síðan minni afli á þessu ári en undanfarin ár. Allt þetta gjörbreytir rekstrarstöðu loðnuveiðanna og -vinnslunnar frá því sem verið hefur undanfarin ár. Framan af ári var unnt að mæta þessum erfiðleikum að nokkru með greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði, en innstæða loðnudeildar er nú þrotin.

Aðrar greinar sjávarútvegs, svo sem síldarsöltun, hafa einnig þurft að mæta lækkun afurðaverðs í dollurum á þessu ári.

Aðrar greinar.

Álframleiðsla verður svipuð á þessu ári og í fyrra en veruleg aukning verður í kísiljárnframleiðslu. Fyrstu mánuði ársins virtist framleiðsla í öðrum iðnaði heldur minni en á sama tíma í fyrra en á öðrum ársfjórðungi virðist um aukningu að ræða. Nú eru horfur á, að iðnaðarframleiðslan í heild verði um 1—2% meiri á þessu ári en í fyrra.

Útflutningur áls frá ársbyrjun til ágústloka var talsvert minni en á sama tíma í fyrra og birgðir hafa því aukist. Útflutningur kísiljárns hefur hins vegar aukist nokkurn veginn í hátt við framleiðsluaukninguna. Það sem af er árinu hefur útflutningur annarrar iðnaðarvöru verið svipaður eða ívið meiri en á sama tíma í fyrra. Iðnaðarvörur eru einkum fluttar út til Evrópulanda og lækkun Evrópumynta gagnvart dollar hefur því haft neikvæð áhrif á afkomu þessara greina.

Mjólkurframleiðsla var 7% minni á fyrri hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra, en

samdrátturinn verður þó líklega minni á síðari hluta ársins, þar sem hans var þegar farið að gæta um og eftir mitt ár í fyrra. Mjólkurframleiðslan gæti orðið 4—5% minni en í fyrra en landbúnaðarframleiðslan í heild gæti dregist saman um 2%.

Horfur 1982.

7. Útflutningsframleiðsla.

Útflutningsframleiðsla jókst mjög mikið á síðasta áratug eða að meðaltali um 8% á ári. Sjávarafurðaframleiðslan jókst um rúmlega 7% að meðaltali á ári og önnur framleiðsla til útflutnings jókst einnig verulega, meðal annars vegna stækkunar álverksmiðju og tilkomu kísiljárnframleiðslu. Á árinu 1981 verður aukning útflutningsframleiðslunnar talsvert undir meðaltali síðasta áratugs, þrátt fyrir meiri þorskafla en í fyrra og aukningu kísiljárnframleiðslu. Loðnuafli verður á hinn bóginn mun minni en í fyrra og engin aukning verður í álframleiðslu.

Ekki er reiknað með að afli aukist á næsta ári. Þótt vonir standi til, að loðnuafli geti farið vaxandi á ný á næstu árum, er ekki unnt að reikna með því þegar á næsta ári. Þjóðhagsspá fyrir árið 1982 miðast við nokkurn veginn óbreyttan afla frá því sem er á þessu ári. Á hinn bóginn gæti framleiðsluverðmæti sjávarafurða á föstu verðlagi aukist lítilsháttar, e. t. v. um 2%, en undanfarin ár hefur framleiðsluverðmæti aukist heldur meira en beinar aflatölur gefa til kynna. Nýting sjávarafla hefur þannig batnað nokkuð, þegar litið er á heildartölur, þótt erfitt sé að meta það fyrir einstakar greinar.

Á næsta ári munu álverksmiðjan og járnblendiverksmiðjan fá nægilegt rafmagn til þess að geta starfað með fullum afköstum. Álframleiðsla yrði þá 15% meiri en á þessu ári og kísiljárnframleiðsla rúmlega þriðjungi meiri. Það mun hins vegar ráðast af markaðsaðstæðum, hvort unnt verður að starfrækja verksmiðjurnar með fullum afköstum allt árið. Önnur útflutningsframleiðsla gæti einnig aukist nokkuð, en það fer þó eftir möguleikum ullar- og skinnaiðnaðar til þess að auka útflutning við þær erfiðu markaðsaðstæður, sem nú ríkja.

Á framangreindum forsendum gæti útflutningsframleiðsla vaxið um nálægt 4% á næsta ári en gera verður ráð fyrir nokkurri birgðasöfnun og því ólíklegt að útflutningur aukist um meira en rúmlega 3%. Það væri svipuð útflutningsaukning og spáð er á árinu 1981, en mun minna en árin 1978 til 1980, er aukningin var yfir 10% til jafnaðar á árinu.

Aukning útflutnings hefur jafnan verið ein meginundirstaða hagvaxtar á Íslandi. Þegar dregur úr aukningu útflutnings dregur jafnframt úr hagvexti, en að öðrum kosti væri hætta á halla í utanríkisviðskiptum.

8. Viðskiptakjör.

Viðskiptakjarabatinn á árinu 1981 á fyrst og fremst rætur að rekja til þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á gengi Bandaríkjadollars gagnvart Evrópumyntum frá því á síðari hluta árs 1980. Af þessum sökum er óvenju mikil óvissa um þróun viðskiptakjara á næstu misserum. Hinar miklu sviptingar í gengisþróun á þessu ári munu hafa margvísleg áhrif á efnahagsþróun, sem aftur hefur áhrif á gengi. Að svo stöddu er gengið út frá þeirri forsendu í þessari áætlun, að gengi helstu mynta haldist óbreytt innbyrðis. Hér verður miðað við meðalgengi í september.

Hækkun Bandaríkjadollars mun óhjákvæmilega hafa áhrif á verð afurða sem skráð er eða samið um í dollurum á mörkuðum utan Bandaríkjanna. Greinileg áhrif þessa má sjá á mjöl og lýsismarkaði. Þannig var heimsmarkaðsverð á fiskmjöli í lok september um 15% lægra í dollurum en meðalverðið 1980 og lýsisverð var 20% lægra. Minnkandi eftirspurn eftir mjöli og lýsi á nokkurn þátt í verðlækkuninni en hækkun á gengi dollars vegur þó

þyngst. Verð á ýmsum sjávarafurðum, sem seldar eru til Evrópu, en samið um í dollurum, hefur þegar lækkað nokkuð, t. d. á saltsíld. Mikil óvissa er um saltfiskverð, þar sem gengi dollars gagnvart myntum helstu viðskiptaþjóða í Suður-Evrópu hefur hækkað mikið frá því samningar um saltfisksölu til þessara landa voru gerðir á síðastliðnum vetri. Verð á skreið er nú heldur lægra en það fór hæst fyrr á árinu. Hér verður einnig að hafa í huga, að í ýmsum tilvikum erum við í samkeppni við Evrópuþjóðir, sem selja í sínum eigin gjaldmiðlum, sem hafa lækkað verulega gagnvart dollar.

Gengishækkun dollars hefur ekki aðeins áhrif á útflutningsverð, heldur hefur hún einnig áhrif á innflutningsverð í mörgum tilvikum. Útflytjendur í Evrópu munu vafalítið reyna að hækka verð á vörum, sem þeir flytja á markaði þar sem þeir eru í samkeppni við vörur frá Bandaríkjunum. Þess vegna er líklegt að innflutningsverð í Evrópumyntum hækki heldur meira en áður var reiknað með og raunar benda verðvísitölur innflutnings á fyrri árshelmingi til þess að svo hafi þá þegar verið. Af öllu þessu má ráða, að hagstæð áhrif gengishækkunar dollars á viðskiptakjör séu nú í hámarki og að þau muni að einhverju leyti ganga til baka á næstu misserum.

Þótt gengisbreytingar ráði miklu um viðskiptakjör, þá skipta fleiri þættir miklu máli. Verð á íslenskum fiskflökum á Bandaríkjamarkaði hækkaði talsvert s. l. vor en verðið hafði þá verið óbreytt í nær tvö ár. Að öðru leyti hefur verðlag á frystiafurðum á Bandaríkjamarkaði frekar farið lækkandi á árinu. Verð á frystum flökum frá Kanada hefur lækkað og gerir það íslensku fyrirtækjunum erfiðara fyrir að halda sínu verði. Verð á blokkfrystum fiski hefur lækkað talsvert eða yfir 10% frá því í byrjun ársins. Neysla á frystum fiski í Bandaríkjunum hefur aukist á ný á þessu ári eftir samdrátt á síðasta ári. Þrátt fyrir þetta hefur verðlag yfirleitt lækkað, nema á íslenskum flökum. Búist er við áframhaldandi aukningu fiskneyslu á næstu misserum en óvíst er hvort það muni hafa veruleg áhrif til hækkunar á verði. Ástæðurnar eru meðal annars að verðlag á sumum öðrum matvælum gæti lækkað á næstu mánuðum og háir vextir valda hækkun sölukostnaðar sem setur hækkun innkaupsverðs skorður. Erfitt er að segja fyrir um hver verðþróunin verður næstu misserin, en þó verður að telja líklegt að verðlag hækki eitthvað á næsta ári.

Verð á áli og kísiljárni hefur lækkað á þessu ári. Þessar vörur eru aðallega seldar til Evrópu og lækkun á gengi Erópumynta gagnvart dollar hefur því enn lækkað útflutningsverðið miðað við útflutningsverð í dollurum. Ef hagvöxtur glæðist í heiminum á ný á næsta ári, mun eftirspurn eftir áli og kísiljárni væntanlega aukast og hefði það að öllum líkindum fljótt áhrif á afurðaverð. Það eru því líkur á, að ál- og kísiljárnverð hækki nokkuð á næsta ári. Um verð á öðrum iðnaðarútflutningi er afar erfitt að spá. Yfirleitt er verð á þessum vörum ákveðið með nokkuð löngum fyrirvara og oftast í upphafi árs. Verðið á þessu ári var því ákveðið áður en gengishækkun dollars kom í ljós fyrir alvöru. Meirihluti þessa útflutnings er í Evrópumyntum og útflutningsverð hefur lítið hækkað í krónum frá áramótum. Á næsta ári gæti ef til vill orðið um einhverja hækkun söluverðs að ræða en þar getur þó brugðið til beggja vona.

Það, sem hér hefur verið sagt um líklega þróun útflutningsverðs, felur í sér að verðhækkun útflutnings á næsta ári sé afar óviss og ekki unnt að búast við umtalsverðri hækkun. Hún gæti þó ef til vill numið um 6% miðað við meðalgengi en 3—4% í dollurum miðað við óbreytta gengisafstöðu helstu mynta frá því sem er í september.

Olíuverð í dollurum samkvæmt verslunarskýrslum fór lækkandi fyrri hluta ársins frá því sem það var á síðustu mánuðum ársins í fyrra. Skráð verð á Rotterdammarkaði fór hækkandi á ný eftir mitt árið og mun þess gæta í innflutningsverði á síðustu mánuðum ársins. Virðist nú líklegt, að innflutningsverð í dollurum verði að meðaltali svipað í ár og í fyrra. Í krónum hækkar olíuverð hins vegar meira en annað innflutningsverð, þar sem öll olíuviðskipti eru í dollurum. Miðað við skráð verð á Rotterdammarkaði í lok september, verður innflutnings-

verð á olíu nokkru hærra í lok ársins en að meðaltali á árinu. Hráolíuverð OPEC-ríkja hefur lækkað á þessu ári og ekki útlit fyrir hækkun á næsta ári vegna offramleiðslu á olíu í heiminum. Eins og áður sagði hefur Rotterdamverð heldur farið hækkandi að undanförnu, en það var orðið mun lægra en verð á hráolíu á heimsmarkaði gaf tilefni til. Ef eftirspurn eftir olíu eykst á ný, jafnvel þótt í litlum mæli verði, er líklegt að Rotterdamverð hækki frekar á næsta ári. Það verður því að gera ráð fyrir, að innflutningsverð á olíu hækki eitthvað milli áranna 1981 og 1982.

Verð á öðrum innflutningi ræðst einkum af verðlagsþróun í utanríkisviðskiptum á næsta ári. Spár ýmissa alþjóðastofnana, t. d. OECD, benda til þess að verð í utanríkisviðskiptum OECD-ríkja hækki heldur minna á næsta ári en í ár, ef reiknað er í myntum einstakra landa. Þessar spár, ásamt því sem áður var sagt um olíuverð, gætu falið í sér, að innflutningsverð hækkaði um 7—8% á næsta ári miðað við meðalgengi viðskiptamynta en í dollurum væri hækkunin þá innan við 5%.

Þær spár um útflutningsverð og innflutningsverð, sem hér hafa verið raktar, fela í sér að viðskiptakjör verði 1—2% lakari á árinu 1982 en á árinu 1981. Viðskiptakjörin yrðu þá svipuð og á árinu 1980.

9. Verðlag og tekjur.

Eins og áður kom fram, eru nú horfur á að vísitala framfærslukostnaðar hækki um 40% frá upphafi til loka ársins 1981. Þetta er þriðjungi minni verðbólga en verið hefur undanfarin tvö ár. Í I. og II. hluta þessarar skýrslu er lýst því markmiði og stefnu ríkisstjórnarinnar að fylgja þessum árangri eftir með frekari hjöðnun verðbólgu á næsta ári. Horfur á versnandi viðskiptakjörum gera árangur í þessum efnum torsóttari en verið hefur á þessu ári, þar sem versnandi viðskiptakjör setja stefnunni í gengisskráningu þrengri skorður en ella, ef tryggja á rekstrarstöðu útflutningsatvinnuvega. Það er því brýnt að draga svo sem unnt er úr innlendum kostnaðarhækkunum. Að öðrum kosti mun reynast erfitt að samrýma þau markmið að tryggja atvinnu og draga úr verðbólgu.

Kaupmáttur kauptaxta á síðasta fjórðungi þessa árs verður að líkindum svipaður og að meðaltali á árinu. Kaupmáttur á næsta ári mun meðal annars ráðast af niðurstöðu kjarasamninga, tilhögun verðbóta á laun og verðlagsþróuninni. Kaupmáttur ráðstöfunartekna mun auk þess ráðast af álagningu beinna skatta, atvinnuástandi, ákvörðun tryggingabóta og fleiri þáttum. Margt af þessu er enn óráðið og því erfitt að setja fram spá um kaupmáttarþróunina.

10. Þjóðarútgjöld.

Nú eru horfur á, að þjóðarútgjöld (án birgðabreytinga) aukist um nálægt ½% á þessu ári, en að birgðabreytingum meðtöldum verði þau svipuð og á síðasta ári. Þessi hæga aukning þjóðarútgjalda er veigamikill þáttur í því að viðskiptahalli á árinu geti orðið nokkru minni en hann var á síðasta ári. Á árinu 1981 er það samdráttur fjármunamyndunar, sem dregur úr vexti þjóðarútgjalda og þannig var það einnig árin 1978 og 1979, en í fyrra jókst fjárfestingin talsvert. Neysla hefur hins vegar aukist öll þessi ár.

Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir, að fjármunamyndun dragist saman um nær 7% milli áranna 1981 og 1982 og verði tæplega 24% af þjóðarframleiðslu.[1]) Það er lægra hlutfall en verið hefur síðasta áratuginn. Með þessu er komið á betra samræmi milli heildarsparnaðar þjóðarbúsins og fjárfestingar en verið hefur um langt skeið.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1982 verða samneysluútgjöld ríkisins svipuð

[1]) Þegar þjóðhagsáætlun var gerð hafði ekki verið gengið endanlega frá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982. Niðurstöður þeirrar áætlunar sýna heldur minni samdrátt í fjárfestingu, 6%, en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Þetta breytir ekki niðurstöðum þjóðhagsáætlunar í meginatriðum.

að raungildi og á þessu ári en búast má við nokkurri aukningu hjá sveitarfélögunum, þótt lítið sé enn vitað um fyrirætlanir þeirra. Samneysluútgjöld gætu því aukist lítilsháttar á næsta ári en þó ef til vill minna en síðustu árin.

Í lok þessa árs verður kaupmáttur kauptaxta launþega svipaður og hann er að meðaltali á öllu árinu 1981. Eins og áður kom fram mun kaupmáttur ráðstöfunartekna á næsta ári einkum ráðast af niðurstöðum kjarasamninga, verðlagsþróun, atvinnuástandi, skattálagningu og öðrum ráðstöfunum hins opinbera. Margt af þessu er enn óráðið. Í I. og II. hluta þessarar skýrslu kom fram sú stefna ríkisstjórnarinnar að treysta kaupmátt og tryggja betur hag þeirra, sem lakast eru settir. Í þessari áætlun er byggt á þeirri forsendu, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði um 1% meiri að meðaltali á næsta ári en á árinu 1981 eða um 2% meiri að meðtalinni fólksfjölgun, og að aukning einkaneyslu verði svipuð.

Á forsendum þjóðhagsáætlunar yrðu þjóðarútgjöld, án birgðabreytinga, um ½% minni á árinu 1982 en á árinu 1981, en að birgðabreytingum meðtöldum yrðu þjóðarútgjöld svipuð bæði árin.

11. Viðskiptajöfnuður.

Eins og áður kom fram, er gert ráð fyrir rúmlega 3% aukningu vöruútflutnings á næsta ári. Á forsendum áætlunarinnar um útflutningsframleiðslu og þjóðarútgjöld má búast við að innflutningur aukist einnig en þó minna en útflutningur. Samkvæmt þessu yrði vöruskiptajöfnuður, reiknaður á verðlagi ársins 1981, nokkru hagstæðari á árinu 1982 en á þessu ári. Ef forsenda þjóðhagsspár um rýrnun viðskiptakjara reynist rétt, verður afgangur á vöru-

Utanríkisviðskipti 1981 og 1982.

	Milljónir króna f.o.b. á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	1981	1982[1])	1981	1982
Útflutningsframleiðsla				
Sjávarafurðir	5 420	7 250	2,6	2,0
Ál	735	1 150	1,0	15,0
Kísiljárn	152	285	34,0	35,0
Annað	623	845	−1,0	5,0
Samtals	6 930	9 530	2,8	4,3
Birgðabreytingar	−60	−180	.	.
Vöruútflutningur	6 870	9 350	3,5	3,3
Vöruinnflutningur				
Skip og flugvélar	315	335	−9,7	−20,0
Til stóriðjuvera[2])	545	765	−4,0	4,0
Annar vöruinnflutningur	5 490	7 550	1,0	3,3
þ. a. olía	1 010	1 330	−9,0	0,0
þ. a. annað	4 480	6 220	3,7	4,0
Vöruinnflutningur alls	6 350	8 650	0,6	2,2
Vöruskiptajöfnuður	520	700	.	.
Útflutt þjónusta	1 830	2 500	−5,0	4,4
Innflutt þjónusta	2 450	3 200	−5,0	−1,6
Þjónustujöfnuður	−620	−700	.	.
Viðskiptajöfnuður	−100	0	.	.

1) Á verðlagi fjárlagafrumvarps og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982.
2) Álverksmiðja og járnblendiverksmiðja.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

skiptajöfnuði svipaður á næsta ári sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og á þessu ári. Afgangurinn yrði þá um 700 milljónir króna eða um 2½% af þjóðarframleiðslu.

Þjónustujöfnuður verður enn óhagstæður á þessu ári og hallinn líklega meiri en nemur afgangi á vöruskiptum. Líkur eru á að verulegur halli verði áfram á næsta ári en hann gæti þó orðið heldur minni, einkum ef vextir á erlendum fjármagnsmarkaði verða eitthvað lægri en þeir hafa verið á þessu ári. Halli á þjónustuviðskiptum verður þó tæpast minni en afgangurinn á vöruskiptajöfnuði þannig að utanríkisviðskiptin í heild yrðu í jafnvægi. Hér veltur þó á miklu að þjóðarútgjöld fari ekki fram úr því, sem hér er gert ráð fyrir.

12. Þjóðarframleiðsla — þjóðartekjur.

Þjóðhagsspá fyrir árið 1982 bendir til, að þjóðarframleiðsla vaxi um nálægt 1% eða ívið minna en á þessu ári. Vegna versnandi viðskiptakjara verður aukning þjóðartekna minni eða um ½%. Þjóðartekjur á mann dragast samkvæmt þessu lítilsháttar saman.

Þjóðarútgjöld, þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur 1980—1982.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar[2]) frá fyrra ári, %		
	Bráðab. 1980	Spá 1981	Þjóðhags-áætlun 1982[1])	Bráðab. 1980	Spá 1981	Þjóðhags-áætlun 1982
Einkaneyzla	8 300	12 700	17 235	0,0	2,0	2,0
Samneyzla	1 590	2 436	3 272	2,0	2,0	1,0
Fjármunamyndun	3 613	5 124	6 343	8,6	−4,0	−6,9
Atvinnuvegir	1 501	2 000	2 419	5,8	−8,1	−9,1
Íbúðarhús	745	1 062	1 412	−3,0	−5,0	0,0
Opinberar framkvæmdir	1 367	2 062	2 512	19,9	1,2	−8,4
þ. a. orkuframkvæmdir	729	1 081	1 157	31,1	0,0	−19,5
Birgðabreytingar	103	60	180	.	.	.
Þjóðarútgjöld	13 606	20 320	27 030	3,2	0,1	0,0
Útflutningur vöru og þjónustu	5 813	8 700	11 850	2,7	1,5	3,5
Innflutningur vöru og þjónustu	6 131	8 800	11 850	3,7	−1,1	1,1
Viðskiptajöfnuður	−318	−100	0	.	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	13 288	20 220	27 030	2,7	1,2	1,0
Viðskiptakjaraáhrif[3])	.	.	.	−1,2	0,8	−0,5
Vergar þjóðartekjur	.	.	.	1,5	2,0	0,5

1) Á verðlagi fjárlagafrumvarps og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982.
2) Magnbreytingar 1980 og 1981 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, en magnbreytingar 1982 eru miðaðar við áætlað verðlag ársins 1981.
3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Töfluviðauki

Tafla 1. Breytingar þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar 1971—1980.
Tafla 2. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1970—1979.
Tafla 3. Vísitölur útflutningsverðs, innflutningsverðs og viðskiptakjara 1972—1980.
Tafla 4. Verðlag 1970—1981.
Tafla 5. Fjármál ríkisins 1972—1980.

Tafla 1. Breytingar þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar 1971—1980.

	Meðaltal 1971–1980	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	Bráðab. 1980
I. Magnaukning frá fyrra ári, %:											
Einkaneyzla	4,6	16,4	9,6	8,7	7,0	−10,0	1,0	8,0	6,0	2,0	0,0
Samneyzla	5,1	6,8	7,6	9,4	6,1	4,8	7,0	0,8	3,8	3,5	2,0
Fjármunamyndun	6,5	42,1	−1,0	20,1	10,8	−8,4	−2,6	11,5	−7,1	0,1	8,6
Verðmætaráðstöfun alls	5,3	26,1	1,8	12,9	10,4	−7,8	−3,1	10,9	0,8	1,6	3,2
Útflutningur vöru og þjónustu	5,9	−3,8	10,3	8,9	−0,7	1,4	11,9	10,3	14,6	5,3	2,7
Innflutningur vöru og þjónustu	7,1	22,2	1,4	18,9	13,2	−10,3	−1,2	18,7	6,2	2,7	3,7
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	4,6	12,8	5,7	7,7	3,5	−2,0	2,6	6,0	4,4	2,9	2,7
Útflutningstekjur	5,8	3,0	9,0	16,7	−4,7	−7,1	18,3	15,5	13,0	−1,6	−0,1
Þjóðartekjur, vergar	4,6	15,8	5,4	11,6	1,1	−5,8	6,0	9,0	4,4	−1,1	1,5
II. Meðalmannfjöldi ársins:		**206 092**	**209 275**	**212 364**	**215 324**	**218 031**	**220 133**	**221 823**	**223 587**	**225 749**	**228 161**
Aukning frá fyrra ári, %	1,1	1,0	1,5	1,5	1,4	1,3	1,0	0,8	0,8	1,0	1,1
III. Magnaukning á mann frá fyrra ári, %:											
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	3,5	11,7	4,1	6,1	2,1	−3,3	1,6	5,2	3,6	1,9	1,6
Þjóðartekjur, vergar	3,5	14,7	3,8	10,0	−0,3	−7,0	5,0	8,1	3,6	−2,1	0,4
IV. Verðhækkun frá fyrra ári, %:											
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	34,7	12,8	17,7	31,2	41,1	39,4	34,4	35,3	45,0	42,3	53,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1970—1979.
Milljónir króna.

	Á verðlagi hvers árs									
	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Einkaneyzla	281,8	356,7	446,9	609,2	932,1	1 249,9	1 641,1	2 323,8	3 545,5	5 316,1
Samneyzla	42,3	55,2	72,2	99,2	156,7	219,7	299,4	429,8	683,6	1 022,0
Fjármunamyndun	105,1	160,5	191,0	286,1	451,5	635,6	780,1	1 087,5	1 507,1	2 174,2
Birgðabreytingar	−3,9	15,8	−8,4	−1,9	25,8	36,8	−17,1	70,3	−38,9	13,2
Verðmætaráðstöfun, alls	425,3	588,2	701,7	992,6	1 566,1	2 142,0	2 703,5	3 911,4	5 697,3	8 525,5
Útflutningur vöru og þjónustu	211,4	223,7	262,1	373,9	480,8	721,9	1 055,2	1 452,7	2 498,1	3 851,5
Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	204,9	262,3	279,6	400,2	636,1	935,7	1 099,1	1 549,3	2 419,4	3 916,8
Viðskiptajöfnuður	6,5	−38,6	−17,5	−26,3	−155,3	−213,8	−43,9	−96,6	78,7	−65,3
Verg þjóðarframleiðsla	431,8	549,6	684,2	966,3	1 410,8	1 928,2	2 659,6	3 814,8	5 776,0	8 460,2
	Á verðlagi ársins 1969									
	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Einkaneyzla	253,1	294,6	322,9	351,0	375,6	338,0	341,4	368,7	390,8	398,7
Samneyzla	35,5	37,9	40,8	44,6	47,4	49,7	53,1	53,5	55,6	57,5
Fjármunamyndun	92,7	131,7	130,4	156,7	173,6	159,0	154,9	172,7	160,4	160,6
Birgðabreytingar	−2,5	13,5	−7,9	−3,5	9,5	12,4	−7,7	5,7	−1,5	−1,9
Verðmætaráðstöfun, alls	378,8	477,7	486,2	548,8	606,1	559,1	541,7	600,6	605,3	614,9
Útflutningur vöru og þjónustu	190,9	183,7	202,6	220,5	218,9	221,9	248,4	274,0	314,0	330,5
Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	199,3	243,6	247,0	293,6	332,5	298,2	294,6	349,5	371,2	381,3
Viðskiptajöfnuður	−8,4	−59,9	−44,4	−73,1	−113,6	−76,3	−46,2	−75,5	−57,2	−50,8
Verg þjóðarframleiðsla	370,4	417,8	441,8	475,7	492,5	482,8	495,5	525,1	548,1	564,1
Áhrif viðskiptakjarabreytinga	14,6	28,1	28,2	48,8	37,8	16,7	34,0	52,0	54,4	32,0
Vergar þjóðartekjur	385,0	445,9	470,0	524,5	530,3	499,5	529,5	577,1	602,5	596,1

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 3. Vísitölur útflutningsverðs, innflutningsverðs og viðskiptakjara 1972—1980.

	Vísitölur, 1972 = 100					Breytingar frá fyrra ári, %				
	Útflutningsverð		Innflutningsverð		Viðskiptakjör	Útflutningsverð		Innflutningsverð		Viðskiptakjör
	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt		Í ísl. kr.	Í erl. mynt	Í ísl. kr.	Í erl. mynt	
A. Verð alls útflutnings og innflutnings										
1973	143,1	131,8	123,3	113,5	116,0	43,1	31,8	23,3	13,5	16,0
1974	191,8	159,0	183,7	152,2	104,4	34,0	20,6	49,0	34,1	−10,0
1975	269,3	142,8	307,1	162,7	87,7	40,4	−10,2	67,2	6,9	−16,0
1976	360,9	168,8	367,9	171,9	98,1	34,0	18,2	19,8	5,6	11,9
1977	462,0	190,7	433,0	178,6	106,7	28,0	13,0	17,7	3,9	8,7
1978	686,1	199,1	642,2	186,1	106,9	48,5	4,4	48,3	4,2	0,2
1979	990,7	214,6	1 020,5	220,9	97,1	44,3	7,8	58,9	18,7	−9,2
1980	1 455,3	228,8	1 551,2	243,7	93,8	46,9	6,6	52,0	10,3	−3,4
B. Verð útflutnings og innflutnings án viðskipta álverksmiðju										
1973	147,4	135,7	124,1	114,3	118,8	47,4	35,7	24,1	14,3	18,8
1974	196,8	163,0	184,5	152,9	106,7	33,5	20,1	48,7	33,7	−10,2
1975	272,4	144,3	303,1	160,7	89,9	38,4	−11,5	64,3	5,1	−15,7
1976	364,2	170,1	360,7	168,6	101,0	33,7	17,9	19,0	4,9	12,3
1977	466,2	192,2	427,1	176,2	109,2	28,0	13,0	18,4	4,5	8,1
1978	689,0	199,7	630,0	182,7	109,4	47,8	3,9	47,5	3,7	0,2
1979	977,7	211,7	1 013,7	219,6	96,4	41,9	6,0	60,9	20,2	−11,9
1980	1 408,9	221,4	1 523,6	239,6	92,4	44,1	4,6	50,3	9,1	−4,1

Aths.: Verðvísitölur í erlendri mynt eru reiknaðar á mælikvarða miðgengis.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 4. Verðlag 1970—1981.

Vísitölur 1970 = 100.

	Framfærsluvísitala			Vísitala vöru og þjónustu[1])			Byggingarvísitala[2])		
		Hækkun, %			Hækkun, %			Hækkun, %	
	Vísitala	Frá fyrra ári	Frá upphafi til loka árs	Vísitala	Frá fyrra ári	Frá upphafi til loka árs	Vísitala	Frá fyrra ári	Frá upphafi til loka árs
1971	**106,4**	**6,4**	**3,8**	**107,4**	**7,4**	**3,9**	**112,2**	**12,2**	**10,0**
1972	**117,4**	**10,3**	**13,0**	**122,8**	**14,4**	**17,9**	**136,9**	**22,0**	**20,4**
1973	**143,5**	**22,2**	**34,2**	**153,2**	**24,7**	**35,1**	**174,9**	**27,8**	**38,2**
1974	**205,2**	**43,0**	**49,7**	**217,7**	**42,2**	**49,6**	**265,8**	**52,0**	**57,5**
1975	**305,6**	**49,0**	**41,0**	**327,2**	**50,2**	**43,2**	**377,8**	**42,1**	**34,1**
1976	**404,0**	**32,2**	**32,5**	**436,7**	**33,5**	**33,0**	**466,5**	**23,5**	**25,6**
1977	**527,0**	**30,4**	**36,0**	**570,0**	**30,5**	**34,8**	**606,5**	**30,0**	**39,0**
1978	**759,2**	**44,1**	**39,2**	**822,3**	**44,3**	**40,7**	**892,8**	**47,2**	**46,6**
Febrúar	643,7	37,2	.	702,0	37,5	.	792,7	42,2	.
Maí	718,0	42,8	.	772,8	43,0	.	895,9	57,2	.
Ágúst	799,2	51,7	.	865,6	52,2	.	990,9	50,9	.
Nóvember	848,7	46,9	.	921,9	47,3	.	1065,2	46,6	.
1979	**1104,6**	**45,5**	**60,6**	**1198,3**	**45,7**	**63,0**	**1312,4**	**47,0**	**54,3**
Febrúar	888,6	38,0	.	966,2	37,6	.	1156,0	45,8	.
Maí	998,6	39,1	.	1071,5	38,6	.	1275,8	42,4	.
Ágúst	1134,1	41,9	.	1228,5	41,9	.	1465,9	47,9	.
Nóvember	1314,3	54,9	.	1435,2	55,7	.	1643,2	54,3	.
1980	**1751,3**	**58,5**	**58,9**	**1904,8**	**59,0**	**58,5**	**2042,1**	**55,6**	**57,3**
Febrúar	1434,0	61,4	.	1571,5	62,6	.	1795,9	55,4	.
Maí	1623,8	62,6	.	1750,3	63,3	.	2023,1	58,6	.
Ágúst	1788,2	57,7	.	1938,4	57,8	.	2225,4	51,8	.
Nóvember	1982,5	50,8	.	2162,1	50,6	.	2584,8	57,3	.
1981	.	.	.	.	.	.	.	.	.
Febrúar	2266,3	58,0	.	2490,6	58,5	.	2814,8	56,7	.
Maí	2448,1	50,8	.	2630,6	50,3	.	3050,4	50,8	.
Ágúst	2667,4	49,2	.	2883,7	48,8	.	3347,5	50,4	.

1) A-liður framfærsluvísitölu.

2) Mánaðartölurnar sýna framfærsluvísitölu og vísitölu vöru og þjónustu í þeim mánuði, sem þær eru reiknaðar út. Vísitala byggingarkostnaðar er hins vegar ekki reiknuð út í sömu mánuðum og eiga byggingarvísitölurnar því við næsta útreikning á eftir þeim mánuðum, sem getið er í töflunni. Frá 1968 og fram á síðari hluta ársins 1975 var vísitala byggingarkostnaðar reiknuð út þrisvar á ári, í febrúar, júní og október. Í árslok 1975 var tekinn upp nýr grunnur byggingarvísitölu, og er hún nú reiknuð fjórum sinnum á ári, í marz, júní, september og desember.
Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 5. Fjármál ríkisins 1972—1980.

Rekstrargrunnur. Milljónir króna.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
A. Rekstrarreikningur									
1. Tekjur	185,3	248,8	377,2	510,4	713,2	1002,8	1636,5	2480,4	3928,8
Tekju- og eignarskattar	43,2	56,7	59,4	61,0	91,8	110,4	280,4	462,2	648,9
Aðrir skattar	140,0	189,2	313,9	441,8	609,8	873,4	1327,0	1965,8	3178,9
Aðrar tekjur	2,1	2,9	3,9	7,6	11,6	19,0	29,1	52,4	101,1
2. Útgjöld	184,0	251,3	410,1	585,7	705,1	1028,2	1652,6	2491,5	3789,9
Samneyzla	50,4	71,1	111,6	145,9	202,5	355,8	569,4	855,3	1329,4
Vextir	3,4	4,5	7,9	18,0	24,0	33,5	64,5	76,0	88,0
Neyzlu- og rekstrartilfærslur	86,8	121,8	203,9	274,7	310,7	412,5	720,3	1144,9	1700,1
Til almannatrygginga	56,8	81,0	115,8	165,0	199,0	232,4	428,7	659,7	1040,4
Niðurgreiðslur	16,8	21,4	37,4	55,8	51,6	57,7	117,8	224,9	270,5
Annað	13,2	19,4	50,7	53,9	60,1	122,4	173,8	260,3	389,2
Fjármunamyndun	15,9	21,3	30,1	47,9	47,0	80,1	96,1	143,3	288,1
Fjármagnstilfærslur	27,5	32,6	56,6	99,2	120,9	146,3	202,3	272,0	384,2
3. Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld	1,3	−2,5	−32,9	−75,3	8,1	−25,4	−16,1	−11,1	139,0
B. Lána- og viðskiptareikningar									
4. Lánveitingar, nettó	0,1	0,1	0,4	4,9	5,2	5,4	23,2	11,2	8,0
5. Lántökur, nettó[1])	6,2	6,9	8,3	21,8	19,1	39,0	57,2	40,7	83,1
6. Lánajöfnuður	6,1	6,8	7,9	16,9	13,9	33,6	34,0	29,5	75,1
7. Viðskiptareikningar	−6,3	−7,3	−8,9	3,4	−27,2	−25,8	−55,8	4,1	−152,0
C. Greiðslujöfnuður	1,1	−3,0	−33,9	−55,0	−5,2	−17,6	−37,9	22,5	62,2
Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, markaðsverði									
Tekjur	27,1	25,7	26,7	26,5	26,8	26,3	28,3	29,5	29,6
Útgjöld	26,9	26,0	29,1	30,4	26,5	27,0	28,6	29,6	28,5
Rekstrarjöfnuður	0,2	−0,3	−2,3	−3,9	0,3	−0,7	−0,3	−0,1	1,0
Greiðslujöfnuður	0,2	−0,3	−2,4	−2,9	−0,2	−0,5	−0,7	0,3	0,5

1) Lán hjá Seðlabanka ekki meðtalin.

Heimild: Ríkisreikningur.

Sþ. 51. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um umfjöllun þingnefnda varðandi reglugerðir.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að lögbinda með einhverjum hætti þá skipan, að reglugerðir allar, sem skipta meginmáli um nánari útfærslu nýrra laga, hljóti umfjöllun þeirra þingnefnda, sem um lögin hafa áður fjallað, og hljóti þær ekki staðfestingu ráðherra fyrr en þeirri umsögn er lokið.

Greinargerð.

Það færist æ í vöxt varðandi lagasetningu alla, ekki síst hvað snertir hin veigameiri mál og flóknari, að þar sé sagt, að nánari ákvæði skuli sett í reglugerð. Reglugerðirnar eru svo unnar af viðkomandi ráðuneytum, embættismönnum þar, og er best lætur til þess skipuðum starfshópum.

Nú er það staðreynd einnig, að gerð lagafrumvarpa er að verulegu leyti í höndum embættismanna í stjórnkerfinu og þá ýmissa sérfræðinga í viðkomandi grein. Það er síður en svo, að flutningsmaður lýsi sérstakri vanþóknun eða vantrausti á framlag þessara aðila sem oft er hið ágætasta. En áhrifavald þeirra er óneitanlega mjög mikið og vekur ýmsar spurningar.

Fyrir löggjafann sjálfan, Alþingi, eru hér viss hættumerki á ferð, ekki síst þegar þess er gætt, að nefndir þingsins hafa oft skamman tíma til athugunar á þingmálum og kalla þá gjarnan til ráðuneytis þá sömu embættismenn og sérfræðinga sem að frumvörpunum stóðu eða áttu verulegan þátt í samningu þeirra.

En skammur tími og ónóg athugun valda því oft, að þingnefndir fallast á að hin og þessi atriði, sem jafnvel skipta verulegu máli í túlkun laganna, séu leyst með reglugerð.

Nú fylgja lagafrumvörpum bæði greinargerð og athugasemdir við einstakar greinar sem eiga að taka af nokkur tvímæli um túlkun og þá nánari útfærslu í reglugerð. Sama má segja um framsöguræðu viðkomandi ráðherra, þar sem oft kemur fram nánari skýring á anda og tilgangi einstakra frumvarpsgreina. Í nefndarálitum þingnefndanna er oft vikið að einstökum atriðum og túlkun þingnefndanna á þeim.

Allt ætti þetta að vera nokkur trygging fyrir því, að reglugerðir færu í engu út fyrir ramma og anda laganna. Þó eru ævinlega á ferð ýmis þau atriði — einkum í hinum viðameiri málum — þar sem vafi kann að leika á um túlkun, og þá sker reglugerðin úr um það. Vissulega þarf ráðherra að staðfesta reglugerðina og hann getur því einnig haft hér áhrif.

En miklar annir ráðherra geta líka valdið því, að reglugerðir fái ekki nægilega vandaða skoðun hans og hann skrifi undir og staðfesti reglugerðina án þess að allt sé þar fyllilega frá gengið svo sem hann vildi hafa.

Vangaveltur þessar breyta hins vegar engu um þá meginstaðreynd, að það er Alþingi sem ábyrgðina ber, og það á ekki og má ekki afsala sér henni til embættismanna, sérfræðinga eða annarra, sem úrskurða um oft mikilvæg og viðkvæm túlkunaratriði. Alþingi á því með einhverjum hætti að fjalla um allar meiri háttar reglugerðir, jafnvel allar, og eðlilegast hlýtur að vera að það sé falið þeim þingnefndum, sem tóku lagafrumvörpin til meðferðar og skoðunar.

Þetta kallar hins vegar á aukið starf þingnefnda og er það þó ærið hjá mörgum þeirra.

Óhjákvæmilegt yrði því að þingnefndir störfuðu utan þingtíma. Yrði það eflaust ánmörkum háð, en þá yrði að yfirstíga.

En til þess að þingnefndir störfuðu að einhverju leyti yfir sumartímann þyrfti einnig að breyta þingsköpum þannig að umboð þeirra gilti frá þingi til þings, en það er raunar sjálfsögð breyting, m. a. með tilliti til virkari þátttöku þingnefnda í samningu lagafrumvarpa.

Flutningsmanni er ljóst, að þingmönnum er mikil nauðsyn á því að nýta sumartímann til ferðalaga um kjördæmi sín og halda þannig sem bestum tengslum við kjósendur. En með góðu skipulagi ætti að vera kleift að taka ákveðinn tíma til þess fyrir þingnefndir eða undirnefndir þeirra að fást við þetta ákveðna verkefni sem hér er um fjallað.

Nánari grein verður gerð fyrir þessu máli í heild í framsögu, en aðalatriðið er að löggjafinn, Alþingi, gæti þess, að andi þeirra laga, sem samþykkt eru, haldist sem allra best í allri túlkun gagnvart þeim sem við lögin eiga að búa eða þeirra að njóta.

Sþ. 52. Fyrirspurnir. [49. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um útgáfu nýs lagasafns.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvort er þess að vænta, að senn sjái fyrir endann á útgáfu nýs lagasafns, eða hversu verður henni háttað?

II. Til viðskiptaráðherra um ráðstafanir vegna myntbreytingar.

Frá Helga Seljan.

1) Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir, að myntbreytingin um s. l. áramót valdi sérstökum verðhækkunum, einkum á smærri vörum og minni háttar þjónustu, umfram aðrar verðhækkanir?
2) Hvernig hefur Verðlagseftirlitinu verið beitt til aðhalds og eftirlits?
3) Eru til frá Verðlagseftirliti samanburðarskýrslur varðandi ýmsar smærri vörur fyrir og eftir myntbreytingu, og ef svo er, hvað hafa þær þá leitt í ljós?
4) Hefur ráðuneytið leitað til Neytendasamtakanna varðandi mál þetta, og ef svo er, hvað hefur þá verið gert af hálfu samtakanna?

Sþ. 53. Fyrirspurnir. [50. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um tjón á Vesturlínu.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvaða skemmdir urðu á Vesturlínu í óveðri sem gekk yfir í septembermánuði síðastliðnum?
2. Hverjar eru orsakir tjónsins? Var um að ræða:
   a) galla á hönnun línunnar,
   b) léleg vinnubrögð við línulagninguna,
   c) að línan væri ekki byggð til að standast slík veður sem hér bar að?
3. Hvenær má búast við að endanlegri viðgerð línunnar ljúki?
4. Hverjum er ætlað að greiða óumflýjanlegan kostnað af raforkuframleiðslu á Vestfjörðum með díselvélum á þeim tíma sem viðgerð línunnar fer fram?

II. Til viðskiptaráðherra um framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. maí 1979 um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvaða reglur hafa verið settar um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggja að bændur fái fjármuni sína í hendur um leið og lánin eru veitt, í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. maí 1979?
2. Er lokið undirbúningi þess, að ályktun Alþingis frá 22. maí 1979 komi til framkvæmda við veitingu afurðalána í nóvember n. k.?

III. Til landbúnaðarráðherra um beinar greiðslur til bænda.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvað líður athugunum þeim sem landbúnaðarráðherra hefur látið gera til að tryggja framgang ályktunar Alþingis frá 22. maí 1979 um beinar greiðslur til bænda?
2. Hvenær er ætlun ríkisstjórnarinnar að nýjar reglur um greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna, sem tryggi að fjármunirnir nýtist betur, komi til framkvæmda?
3. Hefur verið athugað hvernig heppilegast væri að afnema „kvótakerfið“ samhliða beinum greiðslum til bænda?
4. Er ætlun ríkisstjórnarinnar að viðhalda bæði „kvótakerfi“ og fóðurbætisskatti hversu erfitt sem árferði verður landbúnaðinum?
5. Hvernig hefur reynslan orðið af framkvæmd „kvótakerfisins“?
6. Hefur ríkisstjórnin rætt úrræði sem gripið yrði til ef fóðurbætisskatturinn yrði dæmdur ólöglegur?

IV. Til utanríkisráðherra um afstöðu Íslands til áætlunar NATO um nær 600 nýjar kjarnorkueldflaugar í Evrópu.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Þegar sú ákvörðun NATO að koma nær 600 nýjum kjarnorkueldflaugum fyrir í Evrópu var tekin í desember 1979 greiddu fulltrúar Íslands þá atkvæði með þessari viðbót við kjarnorkuvígbúnaðinn í álfunni?
2. Er utanríkisráðherra reiðubúinn að ljá því stuðning, að þessari ákvörðun um nýjar kjarnorkueldflaugar verði breytt, t. d. að áætlunin verði endurskoðuð og framkvæmd hennar frestað um nokkur ár til að skapa nægilegan tíma til viðræðna um afvopnun?
3. Hver er afstaða utanríkisráðherra til gagnrýni friðarhreyfinganna í Evrópu á þessa kjarnorkueldflaugaáætlun NATO, en sú gagnrýni kom m. a. fram á hinum glæsilegu friðarfundum í Bonn, London, Róm, Brussel, París og víðar þar sem alls um ein milljón manna var saman komin á friðarfundum?

V. Til utanríkisráðherra um aðild Íslands að kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hvaða áhrif hafa skuldbindingar Íslands gagnvart NATO á möguleika landsins til að verða hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum?
2. Eru einhverjar skuldbindingar Íslands gagnvart NATO sem gætu hindrað að Ísland yrði hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum, og hverjar eru þá þær skuldbindingar?
3. Hvert er álit utanríkisráðherra á þeirri skoðun, sem fram hefur komið á Norðurlöndum, að Ísland geti ekki orðið hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum vegna hernaðartengsla Íslands við Bandaríkin?

Sþ. 54. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um landnýtingaráætlun.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Jón Helgason, Sverrir Hermannsson, Helgi Seljan, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að hafinn verði undirbúningur landnýtingaráætlunar er taki til landbúnaðar og annarra þátta, svo sem ferðamála, útivistar og náttúruverndar. Drög að landnýtingaráætlun skulu liggja fyrir í árslok 1983. Við gerð þeirra verði áhersla lögð á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða.

Greinargerð.

Á seinni árum hefur gætt vaxandi skilnings á nauðsyn skipulegrar og hóflegrar nýtingar auðlinda til lands og sjávar.

Meðal þessara auðlinda eru gróður og gróðurmold, landgæði sem varða mjög búsetu og umhverfi allra landsmanna.

Með landgræðsluáætlun 1974 var gert stórátak til að vinna markvisst að stöðvun gróðureyðingar og uppblásturs í þeim tilgangi að varðveita og bæta landgæði.

Nú, þegar unnið er að endurskoðun landgræðsluáætlunar, er við hæfi að fylgja því starfi eftir með gerð víðtækrar áætlunar er taki til hinna fjölmörgu þátta landnýtingar, svo sem nýtingar beitilanda, ræktunar skóga og meðferðar lands til útivistar.

Einn veigamesti þáttur landnýtingar er **nýting úthagabeitar,** bæði í heimalöndum og afréttum. Landbúnaðurinn, einkum sauðfjárræktin, byggist á þessari miklu auðlind, fjölbreyttum og kjarnmiklum gróðri. Framtíð íslensks landbúnaðar hlýtur reyndar að byggjast mjög á hóflegri og hagkvæmri nýtingu beitilanda.

Metum við framleiðslugildi úthagagróðurs að verðleikum? Náttúrleg gróðurlendi eru veigamikil auðlind á tímum síhækkandi orkukostnaðar. Til dæmis er hætt við að framleiðslukostnaður sauðfjárafurða yrði mun hærri ef ekki tækist að varðveita beitargæði úthaga, sérstaklega afréttanna.

Sem best **samræmi** þarf að vera á milli búfjárfjölda og tiltæks haglendis á hinum ýmsu beitarsvæðum landsins. Því þarf að koma á nánara samhengi á milli vals á búgreinum, uppbyggingar og búfjárfjölda á sérhverri bújörð annars vegar og hins vegar þeirra landgæða sem jörðin hefur til umráða. Þannig verði ekki aðeins tekið tillit til ræktunarskilyrða, heldur einnig og ekki síður landrýmis í heimahögum og afréttum.

Hér kemur m. a. til álita hvernig fjárfestingu er hagað í landbúnaði, hvernig er hægt að koma á virkari og markvissari stjórnun, hvernig er hægt að aðstoða bændur sem gera róttækar breytingar í búskaparháttum.

Nauðsyn ber til að taka sérstakt tillit til landnýtingar við gerð búrekstrar- og byggðaáætlana. Þar eð nýting jarðargróða er einn af hornsteinum lífvænlegrar byggðar um land allt er landnýting veigamikið **byggðamál.** Athuga þyrfti m. a. hvort æskilegt eða fært væri að koma á einhvers konar **svæðaskipulagningu** landbúnaðarframleiðslunnar í samræmi við hóflega og skynsamlega nýtingu landkosta og jafnframt með tilliti til **markaðsþarfar** fyrir hinar ýmsu búvörur. Mismunandi verðlagning búvara eftir framleiðslusvæðum gæti ef til vill komið til greina, en ljóst er að slíkt yrði mjög flókið í framkvæmd. Hér er komið að tengslum milli landnýtingar og framleiðslumáta.

Kvótakerfið svonefnda tekur lítið sem ekkert mið af landnýtingar- og byggðasjónarmiðum, en hugsanlega mætti byggja upp einhvers konar framleiðslustjórnun sem gerði það. Það leiðir aftur hugann að svæðaskipulagningu. Dæmi mætti taka bæði úr nautgripa- og sauðfjárrækt. Hér er um margþætt og viðkvæmt mál að ræða sem þarfnast ítarlegrar könnunar og umræðu. Bændur vilja að sjálfsögðu hafa sem mest frelsi til athafna, en flestir gera sér ljósa þörf fyrir bætta skipulagningu. Hún kemur stéttinni til góða í framtíðinni og stuðlar að bættum þjóðarhag.

Skógrækt til nytja er í raun landbúnaður, og kanna þarf hvernig heppilegast er að tengja hana traustari böndum þeim atvinnuvegi. Síðustu árin hefur komið fram viðleitni til að tengja skógrækt hefðbundnum búskap, einkum á Austurlandi, en líta ekki á þessar greinar sem andstæður. Þannig er unnt að samræma t. d. sauðfjárrækt ræktun nytjaskóga. Skilyrði til skógræktar eru greinilega breytileg í landinu og virðist þörf markvissari skipulagningar þeirra mála.

Líkt og á við um beitarmál er hér að nokkru leyti um byggðamál að ræða. Trúlega gætu tekjur af skógrækt skipt nokkru máli þegar tímar líða, því að líkur eru á hækkandi verði á timbri og ýmiss konar skógarafurðum í framtíðinni og jafnvel gæti orðið skortur á þeim. Margt fleira þarf að sjálfsögðu að taka til umfjöllunar þegar lögð eru á ráðin um skipulega nýtingu landgæða, svo sem nýtingu hlunninda, enda þótt allir þættir landnýtingar verði ekki raktir hér.

En landnýting varðar ekki aðeins þá sem landið nytja, hvort sem þeir eru bændur eða annað ræktunarfólk. Með breyttum þjóðfélagsháttum og auknum áhuga almennings á **náttúruvernd, umhverfismálum** og **útivist** hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að fjalla um landnýtingu á breiðum grundvelli. Hin náttúrlegu gróðurlendi eru viðkvæm fyrir óhóflegum ágangi, hvort sem er af völdum fénaðar eða manna. Með bættum skilyrðum til ferðalaga um óbyggðir landsins hefur sá vandi farið vaxandi.

Öll meðferð gróðurlendis er náttúruverndarmál. Nú er ljóst, að ekki er unnt að komast hjá röskun lífríkja, t. d. með virkjun fallvatna, vegagerð og framræslu mýra. Það, sem skiptir meginmáli, er að meta vandlega allar aðstæður og leita þeirra kosta sem minnstri röskun valda.

Velferð þjóðarinnar í nútíð og framtíð byggist á því að nýta af skynsemi þann auð sem fólginn er í gæðum landsins. Ætla má að landnýtingaráætlun geti stuðlað að æskilegri þróun á þessu sviði.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um íslenska iðnkynningu.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Páll Pétursson,
Guðmundur G. Þórarinsson, Stefán Guðmundsson, Níels Á. Lund.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við samtök iðnaðarins og neytenda að hrinda af stað kynningu á íslenskum iðnaði, er hafi það að markmiði:

a) að stuðla að aukinni sölu á framleiðslu og þjónustu íslensks iðnaðar,
b) að skapa jákvæðari afstöðu almennings til íslensks iðnaðar,
c) að bæta aðstöðu íslensks iðnaðar.

Greinargerð.

Iðnaður er samheiti á mjög margvíslegri og ólíkri starfsemi. Hér á landi er algengt að skipta iðnaðinum í þrjá höfuðflokka, þ. e. framleiðsluiðnað, þjónustuiðnað og byggingariðnað. (Fiskiðnaður er að sjálfsögðu framleiðsluiðnaður, en hér á landi er fiskiðnaður samkv. gamalli hefð flokkaður með sjávarútvegi).

Einkennum íslensks iðnaðar má í stuttu máli lýsa þannig, að sé litið á landið sjálft sem afmarkaða heild er um að ræða mjög smáan markað og smáar framleiðslueiningar, enda landsmenn fáir og fjarlægðir á aðra markaði miklar. Annað einkenni iðnaðarins stafar af hráefnafátækt landsins. Innlend hráefni til iðnaðar eru flest tengd sjávarútvegi og landbúnaði. Hráefni þessi hafa verið og eru enn aðeins nýtt að hluta til iðnaðarvöruframleiðslu. Segja má að frá stríðslokum og fram til 1960 hafi iðnaðurinn búið annars vegar við tollvernd og innflutningshöft, en hins vegar við ranga gengisskráningu íslensku krónunnar, þannig að útflutningur var lítt fýsilegur. Lengst af byggðist því íslenskur iðnaður nær eingöngu á framleiðslu fyrir innanlandsmarkað úr innfluttum hráefnum.

Í kjölfar inngöngu Íslands í EFTA 1970 og samninganna við EBE breyttust allar aðstæður íslensks iðnaðar. Iðnaðurinn og íslensk stjórnvöld höfðu þá 10 ár til að aðlagast þeim breyttu aðstæðum, kostum þeim og göllum sem fylgja því að landið varð hluti af hinu stóra markaðskerfi Evrópu.

Íslensk fyrirtæki, bæði í framleiðslu- og þjónustuiðnaði, hafa sýnt aðlögunarhæfni og styrk í vaxandi samkeppni við erlenda aðila. Það er hins vegar ljóst, að á mörgum sviðum fer iðnaðurinn halloka í samkeppninni.

Sé litið á sundurgreiningu á vergri þjóðarframleiðslu árið 1978 (tekjuvirði) kemur í ljós að iðnaðurinn skilar u. þ. b. 35% þjóðarframleiðslunnar.

Hvað varðar útflutning eru u. þ. b. 22% af heildarútflutningi iðnaðarvörur. Hlutur iðnaðarins er um 16% í heildargjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Talið er að árið 1979 hafi verið rétt um 100 þús. ársstörf hér á landi. Við iðnað störfuðu þá rúmlega 38 þús. manns (þ. e. við framleiðsluiðnað, þjónustuiðnað, byggingariðnað og fiskiðnað), eða um 38% allra starfandi manna. Að fiskiðnaði slepptum starfa u. þ. b. 30 þús. eða 30% starfandi manna við iðnað.

Auðvelt er að gera sér grein fyrir því, hve atvinnutækifærum þarf að fjölga hér á landi, t. d. næstu tvo áratugina. Ástæðan er sú, að fólkið er fætt. Gera má ráð fyrir að ný atvinnutækifæri verði að skapa fyrir a. m. k. 25—27 þús. manns fram að næstu aldamótum.

Ekki er líklegt að sjávarútvegur og landbúnaður taki við stórum hluta þeirra sem koma á vinnumarkaðinn. Takmörk þessara greina eru þekkt og þó að framleiðsla þeirra eigi eftir að aukast má gera ráð fyrir nokkurri framleiðniaukningu sem dragi úr mannaflaþörf þeirra.

Þá hljóta möguleikarnir til að veita öllu þessu fólki vinnu í þjónustugreinum að vera takmarkaðir þar sem undirstöðurnar þola ekki nema vissa yfirbyggingu. Því verður að renna fleiri stoðum undir atvinnulífið í landinu. Iðnaðurinn hefur þar ríkum skyldum að gegna.

Til að iðnaðurinn geti tekist á við þetta mikilvæga hlutverk sitt er nauðsynlegt að styrkja samkeppnisaðstöðu hans og gera honum fært að auka framleiðni sína og nýsköpun og um leið þjóðartekjur, þannig að hann geti veitt þeim, sem koma á vinnumarkaðinn, vinnu við arðbær störf og jafnframt komið meira jafnvægi á þjóðarbúskap landsmanna og aukið velferð þjóðarinnar.

Flutningsmenn álíta að ein leið til að auðvelda iðnaðinum að takast á við þetta verkefni sé umfangsmikil kynning á íslenskum iðnaði, framleiðslu hans og þjónustu.

Sþ. 56. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um stöðu, þróunarhorfur og stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur G. Þórarinsson,
Páll Pétursson, Þórarinn Sigurjónsson, Hákon Hákonarson,
Halldór Ásgrímsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fram fari athugun á stöðu og þróunarhorfum í upplýsinga- og tölvumálum og á hvern hátt unnt er að stjórna þeirri þróun.

Alþingi felur ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni almenna stöðu þessara mála, þróunarhorfur og bendi á valkosti varðandi stefnumótun og opinbera ákvarðanatöku á fyrrgreindu sviði.

Nefndin geri tillögur um með hvaða hætti íslenskt þjóðfélag geti best numið og hagnýtt sér hina nýju tækni til alhliða framfara, svo sem að því er varðar atvinnumál, félagsmál, fræðslumál, mál varðandi almennar upplýsingar og aðra þá þætti er varða samfélagið. Nefndin skal við störf sín hafa hliðsjón af þeirri vinnu og þeim skýrslum sem þegar kann að vera lokið hérlendis og erlendis. Nefndin skal hafa lokið störfum og birt niðurstöður fyrir árslok 1982.

Greinargerð.

Ætla má að tölvuvædd meðhöndlun upplýsinga og tölvustýrð tækni sé í þann mund að breyta þjóðfélaginu svo að um munar. Markverðar breytingar eru í vændum, sem rætt er um og líkt er við byltingu. Því verður tæpast mótmælt, að okkar þjóðfélag, eins og flest önnur vestræn ríki, sé illa í stakk búið til að takast á við þann vanda sem fyrirsjáanlega mun fylgja upplýsinga- og tölvubyltingunni.

Hvers kyns tæki til öflunar, vinnslu og miðlunar á upplýsingum hafa ruttt sér til rúms á síðastliðnum árum og áratugum. Vöxtur þessarar tækni hefur verið mikill. Möguleiki á því að framleiða ódýrar einingar, sem til þarf, hafa stóraukist. Er hér átt við örtölvurnar svonefndu. Fyrirsjáanlegt virðist að alls kyns tölvur, tölvuvædd og tölvustýrð heimilistæki verði almenningseign innan 5—10 ára. Fyrirtæki landsmanna taka þessa tækni sem óðast í þjónustu sína, og sýnt er að áhugi á henni er geysilegur.

Ljóst er að ekki er enn séð fyrir endann á þróun á tölvu- og upplýsingasviðinu. Almennt er talið að um sé að ræða þróun sem er rétt í þann mund að komast á flugstig. Fram undan eru því mun örari breytingar en orðið hafa til þessa. Breytingar þessar eru taldar verða svo djúpstæðar og miklar að veruleg röskun verði á þeirri þjóðfélagsgerð sem við þekkjum nú.

Hvað þessu viðvíkur eru margir farnir að gefa þessu nýja þjóðfélagi framtíðarinnar nafn og kalla það upplýsingaþjóðfélagið. Í skilgreiningu á því felst miklu meira en hagnýting tölvutækni. Menn sjá til að mynda framleiðsluferil þar sem vélmenni taka við af mannafli við margs konar einföld störf. Enn fremur sjá menn fyrir mikinn vöxt í hvers kyns söfnun og miðlun upplýsinga sem auðvelda mun til mikilla muna dagleg störf og þróun í tæknimálum.

Sú þróun, sem hér greinir, getur átt sér skuggahliðar. Ef ekki eru hafðar í frammi í tæka tíð aðgerðir til að koma í veg fyrir hvers kyns röskun, sem af henni leiðir, er ófarnaður vís. Félagsleg vandamál eins og atvinnuleysi hafa verið fylgifiskar tækninnar þar sem hún hefur verið innleidd erlendis. Fyrirsjáanlegt er að þar mun atvinnuleysi af hennar völdum aukast mikið á komandi árum. Sá skortur á samræmingu og stöðlun, sem einkennt hefur þróun á tölvusviðinu, hefur valdið og mun valda mikilli vinnusóun sem unnt hefði verið að koma í veg fyrir að nokkru með viðeigandi aðgerðum. Unnið er að þessum málum erlendis, en þó engan veginn nægilega. Mikil ástæða er til að hefja öfluga vinnu við stöðlun og samræmingu hér á landi ef koma á í veg fyrir afleiðingar ósamræmis í framtíðinni.

Enn sem komið er hafa fáir yfirsýn yfir þær breytingar sem fylgja munu í kjölfar tölvutækninnar. Af þessari ástæðu er sýnt að nauðsynlegt er að gerð verði heildarúttekt á þeim möguleikum, tækifærum og hættum sem hinar öru breytingar munu hafa í för með sér.

Margir þeirra, sem fjallað hafa um þá þjóðfélagsbyltingu eða þjóðfélagsbreytingar sem tölvutæknin mun valda, fullyrða að ný þjóðfélagsgerð, hið svokallaða upplýsingaþjóðfélag, sem áður hefur verið getið um, muni hasla sér völl.

Þessar hugmyndir virðast vera mjög raunhæfar í ljósi þeirra möguleika sem tæknin býður upp á og menn munu, ef að líkum lætur, fara að hagnýta sér í síauknum mæli á komandi árum. Í þessu sambandi má geta þeirra möguleika sem tölvu- og fjarskiptatæknin býður upp á varðandi hagnýtingu á símakerfinu til þess að framkvæma vinnu annars staðar en í húsnæði fyrirtækja eða stofnana. Þannig má til að mynda vinna mörg skrifstofustörf á heimilum fólks eða í hverfabundnum vinnustöðum sem tengdir eru þeim, sem unnið er fyrir, gegnum símanetið.

Möguleikar sem þessir munu augljóslega valda breytingum á þjóðfélaginu ef þeir verða hagnýttir í einhverjum mæli.

Margt annað mætti nefna til að renna stoðum undir þá fullyrðingu, að tækniváeðing á upplýsingasviðinu muni hafa grundvallarbreytingu á þjóðfélagsmynstrinu í för með sér, en þetta mun látið nægja hér.

Ljóst er að mikilla og skjótra aðgerða er þörf ef þjóðfélagið á ekki að verða leiksoppur glundroðakenndrar og tilviljanakenndrar uppbyggingar. Eitt frumskilyrði þess, að rétt verði við brugðist, er að almenningur fái glögga hugmynd um tæknina og hið nýja þjóðfélag sem hún mun leiða af sér. Almenn og víðsýn fræðsla um þessi mál virðist því meginnauðsyn. Enn sem komið er er sú takmarkaða kennsla, sem fram fer, tæknileg í eðli sínu. Hún er snauð af umfjöllun um áhrif tækninnar á þjóðfélagið, um ýmsa almenna möguleika, sem tæknin býður upp á, og þá byltingu, sem í vændum er varðandi upplýsingaöflun úr gagnabönkum, og margt fleira á upplýsinga- og tölvusviðinu.

Þá virðist ljóst að eitt meginatriði varðandi það að búa í haginn fyrir upplýsingaþjóðfélag framtíðarinnar er að skipuleggja almennt nám um upplýsinga- og tölvumál sem tekur til miklu fleiri þátta en nú er gert í því námi sem víða er hafið.

Hagnýting á tölvutækni í atvinnulífi.

Á undanförnum árum hefur tölvutækni verið hagnýtt í innlendu atvinnulífi í sívaxandi mæli. Auk þess sem um hefur verið að ræða ýmis almenn og vel kunn notkunarsvið, eins og til að mynda bókhald og reikningaskriftir, hafa nýjar tegundir notkunar rutt sér til rúms.

Hér má geta þeirrar tölvuvæðingar sem orðið hefur í frystihúsum víðs vegar um landið. Í frystihúsunum hefur tölvan verið hagnýtt til nákvæms framleiðslu- og afkastaeftirlits.

Niðurstöður þessa eftirlits hafa verið notaðar til launaútreikninga í samræmi við afkastahvetjandi launakerfi á hverjum stað. Upplýsingarnar úr tölvunum hafa einnig verið hagnýttar til að fylgjast náið með áhrifum stillingar fiskvinnsluvéla á nýtingu fisksins. Gögnin, sem koma úr þessu eftirliti, eru notuð til hliðsjónar við stillingu vélanna.

Með fyrrgreindum hætti hefur því tölvutæknin verið hagnýtt til nákvæmrar framleiðslustjórnunar. Búast má við að margar aðrar atvinnugreinar muni hagnýta tölvur til framleiðslustýringar á hliðstæðan hátt á komandi árum.

Atvinnuleysi vegna hagnýtingar tölvutækninnar.

Hagnýting tölvutækninnar í atvinnulífinu hefur í mörgum tilvikum valdið atvinnuleysi. Hvað þessu viðvíkur má tilgreina eftirfarandi:

1. **Í framleiðslu og samsetningu ýmissa flókinna tækja** (t. d. búðarkassa, sjónvarpstækja, útvarpstækja, fjarskiptabúnaðar o. fl.) hafa fjöldauppsagnir fylgt í kjölfar þess, að viðkomandi tæki hafa verið útbúin örtölvum í stað mikils fjölda lítilla vélahluta og rafeindaeininga sem þær hafa leyst af hólmi. Samsetningin og framleiðslan hafa orðið miklu fábrotnari og einfaldari og starfsfólki í þessum greinum hefur verið sagt upp hópum saman. Sum fyrirtæki hafa þannig fækkað starfsmönnum sínum um þriðjung eða meir.
2. **Í prentiðnaði** hefur tölvuvæðingin haft þau áhrif, að sum störf setjara hafa orðið svo einföld að ekki hefur verið þörf á að hafa í þeim sérþjálfaða starfsmenn. Af þessu hefur leitt vandræði sem flestum eru kunn.
3. Tölvuvæðing hefur þegar komið inn í margs konar **skrifstofustörf.** Enn sem komið er hefur þetta ekki leitt til mikilla uppsagna. Þess í stað er nú unnt að vinna viðkomandi störf á fullkomnari og fljótvirkari hátt en áður var. Að öllum líkindum mun draga úr þeirri fjölgun atvinnutækifæra á þessu sviði sem verið hefur undanfarin ár. Í stað þess að fjölga starfsfólki munu fyrirtækin vélvæða störfin þar sem þess er kostur. Af þessu leiðir að skrifstofustörf munu ekki lengur geta tekið við vinnuafli í svipuðum mæli og verið hefur til þessa. Þetta mun skapa erfiðleika fyrir þá sem eru nýir á vinnumarkaðinum.

Fræðsla.

Nokkur fræðsla fer fram í skólum landsins á sviði tölvumála.

Fræðsla þessi er enn sem komið er fremur tæknileg og takmörkuð í eðli sínu. Sú almenna þekking, sem hins vegar væri æskilegt að allur þorri fólks öðlaðist, er miklu víðtækari. Í þessu sambandi má til að mynda nefna eftirgreinda þætti:

1. **Félagsleg áhrif tölvutækninnar.** Aðferðir til að draga úr erfiðleikum og mistökum sem upp geta komið við tölvuvæðingu.
2. **Framtíðin á sviði upplýsinga- og tölvumála.** Á hverju er von? Hvernig geta einstaklingar, fyrirtæki og þjóðfélagshópar búið sig undir það sem koma skal, t. d. hvað viðvíkur námi og fræðslu?
3. Hagnýting á tölvum til upplýsingaöflunar úr erlendum og innlendum upplýsingabönkum. Hvers kyns upplýsingabanka má byggja upp sem þjónað geta öllum almenningi?
4. Möguleikar á hagnýtingu tölvutækninnar í sérstökum starfsgreinum (iðnaði, sjávarútvegi, landbúnaði o. fl.).
5. Vinnusparnaður sem ná má með hagnýtingu tölvutækninnar í þjónustu opinberra aðila við almenning (sbr. dæmið um öflun veðbókarvottorða með hagnýtingu símakerfisins og margt fleira).

Almenn fræðsla um fyrrgreind efni og annað það, sem þörf kann að vera talin á, ætti að hafa eftirgreind meginmarkmið:

1. Að veita almenna innsýn í tæknina, möguleika hennar og þær hættur sem henni fylgja, þannig að almenningur geti skilið og tekið afstöðu til hennar á grundvelli eigin þekkingar.
2. Að veita fólki nægilega þekkingu til að það geti áttað sig vel á þróun tækninnar og hagnýtt sér hana. Með þessum hætti yrðu borgararnir virkir mótendur í stað þess að vera meira eða minna óvirkir þiggjendur eins og nú er raunin á.
3. Að gefa almenningi innsýn í að upplýsingameðhöndlun, sem er mikill og sívaxandi þáttur í öllum störfum, er svið sem unnt er og mikil ástæða til að koma við hagræðingu á.

Lokaorð.

Svo sem að framan greinir er ljóst að eigi að koma í veg fyrir tilviljanakennda og of dýra þróun í upplýsinga- og tölvumálum hér á landi í framtíðinni er full nauðsyn að grípa í taumana og gera átak í stefnumótun, samræmingu, stöðlun og víðsýnni almennri fræðslu. Með slíkum aðgerðum er unnt að minnka verulega þá sóun á tíma og fjármunum sem ella mun eiga sér stað. Eitt af fyrstu skrefunum í að undirbúa nauðsynlegar aðgerðir er að gera heildarúttekt á stöðu og þróunarhorfum á umræddum sviðum, eins og lagt er til í þessari þingsályktunartillögu.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um ávana- og fíkniefni.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Jón Helgason,
Níels Á. Lund, Haraldur Ólafsson, Ingólfur Guðnason,
Jóhann Einvarðsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði heildarendurskoðun á því, hvernig leitast er við af hálfu þjóðfélagsins að verjast innflutningi, tilbúningi, útbreiðslu og neyslu ávana- og fíkniefna, með árangursríkari varnaraðgerðir að markmiði.

Tillögur þar að lútandi liggi fyrir í árslok 1982.

Greinargerð.

Nú þegar höfum við Íslendingar öðlast allnokkra reynslu á þessu sviði. Vilja margir ætla að árangur í erfiðri baráttu við ávana- og fíkniefnavandamálin sé umtalsverður, og ekki skal úr því dregið hér. Eigi að síður megum við aldrei láta af grandskoðun þessara mála og heildarsýn þarf að vera tiltæk á hverri tíð.

Síðustu misseri hefur mikið magn ávana- og fíkniefna verið tekið úr umferð, sem að einhverju leyti má vafalaust rekja til árangursríkara starfs þeirra sem að þessum málum vinna. Þrátt fyrir að mikið magn fíkniefna er tekið úr umferð þykir fullvíst að neytendum ávana- og fíkniefna hérlendis fari fjölgandi. Varla líður sá dagur að ekki sé getið um misferli á þessu sviði, sumpart neyslu og sumpart innflutning eða hvort tveggja.

Það er mjög brýnt að staldra við og gaumgæfa frekar en nokkru sinni, hvort barátta okkar í viðureigninni við þann vágest, fíkniefnin og skaðvænleg áhrif þeirra á íslenskt þjóðfélag, sé á réttum brautum. Við þá endurskoðun og þær ráðagerðir, sem tillagan fjallar um, skal gæta þess, að málið fái víðtæka umfjöllun aðila frá sem flestum sviðum samfélagsins í ljósi þeirrar reynslu, sem fengin er, og viðhorfa, sem fram kunna að koma.

Ed. 58. Frumvarp til lánsfjárlaga [55. mál]

fyrir árið 1982.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 604 970 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 152 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 404 560 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

4. gr.

Iðnrekstrarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 10 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til endurlána til athugunar á sviði orkufreks iðnaðar.

5. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að 15 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 39 500 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

7. gr.

Heimilda er leitað til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 75 300 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 18 300 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 14 100 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1982 að fjárhæð 7 600 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1982 að fjárhæð 144 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður mun jafnframt

annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 4., 5., 6., 7. og 8. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 um að hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæm áður en lán til hitaveitufranikvæmda eru veitt.

II KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 52 500 þús. kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 50 000 þús. kr.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1982 eigi fara fram úr 15 160 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1982 eigi fara fram úr 25 960 þús. kr.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 12 170 þús. kr.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1982 eigi fara fram úr 57 200 þús. kr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 111 314 þús. kr. á árinu 1982.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 410 þús. kr.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1982 eigi fara fram úr 9 000 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1982 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 900 þús. kr.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 26 730 þús. kr. á árinu 1982.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 245 þús. kr.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 4 145 þús. kr. á árinu 1982.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 3 000 þús. kr. af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs að viðbættum 330 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 10 000 þús. kr.

III KAFLI

25. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

26. gr.

1. mgr. 29. gr. laga nr. 13/1981 orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

27. gr.

6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981 orðist svo:

Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.

28. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 er nemi allt að 42 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1982 auk heimildar til Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga. Í frumvarpinu eru breytingar á lögum fjárfestingarsjóða og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1982. Að síðustu ber að nefna að leitað er heimildar til viðbótarlántöku vegna ársins 1981.

Um 1. og 2. gr.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 kemur fram að heildarlánsfjárþörf A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 1 135 970 þús. kr. Nú er ráðgert að afla 40 000 þús. kr. með sérstöku stofnlínugjaldi og kemur sú upphæð til lækkunar á heildarlánsfjárþörf. Í 6. gr. frumvarps til fjárlaga er leitað heimildar til 150 000 þús. kr. útgáfu spariskírteina og happdrættislána. Hér er leitað heimildar til 152 000 þús. kr. lántöku innanlands hjá lífeyrissjóðum og innlánsstofnunum. Ennfremur er gert ráð fyrir að innheimta af endurlánuðum spariskírteinum umfram innlausn eldri skírteina nemi 107 000 þús. kr.

Erlendar lántökur vegna A- og B-hluta nema alls 695 970 þús. kr. Hér er leitað heimildar til lántöku alls 604 970 þús. kr. en heimild er í sérlögum til þeirrar lántöku er á vantar. Hér er um að ræða lög nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma og lög nr. 60/1981 um raforkuver. Samkvæmt þessum lögum eru heimildir til lántöku alls 91 000 þús. kr.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um málefni Landsvirkjunar. Á árinu 1982 er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Hrauneyjafoss. Unnið verður að stíflugerð við ármót Þjórsár og Tungnaár en þær framkvæmdir miða að því að auka orkuvinnslugetu Búrfellsvirkjunar. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við svonefnda Kvíslaveitu til að auka miðlunarrými Þórisvatns. Til framkvæmda er áformuð lántaka, alls 404 560 þús. kr., og auk þess nemur eiginfjárframlag ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar 10 440 þús. kr.

Um 4. gr.

Unnið er að athugun og undirbúningi á ýmsum framkvæmdum á sviði orkufreks iðnaðar. Gert er ráð fyrir að Iðnrekstrarsjóður afli 10 000 þús. kr. lánsfjár og endurláni síðan til áframhaldandi athugana á þessu sviði.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Alls nemur lántaka til Orkubús Vestfjarða 39 500 þús. kr. Til ýmissa raforkuverkefna er ráðgerð 20 000 þús. kr. lántaka og til framkvæmda við fjarvarmaveitur er ráðgert að afla 19 500 þús. kr. lánsfjár. Framkvæmdir við fjarvarmaveitur hafa staðið yfir á eftirtöldum stöðum: Ísafirði, Hnífsdal, Bolungarvík og Patreksfirði. Lánsfénu verður í höfuðdráttum varið til áframhaldandi framkvæmda á þessum stöðum.

Um 7. gr.

Erlend lánsfjáröflun til hitaveitna nemur alls 115 300 þús. kr. og eru þá framkvæmdir og lánsfjáröflun til Orkubús Vestfjarða frátalin. Auk þess er gert ráð fyrir framlengingu erlendra lána að fjárhæð 250 800 þús. kr. Á síðustu árum hafa stærri hitaveiturnar fjármagnað framkvæmdir í verulegum mæli með lánum til skamms tíma í von um að erlendir lánsfjármarkaðir verði hagstæðari en verið hefur.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands nemur á árinu 1982 alls 164 000 þús. kr. Af þessari fjárhæð eru 144 000 þús. kr. ætlaðar til endurlána til fjárfestingarlánasjóða en auk þess hefur Framkvæmdasjóður tekið að sér meðalgöngu um útvegun 20 000 þús. kr. lánsfjár til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna greiðslu útflutningsuppbóta verðlagsársins 1980/1981.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11.—24. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1982 um skerðingu lögboðinna framlaga er nauðsynlegt að tilteknum lögum verði breytt.

Um 25. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma, miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Óhagstæð erlend lán hafa m. a. leitt til þess að endurlán innlendra lánastofnana hafa verið til þess að gera skamms tíma. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma. Rétt þykir að fjármálaráðherra geti í samráði við fjárveitinganefnd tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er nú veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána.

Um 26. gr.

Í athugasemdum við frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 eru ákvæði 27. gr. frumvarpsins skýrð á þann veg að verið sé að afla heimilda til að taka lán er samsvari afborgunum af lánum vegna framkvæmda við Kröfluvirkjun og við byggðalínur, sbr. framsetningu fjárlaga. Í meðferð fjárlagafrumvarps og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 var ákveðið að breyta lánasamningum varðandi afborganir óháð því hvort lánin væru innlend eða erlend. Eigi hefur verið gætt að fella orðalag 27. gr. frumvarpsins er varð 29. gr. lánsfjárlaganna að þessu markmiði. Úr þessu er nú bætt.

Um 27. gr.

Jafnan hefur verið áhersla á það lögð að hafa heimildir til lántöku erlendis ótvíræðar. Heimild 6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981 er um lántöku allt að 50 m. kr. Ekki er tekið þar fram berum orðum að heimildin nái einnig til jafnvirðis þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þótt ætla megi svo af samhengi við aðrar málsgreinar 2. gr. Orðalag það sem hér er lagt til að notað verði er án tvímæla.

Um 28. gr.

Í greininni er leitað eftir heimildum til að taka lán að fjárhæð 42 m. kr. Af þeirri fjárhæð var fjallað um 16 m. kr. við gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 en nauðsynlegra formsatriða hefur ekki verið gætt til að af þeim lántökum gæti orðið. Til ýmissa verkefna er brýnt þykir að sinna á þessu ári vantar hins vegar 26 m. kr. umfram þær áætlanir er fjallað var um við gerð lánsfjárlaga.

Í lánsfjáráætlun voru 52 100 þús. kr. áætlaðar til byggðalína en samkvæmt nýjustu endurskoðun er gert ráð fyrir að kostnaður á árinu nemi samtals 63 167 þús. kr. Umframkostnaður, sem rekja má til Suð-austurlínu, er 11 067 þús. kr.

Holur 16, 17 og 18 við Kröflu verða tengdar nú á haust- og vetrarmánuðum. Áætlað er að framkvæmdir þessar hafi aukakostnað í för með sér að upphæð 5,2 m. kr. og muni 3,0 m. kr. af þeirri fjárhæð þurfa að koma til greiðslu á árinu 1981.

Orkubú Vestfjarða skortir rekstrarfé. Sem kunnugt er komst Vesturlínan mun seinna í gagnið en við var miðað þegar Orkubúið komst á laggirnar. Framleiðsla raforku með dísilvélum varð því miklu dýrari en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum Orkubúsins. Myndaðist þar af leiðandi rekstrarhalli á fyrstu starfsárunum.

Orkubúið hefur leitað eftir láni að upphæð 5,6 m. kr. til allt að 5 ára til að bæta úr rekstrarfjárskorti og þá jafnframt að gera upp þær skuldir sem Orkubúið er nú í við Rafmagnsveitur ríkisins.

Við samningu lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 voru fjármál ýmissa hitaveitna og rafmagnsveitna sérstaklega athuguð. Var þá talið að unnt væri að framlengja ýmis lán og breyta lánskjörum þannig að eigi þyrfti að afla sérstakra lagaheimilda til að greiða úr fjárhagsvandanum. Komið hefur í ljós að þessi leið var aðeins fær að takmörkuðu leyti þar sem ýmsar skuldir veitnanna voru við aðra en endurlánareikning ríkissjóðs. Fjárhæð sem er 8 m. kr. er því ætluð í lán til veitna. Hér er ekki um að ræða aukningu á lántökum veitna heldur skuldbreytingar.

Í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1981 er heimild til að fjármagna tímabundið byggingu Listasafns Íslands meðan verið sé að selja erfðahlut safnsins úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar. Nokkur óvissa er um hvenær búið verður að selja eignir þær er mynda erfðahlut safnsins og líklegt að nokkur ár líði þar til allt það fé verði til ráðstöfunar. Þeir samningar sem gerðir hafa verið við verktaka um byggingu safnhússins gera ráð fyrir greiðslum úr Byggingarsjóði Listasafns Íslands er nema 4 m. kr. á þessu ári.

Lagmetisiðnaðurinn hefur átt við rekstrarerfiðleika að etja að undanförnu. Siglósíld, sem er ríkiseign, hefur mætt þessum erfiðleikum með fjárfestingu til hagræðingar í rekstri. Til að mæta fjárfestingarkostnaði og skuldasöfnun seinustu ára hefur ríkissjóður aukið eigið fé

fyrirtækisins með fjárveitingum og einnig aflað því lánsfjár. Hér er gert ráð fyrir 2,4 m. kr. láni úr endurlánareikningi ríkissjóðs.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er gerð grein fyrir lántökum að upphæð 297,6 m. kr. Við breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu til lánsfjárlaga hefur fallið niður 7,9 m. kr. upphæð. Hér er því ekki um að ræða lántöku umfram lánsfjáráætlun 1981 heldur nauðsynlega samræmingu áætlunar og lántöku.

Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um stefnumörkun í fjölskyldumálum.

Flm.: Haraldur Ólafsson, Alexander Stefánsson, Níels Á. Lund.

Alþingi ályktar að skipa nefnd til þess að undirbúa löggjöf um samræmda stefnu í málum er varða eflingu og vernd fjölskyldunnar með tilliti til mikilvægis hennar í þjóðfélaginu og til þess að gera henni kleift að sinna vel uppeldis- og umönnunarhlutverkum sínum.

Greinargerð.

Þessi tillaga var flutt á Alþingi, 103. löggjafarþingi (113. mál, Sþ.), en hlaut þá ekki afgreiðslu. Tillagan er nú endurflutt með örlitlum breytingum.

Á aðalfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins 3.—5. apríl 1981 var skorað á Alþingi að samþykkja tillöguna. Jafnframt var samþykkt eftirfarandi: „Aðalfundurinn leggur áherslu á, að fjölskyldan er kjarni þjóðfélagsins. Þess vegna leggur Framsóknarflokkurinn áherslu á samræmda fjölskyldupólitík eða fjölskylduvernd, þannig að vinnumarkaðurinn taki tillit til þarfa fjölskyldunnar. Fjölskylduverndin felur í sér nýtt sjónarhorn þar sem meginmarkmið er að skapa góð uppeldisskilyrði barna og unglinga og félagslegt öryggi fjölskyldunnar sem heildar. Tryggður verði jafn réttur til fæðingarorlofs."

Á undanförnum áratugum hafa átt sér stað gífurlegar þjóðfélagsbreytingar hér á landi. Hin hefðbundnu hlutverk innan fjölskyldunnar hafa breyst, og einkum hefur þó framleiðsluhlutverk fjölskyldunnar minnkað til mikilla muna. Aukin verkaskipting hefur átt stærstan þátt í að raska þeirri efnahagsskipan, sem stuðlaði að samheldni fjölskyldunnar. Þrátt fyrir breytingarnar í þjóðfélaginu gegnir fjölskyldan enn miklu hlutverki. Innan hennar mótast börn og unglingar. Þar fer fram afdrifaríkasti hluti uppeldis þeirra.

Að undanförnu hafa orðið miklar umræður um stefnumörkun í fjölskyldumálum. Hefur þetta verið kallað „fjölskyldupólitík", en væri ef til vill réttara að nefna það fjölskylduvernd. Við hvað er átt með hugtakinu „fjölskyldupólitík"? Það eru úrræði til að stuðla að því, að fjölskyldan verði áfram mikilvægasti kjarni þjóðfélagsins þrátt fyrir breytta þjóðfélagshætti og án þess að slakað sé á kröfum um jafnrétti karla og kvenna.

Við mótun stefnu í fjölskyldumálum skal miðað við að vernda fjölskylduna og efla hana svo að hún geti sinnt mikilvægum hlutverkum sínum til gagns fyrir land og lýð.

Kanna þarf hvort einhver ákvæði laga og reglugerða beinlínis stuðli að því að sundra fjölskyldum eða gera þeim erfitt fyrir að halda saman. Þar verður að athuga tryggingamál, framfærsluskyldu, dagvistarmál, skólatíma, sifjalöggjöf. Þá verður að kanna atvinnumál og vinnutíma. Vinnumarkaðurinn er kröfuharður og vinnutími hentar ekki ætíð vel fjölskyldulífi, og til athugunar er hvort sveigjanlegur vinnutími getur að einhverju leyti auðveldað fjölskyldulíf. Skattamál og launamál hafa veruleg áhrif á fjölskylduna og þarf að athuga rækilega hvernig stefnumörkun í þeim málum hefur áhrif á fjölskyldugerð og möguleika fjölskyldna til að lifa góðu og heilbrigðu lífi. Húsnæðismál eru stór liður og áhrifamikill sem taka þarf til athugunar í þessu sambandi. Möguleikar til íþróttaiðkana og frístundastarfs snerta fjölskyldur

mjög mikið og stefnumörkun í þeim málum af halfu opinberra aðila getur haft veruleg áhrif á fjölskyldulíf.

Ýmsar stofnanir koma nú í stað fjölskyldunnar og annast uppeldi og umönnun ungra og aldinna. Enda þótt þær séu í eðli sínu hjálparstofnanir sem eiga að taka við þegar önnur ráð þrýtur, þá er þróunin sú, að þær taka að sér æ meira af verkefnum fjölskyldunnar. Draga verður í efa að slíkt stofnanauppeldi og slík stofnanaforsjá fyrir heilt samfélag standist. Kanna þarf á hvern hátt verði best stuðlað að því að gera fjölskyldum kleift að taka verulega þátt í að leysa vanda aldraðra og þeirra sem af ýmsum ástæðum eru hjálparþurfi.

Vinna verður að því að skapa börnum og unglingum góð uppeldisskilyrði og tryggja félagslegt öryggi barnafjölskyldna. Heimili og fjölskylda eru sá grunnur sem framtíð hvers og eins er á reist. Það skiptir miklu að sá grunnur sé traustur.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um skipun nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila.

Flm.: Níels Á. Lund, Ingólfur Guðnason, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni skipun þriggja manna nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila.

Í nefndinni sitji einn fulltrúi skipaður af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður nefndarinnar og auk hans einn tilnefndur af félagsheimilasjóði og einn tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Nefndin ljúki störfum og skili áliti til menntamálaráðherra áður en löggjafarþing kemur saman haustið 1982.

Nefndinni skal sérstaklega falið að kanna:

a) hvernig efla megi félagsheimilasjóð þannig að hann geti betur staðið að greiðslum til félagsheimilanna svo sem honum er ætlað að gera skv. lögum;
b) með hvaða hætti styrkja megi rekstrargrundvöll félagsheimila, m. a. með tilliti til skattlagningar hins opinbera, hitunarkostnaðar og fleiri atriða sem rekstur heimilanna varða.

Greinargerð.

Nú eru í notkun á landinu 173 félagsheimili í 134 bæjar- og sveitarfélögum, sem svarar því að rúmlega 59% bæjar- og sveitarfélaga njóti félagsheimila. Þá eru auk ofangreindra 12 félagsheimili í undirbúningi.

Svo sem alþjóð veit eru þessi félagsheimili að mörgu leyti mjög mismunandi. Má þar nefna aldur, stærð, starfsemi, legu o. fl. Elstu húsin, sem enn eru notuð, eru gömlu góðtemplara- og ungmennafélagshúsin sem byggð voru af hugsjón og dugnaði fyrir mörgum áratugum. Svo sem nærri má geta er aðstaða öll þar bágborin í samanburði við þær kröfur sem við gerum til félagsheimila nú. Stærð félagsheimilanna er mismunandi, sem ræðst að verulegu leyti af íbúafjölda héraðsins og þeirri starfsemi sem félagsheimilinu er ætluð. Sum þessara félagsheimila eru í þéttbýli og í stöðugri notkun hvern dag. Í tengslum við þau er oft og tíðum hótelrekstur, kvikmyndasýningar o. fl. Önnur eru á fámennari stöðum og oft að verulegu leyti notuð í tengslum við skóla, bæði sem kennslustofur og íþróttahús.

Í langflestum nýrri félagsheimilanna er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir þau félagasamtök sem að þeim standa, svo sem kvenfélög, verkalýðsfélög, búnaðarfélög, sjómannafélög, íþrótta- og ungmennafélög, skáta o. fl.

Sammerkt er öllum félagsheimilum að þau hafa verið og eru fjölbreytilegar menningarmiðstöðvar og leysa úr brýnni þörf fyrir félagslega aðstöðu. Að þeim langflestum standa áhugamannafélög sem leggja fram til þeirra allt sitt fjármagn. Með tilkomu félagsheimila í héruðin hefur skapast aðstaða til hvers konar menningarlífs sem telja verður eina af forsendum nútíma lífshátta.

Hvað nefndarskipuninni, sem um getur í ályktuninni, viðvíkur er rétt að benda á að þar sem hér er um að ræða fleiri en einn þátt hvað varðar rekstur og stöðu félagsheimilanna þykir rétt að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um málið í heild og gera tillögur til úrbóta.

Nefndinni er ætlað að ljúka störfum og hafa skilað áliti áður en löggjafarþing kemur saman að hausti 1982, þannig að tillögur nefndarinnar ættu að geta komið til kasta Alþingis þegar á næsta ári. Óþarft þykir að hafa nefndina stóra, en ætlast er til að í hana veljist menn sem þekkja til málsins og geta hafið störf strax.

Eðlilegt er að menntamálaráðherra skipi formann nefndarinnar þar sem félagsheimili og félagsheimilasjóður heyra undir hann. Einnig þykir rétt að í nefndinni eigi sæti 1 fulltrúi félagsheimilasjóðs, þar sem verulegur hluti af starfi nefndarinnar hlýtur að tengjast sjóðnum og fulltrúi sjóðsins er vel kunnugur stöðu og málefnum félagsheimilanna um allt land.

Þar sem félagsheimili landsins hafa ekki með sér nein samtök er lagt til að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa í nefndina fyrir hönd félagsheimilanna.

Nefndinni er einkum falið að kanna eftirtalda meginþætti, sem verulega snerta félagsheimilin og rekstur þeirra:

a) Félagsheimilasjóður hefur allt frá stofnun hans verið sveitarstjórnum og félagasamtökum mikil hvatning til að byggja yfir félagsstarf og samkomuhald fólksins í landinu. Framlög úr sjóðnum hafa þó oft borist styrkþegum seinna en þeir höfðu leyft sér að vænta, og skerðing sjóðsins með ákvæðum í lánsfjárlögum fyrir árið 1980 og síðar hefur valdið alvarlegri röskun á öllum fyrri áætlunum sjóðsstjórnar og frekari drætti á framlögum til framkvæmda við félagsheimili. Almennt er litið svo á, að bygging félagsheimila skuli styrkt sem nemur 40% af byggingarkostnaði. Skuldahalinn við félagsheimilin lengist sífellt og staða þeirra fer síversnandi ef ekkert verður að gert.

b) Í júní s. l. úrskurðaði ríkisskattanefnd, að Félagsheimilið Festi í Grindavík skyldi greiða tekjuskatt, eignarskatt og aðstöðugjald vegna starfsemi sinnar á árinu 1979. Félagsheimilið Tjarnarborg, Ólafsfirði, hefur nýlega fengið samsvarandi kröfur frá skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra, og svo er um fleiri félagsheimili. Rekstur félagsheimilanna hefur verið fjárhagslega erfiður, og verða því nýjar álögur, eins og um getur hér að framan, mikið reiðarslag fyrir rekstrarstjórnir félagsheimilanna.

Þótt hér sé aðeins um fá félagsheimili að ræða, sem vitað er um, þykir sýnt hvert stefnir.

Með sífelldum olíuverðhækkunum undanfarin ár hefur staða þeirra félagsheimila, sem hituð eru upp með olíu, versnað verulega. Þá er að margra dómi raforka til félagsheimila seld á óhóflega dýru verði, þar sem um innlendan orkugjafa er að ræða. Ljóst er að verulegur munur hlýtur að vera á rekstrarkostnaði þeirra félagsheimila, sem annars vegar eru hituð upp með olíu eða rafmagni, og þeirra, sem búa við hitaveitu. Er nefndinni sérstaklega falið að kanna þennan þátt og gera tillögur til úrbóta.

Eflaust eru enn fleiri atriði sem nefndin þyrfti að kanna og gera tillögur um og koma í ljós við vinnu hennar, þótt hér séu aðeins nefndir þættir sem verulega er áríðandi að gera úrbætur á.

Það er von flutningsmanna að með þessari nefndarskipan og þeim tillögum, sem nefndin gerir, verði unnt að bæta svo stöðu félagsheimilanna að þau geti áfram gegnt því veigamikla hlutverki sem þau hafa gert um allt land undanfarna áratugi.

Nánar verður gerð grein fyrir ályktuninni í framsögu.

Nd. 61. Frumvarp til laga [58. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds skulu á árinu 1982 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1981 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1981.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1982 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1981. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1982 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt sem ekki nær 1 500 kr. skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII—XIV kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1982 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1983. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár er skatturinn lagður á samkvæmt lögum nr. 17/1981 og er áætlað að tekjur af honum verði um 22 000 000 kr. Í fjárlögum fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þeim sökum er frumvarp þetta lagt fram og er það efnislega samhljóða lögum nr. 17/1981. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 35 500 000 kr. en innheimta um 32 100 000 kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Ed. 62. Frumvarp til laga [59. mál]

um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Upphaf 40. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins, til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

2. gr.

Upphaf 41. gr. orðist svo:

Stjórn lyfsölusjóðs skal gera tillögur til ráðherra um:

3. gr.

42. gr. orðist svo:

Tekjur lyfsölusjóðs eru vextir af lánum, hagnaður af sölu áhalda og lyfjabirgða svo og tekjur af rekstri lyfjabúðar, sbr. 41. gr. 1.—3. tl.

Ríkissjóður leggi lyfsölusjóði til árlegt framlag skv. fjárlögum. Framlag þetta nemi sem næst 1% af áætluðu CIF-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna.

Árlegt gjald, lyfsölusjóðsgjald, skal lagt á allar lyfjabúðir. Gjald þetta sé jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða og innheimtist með því, svo sem nánar skal ákveðið í reglugerð. Gjald þetta er lögtakskræft.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæðin um lyfsölusjóð í lyfjalögum nr. 49/1978 voru nýmæli. Í ljós hefur komið, að fyrirmælin um að innheimta skuli 1% af CIF-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna og leggja í lyfsölusjóð, eru varla framkvæmanleg nema með verulegri skriffinnsku. Af hálfu tollyf-

irvalda hefur verið bent á, að flokkun „lyfjaefna“ sé afar óljós og gjaldtaka af innflutningi því erfið í framkvæmd. Af hálfu fjármálaráðuneytisins er bent á, að miðað við óbreyttar álagningarheimildir við innflutning og dreifingu lyfja og óbreytta þátttöku ríkissjóðs í lyfjakostnaði almennings, geti núgildandi leið til fjármögnunar á kostnaði lyfsölusjóðs kostað ríkissjóð í raun allt að 50% meira en til lyfsölusjóðs rynni. Þess vegna væri nær að leggja sjóðnum til fé skv. ákvörðun Alþingis í fjárlögum hverju sinni.

Reyndin hefur orðið sú, að lyfsölusjóði hefur verið veitt fé á fjárlögum, sbr. fjárlög 1981 08-399-144. Innheimtuleið núgildandi laga hefur hins vegar ekki verið farin skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins og annarra tollyfirvalda.

Þar eð þessa nauðsyn bar til að breyta núgildandi ákvæðum um lyfsölusjóð, þótt rétt að færa önnur smærri ákvæði til betri vegar í leiðinni og viðra nýmælið um lyfsölusjóðsgjald.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum er skipunartími stjórnar lyfsölusjóðs ekki tímabundinn. Það þykir óeðlilegt og hér er því lagt til að stjórnin verði skipuð til 4ra ára. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 2. gr.

Þótt ákvæðin um lyfsölusjóðsgjald yrðu að lögum, væru tekjur sjóðsins ávallt að 80—90% í formi beinna fjárveitinga úr ríkissjóði. Því þykir eðlilegt, að ráðherra hafi síðasta orðið um ráðstöfun þessa fjár. Stefnir breytingartillagan í þá átt, að stjórn sjóðsins leggi sínar tillögur fyrir ráðherra, áður en þær ganga endanlega fram.

Um 3. gr.

Eins og áður segir er hér lagt til, að horfið verði frá hugmyndum um markaðan tekjustofn og komi árleg fjárveiting í staðinn. Þá er lagt til, að lyfsalar taki þátt í uppbyggingu sjóðsins með gjaldi, sem sé jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða, þ. e. a. s. um 100 þús. kr. skv. áætlun fyrir 1982. Fjárveiting úr ríkissjóði yrði hins vegar að vera 6—700 þús. kr., til að svara til upphaflegra hugmynda um tekjur sjóðsins af innflutningsgjaldi.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 63. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á lyfsölulögum nr. 30/1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

7. gr., 1. mgr. orðist svo:

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum, lyfsölusjóði og Háskóla Íslands, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum, enda uppfylli þeir skilyrði 1. mgr. 9. gr.

Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

2. mgr. 7. gr. verður 3. mgr. 7. gr. o. s. frv.

2. gr.

Aftan við orðin „Forstöðumaður slíkra lyfjabúða“ í 2. mgr. 9. gr. komi: „svo og forstöðumaður lyfjabúðar Háskóla Íslands“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um lyfjadreifingu, sem lagt hefur verið fram þrívegis eða á 100., 102. og 103. löggjafarþingi og ekki náði fram að ganga, er gert ráð fyrir heimild til Háskóla Íslands að kaupa og reka eina af starfandi lyfjabúðum landsins. Lyfjabúð þessa skal starfrækja með sérstöku tilliti til rannsókna og kennslu í lyfjafræði lyfsala.

Í frumvarpi til laga um Háskóla Íslands, sem samþykkt var sem lög (nr. 77/1979) frá Alþingi á 100. löggjafarþingi segir í 36. gr., 2. mgr.:

„Háskólanum skal heimilt að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala.“

Sá vilji stjórnvalda, að Háskóli Íslands geti öðlast eitt lyfsöluleyfi vegna kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala, kemur skýrt fram í ofangreindum frumvörpum. Í 7. gr. í gildandi lyfsölulögum eru hins vegar ákvæði þess efnis, að ekki megi veita öðrum en einstaklingi lyfsöluleyfi.

Framangreind lagabreyting er lögð fram í því skyni að greiða götu Háskóla Íslands vegna rannsókna og kennslu í lyfjafræði lyfsala, en ákveðið hefur verið að taka upp kennslu til kandidatsprófs í lyfjafræði. Fram til þessa hefur einungis verið unnt að ljúka prófi aðstoðarlyfjafræðings við Háskólann, en kandidatsprófi hefur orðið að ljúka erlendis.

Áðurnefnt frv. til nýrra laga um lyfjadreifingu, hefur þegar verið lagt fram á nýbyrjuðu Alþingi. Þar eð óvíst er, hverja afgreiðslu það fær að þessu sinni, er sú leið valin að tryggja réttindi Háskólans með sérstakri lagabreytingu, í trausti þess að um slíka breytingu verði ekki ágreiningur.

Sþ. 64. Fyrirspurn [61. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslufyrirkomulag fjárveitinga til opinberra framkvæmda.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvernig er háttað greiðslu á framkvæmdafé skv. fjárlögum til opinberra framkvæmda sem framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins sér um?
2. Hvernig er farið með geymdar eða ónotaðar fjárveitingar til opinberra framkvæmda skv. fjárlögum milli ára?

Ed. 65. Frumvarp til laga [62. mál]

um Lífeyrissjóð Íslands.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Lárus Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

I. KAFLI

Skipulag og stjórn.

1. gr.

Lífeyrissjóður Íslands er sameiginlegur tryggingarsjóður landsmanna. Hlutverk hans er að annast lífeyristryggingar samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Stjórn Lífeyrissjóðs Íslands skipa níu menn og jafnmargir til vara. Skal stjórnin kosin á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar. Stjórnin kýs sér ritara.

3. gr.

Stjórnin ræður forstjóra, tryggingarlækni, tryggingarfræðing og aðra sérhæfða starfsmenn í samræmi við þarfir sjóðsins.

4. gr.

Stjórnin skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Rísi ágreiningur um bætur, úrskurðar stjórnin í málinu. Heimilt er að áfrýja úrskurði til tryggingardóms.

Stjórnin skal leita samþykkis tryggingarráðs, skv. 5. gr., fyrir eftirfarandi:

a) Ákvörðun um iðgjaldaprósentu.
b) Árlegri fjárhagsáætlun sjóðsins.
c) Ársreikningum.
d) Öðrum atriðum er varða framkvæmd þessara laga.

Ákvarðanir tryggingarráðs ber að leggja fyrir tryggingarráðherra til staðfestingar.

Rísi upp alvarlegur ágreiningur innan tryggingarráðs um iðgjaldaprósentu ber að vísa þeim ágreiningi þegar í stað til ráðherra, er hefur endanlegt úrskurðarvald í þessum efnum.

5. gr.

Sérstakt tryggingarráð skipað 27 mönnum skal starfa við hlið stjórnar Lífeyrissjóðs Íslands. Skal ráðið vera stjórn sjóðsins til ráðuneytis í þeim þáttum tryggingarmála, er lög þessi ná til, sbr. ákvæði 4. gr. þessara laga.

6. gr.

Tryggingarráð skal skipað sem hér segir:

a) Stjórn Lífeyrissjóðs Íslands.
b) Fulltrúum eftirfarandi samtaka samkvæmt tilnefningu þeirra að fenginni staðfestingu tryggingarráðherra:

Alþýðusamband Íslands	4 fulltr.
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	2 fulltr.
Bandalag háskólamanna	1 fulltr.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	1 fulltr.
Stéttarsamband bænda	1 fulltr.
Vinnuveitendasamband Íslands	4 fulltr.
Vinnumálasamband samvinnufélaganna	1 fulltr.
Kjararáð verslunarinnar	1 fulltr.
Fjármálaráðuneytið	2 fulltr.
Öryrkjabandalag Íslands	1 fulltr.

Tryggingarráð skal hið minnsta koma saman tvisvar á ári.

Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Íslands skal jafnframt vera formaður tryggingarráðs.

7. gr.

Tryggingarráðherra ákveður þóknun stjórnar og tryggingarráðs til eins árs í senn.

8. gr.

Aðsetur Lífeyrissjóðs Íslands skal vera í Reykjavík. Skal haft samráð og samvinna við Tryggingastofnun ríkisins um rekstur umboðsskrifstofa.

9. gr.

Reikningar Lífeyrissjóðs Íslands fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir og endurskoðaðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Þeir skulu birtir í Lögbirtingablaðinu.

Lífeyrissjóður Íslands skal veita félagsmönnum sínum glöggar upplýsingar og fræðslu um réttindi þeirra. Skal stefnt að því að veita hverjum einstaklingi upplýsingar um áunnin réttindi einu sinni á ári.

II. KAFLI

Lífeyristryggingar.

A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal veita ellilífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri á grundvelli ævitekjuhlutfalls. Þá skal hann og greiða fæðingarlaun.

11. gr.

Aðilar að Lífeyrissjóði Íslands, hér nefndir félagsmenn, eru allir einstaklingar sem lögheimili eiga á Íslandi.

12. gr.

Elli-, örorku- og barnalífeyrisgreiðslur ákvarðast af tekjuhlutfalli, ævitekjuhlutfalli og vísitekjum.

B. Tekjuhlutfall.

13. gr.

Tekjuhlutfall félagsmanns ákveðið almanaksár eftir 1950 skal vera hlutfall brúttótekna hans það ár samkvæmt skattframtali og meðalbrúttótekna þeirra, sem orðnir voru 17 ára, en ekki 67 ára í lok ársins, það sama ár, sbr. 40. gr. Með brúttótekjum skal telja fæðingarlaun skv. 32. gr. og örorkulífeyri skv. 26. gr.

Tekjuhlutfall félagsmanns til og með 1950 skal vera 1.0.

14. gr.

Leiðrétt tekjuhlutfall einstaklings ákveðið almanaksár skal vera tekjuhlutfall hans það ár, hækkað í 0.5 eða lækkað í 3.0, ef það er lægra en 0.5 eða hærra en 3.0.

Hafi einstaklingur ekki talið fram umrætt ár, skal hann hljóta leiðrétt tekjuhlutfall 0.5 það ár.

Hafi skattframtal einstaklings umrætt ár glatast hjá skattstofu, skal hann hljóta leiðrétt tekjuhlutfall 1.0 það ár.

Hafi félagsmaður ekki átt lögheimili á Íslandi allt umrætt almanaksár, skal leiðrétt tekjuhlutfall hans það ár skv. ofangreindu skerðast hlutfallslega.

Hafi einstaklingur verið í sambúð umrætt almanaksár og talið fram sameiginlega með maka sínum, skal hann hljóta meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla síns og maka síns sem leiðrétt tekjuhlutfall það ár.

C. Ævitekjuhlutfall.

15. gr.

Ævitekjuhlutfall einstaklings, sem orðinn er 67 ára gamall, skal vera meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla hans síðustu fimmtíu almanaksárin fyrir sextugasta og sjöunda afmælisdag hans.

16. gr.

Væntanlegt ævitekjuhlutfall einstaklings, sem ekki er orðinn 67 ára gamall, skal vera meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla hans þau almanaksár, sem liðin eru frá sextánda afmælisdegi hans.

D. Vísitekjur.

17. gr.

Vísitekjur. Fyrir 1. júlí ár hvert skal Hagstofa Íslands reikna meðalbrúttótekjur þeirra, sem orðnir voru 17 ára, en ekki 67 ára um síðustu áramót á undan. Skal miðað við brúttótekjur ársins á undan skv. skattframtölum. Vísitekjur eru þessar meðalbrúttótekjur hækkaðar 1. júlí, 1. október, 1. janúar næsta ár og 1. apríl næsta ár í hlutfalli við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. júlí árið áður.

E. Verðtrygging lífeyris.

18. gr.

Mánaðarlífeyrir samkvæmt lögum þessum skal veittur sem lífeyrisprósenta af vísitekjum á hverjum tíma deilt með tólf.

III. KAFLI
Ellilífeyrir.

19. gr.

Rétt til ellilífeyris hafa þeir, sem eru 67 ára eða eldri og hafa átt lögheimili á Íslandi í að minnsta kosti þrjú almanaksár frá 16 ára aldri til 67 ára aldurs.

20. gr.

Þegar félagsmaður í Lífeyrissjóði Íslands verður 67 ára gamall, skal Lífeyrissjóður Íslands reikna ellilífeyrisprósentu hans.

Ellilífeyrisprósenta skal vera ævitekjuhlutfall félagsmannsins margfaldað með sextíu.

21. gr.

Félagsmanni í Lífeyrissjóði Íslands er heimilt að fresta töku ellilífeyris í allt að átta ár og skal ellilífeyrisprósenta hans hækka vegna frestunarinnar í samræmi við lækkun núgildis ellilífeyris hans, reiknað án vaxta.

22. gr.

Ellilífeyri skal greiða frá og með næsta mánuði eftir 67 ára afmæli viðkomandi einstaklings eða seinna, ef um frestun á töku ellilífeyris skv. 21. gr. er að ræða.

Ellilífeyri skal greiða til og með næsta mánuði eftir lát ellilífeyrisþega.

23. gr.

Tryggingarfræðingur Lífeyrissjóðs Íslands skal reglulega reikna þá hækkun ellilífeyris, sem um getur í 21. gr. Skulu þær upplýsingar birtar félagsmönnum Lífeyrissjóðs Íslands.

IV. KAFLI
Örorkulífeyrir.

24. gr.

Rétt til örorkulífeyris hafa þeir einstaklingar, sem lögheimili eiga á Íslandi og eru orðnir 16 ára, en ekki orðnir 67 ára gamlir og:

a. hafa átt lögheimili á Íslandi a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn um örorkulífeyri er lögð fram, eða haft óskerta starfsorku, er þeir tóku hér lögheimili;
b. eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn fjórðung þess, sem andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim, með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

25. gr.

Þeir, sem telja sig eiga rétt á örorkulífeyri, skulu sækja um hann til Lífeyrissjóðs Íslands.

Umsókn um örorkulífeyri skal endurnýja að minnsta kosti á fimm ára fresti.

Tryggingarlæknir Lífeyrissjóðs Íslands skal meta örorkuprósentu þeirra, sem sækja um örorkulífeyri eða endurnýja fyrri umsóknir.

Úrskurð Lífeyrissjóðsins um það, hvort örorkulífeyrir verði veittur, skal tilkynna umsækjanda innan tveggja mánaða frá því að umsókn barst. Ef úrskurðurinn er jákvæður, skal greiða lífeyrinn frá og með næsta mánuði eftir að umsókn barst. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en nemur þeim tekjumissi, sem félagsmaður hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar.

Lífeyri skal greiða til og með þeim mánuði, sem örorka fellur niður eða félagsmaður verður 67 ára.

26. gr.

Þegar umsókn um örorkulífeyri hefur verið samþykkt, skal Lífeyrissjóður Íslands reikna væntanlegt ævitekjuhlutfall viðkomandi einstaklings miðað við daginn, sem umsókn barst.

Örorkulífeyrisprósenta skal vera væntanlegt ævitekjuhlutfall viðkomandi margfaldað með örorkustuðli hans.

Örorkustuðull einstaklings skal vera 60, ef örorkuprósenta hans er hærri eða sama sem 75%. Fyrir hvert prósentustig, sem hann vantar í 75% örorku, skal skerða örorkustuðul hans um 1.0.

V. KAFLI
Barnalífeyrir.

27. gr.

Rétt til barnalífeyris hafa þeir félagsmenn, sem ekki eru orðnir 19 ára, ef annað hvort foreldra þeirra er látið, er ellilífeyrisþegi eða örorkulífeyrisþegi, enda hafi það átt lögheimili á Íslandi síðustu þrjú árin.

Foreldri í skilningi þessara laga er kynforeldri, fósturforeldri eða stjúpforeldri, enda annist það barnið að mestu leyti eða hafi annast barnið að mestu leyti fyrir lát sitt. Þó skal ekki veita barnalífeyri vegna stjúpföður eða stjúpmóður, ef barnið á framfærsluskyldan föður eða móður á lífi. Ættleiðing veitir ekki rétt til barnalífeyris, nema hún hafi staðið í tvö ár eða sannað sé, að hún standi ekki í sambandi við réttindi til barnalífeyris.

28. gr.

Barnalífeyrisprósentan fyrir fyrsta barn látins foreldris skal vera einn fjórði af þeirri fullu örorkulífeyrisprósentu, sem foreldrið hefði fengið á dánardegi. Þó skal þessi barnalífeyrisprósenta ekki vera lægri en 13.0%.

Barnalífeyrisprósenta fyrsta barns foreldris, sem er elli- eða örorkulífeyrisþegi, skal vera einn fjórði af elli- eða örorkulífeyrisprósentu foreldrisins.

Barnalífeyrisprósenta annars, þriðja eða fjórða barns skal vera $^{4}/_{5}$, $^{3}/_{5}$ eða $^{2}/_{5}$ af barnalífeyrisprósentu fyrsta barns.

Barnalífeyrisprósenta barns umfram fjórða barn foreldris skal vera $^{1}/_{5}$ af barnalífeyrisprósentu fyrsta barns.

Hér er átt við börn foreldris, sem er á lífi.

29. gr.

Ef báðir foreldrar barns eru látnir, elli- eða örorkulífeyrisþegar, skal barnið hljóta barnalífeyri eftir þá báða samkvæmt lögum þessum.

30. gr.

Barnalífeyri skal veita frá og með þeim mánuði, sem foreldri deyr, hlýtur ellilífeyri eða örorkulífeyri.

Fullan barnalífeyri samkvæmt lögum þessum skal veita til og með þeim mánuði, sem barnið verður 16 ára, og greiðist hann þeim, sem annast framfærslu barnsins að mestu leyti. Hálfan barnalífeyri samkvæmt lögum þessum hljóta þeir, sem orðnir eru 16 ára, til og með þeim mánuði, sem þeir verða 19 ára.

Barnalífeyrir greiðist þeim, sem annast framfærslu barnsins að fullu.

VI. KAFLI
Fæðingarlaun.

31. gr.

Rétt til fæðingarlauna hafa foreldrar, sem fæðist barn, hafa forræði fyrir því og eiga lögheimili á Íslandi, enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi síðustu þrjú árin fyrir fæðinguna og taki ekki laun annars staðar.

Rétt til fæðingarlauna hafa foreldrar, sem ættleiða barn yngra en fimm ára, enda uppfylli þeir skilyrði fyrstu málsgreinar.

32. gr.

Fæðingarlaun á mánuði skulu nema meðalmánaðarlaunum foreldris síðustu 36 mánuðina fyrir fæðinguna. Ekki skal þó reikna með lægri mánaðarlaunum en 2.5% af vísitekjum á hverjum tíma. Mánaðarlaunin skulu færð fram til fæðingardags miðað við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar, áður en meðalmánaðarlaunin eru reiknuð. Sambærilegar reglur skulu gilda um fæðingarlaun vegna ættleiðingar.

33. gr.

Fæðingarlaun skal greiða í þrjá mánuði, fyrir fleirburafæðingu í fjóra mánuði og fyrir ættleiðingu í tvo mánuði. Foreldri á rétt á launalausu leyfi hjá vinnuveitanda sínum, meðan það nýtur fæðingarlauna. Fyrsta greiðsla fæðingarlauna fari fram í byrjun áætlaðs fæðingarmánaðar (ættleiðingarmánaðar), enda liggi fyrir umsókn með nauðsynlegum upplýsingum frá foreldrum sex vikum fyrir töku fæðingarlauna. Í umsókn komi fram, hvernig foreldrar hyggist skipta með sér fæðingarlaunum.

34. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal fylgjast með fæðingum hér á landi og minna þá foreldra á að sækja um fæðingarlaun, sem eignast hafa barn hér á landi og ekki hafa sótt um fæðingarlaun tveimur mánuðum eftir fæðinguna (ættleiðinguna).

Fæðingarlaun skal greiða allt að tveimur árum aftur í tímann.

VII. KAFLI
Tekjur.

35. gr.

Tekjur Lífeyrissjóðs Íslands skulu vera iðgjöld þeirra, sem orðnir eru 16 ára, en ekki orðnir 67 ára, og lögheimili eiga á Íslandi.

36. gr.

Iðgjöld skulu greidd sem prósenta (iðgjaldsprósenta) af öllum atvinnutekjum þess er í hlut á.

37. gr.

Iðgjald af launatekjum skal launagreiðandi greiða til Lífeyrissjóðs Íslands eigi síðar en tveimur vikum eftir greiðslu launa.

Þeir, sem hafa aðrar atvinnutekjur en launatekjur, skulu greiða iðgjald af þeim tekjum til Lífeyrissjóðs Íslands eigi síðar en 1. maí árið eftir að teknanna var aflað. Skal iðgjaldið hækka miðað við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. maí árið sem teknanna var aflað til greiðsludags.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalda skulu þau innheimt með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga.

Iðgjaldskröfur skv. 1. og 2. mgr. skulu njóta forgangsréttar í þrotabú vinnuveitenda/skuldara til jafns við kröfur skv. a-lið 83. gr. skiptalaga nr. 3 frá 12. apríl 1878, en iðgjaldskröfur skv. 3. gr. til jafns við kröfur skv. 5. tölulið b-liðar sömu greinar.

38. gr.

Tryggingarfræðingur Lífeyrissjóðs Íslands skal fyrir 1. júlí ár hvert meta iðgjaldaprósentu, sem greiða ber frá og með 1. ágúst sama ár. Skal hann miða við að Lífeyrissjóður Íslands hafi ávallt í sjóði fjármagn til að standa straum af lífeyri og fæðingarlaunum næstu 120 daga.

VIII. KAFLI
Önnur ákvæði.

39. gr.

Tekjuhlutfall, leiðrétt tekjuhlutfall, ævitekjuhlutfall og væntanlegt ævitekjuhlutfall skal reikna með fjórum aukastöfum. Lífeyrisprósentu skal reikna með tveimur aukastöfum. Beitt skal venjulegum reglum um upphækkun síðasta aukastafs.

40. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna eða áætla meðalbrúttótekjur þeirra, sem orðnir voru 16 ára, en ekki orðnir 67 ára í lok ársins, fyrir öll almanaksár frá og með árinu 1951. Skal miðað við framtöl umræddra ára.

Með reglugerð skal kveða á um, hvað séu brúttótekjur hin ýmsu ár, og hafa í huga þær tekjur, sem falla mundu niður við dauða eða örorku.

IX. KAFLI
Almennir lífeyris- og lánasjóðir.

41. gr.

Lífeyrissjóður, annar en Lífeyrissjóður Íslands, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a) Væntanleg iðgjöld sjóðfélaga auk eigna sjóðsins á hverjum tíma skulu standa undir væntanlegum lífeyrisútgjöldum sjóðsins. (Full söfnun). Við árlegt mat á þessum atriðum skal gengið út frá þeirri ávöxtun, sem sjóðurinn getur væntanlega fengið.
b) Lífeyrisréttindi skulu halda verðgildi sínu miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
c) Sjóðurinn taki á sig áhættu af öllum tegundum réttinda, sem hann veitir.
d) Iðgjöld síðasta almanaksárs skulu ekki vera lægri en fimmtugfaldar meðalvísitekjur þess árs.
e) Fjöldi greiðenda síðasta almanaksárs skal ekki vera undir 1000.

Skilyrði d) og e) eiga ekki við um nýstofnaða sjóði fyrstu 3 árin.

42. gr.

Tryggingaráðherra skal veita lífeyrissjóðum starfsleyfi til þriggja ára í senn að fenginni umsögn tryggingarráðs, sem gengur úr skugga um að skilyrðum 41. gr. sé fullnægt.

Breyta skal sjóði, sem ekki hefur starfsleyfi ráðherra, í lánasjóð, er lög þessi koma til framkvæmda. Eignum sjóðsins skal skipta á milli sjóðfélaga eftir reglum, sem ráðherra setur.

Við breytingu lífeyrissjóðs í lánasjóð skal hverjum sjóðfélaga í sjálfsvald sett, hvort

hann lætur inneign sína standa áfram í sjóðnum, fær hana endurgreidda, sbr. 44. gr., eða lætur flytja hana í lífeyrissjóð, sem hefur starfsleyfi ráðherra, og samþykkir flutninginn.

43. gr.

Reglugerð fyrir lánasjóð skal hljóta samþykki fjármálaráðuneytisins. Skal þar tekið fram, hverjir eigi rétt á þátttöku í lánasjóðnum, hverjar séu reglur um úthlutun lána úr sjóðnum, hver lánskjör séu, hvert sé iðgjald til sjóðsins og hvernig stjórn skuli kosin. Þá skal einnig koma fram, að stjórn sjóðsins er skylt að tilkynna meðlimum sjóðsins, þegar þeir eiga rétt á láni, og einnig skal veita sjóðsfélögum upplýsingar um, hverjir hlotið hafa lán.

44. gr.

Við flutning réttinda eða endurgreiðslu frá lífeyrissjóði skal meta til núgildis væntanlegan lífeyrisrétt hjá sjóðnum í samræmi við 41. gr. Sú fjárhæð er flutt eða endurgreidd.

Heimilt er að dreifa endurgreiðslu til samræmis við greiðslustöðu sjóðsins.

Við flutning réttinda til lífeyrissjóðs eða réttindakaup skal núgildi þess lífeyris, sem veittur er, vera jafngildi þeirrar fjárhæðar, sem flutt er eða greidd.

45. gr.

Aðild að almennum lífeyris- og lánasjóðum skal vera frjáls.

Ákvæði til bráðabirgða.

46. gr.

Lánasjóður, sem breytt hefur verið úr lífeyrissjóði, sbr. 42. gr., skal vera í umsjá þeirra aðila, sem staðið hafa að stofnun hans á grundvelli staðfestrar reglugerðar hans sem lífeyrissjóðs með nauðsynlegum breytingum vegna þessara laga. Réttur til aðildar skal vera sá sami og fyrir breytinguna. Viðkomandi samningsaðilar skulu sjálfir semja reglugerðir fyrir hina nýju lánasjóði.

47. gr.

Lífeyrisréttindi, sem áunnin höfðu verið í lífeyrissjóði fyrir 1. janúar 1983 falla niður, ef sjóðnum verður breytt í lánasjóð, eða skerðast, ef hann starfar áfram sem lífeyrissjóður. Skal skerðingin vera í samræmi við ákvæði 41. gr.

48. gr.

Þeir lífeyrissjóðir, sem starfa við gildistöku laga þessara, skulu greiða til Lífeyrissjóðs Íslands sem svarar iðgjaldatekjum þeirra síðustu fimm mánuði ársins 1982. Skal greiðsla þessi innt af höndum mánaðarlega eftir á.

49. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal hefja lífeyrisgreiðslur frá og með 1. janúar 1983.

Þeir, sem eru lífeyrisþegar hinn 1. jan. 1983, skulu fá þann lífeyri, sem þeir hljóta samtals í janúar 1983 verðtryggðan með vísitölu framfærslukostnaðar, frá Lífeyrissjóði Íslands, uns Lífeyrissjóðurinn hefur reiknað lífeyrisprósentu þeirra. Skal þeim, sem fengið hafa of lágan lífeyri til þess tíma, er lífeyrisprósentan var reiknuð, bættur mismunurinn auk venjulegra innlánsvaxta. Þeir, sem fengið hafa of háan lífeyri, skulu endurgreiða Lífeyrissjóði Íslands mismuninn auk innlánsvaxta með allt að 15% af mánaðarlegum lífeyri sínum.

Lífeyrissjóður Íslands skal reikna lífeyrisprósentu þeirra, sem eru lífeyrisþegar hinn 1. janúar 1983 eftir aldursröð og byrja á þeim sem elstir eru. Skal miða við að ljúka þessu verki fyrir 1. janúar 1984.

50. gr.

Laun þeirra, sem eru í lífeyrissjóði hinn 31. desember 1982, skulu hækka sem nemur greiðslum atvinnurekenda til lífeyrissjóðs frá og með 1. janúar 1983. Frá sama tíma hefjast iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs Íslands samkvæmt 37. gr.

51. gr.

1. jan. 1983 falla niður ákvæði laga nr. 97 1979, um eftirlaun til aldraðra, ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, með áorðnum breytingum síðar, er lúta að ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyristryggingum, ákvæði laga nr. 55 1980, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, ákvæði laga nr. 97 1980, um fæðingarorlof svo og önnur lög og lagaákvæði, sem varða lífeyrissjóði.

52. gr.

Tryggingaráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Guðmundur H. Garðarsson, þáverandi þingmaður, lagði fram í ársbyrjun 1976 og um haustið 1978 frumvörp til laga, sem eru að stofni til eins og meðfylgjandi frumvarp til laga um Lífeyrissjóð Íslands. Þrír fyrstu flutningsmenn þessa frumvarps lögðu það fram á síðasta þingi. Þessi frumvörp náðu eigi fram að ganga og býr þjóðin enn við gamla kerfið í lífeyrismálum. Þó að nokkrar breytingar hafi átt sér stað til batnaðar fyrir hluta lífeyrisþega eftir að fyrra frumvarpið var lagt fram, er kerfið enn ófullkomið, flókið og ranglátt. Þetta kerfi fær ekki staðist til lengdar og þúsundir manna eru afskiptar í þessum málum. Rétta verður hlut þessa fólks og koma á betri skipan þessara mála.

Nokkrar breytingar til bráðabirgða hafa verið gerðar til hins betra á grundvelli samninga aðila vinnumarkaðarins fyrir milligöngu ríkisstjórna, en án frumkvæðis Alþingis. Fyrsta samkomulag þessa efnis var gert í lok febrúar 1976 og annað samkomulagið gilti frá júnísamningunum 1977. Það var svo framlengt með lögum í árslok 1979 og á að gilda út 1982. Þá voru nokkrar bætur gerðar í samningunum núna í október síðastliðnum. Hvað við tekur 1983 veit enginn enn þá og er slíkt öryggisleysi óþolandi fyrir lífeyrisþegana. Í tengslum við fyrsta samkomulagið 1976 voru settar á laggirnar nefndir, sem gera skyldu tillögur um framtíðarskipan þessara mála. Nefndirnar hafa enn ekki skilað áliti og er ekki vitað, hvenær eða hvort sameiginleg niðurstaða fæst.

Með tilliti til þess, að allar meiri háttar breytingar í jafnyfirgripsmiklu máli og hér um ræðir hljóta að eiga sér langan aðdraganda og ekki virðist hilla undir raunhæfar tillögur í þessu máli, hvorki af hálfu fyrrgreindra nefnda né annarra, sem gefið hafa yfirlýsingar um það, að þeir mundu beita sér fyrir raunhæfri endurskipulagningu þessara mála, telja flutningsmenn þessa frumvarps nauðsynlegt að leggja fram frumvarp þetta um lífeyrissjóð er nær til allra landsmanna. Flutningsmenn telja, að í frumvarpinu felist eina raunhæfa lausnin í grundvallaratriðum á framtíðarskipan lífeyrismála. Menn getur greint á um einstök atriði. En við nánari athugun sést, að sú leið í lífeyrismálum, sem flutningsmenn gera ráð fyrir, tekur ákveðið mið af því skipulagi, sem er á lífeyrismálum í dag, og er eðlilegasta samtenging þess við nýskipan þessara mála.

Þrátt fyrir það er með frumvarpi þessu um Lífeyrissjóð Íslands lagt til að grundvallarbreyting verði gerð á lífeyristryggingarkerfi þjóðarinnar. Markmið breytingarinnar er, að allir hafi sama rétt til fullnægjandi ellilífeyristrygginga á grundvelli ævitekna, jafnframt því sem tryggt er að allir njóti ákveðins lágmarksellilífeyris, er sé í samræmi við framfærslukostnað og verðlagsþróun á hverjum tíma. Þá er það veigamikið atriði í þessu frumvarpi, að það tryggir öllum konum jafnan rétt til ellilífeyris á við karla, óháð því hvert er starf þeirra

eða staða í þjóðfélaginu. Þar með er öllum húsmæðrum tryggður fullur réttur til ellilífeyris á við annað vinnandi fólk og lífsstarfi húsmæðra þar með gefið ákveðið verðmætisgildi.

Með frv. er í fyrsta skipti gerð tillaga um, að fæðingarlaun séu felld inn í lífeyristryggingarkerfið með eðlilegum hætti.

Flutningsmenn gera sér grein fyrir, að hér er um viðamikið mál að ræða, er krefst nákvæmrar umræðu og samráðs við mikinn fjölda aðila. En með því frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð Íslands, sem hér er lagt fram, eru lögð drög að nýrri uppbyggingu þessara mikilvægu trygginga fyrir alla landsmenn. Hljóti frv. hljómgrunn og skilning hjá hv. Alþingi, er þess að vænta, að það taki þeim breytingum í meðförum Alþingis, er nauðsynlegar kunna að teljast til þess að lögin geti komið til framkvæmda 1. janúar 1983 svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Flutningsmenn telja mikilvægt, að eigi sé lengur látið dragast að koma lífeyrissjóðsmálum Íslendinga í viðunandi horf, og vænta þess, að með þessu frv. verði samþykkt lög á Alþingi, er tryggi þjóðinni heilbrigðar og viðunandi ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyristryggingar, auk fæðingarlauna.

Frumvarpið felur í sér þá grundvallarbreytingu frá núverandi trygginga- og lífeyrissjóðakerfi, að í stað svonefnds uppsöfnunarkerfis, er felst í tugum smárra og stórra sjóða, er tekið upp einfalt, en árangursríkt gegnumstreymiskerfi, er byggist á iðgjöldum, sem ákveðin eru á hverjum tíma í samræmi við tryggingarþörf og verðlag, er greiðslur eiga sér stað.

Eins og nú er háttað, safnast upp milljarðar í um 90 smáum og stórum lífeyrissjóðum. Verðbólguþróun undangenginna ára og grundvallaratriði í reglugerðum sjóðanna varðandi lengri tíma sjóðsmyndun útiloka að þeir geti til langframa greitt verðtryggðan lífeyri. Þrátt fyrir síaukna verðtryggingu á útlánum sjóðanna er fyrirsjáanlegt, að það eitt út af fyrir sig mun ekki nægja til þess að greiða viðunandi lífeyri hjá fjölda sjóða. Aldrað fólk komið á ellilífeyrisaldur mun því sitja eftir með sárt enni. Er þetta gjörsamlega óviðunandi ástand.

Af umræðum, sem fram hafa farið á undanförnum árum, er sýnilegt, ef Alþingi hefur ekki forustu um að beina þróun þessara mála inn á heilbrigðari og betri brautir, að þjóðin mun innan tíðar sitja uppi með gjaldþrota lífeyrissjóði og mikinn fjölda lífeyrisþega, er munu búa við mjög kröpp kjör.

Að samningu frumvarps svipaðs eðlis, sem lagt var fram á Alþingi í ársbyrjun 1976, stóðu auk Guðmundar H. Garðarssonar þeir Oddur Ólafsson alþingismaður og dr. Pétur H. Blöndal tryggingarfræðingur. Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, hafa verið gerðar nokkrar efnislegar breytingar frá fyrra frv. og nutu flutningsmenn aðstoðar dr. Péturs H. Blöndals varðandi tæknileg atriði.

Skal hér gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum þessa máls og einstökum greinum frumvarpsins.

A. Athugasemdir við lagafrumvarpið.

1. Almennt.

Núverandi lífeyristryggingar á Íslandi hvíla einkum á tveim meginstofnum. Annars vegar er um að ræða lífeyrisgreiðslur úr lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, en hins vegar greiðslur úr nær eitt hundrað lífeyrissjóðum, sem eru í umsjá ýmissa samtaka og félaga. Þá gegnir Umsjónarnefnd eftirlauna, sem starfar eftir lögum nr. 97 1979, ekki litlu hlutverki í lífeyristryggingum þjóðarinnar.

Elli- og örorkulífeyrir Tryggingastofnunarinnar er almennur lífeyrir, sem allir landsmenn eiga rétt á samkvæmt gildandi lögum. Er um að ræða ákveðinn grunnlífeyri, sem frá 1. september 1981 hefur verið 1480 kr. á mánuði. Að auki er sérhverjum elli- og örorkulífeyrisþega veitt ákveðin tekjutrygging til viðbótar við ellilífeyri, ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega fara ekki fram úr 10 800 kr. á ári. Frá 1. september 1981 hefur óskert tekjutrygging

verið 1564 kr. á mánuði. Þá fá einstaklingar, sem halda eigið heimili, 549 kr. sem heimilisuppbót. Ellilífeyrir, óskert tekjutrygging og heimilisuppbót eru nú 3593 kr. á mánuði fyrir einstakling og 5479 kr. fyrir hjón. Barnalífeyrir er 757 kr. á mánuði frá 1. september 1981.

Lífeyrisgreiðslur úr hinum einstöku lífeyrissjóðum eru mjög mismunandi. Sameiginlegt einkenni lífeyrissjóðanna er, að lífeyrisgreiðslur eru háðar tekjum lífeyrisþega fyrir töku lífeyris og starfsaldri. Með hvaða hætti lífeyrir er háður tekjum er afar mismunandi eftir sjóðum. Sumir lífeyrissjóðir greiða ákveðinn hundraðshluta af meðaltekjum síðasta starfsárs, aðrir af meðaltekjum síðustu 5 starfsára og enn aðrir taka tekjur yfir lengra tímabil inn í dæmið.

Lífeyrissjóðunum má skipta í tvo meginflokka eftir því, hvort lífeyrisgreiðslur eru varanlega verðtryggðar eða ekki. Meginþorri allra landsmanna er í sjóðum, sem eru verðtryggðir til skamms tíma, en opinberir starfsmenn, bankamenn og nokkrir aðrir starfshópar í sambærilegri aðstöðu njóta verðtryggðs lífeyris. Gífurlegur aðstöðumunur er á milli lífeyrisþega, er njóta verðtryggðs lífeyris, annars vegar og þeirra, er taka greiðslur úr óverðtryggðum sjóðum, hins vegar. Eftir því sem verðbólgan er meiri eykst þessi munur í lífeyrisgreiðslum, og er nú svo komið að í þessu fyrirkomulagi felst gífurlega mikið þjóðfélagslegt ranglæti gagnvart sjóðfélögum óverðtryggðu sjóðanna.

Þá er mjög mismunandi eftir sjóðum, hversu mikil réttindi menn ávinna sér fyrir hvert ár, sem þeir hafa greitt til lífeyrissjóðs. Sumir öðlast mikil réttindi fyrir stutta sjóðsaðild og geta farið ungir á lífeyri, en aðrir fá lítil réttindi fyrir hvert ár og geta ekki farið fyrr en seint á lífeyri.

Fjárhagsleg uppbygging hinna einstöku lífeyrissjóða í núverandi kerfi grundvallast á þeirri meginreglu, að sérhver sjóðfélagi inni af hendi iðgjaldagreiðslur, sem í lengri tíma uppsöfnun og ávöxtun, venjulegast á 30 árum, nægi til að standa undir væntanlegum lífeyrisgreiðslum til viðkomandi lífeyrissjóðsfélaga. Er því hér um að ræða söfnunarkerfi.

Í sambandi við ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á sér ekki stað nein uppsöfnun fjármagns. Árlegar tekjur í formi skatta eru látnar mæta áætluðum útgjöldum vegna þessara þarfa. Hér er því um að ræða gegnumstreymiskerfi, sem allir skattgreiðendur standa að baki á hverjum tíma.

2. Gallar núverandi lífeyrissjóðakerfis.

Óhagstæð verðlagsþróun og mikil verðbólga síðustu árin hefur leitt í ljós vangetu lífeyrissjóða í núverandi mynd til þess að standa við skuldbindingar sínar, auk þess sem óréttlæti vegna mismunandi réttinda, sem þeir veita, kemur stöðugt skýrar fram.

Iðgjöld til lífeyrissjóðanna eru yfirleitt um 10% af dagvinnutekjum félagsmanna. Iðgjaldatími er yfirleitt um 30 ár. Þegar til fullrar lífeyrisgreiðslu kemur við 67 ára aldur hafa sjóðfélagar almennt greitt sem svarar þremur árslaunum í iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs. Við 67 ára aldur nú er ólifuð meðalævi um 14 ár. Vegna ákvæða núverandi reglugerða lífeyrissjóðanna, sem gera ráð fyrir að sjóðfélagar fái ellilífeyrisgreiðslur á grundvelli launa síðasta starfsárs eða síðustu starfsára fyrir töku lífeyris, er dæmið mjög alvarlegt í reynd. Ávöxtunarmöguleikar sjóðanna hafa verið bundnir við hæstu leyfilega vexti, sem undanfarin 30—40 ár hafa verið mun lægri en vöxtur verðbólgunnar. Um jákvæða ávöxtun á iðgjöldum hefur því ekki verið að ræða. Eftir því sem næst verður komist nægja iðgjöld lífeyrissjóðsfélaga, sem hefur töku lífeyris núna, varla til að greiða lífeyri hans í 21 mánuð, þrátt fyrir hæstu leyfilega vexti.

Lífeyrissjóðirnir í núverandi mynd geta því ekki staðið við skuldbindingar sínar og veita lífeyrissjóðsfélögunum ófullnægjandi lífeyri. Kemur þetta skýrar í ljós eftir því sem sjóðurinn er eldri og ellilífeyrisþegum fjölgar í viðkomandi lífeyrissjóði.

Sem dæmi má taka Lífeyrissjóð ljósmæðra, þar sem sjóðseignin minnkaði í krónutölu

árið 1977 og sjóðþurrð blasti við innan örfárra ára. Og þó greiddi Lífeyrissjóður ljósmæðra sjálfur óverðtryggðan lífeyri. Verðtryggingu lífeyrisins greiddi ríkissjóður. Þessi sjóður var sameinaður Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir skömmu. Hver tekur að sér að greiða lífeyri áfram í sjóðunum, þegar gjaldþrot er orðið staðreynd?

Stór hluti landsmanna er enn ekki í lífeyrissjóði þrátt fyrir lögskipaða aðild allra að lífeyrissjóði. Þá eru mjög margir einungis tryggðir að því er varðar dagvinnutekjur, sem þýðir alvarlega vantryggingu hjá mörgum. Þessi vantrygging landsmanna sést best á því, að heildartekjur árið 1980 skv. skattframtölum eru áætlaðar 8575 milljónir, en iðgjald til lífeyrissjóða (yfirleitt 10%) er áætlað 440 milljónir. Þannig hefur ekki verið greitt til lífeyrissjóðs af 4175 milljónum eða 49% af brúttótekjum.

Verðtryggðir sjóðir hins opinbera vernda sjóðfélaga sína varanlega gegn verðbólgunni. Hið sama gildir ekki um sjóðfélaga hinna óverðtryggðu sjóða. Auk hins mikla misréttis, sem þetta hefur í för með sér, getur þetta tvöfalda kerfi misréttis í ellilífeyrisgreiðslum haft afar óæskileg áhrif á eðlilegt streymi fólks milli starfsgreina. Hlýtur núverandi fyrirkomulag að verka eins og hvati á fólk að leita eftir atvinnu hjá hinu opinbera, sem veitir hið mikla afkomuöryggi í ellinni sem verðtryggður lífeyrir er. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga verðtryggðu lífeyrissjóðanna taka hlutfallslegum breytingum í samræmi við umsamdar launabreytingar á þeim launaflokki, sem viðkomandi bjó við, þegar taka ellilífeyris hófst.

Eftir að frumvarp svipaðs efnis var lagt fram í ársbyrjun 1976 voru í kjarasamningum í febrúarlok 1976 og í júní 1977 gerðar leiðréttingar til bráðabirgða sem leiðrétta stöðu þeirra, sem eru í óverðtryggðum lífeyrissjóði, út árið 1979. Þetta samkomulag var sett í lög í desember 1979 og á að gilda út árið 1982. Hvað þá tekur við er mjög óljóst. Ýmsar hugmyndir eru uppi um stofnun samtryggingakerfis lífeyrissjóðanna, sem þróist í einn lífeyrissjóð, er stundir líða. Hætt er við að erfiðleikar við slíkt kerfi verði óyfirstíganlegir og reglur um lífeyrisgreiðslur verði það flóknar að lífeyrisþegarnir skilji ekki neitt í neinu, eins og reyndar er orðið nú þegar með samspili lífeyris frá lífeyrissjóði, samstarfssamningi lífeyrissjóða, umsjónarnefnd og Tryggingastofnun. Þetta er einn meginókosturinn við núverandi kerfi. Auk þess fær þetta kerfi ekki staðist til lengdar af margvíslegum ástæðum, svo sem vegna neikvæðrar ávöxtunar á fé sjóðanna og misræmis milli iðgjalda og lífeyris. Auk þess er kerfið óréttlátt og fjöldi manna er að miklu leyti utan kerfisins.

Enn er það svo, að þrátt fyrir þá staðreynd, að allir launþegar greiði sem svarar 10% af launum sínum til lífeyrissjóðs greiðir Tryggingastofnun ríkisins bróðurhlutann af öllum lífeyrisgreiðslum (1980 463 milljónir á móti tæpum 165 milljónum frá lífeyrissjóðunum). 409 milljónir af lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunarinnar voru framlag ríkissjóðs. Til þess að mæta þessum greiðslum þarf árlega að skattleggja landsmenn sérstaklega. Við aukna verðbólgu og fjölgun ellilífeyrisþega verður slík skattlagning jafnt og þétt erfiðari, jafnframt því sem 10% af svo til öllum dagvinnulaunum í landinu fara í uppsöfnun fjármagns í lífeyrissjóðunum. Tiltölulega lítill hluti þessa fjármagns fer í ellilífeyrisgreiðslur. Íslenskar aðstæður þola ekki þetta tvöfalda álag vegna tryggingarmála né það gífurlega ósamræmi sem þarna á sér stað í tilflutningi fjármagns.

Slíkt kerfi stenst ekki. Því ber hið fyrsta að hverfa frá núverandi söfnunarkerfi og taka upp nýtt lífeyrisgreiðslukerfi, sem mætir þörfum tryggingarþega miðað við hinar hröðu og óvissu breytingar, sem hafa verið og eru í efnahagslífi þjóðarinnar. Jafnframt þurfa allir landsmenn að njóta sama réttar til ellilífeyris á grundvelli ævitekna og tekjuhlutfalls, óháð því hvar þeir starfa. Þá eiga allar konur að njóta fulls og sama réttar til ellilífeyrisgreiðslna án tillits til stöðu, en í fullu samræmi við ævitekjur, sem geta verið annað tveggja til orðnar vegna vinnu utan heimilis eða innan þess. Sú kerfisbreyting í lífeyrismálum þjóðarinnar, sem hér er gerð tillaga um, tryggir konum, er vinna heimilisstörf, ellilífeyri á grundvelli tekna heimilisins. Felur það í sér mikla og sjálfsagða réttarbót og því misrétti, sem ríkt hefur í þessum efnum, er útrýmt.

Með tilliti til þess að álagningargrundvöllur þess kerfis, sem hér um ræðir — gegnumstreymiskerfis, byggist á tekjum manna á hverjum tíma, er sjálfsagt og eðlilegt, að ellilífeyrir miðist við ævitekjur. Hins vegar er nauðsynlegt, að hið nýja lífeyriskerfi sé þannig uppbyggt, að tekjulitlu eða tekjulausu fólki verði tryggður ákveðinn lágmarksellilífeyrir. Er það gert í þessu frumvarpi.

3. Markmið frumvarpsins.

Markmið frv. þessa um Lífeyrissjóð Íslands er m. a.:

1. Að tryggja öllum, sem eru komnir á ellilífeyrisaldur, að lokinni starfsævi viðunandi og mannsæmandi lífsviðurværi.
2. Að veita örorkulífeyrisþegum öryggi og viðunandi tryggingarbætur.
3. Að auka barnalífeyri og bæta aðstöðu þeirra, sem verr eru settir í þjóðfélaginu.
4. Að tryggja foreldrum fæðingarlaun.
5. Að einfalda lífeyriskerfi þjóðarinnar og útrýma misrétti.

Við framkvæmd frv. sem þessa vakna upp margar spurningar. Hvað telst vera starfsævi og hvenær er henni lokið? Hvað er viðunandi lífsviðurværi? Hvernig er unnt að meta vinnuframlag einstaklings og hvernig á að tengja lífeyri þessu framlagi o. s. frv.? Afbrigði hljóta að vera mjög mörg, en meginreglan hlýtur að vera sú, að viðmiðanir byggist á því er lýtur að meðaleinstaklingi.

Almennt hlýtur að mega líta svo á, að starfsævi einstaklings hefjist við 16 ára aldur, hvort sem starfið er fólgið í námi eða annarri vinnu. Samkvæmt reglugerðum flestra lífeyrissjóða hefjast iðgjaldagreiðslur við 16 ára aldur. Hvenær starfsævi lýkur hlýtur ávallt að vera mjög einstaklingsbundið. Sumir halda starfsþreki til sextugs eða skemur, ef veikindi eða slys ber að höndum, en aðrir allt til áttræðs. Hin almenna regla í reglugerðum lífeyrissjóðanna er nú að miða við það, að taka ellilífeyris hefjist við 67 ára aldur. Svo er og gert í þessu frumvarpi. Hins vegar er gert ráð fyrir, að taka ellilífeyris geti hafist síðar, til þess að koma til móts við þarfir og óskir einstaklinga, er þannig kann að vera ástatt um, að þeir vilji gegna fullu starfi lengur og ávinna sér meiri ellilífeyrisréttindi.

Viðunandi lífsviðurværi getur verið mjög teygjanlegt hugtak og getur menn greint á um það. Ljóst er þó, að þarfir einstaklings að lokinni starfsævi eru aðrar og minni en þess, sem er á miðri ævi. Hann þarf ekki að standa straum af kostnaði vegna atvinnu, umsvif eru minni, framfærslu barna er lokið o. s. frv. Og hann greiðir ekki til lífeyrissjóðs. Með tilliti til þessa hefur verið talið hæfilegt að áætla, að einstaklingur þurfi um 60% af meðaltekjum sínum um ævina til viðunandi lífsviðurværis þegar ellilífeyristaka hefst. Lífeyririnn verði verðtryggður.

Margir tæknilegir örðugleikar eru á því að meta vinnuframlag einstaklings til þjóðarbúsins og hvernig lífeyririnn skuli vera háður því. Verðbólga og hagsveiflur útiloka að unnt sé að meta vinnuframlagið beint út frá tekjum einstaklingsins á hverjum tíma. Þetta vandamál má leysa með því að tengja tekjur ákveðnum vísitölum, t. d. með því að finna hlutfall tekna einstaklingsins og meðaltekna allra landsmanna. Þá rís upp vandamál vegna tekjulausra stétta. Sérhver viðleitni til að meta vinnuframlag þessara hópa krefst flókinna reglna. Flóknar reglur fela oft í sér hættu á misnotkun. Þess vegna er í frv. þessu stuðst við reglur um upphæð lífeyris, sem eru einfaldar í framkvæmd og gefa allgóða mynd af vinnuframlagi einstaklingsins til þjóðfélagsins. Að auki hafa þessar reglur í sér fólgnar lágmarks- og hámarkslífeyrisgreiðslur. Með þessum hætti er stuðlað að sanngjarnri tekjudreifingu gagnvart ellilífeyrisþegum.

4. Lífeyrisgreiðslur og lágmarksellilífeyrir.

Lífeyrisgreiðsla samkv. frumvarpi þessu er háð tveimur atriðum. Í fyrsta lagi byggist greiðsla á tekjum einstaklingsins um ævina og er lífeyrisprósentan mælikvarði á vinnuframlag hans. Í öðru lagi er greiðslan háð svokölluðum vísitekjum (verðtrygging).

Lífeyrisprósentan er meðaltal tekjuhlutfalla einstaklings um starfsævina, leiðréttra. Prósentan er því mælikvarði á það, hvað einstaklingurinn hefur haft að meðaltali í tekjur um ævina samanborið við samtíðarmenn sína. Leiðrétting tekjuhlutfallanna, hækkun í 0.5 eða lækkun í 3.0, ef þau eru undir 0.5 eða yfir 3.0, er tilraun til að meta vinnuframlag hinna tekjulitlu eða tekjulausu og um leið stuðlar hún að tekjujöfnun, því að þeir, sem hafa mjög háar tekjur, greiða af lífeyri sínum til hinna, sem eru mjög tekjulágir. Þetta á að tryggja að enginn fái lægri lífeyri en sem nemur 30% af vísitekjum eða helming meðallífeyris.

Samkvæmt þessu frumvarpi skipta hjón með sér þeim lífeyrisréttindum, sem þau afla í sambúðinni, enda er erfitt að meta sérstaklega vinnuframlag þess, er vinnur á heimilinu, og hins aðilans, sem aflar tekna utan heimilisins. Þessi tilhögun stuðlar að frekara jafnrétti kynjanna, þar sem húsmóðirin hefur til þessa búið við skarðan hlut. Með hliðsjón af þessu er óþarft að hafa sérstök ákvæði um makalífeyri í frumvarpinu.

Á grundvelli skattaframtala er tekjuhlutfallið fundið út. Þetta fyrirkomulag hlýtur að stuðla að því að skattframtöl verði nákvæmari.

Með vísitekjum er gerð tilraun til að meta meðaltekjur á hverjum tíma, til þess að lífeyrir hækki í hlutfalli við aðrar tekjur. Lífeyrisþegar eiga með þessum hætti að vera tryggðir gegn áhrifum verðlagshækkana og verðbólgu.

Það, að lífeyrisprósentan í elli- og örorkulífeyri er ævitekjuhlutfallið margfaldað með 60, þýðir, að ellilífeyrisþeginn fær 60% af meðaltekjum sínum verðtryggðar í lífeyri. Sá, sem aldrei hefur haft neinar tekjur né verið í hjónabandi, eða sambúð, fær ævitekjuhlutfallið 0.5 og þar með lífeyri, sem er 30% af meðaltekjum á hverjum tíma.

Dæmi um lífeyri.

Til þess að gefa einhverja hugmynd um hvernig lífeyrisgreiðslur yrðu samkvæmt þessu frumvarpi, skulu hér tilfærð nokkur dæmi. Við útreikninga er stuðst við gróft mat á vísitekjum í nóvember 1981. Samkvæmt upplýsingum Hallgríms Snorrasonar hagfræðings hjá Þjóðhagsstofnun munu áætlaðar atvinnutekjur allra Íslendinga árið 1980 hafa verið 8575 milljónir kr. samkvæmt framtölum 1981. Reikna má með því, að tekjur þeirra, sem voru 67 ára eða eldri, hafi verið um 517 milljónir kr. Þannig hafi tekjur Íslendinga 16 til 67 ára verið um 8058 milljónir á árinu 1980. Fjöldi þeirra var um 143 þúsund og meðaltekjur því um 56 000 kr. Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. júlí 1980 til 1. október 1981 var 64.3%, þannig að vísitekjur í október 1981 eru um 92 000 kr. eða um 7700 á mánuði.

1. dæmi: Launamaður, einhleypur, sem vinnur frá 17 ára aldri til 67 ára aldurs. Forsenda:

Ævitekjuhlutfall er byggt á eftirfarandi reikningsgrundvelli:

Aldur ár	Tekjur sem % af meðaltekjum	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	90%	0.90
22—26	120%	1.20
27—31	130%	1.30
32—36	120%	1.20
37—41	110%	1.10
42—46	100%	1.00
47—51	100%	1.00
52—56	80%	0.80
57—61	80%	0.80
62—66	70%	0.70

Ævitekjuhlutfall (= meðaltal tekjuhlutfallanna) er því 1.00.

Samkvæmt framangreindu fengi viðkomandi launamaður 4620 kr. í ellilífeyri (60% af 7 700 kr.).

Ef launamaður, sem hefur sömu meðaltekjur, hefði orðið öryrki 42 ára að aldri, er væntanlegt ævitekjuhlutfall hans miðað við tekjurnar frá 17—41 árs aldurs. Fæst þá tekjuhlutfallið 1.14. Hann fengi því 1.14×0.6×7700 kr. — eða 5267 kr. á mánuði í örorkulífeyri í október 1981.

2. dæmi: Launamaður með tekjuhlutfall samkvæmt 1. dæmi, kvænist 27 ára gamall. Eiginkonan er jafngömul, vinnur ekki úti, en annast börn og heimili.

Tekjur konunnar, sem prósenta af meðallaunum, yrðu sem hér segir:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	80%	0.80
22—26	90%	0.90
27—31	0%	0.50
32—36	0%	0.50
37—41	0%	0.50
42—46	5%	0.50
47—51	5%	0.50
52—56	5%	0.50
57—61	5%	0.50
62—66	10%	0.50

Sameiginlegt tekjuhlutfall leiðrétt:

Ár	Karl	Kona
17—21	0.90	0.80
22—26	1.20	0.90
27—31	0.90	0.90
32—36	0.85	0.85
37—41	0.80	0.80
42—46	0.75	0.75
47—51	0.75	0.75
52—56	0.65	0.65
57—61	0.65	0.65
62—66	0.60	0.60

Ævitekjuhlutfall mannsins verður 0.805, en konunnar 0.765.

Ellilífeyrir mannsins yrði því 3719 kr., en konunnar 3534 kr. eða samtals hjá þeim báðum 7253 kr. á mánuði.

Ef viðkomandi launamaður yrði öryrki (75% eða meir) við 42 ára aldur fengi hann væntanlega ævitekjuhlutfallið 0.93 (örorkulífeyrisprósenta: 60×0.93 = 55.8) eða 4297 kr. á mánuði.

Ef hann ætti enn fremur 5 börn undir 16 ára aldri fengi hann í barnalífeyri fyrir fyrsta barn — miðað við það að barnalífeyrisprósentan er 1/4 af örorkulífeyrisprósentunni 55.8 eða 13.95, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir — 1074 kr., með öðru barni 4/5 eða 859 kr., þriðja barni 3/5 eða 644 kr., fjórða barni 2/5 eða 430 kr. og með fimmta barni 1/5 eða 215 kr.

Samtals næmi barnalífeyririnn 3222 kr.

Heildargreiðslur til fjölskyldunnar yrðu samkvæmt framangreindu 7519 kr. á mánuði.

3. dæmi: Launamaðurinn í 1. dæmi kvænist konu, sem vinnur úti. Bæði eru 27 ára við giftingu. Eiginkonan er við heimilisstörf fyrstu 5 árin eftir giftinguna.

Tekjur konu voru sem hér segir (sem prósenta af meðallaunum):

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	80%	0.80
22—26	90%	0.90
27—31	0%	0.50
32—36	90%	0.90
37—41	100%	1.00
42—46	110%	1.10
47—51	110%	1.10
52—56	110%	1.10
57—61	100%	1.00
62—66	90%	0.90

Leiðrétt tekjuhlutfall hvors hjóna:

Aldur ár	Karl	Kona
17—21	0.90	0.80
22—26	1.20	0.90
27—31	0.90	0.90
32—36	1.05	1.05
37—41	1.05	1.05
42—46	1.05	1.05
47—51	1.05	1.05
52—56	0.95	0.95
57—61	0.90	0.90
62—66	0.80	0.80

Ævitekjuhlutfall eiginmannsins er 0.985 og eiginkonunnar 0.945.

Ellilífeyrir mannsins yrði því 4551 kr. á mánuði og konunnar 4366 kr. Samanlagður lífeyrir hjónanna yrði því 8917 kr. á mánuði.

Ef dæmið yrði endurreiknað út frá þeirri forsendu, að konan hefði orðið öryrki 37 ára að aldri, þá hlýtur hún væntanlegt ævitekjuhlutfall 0.9125 og þar með örorkulífeyrisprósentuna 54.75 eða 4216 kr. á mánuði.

Ef hjónin ættu þá þrjú börn undir 16 ára aldri, yrði barnalífeyrir sem hér segir:

Fyrir fyrsta barn: $^1/_4 \times 54.75 = 13.7\%$ eða 1055 kr.
Fyrir annað barn: $^4/_5$ af 1055 kr. eða 844 kr.
Fyrir þriðja barn: $^3/_5$ af 1055 kr. eða 633 kr.

Samtals yrði lífeyrir konunnar og barnanna 6748 kr. á mánuði.

4. dæmi: Einhleypur maður í vel launaðri stöðu seinni hluta ævinnar. Reiknað er með því að tekjur hans sem prósenta af meðallaunum séu:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	30%	0.50
22—26	45%	0.50
27—31	200%	2.00
32—36	290%	2.90
37—41	350%	3.00
42—46	400%	3.00
47—51	450%	3.00
52—56	400%	3.00
57—61	400%	3.00
62—66	380%	3.00

Ævitekjuhlutfall er 2.39. Ellilífeyrisprósentan er 143.4 og ellilífeyrir er því 11 042 kr. á mánuði. Ef viðkomandi einstaklingur hefði orðið 65% öryrki við 37 ára aldur, hefði væntanlegt ævitekjuhlutfall hans orðið 1.475 og örorkulífeyrisprósentan 73.75. Samkvæmt því hefði þessi einstaklingur fengið 5679 kr. í örorkulífeyri.

5. dæmi: Einstaklingur með sömu kjör og segir til um í 4. dæmi. Viðkomandi kvænist konu á sama aldri, þegar hann er 22 ára. Konan var í góðri stöðu á 17—26 ára aldursskeiði.

Tekjur konu sem prósenta af meðaltekjum á því æviskeiði þegar hún vann utan heimilis:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	120%	1.20
22—26	140%	1.40
27—66	0%	0.50

Leiðrétt tekjuhlutfall hvors hjóna:

Aldur ár	Kona	Karl
17—21	1.20	0.50
22—26	0.95	0.95
27—31	1.25	1.25
32—36	1.70	1.70
37—41	1.75	1.75
42—46	1.75	1.75
47—51	1.75	1.75
52—56	1.75	1.75
57—61	1.75	1.75
62—66	1.75	1.75

Ævitekjuhlutfall eiginmannsins er 1.49 og konunnar 1.56. Samkvæmt því verður ellilífeyrir mannsins 6884 kr. á mánuði og konunnar 7207 kr. Samanlagður lífeyrir þessara hjóna yrði 14 091 kr. á mánuði.

Einstaklingur, sem aldrei hefur haft neinar tekjur um ævina né verið í hjónabandi, fær ævitekjuhlutfall 0.50 og þar með 2310 kr. mánaðarlega í ellilífeyri eða örorkulífeyri. Yrði það alger lágmarkslífeyrir.

Einstaklingur, sem alltaf hefur meira en þrefaldar meðaltekjur alla ævi, fær ævitekjuhlutfallið 3.00 og þar með 13 860 kr. á mánuði í elli- eða örorkulífeyri. Yrði það alger hámarkslífeyrir samkvæmt þessu frumvarpi miðað við ríkjandi verðlag.

Lágmarksbarnalífeyrir er 13% af 7700 eða 1001 kr. fyrir 1. barn.

5. Fæðingarlaun.

Í frumvarpi þessu er tekið upp það nýmæli að veita foreldrum hið minnsta þriggja mánaða fæðingarlaun, hvort sem um er að ræða foreldra, sem vinna utan heimilis eða innan. Til þessa hafa konur búið við mjög misjöfn kjör fjárhagslega séð þegar svo hefur verið ástatt um þær sem hér um ræðir. Sumar konur njóta nú þegar þriggja mánaða fæðingarlauna, en svo eru aðrar, sem fá engar greiðslur. Til þess að leiðrétta þetta misrétti hefur verið gripið til ýmissa úrræða. M. a. hafa verið samþykkt lög frá Alþingi, sem skylda Atvinnuleysistryggingasjóð til að greiða fæðingarorlof til kvenna sem starfa úti í atvinnulífinu og eru aðilar að almennum verkalýðsfélögum. Þótt þessum konum hafi verið tryggt fæðingarorlof, er enn mikill fjöldi kvenna, sem flokkast ekki undir nein lög eða reglur, sem tryggja þeim fæðingarlaun.

Feður hafa átt takmarkaðan rétt á fæðingarlaunum, enda hafa tengsl feðra við ung börn sín verið mjög lítil hér á landi. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að foreldrar geti skipt með sér fæðingarfríinu (þremur mánuðum) þannig, að hvort um sig haldi fullum launum. Er þar með tryggður réttur allra foreldra til fæðingarlauna. Þetta mun stuðla að auknu launajafnrétti milli kynja, því það foreldranna, sem hærri hefur launin, mun að öðru jöfnu taka fæðingarlaun. Lágmarksfæðingarlaun eru 2.5% af vísitekjum (92 þús. kr.) eða 2310 kr. á mánuði, og hljóta þau m. a. þeir foreldrar sem ekki stunda launaða vinnu. Þetta eru 30% af 7700, sem eru vísitekjur á mánuði.

Fæðingarstyrkur verður greiddur áfram samkvæmt núgildandi lögum.

6. Iðgjaldagreiðslur.

Grundvallaratriði þessa frumvarps varðandi tekjuöflun til þess að fullnægja þeim tryggingarskuldbindingum, sem í frumvarpinu felast, er, að á hverjum tíma sé lagt á iðgjald, er mæti þeim tryggingargreiðslum, sem Lífeyrissjóður Íslands á að inna af hendi. Tryggingarfræðingum skal falið það verkefni sérstaklega að reikna út iðgjaldið á grundvelli tölfræðilegra upplýsinga þar að lútandi.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðgjald til Lífeyrissjóðsins verði ákveðin prósenta af heildartekjum einstaklings. Þetta verður að teljast eðlilegt, þar sem lífeyrir er einnig háður heildartekjum. Þá er sá háttur á hafður, að viðkomandi einstaklingur greiði allt iðgjaldið sjálfur, en ekki vinnuveitandi hluta eins og nú tíðkast. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að laun hækki sem nemur iðgjaldaprósentu vinnuveitandans í núverandi kerfi lífeyrissjóða. Í dag mun hin almenna regla um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðina vera sú, að vinnuveitandi greiðir 6% af launum viðkomandi starfsmanns, en starfsmaðurinn sjálfur 4%, eða báðir samtals 10%.

Þessi háttur á iðgjaldagreiðslu er eðlilegri en sá að hafa iðgjaldagreiðsluna tvískipta, auk þess sem hann gefur viðkomandi manni betra tækifæri til að fylgjast með þróun þessara mála og hugsanlegum breytingum. Þá mundi iðgjaldið verða að fullu frádráttarbært til skatts hjá viðkomandi einstaklingi.

7. Iðgjaldaprósenta.

Varðandi það atriði, hvernig finna skuli út og meta væntanlega iðgjaldaprósentu, eru eftirfarandi skýringar gefnar:

a. Ellilífeyrir.

Framreikningar yfir aldursdreifingu Íslendinga næstu 15 árin hafa sýnt, að fjöldi þeirra, sem eru eldri en 67 ára, er um það bil 13% af fjölda þeirra, sem eru 16—67 ára. Ef gert er ráð fyrir, að ævitekjudreifing breytist ekki verulega milli kynslóða og að ellilífeyrir sé 60% af meðaltekjum, þarf iðgjald fyrir ellilífeyri að vera 60×0.13 eða 7.8%. Á sérstakri mynd er aldurspýramídi íslensku þjóðarinnar 31. desember 1979 sýndur, en þar kemur aldursdreifingin skýrt fram.

b. Örorku- og barnalífeyrir.

Upplýsingar um tíðni og hæð örorku svo og dreifingu barnalífeyris eru af skornum skammti hér á landi. Þó má áætla samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins, að örorku- og barnalífeyrir fari ekki fram úr helmingi upphæðar ellilífeyris. Iðgjald fyrir þessar lífeyrisgreiðslur þarf því ekki að vera hærra en 3.9%.

c. Fæðingarlaun.

Árlegar fæðingar eru nú um 4000 talsins hér á landi. Ef gert er ráð fyrir að þrír fjórðu foreldra, sem nota munu sér fæðingarlaunin, fái meðaltekjur sínar sem fæðingarlaun, en einn fjórði taki 30% meðallauna sem fæðingarlaun og að fæðingarlaunin séu greidd í þrjá mánuði, fæst að kostnaðurinn verður í kringum 825 árslaun eða að iðgjaldið þyrfti að vera um 0.58%.

d. Iðgjaldaprósenta.

Á grundvelli ofangreindra forsendna má búast við því, að væntanlegt iðgjald vegna þeirra trygginga, sem þetta frumvarp nær til, þyrfti að vera 12.3% af heildartekjum allra einstaklinga í landinu.

Á árinu 1980 greiddu atvinnurekendur og sjóðfélagar um 440 milljónir kr. í iðgjöld til lífeyrissjóða. Það eru 5.5% af heildartekjum 16 til 67 ára manna á því ári. Þá greiddu atvinnurekendur og ríkissjóður 493 milljónir til lífeyristrygginga almannatrygginga eða 6.1% af heildartekjum. Þá eru ótalin framlög ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs til Umsjónarnefndar eftirlauna, sem var um 11 millj. kr. Samtals hefur því verið um 944 milljóna kr. greiðslu að ræða til lífeyristryggingakerfisins á árinu 1979 eða um 11.7% af atvinnutekjum. Í þessa tölu vantar fæðingarlaunin. Þannig má færa rök að því, að heildariðgjald til nýja kerfisins verði ekki miklu hærra en þau gjöld, sem greidd eru til lífeyristrygginga í dag. Munurinn felst í því, að öll iðgjöldin eru greidd út sem lífeyrir.

8. Tryggingastofnun ríkisins — upphæðir núverandi tryggingargreiðslna.

Samkvæmt reikningum Tryggingastofnunar ríkisins voru gjöld vegna lífeyristrygginga sem hér segir 1972—1979:

	1973 m.kr.	1974 m.kr.	1975 m.kr.	1976 m.kr.	1977 m.kr.	1978 m.kr.	1979 m.kr.	1980 m.kr.
Bætur vegna elli, örorku og dauða	29	43	61	82	122	199	290	463
Tekjur sama tímabil voru:								
I. Iðgjöld atvinnurekenda	4	7	11	14	18	24	55	84
II. Framlag ríkissjóðs	40	48	62	72	108	183	258	409
III. Halli á iðgjöldum og framlögum ..								
	44	55	73	85	126	207	313	493



Aldurspýramídi íslensku þjóðarinnar 31. des. 1979.

Ef frumvarp þetta um Lífeyrissjóð Íslands verður að lögum fellur stór hluti framangreindra iðgjaldagreiðslna niður sem og framlög ríkissjóðs, en í þess stað mætir reiknuð iðgjaldaprósenta þeim tryggingargreiðslum sem hér um ræðir.

9. Lífeyrissjóðir — iðgjöld og lífeyrisgreiðslur.

Á síðustu tíu árum hafa eignir lífeyrissjóðanna vaxið hröðum skrefum. Meginástæða hinnar miklu aukningar er stofnun almennu lífeyrissjóðanna, er hófu starfsemi sína 1. jan. 1970, á grundvelli samnings milli aðila vinnumarkaðsins frá 19. maí 1969. Við það bættust um 25 000 manns við hóp starfandi sjóðfélaga. Fyrir voru sjóðfélagar í öðrum sjóðum sem hér segir:

Í lögboðnum lífeyrissjóðum og lífeyrissjóðum bæjarfélaga	11 500 manns
Í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga utan Alþýðusambands Íslands	1 500 manns
Í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga innan A. S. Í.	7 000 manns
Samtals	20 000 manns

Fjöldi lífeyrissjóðsfélaga í ársbyrjun 1970 mun því hafa verið um 45 000 manns.

Eigi liggja nú fyrir óyggjandi tölur yfir fjölda sjóðfélaga í öllu lífeyrissjóðakerfi landsmanna. En segja má, að meginþorri þess fólks, sem er í stéttarfélögum innan A. S. Í., sé aðili að einhverjum lífeyrissjóði og sumir að mörgum. Þá er bankastarfsfólk, starfsmenn hins opinbera: ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, aðilar að lífeyrissjóðum o. s. frv. Er óhætt að fullyrða, að meginþorri starfandi fólks sé aðili að lífeyrissjóðakerfinu.

Enn sem komið er hefur ekki verið komið á fót stofnun, sem safnar saman nákvæmum upplýsingum um þróun og starfsemi lífeyrissjóðanna. Af þeirri ástæðu er erfitt um vik að birta nýjar og haldgóðar tölfræðilegar upplýsingar um sjóðina. Á síðustu árum hefur þó Seðlabanki Íslands reynt að safna saman upplýsingum um sjóðina. Hefur bankinn síðan birt þær reglulega í Hagtölum mánaðarins. Þá vinnur Samband almennra lífeyrissjóða, sem er samband flestra lífeyrissjóða aðildarfélaga A. S. Í., að upplýsingaöflun um þessa sjóði. Landssamband lífeyrissjóða, sem myndað er af flestum eldri sjóðum atvinnulífsins, sjóðum sveitarfélaga o. fl., innir af hendi hliðstætt starf fyrir aðildarsjóði sína.

Samkvæmt upplýsingum frá þessum aðilum hefur þróun lífeyrissjóðanna verið sem hér segir:

A) Eignir í árslok

Ár	Millj. kr.
1970	36
1971	48
1972	66
1973	93
1974	136
1975	199
1976	285
1977	477
1978	707
1979 (áætlun)	1162
1980 (spá)	2000

B) Ráðstöfunarfé

Ár	Millj. kr.
1970	9
1971	12
1972	19
1973	28
1974	43
1975	62
1976	86
1977	127
1978	217
1979	339
1980 (áætlun)	556

C) Iðgjöld

Ár	Millj. kr.
1970	7
1971	10
1972	18
1973	27
1974	40
1975	54
1976	76
1977	112
1978	188
1979	288
1980 (áætlun)	440

D) Lífeyrisgreiðslur

Ár	Millj. kr.
1970	2
1971	3
1972	5
1973	7
1974	10
1975	14
1976	21
1977	35
1978	61
1979	102
1980 (áætlun)	165

E) Lífeyrisgreiðslur

Ár	Sem % hluti af eignum sjóðanna	Sem % hluti af iðgj. sjóðanna	Sem % hluti af ráðstöfunarfé
1970	6,07	31,98	25,40
1971	6,71	32,18	27,83
1972	6,88	25,64	23,96
1973	7,20	24,83	23,60

1974	7,49	25,55	23,92
1975	6,78	24,79	21,70
1976	7,36	27,76	24,56
1977	7,23	31,34	27,59
1978	8,63	32,45	28,11
1979	8,78	35,42	30,09
1980	8,25	37,50	29,68

Af framangreindum yfirlitum sést m. a., að um 1/4 hluta árlegra tekna sjóðanna er varið til lífeyrisgreiðslna, en aðeins 6—9% miðað við heildareignir þeirra. Sérstaklega skal á það bent, hve hlutur lífeyris í iðgjöldum fer hraðvaxandi. Meginhlutanum af fjármagni lífeyrissjóðanna er varið til útlána og er stór hluti lánanna verðtryggður. Útlánavextir eru yfirleitt 2,5%.

Fyrrnefndar meðaltölur segja þó mjög takmarkaða sögu um raunverulegar lífeyrisgreiðslur einstakra lífeyrissjóða. Eru þær afar mismunandi og stafar af því, að áunnin réttindi eru misjafnlega mikil með tilliti til aldurs sjóðanna og mögulegrar aðildar fólks að þeim. Sem dæmi má nefna, að starfsmenn samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi hafa notið lífeyrissjóðsréttinda allt frá árinu 1939, verslunarfólk frá árinu 1956, almennt verkafólk síðan 1970 o. s. frv.

Vert er að vekja athygli á því, að aldursskipting milli einstakra stétta er mjög mismunandi. Í hinum svonefndu nýju stéttum, sem myndast hafa um og eftir 1940, er tiltölulega ungt fólk. Fjölgun í þeim hefur mest orðið á síðustu tveim áratugum. Hið sama má segja um ýmsa hópa menntamanna og sérfræðinga. Mikið fé safnast fyrir í þessum sjóðum og er greiðslubyrði þeirra vegna lífeyristrygginga lítil. Hins vegar er mikill fjöldi fólks úr eldri starfsstéttum, eins og t. d. verkamenn og verkakonur, nú þegar kominn á ellilífeyrisaldur. Lífeyrissjóðir þessara stétta eru aðeins tíu ára gamlir og greiða þess vegna sáralítinn lífeyri til þessa fólks. Þar við bætist, að það fólk, sem myndar meginkjarnann í hinum almennu lífeyrissjóðum verkafólks og eldri starfsstétta, er tiltölulega fullorðið fólk. Greiðslubyrði þessara lífeyrissjóða getur því orðið mikil innan tíðar og óvíst, hvort þeir geti staðið við skuldbindingar sínar í óbreyttu formi, og enn síður, ef þeir yrðu að greiða verðtryggðan ellilífeyri.

Til þess að skýra enn betur hvað við er átt skulu eftirfarandi dæmi tilgreind:

Á árinu 1980 voru iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 129% hærri en iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar. Aftur á móti var uppbótin vegna samkomulags lífeyrissjóðanna 936% hærri til lífeyrisþega Dagsbrúnar en til lífeyrisþega, sem heyra undir Lífeyrissjóð verslunarmanna. Þannig skiptir aldursdreifing hinna einstöku sjóða verulega miklu máli í þessu sambandi.

Árið 1971 voru sett lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Þessi lög voru víkkuð út með lögum um eftirlaun til aldraðra nr. 97 1979. Til þess að hljóta þessi eftirlaun þurfa sjóðfélagar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Hér er lögð áhersla á að tengja þurfi starfsemi iðnráðgjafanna við stofnanir á sviði iðnaðar. Þá er einkum átt við Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, svo og Framkvæmdastofnun ríkisins, m. t. t. hlutverks hennar varðandi áætlanagerð um byggðaþróun. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið feli Iðntæknistofnun forystu um að tryggja þessi tengsl og samræma störf iðnráðgjafanna.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögin verði endurskoðuð að fenginni nokkurri reynslu af starfi iðnráðgjafanna, og gildistími þeirra því takmarkaður við árslok 1985.

Sþ. 70. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um íþróttamannvirki á Laugarvatni og framtíð Laugarvatns sem menntaseturs.

Flm.: Baldur Óskarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um að nú þegar verði hafist handa við byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja á Laugarvatni, sem samþykkt voru af menntamálaráðuneytinu 9. júní 1980, til að tryggja starfsemi Íþróttakennaraskóla Íslands og annarra skóla á Laugarvatni og um leið framtíð Laugarvatns sem mennta- og menningarseturs.

Greinargerð.

Íþróttakennaraskóli Íslands hefur lengi búið við þröngan kost. Það sem einkum hefur háð starfsemi hans er að öll aðstaða til íþróttakennslu og íþróttaiðkana hefur verið algerlega óviðunandi. Aðrir skólar á Laugarvatni hafa auk þess um langt árabil liðið mjög fyrir ófullkomna aðstöðu til íþróttakennslu, og er nú svo komið að skólarnir geta aðeins veitt nemendum sínum helming lögboðinnar kennslu í íþróttum, enda sum íþróttamannvirkin að falli komin. Á Laugarvatni eru auk Íþróttaskólans starfræktir eftirtaldir skólar: Héraðsskólinn, Menntaskólinn, Barnaskólinn og Húsmæðrakennaraskólinn, og eru nemendur þessara skóla alls tæplega 400 talsins.

Yfirvöld fræðslumála í landinu hafa sýnt mikla tregðu við hugmyndir um byggingu nýs íþróttahúss og sundlaugar á Laugarvatni, sem í áraraðir hefur verið helsta baráttumál Íþróttakennaraskólans, annarra skóla á Laugarvatni og íbúa hreppsins og nálægra byggða.

Á fjárlögum 1979 veitti Alþingi 10 millj. g. kr. til byggingar íþróttahúss og sundlaugar á Laugarvatni, 50 millj. g. kr. á fjárlögum 1980 og 100 millj. g. kr. á fjárlögum 1981. Með þessum fjárveitingum má segja að Alþingi hafi fyrir sitt leyti markað stefnu um framtíð Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni. Menntamálaráðuneytið samþykkti hinn 9. júní 1980 teikningar að íþróttamannvirkjum. Og samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir samþykkti loks hinn 22. maí s. l. að bjóða skyldi út grunn og botnplötu byggingarinnar og $^2/_3$ hluta húsa. Skyldu framkvæmdir við grunn hefjast þegar á þessu ári. Sveitarstjórn og skipulagsyfirvöld hafa einnig samþykkt teikningar mannvirkja og ákveðið þeim stað.

Nú ber hins vegar svo við, að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1982 eru einungis 250 þúsund krónur ætlaðar til þessara bygginga og ekki útlit fyrir að hafist verði handa um framkvæmdir í ár. Þess hefur einnig orðið vart, að ýmsir stjórnendur menntamála í landinu hafa látið uppi efasemdir um réttmæti þess, að Íþróttakennaraskóli Íslands verði áfram á Laugarvatni og framtíð staðarins sem skólaseturs sé óviss. Af þeirri ástæðu sé rétt að draga þetta mál og taka það allt til endurskoðunar.

Við svo búið má ekki standa. Alþingi verður nú þegar að lýsa yfir afdráttarlausum vilja sínum í þessu máli, tryggja fjármagn til framkvæmda og um leið framtíð Laugarvatns sem miðstöðvar mennta og menningar. Hin nýju íþróttamannvirki munu verða Laugarvatni gífurleg lyftistöng og hafa örvandi áhrif á skólalíf staðarins. Fullkomin íþróttaaðstaða er auk þess ákaflega þýðingarmikil fyrir allt félagslíf í héraðinu, og æska landsins og íþróttahreyfingin öll mun auk þess eignast á kjörnum stað veglega íþróttaaðstöðu sem nýtast mun allt árið til þjálfunar og þroska, jafnt fyrir afreksmenn sem almenna áhugamenn um íþróttir og útivist.

Í framsöguræðu munu koma fram ítarlegri upplýsingar og röksemdir fyrir nauðsyn þess að Alþingi lýsi þegar yfir vilja sínum í þessu efni.

Ed. 71. Frumvarp til laga [68. mál]

um flugmálaáætlun.

Flm.: Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

Ráðherra flugmála leggur að fengnum tillögum flugráðs tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun fyrir Alþingi. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri, sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu, og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum, sbr. 3. gr.

Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Sé veitt fé til flugmála eftir öðrum leiðum en getið er um í tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma flugmálaáætlunarinnar, eins og að framan getur.

Er þingsályktun um flugmálaáætlun hefur gilt í tvö ár, skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

2. gr.

Í flugmálaáætlun skulu taldir allir flugvellir svo og nýbyggingar flugvalla á þeim tíma sem áætluninni er ætlað að gilda. Enn fremur áætlaður kostnaður við flugvallaviðhald og annar kostnaður flugmálastjórnar á sama tímabili.

Í flugmálaáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðun um heildarkostnað hvers mannvirkis þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.

3. gr.

Í þingsályktun um flugmálaáætlun skal flugvöllum og öryggistækjum til flugs skipað í flokka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Áætlunarflugvellir: Allir flugvellir sem flogið er til í reglubundnu áætlunarflugi. Þar með teljast bæði aðalflugvellir, sem hafa flugbrautarlengd 900—2099 m og flugflutningamagn a. m. k. 900 tn. á ári, og skammbrautaflugvellir, sem hafa flugbrautarlengd 600—899 m og minna magn en 900 tn. á ári í flugflutning.

Aðrir flugvellir: Allir flugvellir, sem eru a. m. k. 500 m langir og eru fyrst og fremst ætlaðir til sjúkraflutninga.

Leiðarflugþjónusta: Öll tæki og búnaður sem ætlaður er til flugleiðsögu.

Flugstjórnarmiðstöð: Tæki, mannafli, búnaður sem ætlaður er til flugumferðarstjórnar.

Önnur flugmálastarfsemi: Undir það falli öll önnur flugmálastarfsemi en sú sem að ofan er talin.

4. gr.

Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar, samkv. 1. gr., svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Flugvallaáætlun öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

5. gr.

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd flugmálaáætlunar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með gerð flugmálaáætlana eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir yrði flugmálum skipað á sama bekk og öðrum samgönguþáttum. Flugmálaáætlanir yrðu hliðstæðar vegáætlunum og hafnaáætlunum.

Flugmálaáætlun ætti að vera grundvöllur skipulegs átaks í flugmálum Íslendinga. Áætlanagerðin ætti að stuðla að framsýni í ákvarðanatöku og skynsamlegri forgangsröðun framkvæmda. Á sama hátt má vænta þess, að flugmálaáætlun skapaði aukna festu í stefnumótun.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi sem Finnur Torfi Stefánsson flutti á 101. löggjafarþingi og flutningsmaður endurflutti á 103. löggjafarþingi. Frá því frumvarpið var síðast flutt hafa flutningsmanni borist jákvæð viðbrögð og meðmæli frá fólki og aðilum í greininni. Ábendingar hafa enn fremur borist flutningsmanni um nokkur atriði. Skulu tvö þeirra tilgreind hér. Í fyrsta lagi, að í 2. gr. væri ákveðið að áætlunin sundurgreindi fjárfestingu, viðhald og rekstur. Í öðru lagi, að takmörkun flugbrautarlengda skv. 3. gr. orki tvímælis.

Þegar frumvarpið var frumflutt fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

Þróun flugs á Íslandi seinni ár hefur ekki verið eins ör og í nágrannalöndum okkar. Orsök þess er fyrst og fremst sú, að skort hefur á stofnfjárframlög úr hendi ríkisins. Skýringar á þeim skorti þarf ekki að leita langt, í mörg horn er að líta í svo fámennu landi, en nú er svo komið að flugið hefur dregist aftur úr svo óhæfilegt er.

Flugið hefur fyrst og fremst sinnt fólksflutningum. Vöruflutningar með flugi innanlands eru ekki nema lítið hlutfall af heildarvöruflutningum innanlands. Stórstíg þróun er þó í vöruflutningum með flugi. Aukinnar hagræðingar er gætt og vélar stærri en áður hefur verið.

Vörusending með flugi sparar tíma, fer betur með vöruna og neytandinn fær hana fyrr í sínar hendur. Vöru- og póstflutningar voru 1977 16 583 tn. og höfðu þá aukist um tæp 5% frá árinu áður.

Fólksflutningar með flugi hafa stóraukist með ári hverju. Segja má að þegar gerður er flugvöllur í námunda við þéttbýlissvæði, eða gamall endurbyggður, þá strax stóraukist flug til staðarins. Fyrirsvarsmönnum byggðarlaganna ber saman um það, að fólki fjölgi jafnframt á þeim stöðum sem búa við öruggar flugsamgöngur. Sveitarstjórnarmenn hafa sagt að þeir skildu ekki hvernig fólk færi að, ef það missti flugsamgöngurnar, svo háðir eru íbúar dreifbýlisins flugsamgöngum. Sumir landshlutar eru þó háðari flugsamgöngum en aðrir og má þar til nefna Vestfirði og Austfirði.

Eftirfarandi töflur birtust í Fjármálatíðindum júlí—des. 1976:

1. tafla. Fólksflutningar á sérleyfisleiðum 1956—1975[1]).

	Ekin vegalengd þús. km	Tala farþega	Farþega-km í þús.
1956	5 431	684 357	34 996
1957	5 117	588 144	32 926
1958	5 219	684 410	34 974
1959	5 112	580 320	30 852
1960	5 302	635 317	31 852
1961	5 441	647 717	36 017
1962	5 468	647 124	34 631
1963	5 043	689 397	35 183
1964	5 576	580 694	23 773
1965	5 167	550 369	32 886
1966	5 342	483 142	38 495
1967	3 433	492 517	38 998
1968	2 632	425 517	26 888
1969	2 531	525 858	27 963
1970	2 787	599 909	34 340
1971	2 862	619 005	36 361
1972	2 884	636 504	31 501
1973	2 890	655 926	33 357
1974	2 428	589 386	33 371
1975	2 165	490 553	31 276

1) Fólksflutningar Landleiða hf. á Hafnarfjarðarleið eru ekki taldir með, sjá texta.

2. tafla. Innanlandsflug Flugfélags Íslands 1955—1975.

	Flogin vegalengd þús. km	Far-þega-fjöldi	Farþega-km í þús.	Fragt tonn	Póstur tonn
1955	1 150	44 512	10 013	949	107
1956	1 230	54 850	12 419	1 171	137
1957	1 309	59 501		1 422	144
1958	1 079	56 045	11 737	1 478	144
1959	821	51 195	10 488	1 140	181
1960	868	51 593	10 879	1 053	151
1961	755	48 382	10 527	905	106
1962	907	68 091	14 976	1 120	127
1963	893	66 653	15 416	982	117
1964	965	74 598	17 236	1 054	128
1965	1 181	93 489	22 274	1 291	177
1966	1 433	111 724	27 082	1 925	351
1967	1 474	117 988	28 234	2 656	434
1968	1 295	109 516	25 448	3 008	422
1969	1 225	107 032	25 348	3 283	455
1970	1 149	108 328	26 238	3 401	437
1971	1 355	130 612	31 780	3 834	526
1972	1 590	152 246	37 037	4 082	560
1973	1 868	183 287	44 309	4 605	572
1974	1 995	201 375	46 729	4 764	614
1975	2 136	205 176	49 242	5 243	676

Farþegar í flugi innanlands voru 555 019 árið 1977 og hafði þá meðalaukning verið um 13.8% frá árinu áður.

Af framansögðu má sjá, að stöðugur vöxtur er í flugi hérlendis. Stöðugur vöxtur krefst aftur á móti aukins aðbúnaðar, sem á hefur skort.

Í nóvember 1976 skilaði hin svokallaða Flugvallanefnd áliti sínu og lagði fram 6 ára áætlun um uppbyggingu innanlandsflugsins. Þar var verkefnum raðað í áhersluflokka. Það var samhljóða álit flugvallanefndar, flugráðs og flugmálastjórnar, að 900 milljónir króna yrðu árlega lagðar til stofnframkvæmda flugmálastjórnar í 6 ár til brýnustu öryggisverkefna (miðað við verðlag 1976).

Samþykkt var með þingsályktun (271. mál) vorið 1977 að hliðsjón yrði höfð í öllum meginatriðum af tillögum flugvallanefndar og að við mat á forgangsröð slíkra framkvæmda verði eftirfarandi einkum haft í huga:

a) Öryggisbúnaður flugvallarins.
b) Aðbúnaður flugfarþega.
c) Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga.
d) Ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaður.
e) Mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag.
f) Þarfir millilandaflugs.

Stofnfjárframlög til flugmála hafa hins vegar lítið breyst undanfarin ár, nema þá til lækkunar í langflestum tilfellum.

Árið 1978 var 600 millj. kr. varið til stofnkostnaðar í flugmálum (utan Keflavíkur) eða ⅓ minna en tillaga flugvallanefndar, flugráðs og flugmálastjórnar hljóðaði upp á. Framkvæmdatímabilið, sem ætlað var til þess að lágmarkskröfum yrði fullnægt, er því hvorki 6 ár né þriðjungi lengra, þ. e. 8 ár, heldur enn þriðjungi lengra, þ. e. 11 ár, og er þá verðbólgan enn ekki reiknuð í dæminu.

Meðfylgjandi tafla sýnir breytingar á stofnkostnaði til samgöngumála í milljónum króna á árunum 1967—1978, verðlag 1969.

	1967	1978	%
Vegir:	125.4	391.5	+312 %
Hafnir:	127.0	267.4	+210.5%
Flugvellir:	33.9	49.2	+ 45 %

Eftirfarandi dæmi sýnir raunframlag ríkisins til fjárfestingar í flugmálum, í þúsundum króna, þó er ekki tekið tillit til aðflutningsgjalda af flugleiðsögutækjum, en þar er um tugi milljóna að ræða:

	1976	1977	1978
Stofnframlag til flugmála	252 000	376 000	600 000
÷ Tekjur af fríhöfn	212 180	225 500	331 578
÷ Flugvallaskattur	225 633	210 145	560 000
	÷185 813	÷ 59 645	÷291 578

Ef litið er á samgöngumálin með hagsmuni þjóðarinnar allrar í huga, þá er ljóst að nauðsyn er á samgöngum í lofti, á láði og legi. Hver samgöngumáttur hefur sínu ákveðna hlutverki að gegna. Sjóflutningar miðast nær eingöngu við vöruflutninga, en dregið hefur úr fólksflutningum, sem færast æ meir yfir til loftflutninga. Ástæður þess eru þær að:

a) Þurfi í skyndingu að komast milli fjarlægra staða (og oft nálægra en erfiðra), þá er flugið langhappadrýgsti ferðamátinn. Mjög veigamikill þáttur í almannavörnum á þessu landi eru flestir flugvellir og þá ekki síst neyðarflugvellir. Sjúkraflug fer vaxandi með ári hverju og verður sífellt meira áríðandi í ljósi þess, að sjúklingar eða slasaðir eru oftast fluttir á stærstu sjúkrahúsin ef um meiri háttar atvik er að ræða. Því er mikilvægt að sjúkravellir séu alltaf vel færir flugvélum og séu til í nálægð sjúkrahúsa og þéttbýlla svæða.
b) Þegar snjóþyngsli loka heilum héruðum er alltaf hægt að fljúga þegar veðri slotar og flugvöllurinn hefur verið ruddur. Hins vegar þarf einatt að ryðja hundruð kílómetra af vegum til þess að opna fyrir akandi umferð.
c) Flugið er mjög öruggur ferðamáti í samanburði við önnur samgöngutæki, slysatíðni er miklu lægri.
d) Flugið sparar tíma. Dæmi um það er að um tveggja tíma akstur er frá Akranesi til Reykjavíkur, en flug tekur 4—6 mínútur. Í nútímaþjóðfélagi er tíminn verðmætur, hvort sem litið er beint á kostnaðarhliðina eða aukin afköst.
e) Flugið er í fjölmörgum tilfellum ódýrara en akstur. Dæmi um það er að bílferð frá Stykkishólmi til Reykjavíkur kostar 3 400 kr. og stendur yfir í 5—6 klst. Keyptur er matur og kaffi á leiðinni fyrir ca. 2 500 kr., og í ferðina fara a. m. k. 6 vinnustundir. Ef sinna þarf erindum, þarf það að gerast næsta dag og má þá enn bæta við gistingu o. fl. Flugferð frá Stykkishólmi kostar á sambærilegu verðlagi 6 900 kr. og stendur í u. þ. b. 35 mínútur.
f) Þá er það eftirtektarvert, að járnbrautir hafa aldrei orðið flutningamiðill hérlendis. Flugið hefur komið í stað þeirra. Ágætt er að taka til samanburðar fjárfestingar annarra þjóða í járnbrautakerfi þeirra og flugmálum og bera saman við þróunina hér á Íslandi.

Það, sem gera þarf, er að búa alla flugvelli lágmarkstækjakosti. Kröfurnar eru misjafnar eftir því hvort um er að ræða áætlunarflugvöll (millilanda-, aðal- eða skammbrautaflugvöll) eða fyrir neyðartilvik (sjúkraflugvöll). Ef tekið er mið af áætlunarflugvöllum fyrir innanlandsflug, má segja að lágmarkskröfur séu meðal annars:

a) Fullkomin flugleiðsögutæki séu fyrir hendi, þannig að hægt sé að fljúga yfir að staðnum. Aðflugstæki, svo að fljúga megi niður að flugbraut af fullu öryggi í tiltekið lágmark. Brautarljós og aðflugshallaljós þurfa að vera fyrir hendi vegna öryggis í lendingu.
b) Flugbrautin sjálf þarf að liggja vel að vindáttum með sem minnstar hindranir á aðflugsleið, eftir því sem við verður komið. Undirbygging flugbrautar þarf að vera á þann hátt, að brautin þoli bleytu og hálku, helst steyptar eða malbikaðar brautir. Flugbrautir þurfa að vera girtar til þess að verja þær ágengni manna og búfjár. Á brautinni verður að vera slökkvibúnaður, sem hentar viðkomandi flugvélategund, og björgunarbúnaður af sömu flokkun. Þar þarf að vera eftirlitsmaður sem hafi undir höndum a. m. k. fjarskiptatæki — vindmæli — hæðarmæli.
c) Á flugvallarsvæðinu þarf hús fyrir eftirlitsmann og farþega, sem hafi að geyma m. a. herbergi fyrir stjórnun og afgreiðslu, rúmgott herbergi fyrir farþega með horni til kaffihitunar, salerni, tækjageymslu og síma.
d) Á flugvallarsvæðinu þarf aðgang að tæki til snjóruðnings, bremsumælinga og sandburðar.

Það, sem að framan er talið, eru LÁGMARKSKRÖFUR. Þó þessi aðstaða væri fyrir hendi teldist hún ekki fullkomin.

Enginn íslenskra áætlunarflugvalla mætir öllum þessum kröfum sem áður er lýst, nema Keflavík—Reykjavík—Akureyri. Á langflestum áætlunarflugvöllum er ástandið langt fyrir neðan allt velsæmi. Varla er ræðandi um neyðarvelli, sem ekki

eru annað en for. Þessi for verður stórhættuleg flugmönnum og flugfarþegum í bleytu og leysingum.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að vera grundvöllur skipulegs átaks í flugmálum Íslendinga. Meginefni þess er að skylda ríkisstjórn til þess að leggja fram með reglubundnum hætti flugmálaáætlun til samþykktar á Alþingi og haga stjórn flugmála eftir ákvæðum hennar. Sú tilhögun, sem frumvarpið byggir á, er sótt að meginefni til í ákvæði vegalaga um vegáætlun. Þess ber að geta, að ekki eru í frumvarpinu gerðar tillögur um mörkun tekjustofna í þágu verkefnisins, heldur gert ráð fyrir að tekna verði aflað með almennum hætti, og er það í samræmi við ríkjandi meginsjónarmið um stjórn ríkisfjármála.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu ráðherra til framlagningar þingsályktunar um flugmálaáætlun að fengnum tillögum flugráðs. Til þess er ætlast, að í tillögunni sé útgjöldum skipt í megindráttum, en nánari skipting fari fram í meðferð Alþingis. Gert er ráð fyrir að öllu fé, sem verja skal til flugmála, sé ráðstafað með áætluninni án tillits til þess, með hvaða hætti fjárins er aflað. Þá er lagt til að áætlunartími verði fjögur ár, en áætlunin endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Um 2. gr.

Hér er kveðið nánar á um gerð flugmálaáætlunar og þarfnast þessi grein ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Þessi grein hefur að geyma skilgreiningu á verkefnaflokkum. Þess skal getið, að með hugtakinu „skammbrautaflugvellir“ er átt við það sem á alþjóðlegu flugmáli er nefnt STOL flugvellir.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja framlagningu þingsályktunar um flugvallaáætlun nokkur tímamörk til tryggingar þess, að hún fái vandaða þinglega meðferð.

Um 5. gr.

Með þessari grein er þess freistað að auðvelda Alþingi eftirlitsskyldu sína um framkvæmd áætlunarinnar.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 72. Frumvarp til laga [69. mál]

um breytingu á lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna bætist ný mgr., sem verði 2. mgr. svohljóðandi:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að áður en gjald er lagt á saltsíld samkvæmt 2. gr., skuli draga frá f. o. b.-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að gjald samkvæmt 2. gr. skuli ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum, sem verkuð eru á svipaðan hátt.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á tímabilinu 1. október til 31. desember 1981 nema 3,575% af f. o. b.-verðmæti útflutnings.

Tekjur af gjaldinu skiptast sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs, áhafnadeildar	32,3%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:	
a) Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneyti setur	30,8%
b) Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	4,6%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:	
a) Til Fiskveiðasjóðs	27,7%
b) Til Fiskimálasjóðs	1,2%
4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1,6%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,9%
6. Til samtaka sjómanna	0,9%
Samtals:	100,0%

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að ekki skuli innheimt gjald samkvæmt 2. gr. af allt að 1 600 tonnum af þurrkuðum saltfiski af saltfiskframleiðslu ársins 1981. Ráðherra getur og ákveðið að gjaldið verði endurgreitt.

Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að ekki skuli innheimta gjald samkvæmt 2. gr. af skreið, sem unnin er úr kolmunna, sem veiddur er á árunum 1981—1982 og að endurgreiða það gjald, sem þegar kann að hafa verið greitt af afurðum unnum úr kolmunna, sem veiddur var á árinu 1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Undanfarin þrjú þing hafa verið sett lög þess efnis, að draga mætti frá f. o. b.-verði saltsíldar verð umbúða og sérstakra hjálparefna, áður en útflutningsgjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1976 væri reiknað og innheimt. Lögin hafa gilt fyrir eitt framleiðsluár í senn.

Rök fyrir þessum ráðstöfunum hafa m. a. verið þau, að síldarsöltun hafi algera sérstöðu varðandi umbúðakostnað þeirra framleiðslugreina, sem greiða útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 5/1976. Tunnur eru fluttar inn fyrir upphaf síldarsöltunar og síðan utan aftur eftir lok hennar og eru um fimmtungur af því verðmæti, sem útflutningsgjald væri reiknað af að óbreyttum lögum nr. 5/1976. Í öðrum greinum er talið, að umbúðakostnaður sé innan við 3%.

Kaupverð hverrar tunnu og krydds hefir hækkað verulega síðan á s. l. ári, en sykur hefir hins vegar lækkað nokkuð. Samt er verðþróun í heild svipuð og milli áranna 1979 og 1980, en á síðasta ári hækkuðu tunnur og hjálparefni úr kr. 101,00 í kr. 156,00 og nú hefir enn orðið svipuð hækkun eða í kr. 236,60.

Það voru tvær ástæður fyrir lagasetningu um þetta efni undanfarin ár, þ. e. a) hlutfall kostnaðar af umbúðum og hjálparefnum er við framleiðslu saltsíldar miklu hærra en við framleiðslu annarra afurða, sem greitt er af útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 5/1976 og

b) verðlagning saltsíldar undanfarin ár eins og nú hefir verið torveld. Verðlagsráð sjávarútvegsins hefir því beitt sér fyrir því að útflutningsgjaldið væri lækkað.

Lítið er nú vitað um hver þróun verður framvegis í verðlagi saltsíldar, en hins vegar bendir nú ekkert til þess að kostnaður af umbúðum og hjálparefnum sem hlutfall af útflutningsverði lækki, en það er einmitt þetta háa hlutfall, sem telja verður meginrökin fyrir þessum ráðstöfunum undanfarin ár og einnig nú. Það er hins vegar þungt í vöfum, að setja árlega lög um þetta efni og er því lagt til í frumvarpi þessu að sjávarútvegsráðherra verði falið að taka afstöðu til málsins framvegis uns Alþingi kann að ákveða annað.

Með lögum nr. 88/1980, sem fjölluðu um tilsvarandi tilhliðrun varðandi útflutningsgjald af saltsíld vegna umbúða og sérstakra hjálparefna, var enn fremur ákveðið að fella með öllu niður útflutningsgjald af ediksöltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum, sem verkuð eru á svipaðan hátt. Flök þessi hafa verið seld til V-Þýskalands en 1979 ákvað Efnahagsbandalag Evrópu að leggja 5% innflutningstoll á slík flök frá 1. janúar 1980, en þau voru tollfrjáls áður. 1. janúar 1981 var tollurinn síðan hækkaður í 8%. Nú hefur verið ákveðið að þessi tollur hækki í hámark, sem er 20%, hinn 1. nóvember 1981.

Í frumvarpi þessu er lagt til að þetta ákvæði standi áfram sem heimildarákvæði, enda eru engin líkindi til að tollur þessi verði afnuminn.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. mgr.

Þegar verð á loðnu til bræðslu frá 1. október til áramóta var ákveðið af yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, var ein af forsendum verðákvörðunar, að útflutningsgjald af loðnumjöli og -lýsi, sem framleitt er á tímabilinu 1. október til 31. desember 1981, lækkaði um hlut almennu deildar og verðjöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs í útflutningsgjaldi. Þessar tvær deildir fá nú samtals 35% af útflutningsgjaldinu. Þetta felur í sér að útflutningsgjald af loðnumjöli og -lýsi lækkar úr 5,5% af fob.-verðmæti útflutnings í 3,575%.

Þegar leið að ákvörðun loðnuverðs frá 1. október var ljóst að breyting hafði orðið á markaðsstöðu loðnuafurða frá því sem miðað var við, þegar verð á loðnu var ákveðið í ágúst síðastliðnum. Þessarar breytingar á markaðsstöðu var að vísu þegar farið að gæta í ágúst, en þó var vonast til að hún lagaðist á ný, er liði á haustið, eins og stundum hefur verið reyndin á undanförnum árum. Það hefur hins vegar ekki orðið að þessu sinni, a. m. k. ekki enn.

Í lok síðasta árs var loðnumjöl selt á um 9,00 dollara hver eggjahvítueining og hvert tonn af lýsi var selt á nálægt 450 dollara. Við ákvörðun loðnuverðs í ágúst síðastliðnum var miðað við 8,00 dollara mjölverð og 400 dollara lýsisverð. Markaðsverð var þá þegar orðið lægra en þetta, en tekið var tillit til þess, að nokkuð af framleiðslunni hafði verið selt fyrirfram á hærra verði. Í október var mjölverðið hins vegar komið niður í 7 dollara og lýsisverðið í um 370 dollara. Mjölverð í dollurum var þannig um 22% lægra en um síðustu áramót og lýsisverð um 18% lægra. Veigamikil ástæða þessarar verðlækkunar er hækkun á gengi dollars gagnvart Evrópumyntum. Þótt verð sé skráð í dollurum og viðskipti fari yfirleitt fram í þeirri mynt, er mikið af þessum viðskiptum við kaupendur í Evrópulöndum. Sé mjöl- og lýsisverð til dæmis umreiknað í þýsk mörk, kemur í ljós að verðlækkunin er mun minni, og í sterlingspundum er reyndar um nokkra verðhækkun að ræða. Þótt gengisbreytingar hafi haft mikil áhrif á verðþróunina í dollurum, þá hefur eftirspurn eftir mjöli og lýsi einnig verið óvenju lítil miðuð við undanfarin ár og hefur það einnig veikt markaðinn.

Við ákvörðun loðnuverðs 21. október síðastliðinn voru afurðatekjur loðnuvinnslu áætlaðar 744 krónur á hvert tonn hráefnis og var það einungis 10—15% aukning í krónum frá sama tíma í fyrra. Kostnaður við veiðar og vinnslu hafði hins vegar hækkað um 40—50%, og til dæmis höfðu laun hækkað um nálægt 50%. Vinnslukostnaður var áætlaður rúmlega 460 krónur á hvert tonn hráefnis og heildargjöld loðnuvinnslu miðað við það hráefnisverð, er

gilti til septemberloka, var um 990 krónur. Þannig vantaði 246 krónur, eða um þriðjung af vinnslutekjum, til þess að tekjur dygðu fyrir gjöldum. Innstæða á loðnureikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins var þrotin, þannig að tekjuvöntunin varð ekki bætt með greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði að óbreyttum aðstæðum.

Í ljósi hinnar erfiðu stöðu greinarinnar var hráefnisverð lækkað úr 450 krónum hvert tonn í 425 krónur. Til þess að tryggja áframhaldandi rekstur loðnuveiða og vinnslu var jafnframt ákveðið að lækka útflutningsgjald af loðnuafurðum um hluta almennu deildar og verðjöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs, eða úr 5,5% af fob.-verðmæti útflutnings í 3,575%. Jafnframt urðu fulltrúar veiða og vinnslu sammála um, að við þessar óvenjulegu aðstæður yrði að afla fjár í Verðjöfnunarsjóð með lántöku, en endurgreiðsla lánsins yrði þó bundin tiltekinni þróun markaðsverðs, þannig að hagur veiða og vinnslu yrði viðunandi, áður en til greiðslu lánsins kæmi. Með lækkun hráefnisverðs, sem rýrir afkomu útgerðar og sjómanna, lækkun útflutningsgjalds, greiðslu úr Verðjöfnunarsjóði og því, að verksmiðjurnar taka á sig verulegan rekstrarhalla, tókst að brúa bilið á milli tekna og gjalda og tryggja áframhaldandi loðnuveiðar og -vinnslu.

Þetta frumvarp er einn liður í þeim aðgerðum, sem að framan greinir. Almenn deild Aflatryggingasjóðs fær nú 15% af tekjum af útflutningsgjaldi en verðjöfnunardeildin 20%. Fjárhagur almennu deildarinnar er góður, meðal annars vegna umtalsverðra tekna af loðnuafurðum á undanförnum árum, en loðnuútgerð hefur ekki notið bóta úr deildinni. Fjárhagur verðjöfnunardeildar er viðunandi. Við núverandi aðstæður er ekki unnt að reikna með því, að loðnuafurðir geti staðið undir greiðslum í þessa deild Aflatryggingasjóðs.

Um 2. mgr.

Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda hefir vakið athygli sjávarútvegsráðuneytisins á og lýst áhyggjum sínum af því, að við Íslendingar eigum á hættu að missa markaði okkar fyrir þurrkverkaðan saltfisk vegna erfiðrar og óeðlilegrar samkeppni einkanlega við Norðmenn eins og síðar verður að vikið. Er þetta því bagalegra sem saltfiskframleiðsla hefir stóraukist undanfarið og þess vegna er æskilegt að létta á auknum þrýstingi á blautfiskmörkuðum í Suður-Evrópu. Þurrkfiskreikningur saltfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs er tómur og er því þangað engan styrk að sækja.

Bent er á þýðingarmikið atriði í þessu sambandi, en það er að forða því, að verkkunnátta við þurrkfiskverkun glatist. Er á það minnt, að Kanadamenn, sem áður framleiddu mikið magn af saltfiski eru nú að brjóta sér leið inn á saltfiskmarkaðina að nýju, en eiga í miklum erfiðleikum, a. m. k. í bili, vegna þess að verkkunnátta og verkþjálfun hefir með öllu gleymst.

Til frekari glöggvunar er hér birtur kafli úr skýrslu Valgarðs Ólafssonar, framkvæmdastjóra, sem flutt var á aðalfundi S. Í. F., í júní s. l. svo og tafla um þróun þurrkfiskmarkaðanna frá 1964:

„Í desember s. l. birtist í tímaritinu „Fiskets Gang" grein eftir fulltrúa úr fiskimálaráðuneytinu norska, um ríkisstyrk til norskra útgerðarmanna og fiskframleiðenda, undir fyrirsögninni „Fiskeripolitisk jordskjelv i april?" Í greininni er látið liggja að því, að skattborgurum þætti nóg komið, og að einhver breyting hlyti að verða óhjákvæmileg. En apríl er liðinn og ekkert hefir gerst. Samkvæmt upplýsingum fulltrúans námu ríkisstyrkirnir til sjávarútvegs og fiskvinnslu 1980 allt að 70% af öllum launagreiðslum í greininni. Þetta er hin opinbera tala, en eftir öðrum heimildum virðist mega fullyrða, að styrkirnir 1980 hafi numið sem svarar öllum aflahlut og öllum launagreiðslum í fiskiðjuverum í landi. Eftir að olían kom til í Noregi, er fiskiðnaðurinn olnbogabarn, sem stutt er við til þess að koma í veg fyrir landflótta úr Norður-Noregi. Þetta er mikið átak, því að á síðustu árum hefir útflutningur Norðmanna á þurrkuðum saltfiski numið um 50 000 lestum á ári. Síðustu mánuðina hafa söluverð Norðmanna á þurrkuðum saltfiski legið aðeins svo sem 25—35%

ofan við söluverð okkar á blautsöltuðum fiski. Þetta eru í rauninni þau verð, sem okkur eru skömmtuð á heimsmörkuðum.

Og þar sem við höfum enga ríkisstyrki, en greiðum aftur á móti 5 ½% útflutningsgjald af öllum útflutningi saltfisks, búum við háa vexti og höfum hærri flutningsgjöld en keppinautarnir, hærri flutningskostnað o. s. frv., ætti það tæpast að valda mikilli furðu, að þurrkun á saltfiski hefir nánast lagst niður á Íslandi í bili.

Útflutningur þurrkaðs fisks s. l. ár var reyndar ofan við meðaltal síðustu fjögurra ára að magni til eða samtals 2 539 tonn, en samsetning útflutts magns var allt önnur en verið hefir nokkurn tíma áður.

Venjulega hefir Brasilía verið stærsti kaupandinn að þurrkuðum fiski, en nú bregður svo við að Zaire tekur fyrsta sætið á listanum, 741 tonn, en Brasilía næst á eftir, eða aðeins 617 tonn. Sama verður uppi á teningnum þegar við lítum á tegundasamsetninguna: úrgangsfiskurinn kemur í fyrsta sæti, 930 tonn, en þorskur næst á eftir, 900 tonn. Það er því augljóst, að það sem fyrst og fremst setur svip á 1980 útflutninginn af þurrkuðum saltfiski er það, að okkur tókst að þurrka út allar gamlar birgðir af úrgangsfiski til Zaire og að nokkru leyti til Portúgal.

Um sölu þurrkaðs saltfisks í framtíðinni er svo sem ekki mikið að segja á þessu stigi málsins. Ég hóf þessa frásögn með því að skýra frá vinnubrögðum Norðmanna af því að ég tel afleiðingar þeirra skipta okkur höfuðmáli eins og stendur. Það eru miklir markaðir fyrir þurrkaðan saltfisk, utan þeirra landa sem við seljum mest af okkar blautfiski, svo sem í Suður-Ameríku, Mið-Ameríku, Frakklandi og víðar, spurningin er aðeins um verð. Það er sjálfsagður hlutur, að einstakir fiskþurrkendur hafi gefist upp á að þurrka eftir því sem verðlag á þurrkuðum fiski hefir lækkað í hlutfalli við verð á blautsöltuðum fiski. En vinnubrögð Norðmanna gætu breyst. Og jafnvel þótt þau breytist ekki er vert að hafa í huga, að með þeirri gífurlegu aukningu, sem nú virðist blasa við í framleiðslu saltfisks í Kanada, hér og víðar, verður óhjákvæmilegt í framtíðinni að nýta þá möguleika, sem fyrir hendi eru með þurrkaða fiskinn.

Ég tel að nauðsynlegt sé, að S. Í. F., sem er e. t. v. stærsti söluaðili saltfisks í heiminum, taki það til alvarlegrar athugunar, hvort ekki sé rétt að gerðar verði ráðstafanir til þess að vera með á helstu þurrkfiskmörkuðunum, jafnvel þótt í smáum stíl væri. Það er alveg ljóst, að slíkar ráðstafanir kosta talsvert fé eins og nú standa sakir. En sá tími gæti allt eins runnið upp í næstu framtíð að það reynist ennþá dýrara að hafa algjörlega vanrækt samböndin á þurrkfiskmörkuðum og jafnvel tapað þeim".

Þurrkfisksala hefur verið sem hér segir s. l. 17 ár.

Ár	Brasilía	Frakkland	Panama	Portúgal	Zaire	Önnur lönd	Samtals
1964	867	0	0	0	0	104	971
1965	1 757	0	172	0	0	562	2 491
1966	1 198	0	108	0	0	104	1 410
1967	1 016	0	29	55	0	109	1 209
1968	2 059	0	84	0	0	115	2 258
1969	4 216	0	93	163	10	296	4 778
1970	2 187	0	126	1 207	213	230	3 963
1971	2 392	96	333	2 441	196	139	5 597
1972	2 726	162	353	2 308	285	224	6 123
1973	2 924	146	230	1 357	340	61	5 629
1974	968	169	101	2 717	285	99	5 203
1975	1 265	60	311	2 554	200	57	4 963
1976	2 378	120	268	1 601	812	203	5 643
1977	743	0	117	183	395	126	1 635
1978	1 138	4	176	0	625	69	2 058
1979	1 102	257	296	412	348	331	2 756
1980	617	322	185	499	741	175	2 539

Á grundvelli þess ástands, sem hér er lýst, hafa farið fram viðræður um úrræði til að leggja ekki með öllu niður þurrkun á saltfiski. Einn þáttur í því gæti verið að aflétta útflutningsgjaldi af þurrkuðum saltfiski, þótt það nægi engan veginn til að skapa rekstrargrundvöll fyrir þessa verkun. En málið er að öðru leyti í athugun og standa vonir til þess, að á þessu ári verði tekin til þurrkunar 2 000 til 3 000 tonn af blautfiski, sem gætu orðið allt að 1 600 tonnum af þurrkfiski.

Miðað við að 2 000 tonn af blautfiski yrðu tekin til þurrkunar, en um það er nú helst talað, næmi þurrkfiskmagnið um 1 350 tonnum. Úflutningsgjald af því magni gæti numið um 1,9 millj. kr. eða innan við 1% af heildartekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem er spáð að geti numið um 275 millj. kr. á þessu ári.

Um 3. mgr.

Veiði kolmunna í Atlantshafi hefir farið vaxandi hin síðari ár, var 1975 um 110 þúsund tonn en á s. l. ári um 1 410 þúsund tonn. Hlutur okkar Íslendinga í þessari veiði hefir verið lítill eða 5 000 til 7 500 tonn árin 1975 til 1980. Talið er að hrygningarstofninn geti numið um 8 millj. tonnum og efamál sé að hann þoli meiri árlega veiði en orðin er. Gæti það orðið til þess, er tímar líða, að tekin yrði upp kvótaskipting, sem að mestu yrði miðuð við afla hverrar þjóðar undanfarin ár, þótt það þurfi ekki að vera einhlítur mælikvarði.

Talsverður hluti kolmunnaveiðanna hefir átt sér stað undan N-Austurlandi.

Ástæður fyrir því, hve smár hlutur Íslendinga í veiðinni hefir verið, er að kolmunninn hefir svo til allur farið í bræðslu, en verðlag mjöls og lýsis ekki verið slíkt að greitt væri viðunandi hráefnisverð til að veiðar hafi borið sig. Seinustu þrjú ár hafa verið greiddir styrkir til hækkunar hráefnisverðs, en þeir hafa ekki nægt til að skapa almennan áhuga á þessum veiðum.

Kolmunnaleit hefir nokkuð verið stunduð af Hafrannsóknastofnun með sérstökum styrkjum sem sjávarútvegsráðuneytið hefir útvegað, en þó má segja að veiðimöguleikar okkar séu ekki fullkannaðir. Þá hefir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gert tilraunir með þurrkun (skreiðarvinnslu) kolmunna og sýna niðurstöður af þeim að mögulegt er að vinna kolmunna til manneldis, þótt enn sé óljóst, hvort vinnslan geti staðið undir nægilega háu hráefnisverði til að skapa áhuga á veiðunum. Sjávarútvegsráðuneytið hefir stutt þessar tilraunir með beinum og óbeinum hætti.

Á seinasta ári var nokkurt magn unnið eftir leiðbeiningum Rannsóknastofnunarinnar, allt í sérhönnuðum vinnslurásum eftir forsögn stofnunarinnar. Jarðhiti var og er notaður við þurrkunina. Einnig hefir Þörungavinnslan h. f., keypt á þessu ári 500 tonn af kolmunna af Rússum, sem unninn var í verksmiðjunni á Reykhólum. Talsvert vantar á, að reksturinn beri sig, þannig að ekki virðist fást greiddur nema um fjórði hluti af fjármagnskostnaði. En útflutningsgjald af þeirri skreið, sem unnin var úr þessu magni, og flutt var til Nígeríu, nam kr. 146 593. Ekki er við að búast mjög auknum umsvifum á þessu sviði á næsta ári, þótt ekki verði neitt sagt um það með vissu á þessu stigi.

Þessar tilraunir Þörungavinnslunnar nú og væntanlega síðar á þessu ári og næsta ári eru afar mikilvægar að því leyti, að þær gefa bendingar um markað fyrir kolmunnaskreið auk þess að það hefir sýnt sig, að kolmunnavinnsla með jarðhita er framkvæmanleg. Á seinasta ári gerðu tveir aðrir aðilar sams konar tilraunir.

Með vísan til framanritaðs er lagt til í frumvarpi þessu, að útflutningsgjald af kolmunnaskreið verði fellt niður a. m. k. um sinn í von um að úr því fáist skorið, hvort hún sé hagkvæm vinnsluaðferð og þá hvort rétt sé að við Íslendingar stefnum að því að auka hlut okkar í kolmunnaveiðum. Jafnframt geri menn upp sinn hug um það, hvort rétt sé að auka kolmunnarannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar svo og vinnslu- og markaðsrannsóknir.

Nd. 73. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sbr. lög nr. 68/1976.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi orðin: og hámarksverð landbúnaðarafurða í heildsölu og smásölu.

2. gr.

Orðin „eða garðávexti“ í 11. gr. laganna falli niður.

3. gr.

25. gr. laganna (5. gr. laga nr. 68/1976) breytist á þessa leið:

a. Í stað orðsins „verði“ í 2. mgr. komi: hámarksverð.
b. Orðin „hinu skráða“ í sömu mgr. falli niður.

4. gr.

Síðasti málsliður 32. gr. laganna orðist svo:

Leyfi skal veita uppfylli aðili fyllstu kröfur um heilbrigði og hollustuhætti við meðferð og geymslu grænmetis og gróðurhúsaafurða og gildir leyfið til tveggja ára í senn.

5. gr.

Í stað 1. málsliðar 34. gr. laganna komi tveir málsliðir sem orðist svo:

Ríkisstjórnin (viðskiptaráðuneytið) veitir leyfi til innflutnings á kartöflum og nýju grænmeti. Leyfið skal því aðeins veitt að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn og innflutningsaðili uppfylli kröfur um heilbrigði og hollustuhætti, sbr. 32. gr.

6. gr.

Síðari málsgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur framleiðsluráð viðurkennt framangreinda aðila skv. fyrri málsgrein þessarar greinar, og skal þá leita umsagnar þeirra um leyfisveitingar, skv. 32. og 34. gr.

7. gr.

Orðin „d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða“ í 40. gr. laganna (10. gr. laga nr. 68/1976) falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi til laga er lagt til að lögum nr. 101 frá 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verði svo breytt, að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu falli niður. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að framleiðsluráðið fari með yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaafurða, svo sem segir í 32. gr. nefndra laga. Ekki er lögð til önnur breyting á Grænmetisverslun landbúnaðarins en sú, að fleiri aðilar fái að versla með þessar vörutegundir, að uppfylltum skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi, að Sexmannanefndin ákveði ekki **verð** á þeim matvælum, sem hún fjallar um, heldur **hámarksverð.**

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um kornrækt.

Flm.: Jón Helgason, Þórarinn Sigurjónsson, Steinþór Gestsson, Jón Þorgilsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna nú þegar hvað hægt er að gera til að stuðla að því, að kornrækt verði arðbær og fastur þáttur í búskap íslenskra bænda þar sem skilyrði eru fyrir hendi.

Að fengnum niðurstöðum þeirrar könnunar geri ríkisstjórnin þær ráðstafanir sem vænlegastar eru taldar í þessu skyni.

Greinargerð.

Á 100. löggjafarþingi var flutt tillaga til þingsályktunar um kornrækt til brauðgerðar. Í upphafi greinargerðar fyrir þeirri tillögu segir svo:

„Notkun íslensks korns til manneldis lagðist niður snemma á þessari öld, þegar hætt var að nytja melinn. En um svipað leyti hóf Klemens Kristjánsson á Sámsstöðum tilraunir sínar með ræktun erlendra korntegunda. Og með áratuga brautryðjandastarfi sínu sannaði Klemens, að hægt er að fá þroskaða uppskeru af harðgerðustu tegundunum í þeim héruðum, þar sem veðurskilyrði eru best.

Nokkrir bændur fylgdu í fótspor Klemensar og hófu ræktun á byggi í smáum stíl, en gáfust fljótlega upp á því. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að þeir höfðu aðeins frumstæð verkfæri við uppskeruna, svo að vinnan varð mjög mikil. En fullkomin uppskerutæki voru allt of dýr fyrir slíka smáræktun.

En fyrir rúmum áratug hóf einn bóndi, Eggert Ólafsson á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, ræktun á byggi. Hefur hann gert það árlega síðan og alltaf fengið þroskaða uppskeru. Kornið hefur Eggert notað til skepnufóðurs á búi sínu. Aðrir bændur hafa ekki lagt í að taka Eggert sér til fyrirmyndar og munu ástæðurnar einkum þrjár: Ótti manna við uppskerubrest, mikill stofnkostnaður uppskeruvéla og loks erlendar niðurgreiðslur á innfluttum fóðurbæti, sem gera samkeppnisaðstöðu íslenskrar fóðurframleiðslu mjög erfiða.“

Þegar þessi þáltill. var flutt væntu flutningsmenn þess, að möguleikar þeir, sem Hermann Bridde bakarameistari taldi vera á notkun íslensks byggmjöls til brauðgerðar, gætu orðið til hvatningar bændum til að gera frekari tilraunir við byggrækt. Á þessum árum síðan hefur verið haldið áfram ræktun byggs á Sámsstöðum og Þorvaldseyri með ágætum árangri. Sama er að segja um ræktun í Norðurhjáleigu í Álftaveri s. l. tvö ár. Og í vor byrjuðu sjö bændur í Austur-Landeyjum. Varð uppskera þar mjög góð þar sem best var.

Árangur þessara bænda sýnir að hér getur verið um arðvænlega ræktun að ræða. Stærsta átakið í sambandi við að byrja á kornrækt er að fá uppskeruvél. Það er allt of dýrt fyrir bónda, sem þarf að fara hægt af stað meðan hann er að ná tökum á ræktuninni, að kaupa einn slíka vél. Þar þarf því að koma til samvinna bænda og opinber stuðningur í upphafi. Það er því það fyrsta sem þarf að athuga.

Á síðustu árum hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins unnið markvisst að kynbótum á byggi fyrir íslenskar aðstæður. Augljóst er að nú eru að vaxa upp stofnar sem auka munu öryggi ræktunar hérlendis. Er það í samræmi við reynslu annarra þjóða, því að uppskera hefur t. d. tvöfaldast í Evrópu á s. l. 30 árum vegna kynbóta á stofnum. Þar er því um að ræða mikla möguleika sem nauðsynlegt er að hagnýta, en það krefst mikillar vinnu sem skilar sér þó margfaldlega.

Eftir að uppskeru er lokið bætist við kostnaður ef þurrka þarf kornið og mala. Í haust komu bændur uppskeru sinni í grasköggla verksmiðjuna á Hvolsvelli þar sem kornið var malað, blandað grasi og kögglað. Hins vegar hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins gert tilraunir með að sýra kornið óþurrkað og benda niðurstöður til að þá sé mölun óþörf. Ef þessi verkun er örugg sparar það mikla vinnu og kostnað.

Auk kornsins fæst hálmur við kornræktina. Eftir honum er sótt af garðyrkjubónda til svepparæktar þar sem hálmur er nauðsynlegur við hana. En eins og fram hefur komið er innlend sveppaframleiðsla aðeins lítill hluti af neyslunni, þannig að þar eru ónýttir möguleikar ef meira framboð yrði á hálmi.

Þannig er hægt að benda á mörg atriði sem stutt gætu og aukið hagkvæmni innlendrar kornræktar, ef vel er á málum haldið. Það er mjög nauðsynlegt við þær markaðsaðstæður, sem við búum nú við, að við reynum að gera framleiðslu okkar sem fjölbreyttasta og nýtum alla þá möguleika sem geta dregið úr aðkeyptum aðföngum. Gildir það bæði um hvern einstakan bónda og þjóðarbúið í heild.

Ef athugaður er hinn mikli innflutningur á kornvöru til skepnufóðurs sjáum við að þar er mikill markaður á innlendan mælikvarða. Og takist með öflugu átaki og aðstoð okkar góðu vísindamanna að gera kornræktina árvissa, þá gefa hinar víðáttumiklu ræktanlegu lendur í veðursælli sveitum landsins tækifæri til nýrrar framleiðslu sem yrði íslenskum landbúnaði mjög til styrktar. Og ekki má gleyma áliti hins bjartsýna bakarameistara á ágæti hins íslenska korns til brauðgerðar.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Nd. 75. Frumvarp til laga [72. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I KAFLI

Gildissvið staðgreiðslu

1. gr.

Ákvæði laga þessara að því er staðgreiðslu opinberra gjalda varðar gilda um eftirtalin gjöld:

1. Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 1. gr. og 1. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, af skattskyldum tekjum samkvæmt 1. tl., 1. og 2. málsl. 2. tl., 3. tl. og 1. málsl. 4. tl. A-liðar 7. gr., sbr. 1.—7. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. þeirra laga. Enn fremur um tekjuskatt manna og annarra aðila sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. greindra laga af þar tilgreindum skattskyldum tekjum hér á landi, sbr. ákvæði 2. og 3. tl. 71. gr. þeirra laga.
2. Útsvar samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga af þeim skattskyldum tekjum manna sem um ræðir í 1. málsl. 1. tl. þessarar greinar.
3. Kirkjugarðsgjald samkvæmt ákvæðum laga um kirkjugarða af þeim útsvörum sem um ræðir í 2. tl. þessarar greinar.
4. Sóknargjald samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld af þeim útsvörum sem um ræðir í 2. tl. þessarar greinar.
5. Launaskatt samkvæmt ákvæðum laga um launaskatt.
6. Lífeyristryggingagjald samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.
7. Slysatryggingagjald samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.
8. Atvinnuleysistryggingagjald samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar.
9. Iðgjöld samkvæmt ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. gr.

Verði síðar sett lög, hvort heldur tímabundin eða ótímabundin, um gjöld sem ákvarðast af sömu eða svipuðum gjaldstofnum og þau sem upp eru talin í 1. gr. skulu um þau gjöld gilda ákvæði laga þessara.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra þeirra aðila, innlendra sem erlendra, sem gjaldskyldir eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 1. gr. eða kunna að verða gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum 2. gr. nema gjaldskyldan falli á þá aðila sem um ræðir í 4. gr.

4. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra þeirra aðila, innlendra sem erlendra, sem annast milligöngu á greiðslum sem gjaldskyldar eru samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 1. gr. eða kunna að verða gjaldskyldar samkvæmt ákvæðum 2. gr.

II KAFLI

Meginreglur staðgreiðslu

5. gr.

Staðgreiðsla samkvæmt lögum þessum er bráðabirgðagreiðsla opinberra gjalda á tekjuári nema annað sé fram tekið.

6. gr.

Launamaður samkvæmt lögum þessum telst hver sá maður sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Enn fremur teljast launamenn samkvæmt lögum þessum þeir menn sem um ræðir í 2., 3. og 4. mgr. 7. gr., svo og þeir aðrir aðilar sem um ræðir í 4. mgr. 7. gr.

7. gr.

Staðgreiðsla launamanns af endurgjaldi samkvæmt 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skal ná til þeirra gjalda sem greinir í 1., 2., 3. og 4. tl. 1. gr., sbr. 2. gr. eftir því sem við á. Eigi skiptir máli í þessu sambandi hvort launamaðurinn er skattskyldur hér á landi samkvæmt 1. gr. eða 1. tl. 3. gr. greindra laga.

Staðgreiðsla þessi skal enn fremur taka til umræddra gjalda af endurgjaldi sem reikna skal samkvæmt 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Lágmark og hámark reiknaðs endurgjalds ákveður ríkisskattstjóri í viðmiðunarreglum.

Staðgreiðsla þessi tekur einnig til umræddra gjalda af öllum skattskyldum greiðslum eða afhendingu verðmæta sem um er rætt í 1. og 2. málsl. 2. tl., 3. tl. og 1. málsl. 4. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Staðgreiðsla þessi tekur svo og til umræddra gjalda af öllum skattskyldum greiðslum eða afhendingu verðmæta til manna og annarra aðila samkvæmt 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. ákvæði 2. og 3. tl. 71. gr. þeirra laga.

Staðgreiðslu fyrir hönd launamanns skal launagreiðandi sjá um samkvæmt ákvæðum A-hluta III kafla.

8. gr.

Hugtakið laun í lögum þessum merkir hvers konar endurgjald, greiðslur eða afhendingu verðmæta, sbr. ákvæði þessarar greinar, svo og 6. og 7. gr.

Launagreiðandi samkvæmt lögum þessum telst hver sá aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim endurgjald fyrir starfa sem inntur er af hendi fyrir hann eða á hans vegum, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. Einnig aðili sem ber að reikna sér, maka sínum eða börnum innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, endurgjald, sbr. ákvæði 2. mgr. 7. gr. Enn fremur þeir aðilar sem inna af hendi greiðslur eða afhenda þau verðmæti sem um ræðir í 3. og 4. mgr. 7. gr. Ef milligöngumaður, sbr. 4. gr., annast greiðslurnar telst hann launagreiðandi sem skila- og greiðsluaðili samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um umboðsmann aðila sem um ræðir í 2. mgr. 2. tl. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

9. gr.

Staðgreiðsla launagreiðanda, sbr. 2. mgr. 8. gr., skal ná til þeirra gjalda sem greinir í 5.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., eftir því sem við á. Staðgreiðsla þessi skal fara fram samkvæmt B-hluta III kafla.

10. gr.

Að tekjuárinu loknu skal fara fram ákvörðun og álagning eftirtalinna opinberra gjalda:

1. Tekjuskatts og eignarskatts samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Útsvars og aðstöðugjalds samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.
3. Kirkjugarðsgjalds samkvæmt ákvæðum laga um kirkjugarða.
4. Sóknargjalds samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld.
5. Launaskatts samkvæmt ákvæðum laga um launaskatt.
6. Lífeyristryggingagjalda samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.
7. Slysatryggingagjalda samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.
8. Atvinnuleysistryggingagjalda samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar.
9. Iðgjalda samkvæmt ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
10. Iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt ákvæðum laga um iðnlánasjóð.
11. Iðnaðarmálagjalds samkvæmt ákvæðum laga um iðnaðarmálagjald.
12. Landflutningasjóðsgjalds samkvæmt ákvæðum laga um landflutningasjóð.
13. Landsútsvars samkvæmt ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga.
14. Annarra skatta og gjalda sem skattstjórum ber að ákvarða og leggja á samkvæmt gildandi lögum eða þeim mun bera að ákvarða og leggja á samkvæmt síðar settum lögum, hvort heldur tímabundnum eða ótímabundnum, enda fari innheimta þeirra fram á vegum innheimtumanna ríkissjóðs eða gjaldheimtu, sbr. lög nr. 68 27. apríl 1962, eða á vegum innheimtumanna sveitarsjóða.

Mismun sem fram kann að koma milli staðgreiðslu og álagningar skal krefja eða endurgreiða, eftir því sem við á, samkvæmt ákvæðum VIII kafla.

Réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla opinberra gjalda þeirra aðila sem um ræðir í 2., 3. og 7. tl. 3. gr., sbr. 2. tl. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, er fullnaðargreiðsla opinberra gjalda þessara aðila hér á landi án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning þeirra hjá þessum aðilum nema um sé að ræða aðila sem jafnframt er skattskyldur samkvæmt 4. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

III KAFLI

Tilhögun staðgreiðslu

A-hluti

Launamenn og launagreiðendur

11. gr.

Gjaldskyldu launamanna á staðgreiðsluári skal miða við lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Launamaður sem nær 16 ára aldri á staðgreiðsluári skal þó í þessu sambandi talinn gjaldskyldur í lok næstliðins almanaksárs. Sama gildir um þá launamenn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á staðgreiðsluárinu, svo og þá sem skattskyldir eru á staðgreiðsluárinu samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs skal ríkisskattstjóri láta gera skattkort fyrir hvern launamann þar sem fram komi þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að ákvarða staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu. Skattkort þessi skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru við frumgerð þjóðskrár hinn 1. desember þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Skattkort manna sem öðlast heimilisfesti hér á landi á staðgreiðsluárinu, svo og þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignar-

skatt, skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma á tilkynningu þeirra um aðsetursskipti eða á annan fullnægjandi hátt að dómi ríkisskattstjóra. Ígildi skattkorts manna og annarra aðila sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. ákvæði 2. og 3. tl. 71. gr. þeirra laga, sbr. og 4. mgr. 7. gr., skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í kröfugerð þeirra til ríkisskattstjóra. Kröfugerðin skal gerð fyrir lok þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári eða eigi síðar en mánuði áður en fyrsta greiðsla eða afhending verðmætis á sér stað á staðgreiðsluári.

Strax við móttöku skattkorts ber launamanni að kanna þær upplýsingar sem fram koma á því. Telji launamaður þær ekki réttar miðað við fjölskyldu sína í lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári ber honum strax að endursenda skattkort sitt til skattstjóra ásamt skriflegum rökstuðningi fyrir kröfu sinni um nýtt skattkort. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að láta honum strax í té nýtt skattkort. Telji skattstjóri beiðni launamanns að hluta til réttmæta ber honum að láta launamanninum strax í té nýtt skattkort ásamt rökstuðningi fyrir synjun að hluta. Synji skattstjóri beiðni launamanns að öllu leyti ber honum strax að endursenda launamanninum skattkortið ásamt rökstuðningi fyrir synjun.

12. gr.

Telji launamaður sig eiga rétt til hærri frádráttar samkvæmt D-lið og 1. og 3. tl. E-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt en fastafrádráttur samkvæmt 2. mgr. 30. gr. greindra laga mundi nema á hann rétt til að krefjast breytingar á skattkorti sínu á þann veg að hann njóti þessa mismunar sem viðbótarfrádráttar frá launum við ákvörðun á staðgreiðslu hans.

Í skriflegri kröfu til skattstjóra ber launamanni að gera nákvæma grein fyrir eftirfarandi:

1. Væntanlegum tekjum sínum á tekjuárinu (þ. m. t. orlofsfé) samkvæmt ákvæðum 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, að teknu tilliti til ákvæða 1.—6. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. greindra laga.
2. Væntanlegum frádrætti sínum á tekjuárinu samkvæmt ákvæðum D-liðar 1. mgr. 30. gr. greindra laga.
3. Væntanlegum gjaldföllnum frádrætti sínum á tekjuárinu samkvæmt 1. tl. og frádrætti samkvæmt 3. tl. E-liðar 1. mgr. 30. gr. greindra laga.
4. Væntanlegum tekjum sínum samkvæmt ákvæðum 2.—3. tl. A -liðar, B-liðar og C-liðar 7. gr. og frádrætti samkvæmt 2. og 3. tl. B-liðar 1. mgr., 3. og 4. tl. C-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 30. gr. greindra laga.

Nemi frádráttur samkvæmt 2. og 3. tl. 2. mgr. að frádregnum hreinum tekjum samkvæmt 4. tl. 2. mgr. a. m. k. 20% hærri fjárhæð en fastafrádráttur mundi nema af tekjum samkvæmt 1. tl. 2. mgr. ber skattstjóra að verða við kröfu launamanns og leyfa því sem næst þennan mismun sem viðbótarfrádrátt umfram fastafrádrátt við ákvörðun staðgreiðslu hans á tekjuárinu.

Giftur eða kvæntur launamaður sem er samvistum við maka sinn á því aðeins rétt til frádráttar samkvæmt 3. mgr. að hann og maki hans geri sameiginlega kröfu samkvæmt 1. mgr., sem undirrituð skal af báðum hjóna, og að veittar séu sömu upplýsingar um makann og krafist er af honum sjálfum samkvæmt 2. mgr. Nemi heildarfrádráttur samkvæmt 2. og 3. tl. 2. mgr. að frádregnum hreinum tekjum samkvæmt 4. tl. 2. mgr. a. m. k. 20% hærri fjárhæð en sameiginlegur fastafrádráttur hjónanna mundi nema af tekjum þeirra samkvæmt 1. tl. 2. mgr. ber skattstjóra að verða við kröfu launamanns og leyfa því sem næst þennan mismun sem viðbótarfrádrátt umfram fastafrádrátt við ákvörðun staðgreiðslu hans á tekjuárinu. Fastafrádráttur þess maka sem lægri hefur tekjurnar samkvæmt 1. tl. 2. mgr. skal standa óbreyttur en viðbótarfrádrátturinn veittur þeim makanum sem hærri hefur tekjurnar samkvæmt 1. tl. 2. mgr. Sama gildir um karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegra réttinda og hjónum sem samvistum eru.

13. gr.

Við upphaf staðgreiðsluárs ber launamanni að afhenda launagreiðanda sínum skattkort sitt til vörslu og telst hann þá aðallaunagreiðandi hans. Aðallaunagreiðandi ber ábyrgð á vörslu skattkorts launamannsins meðan hann er í þjónustu hans eða þar til launamaðurinn krefst skila á því. Skipti launamaður um starfa eða velji sér annan aðallaunagreiðanda á staðgreiðsluárinu ber fyrri aðallaunagreiðanda hans að skila honum skattkorti hans en launamanninum ber hins vegar að afhenda það þeim launagreiðanda sem hann hefur hjá hið nýja starf sitt eða hefur valið sér í stað fyrri launagreiðanda sem aðallaunagreiðanda.

Nú hefur launamaður starfa með höndum hjá eða á vegum fleiri en eins launagreiðanda og ber launamanni þá að velja sér aðallaunagreiðanda sem hann afhendir skattkort sitt. Skattkortið verður þá í vörslu þessa aðallaunagreiðanda. Sama skal gilda um launamann sem hefur einn starfa með höndum en launagreiðendur hans vegna starfans eru tveir eða fleiri.

Telji launamaður að ákvæði 2. mgr. þessarar greinar leiði til þess að staðgreiðsla hans verði verulega hærri en orðið hefði ef einungis væri um einn launagreiðanda að ræða, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, hefur hann rétt til þess að krefjast útgáfu aukaskattkorts frá skattstjóra. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að gefa út til hans aukaskattkort þar sem tilgreina skal ákveðinn hundraðshluta sem aukalaunagreiðanda ber að halda eftir af launum hans í stað hámarkshundraðshluta.

14. gr.

Hafi annað hjóna sem samvistum eru engar tekjur á staðgreiðsluári samkvæmt 1. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt hafa hjónin rétt til þess að afhenda skattkort tekjulausa makans aðallaunagreiðanda þess maka sem tekjur hefur. Staðgreiðsla þess maka sem tekjurnar hefur skal þá ákvörðuð með hliðsjón af því að hann sem launamaður hefur afhent aðallaunagreiðanda sínum skattkort beggja. Sama gildir um karl og konu sem búa í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegra réttinda og hjónum sem samvistum eru.

Hefji tekjulausi makinn starf hjá launagreiðanda á staðgreiðsluári á hann rétt til skattkorts síns og má afhenda það aðallaunagreiðanda sínum og breytist þá staða hins makans hjá aðallaunagreiðanda hans samkvæmt því. Maki sem haft hefur tekjur hjá launagreiðanda á staðgreiðsluári en lætur af starfi sem launamaður á því ári hefur hins vegar rétt til þess að afhenda skattkort sitt til aðallaunagreiðanda hins makans og breytist þá staða þess maka samkvæmt því.

15. gr.

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs skal ríkisskattstjóri láta gera skatttöflur fyrir launagreiðendur, byggðar á ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í I kafla eftir því sem við á. Við gerð skatttaflna skal þó ávallt reiknað með hámarkshundraðshluta af útsvarsskyldum tekjum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Enn fremur skal við gerð skatttaflna reikna kirkjugarðsgjald og sóknargjald sem álag á útsvar með sama hundraðshluta og notaður var við álagningu þessara gjalda í Reykjavík á því álagningarári sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Við gerð skatttaflna skal reiknað með þeim fastafrádrætti frá tekjum sem um ræðir í 2. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Enn fremur skal við gerð þeirra tekið tillit til réttar launamanns vegna ráðstöfunar ónýtts persónuafsláttar hans til greiðslu reiknaðs sóknargjalds, kirkjugarðsgjalds og útsvars og réttar hans til greiðslu barnabóta úr ríkissjóði, sbr. ákvæði 68. og 69. gr. greindra laga.

Alþingi skal með sérstökum lögum ákveða vísitölu staðgreiðsluársins eigi síðar en 15. nóvember á því almanaksári sem næst fer á undan staðgreiðsluárinu og skal miða við þá vísitölu við gerð skatttaflna.

Skatttöflur skulu gerðar fyrir ákveðin greiðslutímabil launa til launamanns á þann veg að sem mestri nákvæmni verði náð í staðgreiðslu launamannsins með hliðsjón af fjölskyldu hans.

Greiðslutímabil launa til launamanns, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr., ákvarðast með hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga eða hefð um greiðslu launa í starfsstétt launamannsins eftir því sem við á. Laun teljast greidd á greiðslutímabilinu hvort sem útborgun þeirra á sér stað á sama tíma og ákvæði kjarasamninga eða hefð kveða á um eða síðar.

Greiðslutímabil launa (reiknaðs endurgjalds) til launamanns, sbr. ákvæði 2. mgr. 7. gr., telst hver einstakur almanaksmánuður staðgreiðsluársins. Laun hvers almanaksmánaðar ákvarðast sem einn tólfti hluti ($^1/_{12}$ hluti) árlegs reiknaðs endurgjalds sem launamaðurinn hefur valið sér innan þeirra marka sem um ræðir í 2. málsl. 2. mgr. 7. gr.

16. gr.

Þegar ákvörðun launa (þar með talið orlofsfé) launamanns fyrir ákveðið greiðslutímabil, sbr. 5. og 6. mgr. 15. gr., er lokið ber aðallaunagreiðanda hans

1. að bæta við ákvörðuð laun launamannsins skattskyldum hlunnindum að mati ríkisskattstjóra samkvæmt 116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
2. að draga frá ákvörðuðum launum launamannsins þann hluta launa hans sem honum er heimilt að draga frá tekjum sínum að mati ríkisskattstjóra samkvæmt ákvæðum 2., 3., 4., 5. og 6. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
3. að draga frá ákvörðuðum launum launamannsins, að teknu tilliti til 2. tl., þá fjárhæð sem launamanni er skylt að spara samkvæmt ákvæðum VII kafla laga um Húsnæðisstofnun ríkisins;
4. að draga frá ákvörðuðum launum launamannsins helming greiddra meðlaga, sbr. ákvæði 8. tl. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
5. að draga frá ákvörðuðum launum launamannsins þann hundraðshluta þeirra sem fram kemur á skattkorti hans, sbr. ákvæði 12. gr. um breytt skattkort;
6. að draga frá ákvörðuðum launum launamannsins ákveðið hlutfall sjómanna- og fiskimannafrádráttar eftir því sem við á samkvæmt ákvæðum 1. og 2. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt;
7. að ákvarða þau laun sem staðgreiðsla þeirra opinberu gjalda sem um ræðir í 1. — 4. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., reiknast af en það eru ákvörðuð laun greiðslutímabilsins að viðbættri fjárhæð metinna skattskyldra hlunninda samkvæmt 1. tl., en að frádregnum fjárhæðum skv. 2., 3., 4., 5. og 6. tl. eftir því sem við á;
8. að halda eftir af ákvörðuðum launum launamannsins þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem fram kemur á skatttöflu greiðslutímabilsins með hliðsjón af launum hans samkvæmt 6. tl. annars vegar og skattkorti hans hins vegar eða endurgreiða launamanninum, fyrir hönd ríkissjóðs, þá fjárhæð barnabóta sem fram kemur á skatttöflu greiðslutímabilsins með hliðsjón af launum hans samkvæmt 6. tl. annars vegar og skattkorti hans hins vegar.

17. gr.

Leiði ákvæði kjarasamninga eða hefð til þess að ekki fara saman á sama greiðslutímabili hjá aðallaunagreiðanda

1. annars vegar greiðslur fastra launa eða samningsbundinna eða hefðbundinna greiðslna upp í laun launamanns og
2. hins vegar greiðslur til launamanns fyrir hvers konar yfirvinnuálag og ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun, þótt krafa til þessara launa hafi myndast að fullu eða að hluta á greiðslutímabilinu,

skal launagreiðslum samkvæmt 2. tl. 1. mgr. bætt við launagreiðslur næsta ákveðins greiðslutímabils launa samkvæmt 1. tl. 1. mgr. og þessar greiðslur sameiginlega teljast

ákvörðuð laun launamanns á síðara greiðslutímabilinu og með þær farið samkvæmt 15. gr., sbr. og 7. og 8. tl. 16. gr.

Fari launagreiðslur samkvæmt 2. tl. 1. mgr. eigi fram á því staðgreiðsluári þegar krafa til þeirra myndaðist skal þeim bætt við launagreiðslur síðasta greiðslutímabils á staðgreiðsluárinu og viðbótarstaðgreiðsla ákvörðuð með hliðsjón af því.

Hafi launamaður látið af starfi hjá aðallaunagreiðanda sínum eða tekið skattkort sitt frá honum áður en laun hans fyrir hvers konar yfirvinnuálag og ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun eru greidd, en krafa til þessara launagreiðslna myndaðist á síðasta greiðslutímabili launa hans hjá aðallaunagreiðanda, skal þessum greiðslum bætt við launagreiðslur hans fyrir síðasta greiðslutímabil hans og viðbótarstaðgreiðsla hans ákvörðuð af þannig ákvörðuðum launum.

18. gr.

Greiði aðallaunagreiðandi launamanni laun sem miðast við ákveðin liðin greiðslutímabil á staðgreiðsluárinu ber að jafna þessari launagreiðslu á þessi liðnu greiðslutímabil staðgreiðsluársins og hækka reiknuð laun hvers liðins greiðslutímabils með hliðsjón af því. Staðgreiðsla samkvæmt ákvæðum 16. gr. ákvarðast þá að nýju af þannig breyttum ákvörðuðum launum. Frá heildarfjárhæð þannig reiknaðrar staðgreiðslu ber að draga áður greidda staðgreiðslu vegna þessara greiðslutímabila á staðgreiðsluárinu og halda eftir mismun sem viðbótarstaðgreiðslu.

Greiði aðallaunagreiðandi launamanni laun án viðmiðunar við ákveðið greiðslutímabil á staðgreiðsluári ber honum að halda eftir upp í greiðslu opinberra gjalda launamannsins á staðgreiðsluárinu hámarkshundraðshluta af þessum launum samkvæmt ákvæðum 23. gr.

19. gr.

Hefji launamaður starf hjá aðallaunagreiðanda eða flytji skattkort sitt til hans eftir upphaf greiðslutímabils eða láti hann af starfi hjá aðallaunagreiðanda eða flytji skattkort sitt frá honum áður en staðgreiðslutímabili lýkur skal fara með launagreiðslur til launamannsins og ákvörðun staðgreiðslu af launum hans innan þessa greiðslutímabils sem hér segir:

1. Deila skal í fjárhæð launa, sbr. 7. tl. 16. gr., með dagafjölda innan greiðslutímabilsins og
2. margfalda þannig niðurjafnaða dagsfjárhæð launa með dagafjölda fulls greiðslutímabils og
3. reikna út staðgreiðslu eða endurgreiðslu, sbr. 8. tl. 16. gr., miðaða við þannig margfaldaða launafjárhæð, deila í þá staðgreiðslu- eða endurgreiðslufjárhæð með dagafjölda fulls greiðslutímabils, sbr. 2. tl., og margfalda þá niðurstöðu með dagafjölda, sbr. 1. tl. Halda ber síðan eftir staðgreiðslu eða endurgreiða barnabætur í samræmi við þannig fengna niðurstöðu.

Með dagafjölda starfs samkvæmt 1. tl. 1. mgr. skal telja alla virka daga, frídaga og helgidaga frá og með fyrsta starfsdegi til loka greiðslutímabilsins eða frá upphafi greiðslutímabils til og með síðasta starfsdags. Dagafjöldi vikulegs greiðslutímabils samkvæmt 1. mgr. telst 7 dagar og mánaðarlegs greiðslutímabils 30 dagar.

20. gr.

Afhendi launamaður ekki skattkort sitt til vörslu hjá launagreiðanda sem um ræðir í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 8. gr., sbr. 13. gr., sama dag og hann hefur starf sitt hjá honum ber launagreiðanda að krefja launamanninn um nafnskírteini hans til öflunar réttra og staðfestra upplýsinga um nafnnúmer hans, fæðingardag og -ár. Þessi launagreiðandi telst þá ekki aðallaunagreiðandi launamannsins.

Að lokinni ákvörðun launa þessa launamanns, sbr. 1. mgr., fyrir ákveðið greiðslutímabil ber launagreiðanda hans að halda eftir af ákvörðuðum launum launamannsins upp í greiðslu

opinberra gjalda hans á staðgreiðsluárinu hámarkshundraðshluta samkvæmt ákvæðum 23. gr. af launum, ákvörðuðum í samræmi við ákvæði 7. tl. 16. gr. Greiðsla af bótagreiðslum samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar skal þó, í stað hámarkshundraðshluta skv. 23. gr., nema þeim hundraðshluta sem ákvarðaður verður í sérstökum lögum um gildistöku þessara laga.

Nú ber nafnskírteini launamanns eða önnur gögn það með sér að hann nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluárinu og ber þá launagreiðanda sem um ræðir í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. að halda eftir af ákvörðuðum launum launamannsins, sbr. ákvæði 7. tl. 16. gr., upp í greiðslu opinberra gjalda hans á staðgreiðsluárinu þeim hundraðshluta sem ákvarðaður verður í sérstökum lögum um gildistöku þessara laga.

Ákvæði þessarar greinar eiga jafnframt við um launagreiðslur þær er um ræðir í 17. og 18. gr.

21. gr.

Afhendi launamaður ekki skattkort sitt til vörslu hjá launagreiðanda sem um ræðir í 3. málsl. 2. mgr. 8. gr., sbr. 13. gr., fyrir upphaf greiðslutímabils eða fyrir greiðslu eða afhendingu verðmæta sem skattskyld eru samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsl. 2. tl., 3. tl. og 1. málsl. 4. tl. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt ber launagreiðanda að krefja launamanninn um nafnskírteini hans til öflunar réttra og staðfestra upplýsinga um nafnnúmer hans, fæðingardag og -ár. Launagreiðandi þessi telst þá ekki aðallaunagreiðandi launamannsins.

Að lokinni ákvörðun launa þessa launamanns, sbr. 1. mgr., fyrir ákveðið greiðslutímabil eða fyrir greiðslu eða afhendingu verðmæta ber launagreiðanda hans að halda eftir af ákvörðuðum launum launamannsins upp í greiðslu opinberra gjalda hans á staðgreiðsluárinu þeim hundraðshluta sem ákvarðaður verður í sérstökum lögum um gildistöku þessara laga.

Nú ber nafnskírteini launamanns eða önnur gögn það með sér að hann nær ekki 16 ára aldri á staðgreiðsluárinu og ber þá launagreiðanda sem um ræðir í 3. málsl. 2. mgr. 8. gr. að halda eftir af ákvörðuðum launum launamannsins upp í greiðslu opinberra gjalda framfæranda hans þeim hundraðshluta sem ákvarðaður verður í sérstökum lögum um gildistöku þessara laga.

22. gr.

Afhendi launamaður sem um ræðir í 4. mgr. 7. gr. ígildi skattkorts síns, sbr. 4. málsl. 2. mgr. 11. gr., til vörslu hjá launagreiðanda sem um ræðir í 3. málsl. 2. mgr. 8. gr. fyrir upphaf greiðslutímabils eða fyrir greiðslu eða afhendingu verðmæta ber launagreiðanda að halda eftir af launum launamannsins upp í greiðslu opinberra gjalda hans þeim hundraðshluta af launanum sem ígildi skattkorts launamannsins segir til um.

Afhendi umræddur launamaður ekki ígildi skattkorts síns til umrædds launagreiðanda, sbr. 1. mgr., ber launagreiðanda að halda eftir af launum launamannsins upp í greiðslu opinberra gjalda hans sem hér segir:

1. Þeim hundraðshluta af hvers konar skattskyldum greiðslum eða afhendingu verðmæta samkvæmt 2., 3. og 7. tl. 3. gr., sem ákvarðaður er í 1. og 2. mgr. 2. tl. 71. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Hámarkshundraðshlutum samkvæmt ákvæðum 23. gr. af hvers konar skattskyldum greiðslum eða afhendingu verðmæta samkvæmt 6. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt ef greiðslan rennur til manns, en renni greiðslan til lögaðila skal hundraðshlutinn vera sá sami og hundraðshluti tekjuskatts lögaðila.

23. gr.

Hámarkshundraðshluti sá er um ræðir í 2. mgr. 18. gr., 2. mgr. 20. gr. og 2. tl. 2. mgr. 22. gr. skal ákveðinn af ríkisskattstjóra fyrir upphaf staðgreiðsluárs með hliðsjón af há-

marksgjaldstigum þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1.—4. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., að teknu tilliti til fastafrádráttar frá tekjum samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

24. gr.

Heimilt er ríkisskattstjóra að taka til greina skriflega umsókn launamanns um endurgreiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu ef veikindi, slys, mannslát eða starfsbreyting vegna þessa eða aldurs hans munu skerða tekjur hans verulega á þeim hluta staðgreiðsluársins sem eftir er á þann veg að staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu muni leiða til a. m. k. 10% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld vegna tekjuársins munu nema samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 10. gr.

Enn fremur er ríkisskattstjóra heimilt að taka til greina umsókn launamanns um endurgreiðslu, að hluta eða öllu leyti, á staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu ef hann hefur eða mun stunda nám í a. m. k. sex mánuði á staðgreiðsluárinu og staðgreiðsla hans í heild á staðgreiðsluárinu mun leiða til a. m. k. 10% hærri staðgreiðslu en væntanlega álagðir skattar og gjöld vegna tekjuársins munu nema samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 10. gr.

Með skriflegri umsókn launamanns, sbr. 1. og 2. mgr., skulu fylgja fullnægjandi gögn til stuðnings kröfu hans, svo og rökstuðningur fyrir kröfunni sem settur skal fram á sérstöku eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera.

Að móttekinni umsókn launamanns skal ríkisskattstjóri úrskurða málið og er sá úrskurður endanleg ákvörðun í málinu.

B-hluti

Launagreiðendur

25. gr.

Hver sá sem telst launagreiðandi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. skal eigi síðar en 1. október á því almanaksári sem næst fer á undan fyrsta staðgreiðsluári senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans.

Nú hefur aðili, sem að mati ríkisskattstjóra bar að tilkynna sig sem launagreiðanda samkvæmt 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá ríkisskattstjóri úrskurða hann sem launagreiðanda samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. og tilkynna aðilanum þar um eigi síðar en 15. október umrædds árs. Úrskurður ríkisskattstjóra skal rökstuddur. Úrskurður ríkisskattstjóra skal óbreyttur standa nema umræddur aðili hafi innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar mótmælt honum og rökstutt mótmæli sín. Innan 30 daga frá dagsetningu mótmæla aðilans skal ríkisskattstjóri hafa kveðið upp rökstuddan úrskurð og er sá úrskurður endanleg ákvörðun í málinu.

Aðilar þeir sem um ræðir í 1. og 2. mgr. skulu vera á launagreiðendaskrá samkvæmt 7. tl. 36. gr. frá og með fyrsta staðgreiðsluári þar til fullnægt er skilyrðum 27. gr. um afskráningu.

26. gr.

Hver sá aðili sem hefur greiðslur til launamanns á staðgreiðsluári og verður þar með launagreiðandi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. skal þegar í stað senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans.

Nú hefur aðili, sem að mati ríkisskattstjóra bar að tilkynna sig sem launagreiðanda samkvæmt 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá ríkisskattstjóri úrskurða hann sem launagreiðanda samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. og tilkynna aðilanum

þar um. Úrskurður ríkisskattstjóra skal rökstuddur. Úrskurður ríkiskattstjóra skal óbreyttur standa nema umræddur aðili hafi innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar mótmælt honum og rökstutt mótmæli sín. Innan 30 daga frá dagsetningu mótmæla aðilans skal ríkisskattstjóri hafa kveðið upp rökstuddan úrskurð og er sá úrskurður endanleg ákvörðun í málinu.

Aðilar þeir sem um ræðir í 1. og 2. mgr. skulu vera á launagreiðendaskrá samkvæmt 7. tl. 36. gr. frá og með hlutaðeigandi staðgreiðsluári þar til fullnægt er skilyrðum 27. gr. um afskráningu.

27. gr.

Launagreiðandi sem er á launagreiðendaskrá samkvæmt ákvæðum 7. tl. 36. gr., sbr. 25. og 26. gr., en hættir launagreiðslum á staðgreiðsluári, skal þegar í stað senda ríkisskattstjóra tilkynningu þess efnis.

28. gr.

Launagreiðendur, sbr. 9. gr., sem gjaldskyldir eru á staðgreiðsluári samkvæmt ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 5.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., skulu þegar eftir lok hvers almanaksmánaðar reikna út umrædda skatta og gjöld af lögmæltum gjaldstofnum sem til féllu á greiðslutímabilum næstliðins mánaðar.

IV KAFLI

Skil á staðgreiðslu

29. gr.

Launagreiðandi, sbr. 2. mgr. 8. gr., skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega það fé sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir á greiðslutímabilum næstliðins mánaðar samkvæmt ákvæðum 16.—22. gr., að frádregnum endurgreiðslum barnabóta sem launagreiðandi hefur innt af hendi fyrir ríkissjóð á þessum greiðslutímabilum. Viðbótarstaðgreiðsla, sbr. ákvæði 3. og 4. mgr. 17. gr. og 18. gr., sem eigi er innt af hendi fyrr en eftir lok staðgreiðsluárs telst mynda sérstakt greiðslutímabil og ber að greiða hana 1. febrúar næstan eftir lok staðgreiðsluársins.

Greiðsla samkvæmt 1. mgr. skal innt af hendi í banka, sparisjóði eða póststöð sem innborgun á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Á greiðsluskjali skal koma fram nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans ásamt greiðslufjárhæð.

Með greiðslu, sbr. 2. mgr., sbr. þó 4. mgr., skal fylgja skilagrein í tvíriti frá launagreiðanda á þar til gerðu eyðublaði þar sem greint er nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans, svo og nafn og nafnnúmer launamannsins. Í skilagreininni skal fram tekið hvað greitt er í opinber gjöld fyrir hvern launamann. Hafi launagreiðandi greitt launamanni barnabætur fyrir hönd ríkissjóðs skal þess getið. Þá skal og þess getið hvort launamaður hafi afhent skattkort sitt til launagreiðanda og, ef svo er, hvort því fylgdi skattkort maka hans. Samtala opinberra gjalda að frádregnum endurgreiðslum barnabóta skal tilgreind.

Heimilt er þó launagreiðanda að senda skilagrein þá er um ræðir í 3. mgr. til skattstjóra. Frestur til að skila henni rennur þá út næsta virkan dag eftir eindaga hverrar greiðslu, sbr. 5. mgr. Skilagreinin skal þá bera með sér, auk þess sem um ræðir í 3. mgr., upplýsingar um fjárhæð þá sem greidd var samkvæmt 1. mgr., hverjum hún var greidd, sbr. 2. mgr., og hvenær.

Gjalddagi greiðslu samkvæmt 1. mgr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Hafi launagreiðandi eigi greitt á eindaga skal hann sæta álagi samkvæmt 41. gr.

30. gr.

Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar launagreiðenda, sbr. 29. gr., og gera á þeim þær leiðréttingar er þörf krefur. Skattstjóra ber að áætla greiðsluskylda fjárhæð þeirra launagreiðenda sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skilagreinum innan tilskilinna tímamarka samkvæmt 29. gr. og tilkynna launagreiðanda um áætlunina innan 14 virkra daga frá tilskildum tímamörkum.

31. gr.

Launagreiðandi ber ábyrgð á þeim opinberu gjöldum sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt ákvæðum 16.—22. gr. Launamaður ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans. Launagreiðandi og launamaður bera hins vegar óskipta ábyrgð á vanteknum opinberum gjöldum.

32. gr.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega þau gjöld sem honum ber að reikna út samkvæmt 28. gr.

Greiðsla samkvæmt 1. mgr. skal innt af hendi í banka, sparisjóði eða póststöð sem innborgun á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Á greiðsluskjali skal koma fram nafn, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer launagreiðandans ásamt greiðslufjárhæð.

Með greiðslu, sbr. 2. mgr., skal fylgja skilagrein í tvíriti frá launagreiðanda þar sem greint er nafn hans, heimili og fyrirtækisnúmer eða nafnnúmer. Í skilagreininni skal koma fram stofn þeirra gjalda sem um ræðir í 5.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., og útreikningur á hverjum einstökum skatti eða gjaldi. Samtala allra umræddra skatta og gjalda skal tilgreind.

Heimilt er þó launagreiðanda að senda skilagrein þá er um ræðir í 3. mgr. til skattstjóra. Frestur til að skila henni rennur þá út næsta virkan dag eftir eindaga hverrar greiðslu, sbr. 5. mgr. Skilagreinin skal þá bera með sér, auk þess sem um ræðir í 3. mgr., upplýsingar um fjárhæð þá sem greidd var samkvæmt 1. mgr., hverjum hún var greidd, sbr. 2. mgr., og hvenær.

Gjalddagi greiðslu samkvæmt 1. mgr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Hafi launagreiðandi eigi greitt á eindaga skal hann sæta álagi samkvæmt 42. gr.

33. gr.

Skattstjóri skal yfirfara skilagreinar launagreiðenda, sbr. 32. gr., og gera á þeim þær leiðréttingar er þörf krefur. Skattstjóra ber að áætla greiðsluskylda fjárhæð þeirra launagreiðenda sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skilagreinum innan tilskilinna tímamarka samkvæmt 32. gr. og tilkynna launagreiðanda um áætlunina innan 14 virkra daga frá tilskildum tímamörkum.

34. gr.

Sá aðili sem tekur við greiðslum samkvæmt 2. mgr. 29. gr. og samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skal senda það fé sem hann hefur móttekið til innleggs á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands innan tveggja virkra daga frá móttökudegi. Skilagreinar frá launagreiðendum samkvæmt 29. gr. og 32. gr., sem þessir aðilar hafa móttekið, ásamt afriti af greiðslukvittun til greiðandans, skulu sendar til skattstjóra innan sömu tímamarka. Hafi skilagreinar eigi verið mótteknar af þessum aðilum frá greiðanda skulu þeir innan sömu tímamarka senda skattstjóra afrit af greiðslukvittun.

V KAFLI
Stjórnun staðgreiðslu

35. gr.

Ríkisskattstjóri hefur á hendi framkvæmd laga þessara.

36. gr.

Ríkisskattstjóra ber m. a.

1. að gefa út viðmiðunarreglur samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 7. gr.,
2. að láta gera skattkort samkvæmt 2. mgr. 11. gr.,
3. að láta gera skatttöflur samkvæmt 15. gr.,
4. að gefa út mat, sem stuðst skal við á staðgreiðsluári, á þeim hlunnindum, öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs,
5. að ákvarða hámarkshundraðshluta samkvæmt 23. gr.,
6. að úrskurða mál samkvæmt 24. gr.,
7. að halda skrá um launagreiðendur samkvæmt 25.—27. gr.,
8. að gefa út reglur um ákvörðun gjaldstofna og gjaldskrár vegna þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 5.—9. tl. 1. gr., sbr. 2. gr., og launagreiðanda ber að reikna út samkvæmt 28. gr.,
9. að halda skrá sem sýnir greiðslustöðu launamanna og launagreiðenda á staðgreiðsluárinu,
10. að gera skrá að lokinni álagningu þeirra gjalda sem um ræðir í 10. gr., þar sem fram komi greiðslustaða hvers gjaldanda með hliðsjón af staðgreiðslu eða skuldajöfnun hans á gjöldum þessum, sbr. ákvæði VIII kafla,
11. að gefa út hvers konar reglur og leiðbeiningar fyrir launamenn og launagreiðendur um notkun gagna og eyðublaða vegna staðgreiðslu opinberra gjalda,
12. að láta gera öll eyðublöð, sem nauðsyn er á, fyrir launagreiðendur. Eyðublöð þessi skulu fást hjá skattyfirvöldum og hjá þeim aðilum sem heimild hafa til móttöku greiðslna samkvæmt IV kafla.

Ríkisskattstjóri skal setja skattstjórum framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum eftir því sem þörf krefur.

Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað öll atriði er varða gjald- eða skilaskyldu og breytt ákvörðun skattstjóra ef ástæða er til, svo og kannað sérhver önnur atriði er varða framkvæmd laga þessara. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á að fá, m. a. frá skattstjórum, innheimtumönnum ríkissjóðs, gjaldheimtum, bönkum, sparisjóðum og póststöðvum.

37. gr.

Skattstjórum ber m. a.

1. að gefa út ný skattkort ef tilefni er til þess, sbr. 3. mgr. 11. gr., og 3. og 4. mgr. 12. gr., svo og að gefa út aukaskattkort samkvæmt 3. mgr. 13. gr.,
2. að yfirfara skilagreinar og gera á þeim þær leiðréttingar er þörf krefur, svo og áætla greiðsluskylda fjárhæð samkvæmt 30. gr. og 33. gr. Greiðsluskylda fjárhæð skal tilkynna innheimtumanni ríkissjóðs eða gjaldheimtu, sbr. 43. gr.,
3. að tilkynna skattrannsóknarstjóra hafi hann grun um að veruleg brot hafi verið framin á lögum þessum.

38. gr.

Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi sem óskað er allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann

aðila sem beiðninni er beint til, eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða gjald- og skilaskyldur þeirra aðila eða eftirlit með þeim.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn sem þeir fela skatteftirlitsstörf krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna samkvæmt 39. gr.

Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir, svo og öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

39. gr.

Skattrannsóknarstjóri skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar gjald- og skilaskyldur samkvæmt lögum þessum. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 4. tl. 37. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um er getið í þessari grein.

Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til ákvörðunar eða endurákvörðunar á gjald- eða skilaskyldum samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri annast ákvörðunina eða endurákvörðunina nema hann feli hana skattstjóra.

40. gr.

Fjármálaráðherra hefur heimild til að setja reglur um sérstakt launabókhald launagreiðenda.

VI KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð

41. gr.

Séu greiðslur launagreiðanda samkvæmt 29. gr. eigi inntar af hendi á tilskildum tíma samkvæmt 5. mgr. 29. gr. skal hann sæta álagi til viðbótar upphæð skilafjárins eða til viðbótar því skilafé sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og greiðsluskyld fjárhæð því verið áætluð, sbr. 30. gr., nema launagreiðandi hafi greitt fyrir eindaga upphæð er til áætlunar svarar.

Álag á vanskilafé samkvæmt 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Fjögurra hundraðshluta (4%) álag af upphæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en tuttugu og átta hundraðshlutar (28%).
2. Álag til viðbótar af upphæð vanskilafjár fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Álag þetta skal vera hið sama og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Við útreikning á álagi á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi sá sami og eindagi greiðslu þess mánaðar sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á allar vangoldnar greiðslur fyrri tímabila.

Sendi launagreiðandi fullnægjandi skilagrein innan 10 virkra daga frá tilkynningu skattstjóra samkvæmt 30. gr. skal hann greiða upphæð skilafjár samkvæmt skilagreininni ásamt álagi samkvæmt 2. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Komi í ljós að launagreiðanda, sem greiða átti skilafé, hafi ekki verið áætluð gjaldskyld fjárhæð, eða áætlun verið lægri en það skilafé sem honum bar að greiða, skal hann greiða hið gjaldskylda skilafé auk álags samkvæmt 2. mgr.

Fella má niður álag samkvæmt 2. mgr. ef launagreiðandi færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 7 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Heimilt er að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að skilagrein hans styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglna um sérstakt launabókhald sem settar hafa verið af fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 40. gr. Jafnframt er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að færsla á launum í bókhaldi, eða aðrir þeir þættir sem skilagrein á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn sem ákvæði reglna, settra samkvæmt 40. gr., mæla fyrir um eða ef bókhald og þau gögn sem liggja fyrir um gjaldskylda fjárhæð samkvæmt skilagrein verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á skilagreinum, sbr. 38. gr. Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

42. gr.

Hafi greiðsla launagreiðanda samkvæmt 32. gr. eigi borist á tilskildum tíma samkvæmt 5. mgr. 32. gr. skal hann sæta álagi á vanskilafé fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir lok eindaga. Álag þetta skal vera hið sama og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og greiðsluskyld fjárhæð því verið áætluð, sbr. 33. gr., nema launagreiðandi hafi greitt fyrir eindaga upphæð er til áætlunar svarar.

Við útreikning á álagi á áætlaða greiðsluskylda fjárhæð telst eindagi sá sami og eindagi greiðslu þess mánaðar sem áætlað er fyrir. Sama gildir um álag á allar vangoldnar greiðslur fyrri tímabila.

Sendi launagreiðandi fullnægjandi skilagrein innan 10 virkra daga frá tilkynningu skattstjóra samkvæmt 33. gr. skal hann greiða samkvæmt skilagreininni ásamt álagi samkvæmt 1. mgr. Skattstjóri má breyta fyrri áætlun eftir lok þessara tímamarka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Komi í ljós að launagreiðanda, sem greiða átti samkvæmt 32. gr., hafi ekki verið áætluð gjaldskyld fjárhæð, eða að áætlunin hafi verið of lág, skal hann greiða það sem honum bar auk álags samkvæmt 1. mgr.

Fella má niður álag samkvæmt 1. mgr. ef launagreiðandi færir gildar ástæður sér til afsökunar og metur skattstjóri það í hverju einstöku tilviki hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Innan 7 daga frá dagsetningu ákvörðunar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

Heimilt er að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að skilagrein hans styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglna um sérstakt launabókhald sem settar hafa verið af fjármálaráðherra samkvæmt heimild í 40. gr. Jafnframt

er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef í ljós kemur að færsla á launum í bókhaldi, eða aðrir þeir þættir sem skilagrein á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn sem ákvæði reglna, settra samkvæmt 40. gr., mæla fyrir um eða ef bókhald og þau gögn sem liggja fyrir um gjaldskylda fjárhæð samkvæmt skilagrein verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla gjaldskylda fjárhæð launagreiðanda ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á skilagreinum, sbr. 38. gr. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um áætlanir samkvæmt þessari málsgrein.

43. gr.

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt þessum kafla skulu innheimtumenn ríkissjóðs innheimta, eða gjaldheimtur sbr. lög nr. 68 27. apríl 1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, í því umdæmi þar sem skuldari þeirra er heimilisfastur.

Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Skilafé og álag samkvæmt 41. gr. skal vera utan skuldaraðar í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.

Innheimtuaðili skal láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðenda, sem ekki gera fullnægjandi skil á skilafé eða álagi samkvæmt 41. gr., innan 15 daga talið frá eindaga eða frá því er honum barst tilkynning frá skattyfirvaldi um vanskil og álag með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Innheimtuaðili skal senda fé, er hann hefur móttekið samkvæmt ákvæðum þessa kafla, til innleggs á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands innan tveggja virkra daga frá móttökudegi. Skilagrein um innheimtu skal senda innan sömu tímamarka til ríkisskattstjóra.

44. gr.

Skýri skilaskyldur aðili, sbr. IV kafla þessara laga, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans, haldi eigi eftir eða afhendi eigi á lögmæltum tíma skilagreinar eða þær greiðslur vegna launamanns, sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt 16.—22. gr., sbr. 29. gr., skal hann auk vanskilafjár greiða sekt allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Álag samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 41. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína samkvæmt 25. gr. og 26. gr., misnotar skattkort það sem um ræðir í 2. mgr. 11. gr., sbr. 12.—14. gr., vanrækir þá skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru samkvæmt 40. gr., vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilagreinar, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar gjalda- og skilaskyldu hans þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil skal hann sæta sektum allt að 50 000 kr., enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Launamaður, sem lætur greiða sér laun, vitandi um það að launagreiðandi hans hefur eigi haldið eftir af launum hans þeirri fjárhæð opinberra gjalda sem skylt er samkvæmt lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar greiðslu- eða skilaskil vegna hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á nefnd skil, skal sæta sektum allt að 50 000 kr., enda liggi eigi við brotunum þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

Verði brot á 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu sekt er nemi allt að fjórfaldri þeirri skilagreiðslu sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt allt að 25 000 kr.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi gjalda- eða skilaskyldu annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 38. gr., skal greiða sekt allt að 100 000 kr. Sömu sekt skal sá sæta sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda hafi brotið verið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann notið hagnaðar af brotinu.

Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð, eftir því sem segir í III kafla almennra hegningarlaga, og varða slík brot sektum allt að 100 000 kr. nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

45. gr.

Ríkisskattstjóri úrskurðar sektir samkvæmt 44. gr. nema málinu sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. Við meðferð mála hjá ríkisskattstjóra skal veita sakborningi færi á að taka til varna. Úrskurðir ríkisskattstjóra um sektir eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum hans.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Ríkisskattstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sökunautar ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af ríkisskattstjóra.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Greiðslukröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattstjóri úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 3. mgr. 43. gr. við innheimtu þeirra.

Sök samkvæmt 44. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

VII KAFLI

Skipting á innheimtufé staðgreiðslu

46. gr.

Fyrir lok desembermánaðar næstan fyrir upphaf staðgreiðsluárs skal ríkisskattstjóri ákvarða hlutföll skiptingar staðgreiddra opinberra gjalda samkvæmt 1.—4. tl. 1. gr. og 2. gr. eftir því sem við á á staðgreiðsluárinu. Innan fimm (5) virkra daga frá lokum hverrar almanaksviku á staðgreiðsluárinu skal ríkisskattstjóri hafa greitt rétthöfum þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1.—4. tl. 1. gr. og 2. gr. eftir því sem við á sem bráðabirgðagreiðslu áætlaðan hluta þeirra í þeirri staðgreiðslu hlutaðeigandi staðgreiðsluárs sem greidd var inn á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda í næstliðinni almanaksviku staðgreiðsluársins. Ríkisskattstjóri skal þó ætíð halda eftir þrem hundraðshlutum (3%) af því fé sem greitt er öðrum rétthöfum þessara skatta og gjalda en ríkissjóði til að standa undir kostnaði við innheimtu þeirra og álagningu.

Innan sömu tímamarka og um ræðir í 1. mgr. skal ríkisskattstjóri hafa greitt rétthöfum þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 5.—9. tl. 1. gr. sem bráðabirgðagreiðslu þann hluta þessara skatta og gjalda sem greiddur var inn á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda í næstliðinni almanaksviku staðgreiðsluársins í samræmi við þær upplýsingar sem fram koma í skilagreinum, sbr. 3. mgr. 29. gr. Ríkisskattstjóri skal þó ætíð halda eftir þrem hundraðshlutum (3%) af því fé sem greitt er öðrum rétthöfum þessara skatta og gjalda en ríkissjóði til að standa undir kostnaði við innheimtu þeirra og álagningu.

VIII KAFLI

Álagning skatta og gjalda og uppgjör staðgreiðslu

47. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt ákvæðum þeirra laga er um ræðir í 10. gr. skulu skattstjórar ákveða.

48. gr.

Þegar skattstjórar hafa lokið ákvörðun og álagningu þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 47. gr., sbr. 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu þeir senda ríkisskattstjóra skrá um þessa álögðu skatta og gjöld sem nefnd skal álagningarskrá.

Að móttekinni álagningarskrá samkvæmt 1. mgr. skal ríkisskattstjóri ákveða greiðslustöðu hvers gjaldanda með samanburði á álagningarskrá og skrá um staðgreiðslu á staðgreiðsluárinu.

49. gr.

Yfir þá gjaldendur sem reynast skulda skatta og gjöld, sbr. 2. mgr. 48. gr., skal ríkisskattstjóri gera innheimtuskrá sem sýni vangoldna skatta þeirra og gjöld, að teknu tilliti til skuldajöfnunar milli hjóna samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 50. gr., sbr. ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 56. gr.

Innheimtuskrá fyrir innheimtumenn ríkissjóðs skal taka til skatta og gjalda samkvæmt 1. tl. og 3.—12. tl. 10. gr. Enn fremur til annarra skatta og gjalda samkvæmt síðar settum lögum sem skattstjórum ber að leggja á og innheimtumönnum ríkissjóðs að innheimta samkvæmt ákvæðum þeirra. Skattar þessir og gjöld skulu einu nafni nefnast þinggjöld.

Innheimtuskrá fyrir innheimtumenn sveitarsjóða skal taka til skatta og gjalda samkvæmt 2. tl. 10. gr. Enn fremur til annarra skatta og gjalda samkvæmt síðar settum lögum sem skattstjórum ber að leggja á og innheimtumönnum sveitarsjóða að innheimta samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Skattar þessir og gjöld skulu nefnast einu nafni sveitarsjóðsgjöld.

Þar sem um er að ræða sameiginlega gjaldheimtu skal innheimtuskráin ná bæði til þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda.

Innheimtuskrá fyrir félagsmálaráðuneytið skal taka til landsútsvars samkvæmt 13. tl. 10. gr.

50. gr.

Yfir þá gjaldendur sem reynast eiga inni eftirstöðvar af staðgreiðslu að lokinni skuldajöfnun milli hjóna samkvæmt ákvæðum 1. og 2. málsl. 1. mgr. 56. gr., sbr. og 1. mgr. 49. gr., skal ríkisskattstjóri gera endurgreiðsluskrá.

Áður en til endurgreiðslu eftirstöðva til gjaldanda kemur skal ríkisskattstjóri senda endurgreiðsluskrána til innheimtumanns ríkissjóðs til stuðnings kröfu hans um skuldajöfnun móti ógoldnum eftirstöðvum þinggjalda fyrri ára eða til stuðnings kröfu um skuldajöfnun slíkra eftirstöðva milli hjóna, sbr. ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 56. gr. Reynist krafa innheimtumanns ríkissjóðs rétt skal ríkisskattstjóri annast greiðslu skuldajöfnunarkröfunnar. Verði enn inneign hjá gjaldanda skal ríkisskattstjóri senda nýja eftirstöðvaskrá til innheimtumanna sveitarsjóða þeim til stuðnings við kröfu um skuldajöfnun móti ógoldnum eftirstöðvum sveitarsjóðsgjalda fyrri ára eða til stuðnings kröfu um skuldajöfnun slíkra eftirstöðva milli hjóna, sbr. ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 56. gr. Reynist krafa innheimtumanns sveitarsjóðs rétt skal ríkisskattstjóri annast greiðslu skuldajöfnunarkröfunnar. Verði inneign hjá gjaldanda að svo búnu skal ríkisskattstjóri annast endurgreiðslu á inneign hans.

Við kröfugerð innheimtumanna samkvæmt 2. mgr. skal einungis reikna dráttarvexti til loka næsta árs á undan endurgreiðslu. Endurgreiðsla sem ríkisskattstjóri skal annast samkvæmt síðasta málsl. 2. mgr. skal greidd ásamt einum tólfta ($^1/_{12}$) hluta ársvaxta af innlánum á

almennum sparisjóðsbókum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar á endurgreiðsluári.

51. gr.

Að lokinni gerð innheimtuskráa, sbr. 49. gr., skal ríkisskattstjóri ákveða greiðslustöðu rétthafa þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 10. gr. með hliðsjón af bráðabirgðagreiðslum til þessara aðila samkvæmt 46. gr. Að því loknu skal hann greiða þeim það innheimtufé sem þeir eiga tilkall til eða krefja þá um það innheimtufé sem þeim ber að standa skil á.

IX KAFLI

Um innheimtu og ábyrgð

52. gr.

Þinggjöld samkvæmt innheimtuskrá, sem gerð er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., renna til rétthafa þeirra skatta og gjalda sem í skránni greinir og hafa lögreglustjórar eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, á hendi innheimtu þeirra.

Nú er þinggjöldum breytt til hækkunar samkvæmt ákvæðum 97. gr., sbr. 96. gr., 99. gr., 100. gr. og 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að hafa á hendi innheimtu þessara hækkana og standa skil á þeim til rétthafa þeirra. Nú er þinggjöldum breytt til lækkunar samkvæmt greindum ákvæðum og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að annast endurgreiðslu.

53. gr.

Sveitarsjóðsgjöld samkvæmt innheimtuskrá, sem gerð er samkvæmt 3. mgr. 49. gr., renna til viðkomandi sveitarsjóðs og hafa innheimtumenn sveitarsjóða eða gjaldheimtur, sbr. lög nr. 68/1962, á hendi innheimtu þeirra.

Nú er sveitarsjóðsgjöldum breytt til hækkunar samkvæmt ákvæðum 97. gr., sbr. 96. gr., 99. gr., 100. gr. og 101. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að hafa á hendi innheimtu þessara hækkana. Nú er sveitarsjóðsgjöldum breytt til lækkunar samkvæmt greindum ákvæðum og ber þá innheimtumanni, sbr. 1. mgr., að annast endurgreiðslu.

54. gr.

Gjalddagi þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda, sem um ræðir í 1. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 53. gr., skal vera 1. dagur næsta mánaðar eftir gerð innheimtuskráa samkvæmt 49. gr.

Gjalddagi þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda, sem um ræðir í 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 53. gr., skal vera 1. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar um breytingu gjaldanna.

Áfrýjun skatt- eða gjaldaákvörðunar eða deila um skatt- eða gjaldskyldu frestar hvorki gjalddaga þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu. Víkja má frá ákvæði þessu að ákvörðun ríkisskattstjóra ef sérstaklega stendur á.

55. gr.

Séu þinggjöld eða sveitarsjóðsgjöld ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú er þinggjöldum eða sveitarsjóðsgjöldum breytt til lækkunar, sbr. 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 53. gr., og í ljós kemur að gjaldandi hefur greitt meira en honum bar og skal þá endurgreiða honum það sem ofgreitt var ásamt 1½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

56. gr.

Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr. og 1. mgr. 63. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda sem á þau eru lögð og getur innheimtumaður krafið hvort um sig um greiðslu á þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum þeirra beggja. Sama gildir um ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda hjá karli og konu sem búa saman í óvígðri sambúð og veitt hefur verið heimild til að njóta sömu skattalegra réttinda og hjónum sem samvistum eru, sbr. 3. mgr. 63. gr. greindra laga. Þeir sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna bera ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þeirra. Eigendur sameignarfélags sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þess. Erfingjar í dánarbúi sem skipt er einkaskiptum bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda hins látna og dánarbúsins. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, bera óskipta ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þessara lögaðila.

Þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- og dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda þeirra. Þeir sem greiða aðilum sem ekki eru heimilisfastir hér á landi gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur, sem um er rætt í 1., 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, bera ábyrgð á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda viðtakenda þessara greiðslna.

Óheimilt er að slíta félagi fyrr en öll þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld hafa verið greidd að fullu fyrir allan starfstíma þess.

Gera má lögtak hjá þeim sem ábyrgð ber á þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum til tryggingar þeim þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

Fjármálaráðherra er heimilt að krefjast þess að aðilar sem um ræðir í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt setji tryggingu fyrir væntanlegum þinggjöldum sínum og sveitarsjóðsgjöldum, svo og fyrir greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir, sbr. 2. mgr.

X KAFLI

Ýmis ákvæði

57. gr.

Allar tilkynningar, skilagreinar og skýrslur sem gera skal samkvæmt lögum þessum skal hlutaðeigandi aðili láta í té ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Launagreiðendur skulu annast allar skyldur sínar samkvæmt lögum þessum án endurgjalds.

58. gr.

Verði um að ræða verulegar almennar launabreytingar á staðgreiðsluárinu hefur fjármálaráðherra heimild til að breyta vísitölu staðgreiðsluársins, sbr. 3. mgr. 15. gr., vegna þessa á sjálfu staðgreiðsluárinu.

59. gr.

Taki gildi á staðgreiðsluárinu lög sem falla innan ákvæða 2. gr. eða fjármálaráðherra beitir heimild sinni samkvæmt 58. gr. ber ríkisskattstjóra að gera nýjar skatttöflur fyrir launagreiðendur, sbr. 15. gr.

60. gr.

Lög þessi koma eigi til framkvæmda fyrr en Alþingi hefur sett sérstök lög um gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða

Um innheimtu ógoldinna þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda, sem á voru lögð fyrir gildistöku þessara laga, skulu gilda innheimtuákvæði laga nr. 75 14. september 1981 um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum, svo og innheimtuákvæði þeirra annarra laga sem um ræðir í 10. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem hér er lagt fyrir Alþingi, var boðað í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsen frá 8. febrúar 1980 og í stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi hinn 23. október 1980.

Gildissvið staðgreiðslu. Með frumvarpi þessu er lagt til að upp verði tekin staðgreiðsla þeirra opinberra gjalda sem best falla að slíku kerfi. Til þess að skattur falli vel að staðgreiðslu þarf annað hvort að liggja ljóst fyrir jafnharðan og skattstofninn myndast hver endanleg gjöld verði á hann lögð, eins og t. d. er um launatengd gjöld, eða a. m. k. verður að vera unnt að áætla það að gefnum vissum líklegum forsendum eins og t. d. er um tekjuskatta af launatekjum og öðrum tekjum sem vænta má að streymi nokkuð reglulega til móttakanda.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að staðgreiðslan nái til tekjuskatts, útsvars, kirkjugarðsgjalds og sóknargjalds, hér gefið samnefnið „tekjuskattar", af ákveðnum hluta skattskyldra tekna manna, svo og til greiðslu launatengdra gjalda hjá launagreiðendum.

Hins vegar er gert ráð fyrir að utan kerfisins falli þeir skattar sem tæknilega erfitt er að ákveða staðgreiðslu vegna og líklegt er að skapa mundu vandræði við framkvæmd staðgreiðslunnar, svo sem tekjuskattur félaga, eignarskattur bæði manna og félaga, vissir tekjuþættir manna til tekjuskatta, aðstöðugjald o. fl.

Staðgreiðsluaðferð. Ákvörðun staðgreiðslufjárhæðar er engum örðugleikum háð varðandi þau gjöld sem endanlega liggja fyrir jafnharðan og skattstofninn myndast. Staðgreiðsla launatengdra gjalda felst einfaldlega í því að launagreiðendum er gert að skila lögboðnum gjöldum og sköttum af launagreiðslum sínum innan tiltölulega skamms tíma frá því að launagreiðslur eiga sér stað.

Varðandi þá tekjuskatta manna sem undir staðgreiðsluna falla er málið ekki eins einfalt. Áætla þarf með einhverjum hætti tekjuskatta af launagreiðslum og öðrum tekjuþáttum jafnóðum og þeir myndast. Þar sem tekjuskattar eru lagðir á að loknu tekjutímabilinu eftir stighækkandi skattstiga er ljóst að slík áætlun er ekki auðveld.

Með öðrum þjóðum hafa ýmsar aðferðir verið reyndar til að framkvæma þessa áætlun. Nákvæmasta niðurstöðu gefur hin svonefnda „samsöfnunarregla" en hún hentar ekki við aðstæður hér á landi þar sem byggt er á kerfi stighækkandi tekjuskatts.

Svonefnd „einföld regla" staðgreiðslu er yfirleitt notuð í þeim löndum sem búa við svipað skattkerfi og er hér á landi. Regla þessi hefur verið notuð á tvo mismunandi vegu og er hér lagt til að sú aðferð verði upp tekin sem tíðkast hefur í Vestur-Þýskalandi og Bandaríkjunum. Reglan byggist á skatttöflum og skattkortum eins og nánar er lýst í I kafla hér á eftir.

Stjórn staðgreiðslukerfis. Óhjákvæmilegt er að staðgreiðsla allra þeirra gjalda er frumvarpið tekur til sé undir stjórn eins og sama aðila. Er í frumvarpinu lagt til að yfirstjórn kerfisins verði í höndum ríkisskattstjóra en ekki er gert ráð fyrir breytingu á því hverjir annast álagningu opinberra gjalda eða innheimtu eftirstöðva staðgreiðslugjalda og þeirra gjalda er utan kerfisins falla.

Gildistaka. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, verði það að lögum, að sérstaka ákvörðun Alþingis þurfi til að þau öðlist gildi og komi til framkvæmda. Er þetta nýmæli í íslenskri löggjöf en hefur tíðkast nokkuð með grannþjóðum vorum. Ástæða þessa er sú að á þessu stigi er örðugt að fullyrða með nokkurri vissu hvenær undirbúningi að framkvæmd staðgreiðslu ljúki ef frumvarp þetta verður að lögum en undirbúningstími yrði væntanlega 1—2 ár frá samþykkt frumvarps þessa en óhjákvæmilega þarf staðgreiðsla að hefjast við upphaf almanaksárs. Áður en staðgreiðsla opinberra gjalda kemur til framkvæmda er nauðsynlegt að breyta fjölmörgum ákvæðum laga um þá skatta sem staðgreiðslan á að ná til, svo og ýmsum ákvæðum annarra laga. Þá er nauðsynlegt að setja sérstök lög um hvernig með skuli fara skattlagningu á tekjum manna á síðasta tekjuári áður en staðgreiðsla kemur til framkvæmda.

I Um staðgreiðslu tekjuskatta manna

Staðgreiðsla tekjuskatta manna (sbr. þó 7. tl.) er takmörkuð við tekjuskatta af ákveðnum hluta skattskyldra tekna þeirra eða af þeim hluta skattskyldra tekna þeirra (sbr. þó 7. tl.) er hér greinir:

1. Af endurgjaldi launamanns fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda, þ. e. a. s. af skattskyldum tekjum samkvæmt 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna og skiptir ekki máli í því sambandi hvort launamaðurinn er skattskyldur samkvæmt 1. gr. eða 1. tl. 3. gr. þeirra. Hér með teljast greidd eftirlaun og lífeyrir, svo sem bóta- og lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum, þó ekki sjúkra- og slysadagpeningar, og bóta-, eftirlauna- og lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum, eftirlauna- og tryggingasjóðum eða frá öðrum aðilum og stofnunum.
2. Af endurgjaldi sem manni ber að reikna sér, maka sínum og börnum, innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, vegna starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi mannsins eða af öðrum ástæðum samkvæmt 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna.
3. Af skattskyldum tekjum manna samkvæmt 2. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna en til þeirra teljast allar tryggingabætur (þó ekki eftirlaun og lífeyrir, sbr. 1. tl.), skaðabætur og vátryggingarfé vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og vátryggingarbætur sem ekki eru undanþegnar skattskyldu samkvæmt 2. tl. 28. gr. þeirra. Sem dæmi má nefna atvinnuleysistryggingabætur, sjúkra- og slysadagpeninga frá almannatryggingum og sjúkrasamlögum, greiðslur úr sjúkra- eða styrktarsjóðum stéttarfélaga og frá sérhverjum öðrum sjóðum og stofnunum, þ. m. t. vátryggingarfélög, og endurgreiðslur iðgjalda, t. d. úr lífeyrissjóðum, eftirlauna- og tryggingarsjóðum og frá vátryggingarfélögum. Enn fremur teljast hér með skattskyldir styrkir og styrktarfé, þ. m. t. framfærslustyrkir.

   Hins vegar er ekki ráðgert að skattskyldur hluti meðlaga og framfærslulífeyris falli innan staðgreiðslu tekjuskatta.
4. Af skattskyldum tekjum manna samkvæmt 3. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna en til þeirra telst endurgjald til höfunda og rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu.
5. Af skattskyldum tekjum manna samkvæmt 1. málsl. 4. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna en til þeirra teljast verðlaun og heiðurslaun, vinningar í veðmáli (t. d. veðhlaupum), keppni

(t. d. bingókeppni), í happdrætti og getraunum, sem ekki eru undanþegnir skattskyldu og skiptir eigi máli í hverju þessar tekjur eru fólgnar ef til peninga verður metið.

Hins vegar er ekki ráðgert að skattskyldur hluti gjafa falli innan staðgreiðslu tekjuskatta.

6. Af skattskyldum tekjum erlendis búsettra manna, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 2. tl. 3. gr. skattalaganna, en til þeirra teljast eða gætu talist sams konar eða svipaðar tekjur og um er rætt í 1., 3. og 5. tl. hér að framan.
7. Af skattskyldum tekjum erlendis búsettra *manna, svo og annarra aðila,* sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 3., 6. og 7. tl. 3. gr. skattalaganna, en til þeirra teljast greiðslur fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi (3. tl. 3. gr.), tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum (sbr. t. d. tekjur sem um er rætt í 4. tl. hér að framan) eða sérþekkingu (6. tl. 3. gr.) eða tekjur af íslenskum hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum til hlutdeildar í hagnaði eða af rekstri íslenskra fyrirtækja (7. tl. 3. gr.).

Samkvæmt frv. fer um ákvörðun fjárhæðar staðgreiðslu tekjuskatta manna eftir svonefndri „einfaldri reglu" staðgreiðslu.

Við ákvörðun fjárhæðar staðgreiðslu tekjuskatta manna af tekjum þeim er um ræðir í 1. og 2. tl. hér að framan er heildarfrádrætti og rétti launamanns til barnabóta skipt niður á ákveðin tímabil sem fylgja tímabilum launagreiðslna. Við hverja launagreiðslu heldur launagreiðandi eftir af launamanninum þeim tekjuskatti sem launagreiðslan segir til um (eða endurgreiðir honum barnabætur ef svo ber við). Launamaður fær skattkort (sbr. 11. og 12. gr. frv.) fyrir upphaf hvers staðgreiðsluárs þar sem fram koma þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að ákvarða staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu. Skattkort launamannsins verður í vörslu launagreiðanda hans (sbr. 13. og 14. gr. frv.). Launagreiðandi fær auk þess í hendur skatttöflur (sbr. 15. gr. frv.) þar sem fram koma upphæðir staðgreiðslu sem honum ber að halda eftir af launamanninum eða fjárhæð barnabóta sem honum ber að endurgreiða launamanninum með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram koma á skattkorti launamannsins. Skatttöflurnar eru byggðar upp á ýmsum ákvæðum skattalöggjafar varðandi persónuafslátt og persónufrádrátt og frádrátt frá tekjum, að teknu tilliti til réttar til barnabóta og skuldajöfnunar útsvars, kirkjugarðsgjalds og sóknargjalds. Litið er sjálfstætt til hverrar einstakrar launagreiðslu til launamannsins (sbr. 16. gr. frv.), þ. e. án tillits til fyrri launagreiðslna og staðgreiðslu tekjuskatta hans, en þetta felur í sér í reynd að staðgreiðslan við hverja einstaka launagreiðslu er við það miðuð að launamaðurinn hafi sömu laun á öðrum greiðslutímabilum staðgreiðsluársins. Frá þessu geta þó verið ákveðin frávik (sbr. 17.—19. gr. frv.), t. d. vegna uppgjörs aflahluta og ákvæðisvinnu eða vegna þess að launamaðurinn hefur ekki lagt skattkort sitt inn til vörslu hjá launagreiðandanum (sbr. 20. gr. frv.). Á þessari reglu er byggð staðgreiðsla launamanna í Bandaríkjunum og Vestur-Þýskalandi og hefur reynst vel. Regla þessi er mjög frábrugðin reglum um staðgreiðslu tekjuskatta manna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Í flestum ef ekki nær öllum tilvikum mun skattkort launamanns ekki vera til staðar við greiðslur launagreiðanda á þeim skattskyldum tekjum sem um ræðir í 3.—7. tl. hér að framan. Því má gera ráð fyrir að fjárhæð staðgreiðslu tekjuskatta af þeim tekjum muni nær alfarið verða ákveðinn hundraðshluti þessara tekna (sbr. 21. og 22. gr., sbr. og 23. gr. frv.).

II Um staðgreiðslu launatengdra gjalda

Fjárhæð þeirra launatengdu gjalda sem launagreiðendum bæri að greiða, sbr. 5.—9. tl. 1. gr. frv., er mjög auðvelt að ákvarða, þar sem stofn gjaldanna á að vera þekktur í lok hvers almanaksmánaðar á staðgreiðsluárinu. Auðsæ er fylgni launagreiðslna og launatengdra gjalda. Stofn þessara gjalda liggur ljós fyrir á sama tíma og launastofn við ákvörðun stað-

greiðslu tekjuskatta manna. Af heildarfjárhæð launatengdra gjalda er launaskattur (5. tl. 1. gr. frv.) staðgreiðsluskattur samkvæmt gildandi lögum um launaskatt og hefur undanfarin ár myndað um eða yfir helming þessara gjalda.

III Um skil á staðgreiðslu

Samkvæmt frv. mun launagreiðandi standa skil á því fé sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir sem staðgreiðslu tekjuskatta launamannsins, svo og standa skil á eigin greiðslum launatengdra gjalda með greiðslu í banka, sparisjóði eða póststöð sem innborgun á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Staðgreiðsla opinberra gjalda sem slík mun ekki annast neina aðra innheimtu opinberra gjalda en þann hluta þeirra sem fellur innan gildissviðs staðgreiðslunnar skv. I kafla frv.

Innheimta þeirra opinberu gjalda, sbr. 10. gr. frv., sem eru utan gildissviðs staðgreiðslunnar, svo og innheimta mismuna sem myndast sem viðbótarinnheimta milli staðgreiddra tekjuskatta manna og launatengdra gjalda launagreiðanda við álagningu þeirra, verður alfarið í höndum sömu aðila og nú annast innheimtu opinberra gjalda, sbr. VIII kafla frv. Ljóst má vera af ákvæðum þessa kafla frv. að innheimtumenn opinberra gjalda munu ekki hafa heimild til kröfugerðar á hendur launagreiðendum fyrir vangoldnum tekjusköttum eða öðrum opinberum gjöldum launamanna í þjónustu þeirra, enda hafi launagreiðandinn framfylgt öllum ákvæðum frv. þessa um staðgreiðslu tekjuskatta launamannsins.

Frumvarp þetta er í höfuðatriðum samið með hliðsjón af gildandi ákvæðum þeirra laga sem vitnað er til í 1.—9. tl. 1. gr. frv., svo og 10. gr. þess, að undanteknum ákvæðum þessara laga um innheimtu skatta og gjalda sem alfarið eru felld inn í frv. þetta. Meginfrávik frá gildandi lögum sem fram koma í þessu frv. eru þess efnis að

1. gert er ráð fyrir því að ríkisskattstjóri annist gerð innheimtuskráa fyrir innheimtumenn ríkissjóðs og sveitarsjóða svo og fyrir félagsmálaráðuneytið, sbr. VIII kafla frv.,
2. gert er ráð fyrir því að svonefndum ónýttum persónuafslætti megi ráðstafa til greiðslu sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds manna, sbr. 2. mgr. 11. gr. frv. auk gildandi ákvæða skattalaganna um ráðstöfun hans, og
3. gert er ráð fyrir því að ákvæðum laga nr. 36/1948 um sóknargjöld verði breytt á þann veg að sóknargjald reiknist sem hundraðshluti af álögðum útsvörum, sbr. 4. tl. 1. gr. frv. Sem „nefskattur" samkvæmt gildandi ákvæðum laga um sóknargjöld getur gjaldið ekki fallið innan gildissviðs staðgreiðslu.

Ljóst má vera að áður en sérstök lög um gildistöku þessa frv. sem laga, sbr. 60. gr., eru sett, eða jafnframt setningu þeirra, er óhjákvæmilegt að breyta mjög mörgum atriðum í þeim lögum sem um er rætt í 10. gr. frv. Þar má sérstaklega nefna nauðsynlegar breytingar á skatt- og gjaldstigum þessara laga að því er varðar þann hluta þeirra sem fellur innan gildissviðs staðgreiðslunnar, sbr. 1.—9. tl. 1. gr. Enn fremur má nefna að nauðsynlegt verður að setja ákvæði um hvernig með skuli fara um greiðslu tekjuskatta manna af þeim tekjuþáttum sem falla utan gildissviðs staðgreiðslunnar því að augljóst er að þessar greiðslur verða að taka breytingum með hliðsjón af því að þær eru greiddar á álagningarári en ekki á staðgreiðsluári. Svo og samræmingu á hugtakinu „laun" eða „launagreiðslur" í þeim lögum sem um er að ræða, sbr. 5.—9. tl. 1. gr.

Enn fremur er nauðsyn á sérstakri löggjöf um hvernig með skuli fara þann hluta álagningar og innheimtu þeirra opinberu gjalda sem falla innan gildissviðs staðgreiðslunnar sem samkvæmt ákvæðum gildandi laga ætti fram að fara á sama ári og staðgreiðsla þessara opinberu gjalda tæki gildi.

Svo og mun reynast óhjákvæmilegt að breyta ýmsum ákvæðum annarra laga svo sem laga um almannatryggingar og laga um ýmsa lífeyrissjóði, vegna ákvæða þeirra laga þess

efnis að ekki sé heimilt að innheimta opinber gjöld af bóta- og lífeyrisgreiðslum þessara aðila. Æskilegt væri að sú breyting yrði gerð á ákvæðum laga um iðgjöld til atvinnuleysistrygginga að þau miðuðust við ákveðinn hundraðshluta af launum í stað ákveðins vikugjalds, svo og, ef fært þætti, að breyta lögum um lögheimili og þjóðskrá og almannaskráningu þannig að viðmiðun heimilisfesti yrði 1. nóv. í stað 1. des., til þess að veita frekara svigrúm til útgáfu skattkorta, sbr. 2. mgr. 11. gr. frv.

Af framangreindu er ljóst að utan gildissviðs staðgreiðslu skv. I kafla frv. verða eftirtalin gjöld:

1. Tekjuskattar manna að því er tekur til
   a. skattskyldra meðlaga og framfærslulífeyris (sbr. 2. mgr. 3. tl. I) og gjafa (sbr. 2. mgr. 5. tl. I),
   b. skattskyldra tekna af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi samkvæmt B-lið 7. gr. skattalaganna, sem eru umfram reiknað endurgjald (sbr. 2. tl. I),
   c. skattskyldra tekna samkvæmt C-lið 7. gr. skattalaganna og
   d. skattskyldra tekna samkvæmt 4., 5. og 8. tl. 3. gr. skattalaganna.
2. Tekjuskattar annarra aðila en manna af öllum skattskyldum tekjum hverju nafni sem nefnast samkvæmt ákvæðum skattalaganna, þó að undanteknum skattskyldum tekjum samkvæmt 3., 6. og 7. tl. 3. gr. skattalaganna (sbr. 7. tl. I).
3. Öll önnur opinber gjöld manna og annarra aðila en tekjuskattar manna og launatengd gjöld launagreiðenda, sbr. 10. gr. frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I KAFLI

Um 1. og 2. gr.

Hér eru taldir upp í 9 töluliðum þeir skattar og gjöld sem staðgreiða ber og falla því innan gildissviðs staðgreiðslu opinberra gjalda.

Sköttum og gjöldum samkvæmt 1.—4. tl. má gefa samnefnið „tekjuskattar" þar sem grunnur þeirra er í reynd byggður á skattskyldum tekjum (1. tl.) og útsvarsskyldum tekjum (2.—4. tl.).

Sköttum og gjöldum samkvæmt 5.—9. tl. má gefa samnefnið „launatengd gjöld" þar sem grunnur þeirra er byggður á launagreiðslum launagreiðenda þótt í mismunandi mæli sé hvaða laun eða hluti launa séu skatt- eða gjaldskyld.

Um 2.—4. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

II KAFLI

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er skilgreint hverjir teljast launamenn samkvæmt frv., sbr. nánar í athugasemdum um 7. gr.

Um 7. gr.

Staðgreiðsla fyrir hönd launamanns, sem launagreiðandi skal sjá um, skiptist í meginatriðum í fjóra þætti.

Samkvæmt 1. mgr. er um að ræða launamann sem fær endurgjald fyrir starfa sem hann innir af hendi á ábyrgð eða á vegum launagreiðanda og skattskylt er hjá launamanninum samkvæmt 1. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna. Samkvæmt úrvinnslu framtala ársins 1981 má ætla að fjöldi launamanna nemi rúmum 133 þús. Af þessum fjölda eru tæplega 9 þús. börn innan 16 ára aldurs, rúm 13 þús. sem jafnframt því að vera launamenn hafa tekjur af reiknuðu endurgjaldi vegna atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, rúm 11 þús. sem jafnframt njóta elli- eða örorkulífeyris og tæp 9 þús. sem jafnframt njóta eftirlauna. Sem launamenn teljast að auki um 12 þús. menn sem njóta elli- og örorkulífeyris og eftirlauna, án þess að þeir afli launatekna. Enn fremur teljast hér með að auki 2—3 þús. menn, sem launamenn, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. tl. 3. gr. skattalaganna. Innan ramma þessarar málsgreinar má því ætla að til hefðu fallið 147—148 þús. framteljendur sem launamenn á einn eða annan hátt á tekjuárinu 1980.

Samkvæmt 2. mgr. er um að ræða endurgjald sem manni ber að reikna sér, maka sínum eða barni innan 16 ára aldurs, vegna starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi samkvæmt 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna. Samkvæmt úrvinnslu framtala 1981 var fjöldi þeirra manna einna sér eða ásamt mökum sínum sem höfðu með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á tekjuárinu 1980 rúmlega 19 þús. Af þessum fjölda eru taldir með sem launamenn samkvæmt 1. mgr. rúmlega 13 þús. Áætla má því að sem launamenn samkvæmt þessari málsgrein hefðu fallið til um 6 þús., auk tæplega 1 þús. barna innan 16 ára, á tekjuárinu 1980.

Samkvæmt 3. mgr. er um að ræða menn sem hafa skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 2. og 3. tl., svo og 1. málsl. 4. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna. Launamenn í þessu sambandi teljast allir þeir sem fá greiddar skattskyldar tryggingabætur (aðrar en eftirlaun og lífeyri), styrki, skaðabætur og vátryggingabætur, sbr. greindan 2. tl., eða fá greitt endurgjald fyrir afnot eða sölu hvers konar hugverka, bókmennta og lista eða listaverka, sbr. greindan 3. tl., svo og þeir sem hljóta verðlaun, heiðurslaun eða skattskylda vinninga í happdrætti, veðmáli eða keppni, sbr. greindan 1. málsl. 4. tl.

Samkvæmt 4. mgr. er um að ræða aðila sem fá greiðslu eða móttaka verðmæti sem skattskyld eru samkvæmt 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. skattalaganna.

Áætla má að fjöldi manna, sbr. 1., 2. og 3. mgr., og aðila, sbr. 4. mgr., sem hefðu fallið innan ramma þessarar greinar sem launamenn á tekjuárinu 1980 nemi 156—158 þús.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Þó má geta þess að áætla má að fjöldi launagreiðenda verði á bilinu 16—18 þús. Er þá tekið mið af úrvinnslu launaframtala 1981 vegna greiddra launa á árinu 1980.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Eins og fram kemur í 1.—4. tl. 1. gr. nær staðgreiðsla tekjuskatta manna til ákveðins hluta skattskyldra tekna þeirra, en staðgreiðsla launatengdra gjalda skv. 5.—9. tl. 1. gr. nær hins vegar til þessara gjalda í heild. Samkvæmt 5. gr. er staðgreiðslan eingöngu bráðabirgðagreiðsla þessara skatta og gjalda á sjálfu tekjuárinu (staðgreiðsluárinu).

Að tekjuári loknu þarf fram að fara ákvörðun og álagning þeirra skatta og gjalda sem hér um ræðir. Í síðustu málsgrein er þó gert ráð fyrir því að ekki fari fram álagning og

ákvörðun tekjuskatta þar greindra aðila heldur verði tekjuskattsgreiðsla, ákvörðuð samkvæmt 2. tl. 71. gr. skattalaganna, endanleg ákvörðun tekjuskatta þeirra.

Um nánari skýringar á þessari grein vísast til skýringa við VIII kafla frv.

III KAFLI

Um 11. gr.

Gerð skattkorta og útsendingu þeirra til launamanna þarf að vera lokið fyrir upphaf staðgreiðsluárs til þess að launamaðurinn hafi skattkort sitt handbært til afhendingar hjá launagreiðanda sínum strax við upphaf þess. Til þess að unnt sé að ná þessu tímamarki verður að byggja á frumgerð þjóðskrár hinn 1. des. þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Frá gerð þjóðskrár til loka ársins má vænta ýmissa breytinga á fjölskyldum sumra launamanna vegna giftingar, skilnaðar, barnsfæðinga eða dauðsfalla. Í 3. mgr. er rætt um hvernig þessum leiðréttingum verði fyrir komið þannig að skattkort launamannsins beri með sér réttar upplýsingar um fjölskyldu hans við lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Á sjálfu staðgreiðsluárinu verður hins vegar engin breyting gerð á skattkorti launamannsins vegna breytinga á fjölskyldu hans á því ári. Fæðing barns á staðgreiðsluárinu myndi því ekki veita launamanni rétt til barnabóta vegna barnsins á staðgreiðsluárinu sjálfu. Aftur á móti mun hann fá barnabætur greiddar fyrir barnið á því ári sem það verður 16 ára.

Útgáfa á ígildi skattkorta, sbr. 4. málsl. 2. mgr. þessarar greinar frv., er nauðsynleg þar sem til greina getur komið að sumar tegundir tekna sem skattskyldar eru samkvæmt 2., 3., 6. og 7. tl. 3. gr. skattalaganna muni ekki verða skattskyldar hér á landi eða skattskyldar með öðrum hundraðshluta en ákvarðaður verður í 2. og 3. tl. 71. gr. skattalaganna vegna ákvæða í samningum sem gerðir hafa verið við önnur lönd til þess að koma í veg fyrir tvísköttun tekna og eigna.

Um 12. gr.

Við gerð skatttaflna, sbr. 2. mgr. 15. gr. frv., verður reiknað með svonefndum fastafrádrætti, sbr. 2. mgr. 30. gr. skattalaganna. Sumir launamenn gætu talið sig eiga rétt til hærri frádráttar en umrædds fastafrádráttar fyrst og fremst vegna vaxtabyrði þeirra og greiddrar húsaleigu á staðgreiðsluárinu. Í þessari grein eru því ákvæði er heimila að sækja um og veita frávik frá fastafrádrætti með viðbótarfrádrætti fyrir þá launamenn sem af þessum ástæðum sæta sannanlega hærri staðgreiðslu samkvæmt skatttöflum en eðlilegt má teljast.

Um 13. og 14. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Gerð skatttaflna og útsendingu þeirra til launagreiðenda þarf að vera lokið fyrir upphaf staðgreiðsluárs svo að þær séu handbærar fyrir lok fyrsta greiðslutímabils á staðgreiðsluári.

Skatttöflurnar myndu byggja á ákvæðum þeirra laga sem um ræðir í 1.—4. tl. 1. gr., sbr. 2. gr. frv. eftir því sem við á, þ. e. um tekjuskatta, þó með ákveðnum frávikum að því er varðar útsvar, kirkjugarðsgjald og sóknargjald. Við athugun á álagningu útsvara á gjaldárinu 1981 kemur í ljós að 147 sveitarfélög af 224, eða 65,6% þeirra, notuðu álagningarhundraðshlutana 11%, 11,5%, 11,55%, 11,88%, 12% og 12,1%. Þessir álagningarhundraðshlutar náðu til 126 918 útsvarsgjaldenda af 135 275, eða til 93,8% af fjölda þeirra, og til

95,83% af fjárhæð álagðra útsvara á gjaldárinu 1981, eða til 810 856,3 þús. nýkr. af heildarálagningu sem nam 846 163 þús. nýkr. Til þess að unnt sé að komast af með eina skatttöflu fyrir hvern einstakan fjölskyldukjarna og hvert einstakt greiðslutímabil er ráðgert að í skatttöflum verði ávallt reiknað með hámarkshundraðshluta af útsvarsskyldum tekjum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga sem er 11% að óbreyttum þeim lögum. Til þess að ná því markmiði að nota sem fæstar skatttöflur og haga staðgreiðslu launamanns á sem einfaldastan hátt er gert ráð fyrir að í skatttöflum verði notað sama álag á útsvör við ákvörðun á staðgreiðslu kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda og beitt er við álagningu þessara gjalda í Reykjavík á því álagningarári sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

Skatttöflur þyrftu að vera a. m. k. tvær fyrir hvert einstakt greiðslutímabil, annars vegar tafla fyrir einstaklinga með eða án barna, en til einstaklinga í þessu sambandi telst hvort hjóna um sig, og hins vegar tafla fyrir einstaklinga, með eða án barna, sem leggja skattkort maka sinna inn til launagreiðenda sinna.

Um 16.—19. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Þó skal vakin athygli á því að ráðgert er samkvæmt ákvæðum síðari málsliðar 2. mgr. að bótagreiðslur samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar sæti lægri hundraðshluta staðgreiðslu af bótagreiðslum en launatekjur þegar skattkorti launamanns er eigi skilað til vörslu hjá launagreiðanda. Í 3. mgr. er ráðgert að ákvarðaður verði ákveðinn hundraðshluti af launum barna sem halda skal eftir sem staðgreiðslu. Hundraðshlutar þeir sem um yrði að ræða samkvæmt síðari málslið 2. mgr. og 3. mgr. er ráðgert að ákvarðaðir verði í sérstökum lögum um gildistöku laga samkvæmt frv. þessu.

Um 21. gr.

Hér er um að ræða þá launamenn sem um ræðir í 3. mgr. 7. gr., sbr. 4. mgr. athugasemda við 7. gr. Gera má ráð fyrir að skattkort þessara launamanna séu yfirleitt bundin hjá öðrum launagreiðanda en þeim er hér um ræðir. Rétt virðist þó að hafa hundraðshluta staðgreiðslu af þessum greiðslum eða af afhendingu verðmæta lægri en af þeim launagreiðslum sem hámarkshundraðshluta ber að reikna af. Ráðgert er að hundraðshlutar þessir, sbr. 2. og 3. mgr. þessarar greinar frv., verði ákvarðaðir í sérstökum lögum um gildistöku laga samkvæmt frv. þessu.

Um 22.—24. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 25.—28. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

IV KAFLI

Um 29. gr.

Hér kemur tvímælalaust fram að launagreiðendur skuli ótilkvaddir greiða það fé sem þeir hafa haldið eftir eða bar að halda eftir af launum launamanna þeirra. Nýmæli þessarar greinar er það að launagreiðandi skal standa skil á greiðsluskyldri fjárhæð í banka, sparisjóði

eða póststöð sem innborgun á sérstakan reikning ríkissjóðs vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Seðlabanka Íslands. Enn fremur hefur hann rétt til að velja milli þessara aðila og skattstjóra er hann skilar skilagrein sinni.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 31. gr.

Í þessari grein frv. er að finna ákvæði um ábyrgð launagreiðanda annars vegar og ábyrgð launamanns hins vegar.

Um 32. gr.

Hér kemur tvímælalaust fram að launagreiðendur skuli ótilkvaddir greiða það fé sem þeim ber að reikna út samkvæmt 28. gr. frv., en það eru skil á launatengdum gjöldum þeirra, sbr. 5.—9. tl. 1. gr. frv.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Til þess að leggja áherslu á að nauðsynlegt sé að þeir aðilar sem taka á móti greiðsluskyldum fjárhæðum og skilagreinum hraði skilum eru þeim sett ákveðin skilamörk.

V KAFLI

Um 35. — 40. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa. Þær fjalla um stjórnun staðgreiðslu, þ. e. a. s. um það hver hafi á hendi framkvæmd staðgreiðslunnar, um verkefni og skyldur ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og skattstjóra. Svo og um skyldur aðila til að veita upplýsingar o. fl. í sambandi við framkvæmd staðgreiðslunnar. Enn fremur heimild til handa fjármálaráðherra til setningar reglna um sérstakt launabókhald.

Um 41. og 42. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa. Þó skal vakin athygli á mismun á beitingu álags samkvæmt 41. og 42. gr., eftir því hvort um er að ræða álag vegna vanskila á skilafé, sbr. 41. gr., eða drátt á greiðslum, sbr. 42. gr. Í fyrra tilvikinu er um að ræða skil á fjármunum sem launagreiðandi hefur fengið greidda (þ. e. a. s. bar að halda eftir) frá launamanni en í síðara tilvikinu er um að ræða greiðslur eigin gjalda.

Um 43. gr.

Grein þessi fjallar um hverjir skuli innheimta vanskilafé og álag samkvæmt 41. gr. og 42. gr., svo og sektir samkvæmt 44. gr. og 45. gr. Í þessari grein frv. er að finna ákvæði um lögtaksrétt vegna vanskilafjár, álags og sekta, svo og um að skilafé og álag samkvæmt 41. gr. frv. skuli vera utan skuldaraðar í þrotabúum og skuldafrágöngubúum. Enn fremur eru ákvæði um heimild til stöðvunar á atvinnurekstri launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé og álagi samkvæmt 41. gr.

Um 44. og 45. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

VII KAFLI

Um 46. gr.

Ákvæði þessarar greinar frv. fjalla um skiptingu á fé, sem innheimt hefur verið sem bráðabirgðagreiðsla á staðgreiðsluári, til rétthafa þeirra skatta og gjalda sem um ræðir í 1. gr., sbr. 2. gr.

Skil tekjuskatta manna, sbr. 1.—4. tl. 1. gr., koma fram sem ósundurliðuð heildarstaðgreiðsla opinberra gjalda á skilagreinum launagreiðenda og þarf því að áætla skiptingu þeirra milli rétthafa.

Álagningu þinggjalda og sveitarsjóðagjalda á menn á gjaldárinu 1981 er lokið en hins vegar er ólokið álagningu skatta og gjalda lögaðila. Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir eru því einungis um fjárhæðir álagningar á menn samkvæmt álagningarskrám 1981 en skattskrár 1981 er enn engar fyrir hendi og verða ekki fyrr en í fyrsta lagi í desembermánuði 1981. Það er því óraunhæft að fjalla um álagningu 1981 í sambandi við skiptingu tekjuskatta til rétthafa. Hins vegar liggur nú fyrir álagning þinggjalda og sveitarsjóðagjalda samkvæmt skattskrám 1980. Fjárhæð álagðra tekjuskatta manna og barna samkvæmt skattskrám 1980 (að viðbættri áætlun fyrir kirkjugarðsgjöldum og sóknargjöldum sem ekki voru innheimt með þinggjöldum og því ekki birt í skattskrá) nam 116 218 m. gkr. Þegar tillit hefur verið tekið til greiðslu barnabóta (14 768 m. gkr.), þátttöku ríkissjóðs í greiðslu útsvara (3 777 m. gkr.) og áætlaðrar þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda, miðað við að ákvæði um þátttöku hans hefðu verið í gildi á gjaldárinu 1980 (230 m. gkr.), hefði skipting tekjuskattanna orðið þessi: Tekjuskattur til ríkissjóðs 41 801 m. gkr., útsvör til sveitarsjóða 53 593 m. gkr., kirkjugarðsgjöld 1 065 m. gkr. og sóknargjöld 984 m. gkr.

Miðað við ákvæði þessa frv. munu staðgreiddir tekjuskattar manna ekki ná til allra skattskyldra tekna manna. Hefði staðgreiðsla tekjuskatta samkvæmt ákvæðum þessa frv. verið við lýði á tekjuárinu 1979 (álagningarár 1980) þyrfti að lækka framangreinda fjárhæð álagðra tekjuskatta samkvæmt skattskrá 1980 að hámarki um 8 600 m. gkr. til þess að áætla staðgreidda tekjuskatta, sem þá hefðu numið 107 618 m. gkr. á tekjuárinu (staðgreiðsluárinu) 1979, þó að frádreginni ráðstöfun tekjuskatts til greiðslu barnabóta, útsvars, kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda.

Skipting launatengdra gjalda, sbr. 5.—9. tl. 1. gr., mun koma fram á skilagreinum launagreiðenda og því auðvelt að ákvarða rétta fjárhæð rétthafa. Samkvæmt skattskrá 1980 námu launatengd gjöld 14 064 m. gkr. en að meðtöldum staðgreiddum launaskatti á árinu 1979 (10 655 m. gkr.) var heildarfjárhæð þeirra 24 719 m. gkr. Þess ber þó að gæta að iðgjöld samkvæmt 9. tl. 1. gr. voru ekki álögð á gjaldárinu 1980 og eru því ekki innifalin í þessari fjárhæð.

Á árinu 1980 nam álagning og ákvörðun þeirra opinberu gjalda sem um er að ræða samkvæmt 10. gr. frv. 175 575 m. gkr. (þ. m. t. staðgreiddur launaskattur fyrir tímabilið 1. október 1979 til 30. september 1980 og áætluð fjárhæð þeirra kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda sem ekki voru innheimt með þinggjöldum). Þá nam ákvarðað sölugjald af viðskiptum frá 1. desember 1979 til nóvemberloka 1980 136 150 m. gkr. og álagning tímabundinna eða tilfallandi skatta og gjalda, þ. e. sjúkratryggingagjalds, sérstaks skatts af verslunar- og skrifstofuhúsnæði og slysatryggingaiðgjalds vegna heimilisstarfa 9 584 m. gkr. Heildarálagning og ákvörðun skatta og gjalda á árinu 1980 nam því 321 309 m. gkr. Á árinu 1980 nam kostnaður við álagningu og ákvörðun þessara skatta og gjalda 2 575 m. gkr. eða rúmlega 0,8%. Meginhluti þessa kostnaðar stafar af framkvæmd álagningar og ákvörðunar þeirra þinggjalda og sveitarsjóðagjalda sem um er að ræða samkvæmt 10. gr. frv. og mætti áætla hann 1,2% af þeirri álagningu eða 2 107 m. gkr. en 416 m. gkr. fælust þá í kostnaði við ákvörðun sölugjalds og álagningu tímabundinna gjalda.

Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds er kostnaður hjá sýslumönnum og bæjarfógetum

vegna innheimtu þinggjalda og launaskatts á árinu 1980 áætlaður 1 188 m. gkr. eða 1,98% af innheimtu ársins sem nam 60 081 m. gkr. Að viðbættum áætluðum kostnaði hjá ríkisbókhaldi og ráðuneytum er áætlað að þessi kostnaður í heild nemi 1 328 m. gkr. eða 2,21% af innheimtu ársins.

Samkvæmt reikningum Gjaldheimtunnar í Reykjavík nam rekstrarkostnaður hennar 747,8 m. gkr. á árinu 1980 og er þá kostnaður við viðbyggingu Tryggvagötu 28 meðtalinn (5,0 m. gkr.). Frá þessum kostnaði er dreginn „innheimtur kostnaður" (aðallega fógetakostnaður) sem nam rúmlega 72,3 m. gkr. og vaxtatekjur sem námu rúmlega 37,3 m. gkr. eða í heild 109,7 m. gkr. Eftirstöðvum rekstrarkostnaðar eða 638,1 m. gkr. er að því loknu skipt í

6% innheimtuþóknun kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda	57,3 m. gkr.
0,83% innheimtukostnað ríkissjóðs	290,8 m. gkr.
0,85% innheimtukostnað Reykjavíkurborgar	290,0 m. gkr.
Heild:	638,1 m. gkr.

sem að meðaltali, miðað við heildarinnheimtu, nemur tæpu 0,91%, en miðað við „þinggjöld" rúmlega 0,96%. Engar upplýsingar liggja fyrir um innheimtukostnað sveitarsjóðagjalda á árinu 1980, að undanteknum innheimtukostnaði gjaldheimtanna í Reykjavík og á Seltjarnarnesi. Að meðaltali þykir mega áætla að kostnaður við innheimtu þinggjalda og sveitarsjóðagjalda nemi allt að 1,8%.

VIII KAFLI

Um 47. gr.

Í 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði þess efnis að skattstjórar skuli ákveða tekjuskatt og eignarskatt. Rétt þykir að mæla svo fyrir í þessu frv. að skattstjórar skuli einnig annast ákvörðun þeirra annarra skatta og gjalda sem um er rætt í 10. gr.

Um 48. og 49. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa. Þó skal vakin athygli á því að ráðgerð er skuldajöfnun milli hjóna, sbr. 1. mgr. 49. gr.

Um 50. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um ráðstöfun á eftirstöðvum af staðgreiðslu sem í ljós koma við ákvörðun greiðslustöðu gjaldenda, sbr. 2. mgr. 48. gr., þ. e. a. s. ef í ljós kemur að innborguð staðgreiðsla gjaldenda er hærri en álögð gjöld þeirra samkvæmt álagningarskrá.

Áður en til endurgreiðslu kemur til gjaldandans sjálfs er gert ráð fyrir skuldajöfnun milli hjóna, sbr. 1. mgr. 49. gr. Enn fremur þykir rétt að heimila innheimtumönnum þinggjalda og sveitarsjóðagjalda skuldajöfnun hjá gjaldanda á móti ógoldnum eftirstöðvum gjalda hans frá fyrri árum ef þær eru fyrir hendi. Enn fremur að heimiluð verði slík skuldajöfnun eftirstöðva gjaldanna milli hjóna. Telja verður að skuldajöfnun milli hjóna sé eðlileg, m. a. vegna ákvæða um millifærslu á ónýttum persónuafslætti milli hjóna sem getur valdið vangreiðslu á staðgreiðslu annars hjóna og ofgreiðslu á staðgreiðslu hins, svo og vegna ráðstöfunar barnabóta, sérstaklega þegar annað hjóna er tekjulaust og skattkort beggja liggja inni hjá launagreiðanda þess sem hefur tekjur, sbr. 14. gr.

Um. 51. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

IX KAFLI

Um 52.—55. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um ábyrgðir á greiðslu þinggjalda og sveitarsjóðagjalda. Þrátt fyrir ákvæði skattalaganna um sérsköttun hjóna þykir verða að halda ákvæðum um óskipta ábyrgð hjóna á greiðslum þinggjalda og sveitarsjóðagjalda sem á þau eru lögð. Í þessu sambandi vísast til athugasemda við 50. gr.

X KAFLI

Um 57.—59. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 60. gr.

Gert er ráð fyrir að sett verði sérstök lög um gildistöku verði frumvarp þetta að lögum.

Ljóst má vera að áður en sérstök lög um gildistöku eru sett, eða jafnframt setningu þeirra, er óhjákvæmilegt að breyta mjög mörgum atriðum í þeim lögum sem um er rætt í 10. gr. frv. Þar má sérstaklega nefna nauðsynlegar breytingar á skatt- og gjaldstigum þeirra laga að því er varðar þann hluta þeirra sem fellur innan gildissviðs staðgreiðslunnar, sbr. 1.—9. tl. 1. gr. Svo og mun reynast óhjákvæmilegt að breyta ýmsum ákvæðum annarra laga, svo sem laga um almannatryggingar og laga um ýmsa lífeyrissjóði, vegna ákvæða þeirra laga þess efnis að ekki sé heimilt að innheimta opinber gjöld af bóta- og lífeyrisgreiðslum þessara aðila.

Að lokum má geta þess að nauðsyn er á sérstakri löggjöf um hvernig með skuli fara þann hluta álagningar og innheimtu þeirra opinberu gjalda sem falla innan gildissviðs staðgreiðslunnar sem samkvæmt ákvæðum gildandi laga ætti fram að fara á sama ári og staðgreiðsla þessara opinberu gjalda tæki gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 76. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

1. tl. 2. gr. hljóði svo:

Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1982 leggja á menn, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 200 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu undanþegin gjaldinu svo og þeir menn, sem hafa tekjuskattsstofn undir kr. 37.500. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Hlutverk sjóðsins er:

1. að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a), b) og d)
2. að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði c) og d)
3. að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a) og b)
4. að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a), b), c) og d).

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir skv. 1. gr.

Um framkvæmdir skv. þessari grein fer skv. lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. júlí s. l. skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sjö manna nefnd, sem fékk það hlutverk „að gera tillögur til ráðherra um skipulag heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, fyrst og fremst með hliðsjón af félagslegum og heilsufarslegum þörfum og sjónarmiðum." Var nefndarskipan þessi í samræmi við nefndarálit heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis (þingskjal 966 á 103. löggjafarþingi). Nefnd þessi hefur þegar tekið til starfa.

Einsýnt þykir að frumvarp það, sem umrædd nefnd mun skila af sér, gæti í fyrsta lagi öðlast gildi 1. janúar 1983, ef að lögum yrði, þar sem gildistökufrestur þarf að vera rúmur. Því er nauðsynlegt að framlengja heimild í gildandi lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra til innheimtu sérstaks gjalds af öllum skattskyldum mönnum, en álagningarheimild laga 49/1981 náði eingöngu til yfirstandandi árs. Í frumvarpi þessu er gjaldið tvöfaldað og er ástæðan sú, að betur má ef duga skal, því komið hefur í ljós að gera verður á næsta ári stærra átak í þessum málum en gildandi fjáröflunarleiðir gera kleift, eigi að þoka þeim í betra horf. Að sjálfsögðu verða ákvæðin um Framkvæmdasjóð aldraðra felld inn í frumvarp til laga um málefni aldraðra þegar þar að kemur.

Þá er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir breytingum á 5. gr. gildandi laga um Framkvæmdasjóð aldraðra, því eins og ákvæðið hljóðar nú er ekki ótvírætt heimilt að veita framlög til bygginga hjúkrunarheimila og sjúkradeilda sem sveitarfélög, félagasamtök eða einstaklingar standa fyrir.

Nd. 77. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir 19. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Þingnefndir skulu fylgjast með framkvæmd laga. Í því skyni hafi þingnefndir rétt til þess að kalla fyrir sig þá einstaklinga, sem að mati þingnefnda eiga hlut að máli. Einfaldur meiri hluti þingnefndar getur ákveðið að taka einstök framkvæmdaratriði laga til meðferðar. Þingnefndir skulu gera viðkomandi deild eða sameinuðu Alþingi grein fyrir niðurstöðum athugunar. Eftirlitsstarf þingnefnda með framkvæmd laga fari fram fyrir opnum tjöldum, nema meiri hluti þingnefndar ákveði annað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum og áratugum hafa mörkin milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds á Íslandi orðið óljós. Löggjafarvaldið fæðir framkvæmdavaldið af sér í formi ríkisstjórna. Á síðari árum, þegar sérfræðileg kunnátta verður æ nauðsynlegri við smíði lagafrumvarpa, hefur frumkvæði lagasetningar í ríkum mæli færst frá löggjafarvaldi og til framkvæmdavalds og/eða sérfræðinga, sem eru í beinum eða óbeinum tengslum við framkvæmdavaldið.

Þessi þróun er í sjálfu sér eðlileg í samfélagi sem með hverju árinu verður flóknara og tæknivæddara. Afleiðingarnar hafa meðal annars orðið þær, að þingið sjálft hefur smám saman sætt sig við þessa þróun og tekið þátt í þeirri þróun að ýta frumkvæði til lagasetningar yfir til framkvæmdavaldsins. Í staðinn hafa þingmenn, sem ekki eru beinir aðilar að framkvæmdavaldinu með setu í ríkisstjórn, sóst í vaxandi mæli eftir því að verða með öðrum hætti þátttakendur í framkvæmdavaldinu. Nægir í því sambandi að minna á ásókn í stjórn og framkvæmdastjórastöður Framkvæmdastofnunar og bankaráð.

Þessi þróun er óæskileg og henni ber að snúa við. Enn fremur er ljóst, að að undanförnu hefur áhugi þingsins einkum beinst að því að setja lög, en lítið eða ekki að því að hafa eftirlit með því, hvort eða hvernig lögum er framfylgt. Það segir sig þó sjálft, að tilgangslítið er að setja lög, ef þeim er ekki framfylgt og ef framkvæmdavald og dómsvald hafa ekki séð ástæðu til að fylgja þeim eftir.

Tilgangur þessa frumvarps er að þingnefndir hafi eftirleiðis eftirlit með því, hvort eða hvernig lögum er framfylgt. Slíkt má auðvitað túlka rúmt, enda er til þess ætlast. Til dæmis eiga þingnefndir að hafa eftirlit með því, hvernig opinberum fjármunum er varið á þeim sviðum, sem þær taka til.

kreving av skatt i visse tilfelle, f.eks. vedrørende såkalte grensegjengere, eller om regler for å unngå at forskudd på skatt kreves i mer enn en stat, samt vedrørende renter, rettergangsomkostninger, bøter og andre lignende beløp som utskrives i samband med beskatning eller inndriving, om fastsetting av kurs for omregning av beløp som skal inndrives, samt om avregning av beløp som er drevet inn.

Hvis det oppstår vanskeligheter eller tvilsspørsmål mellom to eller flere av de kontraherende stater om tolkningen eller anvendelsen av denne avtale, skal de kompetente myndigheter i disse statene forhandle for å forsøke å løse spørsmålene gjennom særskilt avtale. Resultatet av slike forhandlinger skal snarest meddeles de kompetente myndigheter i de øvrige kontraherende stater.

Finner den kompetente myndighet i en av de kontraherende stater at forhandlinger om spørsmål om tolkning eller anvendelse av denne avtale bør skje mellom kompetente myndigheter i samtlige kontraherende stater, skal slike forhandlinger finne sted på anmodning fra denne stat."

och f) och om uppbörd av skatt i vissa fall, t.ex. i fråga om s.k. gränsgångare, eller om regler för att undvika att preliminär skatt uttages i mer än en stat, samt beträffande räntor, rättegångskostnader, viten och andra liknande belopp, som utgår i samband med beskattning eller indrivning, om fastställande av kurs för omräkning av belopp, som skall indrivas, samt om redovisning av indrivna belopp.

Om svårigheter eller tvivelsmål uppkommer mellan två eller flera av de avtalsslutande staterna rörande tolkning eller tillämpning av detta avtal, skall de behöriga myndigheterna i dessa stater överlägga för att söka lösa frågan genom särskild överenskommelse. Resultatet av sådana överläggningar skall snarast delges behöriga myndigheter i övriga avtalsslutande stater.

Finner behörig myndighet i en av de avtalsslutande staterna att överläggningar i fråga om tolkning eller tillämpning av detta avtal bör ske mellan de behöriga myndigheterna i samtliga avtalsslutande stater, skall sådana överläggningar äga rum på begäran av denna stat."

8. gr.

Viðbótarsamningur þessi öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag, er öll aðildarríkin hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu, að uppfylltar hafa verið þær

Artikkel 8

Denne tilleggsavtale trer i kraft tretti dager etter den dag da samtlige kontraherende stater har meddelt det svenske utenriksdepartement at de tiltak som kreves

Artikel 8

Detta tilläggsavtal träder i kraft trettio dagar efter den dag då samtliga avtalsslutande stater meddelat det svenska utrikesdepartementet att de åtgärder som

som er nødvendige for tillægsaftalens ikrafttrædelse, er gennemført. Det svenske udenrigsdepartementet underretter de øvrige kontraherende stater om modtagelsen af disse meddelelser.

Efter at denne tillægsaftale er trådt i kraft, anvendes dens bestemmelser på sager, som er indkommet efter ikrafttrædelsen til den kompetente myndighed i den stat, til hvilken anmodningen er rettet.

mentille lisäsopimuksen voimaan tulemiseksi vaadittavien toimenpiteiden suorittamisesta. Ruotsin ulkoasiaindepartementti ilmoittaa muille sopimusvaltioille näiden ilmoitusten vastaanottamisesta.

Lisäsopimuksen voimaantultua sen määräyksiä sovelletaan asioihin, jotka ovat voimaantulon jälkeen saapuneet sen valtion asianomaiselle viranomaiselle, jolle esitys tehdään.

för att tilläggsavtalet skall träda i kraft genomförts. Det svenska utrikesdepartementet underrättar de övriga avtalsslutande staterna om mottagandet av dessa meddelanden.

Sedan tilläggsavtalet har trätt i kraft tillämpas dess bestämmelser på ärenden som efter ikraftträdandet har inkommit till den behöriga myndigheten i den stat till vilken framställningen riktats.

Artikel 9

Denne tillægsaftale skal forblive i kraft, så længe aftalen er i kraft.

Tillægsaftalen skal deponeres i det svenske udenrigsdepartementet, og bekræftede afskrifter skal af det svenske udenrigsdepartementet tilstilles hver af de kontraherende staters regeringer.

Til bekræftelse heraf har undertegnede dertil behørigt bemyndigede, undertegnet denne tillægsaftale.

Udfærdiget i Stockholm den 11. juni 1981, i et eksemplar på det danske, det finske, det islandske, det norske og det svenske sprog, idet der på det svenske sprog er udfærdiget to tekster, en for Finland og en for Sverige, hvilke samtlige tekster har lige gyldighed.

9 artikla

Tämä lisäsopimus on voimassa niin kauan kuin sopimus on voimassa.

Se talletetaan Ruotsin ulkoasiaindepartementtiin ja Ruotsin ulkoasiaindepartementti toimittaa oikeaksi todistetut jäljennökset siitä kunkin sopimusvaltion hallitukselle.

Tämän vakuudeksi ovat allekirjoittaneet, siihen asianmukaisesti valtuutettuina, allekirjoittaneet tämän lisäsopimuksen.

Tehty Tukholmassa 11 päivänä kesäkuuta 1981 yhtenä suomen-, islannin-, norjan-, ruotsin- ja tanskankielisenä kappaleena, jossa ruotsinkielellä on kaksi tekstiä, toinen Suomea ja toinen Ruotsia varten, kaikkien tekstien ollessa yhtä todistusvoimaiset.

Artikel 9

Detta tilläggsavtal skall förbli i kraft så länge avtalet är i kraft.

Det skall vara deponerat i det svenska utrikesdepartementet och bestyrkta avskrifter skall av det svenska utrikesdepartementet tillställas var och en av de avtalsslutande staternas regeringar.

Till bekräftelse härav har undertecknade, därtill vederbörligen bemyndigade, undertecknat detta tilläggsavtal.

Som skedde i Stockholm den 11 juni 1981, i ett exemplar på finska, danska, isländska, norska och svenska språken, varvid på svenska språket utfärdades två texter, en för Finland och en för Sverige, vilka samtliga texter har lika vitsord.

H Hjorth-Nielsen

L.S.

Paul Gustafsson

L.S.

kröfur, sem gerðar eru til gildistöku viðbótarsamnings þessa. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum aðildarríkjunum móttöku þessara tilkynninga.

Þegar viðbótarsamningur þessi hefur tekið gildi, skal ákvæðum hans beitt um mál, sem borist hafa eftir gildistökuna til viðkomandi stjórnvalds í því ríki, sem beiðni er beint til.

9. gr.

Viðbótarsamningur þessi gildir meðan samningurinn gildir.

Viðbótarsamningurinn skal varðveittur í sænska utanríkisráðuneytinu og skal það senda ríkisstjórn hvers aðildarríkis staðfest endurrit.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullgilt umboð, ritað undir þennan viðbótarsamning.

Gert í Stokkhólmi hinn 11. júní 1981 í einu eintaki á hverju þessara mála: íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð og skulu allir textar jafngildir.

Hjálmar W. Hannesson

L.S.

for tilleggsavtalens ikrafttredelse er gjennomført. Det svenske utenriksdepartement meddeler de øvrige kontraherende stater om mottagelsen av disse meldinger.

Etter at tilleggsavtalen er trådt i kraft, skal dens bestemmelser få anvendelse på saker som etter ikrafttredelsen er kommet inn til den kompetente myndighet i den stat som anmodningen er rettet til.

Artikkel 9

Denne tilleggsavtale skal være i kraft så lenge avtalen er i kraft.

Den skal være deponert i det svenske utenriksdepartement som vil oversende bekreftede avskrifter til hver av de kontraherende staters regjeringer.

Til bekreftelse av dette har undertegnede, som er behørig bemyndiget, undertegnet denne tilleggsavtale.

Utferdiget i Stockholm den 11. juni 1981, i et eksemplar på norsk, dansk, finsk, islandsk og svensk, hvorav det på svensk er utferdiget i to tekster, en for Finland og en for Sverige, slik at samtlige tekster har samme gyldighet.

G. Rogstad

L.S.

krävs för att tilläggsavtalet skall träda i kraft genomförts. Det svenska utrikesdepartementet underrättar de övriga avtalsslutande staterna om mottagandet av dessa meddelanden.

Sedan tilläggsavtalet har trätt i kraft tillämpas dess bestämmelser på ärenden som efter ikraftträdandet har inkommit till den behöriga myndigheten i den stat till vilken framställningen riktats.

Artikel 9

Detta tilläggsavtal skall förbli i kraft så länge avtalet är i kraft.

Det skall vara deponerat i det svenska utrikesdepartementet och bestyrkta avskrifter skall av det svenska utrikesdepartementet tillställas var och en av de avtalsslutande staternas regeringar.

Till bekräftelse härav har undertecknade, därtill vederbörligen bemyndigade, undertecknat detta tilläggsavtal.

Som skedde i Stockholm den 11 juni 1981, i ett exemplar på svenska, danska, finska, isländska och norska språken, varvid på svenska språket utfärdades två texter, en för Sverige och en för Finland, vilka samtliga texter har lika vitsord.

Ola Ullsten

L.S.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum.

Flm.: Jón Þorgilsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem tekjuskattur verði afnuminn af almennum launatekjum.

Greinargerð.

Með „almennum launatekjum“ í tillögu þessari er átt við þá tekjuupphæð sem meiri hluti launþega hefur í raun.

Grundvallarsjónarmið með álagningu beinna skatta er að afla fjár til sameiginlegra þarfa og þó sérstaklega að færa fjármuni milli þegnanna til jöfnunar.

Þau áhrif, sem tekjuskatturinn hefur haft til jöfnunar, virðast nú vera úr gildi að verulegu leyti.

Tekjuskatturinn í núverandi mynd virðist koma þyngst niður á fólki með meðaltekjur eða ríflega það. Það er fólkið sem oftast leggur harðast að sér til að afla sér og sínum nauðsynlegs viðurværis. Hann er því ranglátur að þessu leyti.

Þegar talað er um nauðsyn þess að bæta kjör launafólks, er skattalækkun það úrræði sem helst kemur til greina. Ein nýjasta tillagan í því efni er að gera yfirvinnu við fiskvinnslu skattfrjálsa.

Eins og allir sem vilja vita, er tilhneiging til þess að komast hjá því að greiða lögboðinn skatt af tekjum sínum allt of mikil hjá mörgum, en aðstaða manna í þessu efni er mjög misjöfn. Tekjuskatturinn er því einnig ranglátur að þessu leyti.

Skattheimta er aldrei vinsæl, og flestir eru þeirrar skoðunar, að skattar þessir séu of háir. En óvinsælastur af öllum sköttum mun þó tekjuskatturinn vera. Af þessari ástæðu er eðlilegt að draga verulega úr þessari skattheimtu, ekki síst vegna þess misréttis sem fólk telur sig verða fyrir.

Auk þessa er ekki vafi á því, að tekjuskatturinn í núverandi mynd dregur úr framtaki fólks og vinnuvilja og er að því leyti skaðlegur fyrir þjóðfélagið í heild.

Þótt tekjuskattur hafi ekki þungt vægi miðað við heildartekjur ríkissjóðs, er flutningsmanni ljóst, að nái efni þessarar tillögu fram að ganga verði talið að það tekjutap, sem af henni leiðir, þyrfti að bæta ríkissjóði með öðrum hætti. Tillagan gerir ráð fyrir að ráðrúm skapist til þess, þar sem áhrif af samþykkt hennar komi ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1983.

Sþ. 80. Fyrirspurn [77. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skiptingu og notkun fjármagns til fiskleitar, vinnslutilrauna o. fl.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hvernig hefur því fjármagni, sem sjávarútvegsráðuneytið hefur til umráða undir fjárlagaliðnum „Fiskleit, vinnslutilraunir, markaðsöflun“, verið varið í ár og 1980? Óskað er eftir sundurliðun þannig að fram komi hve mikið veitt hefur verið til hvers einstaks aðila og verkefnis á hverju sviði.

2. Hvernig hefur í ár og 1980 verið varið fjármagni því, sem sjávarútvegsráðuneytið hefur til umráða samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla? Óskað er eftir sundurliðun þannig að fram komi hve mikið hefur verið veitt til hvers aðila eða verkefnis og hvort um styrki eða lán hefur verið að ræða.

Óskað er skriflegs svars.

Sþ. 81. Fyrirspurn [78. mál]

til samgönguráðherra um viðaukatillögu við vegáætlun.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hvenær er að vænta þeirrar viðaukatillögu við vegáætlun sem samgönguráðherra lýsti yfir að hann myndi beita sér fyrir við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori og varðar framkvæmdir við hina svonefndu Ó-vegi?

Ed. 82. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Flm.: Böðvar Bragason, Davíð Aðalsteinsson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna falli niður. Í stað hennar komi:

Félagsmálaráðuneytið getur að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórna eða sýslunefnda ákveðið breytingu á mörkum kaupstaða og sýslna.

2. gr.

Úr a-lið 11. gr. laganna falli niður orðin „eða sýslunefnda".

Síðari málsliður 11. gr. falli niður.

J- og g-liðir 11. gr. falli niður.

3. gr.

Í 2. mgr. 14. gr. laganna falli niður orðið „Sýslunefnd". Í stað þess komi orðið: Félagsmálaráðuneytinu.

4. gr.

Lokamálsgrein 21. gr. laganna orðist svo:

Hinn nýkjörni formaður skal þegar í stað tilkynna kjör formanns og varaformanns til félagsmálaráðuneytisins.

5. gr.

4. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Reglulegir fundir sveitarstjórna og aukafundir, sem boðaðir hafa verið með dagskrá, skulu fara fram fyrir opnum dyrum. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar sveitarstjórn ákveður.

6. gr.

Í 31. gr. laganna falli niður orðin „sbr. þó 11. gr. f".

7. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er tveimur sveitarfélögum eða fleiri, sem hafa samtals fleiri en 400 íbúa, að ráða einn sveitarstjóra sameiginlega.

8. gr.

Við 43. gr. laganna bætist:

Ákvæði 35. gr. eiga einnig við um hreppsnefndir og sveitarstjóra.

9. gr.

Niður falli úr 1. mgr. 46. gr. laganna orðin „Bæjarstjórnum og sýslunefndir hreppsnefndum“. Í stað þeirra komi orðið: sveitarstjórnum.

10. gr.

Niður falli úr 48. gr. laganna orðið „sýslunefnd“. Í stað þess komi orðið: félagsmálaráðuneyti.

11. gr.

Niður falli úr b-lið 50. gr. laganna orðin „og úrskurðum sýslunefndar“.

12. gr.

Upphaf 55. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn kýs tvo endurskoðendur til eins árs í senn. Um leið skulu kosnir jafnmargir varaendurskoðendur.

13. gr.

Upphaf 57. gr. laganna orðist svo:

Endurskoðun samkvæmt 56. gr. skal vera lokið í sveitarfélögum eigi síðar en 30. júní ár hvert.

14. gr.

58. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórnir skulu hafa lagt fullnaðarafgreiðslu á ársreikninga sína og fyrirtækja sinna eigi síðar en í júlí ár hvert. Reikningarnir skulu síðan sendir félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert.

15. gr.

2. og 3. mgr. 59. gr. og 60. gr. laganna falli niður.

16. gr.

1. mgr. 61. gr. laganna orðist svo:

Komi í ljós að sveitarstjórn hafi vanrækt ákvæði laga þessara um bókhald og reikningsskil eða á einhvern hátt beitt valdi sínu ranglega, skal ráðuneytið hlutast til um rannsókn og endurskoðun á bókhaldi, fjárreiðum og rekstri hlutaðeigandi sveitarfélags eins fljótt og verða má.

17. gr.

Niður falli úr 63. gr. laganna málsliðurinn „Ef um hreppsfélag er að ræða, skal álitsgerð sýslunefndar eða sýslumanns fylgja beiðninni“.

18. gr.

85. gr. laganna orðist svo:

Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þremur mönnum sem ráðherra skipar. Skulu að jafnaði tveir þeirra vera búsettir í sveitarfélaginu.

19. gr.

a- og b-liðir 92. gr. laganna falli niður.

20. gr.

94. gr. laganna orðist svo:

Í sýslunefnd eiga sæti einn sýslunefndarmaður frá hverju sveitarfélagi innan sýslufélagsins.

21. gr.

95. gr. laganna orðist svo:

Að loknum sveitarstjórnarkosningum skal hver hreppsnefnd kjósa sýslunefndarmann úr hópi hreppsnefndarmanna og er kjörtímabil hans það sama og viðkomandi hreppsnefndar.

Sýslunefnd kýs sér oddvita og gilda þar um reglur 21. gr. eftir því sem við á.

22. gr.

1. mgr. 98. gr. laganna orðist svo:

Sýslunefnd skal halda a. m. k. tvo fundi á ári samkvæmt nánari ákvörðun oddvita.

23. gr.

Lokamálsgrein 101. gr. laganna orðist svo:

Gjald það, sem þannig kemur í hlut hvers hrepps, skal að fullu greitt oddvita sýslunefndar fyrir 1. október ár hvert.

24. gr.

106. gr. laganna falli niður.

25. gr.

Ný grein næst á eftir 109. gr. laganna hljóði svo:

Bæjarstjórn skal heimilt að eiga einn áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti á fundum sýslunefndar nærliggjandi sýslu.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982.

Greinargerð.

Um langt árabil hefur átt sér stað umræða um stöðu og hlutverk sveitarstjórna á Íslandi, m. a. hvernig haga skuli fjármálalegum tengslum ríkisvalds og sveitarstjórna og hvernig skipta skuli verkefnum milli sveitarstjórna og þeirra framkvæmdaaðila ríkisvaldsins sem ná til landsins alls. Inn í þessa umræðu hefur síðan óhjákvæmilega fléttast spurningin um stærð sveitarstjórnarumdæma. Má segja að árlega beri mál þessi á góma á ráðstefnum sveitarstjórnarmanna, jafnframt því sem nefndir á vegum ríkisvaldsins huga að þessum málum, og hefur svo gengið til frá því að núgildandi sveitarstjórnarlög voru sett árið 1961.

Nú síðast hefur lokið störfum verkefnaskiptingarnefnd ríkis og sveitarfélaga, en hún var skipuð í febrúar 1976 og lauk störfum í desember 1980.

Í tillögum nefndarinnar um stjórnsýslukerfið er m. a. lögð áhersla á eftirfarandi:

1. Að í landinu verði aðeins tveir lögformlegir valdhafar í stjórnsýslu, þ. e. ríkisvald og sveitarfélög, og að réttarstaða allra sveitarfélaga verði hin sama.
2. Að ekki verði að sinni lögboðin sameining sveitarfélaga, heldur verði hvatt til aukinnar samvinnu meðal þeirra sem vonandi leiðir síðar til sameiningar þar sem það reynist hagkvæmt.
3. Varðandi sýslurnar er því m. a. lýst yfir, að líta beri á opinbera stjórnun og verkefni sýslna sem tvískipta og aðskilda, þannig að hrein skil verði á milli málefna ríkisins og sveitarstjórna.

4. Að eftir að sveitarfélögin hafi sameinast og eflst verði þeim falin þau verkefni sem sýslunefndirnar nú hafa að lögum, en sýslunefndir skuli samt sem áður starfa áfram sem samstarfsvettvangur sveitarstjórna á héraðsgrundvelli.
5. Ekki er lagt til að breytingar verði gerðar á né lögákveðið hvert starfssvið og verkefni landshlutasamtakanna skuli vera.

Í öllum meginatriðum verður að telja að tillögur nefndarinnar miði í rétta átt, en þær eru svo víðtækar að ljóst er að ef ná á þeim öllum fram þarf til að koma heildarendurskoðun á sveitarstjórnarlögum, en það mun aftur valda því, að nokkur tími mun líða þar til kemur að nauðsynlegustu og einföldustu endurbótum sem aftur á móti mætti koma í framkvæmd nú með því einu að gera óverulegar breytingar á gildandi sveitarstjórnarlögum.

Með þessu frumvarpi er lagt til að sveitarfélögin verði jafnrétthá og að jafnframt verði samvinna aukin á héraðagrundvelli, en hún mun síðan, þegar fram í sækir, leysa þann vanda sem mörgum virðist sameiningarmálið vera í dag. Enn fremur er lagt til að sveitarstjórnir skuli framvegis heyra beint undir félagsmálaráðuneytið og verði allt eftirlit sýslunefnda með þeim afnumið. Einnig skal skorið á bein afskipti sýslumanns f. h. ríkisvaldsins af málefnum sveitarfélaganna með því að þeir hverfi úr sýslunefndum.

Sýslunefndir hafa þjónað sínu hlutverki vel, en þær eru nú rúmlega aldargamlar. Flestar þeirra hafa í tímanna rás svarað sameiginlegum kröfum héraðanna um aðgerðir á hinum margvíslegu sviðum, en á síðustu áratugum hefur komið til nýtt afl þar sem er samvinna sveitarstjórnarmanna sjálfra án þátttöku sýslunefndanna og hefur ein aðalástæða þeirrar þróunar verið sú, að allt aðrir aðilar hafa verið í sýslunefndum en sveitarstjórnum. Tengsl þessara aðila hafa því ekki verið nægilega mikil til þess að þeir væru samstiga um brýn hagsmunamál. Hafa kraftar dreifst og góð mál oft á tíðum goldið þess.

Í frumvarpinu er lagt til að sú breyting verði gerð, að í sýslunefndum sitji eingöngu fulltrúar úr hópi sveitarstjórnarmanna. Þar með verða sýslunefndir samstarfsvettvangur sveitarstjórnanna sjálfra án beinna afskipta ríkisvaldsins og þar getur því m. a. þróast sá frjálsi samvinnugrundvöllur sem sveitarstjórnum er nauðsynlegur í dag.

Þá munu sýslunefndir fara með þau verkefni sem þeim eru enn falin að lögum, en þar ber hæst verkefni í vegamálum. Ljóst er að þar verða sveitarfélögin að vinna saman að málum því annar kostur er einungis sá að afhenda ríkisvaldinu alla ákvarðanatöku um sýsluvegagerð.

Að öðru leyti yrði sýslunefndin vettvangur fyrir frjálst samstarf. Gerð er tilraun til þess að fá kaupstaðina til þátttöku í þessu samstarfi með því að gera ráð fyrir því, að þeir geti eignast áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétti í þeirri sýslunefnd sem næst þeim liggur.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því, að félagsmálaráðherra geti að fengnum tillögum heimamanna breytt mörkum kaupstaða og sýslna. Nauðsyn slíkra aðgerða blasir við í nokkrum héruðum og er lagabreytingu þessari ætlað að auðvelda þá framkvæmd.

Að lokum er það ákvæði, að fundi sveitarstjórna skuli halda í heyranda hljóði. Þær kröfur, sem nú eru gerðar um lýðræðisleg vinnubrögð, hafa fyrir löngu gert þá skipan mála nauðsynlega.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lagaákvæðum verður mörkum kaupstaða og sýslna ekki breytt nema með lögum. Lagt er til að félagsmálaráðuneytinu verði falið að taka ákvörðun um breytingu á mörkum að fenginni umsögn þeirra sveitarstjórna og sýslunefnda er aðild kunna að eiga hverju sinni. Það er skoðun margra, að þörf sé lagfæringa á sýslumörkum á nokkrum stöðum svo tekið sé fullt tillit til þarfa íbúanna með hliðsjón af þjóðfélagsbreytingum síðustu ára. Auðveldara verður að koma fram nauðsynlegum lagfæringum varðandi þessi umdæmamörk ef fallist verður á þessa lagabreytingu.

Um 2. og 3. gr.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði skv. þessum greinum, leiðir af þeim tilgangi þessa frumvarps, að sveitarstjórnir heyri um málefni sín beint og milliliðalaust undir félagsmálaráðuneytið.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði að sama regla gildi um alla fundi sveitarstjórna, þ. e. að þeir fari fram fyrir opnum dyrum. Líklegt er að í kjölfar lögfestingar þessa atriðis fylgi aukinn áhugi almennings á starfi sveitarstjórna.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Telja verður að ráðning sameiginlegs sveitarstjóra muni styrkja smærri hreppa út á við og einnig efla innra samstarf þeirra.

Um 8. gr.

Telja verður eðlilegt að bæjarstjórar og sveitarstjórar hafi sömu úrræði gagnvart þeim ályktunum sveitarstjórna sem þeir telja varhugaverðar.

Um 9., 10. og 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. og 13. gr.

Talið er eðlilegast að endurskoðun hjá öllum sveitarfélögum lúti sömu reglum.

Um 14., 15., 16., 17., 18. og 19. gr.

Ákvæði þessara greina skýra sig sjálf, en þau eru sett til að samræma réttarstöðu sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu.

Um 20. og 21. gr.

Í þessum greinum koma fram nýjar reglur um kjör sýslunefndarmanna og oddvita sýslunefndar.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Hér er mælt fyrir um greiðslu framlaga sveitarfélaganna í sameiginlegan sjóð.

Um 24. gr.

106. gr. laganna falli niður þar sem eftirlit sýslunefndar með þar tilgreindum atriðum fellur niður.

Um 25. gr.

Með grein þessari er gerð tilraun til þess að víkka út starfssvæði sýslunefnda ef kaupstöðunum þykir henta að nýta sýslunefndirnar sem samstarfs- og viðræðugrundvöll gagnvart öðrum sveitarfélögum. Hér er ekki um skyldu að ræða fyrir kaupstaðina, aðeins heimild þeim til handa án allra fjárskuldbindinga.

Nd. 83. Frumvarp til laga [80. mál]

um flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Benedikt Gröndal, Geir Hallgrímsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal láta reisa og starfrækja flugstöð fyrir farþega- og vöruafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. Stöðin skal vera algerlega aðskilin frá mannvirkjum Varnarliðsins. Tryggja skal henni landrými, svo að þar geti síðar risið aðrar byggingar til sömu eða skyldra þarfa, svo og til samgönguæða að og frá stöðinni.

2. gr.

Utanríkisráðherra hefur stjórn á byggingu og rekstri stöðvarinnar. Hann tryggir fé til framkvæmdanna og heimilast að taka að láni í þeim tilgangi allt að 160 milljónir króna.

Utanríkisráðherra skipar byggingarnefnd, er hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd verksins. Hann tekur endanlegar ákvarðanir um gerð flugstöðvarinnar.

3. gr.

Flugstöðin skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum. Allt efni til smíði hennar skal undanþegið aðflutningsgjöldum.

4. gr.

Utanríkisráðherra setur reglugerð um rekstur flugstöðvarinnar, reikningshald og fjárreiður, daglega stjórn og annað sem þörf krefur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að reist skuli á Keflavíkurflugvelli afgreiðslustöð fyrir farþega og vörur. Stöðin skal vera íslenskt mannvirki undir íslenskri stjórn og aðskilin frá athafnasvæði Varnarliðsins.

Núverandi flugstöð er með öllu ófær um að gegna þessu hlutverki. Hún er gömul timburbygging, sem meira hefur þegar verið byggt við en reglur leyfa. Í henni er óhjákvæmileg eldhætta, sem gæti leitt til stórslyss þegar farþegafjöldi er mestur í stöðinni. Aðstaða er mjög léleg fyrir marga þætti starfseminnar sem þar fer fram, og nægir þar að minna á eldhús og aðstöðu verkamanna á flughlaði. Þrengsli og vandræði einkenna nálega alla þætti stöðvarinnar.

Mál þetta á sér langan aðdraganda. Fimm ríkisstjórnir hafa fjallað um það án þess að framkvæmdir hafi enn verið ákveðnar. Unnið hefur verið að undirbúningi og stöðin hönnuð þannig að hún hefur verið minnkuð til muna frá fyrstu áætlunum og hugmyndum. Er vissulega tími til kominn að hefjast handa og leysa þann vanda, sem þetta stöðvarmál er.

Saga málsins verður ekki rakin hér, enda hefur það verið gert m. a. í nýlegri skýrslu til Alþingis. Hins vegar er óhjákvæmilegt að rifja upp, að ríkisstjórn komst á sínum tíma að þeirri niðurstöðu, að Íslendingar mundu ekki ráða við að fjármagna þessa framkvæmd um langa framtíð. Var því farið fram á fjárhagslega þátttöku Bandaríkjamanna, þar sem Varnarliðið fær gömlu stöðina til afnota og mun hafa mikinn hag af aðskilnaði farþegaafgreiðslu og varnarumsvifa. Liggur nú fyrir, að Varnarliðið er reiðubúið til að fjármagna flughlað og leggja að auki 20 milljónir dollara til sjálfrar byggingarinnar, rúman helming áætlaðs kostnaðar, enda verði byggingin vara-sjúkraskýli á vellinum ef á þarf að halda. Það útheimtir engar teljandi breytingar á stöðinni og er engin fórn, því að hún mundi án efa gegna því hlutverki hvort eð er, ef til mikils flugslyss eða hernaðaraðgerða kæmi.

Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er og verður „anddyri" Íslands fyrir hundruð þúsunda af farþegum, sem þar hafa viðdvöl, koma til landsins eða fara frá því. Er hér sem annars staðar nauðsynlegt, að þetta verði myndarlegt og menningarlegt umhverfi og afgreiðsla öll sem þægilegust miðað við veðurfar og aðrar aðstæður.

Treysti Íslendingar sér til að fjármagna þessa stöð einir á nógu stuttum tíma væri það ágætt. Margir draga það í efa, og er þá eðlilegt að Varnarliðið taki þátt í kostnaðinum, enda mun starfsaðstaða þess batna til muna við tilkomu stöðvarinnar. Ekki munu áhrif Varnarliðsins eða bandarísk ítök hér á landi aukast við þau útgjöld þeirra, heldur þvert á móti.

Flugstöðin verður alíslenskt mannvirki, rekið eingöngu af Íslendingum og mun bera þann svip, sem Íslendingar setja á hana.

Nd. 84. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Vilmundur Gylfason, Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

1) Í 3. gr. laganna 2. mgr. kemur nýr liður sem verði a-liður og hljóði svo:
   1/4% af fasteignamati sumarbústaðalóða og mannvirkja á þeim, enda sé ekki um að ræða sumarbústaði sem notaðir eru til íbúðar allt árið.
2) a-liður 2. mgr. verði b-liður og núverandi b-liður verði c-liður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikill fjöldi forustumanna ýmissa félagasamtaka hefur óskað eftir því við þingmenn, að þeir endurskoði þau ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga sem fjalla um fasteignagjöld af sumarbústöðum.

Með vaxandi þéttbýlismyndun fer stöðugt vaxandi þörf almennings til útivistar í óspilltri náttúru.

Af þeim sökum hafa fjölmargir kaupstaðarbúar komið sér upp sumarbústöðum á undanförnum árum og eyða þar orlofi sínu og helgum yfir sumartímann. Nýting þessara eigna er hins vegar það lítil samanborið við heimili manna að fráleitt er að leggja á þau samsvarandi fasteignagjöld og á íbúðarhúsnæði í þéttbýli. Með hliðsjón af því, að notkunartími þessara eigna er vart meiri en 3 mánuðir á ári og í flestum tilvikum styttri, þykir eðlilegt að fasteignagjöld af þessum eignum séu aðeins 1/4 af fasteignagjöldum af fasteignum í kaupstöðum.

Með þessar staðreyndir í huga telja flm. rétt að ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt á þann veg sem lagt er til í frv. þessu.

Nd. 85. Frumvarp til laga [82. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Albert Guðmundsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur G. Þórarinsson, Vilmundur Gylfason, Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

3. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Skylt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga segir að sveitarstjórnum sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

Komið hefur í ljós, að margt af því fólki, sem rétt hefur til að njóta góðs af heimildarákvæði þessu, gerir sér ekki grein fyrir þessum rétti sínum og sækir ekki um niðurfellingu eða lækkun á fasteignasköttum sínum.

Þá hefur einnig komið í ljós, að rétthafar treysta sér oft ekki til að standa í slíkum bréfaskriftum við opinberar stofnanir.

Rétt og skylt er að geta þess, að flest sveitarfélög sýna lipurð og tillitssemi í þessum efnum. En þar sem í hlut á efnalítið fólk, sem verður að lifa á elli- og örorkulífeyri og hefur ekki gjaldþol til greiðslu slíkra fasteignaskatta, þykir flutningsmönnum eðlilegt að breyta þessari heimild sveitarstjórna í skyldu.

Ed. 86. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Stefán Jónsson, Stefán Guðmundsson, Eiður Guðnason.

1. gr.

Við 15. gr. laganna (sbr. 2. gr. 1. nr. 48/1968) bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. Námsmenn búsettir á Norðurlöndum skulu færðir á kjörskrá þar sem þeir voru síðast heimilisfastir hérlendis, nema gild ástæða sé til annars.

2. gr.

Í stað „Þegar þrjár vikur eru til kjördags“ í 20 gr. laganna komi: Þegar tvær vikur eru til kjördags.

3. gr.

21. gr. laganna breytist þannig.

1. Í stað „fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag“ í 1. mgr. komi: fundi, sem haldinn sé eigi síðar en einni viku fyrir kjördag.

2. Við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:
Nú er maður dæmdur eða kærður inn á kjörskrá og skulu þá viðkomandi dómarar eða sveitarstjórn tilkynna strax yfirkjörstjórn og sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem aðilinn hlaut rétt til þess að vera á kjörskrá, og einnig þess umdæmis, þar sem hann var strikaður út, nafn og heimilisfang viðkomandi, enda þótt útskrift af dómi verði send síðar.

4. gr.

Í stað orðsins „sunnudagur“ í 57. gr. laganna komi: laugardagur.

5. gr.

65. gr. laganna hefjist svo:
Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta tekur mið af reynslu og breyttum þjóðháttum, sem varða almennar kosningar í landinu. Ýmsu er ábótavant í gildandi lögum um kosningar til Alþingis. Er þar bæði að ákvæði, sem fyrir eru, þurfa breytinga við og nýrra ákvæða er þörf.

Frumvarp þetta varðar námsfólk búsett á Norðurlöndum, kjörskrárkærur, kjördag og kosningu utan kjörstaða.

Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps lagði það fram á síðasta þingi. Hlaut frumvarpið þá ekki afgreiðslu og er því nú endurflutt. Samt sem áður fékk frumvarpið nokkra umfjöllun á síðasta þingi í allsherjarnefnd efri deildar. Við endurflutning frumvarpsins hefur verið tekið tillit til athugasemda, sem fram hafa komið, og gerðar viðeigandi breytingar. Þingmenn í allsherjarnefnd efri deildar flytja nú þetta frumvarp.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fyrir meira en áratug var námsmönnum á Norðurlöndum gert kleift að kjósa, þótt þeir væru búsettir í öðru landi. Samkvæmt samstarfssamningi Norðurlanda mega menn aðeins eiga lögheimili í einu Norðurlandanna. Þess vegna hefur undanfarið borið mjög á örðugleikum við að koma atkvæðum námsmanna til skila, þurft að kæra þá inn á kjörskrá og mörg atkvæði tapast vegna búsetuleysis hér.

Ákvæði 1. gr. er ætlað að bæta úr þessu.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir styttingu á kærufresti til sveitarstjórna. Fresturinn rennur nú út 3 vikum fyrir kjördag. Með nútímatækni er unnt að stytta þennan frest í 2 vikur fyrir kjördag, eins og hér er lagt til. Það er vitað mál, að kjósendur kanna ekki, hvort þeir eru á kjörskrá, svo löngu fyrir kosningar sem núgildandi regla gerir ráð fyrir, sem leiðir til þess að allt of mörg mál þurfa að fara fyrir dómstólana, en sú aðferð kostar allt of mikla skriffinnsku og leiðir einnig til réttindataps vegna þess að málið fær ekki afgreiðslu hjá dómstólum nema viðkomandi sanni að hann hafi ekki haft möguleika á að kæra fyrir þriggja vikna frestinn.

Um 3. gr.

Breytingu þá, sem hér er lögð til á 1. mgr. 21. gr. laganna, leiðir af breytingu 2. gr. frumvarpsins á 20. gr. laganna.

Hin nýja málsgrein aftan við 21. gr. laganna er til komin vegna þess, að reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hægt sé að fá tilkynningu um breytingar á kjörskrá með símtali eða skeyti þar eð dómsútskrift kemur oft óþægilega seint.

Um 4. gr.

Breytingin frá sunnudegi til laugardags er aðeins afleiðing af þeirri þróun, sem orðið hefur á starfstíma. Áhugi og meðferð fjölmiðla á kosningum veldur því, að vaxandi fjöldi landsmanna vakir nóttina sem atkvæði eru talin. Þess vegna er mjög æskilegt að dagurinn eftir talningu sé frídagur.

Um 5. gr.

Í hverjum kosningum er allmikið af vafaatkvæðum og ógildum vegna þess að listabókstafir eru illa skrifaðir. Hægt er að fá svokallaða veltistimpla, sem henta mjög vel til að stimpla listabókstafina. Þeir eru gerðir hérlendis. Þá má gera þannig að þeir henti vel þeim, sem hafa lítinn mátt í höndum, og einnig blindum.

Notkun stimpla mundi skapa aukið öryggi og flýta talningu. Dómsmálaráðuneyti verði falin löggilding þessara sérstöku stimpla og falið að sjá kjörstjórnum fyrir löggiltum stimplum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 87. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um iðnaðarstefnu.

Flm.: Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Pétur Sigurðsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson, Albert Guðmundsson, Lárus Jónsson,
Halldór Blöndal, Steinþór Gestsson, Egill Jónsson,
Jón Þorgilsson, Jósef H. Þorgeirsson, Matthías Á. Mathiesen,
Salome Þorkelsdóttir, Matthías Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson,
Ólafur G. Einarsson, Sverrir Hermannsson, Guðmundur Karlsson,
Geir Hallgrímsson.

I. Markmið.

Vegna líklegra breytinga í atvinnulífi landsmanna á næstu árum og vaxandi hlutdeildar iðnaðar í atvinnuöryggi og lífskjörum þjóðarinnar ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir framkvæmd iðnaðarstefnu sem hafi eftirfarandi meginmarkmið:

1. Að skapa iðnaðinum almenn skilyrði fyrir arðbæran rekstur fyrirtækja og að byggja iðnþróun á grundvelli fríverslunar og athafnafrelsis og örva til nýrra átaka á sviði nýjunga í framleiðslu.
2. Að örva framleiðni í íslenskum iðnaði þannig að framleiðnistig hans verði sambærilegt við það, sem gerist í helstu viðskiptalöndum, og skilyrði skapist fyrir bætt lífskjör.
3. Að stuðla að hagkvæmari fjárfestingu í iðnaði til þess að hann verði undirstaða bættra lífskjara og stuðli þannig að atvinnuöryggi þeirra, er við hann starfa, og skapi jafnframt ný atvinnutækifæri.
4. Að leggja sérstaka áherslu á að efla iðnað á þeim sviðum þar sem innlendir samkeppnisyfirburðir geta nýst til arðbærrar framleiðslu á vörum og þjónustu jafnt fyrir heimamarkað sem til útflutnings.

5. Að nýta sem best þá möguleika til iðnaðarframleiðslu, sem felast í innlendum orkulindum, og efla innlenda aðila til forustu á því sviði. Orkufrekur iðnaður verði þáttur í eðlilegri iðnþróun í landinu og leitað verði eftir samvinnu við erlenda aðila eftir því sem nauðsynlegt og hagkvæmt er á hverjum tíma. Jafnframt verði áhersla lögð á úrvinnsluiðnað í tengslum við þann orkufreka iðnað og stóriðju sem fyrir er í landinu og efnt verður til.
6. Að bæta starfsskilyrði og auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum í samstarfi og samráði við samtök launþega og atvinnurekenda í iðnaði. Enn fremur að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum iðnvæðingar á náttúru landsins og umhverfi.

II. Leiðir.

Ofangreindum markmiðum verði náð m. a. með eftirfarandi leiðum:

1. Bætt verði aðstaða til iðnrekstrar með því að búa iðnaði sömu starfsskilyrði og öðrum höfuðatvinnuvegum. Í því skyni verði m. a. tekinn upp virðisaukaskattur, álagning aðstöðugjalds og launaskatts samræmd milli atvinnuvega og endurkaupakerfi rekstrarlána verði látið ná að fullu til iðnaðar.
2. Við gengisákvarðanir verði tekið tillit til samkeppnisaðstöðu iðnaðarins jafnt á heimamarkaði sem erlendis.
3. Lánasjóðir iðnaðarins verði efldir með því að rýmka verulega heimildir til lántöku. Þeim verði þannig gert kleift að takast á við stærri verkefni og að auka verulega þátttöku sína í fjármögnun á umbótum og nýsköpun í iðnaði. Arðsemi fjárfestinga sé ráðandi við veitingu fjárfestingarlána.
4. Fjármagn til rannsókna- og þróunarstarfsemi verði aukið og fyrirtæki örvuð til aðgerða í þeim efnum.
5. Starfsemi þjónustustofnana iðnaðarins verði efld og löguð að breyttum þörfum hans. Áhersla verði lögð á fræðsluhlutverk stofnananna, möguleika þeirra til framleiðniaukandi aðgerða, nýsköpunar í iðnaði og útflutnings iðnaðarvara. Áhrif samtaka iðnfyrirtækja á stjórnun stofnananna verði aukin.
6. Ríkisvaldið stuðli að uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar, m. a. orkufreks iðnaðar er hagnýti innlenda orku og hráefni. Slíkur iðnaður taki mið af æskilegri atvinnu- og byggðaþróun og umhverfisvernd. Hugsanlegir samningar við erlenda aðila um eignaraðild að stóriðjufyrirtækjum geri ráð fyrir þeim möguleika, að íslenskur almenningur eignist fyrirtækin á ákveðnum tíma og að þau lúti íslenskum lögum.
7. Nýting orkulinda og verðlagning orku miði að því að skapa innlendum iðnaði vaxtarmöguleika og bætta samkeppnisaðstöðu.
8. Stjórn á iðnrekstri ríkisins verði samræmd og gerð markvissari með tilliti til iðnþróunar. Þannig verði skipulagslegt forræði slíks iðnaðar í höndum aðila er hafi fjárhagslegt bolmagn til að undirbúa og standa fyrir arðvænlegum nýiðnaðarverkefnum. Almenningi verði gefinn kostur á að gerast beinn eignaraðili að iðnfyrirtækjum sem nú eru í eigu ríkisins.
9. Stuðlað verði að iðnþróun í landshlutunum, m. a. með starfsemi iðnþróunarfulltrúa á vegum samtaka sveitarfélaga.
10. Iðngarðar verði byggðir með lánafyrirgreiðslu til sveitarfélaga eða samtaka í iðnaði.
11. Útflutningsviðleitni fyrirtækja verði örvuð, m. a. með skattalegum aðgerðum.
12. Innkaupum opinberra aðila verði hagað á þann veg að þau örvi innlendan iðnað og iðnþróun.
13. Komið verði á samstarfi viðeigandi aðila til að bæta og kynna íslenska iðnhönnun og listiðnað, samræma viðleitni og auka tengsl við framleiðsluiðnaðinn.

14. Nú þegar verði felld niður aðflutningsgjöld af aðföngum þess iðnaðar og byggingariðnaðar sem á í beinni eða óbeinni samkeppni innanlands sem erlendis.
15. Breytt verði lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti á þann veg, að iðnaður á heimamarkaði fái aðstöðu til verðlagningar hliðstætt því sem gerist um innfluttar samkeppnisvörur.
16. Í því skyni að auka fjárfestingu í iðnaði verði stuðlað að eðlilegri eiginfjármyndun fyrirtækja með breytingum á skatta- og verðlagslögum.
17. Einstaklingsframtakið verði virkjað til nýrra átaka á sviði iðnþróunar með því að skapa einkarekstri og samtökum einstaklinga eðlileg almenn rekstrarskilyrði og þar með að á engan hátt verði fyrirtækjum mismunað skattalega eftir rekstrarformum. Stuðlað verði að aukinni samvinnu stjórnenda og starfsfólks fyrirtækja í samráði við samtök launþega og atvinnurekenda í iðnaði.
18. Framhaldsnám og tækni- menntun taki mið af æskilegri iðnþróun, m. a. með aukinni samvinnu milli skóla og stofnana og samtaka iðnaðarins. Aukin áhersla verði lögð á fullorðinsfræðslu bæði á sviði verkkunnáttu og stjórnunar.
19. Upplýsingasöfnun og rannsóknir varðandi hag og þróunarhorfur í iðnaði verði efldar.
20. Mótuð verði stefna um verktakastarfsemi sem m.a. geri innlendum aðilum kleift að annast meiri háttar verklegar framkvæmdir. Samkeppnisstaða innlendra verktaka gagnvart erlendum aðilum verði jöfnuð.
21. Rík áhersla verði lögð á bætt starfsumhverfi og að koma í veg fyrir óæskilega röskun umhverfis af völdum iðnrekstrar. Samstarf stjórnvalda og aðila í iðnaði verði aukið til að ná því markmiði svo og til að tryggja nauðsynlegar mengunarvarnir.

III. Framkvæmd.

Við framkvæmd þeirra fjölþættu verkefna, sem þingsályktun þessi gerir ráð fyrir, þurfa stjórnvöld, samtök iðnaðarins og aðrir aðilar að stilla saman krafta sína.

Iðnaðarráðuneytið hafi forustu um að samræma aðgerðir til að greiða fyrir framgangi þessarar stefnu.

Í þessum tilgangi verði sett á fót „samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu“, sem í eigi sæti samkvæmt tilnefningu einn fulltrúi frá hverjum þingflokkanna, viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi iðnverkafólks og fulltrúi iðnaðarráðuneytis, sem jafnframt verði formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Þessi tillaga, sem 19 þingmenn Sjálfstæðisflokksins flytja, er að grunni til þingsályktunartillaga iðnaðarráðherra, sem lögð var fram á síðasta þingi, ásamt breytingum byggðum á tillögum sjálfstæðismanna og hugmyndum, sem komu fram hjá einstökum nefndarmönnum í atvinnumálanefnd og umsagnaraðilum, einkum FÍI og SÍS.

Óafgreiddar tillögur.

Núverandi iðnaðarráðherra lagði tillögu til þingsályktunar um iðnaðarstefnu fyrst fram skömmu fyrir þinglok 1979, en hún kom þá ekki til umræðu. Hún var aftur lögð fram óbreytt haustið 1979, en var þá eigi heldur rædd vegna stjórnarslita og þingrofs. Eftir stjórnarskipti 1980 ákvað iðnaðarráðherra, sem þá hafði tekið sæti í nýrri stjórn, að bíða með flutning tillögunnar til hausts og var hún því lögð fram lítils háttar breytt haustið 1980. Fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu þá þegar breytingartillögur og til atvinnumálanefndar bárust umsagnir nokkurra aðila ásamt hugmyndum um breytingar. Þrátt fyrir áhuga fulltrúa Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks í atvinnumálanefnd fékkst tillagan ekki afgreidd á síðasta þingi,

enda virtist ekki vera einhugur í röðum stjórnarflokkanna um málið. Á 10. fundi atvinnumálanefndar Sþ., sem haldinn var 21. maí 1980, óskuðu Friðrik Sophusson og Magnús H. Magnússon eftirfarandi bókunar:

„Við lýsum yfir því, að við erum fyrir okkar leyti tilbúnir að afgreiða 86. mál um iðnaðarstefnu með þeim breytingum, sem við höfum lagt fram. Tillagan hefur þrisvar verið lögð fram á þingi, en aldrei hlotið afgreiðslu. Við höfum kynnt í nefndinni tillögur okkar og ráðherrann hefur kynnt nýjar tillögur í málinu. Við teljum, að nefndin eigi að gefa út nefndarálit, þannig að þingið geti tekið afstöðu til málsins."

Skemmst er frá því að segja, að nefndarálit var ekki gefið út.

Tillögurnar um stefnumótun í iðnaði eiga rætur að rekja til nefndarálits samstarfsnefndar um iðnþróun, en því var dreift í maí 1979 til alþingismanna og aftur í október 1980. Í álitinu er fjallað ítarlega um meginatriði iðnaðarstefnu, forsendur iðnþróunar, markmið, starfsskilyrði iðnaðar, aðgerðir innan fyrirtækja, nýsköpun í iðnaði og framkvæmd iðnþróunaráforma.

Starfsskilyrði iðnaðar.

Talsmenn iðnaðarins hafa um árabil bent á að starfsskilyrði greinarinnar séu lakari en annarra atvinnugreina. Af því tilefni samþykkti núverandi ríkisstjórn hinn 30. mars 1980 að setja á stofn nefnd til að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar, og var við það miðað að nefndin skilaði áliti fyrir 1. júlí á s. l. ári. Nefndin var hins vegar ekki skipuð fyrr en í september 1980. Hún hefur starfað undir forustu dr. Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra og nýlega sent frá sér áfangaskýrslu, sem ríkisstjórnin hlýtur að taka afstöðu til á næstunni í samræmi við 13. tölulið efnahagsáætlunarinnar sem birt var um síðustu áramót, en þar segir: „Hraðað verði samanburði á starfsskilyrðum höfuðatvinnuveganna og þau samræmd. Tryggt verði, að starfsskilyrði iðnaðarins verði ekki lakari en annarra atvinnugreina." Ríkisstjórnin hefur nýlega skipað embættismannanefnd undir forustu Þórðar Friðjónssonar hagfræðings og er henni ætlað að semja lagafrumvörp og vinna með starfsskilyrðanefndinni. Það hlýtur að vera þeirri nefnd fengur að fá stefnuyfirlýsingu Alþingis í iðnaðarmálum.

Iðnaðarstefna í öðrum löndum.

Mótun iðnaðarstefnu hefur verið á dagskrá nágrannaþjóðanna á undanförnum árum og má geta þess að OECD skipulagði ráðstefnu um þetta efni í Madrid í maí á s. l. ári. Af hálfu Íslands sóttu ráðstefnuna: Jafet S. Ólafsson viðskiptafræðingur í iðnaðarráðuneytinu, Vilhjálmur Lúðvíksson formaður samstarfsnefndar um iðnþróun, Þórður Friðjónsson hagfræðingur forsætisráðuneytisins og Þorvarður Alfonsson framkvæmdastjóri Iðnþróunarsjóðs. Í frásögn þeirra af fundinum segir m. a.:

„Í stórum dráttum má segja að eftirfarandi hafi komið fram um iðnaðarstefnu **sem flestir virtust sammála um:**

1. **Iðnaðarstefna er** skilgreind sem **yfirlýsing stjórnvalda** til samfélagsins (aðila iðnaðarins) **um** þau **markmið,** sem stefnt skuli að, **og** þær **leiðir,** sem farnar skuli, og tæki, sem notuð verði.
2. Undirstöðuatriði jákvæðrar og árangursvænlegrar iðnaðarstefnu eru:
   — sem allra mest **frelsi í viðskiptum milli landa** og svæða;
   — **öfl markaðarins verði látin ráða** ákvörðunum um framleiðslu eins mikið og frekast er unnt og haldið við dreifðri ákvarðanatöku og frumkvæði í þeim efnum;
   — iðnaðarstefna á að vera **vaxtarstefna en ekki varnarstefna;** aðeins með vaxtarstefnu er hægt að uppfylla efnahagslegar og félagslegar óskir á hendur atvinnulífinu;

— aðalþættir iðnaðarstefnu séu **hagstæð almenn skilyrði fyrir arðbæran rekstur** fyrirtækja;
— **inngrip stjórnvalda** til að verja fyrirtæki gegn afleiðingum samkeppni verði **aðeins í neyðartilvikum** og miðist þá við að greiða fyrir sem skjótastri aðlögun fyrirtækjanna eða stöðvun rekstrar ella;
— **aðgerðir** stjórnvalda til að styðja við nýsköpun í iðnaði **verði aldrei til þess að afvegaleiða viðskiptalegan hugsunarhátt** hjá fyrirtækjum;
— **stefnumótun** og aðgerðir stjórnvalda **miði að því að skapa einhug og samstöðu** (consensus) um eflingu iðnaðar og þannig byggt á gagnkvæmum stuðningi stjórnvalda, fyrirtækja, samtaka (launþega og iðnrekenda) og stofnana iðnaðar, svo og velvilja og skilningi almennings, ekki síst starfsliðs í iðnaði;
— sérstök **áhersla** sé lögð **á** að skapa **jákvæð viðhorf** gagnvart aðlögun að breytilegum samkeppnisskilyrðum **með:**
  1) **góðu upplýsingastreymi** til fyrirtækja,
  2) **ráðgjöf** um stjórnunarmál, markaðs- og rekstrartæknileg efni,
  3) öflugri **aðstoð við starfsþjálfun og endurmenntun,**
  4) hvatningu til nýsköpunar á vegum fyrirtækja með **stuðningi við rannsóknar- og þróunarstarfsemi,**
  5) aðstoð við **að færa framleiðsluþætti** úr hnignandi greinum yfir í **lífvænlegar greinar.**

3. Nokkru meiri vafi var uppi um gildi beins fjárhagslegs stuðnings stjórnvalda við þróunarstarfsemi, markaðsöflun og útflutningsstarfsemi og með opinberum innkaupum til að auðvelda nýsköpun. Slíkar aðgerðir eru í meira og minna mæli stundaðar í öllum löndunum og talið æskilegt að setja alþjóðlegar reglur um þær til að forða neikvæðum áhrifum á samkeppnisstöðu milli landa og greina. Flestir töldu að slíkar aðgerðir gætu þó verið eðlilegur þáttur í því að greiða fyrir aðlögun."

Undir þessi ríkjandi viðhorf í nágrannalöndunum vilja flutningsmenn þessarar tillögu taka í megindráttum.

Nauðsyn stefnumótunar.

Iðnaðarráðherra hefur ekki tekist, þrátt fyrir þrjár tilraunir, að koma iðnaðarstefnu sinni í gegnum þingið. Með þessari tillögu freista sjálfstæðismenn þess að fá fram stefnuyfirlýsingu Alþingis í iðnaðarmálum. Við gerð tillögunnar hefur verið tekið tillit til sjónarmiða, sem fram hafa komið frá alþingismönnum og hagsmunaaðilum, þannig að gera má ráð fyrir víðtæku samkomulagi um tillöguna. Skýr stefnumótun Alþingis í iðnaðarmálum er nauðsynlegt aðhald fyrir ráðvillta ríkisstjórn, sem hefur óljósar hugmyndir um úrlausnir í málefnum iðnaðarins. Ótvíræð yfirlýsing Alþingis er því öryggismál þeirra fjölmörgu, sem stunda störf í iðnaði, og staðfestir mikilvægt framtíðarhlutverk atvinnugreinarinnar.

Í framsöguræðu verður gerð grein fyrir einstökum greinum tillögunnar.

Sþ. 88. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Guðmundur G. Þórarinsson, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera athugun á hvort hagkvæmt sé að koma á fót fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á þrem síðustu þingum en varð ekki útrædd.

Ýmsar blikur hafa verið á lofti í atvinnumálum Suðurnesja nokkur undanfarin ár. Af þeim sökum hefur Alþingi tvisvar ályktað að gerð verði athugun á atvinnulífi Suðurnesja og áætlun um eflingu þess. Árið 1978 ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að Framkvæmdastofnun ríkisins kannaði atvinnustöðu svo og félagslega aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Í síðari ályktuninni, frá 1979, var Framkvæmdastofnun ríkisins falið að láta undirbúa og gera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum.

1. Horfur í atvinnumálum Suðurnesja.

Atvinna á Suðurnesjum byggist að mestu á sjávarútvegi og starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Vegna slæms ástands fiskstofna og vannýttrar afkastagetu fiskiskipa er ekki hægt að gera ráð fyrir fjölgun sjómanna. Frystihús á Suðurnesjum eru tiltölulega mörg en lítil. Afkastageta þeirra nýtist illa vegna sveiflna í fiskveiðum og skorts á búnaði í mörgum tilvikum. Framtíðarþróun fiskvinnslunnar getur því allt eins leitt til aukinnar tæknivæðingar og hagræðingar fremur en meiri vinnuaflsnotkunar. Vegna harðnandi samkeppni í Atlantshafsflugi og samdráttar í starfsemi Flugleiða er ekki fyrirsjáanleg nein aukning í flugrekstri á Keflavíkurflugvelli. Jafnvel gæti sá samdráttur, sem verið hefur í þeirri starfsemi, haldið áfram. Af því, sem að framan segir, er ljóst að mjög lítill vöxtur, ef ekki samdráttur, er fyrirsjáanlegur í undirstöðuatvinnugreinum Suðurnesja.

Mjög stór hópur ungs fólks er nú að vaxa úr grasi á Suðurnesjum. Meðalstærð þeirra aldursárganga, sem nú eru að byrja að koma inn á vinnumarkað, er ca. 270—290 manns, en meðalstærð þeirra aldursárganga, sem hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs, er ca. 50—70 manns. Aldrei skila allir sér inn á vinnumarkað, en varlega áætlað þurfa að bjóðast a. m. k. 150 ný störf á ári svo allir þeir nýliðar, sem koma inn á vinnumarkað, eigi kost á atvinnu heima fyrir.

2. Hvað er til ráða?

Í drögum að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes, sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar birti í nóvember 1980, er bent á að uppbygging iðnaðar sé líklega besta leiðin til aukinnar atvinnu og bættra tekna á svæðinu. Á Suðurnesjum eru mjög góðar aðstæður til iðnþróunar hvað framboð á orku og hráefnum snertir, en hins vegar vantar þar mjög tækni- og verkkunnáttu í iðnaði. Af þeim sökum er ólíklegt að iðnaður vaxi í neinum mæli nema til komi sérstakar aðgerðir í iðnþróun. Það er reynslan frá Shannon á Írlandi, að tilkoma fríiðnaðarsvæðisins þar hefur leitt til stóraukinnar tækni- og verkþekkingar í iðnaði á svæðinu, auk annars konar ávinnings. Þess vegna er vel þess virði að athugað sé hvort einn liður í eflingu iðnaðar á Suðurnesjum gæti hugsanlega orðið stofnun fríiðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

3. Hugmyndir um fríiðnaðarsvæði.

Þegar þotur urðu algengar í Atlantshafsflugi laust fyrir 1960 féllu millilendingar til eldsneytistöku á Shannon á Írlandi að mestu niður. Hafði það í för með sér mikið atvinnuleysi í nálægum byggðarlögum. Stjórnvöld á Írlandi brugðust við þessum vanda með því að stofna sérstakt þróunarfélag Shannonflugvallar. Meginhlutverk þess var að finna leiðir til þess að tryggja vöxt og viðgang flugvallarsvæðisins, örva farþega- og vöruflutninga um völlinn og efla atvinnulíf í byggðarlögum nálægt vellinum. Í þessu skyni kom þróunarfélagið á fót fríiðnaðarsvæði við Shannonflugvöll árið 1959. Strax í upphafi voru eftirfarandi fríðindi boðin fyrirtækjum er vildu koma til Shannon:

a) Algjört tollfrelsi að því er snerti innflutning á hráefnum, vélum og tækjum til framleiðslunnar. Sama máli gegndi um útflutning fullunninnar vöru.
b) Leiga til 25 ára á verksmiðjubyggingum sem þróunarfélagið reisti. Byggingar þessar voru annaðhvort staðlaðar byggingar eða reistar í samráði við fyrirtækið. Leigan miðaðist við byggingarkostnaðinn.
c) Óafturkræf fjárframlög er svöruðu til helmings af kostnaðarverði véla sem kaupa þurfti fyrir hlutaðeigandi verksmiðju.
d) Sérþjálfun verksmiðjufólks hinum erlendu fyrirtækjum að kostnaðarlausu.
e) Algjört skattfrelsi til 1983. Þetta þýddi 25 ára skattfrelsi fyrir þau fyrirtæki sem fyrst hösluðu sér völl í Shannon, en það gerðist árið 1959.

Skattfrelsi er boðið á útflutningshagnaði a. m. k. til 1990 ef starfsemi hefst fyrir 1981. Gildir þetta raunar fyrir öll útflutningsfyrirtæki á Írlandi. Fjármagnsfyrirgreiðsla hefur nú verið aukin og styrkir til rannsókna og vöruþróunar standa til boða. Þá má nefna þjónustu hvers konar við atvinnurekstur, bæði viðskiptalega og tæknilega.

Nú eru á Shannon-fríiðnaðarsvæðinu iðnaðarfyrirtæki, þjónustufyrirtæki og vöruhús sem veita um 4500 manns atvinnu og þekja um 200 þús. m² gólffleti. Samtals eru þetta um 100 fyrirtæki og er mjög lítið um stórfyrirtæki þar. Framleiðslan er einkum á sviði rafeinda- og raftækjasmíði, efnaiðnaðar og verkfæragerðar.

Reynslan af fríiðnaðarsvæðinu í Shannon er mjög góð. Auk þess að hafa veitt þúsundum Íra atvinnu hefur mikil verkþekking verið flutt inn í landið. Þá hafa Írar einnig öðlast á þessari starfsemi mikla reynslu í iðnþróunaraðgerðum. Má nefna að Shannon-þróunarfélagið vinnur nú að uppbyggingu atvinnu á um 4800 km² svæði umhverfis Shannon.

Fjölmargar þjóðir, sem búa við atvinnuleysi, einkanlega í þróunarlöndunum, hafa fylgt fordæmi Íra og eru nú rekin nokkur hundruð fríiðnaðarsvæði í heiminum. Á öllum þessum stöðum eru mikil fríðindi í boði fyrir þau fyrirtæki sem þangað vilja koma. Mjög ólíklegt er að það sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir Íslendinga að keppa á almennum grundvelli við önnur fríiðnaðarsvæði í heiminum um að fá til sín erlend fyrirtæki. Á meðan atvinnuástand er jafngott og raun ber vitni á Íslandi getur varla talist hagkvæmt að bjóða erlendum fyrirtækjum sömu kjör og önnur fríiðnaðarsvæði bjóða. Hins vegar virðist full þörf á að kanna hvort einhver erlend fyrirtæki sjái sér hag í því að koma hingað á lakari kjörum en annars staðar vegna þeirra sérstöðu aðstæðna sem í boði yrðu, svo sem jarðhiti, ódýrt rafmagn, vinnuafl með tækniþekkingu í sjávarútvegi, að mestu tollfrjáls aðgangur að Evrópumörkuðum og lega mitt á milli Ameríku og Evrópu. Ekki er vafi á því, að fjölmörg íslensk fyrirtæki mundu sjá sér hag í því að reka sína starfsemi á fríiðnaðarsvæðinu. Varðandi slíkt þyrfti að kanna hvort fríiðnaðarsvæði sé hagkvæm leið til þess að efla íslenskan útflutningsiðnað eða hvort einhverjar aðrar ráðstafanir væru jafngóðar eða betri.

4. Ávinningur af fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli.

Með því að setja á stofn fríiðnaðarsvæði er verið að hvetja til stofnunar atvinnurekstrar sem að öðrum kosti væri vart mögulegur — eða hagkvæmur — í

landinu. Þeir, sem helst virðast munu hafa áhuga á aðstöðu og rekstri á fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli, eru aðilar á eftirtöldum vettvangi:

A) Japönsk og bandarísk fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka samsetningarverksmiðju hér vegna nálægðar við Evrópumarkað og vegna þess tollfrelsis sem þau nytu gagnvart innflutningi til landa EFTA og Efnahagsbandalagsins.

B) Sérhæfð alþjóðleg fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka vörugeymslur á Keflavíkurflugvelli vegna hagstæðrar legu hans mitt á milli Evrópu og Norður-Ameríku.

C) Ekkert fríiðnaðarsvæði í heiminum, svo vitað sé, getur boðið upp á jarðhita, en hann má nýta á ýmsa vegu í iðnaði. Einnig gæti reynst hagkvæmt að nýta hann til eldis á verðmætum krabbadýrum, t.d. humri og rækju, fiskum og e. t. v. til kjúklingaeldis í stórum stíl. Tollfrelsi á fóðri mundi e. t. v. hafa mjög hvetjandi áhrif á slíka starfsemi.

D) Einn möguleiki enn er að kjötvinnslufyrirtæki kaupi dilkakjöt og njóti útflutningsbóta á kjötinu eins og aðrir útflytjendur. Bæði í Færeyjum og á Nýfundnalandi er markaður fyrir unnar kjötvörur sem íslensk kjötvinnslufyrirtæki gætu hugsanlega komist inn á. Ekki er þó víst að fríiðnaðarsvæði þurfi til þess að framkvæma þessa hugmynd.

E) Þá eru ýmsir möguleikar fyrir hendi í rafeindaiðnaði sem er tengdur sjávarútvegi og nýtingu annarra auðlinda á hafi úti. Ef tækniþekking er fyrir hendi má þróa upp ný tæki á þessu sviði vegna þeirrar reynslu og verkþekkingar sem fyrir hendi er í fiskvinnslu og sjómennsku.

Eins og áður er drepið á virðast framtíðarmöguleikar atvinnulífs á Suðurnesjum að mestu bundnir við iðnað. Hins vegar er lítil reynsla og tækniþekking í iðnaði fyrir hendi á svæðinu. Ekki er vafi á því, að stofnun fríiðnaðarsvæðis mundi bæta þar verulega úr auk þess sem fjölbreytni í atvinnuvali mundi aukast. Þá gæti samstarf sveitarfélaga á Suðurnesjum og ríkisins um stofnun fríiðnaðarsvæðis síðar meir leitt til stofnunar þróunarfélags atvinnulífs á Suðurnesjum öllum.

Hugmyndin um fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli er vel þess virði að á henni verði gerð rækileg könnun. Hvers konar atvinnufyrirtæki mundu hafa áhuga á starfrækslu þar, hver væri efnahagslegur ávinningur að stofnsetningu þess og hvaða rekstrar- og eignarform væri heppilegast á svæðinu. Jafnframt ber að vara við of mikilli bjartsýni af niðurstöðum slíkrar könnunar, því samkeppni á milli fríiðnaðarsvæða í heiminum er mjög hörð og oft á tíðum boðin fjármagnsaðstoð sem er langt umfram það sem kemur til greina að bjóða hér á landi.

Sþ. 89. Fyrirspurnir. [86. mál]

I. Til kirkjumálaráðherra um fjölgun presta.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Auglýst hefur verið ný staða prests á Akureyri með umsóknarfresti til 15. nóvember. Er lagaheimild fyrir þessari stöðu?
2. Hvers vegna situr ekki í fyrirrúmi að fjölga prestum í Kópavogi, sem hefur töluvert fleiri íbúa en Akureyri?

II. Til iðnaðarráðherra um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvað líður framkvæmd á ályktun Alþingis frá 26. mars s. l. um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum?

Sþ. 90. Fyrirspurn [87. mál]

til forsætisráðherra um kostnað við utanlandsferðir á vegum Alþingis, ríkisstjórnar og ríkisstofnana.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Óskað er eftir upplýsingum um utanlandsferðir á vegum Alþingis, ríkisstjórnar og ríkisstofnana að meðtöldum ríkisbönkum á árinu 1980 og það sem af er þessu ári.

Í svari komi fram:

1. Nöfn þeirra, sem farið hafa utan, hvert farið, hverra erinda og hve langan tíma hver ferð tók.
2. Kostnaður vegna hverrar ferðar, ferðakostnaður annars vegar og dvalarkostnaður hins vegar.
3. Yfirlit yfir hver heildarferðakostnaður og fjöldi ferða nam hjá Alþingi, ráðherrum, stjórnarráði og ríkisstofnunum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um áætlanagerð og sérstakt átak í kalrannsóknum á Íslandi.

Flm.: Árni Gunnarsson, Stefán Jónsson, Egill Jónsson, Lárus Jónsson, Sighvatur Björgvinsson, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Eiður Guðnason, Finnur Torfi Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að efla til mikilla muna allar kalrannsóknir á Íslandi. Gerð verði sérstök áætlun um eflingu þessara rannsókna og stefnt að því að miðstöð þeirra verði að Möðruvöllum í Hörgárdal í fullu samráði og samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Greinargerð.

Kalskemmdir í grónum túnum eru einhver dýrasta gróðureyðing sem unnt er að greina frá. Kal veldur bændum gífurlegu tjóni ár hvert og virðast engin ráð mega stöðva þennan vágest. Rannsóknir, sem gætu dregið úr eða komið í veg fyrir kalskemmdir, yrðu fljótar að skila arði. Það þarf ekki að tíunda þýðingu þessara rannsókna.

Fjárhagstjón bænda af völdum kals kemur m. a. fram í endurvinnslukostnaði, lélegri áburðarnýtingu, lélegum heyjum, sem síðan leiða til slakra afurða af búfé, dýrum heyflutningum og aukinni kjarnfóðurgjöf vegna lítilla heyja.

Rannsóknarstarfsemi á að koma á undan annarri starfsemi í landinu, ryðja brautina og taka á sig hugsanleg áföll. Hér hefur hún brugðist, bændur hafa orðið fyrir áfallinu og þar með þjóðin öll, en vísindamenn vita lítið um ástæður eða orsakir. Úr þessu þarf að bæta með stórfelldu átaki. Í þeim efnum nægir að benda á skýrslu OECD frá 1971 þar sem segir orðrétt: „It is obvious that, for instance, a partial solution of the frost damage problems affecting the Icelandic farmlands in recent years, could be of extreme benefit in terms of short time increased output and operational safety."

Bjarni E. Guðleifsson, einn helsti sérfræðingur Íslendinga í kalrannsóknum, hefur lengi haldið því fram, að kalrannsóknir þyrfti að taka út sem sérstakt rannsóknarefni, hliðstætt t. d. landgræðsluáætlun. Aðrir hafa látið í veðri vaka að hinar almennu jarðræktarrannsóknir jurtakynbótamanna og jarðvegsfræðinga mundu nægja. Árangur hefur hins vegar lítill orðið og kalrannsóknir hafa á þennan hátt ávallt orðið útundan.

Bjarni E. Guðleifsson telur að rannsóknir á kali hérlendis þurfi að vera tvíþættar: Annars vegar tilraunir í túnum, en þær taka oft langan tíma vegna þess að kalskemmdir verða ekki nema af og til. Hægt er að framleiða kal í þessum tilraunum með tilteknum aðferðum. Hins vegar má einnig prófa þol grasa í rannsóknarstofum. Þá eru grösin ræktuð í gróðurhúsi, síðan sett í gróðurskáp og hert, líkt og gerist á haustin í náttúrunni, og loks sett í frystikistu og mælt þol þeirra gegn frosti (frostþol) eða gegn langvarandi svellum (svellþol). Þannig má reyna þol grastegunda og stofna svo og þol grasa sem hafa fengið mismunandi meðhöndlun við slátt, beit og áburðargjöf.

Meðal annars vegna þessa tvíþætta eðlis kalrannsókna er nánast einboðið að þær verði stundaðar nærri kalsvæðum, og er tilraunastöðin að Möðruvöllum vel í sveit sett hvað það snertir. Ef nægilegt fjármagn fengist mætti innrétta þar gamalt fjós til kalrannsókna, og er það stefna ráðamanna á Möðruvöllum. — Á síðasta vori veitti landbúnaðarráðherra styrk til tækjakaupa til Möðruvalla, og hafa verið keyptir hitamælar og pantaðar frystikistur til væntanlegra kalrannsókna. Það, sem á skortir, er upphitað gróðurhús og húsnæði fyrir frystikistur sem yrðu fimm. Því má skjóta hér inn í, að vart mun annað fjármagn hafa verið veitt sérstaklega úr ríkissjóði til kalrannsókna s. l. 10 ár.

Talið er nauðsynlegt að a. m. k. tveir sérfræðingar vinni að kalrannsóknum: einn, sem fengist við lífeðlisfræðilega þætti grasanna, og annar, sem rannsakaði jarðvegsfræðileg áhrif á kal grasa. Æskilegt hefði verið að jarðvegsfræðilegar rannsóknir yrðu skipulagðar í vetur, gögnum safnað næsta sumar og jarðvegsfræðingur færi síðan með þau utan næsta vetur til úrvinnslu.

Þess má geta, að Bjarni E. Guðleifsson er nú að vinna að uppgjöri á eftirtöldum rannsóknum og mun væntanlega birta niðurstöður í erlendum tímaritum:

1. Samanburður á þoli vallarfoxgrass og vetrarhveitis.
2. Frostþol og svellþol tegunda og stofna grasa.
3. Áhrif aldurs og sláttar á þol vallarfoxgrass.
4. Efnamyndun vallarfoxgrass undir svellum.
5. Lághitabakteríur á grösum í svellum.

Ritgerðirnar byggja á tilraunum og rannsóknum sem gerðar voru í Kanada. Sem helstu niðurstöður má nefna að íslenskir stofnar af vallarfoxgrasi eru ótrúlega þolnir, og það er ný vitneskja að lághitabakteríur vaxa oft á grösum undir svellunum og framleiða illþefjandi smjörsýru, svokallaða kal-lykt, sem bændur á kalsvæðunum kannast vel við.

Þar sem kalrannsóknir eru svo skammt á veg komnar hér á landi má nefna mikinn fjölda verkefna sem gætu orðið grundvöllur framtíðarrannsókna:

Jurtalífeðlisfræðilegar rannsóknir:

1. Athuganir á svellamyndun og kjörum grasa að vetri (jarðklaki, lághitabakteríur).
2. Rannsóknir á áhrifum nytja á þol grasa (sláttutími, sláttuhæð, sláttufjöldi, beit, N-áburður).
3. Rannsóknir á áhrifum aldurs á þol grasa (sáðtími, aldur túna).
4. Prófun á þoli tegunda og stofna grasa.

Jarðvegsfræðilegar rannsóknir:

1. Rannsókn á áhrifum jarðvegs á þol grasa (efnamagn, loftrými).
2. Endurvinnsla kalins lands (uppgræðsla, kýfing, þurrkun).

Talsverðar líkur má leiða að því, að kalrannsóknir séu eitthvert mikilvægasta verkefni á sviði landbúnaðarrannsókna sem nú liggur fyrir. Verður hér m. a. vitnað í orð Gunnars Guðbjartssonar á síðasta aðalfundi Stéttarsambands bænda, en þar sagði hann:

„Nú horfir illa með heyöflun í mörgum byggðarlögum. Kemur þar þrennt til: Mikið kal í túnum s. l. vor í mörgum landshlutum, síðbúin spretta allvíða og óhagstætt heyskapartíðarfar

í ágústmánuði eftir að farið var að slá að ráði, þar sem seint spratt. Þetta ástand getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir landbúnaðinn og þróun byggðar í landinu ... Hins vegar er náttúrufar á Íslandi með þeim hætti, að alltaf má búast við erfiðu veðurfari sem veldur bæði kali í jörð og einnig öðrum erfiðleikum við fóðuröflun. Eitt þýðingarmesta atriði í framtíðinni til að bæta og tryggja kjör bænda er að finna ráð til að mæta þessu, ráð til að minnka kalið og koma í veg fyrir grasbrest, sem af því leiðir, m. a. með tilraunum með ræktun kuldaþolinna grasstofna."

Landbúnaður á Íslandi er einhæfari en víða erlendis. Um það bil 98% af ræktuðu landi er nytjað sem tún, og uppskera af þessu landi, ásamt uppskeru beitilanda, er grundvöllur búfjárhaldsins. Vegna þess að hagstæðast er að afla mikils af ódýru grasfóðri, hlýtur uppskera graslendis að ráða miklu um hagfræðilega afkomu þeirra sem eiga sitt undir búfjárhaldinu. Kal og grasleysi hefur fyrr og síðar valdið mikilli uppskerusveiflu og þannig gert arð búfjárhaldsins fremur ótryggan. Þetta á við um Ísland í heild, en í mestum mæli norðurhluta landsins, en þar hafa í sumum tilvikum allt að 70 hundraðshlutar túna skemmst af kali. Það hlýtur því að hafa mikla fjárhagslega þýðingu að rannsaka orsakir þessara túnskemmda svo að ef til vill verði hægt að koma í veg fyrir slík áföll í framtíðinni.

Hér er ekki eingöngu verið að ræða um hag bænda, heldur þjóðarheildar.

Sþ. 92. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um eflingu atvinnulífs og uppbyggingu nýiðnaðar á Vestfjörðum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um eflingu atvinnulífs og aukna fjölbreytni atvinnustarfsemi á Vestfjörðum. Í áætluninni verði tillit tekið til sérkenna atvinnulífsins á Vestfjörðum, áhersla lögð á fyllri nýtingu vestfirskra náttúrugæða ásamt með þekkingu og reynslu Vestfirðinga á sviði útgerðar og fiskvinnslu og þeirri aðstöðu, sem þar hefur verið sköpuð, til frekari úrvinnslu sjávarafurða og til nýiðnaðar.

Að lokinni áætlunargerðinni skal ríkisstjórnin leggja hana fyrir Alþingi ásamt tillögu um framkvæmd hennar, þ. á m. um hvernig að hugsanlegri fjármögnun skuli staðið.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á s. l. vori, en náði ekki afgreiðslu og er því endurflutt. Tillögunni fylgdi svofelld greinargerð:

„Eins og kunnugt er hefur að undanförnu verið unnið að ýmsum athugunum á vegum stjórnvalda um nýjar stórvirkjanir og ný atvinnutækifæri og atvinnuuppbyggingu, sem þeim tengjast. Í því sambandi liggja nú fyrir áætlanir og ráðagerðir um frekari virkjanir og vatnsmiðlunarframkvæmdir á Þjórsársvæðinu, virkjun í Blöndu, Fljótsdalsvirkjun, hugmyndir um virkjun í Villinganesi og ráðagerðir og áætlanir um ýmsar smærri virkjunarframkvæmdir, þ. á m. jarðgufuvirkjanir, svo sem í Svartsengi og víðar.

Í tengslum við þessar virkjunarhugmyndir hafa stjórnvöld undirbúið og athugað ýmsar stórframkvæmdir á sviði atvinnumála, og má þar t. d. nefna magnesíumvinnslu á Austurlandi í tengslum við Fljótsdalsvirkjun, stálbræðslu, steinullarverksmiðju, stækkun álversins í Straumsvík eða byggingu nýs álvers annars staðar á landinu og svo má lengi telja.

Nú háttar þannig til í orku- og atvinnumálum í landinu, að einn landshluti sker sig þar úr sökum öryggisleysis í raforkumálum, einhæfni atvinnuvega og brottflutnings fólks. Sá landshluti er Vestfirðir.

Á Vestfjörðum hefur ekki verið byggt raforkuver síðan Mjólkárvirkjunarframkvæmdunum lauk. Smávirkjun var á dagskrá í Suður-Fossá á Rauðasandi fyrir nokkrum árum, en við þá framkvæmd hefur nú verið hætt. Ýmsar athuganir hafa verið gerðar á virkjunarkostum í Vestfjarðakjördæmi, bæði á sunnanverðum Vestfjörðum, í Djúpi og í Strandasýslu. Sennilega hafa fleiri frumkannanir í vatnsvirkjunarmálum verið gerðar á Vestfjörðum en á flestum öðrum stöðum á landinu af svipaðri stærð og ýmsar þessar frumkannanir hafa lofað góðu, þótt engir virkjunarkostir á Vestfjörðum geti talist til stórvirkjana, en þar við hefur setið. Athuganirnar hafa aldrei orðið meira en grófar frumkannanir svo ekkert liggur fyrir um mat virkjunarkostanna eða annað sem gæti orðið til þess að hægt væri að taka ákvörðun um næstu virkjunarframkvæmd á Vestfjörðum í mjög náinni framtíð.

Á meðan hefur hins vegar raforkuþörf Vestfirðinga farið vaxandi með ári hverju. Mikil uppbygging hefur verið í undirstöðuatvinnugrein landshlutans: fiskveiðum og fiskiðnaði, og eru nú ýmsar fullkomnustu fiskvinnslustöðvar á Íslandi staðsettar á Vestfjörðum. Raforkuþörf vestfirsks atvinnulífs hefur vaxið að sama skapi án þess að ný virkjun hafi verið byggð á svæðinu, þannig að svo var komið að tvo s. l. vetur hafa allar dísilrafstöðvar á Vestfjörðum verið keyrðar vikum saman til þess að svara þörfum fjórðungsins. Margar þessar stöðvar eru orðnar bæði gamlar og úr sér gengnar og geta bilað hvenær sem er, auk þess sem þær eru olíufrekari en nýrri stöðvar og mjög dýrar í rekstri. Þá hafa þessar stöðvar ávallt verið ætlaðar sem varastöðvar — til þess hugsaðar að grípa inn í orkuframleiðsluna um stutta hríð ef eitthvað gengi úrskeiðis — en ekki til þess að vera í svo til samfelldum rekstri. Með þessu móti hefur það gerst, að vikum saman um vetrartíma hefur ekkert varaafl verið til á öllu vestfirska rafveitusvæðinu og hefur þá ekkert mátt út af bregða í raforkumálunum svo stórtjón hlytist ekki af.

Vestfirðingar væntu þess, að úr mundi rætast með svonefndri Vesturlínu. Vissulega hefur hún afstýrt hreinu neyðarástandi, en þegar hún komst í gagnið gerðist það nokkuð jafnsnemma að skortur varð á raforku á Landsvirkjunarsvæðinu, svo Landsvirkjun hafði lítið að selja Vestfirðingum, og auk þess var Orkubúi Vestfjarða gert að kaupa raforku eftir línu þessari á mun hærra verði en öðrum viðskiptaaðilum. Fer þannig saman í landshlutanum orkuskortur og mikið öryggisleysi í raforkumálum annars vegar og hins vegar hærra orkuverð en flestum öðrum landsmönnum er gert að greiða. Þrátt fyrir þessar staðreyndir hafa allar umræður um virkjanir og aðgerðir í virkjunarmálum sniðgengið Vestfirði — það landssvæði sem þó þarf sennilega mest á slíkum framkvæmdum að halda.

Í tengslum við þessar orkuumræður hafa umræður og hugmyndir um eflingu atvinnulífs og uppbyggingu nýrra atvinnugreina einnig sniðgengið Vestfirði þótt fyrir liggi, að frá bæði atvinnulegu og búsetulegu sjónarmiði sé þörfin fyrir öflugt og fjölbreytt atvinnulíf sennilega hvergi meiri en þar. Umræðan um eflingu atvinnulífs og uppbyggingu nýrra atvinnugreina hefur mjög fallið í þann farveg, að saman fari slíkar framkvæmdir og bygging stórra virkjana á sama svæði. Slíkt er þó síður en svo einhlítt. Að vísu skapa stórvirkjunarframkvæmdir áður ópekkta möguleika í atvinnumálum, en bæði er, að alla þá möguleika þarf ekki endilega að nýta svo að segja á bökkum þeirra fallvatna, sem virkja á — allir Íslendingar eiga jafnan rétt til þess að geta notið góðs af auðlindum þjóðarinnar — og eins að hagkvæmt getur verið að nýta aðstöðu og þekkingu, sem fyrir er í landinu, til nýsköpunar í atvinnustarfsemi og styrkingar atvinnulífs án þess að gera þurfi í því sambandi ráð fyrir mjög orkufreku fyrirtæki.

Aðalatvinnuvegur Vestfirðinga er sjósókn og fiskvinnsla. Vestfirðir liggja vel við ýmsum auðugustu fiskimiðum við strendur Íslands og vestfirskir sjómenn hafa

að baki langa reynslu í sjósókn og mikla þekkingu bæði á aðstæðum á Vestfjarðamiðum og eins á meðferð og beitingu afkastamikilla veiðarfæra. Sambærilega sögu er að segja af landverkafólki, útgerðaraðilum og fiskverkendum. Á Vestfjörðum er fiskvinnslan orðin stóriðja, sem grundvallast á sérþekkingu, náttúrlegum aðstæðum og mikilli tækni, en í öllum þessum efnum eru Vestfirðingar í fremstu röð.

Slíkur stóriðnaður sem útgerð og fiskvinnsla á Vestfjörðum er orðin býður upp á margvísleg nýiðnaðartækifæri. Má þar t. d. nefna veiðarfæraiðnað og tilraunir, gerð dráttarbrauta og eflingu viðgerðarþjónustu fyrir fiskiskip, rafeindaiðnað í sambandi við hinn flókna og dýra tækjabúnað fiskiskipa og verkunarstöðva, hvers kyns þjónustuiðnað í sambandi við atvinnuveginn og fleira. Þá eru fjölmörg ónýtt atvinnutækifæri í sambandi við frekari úrvinnslu sjávarfangs — bæði afurða, sem til falla, og nýtingu annarra sjávarafurða en þeirra hefðbundnu. Þá má nefna stórkostlega, en að mestu ókannaða möguleika á fiskrækt og ræktun sjávarfiska í vestfirskum fjörðum, sem margir hverjir eru auðugir að æti. Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi, en mörg fleiri eru tiltæk.

Stjórnvöld hafa að mestu látið þessi mál fram hjá sér fara. Vestfjarðaáætlun var fyrsta landshlutaáætlun, sem hrundið var í framkvæmd, en aðeins var lokið við gerð 1. kafla þeirrar áætlunar, sem fjallaði um samgöngumál. Framkvæmdum við þann kafla áætlunarinnar er löngu lokið og hafa Vestfirðingar mátt þreyja bæði þorrann og góuna án þess að sjá framhaldið. Þeir hafa þó sjálfir, en af vanefnum, brotist í ýmsum nýiðnaðarframkvæmdum og stundum þurft að berjast þar einir, jafnvel í samkeppni við ríkisstyrkta aðila, en þó fyllilega haldið sínum hlut þótt þeir hafi orðið að kosta alla þróunarvinnu af eigin fé. Í þessu sambandi má nefna uppbyggingu rafeindaiðnaðar á vegum Pólsins á Ísafirði, þar sem áræðnir og duglegir einstaklingar hafa nýtt sér að hafa við bæjardyrnar þá þekkingu og aðstöðu, sem sækja má til fullkomnustu fiskvinnslustöðva á Íslandi, og í samvinnu við frystihúsin við Djúp hafið framleiðslu á rafeindavogum og búnaði, sem er eftirsóttur um allt land og gæti verið vísirinn að umfangsmiklum útflutningsiðnaði þar sem framleiddur yrði mjög verðmætur varningur sem í senn krefst aukins mannafla og byggir á íslenskri sérþekkingu og íslenskum séraðstæðum, sem við höfum umfram flestar aðrar þjóðir. Hversu vel mætti ekki nýta þá aðstöðu — nábýlið við fullkomnustu frystihús á landinu og samvinnuna við þá aðila íslenska, sem einna mesta og besta reynslu hafa af ábatasömum stórrekstri í útgerð og fiskvinnslu — sem þetta litla vestfirska fyrirtæki hefur notfært sér með góðum árangri, ef vilji og stuðningur við slíkt væri fyrir hendi af opinberri hálfu og það væri gert með markvissum hætti. Fjölmörg slík tækifæri bjóða vestfirskar aðstæður upp á þótt atvinnulíf sé þar nú einhæft, — tækifæri, sem nýta mætti til þess í senn að styrkja það atvinnulíf, sem fyrir er, og til þess að gera það fjölbreyttara og litríkara og við hæfi fleiri en fullhraustra karla og kvenna á besta aldri, sem hin erfiða atvinnustarfsemi Vestfirðinga byggir á.

Ýmislegt bendir nú til að hið hefðbundna atvinnulíf á Vestfjörðum kunni að eiga erfiðara uppdráttar á næstunni en verið hefur á þeim miklu uppgangstímum, sem að baki eru. Sveitarstjórnarmenn víða á Vestfjörðum eru farnir að hafa af þessu áhyggjur nokkrar, og víst er um það, að atvinnulífið vestra stendur nú ekki eins traustum fótum og oft áður. Einmitt þess vegna er tímabært að kanna sérstaklega uppbyggingu atvinnulífsins á Vestfjörðum og möguleikana á að efla það og auka fjölbreytni þess. Þar sem ráðagerðir eru nú uppi um stórframkvæmdir á þeim sviðum á ýmsum öðrum landssvæðum, sem eru ekki eins viðkvæm búsetulega og atvinnulega og Vestfirðir, er ástæðan fyrir samþykkt og framkvæmd þeirrar tillögu, sem hér er gerð, enn brýnni svo stjórnvöld skilji ekki þennan landshluta eftir útundan í þeim miklu framkvæmdum á sviði orku- og atvinnumála, sem ráðagerðir eru nú um."

Ed. 93. Frumvarp til laga [90. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:
Hæstarétt skipa átta dómarar. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

2. gr.

3. málsliður 2. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:
Þrír dómarar geta skipað dóm í opinberu máli, ef hin almenna refsing, sem við broti liggur, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að sex árum.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:
Nú forfallast hæstaréttardómari frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra þá, að fengnum tillögum dómsins, dómara í hans stað, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara eða hæstaréttarlögmann, sem fullnægi skilyrðum til að vera skipaður dómari í Hæstarétti. Er rétt, að setningin gildi, hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum aðilum að taka við setningu.
Nú er dómari settur til að gegna störfum í Hæstarétti í mánuð eða lengur, og skulu laun hans þá vera hin sömu og hinna reglulegu hæstaréttardómara. Ella ákveður Hæstiréttur þóknun fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómi eða úrskurði.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:
Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslið. Hæstaréttarritari skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

5. gr.

Í stað orðanna „200 þúsund krónur“ í 2. mgr. 13. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 24/1979, komi orðin: 7.000 krónur.

6. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist:
Forseti Hæstaréttar kveður til þrjá dómendur, er taka ákvörðun um slík meðmæli, svo og meðmæli samkvæmt 16. gr.

7. gr.

Í stað orðanna: „sekt að fjárhæð 200—4.000 krónur“ í niðurlagi 21. gr. laganna komi: allt að 2.000 króna sekt.

8. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:
Alla dóma Hæstaréttar og öll ágreiningsatkvæði skal birta orðrétt í dómasafni hans. Dóma og úrskurði héraðsdóms í sömu málum skal og birta orðrétta eða úrdrátt úr þeim, þar sem slíkt er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Rækileg efnisskrá skal fylgja hverju bindi hæstaréttardóma. Hæstiréttur felur einhverjum hæstaréttardómara eða öðrum hæfum manni að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þóknun, sem dómurinn ákveður.

9. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982.

Ákvæði 5. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1982 og 1983 getur dómsmálaráðherra samkvæmt tillögum Hæstaréttar sett tvo til þrjá dómara úr hópi þeirra manna, sem greindir eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, til viðbótar hinum reglulegu dómurum allt að sex mánuðum hvort ár.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af dómurum Hæstaréttar eftir viðræður við dómsmálaráðherra. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Fjöldi mála, sem skotið er til Hæstaréttar hefur verið þessi síðustu árin. Árið 1974 223, 1975 185, 1976 244, 1977 240, 1978 224, 1979 221 og 1980 250.

Einkamál hafa jafnan verið miklu fleiri en opinber mál. Síðasta árið hefur þó verið áfrýjað mun fleiri opinberum málum en áður, og fjöldi þeirra mála á þessu ári verður meiri en nokkru sinni fyrr. Kærumálum hefur og fjölgað síðustu árin.

Dæmd mál alls árin 1974 til 1980 voru sem hér segir: 1974 127, 1975 141, 1976 141, 1977 159, 1978 171, 1979 167 og 1980 168. Við samanburð á tölum yfir mál, sem skotið hefur verið til Hæstaréttar og tölum yfir dæmd mál verður að hafa það í huga, að gagnsakir svokallaðar eru innifaldar í áfrýjuðum málum, en þær eru síðan sameinaðar aðalsökum. Þá eru ávallt nokkur mál árlega, sem málsaðilar fella niður og ganga því ekki til dóms. Munurinn á málafjölda þeim, sem skotið er til Hæstaréttar og dæmdum málum þar, er því ekki eins mikill og framangreindar tölur gefa til kynna. Samt sem áður fjölgar þeim málum með ári hverju, sem bíða dóms og má segja, að stefni í algert óefni, ef ekki verður gripið til einhverra ráða. Það gefur e. t. v. einna gleggsta mynd af ástandinu að athuga hversu mikið þeim málum hefur fjölgað síðustu árin, sem eru tilbúin til málflutnings. Þá eru kærumál ekki meðtalin og gagnsakir hafa verið sameinaðar aðalsökum. Í september árið 1975 voru mál, sem voru tilbúin til flutnings, 74, í árslok 1978 voru þau 84, þar af 2 opinber mál, í árslok 1979 voru þau 120, þar af 2 opinber mál, en í lok síðasta árs voru þau 141, þar af 24 opinber mál. Í lok júní á þessu ári voru 144 mál tilbúin til flutnings, þar af 18 opinber mál.

Hjá ríkissaksóknara munu nú vera á milli 40 og 50 opinber mál til viðbótar, sem hefur verið áfrýjað og verið er að undirbúa til málflutnings.

Opinber mál eru að jafnaði látin hafa forgang og dæmd án verulegs dráttar, eftir að þau eru tilbúin til flutnings. Verði þeirri reglu haldið má ljóst vera, að þeim einkamálum, sem nú bíða flutnings, verður ekki lokið fyrr en á árinu 1983 við óbreyttar aðstæður. Þetta er allsendis óviðunandi. Skjót afgreiðsla dómsmála er höfuðnauðsyn í hverju réttarríki, en jafnframt verður að gæta hins fyllsta réttaröryggis. Ber því mikla nauðsyn til að bæta starfsaðstöðu Hæstaréttar, til þess að hann geti með skjótum og öruggum hætti leyst úr þeim mikla málafjölda sem þangað berst.

Ýmsar leiðir koma til greina til að stuðla að skjótari úrlausn mála fyrir Hæstarétti.

Á undanförnum árum hefur nokkrum sinnum verið lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um Lögréttu, en ekki fengið afgreiðslu. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir millidómstigi milli héraðsdóms og Hæstaréttar, sem yrði áfrýjunardómstóll í þeim málum, þar á meðal kærumálum, sem héraðsdómur dæmdi á fyrsta dómstigi, og kvæði þar upp endanlegan dóm, en fyrsta dómstig í stærri málum, sem síðan mætti áfrýja til Hæstaréttar. Með stofnun slíks dómstóls yrði létt miklu álagi af Hæstarétti. Engu að síður er nauðsynlegt að leysa úr þeim vanda, sem nú er við að glíma vegna hins mikla fjölda óafgreiddra mála.

Með frumvarpi þessu er lagt til að dómendum Hæstaréttar verði fjölgað úr sjö í átta. Með því móti gæti dómurinn starfað í tveim deildum í senn, sem þriggja manna dómur, er dæmdi kærumál og minni háttar áfrýjunarmál, og fimm manna dómur, sem dæmdi meiri háttar mál. Þá er lagt til að Hæstiréttur fái að ráða sérfróða menn dóminum til aðstoðar eins og tíðkast víðast hvar annarsstaðar á Norðurlöndum. Þeir yrðu að sjálfsögðu að vera lögfræðingar. Slíkt mundi mjög auðvelda störf dómaranna og auka vinnuafköst þeirra. Sem stendur eru engir slíkir sérfróðir aðstoðarmenn við réttinn. Þá er lagt til að lögleidd verði heimild til bráðabirgða til að setja tvo til þrjá varadómara allt að sex mánuðum á ári hvort ár árin 1982 og 1983. Mundi þá Hæstiréttur geta starfað í tveim fimm dómara deildum þann tíma. Svipað fyrirkomulag og þetta hefur tíðkast um nokkurn tíma í Finnlandi og var einnig í gildi í Noregi um skeið eftir stríðið. Rétt er að benda á, að þessari heimild er aðeins ætlað að gilda tvö ár. Að þeim tíma liðnum verður að taka málið til athugunar á ný.

Verður nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um fjölgun dómara. Vísast um það til athugasemda hér að framan. Þrátt fyrir dómarafjölgun þá, sem hér er mælt fyrir um, verða ákvæði 2. gr. a laga nr. 75/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, óbreytt, þannig að dóm skipa ýmist þrír, fimm eða sjö dómarar. Við meðferð og afgreiðslu annarra mála en dómsmála er hinsvegar gert ráð fyrir að allir dómararnir átta taki þátt í úrlausn máls nema öðruvísi sé kveðið á um. Er þá við það miðað, að atkvæði forseta dómsins ráði úrslitum, ef atkvæði verða jöfn.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að þrír dómarar geti dæmt opinbert mál, þótt refsing, sem við broti liggur, sé allt að sex ára fangelsi. Í núgildandi lögum er markið miðað við tveggja ára fangelsi. Mál geta verið einföld, þótt refsing, sem við broti liggur, sé allt að sex ára fangelsi, sbr. einkum ýmis auðgunarbrot. Eru því gild rök fyrir því, að hækka mörkin, svo sem hér er lagt til. Á það skal bent, að í frumvarpinu er í þessu efni miðað við hin almennu refsimörk, frumrefsimörk, er við eiga um brot. Nú geta refsimörk hækkað t. d. vegna ítrekunar, og haggar það ekki því, að unnt er að dæma mál í þriggja manna dómi, ef frumrefsimörk eru eigi hærri en sex ára fangelsi. Þótt t. d. sé um að ræða ítrekað þjófnaðarbrot og jafnvel þótt vanaafbrotamaður eigi í hlut, þá standa refsimörk þau, sem greinir í 255. og 72. gr. almennra hegningarlaga, því eigi í vegi, að þrír dómarar dæmi mál samkvæmt greinimarki frumvarpsins.

Um 3. gr.

Hér er mælt fyrir um varadómara og lagt til, að varadómara megi kalla til, þegar reglulegur dómari forfallast frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum. Það hefur ekki verið gert nema ekki séu nógu margir reglulegir dómarar til að dómurinn verði fullskipaður til að dæma mál.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að heimila ráðningu sérfróðra aðstoðarmanna. Horfa mundi til mikilla bóta, þótt þar væri aðeins um að ræða einn lögfræðing. Á það skal bent, að hæstaréttarritari mundi ekki anna störfum sínum aðstoðarlaust þann tíma, sem dómurinn starfaði í tveim fimm dómara deildum.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að áfrýjunarfjárhæð verði hækkuð úr 2.000,00 nýkrónum í 7.000,00 nýkrónur.

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi reglum verða allir dómarar Hæstaréttar að taka þátt í ákvörðun um, hvort leyfi til áfrýjunar máls skuli veitt. Þessi tilhögun er þung í vöfum og er lagt til að ákvörðunarvald um þetta verði í höndum þriggja dómara, er forseti Hæstaréttar kveður til.

Um 7. gr.

Hér er lagt til, að hækkuð verði fjárhæð sektar samkvæmt niðurlagsákvæði greinarinnar og tilgreind í nýkrónum.

Um 8. gr.

Dómar Hæstaréttar eru nú birtir orðrétt í dómasafni Hæstaréttar ásamt héraðsdómum. Með þessu ákvæði er lagt til, að heimilt sé að birta aðeins úrdrátt úr héraðsdómum, þar sem það er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Mundi þetta geta minnkað útgáfukostnað dómasafnsins að einhverjum mun.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða:

Rétt þykir að hafa heimildina til að setja viðbótardómara í ákvæði til bráðabirgða, þar sem hún á aðeins að gilda í tvö ár.

Sþ. 94. Fyrirspurnir. [91. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hver er orðinn heildarframkvæmdakostnaður við Kröfluvirkjun ásamt fjármagnskostnaði?
2. Hver eru áætluð rekstrarútgjöld og rekstrartekjur virkjunarinnar á yfirstandandi ári? Hvert þyrfti orkuverðið að vera frá Kröfluvirkjun, miðað við áformaða orkuframleiðslugetu virkjunarinnar í ár, til þess að orkuverðið gæti staðið undir rekstrar- og fjármagnskostnaði? Séu upplýsingar ekki tiltækar fyrir yfirstandandi ár er spurt um hliðstæðar upplýsingar fyrir árið 1980.
3. Hvenær er talið líklegt að Kröfluvirkjun nái fullri orkuframleiðslugetu, hvað er ráðgert að til virkjunarinnar þurfi að kosta miklu fjármagni til þess að svo geti orðið, miðað við þá reynslu sem fengist hefur af borunum, og hvenær má áforma að virkjunin geti sjálf af tekjum sínum staðið undir: a) rekstrarkostnaði, b) rekstrar- og fjármagnskostnaði?

II. Til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvenær má vænta þess, að frumvarp til laga um lánasjóð íslenskra námsmanna verði lagt fram?

III. Til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvenær má vænta þess, að frumvarp til laga um framhaldsskóla verði lagt fram?

IV. Til dómsmálaráðherra um endurskoðun á lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað líður framkvæmd á þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 29. maí 1980, um kaup og sölu á fasteignum, er fól í sér endurskoðun á lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938, og öðrum reglum sem um fasteignaviðskipti gilda?

Sþ. 95. Fyrirspurn [92. mál]

til viðskiptaráðherra um eftirvinnu- og aukagreiðslur til starfsmanna ríkisbankanna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hverjar voru eftirvinnu- og aukagreiðslur samtals til starfsmanna í hverjum ríkisbankanna árin 1979 og 1980?
2. Hvernig skiptust þessar greiðslur eftir launaflokkum?
3. Hverjar voru aðrar greiðslur, t. d. bifreiðastyrkir o. fl.?
4. Hvernig skiptust þær eftir launaflokkum?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 96. Frumvarp til laga [93. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi og í landhelgi Íslands.

Í lögum þessum telst hver sá maður útlendingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að flytja til landsins eða taka útlendinga í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, án leyfis félagsmálaráðherra.

Útlendingum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða, eða aðra

kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt lögum þessum eru eftirfarandi:

1. Að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, eða viðkomandi landssambands ef ekki er stéttarfélag á staðnum.
2. Að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis, sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir.
   Enn fremur skulu vera í ráðningarsamningi ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum svo og um greiðslur ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi sé einnig tilgreint hvernig háttað sé fæði og húsnæði svo og ákveðið hvernig með skuli fara þegar atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.
3. Í ráðningarsamningi skal vera ákvæði þess efnis að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar, sem 5. gr. laga þessara gerir ráð fyrir, áður en skrifað var undir samninginn, enda hvílir sú skylda á herðum atvinnurekanda eða umboðsmanns hans að sjá um að sú upplýsingaskylda sé rækt.
4. Að vottorð viðkomandi yfirvalda liggi fyrir um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir erlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn erlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.
5. Heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Heimilt er ráðherra að víkja frá þessu skilyrði þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Heimilt er félagsmálaráðherra að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða og gilda þá ekki ákvæði 2., 3. og 5. töluliðar 2. mgr. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fullnægt er skilyrðum þessarar greinar, þar með talið innlent heilbrigðisvottorð.

Atvinnuleyfi er jafnan bundið því skilyrði að útlendingur hafi leyfi til að dveljast hér á landi skv. lögum nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

4. gr.

Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um vinnustaðinn, tegund vinnu, aðila kjarasamnings og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum.

Í umsókn skal ennfremur færa rök fyrir nauðsyn þess að nota erlent starfsfólk og gera grein fyrir því hvaða tilraunir hafi verið gerðar til þess að ráða innlent starfsfólk í starfið.

Áður en atvinnuleyfi er veitt rannsakar vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað og nágrenni hans, en hún skal einnig leita til Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Stéttarsambands bænda, B.S.R.B. og B.H.M., eftir því sem við á, um almenna stefnumörkun varðandi innflutning erlends starfsfólks, með tilliti til atvinnuástands í landinu og á ákveðnum landssvæðum.

Leita skal einnig umsagnar útlendingaeftirlitsins áður en atvinnuleyfi er veitt.

5. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins útbýr og dreifir skriflegum upplýsingum til sendiráða Íslands, til opinberra vinnumiðlana erlendis og annarra sem þess óska. Í upplýsingum þessum skal greint frá reglum um dvalarleyfi, almennum launakjörum, vinnutíma, aðbúnaði við vinnu hér á landi, sköttum og opinberum gjöldum, rétti til yfirfærslu fjármuna og um réttindi og skyldur, sem erlent starfsfólk tekst á hendur við vistráðningu hérlendis. Þá skal ennfremur bent á sérreglu 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt atvinnurekenda til að fella

niður launagreiðslur þegar atvinna stöðvast af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Einnig skal gerð grein fyrir rétti fiskverkafólks til kauptryggingarsamninga.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fylgist með starfskjörum útlendinga hérlendis og framkvæmd á ráðningarsamningum þeirra, eftir því sem tilefni gefst til.

6. gr.

Hverskonar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólks til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum eða ónógum upplýsingum.

7. gr.

Atvinnuleyfi skv. 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

8. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og ef sérstakar ástæður mæla með því, getur félagsmálaráðherra veitt útlendingum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfi sé veitt ákveðnum atvinnurekanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann skv. 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. tekið tillit til:

1. Hve lengi útlendingur hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann á hér lögheimili,
3. hvort hann á íslenskan maka eða náin skyldmenni hér á landi,
4. hvort hann ætlar sér að vinna samskonar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væri veitt samkv. ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu eða eftirspurn eftir vinnuafli séu fyrir hendi.

Atvinnuleyfi skv. þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn. Eftir fimm ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma.

9. gr.

Útlendingi er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Leita skal umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Stéttarsambands bænda, B. S. R. B. og B. H. M., eftir því sem við á í slíku máli.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. Umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi og hafi átt það síðasta árið,
2. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu,
3. umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

Leyfi samkvæmt þessari grein er bundið við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slíkt leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

10. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

11. gr.

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. Útlendinga, sem stunda eingöngu nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir,
2. útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,
3. útlendinga, sem verið hafa íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenskan ríkisborgararétt,
4. útlendinga, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan,
5. danska ríkisborgara, sem lög nr. 18 24. mars 1944, sbr. lög nr. 85 9. okt. 1946, taka til,
6. útlendinga, sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að,
7. danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara er dvalið hafa þrjú ár samfleytt eða lengur í landinu.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, varða þann sektum, er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending, er starfar án leyfis. Sömu refsingu varðar það, ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Auk þess ber aðila að flytja ólöglega innflutt starfsfólk, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, úr landi eða sjá því fyrir flutningi innan þess tíma, sem ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Heimilt er ráðherra að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

Þegar umsókn um atvinnuleyfi er afgreidd ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða.

Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru skv. lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

13. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlendu menn ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal sá flutningur vera á kostnað þess er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað.

14. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 15. mars 1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 18. mars 1980 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til þess að kanna gildandi lög og reglur um kjör og aðbúnað farandverkafólks, þar með talið erlent verkafólk, og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Ásmundur Stefánsson, þáv. framkvstj. A. S. Í., Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, Jón S. Ólafsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Jósef Kristjánsson, starfsmaður baráttuhóps farandverkafólks, Þorsteinn Pálsson, framkvstj. Vinnuveitendasambands Íslands og Arnmundur Backman, aðstoðarmaður ráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Auk þess störfuðu með nefndinni þeir Hjörtur Hermannsson, framkvæmdastjóri og Þórir Daníelsson, framkvæmdastjóri.

Nefnd þessi hóf þegar störf og nálgaðist verkefnið frá upphafi með tvennum hætti, annars vegar víðtækri könnun á rétti og aðbúnaði innlendra farandverkamanna með það fyrir augum að semja nýjar reglur þar að lútandi og hins vegar með könnun á stöðu og rétti erlendra verkamanna hér á landi, gildandi ákvæðum samninga og laga á hinum Norðurlöndunum hvað þessu viðvíkur, í þeim tilgangi að endursemja lög um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frumvarp þetta er niðurstaða nefndarstarfs hvað varðar rétt erlendra manna og byggir á endurskoðun gildandi laga nr. 39/1951. Þá var höfð hliðsjón af lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965 og reglugerð um eftirlit með útlendingum nr. 148/1965. Þá var litið til þingsályktunartillögu sem borin var fram á Alþingi á vorþingi árið 1979, en þar ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á lögum nr. 39/1951 með það fyrir augum að leidd verði í lög fyllri ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra, sem vilja ráða erlenda menn í þjónustu sína, gagnvart þeim sem ráðnir eru, um launakjör, vinnutíma og aðbúnað við vinnu hér á landi. Ennfremur um skatta og önnur opinber gjöld svo og þær skyldur sem erlendir menn takast á hendur við vistráðningu hérlendis. Ennfremur að tryggð yrðu með lögum félagsleg og kjaraleg réttindi þeirra erlendu manna sem fá atvinnuleyfi hér á landi til jafns við heimamenn, eins og þau eru samkvæmt lögum og gildandi kjarasamningum á hverjum tíma. Sömuleiðis að skylda þá, sem leita eftir erlendu vinnuafli, til að hafa samráð við hlutaðeigandi stéttarfélög áður en erlendir starfsmenn eru vistráðnir. Auk þessa kannaði nefndin samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um málefni farandverkafólks, svo og skýrslu félagsmálaráðuneytisins um 60. alþjóðavinnumálaþingið í Genf árið 1975, sem fjallar að ýmsu leyti um þennan málaflokk. Ýmis önnur gögn voru og skoðuð í þessu sambandi, þ. á m. bæklingar og blöð frá hinum Norðurlöndunum.

Helstu breytingar sem frumvarp þetta felur í sér eru þær að nú er ráð fyrir því gert að skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita útlendingi samkvæmt lögunum séu, auk þess að fyrir liggi umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, að við umsókn liggi fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og viðkomandi starfsmanns, til tiltekins tíma eða verkefnis. Þessi ráðningarsamningur verður að tryggja erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir. Í ráðningarsamningi þessum skulu vera ýmsar upplýsingar sem varða starfskjör útlendings hér á landi, m. a. um ferðakostnað og heimflutning, ákvæði um húsnæði og hvernig með skuli fara þegar atvinna kann að falla niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979. Í ráðningarsamningi þeim sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir undirskrifaður þegar sótt er um atvinnuleyfi skal vera ákvæði þess efnis að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem nú er lagt til að félagsmálaráðuneytið gefi út og dreifi erlendis, sbr. 5. gr., áður en skrifað var undir samninginn.

Ákvæði frumvarpsins um fyrirliggjandi ráðningarsamning og dreifingu vinnumáladeildar félagsmálaráðuneytisins á upplýsingum erlendis er varða öll helstu atriði starfskjara á Íslandi er hvort tveggja nýmæli í lögum þessum, til þess fallin að tryggja betur en nú er að ráðningu erlends starfsfólks fylgi allar tiltækar upplýsingar um aðbúnað og starfskjör á Íslandi, og að aðilar hafi kynnt sér þær til hlítar áður en frá ráðningu er gengið. Ýmis önnur nýmæli laganna eru leidd af þessari kerfisbreytingu og verður þeirra getið í athugasemdum við einstakar greinar.

Þess skal getið, að Þorsteinn Pálsson lagði fram sérálit um texta 3., 4. og 12. gr. frumvarpsins. Sérálitið birtist sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Frumvarp þetta til laga um atvinnuréttindi útlendinga, sem nefndin samdi, var lagt fyrir Alþingi í febrúar 1981 í neðri deild sem vísaði því til félagsmálanefndar deildarinnar að lokinni fyrstu umræðu.

Nefndin tók frumvarpið til umfjöllunar á mörgum fundum og varð sammála um að leggja til að það yrði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hún flutti á sérstöku þingskjali, sbr. nefndarálit, dags. 18. maí 1981.

Með tilliti til breytingartillagna félagsmálanefndar, svo og breytingartillagna er borist hafa frá dómsmálaráðuneytinu, sem rétt hefur þótt að taka til greina að mestu leyti, hefur verið ákveðið að gera nokkrar breytingar á frumvarpinu og leggja það síðan á ný fyrir Alþingi haustið 1981.

Hér fer á eftir greinargerð nefndarinnar, sem samdi frumvarpið í upphafi, með þeim breytingum sem leiðir af ofanrituðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum er sá maður talinn útlendur, sem ekki er skylt að leyfa landvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum. Hér er lagt til að skilgreining á því hver er útlendingur sé alfarið miðuð við íslenskan ríkisborgararétt.

Um 2. gr.

Óbreytt að efni til.

Um 3. gr.

Í 3. gr. núgildandi laga segir að félagsmálaráðherra hafi heimild til þess að veita atvinnuleyfi að fengnum tillögum verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein og skulu þau veitt vinnuveitendum ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem vegna sérfræðikunnáttu eða þess að atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir samskonar heimild til handa félagsmálaráðherra, en hins vegar með talsvert hertum skilyrðum og nýjum reglum varðandi leyfisveitingar almennt til útlendinga.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, eins og áður, að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein. Ef stéttarfélag er ekki til á staðnum í viðkomandi starfsgrein er hér lagt til það nýmæli að leitað skuli til viðkomandi landssambands um umsögn. Í öðru lagi er gerð til þess krafa að áður en umsókn um atvinnuleyfi er lögð inn hjá félagsmálaráðuneytinu liggi fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis, og í honum séu ákvæði þess efnis að erlendum starfsmanni verði tryggð laun og öll önnur starfskjör til jafns við heimamenn ásamt viðeigandi tilvísun til þess kjarasamnings sem um þau kjör og starfsgrein gilda.

Þá er gerð til þess krafa að í ráðningarsamningi sé ákvæði um flutning viðkomandi starfsmanns frá Íslandi að starfstíma loknum, og ennfremur um greiðslu á ferðakostnaði og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi skal einnig vera tilgreint hvernig háttað sé fæði og húsnæði fyrir hinn erlenda starfsmann svo og hvernig skuli með fara ef atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.

Í 3. tl. greinarinnar er gert ráð fyrir að í ráðningarsamningi sé ákvæði þess efnis, að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins útbýr og dreifir erlendis, áður en skrifað er undir samninginn, enda hvílir sú skylda á herðum atvinnurekanda eða umboðsmanns hans að sjá um að sú upplýsingaskylda sé rækt. Töluliður þessi tengist ákvæðum 5. gr. frv., en þar er ráð fyrir því gert, að vinnumála-

skrifstofa félagsmálaráðuneytisins taki nú að sér að útbúa og dreifa skriflegum upplýsingum til íslenskra sendiráða erlendis, opinberra vinnumiðlana og annarra sem þess óska. Upplýsingar þessar skulu vera nokkuð víðtæk heimild um almenn starfskjör á Íslandi, bæði hvað varðar efni kjarasamninga og þau lög sem mestu máli skipta í því sambandi, t. d. aðbúnað, öryggi og hollustuhætti, skatta og opinber gjöld, rétt til yfirfærslu fjármuna o. s. frv.

Með 3. og 5. gr. frv. er því nokkurn veginn tryggt að sá útlendingur sem ráðinn er til atvinnu á Íslandi sé kunnugur öllum starfsskilyrðum og kjaraatriðum hér á landi.

Í 4. tl. 3. gr. er gerð til þess krafa að vottorð viðkomandi yfirvalda liggi fyrir um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði til ráðstöfunar fyrir erlendan starfsmann ef þannig hagar til að atvinnurekandi leggur til húsnæði. Ákvæði þetta beinist auðvitað fyrst og fremst að svokölluðum verbúðum fyrir farandverkafólk, að tryggt sé með vottorði viðkomandi yfirvalda að þær uppfylli lágmarkskröfur um aðbúnað. Hér er um nýmæli að ræða í lögunum.

Í 5. tl. er gert ráð fyrir því að skilyrði þess að veita megi atvinnuleyfi vegna útlendings sé að heilbrigðisvottorð viðkomandi liggi fyrir ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en hann kom til landsins. Ráðherra er þó heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Öll atriði 3. gr. eru skilyrði fyrir því að fullnaðaratvinnuleyfi megi veita vegna útlendings hér á landi. Hins vegar er ráð fyrir því gert í greininni að ráðherra sé heimilt að veita svokallað nafnlaust bráðabirgðaatvinnuleyfi. Gilda þá ekki ákvæði 2., 3. og 5. tl. þ. e. um undirskrifaðan ráðningarsamning, um það að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér upplýsingar og heilbrigðisvottorð. Hins vegar er ekki heimilt að veita fullnaðaratvinnuleyfi fyrr en skilyrðum þessum ásamt öðrum skilyrðum greinarinnar er fullnægt.

Þá er í niðurlagi greinarinnar sett það ákvæði að atvinnuleyfi sé jafnan bundið því skilyrði að útlendingur hafi leyfi til að dveljast hér á landi skv. lögum nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

Um 4. gr.

4. gr. er nýmæli einnig. Þar er gert ráð fyrir að hin nýstofnaða vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins hafi eftirleiðis með veitingu atvinnuleyfa fyrir erlent starfsfólk að gera. Með umsókn þangað um atvinnuleyfi eiga nú að fylgja upplýsingar um vinnustað, tegund vinnu, aðila kjarasamnings þess sem á svæðinu og í starfsgreininni gildir og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum. Einnig ber að færa rök fyrir nauðsyn þess að nota erlent starfsfólk og gera grein fyrir því hvaða tilraunir hafi verið gerðar til þess að ráða innlent starfsfólk í starfið. Gert er ráð fyrir því að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins kanni síðan sjálfstætt áður en atvinnuleyfi er veitt, hvert atvinnuástand er á viðkomandi stað og leiti til sambanda aðila vinnumarkaðarins um almenna stefnumörkun í innflutningi erlends starfsfólks með sérstöku tilliti til atvinnuástands í landinu og á ákveðnum landssvæðum.

Samkvæmt gildandi lögum um vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins er það hlutverk hennar að fylgjast náið með atvinnuástandi í landinu og reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi eftir bestu getu. Rétt þótti því að tengja veitingu atvinnuleyfa vegna erlendra starfsmanna þeim upplýsingum og því starfi sem unnið er á skrifstofunni að öðru leyti hvað varðar atvinnuástand í landinu.

Í síðustu mgr. 4. gr. eru sett ákvæði um að leita skuli umsagnar útlendingaeftirlits áður en atvinnuleyfi er veitt.

Um 5. gr.

Sjá hér athugasemdir við 3. gr.

Grein þessi er einnig nýmæli og gerir ráð fyrir því að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins dreifi á þeim stöðum erlendis, sem ætla má að útlendingar leiti til þess að athuga um ráðningar til landsins, upplýsingabæklingum eða blöðum, sem greini ítarlega frá launakjörum og öðru er lýtur að starfskjörum og dvöl í landinu, möguleikum á yfirfærslu

fjármuna, sköttum, opinberum gjöldum o. s. frv. Þá er sérstaklega tekið fram að í upplýsingunum skuli bent á og útskýrð þau ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1979, sem heimila atvinnurekendum á Íslandi að fella niður launagreiðslur þegar atvinna stöðvast af ófyrirsjáanlegum ástæðum, svo sem eins og hráefnisskorti í fiskvinnslu. Einnig skal gera grein fyrir rétti fiskverkafólks til kauptryggingarsamninga. Þykir full ástæða til þess að leggja þetta nýmæli til í frumvarpinu, bæði hvað snertir almennt upplýsingaskyldu til útlendinga og einnig til að draga fram þær sérreglur sem verulegu máli kunna að skipta varðandi forsendur ráðningarinnar, eins og 3. gr. laga nr. 19/1979 er, og hvernig aðilar vinnumarkaðarins hafa mætt henni með samningum um kauptryggingu verkafólks í fiskiðnaði. Vitneskja um þessi atriði hlýtur að hafa verulega þýðingu fyrir útlending sem á allajafna hvergi höfði sínu að halla hér á landi. Eins og áður segir undir 2. tl. 3. gr. skal það svo fastmælum bundið í ráðningarsamningi hvernig með skuli fara þegar og ef atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum.

Að lokum er gert ráð fyrir því að vinnumálaskrifstofan fylgist með starfskjörum útlendinga hérlendis eftir því sem tilefni gefast til.

Um 6. gr.

Grein þessi er nýmæli og þess efnis að nú er lagt til að bannaður verði allur áróður sem er til þess fallinn að hvetja til innflutnings á verkafólki ef sá áróður er blekkjandi eða byggir á röngum eða ónógum upplýsingum.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 4. gr. núgildandi laga og er óbreytt.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt eins og 5. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að í 3. tl. 2. mgr. er orðalagsbreyting þannig að í stað orðalagsins „hvort hann er kvæntur íslenskri konu“ kemur „hvort hann á íslenskan maka.“

Í niðurlagi 8. gr. er þó lagt til það nýmæli að eftir fimm ára samfellda búsetu megi veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma. Eru hér sérstaklega höfð í huga þau tilvik þegar útlendingar hafa starfað hér árum saman án þess að sýna á sér fararsnið eða sækja um ríkisborgararétt í landinu. Ástæðulaust virðist vera eftir til dæmis fimm ára búsetu, eins og lagt er til í greininni, að leggja þá kvöð á slíka útlendinga að sækja árlega um atvinnuleyfi til félagsmálaráðuneytisins.

Um 9. gr.

Greinin er í öllum aðalatriðum óbreytt frá núgildandi lögum, með þeirri breytingu þó, að hér er lagt til að atvinnuleyfi skv. greininni megi ekki veita nema að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Stéttarsambands bænda, B.S.R.B. og B. H. M., eftir því sem við á í hverju tilviki.

Um 10. gr.

Grein þessi er samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Fjórir fyrstu töluliðir greinarinnar samsvara 8. gr. gildandi laga. 5.—7. tl. eru nýmæli. Í 7. tl. eru sett ákvæði þess efnis að ekki þurfi að sækja um atvinnuleyfi fyrir danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara sem dvalið hafa hér á landi þrjú ár samfleytt eða lengur.

Um 12. gr.

Greinin er í öllum aðalatriðum sama efnis og 9. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir því að ráðherra hafi heimild til að stöðva þær framkvæmdir sem nota skyldi útlendinga til, þar til þeir

eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Í frumvarpinu eru ákvæði um lágmark og hámark sekta felld niður.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar eru sambærilegar 10. og 11. gr. núgildandi laga.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Sérálit Þorsteins Pálssonar.

3. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um er að ræða erlenda sérfræðinga eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Útlendingar skulu njóta launa og starfskjara sem heimamenn og hafa réttindi og bera skyldur í samræmi við viðkomandi kjarasamning.

Áður en atvinnuleyfi er gefið út skal leita eftir umsögn viðkomandi verkalýðsfélags eða landssambands, ef ekki er verkalýðsfélag á staðnum.

Sé útlendingur ráðinn erlendis getur ráðherra sett það skilyrði fyrir útgáfu atvinnuleyfis, að atvinnurekandi greiði ferð útlendings frá Íslandi að ráðningartíma loknum, svo og ef um er að ræða heimflutning vegna veikinda, sem gera útlendingi ókleift að vinna út ráðningartímabilið að mati læknis. Skilyrði þetta gildir eigi, ef útlendingur riftir ráðningarsamningi af ástæðum, sem atvinnurekandi á ekki sök á.

Ráðherra er ennfremur heimilt að binda atvinnuleyfi því skilyrði, að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir útlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn útlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.

Heimilt er félagsmálaráðherra að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fyrir liggur heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Fullnaðaratvinnuleyfi má eigi heldur veita nema fyrir liggi undirrituð yfirlýsing útlendings þess efnis að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar, sem kveðið er á um í 5. gr. þessara laga. Heimilt er ráðherra að víkja frá skilyrðum þessarar mgr. þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi, sem ekki hefur dvalarleyfi hér á landi skv. l. 45/1965 um eftirlit með útlendingum eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum.

4. gr. orðist svo:

Með umsókn um atvinnuleyfi skulu fylgja upplýsingar um tegund vinnu, aðila viðkomandi kjarasamnings og áætlaða lengd vinnutíma á ráðningartímanum. Í umsókn skal ennfremur tilgreina hvers vegna nauðsynlegt er talið að ráða útlending til vinnu.

12. gr. 2. mgr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

Almennt um sérálitið:

Með þessu sérálíti er fyrst og fremst stefnt að því að endurskoðun laganna leiði ekki til þess konar skriffinnsku, er annað hvort myndi hefta með óeðlilegum hætti möguleika á ráðningu útlendinga eða verða dauður lagabókstafur. Með því móti mundi endurskoðun laganna ekki ná tilgangi sínum. En það er tvímælalaust megingallinn á þeim frumvarpsdrögum, sem fyrir liggja, að þar er mælt fyrir um óraunhæfa skriffinnsku. Sérálitið miðar að því að gera framkvæmd leyfisveitinganna einfaldari í sniðum án þess að draga úr því öryggi útlendingum til handa, sem eðlilegt má telja að lögin veiti og beita má með lögum.

Um einstakar greinar sérálitsins.

Um 3. gr.

Fyrsta mgr. er óbreytt frá núgildandi lögum og í samræmi við frumvarpsdrögin. Meginbreytingin frá frumvarpsdrögunum er sú, að ekki er gert ráð fyrir að senda þurfi hvern ráðningarsamning til félagsmálaráðuneytisins. Fellt er niður ákvæði um tiltekið efnisinnihald ráðningarsamninga. Á hinn bóginn er kveðið á um að útlendingar skuli njóta launa og starfskjara sem heimamenn og hafa réttindi og bera skyldur í samræmi við viðkomandi kjarasamning, og er þá óþarfi að mæla fyrir um slíkt efnisinnihald í ráðningarsamningum. Jafnframt er kveðið á um rétt verkalýðsfélaga til umsagnar um atvinnuleyfi. Þá er ráðherra heimilt að binda atvinnuleyfi ákveðnum skilyrðum. Í fyrsta lagi, að atvinnurekandi greiði ferð útlendings frá Íslandi að ráðningartíma loknum, enda hafi útlendingur ekki rift ráðningarsamningi af ástæðum, sem atvinnurekandi á ekki sök á. Í öðru lagi, að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir útlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn útlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur. Sérstök vottorð vegna húsnæðis eru óþörf. Í því efni á venjulegt eftirlit að duga ásamt með ofangreindu skilyrði. Um þessi atriði ætti því að vera óþarft að hafa frekari skriffinnskureglur.

Ráð er fyrir því gert að ráðherra geti eftir sem áður gefið út bráðabirgðaleyfi. Skilyrði fyrir fullnaðarleyfi eru hins vegar þau, að fyrir liggi heilbrigðisvottorð og yfirlýsing um að útlendingur hafi kynnt sér upplýsingar þær sem kveðið er á um í 5. gr. frv. Ráðherra er þó heimilt að víkja frá þessum skilyrðum þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda. Með þessu móti má koma í veg fyrir tvöfalda skriffinnsku vegna þeirra upplýsinga, sem mælt er fyrir um í 5. gr. frv.

Bætt er við ákvæði er girða á fyrir, að ráðherra veiti útlendingi atvinnuleyfi, ef hann hefur ekki dvalarleyfi skv. 1. 45/1965 um eftirlit með útlendingum eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum. Ákvæði þetta er sett til þess að koma í veg fyrir ósamræmi í ákvörðun ráðuneyta.

Um 4. gr.

Felld er út krafa sú, sem gerð er í 4. gr. frv., um lýsingu á vinnustað í atvinnuleyfisumsókn. Almennt eftirlit með atvinnurekstri á að vera nægjanlegt í því efni og óþarfi að tvöfalda eftirlitið vegna útlendinga. Þá er dregið úr þeim kröfum sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. frv. enda ætti umsögn verkalýðsfélags að vera nægjanleg til þess að tryggja atvinnuhagsmuni Íslendinga. Sérstök athugun ráðuneytis um það efni yrði óþarfur tvíverknaður, nema tilefni gæfist. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlitskerfi af þessu tagi er 3. mgr. 4. gr. felld niður.

Um 12. gr. 2. mgr.

Hér er gert ráð fyrir eins og í gildandi lögum, að ráðherra geti stöðvað þær framkvæmdir með lögbanni, er nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Sú breyting er ein gerð að fellt er niður ákvæði þess efnis, að ráðherra þurfi ekki að setja tryggingu fyrir slíku lögbanni, enda má sú skipan teljast óeðlileg. Ekki verður á það fallist, að ráðherra geti stöðvað framkvæmdir án dómsúrskurðar eins og gert er ráð fyrir í frv.

Nd. 97. Frumvarp til laga [94. mál]

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936, með síðari breytingum.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

28. gr. laganna hljóði svo:

Tillögur til þingsályktunar skulu vera í ályktunarformi. Þær má aðeins bera upp í sameinuðu þingi, nema þær lúti að 39. gr. stjórnarskrárinnar. Tillögu skal prenta og útbýta, en eigi má umræða fara fram fyrr en daginn eftir útbýtingu.

Fjalli þingsályktunartillaga um stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana skulu fara fram um hana tvær umræður. Að lokinni fyrri umræðu skal tillögu vísað til nefndar. Við umræður gilda ákvæði 36. gr. Um tillögu um vantraust fer fram ein umræða og gilda þá ákvæði 36. gr.

Um aðrar þingsályktunartillögur fer fram ein umræða. Flutningsmaður, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, hefur allt að 10 mínútum til framsögu fyrir tillögunni. Þegar eftir ræðu hans skal umræðu frestað og málinu vísað til nefndar. Þegar meiri hluti nefndar hefur skilað áliti um tillöguna, tekur forseti hana á dagskrá. Framsögumaður eða menn, svo og flutningsmaður, hafa þá allt að 10 mínútum, en eftir það er ræðutími takmarkaður við 5 mínútur. Flutningsmaður og framsögumenn mega tala þrisvar, en aðrir þingmenn og ráðherrar tvisvar.

2. gr.

5. mgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra eða ráðherrar, sem hlut eiga að máli, svara síðan fyrirspurninni. Ráðherra og fyrirspyrjandi mega tala tvisvar hvor, ráðherra eigi lengur en 10 mínútur til svara og 5 mínútur í seinna skipti, fyrirspyrjandi 5 mínútur hvoru sinni. Aðrir þingmenn eða ráðherrar mega ekki taka til máls um fyrirspurnina.

3. gr.

Á eftir 33. gr. laganna komi ný grein svohljóðandi:

Forseti sameinaðs þings getur, þegar fundur hefur verið settur og áður en gengið er til dagskrár, heimilað umræðu utan dagskrár um aðkallandi mál, sem ekki þolir bið. Beri nauðsyn til getur forseti gert hlé á dagskrá og heimilað slíka umræðu.

Óski þingmaður að taka til máls utan dagskrár, skal hann bera fram beiðni um það við forseta sameinaðs þings eigi síðar en kl. 11 sama dag og umræðan á fram að fara. Skal hann greina umræðuefni skýrt og afmarkað. Snerti málið ráðherra skal hann látinn vita um umræðuna eigi síðar en kl. 12 sama dag.

Við umræðu utan dagskrár mega framsögumaður og ráðherra eigi tala lengur en 10 mínútur hvor, og tali þeir öðru sinni eigi meira en 5 mínútur hvor. Aðrir þingmenn eða ráðherrar mega ekki tala yfir 5 mínútur í senn tvisvar sinnum.

Umræður utan dagskrár eru óheimilar í deildum.

Við umræðu utan dagskrár má engar ályktanir gera.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. fjallar um þrjá þætti í störfum Alþingis, tillögur til þingsályktunar, fyrirspurnir og umræður utan dagskrár. Allir hafa þessir þættir vaxið mjög á síðari árum, stundum svo að þrengt hefur að löggjafarstarfinu, sem er meginverkefni þingsins.

Þessar breytingar felast í frumvarpinu:

1) **Tillögum til þingsályktunar er skipt í tvo flokka eftir efni þeirra. Fjalli þær um stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana (t. d. vegáætlunar) er gert ráð fyrir óbreyttri meðferð, tveim umræðum og nær ótakmörkuðum ræðutíma. Um allar aðrar tillögur skal fara fram ein umræða. Flutningsmaður fái 10 mínútur til framsögu, en síðan verði tillögunni vísað til nefndar án frekari umræðu. Þegar nefnd hefur afgreitt málið fer fram umræða um það, og fá framsögumenn nefndar og flutningsmaður 10 mínútur, en síðan er ræðutími takmarkaður við 5 mínútur. Þingsályktunartillögur verði aðeins leyfðar í sameinuðu þingi. Sá heildartími, sem þær taka, mundi við þessa breytingu styttast verulega.**
2) **Varðandi afgreiðslu fyrirspurna verði sú breyting gerð, að einungis fyrirspyrjandi og ráðherra, sem svarar, taki til máls. Við þetta styttist sá tími, sem þarf til afgreiðslu á hverri fyrirspurn, og ættu þá aðrar fyrirspurnir að fá afgreiðslu mun fyrr. Óvíst er að tími til fyrirspurna í heild styttist, en fleiri fyrirspurnum yrði svarað.**
3) **Sett verði í fyrsta sinn ákvæði í þingsköp um umræður utan dagskrár, en þær hafa á síðari árum orðið veigamikill og nauðsynlegur þáttur þingstarfa. Gert er ráð fyrir, að slíkar umræður fari aðeins fram í sameinuðu þingi, enda ekki eðlilegt, að önnur deildin ræði ein „aðkallandi mál, sem ekki þola bið.“ Settar eru hömlur á ræðutíma, svo að slíkar umræður fari ekki úr böndum eða ryðji öðrum þingstörfum frá.**

Starfshættir Alþingis hafa tekið miklum breytingum, síðan það var endurreist, enda hafa verkefni þingsins og vandamál íslensks þjóðfélags vaxið hröðum skrefum kynslóð eftir kynslóð.

Alþingi hefur samt sem áður farið með gát í meiri háttar breytingum á þingsköpum, og ekki gripið til þeirra nema á áratugs fresti (1936, 1947, 1952, 1964 og 1972). Er það viturleg stefna, enda hefðir þingsins dýrmætar.

Þrátt fyrir þetta er ekki úr vegi að hyggja nú að ýmsum breytingum, sem þingmenn hafa um skeið rætt sín á milli. Hefur hugmyndum verið komið á framfæri í frumvörpum undanfarin ár, til dæmis varðandi nefndir þingsins. Þá er ljóst, að verði gerð sú stjórnarskrárbreyting að skipa þinginu aftur í eina málstofu kallar það á endurskoðun þingskapa.

Í þessu frv. eru aðeins tekin til athugunar þrjú atriði, sem mörgum hefur fundist tefja fyrir löggjafarstarfinu, höfuðverkefni þingsins. Síðustu hálfa öld hafa þingsályktunartillögur, fyrirspurnir og umræður utan dagskrár vaxið mjög að fyrirferð í þingstörfum, fylla nú tvo fundardaga af fjórum í viku hverri, og dugir varla til. Er augljóst, að þingið þarf að setja skorður við þessari þróun og hefta vöxt þessara þátta hvað tíma snertir til að bein lagasetning njóti þess forgangs, sem hún verður að hafa.

Á Alþingi hefur til skamms tíma ríkt nálega algert málfrelsi. Að vísu hafa þingmenn aðeins fengið að tala tvisvar í hverri umræðu, en þeim er sjaldan neitað um athugasemd til viðbótar. Ræðutími hefur verið ótakmarkaður. Ákvæði þingskapa um takmörkun umræðu hafa reynst illa, en helsta ráð forseta er að grípa til næturfunda.

Árið 1972 var stigið stórt skref í þessum efnum, er umræður um fyrirspurnir voru takmarkaðar við 2 mínútna ræðutíma annarra en fyrirspyrjanda og ráðherra. Þá var rætt um að stíga skrefið til fulls og heimila ekki öðrum að tala um fyrirspurn en þeim, sem hana flytur, og ráðherra, er svarar. Nú er, að fenginni áratugs reynslu, lagt til að skrefið verði stigið. Ekki er þó líklegt, að heildartími fyrirspurna á fundum þingsins styttist, en fleiri fyrirspurnum ætti að fást svarað og fyrr en verið hefur. Er það til verulegra bóta.

Tillögum til þingsályktunar hefur fjölgað mjög á síðari árum. Þær, sem snerta stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál, vantraust eða staðfestingu á framkvæmdaáætlunum, eru sérstaks eðlis. Í samþykkt þeirra felst jafnan mikilvæg ákvörðun. Er sjálfsagt, að um slíkt mál verði ávallt tvær umræður og ræðutími verði með sama hætti og um lagafrumvörp, nema hvað rétt er að afgreiða tillögur um traust eða vantraust á ráðherra og ríkisstjórnir við eina umræðu og vísa þeim ekki til nefndar.

Aðrar þingsályktunartillögur eru annars eðlis. Þær eru ályktanir um hvers konar efni, ýmist yfirlýsingar þingsins, óskir, áskoranir eða fyrirmæli um rannsóknir, athuganir eða undirbúning frumvarpa. Þetta eru mál, sem ekki verða flutt í frumvarpsformi, en þingflokkar eða einstakir þingmenn telja mikilvægt að koma á framfæri og kynna þingi og þjóð.

Þessi síðast nefndu mál hafa í raun náð tilgangi sínum, þegar þau hafa verið flutt á prentuðu þingskjali og mælt hefur verið fyrir þeim. Ættu þingmenn að una vel við að geta flutt mál sitt á þennan hátt. Þegar meiri hluti nefndar hefur skilað áliti um tillögu, kemur hún til umræðu, sem lagt er til að hafa með líku sniði og verið hefur um fyrirspurnir. Hefur reynslan sýnt, að alþingismenn geta rætt mál með 2—3 mínútna ræðutíma.

Öll nútíma þjóðþing þurfa að hafa opna leið til þess, að þingmenn geti nálega fyrirvaralaust hafið umræðu um aðkallandi málefni, sem þola ekki bið eða ekki verða afgreidd á viðunandi hátt innan ramma venjulegra þingmála. Er mjög mismunandi hvaða form hefur verið valið fyrir slíkar umræður.

Hér á landi hefur verið farin sú leið, að forsetar leyfi umræður utan dagskrár. Hefur skapast sú hefð, að þingmenn leiti eftir samþykki forseta og láti viðkomandi ráðherra vita fyrir hádegi sama dag og umræðan á að fara fram.

Enda þótt umræður utan dagskrár gegni mikilvægu hlutverki, er ekki stafur um þær í þingsköpum, heldur eru þær algerlega á valdi forseta. Hefur þeim oft reynst erfitt að hemja ræðutíma og þessar umræður hafa sprengt starfsramma þingsins.

Með því að setja í þingsköp þau ákvæði, sem lagt er til í 3. gr., mundu umræður utan dagskrár hljóta formlega viðurkenningu, sem er óhjákvæmileg fyrr eða síðar. Umræðurnar mundu takmarkaðar við sameinað þing og því ekki trufla afgreiðslu lagafrumvarpa. Þá mundi sett regla um samþykki forseta, en hann verður að meta, hvort málefni er „aðkallandi og þolir ekki bið“ eða ekki. Einnig yrði sett regla um tilkynningu til ráðherra, og loks yrði ræðutími takmarkaður.

Rétt er að líta á þetta frv. sem hugmynd að ákvæðum um þá þætti í störfum Alþingis, sem fjallað er um. Flutningsmanni er að sjálfsögðu ekki fast í hendi að einstök atriði, til dæmis ræðutími, verði nákvæmlega eins og greint er, enda eðlilegt að það séu samkomulagsatriði.

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um skipun nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna.

Flm.: Jón Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni skipun þriggja manna nefndar til að gera heildarathugun á fiski- og farskipahöfnum landsins með tilliti til slysahættu sjómanna og annarra sem um hafnir fara.

Í nefndinni sitji einn fulltrúi tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar, annar tilnefndur af Siglingamálastofnun ríkisins og sá þriðji tilnefndur af Hafnamálastofnun ríkisins.

Skal starf nefndarinnar miða að því:

a) að benda á kunnar eða hugsanlegar slysagildrur við hafnarmannvirki og landgang skipa og báta,
b) að benda á við hvaða hafnir landsins og á hvaða sviði sé helst og brýnust þörf úrbóta,
c) að kanna aðbúnað til björgunar og slysavarna við hafnir landsins,
d) að gera tillögur um leiðir til úrbóta í ofangreindu efni, sjómönnum og öðrum, sem um hafnir fara, til aukins öryggis.

Ofangreind athugun og tillögugerð skal liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1982.

Greinargerð.

Kunnari er en frá þurfi að segja sú mikla slysatíðni sem ár hvert á sér stað við hafnir landsins. Eru hafnarmannvirki, bryggjur og landgangar skipa og báta í mörgum tilvikum illa útbúin og bjóða í sumum tilvikum beinlínis hættunni heim. Má m. a. finna staðfestingu þessa í eftirfarandi töflu sem tekin hefur verið saman um fjölda slysa við hafnir og landgang skipa árin 1975 til miðs árs 1981.

Slysfarir við hafnir landsins. Fjöldi.	Ár							Alls
	75	76	77	78	79	80	81*)	
A. **Sjóslys og drukknanir**								
Í höfnum hér við land	5	12	7	8	4	8	2	46
Í höfnum erlendis	0	1	0	0	2	1	1	5
B. **Umferðarslys**								
Ekið/hjólað út af bryggju	2	1	1	0	4	3	1	12
C. Drukknanir alls með skipum, í ám, vötnum, við fall útbyrðis, útafakstur af bryggju o. fl.	21	38	18	21	33	35	13	179
D. Bjarganir frá drukknun í höfnum við land	9	24	22	11	14	23	7	110
E. Slys við að fara að og frá skipi (dauðaslys ekki meðtalin)	32	26	17	29	6	18	—	128

* Tímabilið 01.01.—30.06.1981.

Eru þessar tölulegu staðreyndir byggðar á upplýsingum frá Slysavarnafélagi Íslands, þ. á m. Árbókum félagsins 1976—1981. Einnig hefur verið stuðst við skýrslur rannsóknarnefndar sjóslysa árin 1975—1980.

Vekur athygli í nefndri töflu hversu hátt hlutfall dauðaslysa við hafnir landsins er af heildarslysafjölda (drukknana), þrátt fyrir allar þær giftusamlegu bjarganir sem tekist hafa.

Þá er einnig umhugsunarverður sá mikli fjöldi slysa sjómanna við ferðir að og frá skipsfari. Hvað þennan flokk slysa snertir er þó rétt að taka fram að fjöldi slysa er byggður á skýrslum Tryggingastofnunar ríkisins varðandi bótaskyld tjón sjómanna, en til að slys sé bótaskylt þarf viðkomandi að hafa verið frá vinnu í 10 daga eða lengur svo sem kunnugt er. Er í mörgum tilvikum um smávægileg meiðsli að ræða, sem engu að síður verða þó talin til slysa.

Loks eru þekkt þau umferðarslys, sem orðið hafa við hafnir landsins og oft má rekja beint og óbeint til vanbúinna bryggjukanta, sem í sumum tilvikum hefði vafalaust mátt koma í veg fyrir við frumhönnun og byggingu hafnarmannvirkja.

Þessi tilvik öll gefa tilefni til að ætla að öryggisbúnaði við hafnir landsins sé víða mjög ábótavant, þó að finna megi í hafnarreglugerðum og öðrum sambærilegum reglum um búnað skipa ótvíræða skyldu til aukins öryggis og betri búnaðar en nú tíðkast. Full ástæða virðist því vera til sérstakrar heildarathugunar á þessum málum. Miðar tillagan að slíkri úttekt og tillögugerð til fyrirbyggjandi aðgerða og úrbóta.

Þykir rétt að nefnd sú, sem tillagan gerir ráð fyrir, verði skipuð 3 fulltrúum stofnana sem allar tengjast máli því sem hér um ræðir, hver um sig þó á sína vísu.

Verður að ætla nefndinni nokkurn tíma til athugana sinna og tillögugerðar, þar sem ljóst er að verkið er tímafrekt ef að gagni á að koma, erfitt og illframkvæmanlegt við vetrarskilyrði, einkum á landsbyggðinni. Því er nefndinni gefinn nokkuð rúmur tími til starfa, en þó ætlast til að störfum hennar verði lokið í síðasta lagi í árslok 1982.

Nd. 99. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981).

1. gr.

1. og 2. málsliður 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1980, orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1982 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum er lagt fram til framlengingar á innheimtu sérstaks vörugjalds á árinu 1982, en samkvæmt beinum fyrirmælum laganna falla þau úr gildi um n. k. áramót. Eins og fram kemur í forsendum að frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1982, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að lögin verði framlengd óbreytt. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið kemur fram að gert er ráð fyrir að sérstakt vörugjald skili ríkissjóði í

tekjur um 519 m. kr. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir að tekjur af sérstöku vörugjaldi yrðu 368 m. kr. en í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að þær verði tæplega 383 m. kr.

Nd. 100. Frumvarp til laga [97. mál]

um mörkun byggðastefnu og gerð byggðaþróunaráætlana.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Benedikt Gröndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Vilmundur Gylfason.

I. KAFLI

Um byggðaþróunaráætlun.

1. gr.

Félagsmálaráðherra skal annað hvert ár leggja fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um byggðaþróunaráætlun, þar sem marka skal byggðastefnu til næstu fjögurra ára. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir framkvæmdum og viðfangsefnum, sem fyrirhuguð eru í áætluninni, en hins vegar fjáröflun vegna þeirra.

Byggðaþróunaráætlun öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana og afgreitt fjárveitingar til framkvæmda samkvæmt henni á fjárlögum.

Þegar byggðaþróunaráætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir fjögur næstu ár.

2. gr.

Í byggðaþróunaráætlun skal fjármagni því, sem Alþingi veitir í því skyni, ráðstafað til einstakra viðfangsefna og verkefna samkvæmt fyrirframgerðum áætlunum, svo og almennra og sérhæfðra lánveitinga.

Ráðstöfun fjármagns samkvæmt byggðaþróunaráætlun getur ýmist verið:

a) í formi beinna styrkja og óafturkræfra framlaga,
b) í formi vaxtalausra lána til allt að tveggja ára,
c) í formi almennra lánveitinga.

Byggðaþróunaráætlun skal skipt í tvo höfuðþætti:

1. Tiltekin viðfangsefni eða framkvæmdir samkvæmt fyrirframgerðum áætlunum, sem fé er veitt til í því skyni að efla atvinnulíf, styrkja búsetu, auka þjónustu, efla menningarlíf og bæta félagslega aðbúð í því skyni að treysta byggð.

2. Flokka viðfangsefna og eðli fjárhagsfyrirgreiðslu og skal þá stjórn Byggðastofnunar ríkisins, sbr. 2. kafla laga þessara, taka ákvarðanir um einstök viðfangsefni.

3. gr.

Við val á áætlunarsvæðum og verkefnum skulu þau byggðarlög og landssvæði hafa forgang, þar sem svo háttar sem hér segir:

1. Fólksfækkun hefur átt sér stað eða fólksfjölgun er verulega undir landsmeðaltali.
2. Við umtalsvert árstíðabundið eða varanlegt atvinnuleysi er að fást.
3. Félagsleg aðbúð, svo sem í menntamálum, heilbrigðismálum o. fl., samrýmist ekki kröfum í lögum og reglugerðum eða er lakari en almennt gerist í landinu.
4. Umtalsverðum samskiptaerfiðleikum er fyrir að fara umfram það sem almennt gerist, t. d. samgönguleg einangrun, óviðunandi símaþjónusta og annað sambandsleysi við nálæg byggðarlög og umheiminn.
5. Aðrar aðstæður, svo sem mjög lágar atvinnutekjur, sem talist geta óæskilegar og óeðlilegar og valda því, að byggð er talin vera í hættu.

II. KAFLI
Um byggðastofnun ríkisins.

4. gr.

Byggðastofnun ríkisins semur tillögu til þingsályktunar um byggðaþróunaráætlun samkv. 1. gr. og hefur með höndum eftirlit með framkvæmd slíkra áætlana eftir afgreiðslu Alþingis.

Stofnunin starfar í tveimur deildum, áætlunardeild og lánadeild.

Byggðastofnun ríkisins heyrir undir félagsmálaráðherra.

5. gr.

Stjórn Byggðastofnunar ríkisins skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum varamönnum, sem kjósa skal hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum alþingiskosningum. Stjórnin kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn. Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Á fundi ræður afl atkvæða. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og setur nánari ákvæði um starfsemi hennar og starfssvið í reglugerð.

6. gr.

Dagleg stjórn Byggðastofnunar ríkisins er í höndum forstjóra, sem félagsmálaráðherra skipar að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar. Forstjóri ræður framkvæmdastjóra áætlunardeildar og lánadeildar, að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfsfólk hennar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra deilda.

III. KAFLI
Um áætlunardeild.

7. gr.

Áætlunardeild gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs og undirbýr tillögugerð Byggðastofnunar ríkisins að byggðaþróunaráætlun í samvinnu við stjórn stofnunarinnar og að höfðu samráði og samstarfi við sveitarfélög og landshlutasamtök.

Deildin fjallar einnig um áhrif opinberra aðgerða á byggðaþróun og gerir tillögur til úrbóta, ef þörf krefur.

Þá er deildinni heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar, að greiða eða taka þátt í kostnaði við áætlunarverkefni, sem unnin eru á vegum sveitarfélaga. Jafnframt er áætlunardeild heimilt að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga fjárstyrk til gerðar áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við deildina, enda sé skilað árlegri skýrslu til stjórnar Byggðastofnunar ríkisins um þá starfsemi.

Deildin hefur eftirlit með framkvæmd byggðaþróunaráætlana að því marki, sem stjórn Byggðastofnunar ríkisins og Alþingi fela henni.

IV. KAFLI
Um lánadeild.

8. gr.

Lánadeild hefur með höndum starfrækslu Byggðasjóðs samkvæmt ákvæði V. kafla laga þessara.

9. gr.

Lánadeild annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi þeirra verkefna sem tillaga er gerð um að fé sé veitt til á byggðaþróunaráætlun. Tillögugerð um slík verkefni skal ávallt fylgja mat lánadeildar á þeim.

Með sama hætti annast lánadeild mat á einstökum lánsumsóknum, sem berast Byggðasjóði, og er óheimilt að veita lán úr sjóðnum nema slíkt mat hafi farið fram.

Lánadeild ber jafnframt að tryggja með samningum við aðra fjárfestingarlánasjóði og lánastofnanir, að nægileg stofnlán fáist til verkefna og að eðlileg rekstrarfyrirgreiðsla fáist hjá viðskiptabanka.

10. gr.

Lánadeild hefur vörslu og bókhald Byggðasjóðs og annarra þeirra sjóða, sem á hverjum tíma eru í umsjá Byggðastofnunar ríkisins, afgreiðir lánsfé og sér um innheimtu.

Handbært fé Byggðasjóðs skal geyma á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands.

Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar á vegum lánadeildar.

11. gr.

Stjórn Byggðastofnunar ríkisins skal leita eftir samningum við stjórnir annarra lánasjóða svo og lífeyrissjóða og tryggingarfélaga um samvinnu þessara stjórna og félaga við stofnunina varðandi lánveitingar.

V. KAFLI

Um Byggðasjóð.

12. gr.

Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Byggðastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 5. gr. þessara laga.

13. gr.

Byggðasjóður tekur við stofnfé samnefnds sjóðs samkvæmt lögum nr. 96 frá 1976 og öðrum eignum hans og skuldbindingum eins og þær eru 1. janúar 1983.

14. gr.

Tekjur Byggðasjóðs eru:

1. Eignir samnefnds sjóðs samkvæmt lögum nr. 97 frá 1976.
2. Framlag úr ríkissjóði eins og það er ákveðið á fjárlögum hverju sinni.
3. Hluti Byggðasjóðs af tekjum af orkusölu til orkufreks iðnaðar og af slíkri iðnaðarframleiðslu eins og hann verður ákveðinn í sérstökum lögum og samningum hverju sinni.
4. Vaxtatekjur.

15. gr.

Hlutverk Byggðasjóðs er að efla byggð, treysta atvinnulíf og bæta aðstöðu til búsetu í einstökum landshlutum, sem eiga við búsetuvandamál að stríða. Þessu hlutverki sinnir sjóðurinn með því að taka við því fjármagni, sem fengið er sjóðnum á ári hverju á fjárlögum og á annan hátt, og ráðstafa því með framlögum og lánveitingum eins og ákveðið er af Alþingi í byggðaþróunaráætlun samkvæmt lögum þessum.

Þá skal sjóðurinn aðstoða við breytingu á atvinnu- og búskaparháttum þar sem slíkra breytinga er óskað og þær stuðla ótvírætt að lífskjarabótum.

Einnig er sjóðnum heimilt að greiða fyrir búsetuskiptum fólks, sem óskar að flytjast

búferlum frá bújörðum, sem eru mjög einangraðar, búseta getur hvorki talist lífvænleg á né vænleg til frambúðar og hafa aðeins upp á léleg lífskjör að bjóða.

16. gr.

Ráðstöfunarfé Byggðasjóðs skal verja í samræmi við byggðaþróunaráætlun með þessum hætti eins og ráð er fyrir gert í áætluninni:

1. Til beinna styrkja og óafturkræfra framlaga.
2. Til vaxtalausra lánveitinga til allt að tveggja ára.
3. Til almennra lánveitinga.

17. gr.

Stjórn Byggðastofnunar ríkisins tekur ákvarðanir um einstakar fjárveitingar og lánveitingar úr Byggðasjóði innan ramma byggðaþróunaráætlunar. Stjórnin kveður á um tryggingar fyrir lánveitingum og um afborgunarskilmála að öðru leyti en því sem ákveðið kann að vera í byggðaþróunaráætlun hverju sinni.

Stjórnin ákveður einnig vaxtakjör almennra lánveitinga sjóðsins, en þó þannig, að lán séu ávallt að fullu verðtryggð.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Byggðastofnun ríkisins allar upplýsingar, sem hún þarf á að halda vegna skýrslugerða og annarra starfa. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við ef út af er brugðið.

19. gr.

Byggðasjóður greiðir allan kostnað af starfsemi Byggðastofnunar ríkisins.

20. gr.

Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Byggðastofnunar ríkisins, Byggðasjóðs og annarra þeirra sjóða, sem stofnuninni kann að vera falin umsjá með.

Ársreikningar skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn Byggðastofnunar ríkisins til staðfestingar.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983 og frá og með þeim tíma falla úr gildi lög nr. 97 frá 1976, svo og önnur lög og lagaákvæði sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um að svokölluð byggðastefna sé skilgreind sem tiltekið viðfangsefni, Alþingi marki slíka stefnu með samþykkt á áætlun um framkvæmd hennar, hliðstætt því er Alþingi samþykkir framkvæmdaáætlun í vegamálum, og sjái jafnframt fyrir nauðsynlegu fjármagni til framkvæmda. Þannig verði í fyrsta lagi mörkuð raunveruleg byggðastefna af stjórnvöldum til ákveðins tíma í senn, ákveðið hvaða áætlunarverkefni unnin verða í samræmi við þá stefnumörkun hverju sinni og fjárútvegun gerist samhliða þeirri afgreiðslu. Verða þannig tengd saman viðfangsefni áætlunargerðar í byggðamálum og fjárútvegun til þeirra viðfangsefna, en vöntun á því — auk skorts á að skilgreina hvað byggða-

stefna í rauninni er og hvernig hún skuli framkvæmd — hefur verið löstur á afskiptum Alþingis og stjórnvalda af byggðamálum í landinu. Frumvarpið gerir tillögu um, hvernig Alþingi skuli standa að mörkun byggðastefnu hverju sinni, hvernig áætlanir í byggðamálum verði undirbúnar og unnar, hvaða viðmiðanir skuli nota til þess að raða slíkum viðfangsefnum í forgangsröð og hvernig að fjármögnun þeirra skuli staðið. Þá gerir frv. einnig ráð fyrir því, að kommissarakerfið í stjórnun Framkvæmdastofnunar ríkisins skuli afnumið, ýmsir aðrir stjórnunar- og framkvæmdagallar, sem komið hafa fram á starfi stofnunarinnar, verði sniðnir af og henni jafnframt breytt í raunverulega byggðastofnun, sem hafi byggðamál og áætlunargerð í því sambandi einvörðungu að viðfangsefni. Nánar er breytingum og áhrifum frv. lýst síðar í grg. og í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Búseta og lífskjör.

Búseta ræður miklu um lífskjör fólks. Af þessu leiðir, að í mörgum löndum hefur áhugi aukist á því að eyða svæðisbundnum ójöfnuði, og koma þar til ýmsar ástæður. Augljós hætta er á að hann dragi á eftir sér ágreining og átök. Misréttið leiðir oft til fólksflótta frá fátækari svæðum til ríkari, og eykur það gjarnan vanda þeirra sem eftir sitja og veldur erfiðleikum hjá þeim sem við taka. Þá stríðir slíkur ójöfnuður gegn réttlætistilfinningu flestra.

Margar ríkisstjórnir hafa gripið í taumana til að vinna gegn þessari þróun og stuðla að jafnvægi í byggð landa sinna. Svipaðra tilhneiginga verður vart á alþjóðlegum vettvangi þótt í mun minna mæli sé.

Til viðbótar þeim röksemdum, sem þegar hafa verið færðar fyrir opinberum aðgerðum í byggðamálum, má nefna að á þeim svæðum, sem lakar eru sett, er oft að finna dýrmæta framleiðsluþætti í formi fjárfestingar, náttúruauðlinda og mannafla. Reynslan hefur sýnt að markaðsöflin ein duga ekki til að efla byggðaþróun. Oft þarf að líta til sjónarmiða, sem þau taka ekki tillit til, svo sem félagslegs kostnaðar, langtíma arðsemi og heildaráhrifa á efnahagslíf. Væru markaðsöflin ein að verki og þessir þættir ekki metnir að verðleikum mundi draga úr hagvexti er stundir liðu fram.

Sú gamla kenning, að markaðsöflin skapi sjálfkrafa jafnvægi í byggðaþróun, þar sem fjármagnið leiti þangað sem vinnuaflið er ódýrast, hefur reynst röng. Þannig hefur komið í ljós að framleiðsluþættirnir eru ekki eins hreyfanlegir og áður var talið. Fólk er oft tregt til að skipta um búsetu jafnvel þótt betri kjör bjóðist annars staðar, og fjármagnið er oft staðbundið, t. d. í fasteignum. Sýnt hefur verið fram á að lífskjör á svæði, sem forskot hefur í hagvexti, halda áfram að batna án þess að til komi sérstakur auðlindagrundvöllur. Þess má geta, að vöxtur margra stórborga hefur fyrst og fremst byggst á stjórnsýslu og þjónustu.

Markaðsöflin ein tryggja því ekki að náttúruauðlindir, fjármunir og mannafli nýtist svo sem best væri. Þess vegna er gripið til byggðastefnu og getur hún þannig haft mikla efnahagslega þýðingu. Hitt er ljóst, að miklu skiptir að byggðastefnan sé ljós og skynsamlega með fé farið til að ná settum markmiðum.

Byggðastefna á Norðurlöndum.

Fyrst fór að bera á viðleitni til stefnumörkunar í byggðamálum á árunum eftir seinni heimsstyrjöld. Riðu Norðurlönd hér á vaðið, einkum Noregur, Svíþjóð og Finnland, en þessi lönd hafa stór dreifbyggð landssvæði. Þarf varla að taka fram að jafnaðarmenn höfðu hér forustuna. Þessi viðleitni fór hægt af stað, en varð brátt markvissari.

Í upphafi fólst byggðastefna í þessum löndum einkum í því að styðja atvinnulíf á svæðum, sem höfðu orðið fyrir samdrætti og fólksflótta. Tíðum var aðstoðinni beint til einstakra vaxtarkjarna innan svæðanna, sem hafði í för með sér að þjappa saman fólki og fjármunum. Vegna pólitísks ágreinings komst vaxtarkjarnastefnan þó aldrei að fullu til framkvæmda.

Síðar hefur byggðastefna á Norðurlöndum náð til fleiri þátta og er nú látin ná til

umhverfis og almennra lífsskilyrða auk atvinnu og þjónustu. Menn einblína ekki lengur á hvar kostur gefst á atvinnu. Byggðastefnan er hluti velferðarstefnu, sem miðar að því, að fólk á öllum landssvæðum búi við sambærilega atvinnumöguleika og þjónustu, bæði hins opinbera og einkaaðila, og lifi í góðu umhverfi. Í samræmi við þetta hefur áhersla á vaxtarkjarnastefnunni minnkað og henni ætlað einkum að auka öryggi og fjölbreytni í atvinnu og þjónustu, þar sem þess er þörf.

Gerð byggðaáætlana fer fram með mismunandi hætti á Norðurlöndum, en viðfangsefni eru í helstu atriðum hin sömu. Má þar nefna könnun mannfjölda, atvinnulífs og þjónustu, viðfangsefni hins opinbera og náttúruauðlindir.

Byggðastefna á Íslandi.

Opinber afskipti af atvinnumálum eru gömul á Íslandi, en urðu veruleg fyrst á kreppuárunum upp úr 1930. Þeirrar skoðunar, að ríkinu beri að hafa afskipti af byggðaþróun, gætir hins vegar ekki að ráði fyrr en um 1950. Komu um það leyti fram á Alþingi ýmsar tillögur um aðgerðir ríkisins til atvinnujöfnunar. Má þar m. a. nefna frumvarp Alþýðuflokksmanna um ríkisútgerð togara. Byggðasjónarmið komu mjög fram í umræðu um sjávarútvegsmál á þessum tíma, en atvinnuleysi var landlægt á mörgum þéttbýlisstöðum við sjávarsíðuna. Alþýðuflokksmenn lögðu áherslu á breytingu á útgerðarháttum þjóðarinnar í þá veru, að keyptir yrðu togarar minni en nýsköpunartogarar til veiða á heimamiðum er lagt gætu upp afla með fárra daga fresti, en nýsköpunartogararnir hentuðu illa til slíks, enda var afli þeirra að mestu fluttur óverkaður á markað erlendis.

Árið 1953 tók til starfa Framkvæmdabanki Íslands, sem hafði það meginhlutverk að ráðstafa fé Marshallaðstoðar. Varði hann töluverðu fé til uppbyggingar úti um land þar sem erfiðleikar voru miklir. Sama ár hófst beinn stuðningur ríkisins við atvinnulíf úti um land með fjárveitingum á fjárlögum. Árið 1957 voru keyptir allmargir togarar og smærri fiskiskip, sem seld voru með hagkvæmum kjörum og fóru einkum til staða þar sem atvinnuþörfin var mest. Allan þennan áratug áttu sér stað á Alþingi miklar umræður og tillögugerð um byggðamálefni, einkum í tengslum við atvinnumál.

Á Alþingi 1962 voru samþykkt lög um Atvinnubótasjóð, sem stuðla átti að jafnvægi í atvinnu og byggð í landinu og hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða. Starfaði sá sjóður til 1966 er hann var lagður niður og Atvinnujöfnunarsjóður stofnaður.

Fjölmargar tillögur voru fluttar á Alþingi á þessum árum, sem ætlað var að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Lutu sumar þeirra að gerð framkvæmdaáætlana fyrir einstaka landshluta. Þannig voru t. d. fengnir til norskir sérfræðingar, sem könnuðu byggðamál á Vestfjörðum, samkvæmt þingsályktun. Niðurstaða þeirra er athyglisverð enn í dag. Kom þar m. a. fram að tekjur manna á Vestfjörðum væru ekki lægri en annars staðar á landinu og atvinnuleysi óverulegt. Ástæður fyrir brottflutningi fólks þaðan væru einkum tvær: Vestfirðir gætu ekki boðið þá þjónustu og almenn þægindi, sem þéttbýli eitt hefði upp á að bjóða, og í annan stað ylli atvinnulíf því, að fólk teldi atvinnuöryggi og fjölbreytni í starfsvali lítið.

Lausnin á þessum vanda var talin sú að byggja upp byggðarkjarna, sem skapað gætu grundvöll fyrir betri þjónustu og fjölbreyttara atvinnulíf, jafnframt því sem samgöngur milli byggðarkjarna yrðu bættar.

Atvinnujöfnunarsjóður, sem áður var getið, tók til starfa á árinu 1966. Hlutverk hans var að veita fé til arðbærra framkvæmda, er fallnar væru til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Atvinnujöfnunarsjóður hafði mun rýmri fjárhag en Atvinnubótasjóður hafði haft. Þá aðstoðaði Efnahagsstofnun sjóðsstjórnina við gerð áætlana og ráðstöfun fjár. Átti Efnahagsstofnun að stunda ýmsar hagrannsóknir sem lagðar skyldu til grundvallar starfseminni.

Atvinnujöfnunarsjóður starfaði til 1971, en það ár voru samþykkt lög um Framkvæmdastofnun ríkisins. Sett var á stofn áætlanadeild, er m. a. skyldi gera byggðaáætlanir, og Byggðasjóður, sem tók við hlutverki Atvinnujöfnunarsjóðs. Á næstu þingum eftir að Framkvæmda-

stofnun var sett á fót voru samþykktar fjölmargar tillögur um byggðamál og áætlanagerð í því sambandi. Var mikið starf unnið bæði í Framkvæmdastofnun og á vegum aðila við áætlanir þessar. Þá var samþykkt á þinginu 1972—73 tillaga um nefnd er vinna skyldi tillögur um mótun byggðastefnu. Er skemmst frá því að segja, að ekkert af áætlunum þessum hefur komist til framkvæmda og nefndin, er móta skyldi stefnuna, hefur enn ekki skilað áliti.

Byggðaþróun á Íslandi.

Þéttbýlismyndun komst ekki á skrið hér á landi fyrr en um síðustu aldamót. Þróunin var hæg og jöfn fram undir seinni heimsstyrjöld, en þá hljóp mikill vöxtur í höfuðborgarsvæðið og Suðurnes, en byggðaþróun staðnaði annars staðar. Þetta ástand hélst til 1970. Síðan þá hefur fólki fjölgað á þéttbýlisstöðum úti um land og jafnvel örar en á höfuðborgarsvæðinu, en áfram hefur fækkað í sveitum.

Sú mikla breyting, sem varð á byggðaþróun upp úr 1970, á að miklu leyti rætur að rekja til hinna miklu skuttogarakaupa sem þá urðu. Sú fjárfesting, sem dreift var um landið, leiddi mjög fljótt til aukinnar atvinnu og tekna. Á þessum tíma voru Íslendingar að heimta yfirráð yfir landhelginni og skapaðist því svigrúm til aukins afla.

Þótt mikill árangur hafi náðst með þessum einföldu aðgerðum eru mikilvæg verkefni óunnin í byggðamálum. Einhæfni atvinnulífsins úti um land veldur því, að búast má við fyrirvaralitlum áföllum hvenær sem er. Mikið misræmi er í menntun, heilsugæslu, samgöngum, félagslegri þjónustu og grunngerð. Landbúnaðurinn á í miklum erfiðleikum og ekki öll kurl komin þar til grafar enn. Þá er ljóst að sjávarútvegur tekur ekki við þeim aukna mannafla sem kemur á vinnumarkaðinn á næstu árum. Síðast en ekki síst má geta þess, að byggðajafnvægi nú hefur verið keypt því verði, að fiskiskipastóllinn er of stór, og dregur það augljóslega úr arði þjóðarinnar af fiskveiðum og rýrir lífskjör.

Byggðastefna.

Eins og áður hefur verið rakið hafa aðgerðir í byggðamálum á Íslandi einkum beinst að atvinnumálum. En byggðastefna getur og þarf að ná til fleiri þátta, eins og t. d. umhverfismála, húsnæðismála, heilbrigðis- og menntamála, viðskipta og þjónustu, samgangna og grunngerðar, en með grunngerð er átt við gatnagerð, rafmagnslagnir, hitaveitu og vatnslagnir. Þá er mjög mikilvægt að menn greini milli almennrar stefnu í tilteknum málaflokki og byggðastefnu. Fjárfesting í útvegi í sjávarplássum Vestfjarða, þar sem sjávarútvegur er með blóma, kann að vera skynsamleg stefna í sjávarútvegsmálum, en það þarf ekki að vera byggðastefna. Stuðningur við þjónustu og nýiðnað á slíkum stöðum gæti verið sannari byggðastefna.

Þannig kemur byggðastefna til fyllingar öðrum aðgerðum og skipar þau rúm sem skilin hafa verið eftir auð til þess að búsetuskilyrði í heild megi verða viðunandi.

Byggðastefna Alþýðuflokksins.

Í stefnuskrá Alþýðuflokksins segir svo um byggðastefnu:

„Alþýðuflokkurinn vill treysta byggðina í landinu með skipulagðri atvinnuuppbyggingu hvers landshluta.

Auka ber frumkvæði og sjálfstæði heimamanna í hverju héraði og landshluta.

Allir landsmenn, hvar sem þeir búa, eiga jafnan rétt til þjónustu ríkisvaldsins og skulu hafa jafnan aðgang að henni.

Alþýðuflokkurinn berst fyrir jafnri aðstöðu fólks, hvar sem það býr á landinu.

Skipulagslaus þróun byggðar á Íslandi hefur leitt og hlýtur að leiða til röskunar, sem er andstæð þjóðarhag og þjóðarvilja og leiðir til örðugleika yfir fjölda einstaklinga. Aðeins með áætlunarbúskap og forustu ríkisvaldsins verður byggðaþróun beint á farsælar brautir.

Í hverjum landshluta er þörf fjölþættrar starfsemi ásamt frumframleiðslu.

Fari svo, að afskekkt byggðarlög verði ekki varin eyðingu, þá á fólkið, sem þar hefur búið, rétt til aðstoðar af þjóðfélagsins hálfu.

Ákvörðunarvald í málum landshlutanna á sem mest að vera í höndum heimamanna, og þurfa þeir að finna hentuga verkaskiptingu milli núverandi sveitarfélaga og stærri eininga.

Sú þjónusta, sem kostuð er af ríkinu, svo sem skólamenntun, heilsugæsla og vegasamband, á að vera öllum jafnaðgengileg. Ríkisstofnunum á að dreifa um landið á hagkvæman og réttlátan hátt. Einnig er þörf átaks til að veita íbúum allra byggðarlaga sem greiðastan aðgang að allri félagslegri og menningarlegri þjónustu.

Byggðastefna er jafnréttismál samtímans og eitt aðalviðfangsefni þess áætlunarbúskapar, sem Alþýðuflokkurinn vill koma á."

Alþýðuflokkurinn leggur á það áherslu sem jafnaðarmannaflokkur, að byggðastefna verði aukin og efld í samræmi við þau markmið, sem að ofan getur. Alþýðuflokkurinn vill gjörbreyta framkvæmd byggðastefnu og koma í veg fyrir afskipti pólitískra kommissara. Komið verði nýrri skipan á framkvæmd byggðastefnu. Meginatriði hennar eru þessi:

* Alþingi marki byggðastefnu til nokkurra ára og veiti fé til hennar árlega.
* Ráðherra beri ábyrgð á framkvæmd hennar.
* Stefnumörkun og framkvæmd verði unnin í samráði við heimamenn og samtök þeirra.
* Í stað Framkvæmdastofnunar ríkisins komi Byggðastofnun ríkisins sem eingöngu fari með byggðamál.
* Byggðastefna verði framkvæmd eftir fjögurra ára áætlunum.

Núverandi skipulag.

Framkvæmdastofnun ríkisins og sú aðferð, sem notuð hefur verið við mörkun byggðastefnu til þessa, hafa sætt harðri gagnrýni. Meðal helstu gagnrýnisatriða eru:

1. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur, auk byggðastefnuhlutverksins, verið ætlað að vera eins konar samræmingar- og eftirlitsaðili með fjárfestingarmálum í þjóðarbúskapnum. Auk þess að vera byggðastofnun var Framkvæmdastofnun ríkisins látin taka við hlutverki Framkvæmdabanka Íslands og með því að hafa stjórn Framkvæmdasjóðs með höndum að gerast samræmingar-, stjórnunar- og eftirlitsaðili með fjárfestingarlánasjóðunum, afla þeim lánsfjár, stýra lánsfé til sjóðanna og gerast þannig opinber fjárfestingarstjórnunaraðili.

Af ýmsum ástæðum hefur Framkvæmdastofnun ríkisins í raun aldrei orðið sá fjárfestingarstjórnunaraðili sem henni var ætlað að vera, enda samrýmist slíkt hlutverk tæplega byggðastofnunarverkefni Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem orðið hefur aðalhlutverk stofnunarinnar.

2. Mikil gagnrýni hefur komið fram á það skipulag í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, að auk þess að vera sett undir stjórn, sem kjörin er af Alþingi og eintómir alþingismenn hafa kjörist til, þá skuli stofnunin hafa verið sett undir stjórn pólitískra kommissara, sem nú eru tveir alþingismenn sem ráðnir voru á sínum tíma samkvæmt helmingaskiptareglu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Alþýðuflokkurinn hefur ávallt verið á móti þessu fyrirkomulagi, en viljað að byggðastofnun lyti framkvæmdastjórn forstjóra, sem fyrst og fremst væri embættismaður, eins og á sér stað um aðrar stofnanir ríkisins.

3. Byggðasjóður hefur í reynd orðið viðbótarlánasjóður stofnlánasjóðanna án þess að reynt hafi verið að setja almennar reglur um forgang byggðaverkefna með tilliti til atvinnuástands, einangrunar eða annarra atriða, sem hljóta að teljast nauðsynleg viðmiðun við mótun byggðastefnu.

4. Þar eð Byggðasjóður hefur þannig í reynd orðið almennur viðbótarlánasjóður til hefðbundinna stofnlána í öllum héruðum landsins utan höfuðborgarsvæðisins hefur hann vanrækt að lána fé til ýmissa mikilvægra byggðastefnuþátta til byggðarlaga, sem standa höllum fæti, svo sem til gatnagerðar, til húsnæðismála, til félagsmála, til þjónustumála o. fl.

5. Ekkert samband hefur verið milli áætlunargerða Framkvæmdastofnunar ríkisins í byggðamálum, sem unnar hafa verið annaðhvort að frumkvæði stofnunarinnar eða í framhaldi af þingsályktunum Alþingis, og fjármögnunar slíkra áætlana. Byggðaáætlanirnar hafa þannig í allt of ríkum mæli orðið innantóm pappírsgögn, þótt undantekningar séu á, þar eð fjármögnunarskuldbindingar hafa ekki fylgt áætlunargerðinni. Í þeim undantekningartilvikum, sem áætlunargerð og fjármagnsútvegun hafa fylgst að, hafa áætlanirnar hins vegar orðið til mikilla framfara og fyllilega sannað gildi sitt.

6. Raunveruleg byggðastefna, sem byggist á áætlunargerð um verkefnaval út frá forgangsviðmiðunum og fjármögnun þeirra verkefna, hefur aldrei verið mótuð, hvorki af Alþingi né af Framkvæmdastofnun ríkisins, heldur hefur stefnumótun í þeim efnum verið öll á reiki og raunar oftast hvorki hrá né soðin.

Ljóst er að sú gagnrýni á Framkvæmdastofnun ríkisins, sem að framan er getið, er að mörgu leyti á rökum reist þótt síður en svo sé þar með dregið úr því, að starfsemi stofnunarinnar og tilvist Byggðasjóðs hafi orðið atvinnulífi og íbúum landsbyggðarinnar til mikils gagns. Spurningin er, hvort það gagn geti ekki orðið meira með því að sníða af þá vankanta, sem lýst hefur verið.

Breytingar frumvarpsins.

Í frumvarpi þessu er m. a. tekið á öllum þessum gagnrýnisatriðum og tillaga gerð um breytingar. Nýskipan frumvarpsins gagnvart þeim atriðum, sem að framan voru nefnd og þótt hafa ljóður á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins, er sem hér segir:

1. Sá þáttur í starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem lýtur að stjórnun og eftirliti með fjárfestingarmálum almennt með umsjá stofnunarinnar á Framkvæmdasjóði er skv. frumvarpinu frá henni skilinn. Framkvæmdastofnun ríkisins er þar með gerð að hreinni byggðastofnun og heiti hennar breytt til samræmis við það.

Þingmenn Alþýðuflokksins munu síðar í vetur flytja frumvarp til laga um stjórnun fjárfestingarmála og samræmingu þeirra mála þar sem gerðar verða tillögur um skipulag og stjórnun þeirra mála og m. a. hvernig fara skuli með málefni þau, sem nú eru vistuð hjá Framkvæmdasjóði.

2. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að kommissarakerfið á stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins verði afnumið. Þess í stað verði stofnuninni ráðinn forstöðumaður sem sé fyrst og fremst embættismaður, en ekki stjórnmálamaður eða fulltrúi ríkjandi þingmeirihluta.

Flutningsmenn telja eðlilegt, að stofnuninni sé kjörin eða skipuð stjórn þar sem veigamikill þáttur í starfsemi hennar er lánveitingar og annar fjárhagslegur stuðningur í samræmi við gerð byggðaáætlunar, sem Alþingi samþykkir, og ekki er æskilegt að forstjóri sé einn um að taka slíkar ákvarðanir og bera á þeim ábyrgð. Flutningsmenn gera tillögu um, að sú stjórn sé kjörin af Alþingi, en geta vel fallist á aðra tilhögun, t.d. þá, að stjórnin sé skipuð samkvæmt tilnefningum aðila sem hagsmuna eiga að gæta, svo sem Sambands ísl. sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins, Atvinnuleysistryggingasjóðs og annarra slíkra aðila.

3. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að Byggðasjóður verði ekki lengur almennur viðbótarlánasjóður fjárfestingarlánasjóðanna, heldur verði honum fengin raunveruleg viðfangsefni í byggðamálum samkvæmt stefnumörkun Alþingis hverju sinni.

4. Með frumvarpinu er lagt til, að horfið verði frá þeirri viðmiðun um lán- og styrkveitingar Byggðasjóðs, að dregin sé lína á landakorti eins og gert hefur verið, innan hverrar Byggðasjóði sé ætlað að starfa og taka jafnt til allra án tillits til ástands í byggðamálum, en utan þeirrar landamerkjalínu hafi aðilar engan rétt. Þess í stað gerir frv. ráð fyrir að út frá ákveðnum viðmiðunum um atvinnutekjur, atvinnuástand og einangrun byggðarlaga verði viðfangsefnum Byggðasjóðs raðað í forgangsröð og að þau taki til ekki aðeins atvinnumála í þrengsta skilningi, svo sem öflunar atvinnutækja, heldur einnig til félagsmála, menningarmála, grunngerðar o. fl. Einnig er nýmæli í frv. að gert er ráð fyrir að Byggðasjóður veiti

aðstoð í þeim tilvikum, þegar fólk óskar sjálft eftir að flytjast brott frá mjög einangruðum bújörðum, þar sem byggð getur ekki talist vera lífvænleg eða til frambúðar, en oft hefur fólk undir slíkum kringumstæðum orðið að skilja eftir eigur sínar og ávöxt lífsstarfs án þess að fá nokkuð fyrir. Gerir frv. ráð fyrir því, að Byggðasjóður hafi heimild til að hlaupa undir bagga með fólki í slíkum tilvikum og hjálpa því til þess að taka búsetu á nýjum stað.

5. Þá gerir frv. ráð fyrir, að áætlunarstarf að byggðamálum og mörkun byggðastefnu verði samræmd fjárútvegunum þannig að Alþingi taki afstöðu um mörkun stefnunnar í afgreiðslu byggðaáætlunar, sem yrði hliðstæð afgreiðsla og er Alþingi afgreiðir vegáætlun, og taki jafnframt ákvarðanir um fjármögnun. Þar með eru tengsl sköpuð milli áætlunargerða og útvegunar fjármagns og komið í veg fyrir að menn séu að gera innantómar samþykktir um gerð byggðaáætlana og að vinna slík verk, án þess að um raunhæf viðfangsefni sé að ræða, þar sem ekki er jafnframt séð fyrir fjármagni til framkvæmda.

6. Þá er í frv. gerð tillaga um, hverjar skuli vera viðmiðanir þær, sem nota skal til forgangsröðunar verkefna í byggðamálum, en slíkar viðmiðanir um röðun verkefna verða menn að hafa ef byggðastefna á að vera annað og meira en óljóst og innantómt slagorð.

Þá gerir frv. einnig ráð fyrir að skörp skil séu dregin á milli þeirrar fjárhagsaðstoðar Byggðasjóðs samkvæmt markaðri byggðastefnu Alþingis á hverjum tíma, sem í eðli sínu er styrkveiting, og þeirrar aðstoðar, sem er lánveiting. Gerir frv. ráð fyrir því, að raunverulegar lánveitingar Byggðasjóðs séu ávallt verðtryggðar, en stjórn sjóðsins ákveði lánskjör að öðru leyti. Niðurgreidd lán sjóðsins verða hins vegar afnumin, en þess í stað tekin upp bein framlög og styrkir til byggðaþróunarverkefna, sé um verkefni að ræða, sem ekki eru talin geta staðið undir fjármagnskostnaði af raunverulegum lánveitingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er lagt til að Alþingi marki stefnu í byggðamálum með því að afgreiða tillögu til þingsályktunar um byggðaþróunaráætlun til fjögurra ára í senn sem félagsmálaráðherra leggi annað hvert ár fyrir Alþingi. Geri áætlunin annars vegar grein fyrir framkvæmdum og viðfangsefnum, en hins vegar fjáröflun vegna þeirra. Verður þannig ávallt fyrir hendi framkvæmdaáætlun í byggðamálum í samræmi við byggðastefnu, sem Alþingi markar, en áætlunin verður endurkoðuð á tveggja ára fresti.

Er hér um sambærilega afgreiðslu að ræða og Alþingi gerir varðandi framkvæmdir í vegamálum.

Um 2. gr.

Ljóst er að byggðaþróunaráætlun getur aldrei orðið jafntæmandi upptalning einstakra viðfangsefna niður í smæstu framkvæmdaatriði og t. d. framkvæmdaáætlun í vegamálum er. Gera verður ráð fyrir að svigrúm geti orðið til þess að takast á við byggðavanda, svo sem skyndilega atvinnuörðugleika, sem skapast á áætlunartímabilinu og ekki verða séðir fyrir. Þá verða einnig ýmis viðfangsefni í byggðamálum óhjákvæmilega þannig að þeir, sem með framkvæmdina fara, verða að geta haft nokkurt olnbogarými til þess að veita aðstoð með einhverjum hætti án þess að unnt sé að gera nákvæmlega ráð fyrir í byggðaáætlun hvernig það skuli gert.

Á hinn bóginn er mætavel hægt í slíkri áætlunargerð, sem Alþingi afgreiddi til fjögurra ára í senn og endurskoðar á tveggja ára fresti, að afgreiða nokkuð nákvæmlega almennar áætlanir um framkvæmdir í byggðamálum. Svo dæmi sé tekið um slíkar áætlanir, sem hægt væri að afgreiða í byggðaþróunaráætlun Alþingis, má nefna af áætlunarviðfangsefnum, sem unnin hafa verið, verkefni eins og Hólsfjallaáætlun, Inndjúpsáætlun, áætlun um framkvæmdir í

Árneshreppi og áætlanir um uppbyggingu atvinnulífs á ýmsum stöðum á landinu þar sem atvinnuerfiðleika hefur gætt og Framkvæmdastofnun ríkisins hefur haft afskipti af. Með þeim sama hætti mætti afgreiða nokkuð nákvæmlega framkvæmdaatriði í landshlutaáætlunum og í byggðaáætlunum einstakra byggðarlaga.

Eins og frumvarpið er úr garði gert gerir það ráð fyrir að þingsályktunartillaga um byggðaþróunaráætlun sinni viðfangsefnum af báðum togum: Annars vegar raunverulegum framkvæmdaáætlunum í byggðamálum, þar sem einstökum viðfangsefnum verður lýst, kostnaður við þau áætlaður og fjármagn útvegað sérstaklega merkt viðfangsefnum. Hins vegar að tiltekinn hluti af heildarfjármagni því, sem Alþingi ráðstafar til byggðamála, verði settur til hliðar til einstakra flokka viðfangsefna, sem ekki er hægt fyrir fram að gera áætlanir um, en stjórn Byggðastofnunar ríkisins tekur ákvarðanir um síðar með svipuðum hætti og nú á sér stað um stjórn Byggðasjóðs.

Í grein þessari er einnig ákveðið hvernig ráðstöfun fjármagns skv. byggðaþróunaráætluninni geti verið, þ. e. í formi beinna styrkja, vaxtalausra lána til allt að tveggja ára eða almennra lánveitinga. Síðar í frv. er ráð fyrir því gert, að stjórn Byggðastofnunar ríkisins (Byggðasjóðs) ákveði greiðslukjör útlána að öðru leyti en því, að lánin skuli ávallt vera verðtryggð.

Um 3. gr.

Lykilatriði í allri stefnumótun í byggðamálum er að menn reyni að koma sér saman um einhverjar viðmiðanir til þess að velja þau viðfangsefni, sem eigi að hafa forgang. Svo fremi það er ekki gert verður engin byggðastefna mörkuð.

Þessar viðmiðanir hafa aldrei verið valdar af íslenskum stjórnvöldum og hefur því orðið byggðastefna verið óskýrt hugtak og lánveitingar Byggðasjóðs frekar orðið almennar viðbótarlánveitingar, þar sem aðeins í mjög óverulegum mæli hefur verið tekið tillit til raunhæfra byggðarsjónarmiða. Þar hefur nánast orðið um sjálfvirkar lánveitingar að ræða, þar sem allir aðilar um mestallt Ísland hafa haft sama aðgang að viðbótarlánum Byggðasjóðs án tillits til þeirra gjörólíku viðhorfa í byggðamálum, sem ríkja í byggðarlögum víðs vegar um landið. Í sumum byggðarlögum á starfssvæði Byggðasjóðs er atvinnulíf öflugt, mikil almenn velmegun og fólksfjölgun umfram meðallag, en á öðrum landssvæðum atvinnuerfiðleikar, tekjur langt undir meðaltali og einangrun mikil og fólksfækkun. Auðvitað er það engin byggðastefna að setja slík byggðarlög við sama borð og gert hefur verið í reynd út frá þeirri viðmiðun einni saman, að bæði séu þau utan höfuðborgarsvæðisins.

Eigi að marka raunhæfa byggðastefnu, sem hefur inntak og tilgang, verða menn að leita annarra leiða til þess að raða viðfangsefnum í byggðamálum í forgangsröð og hverfa alfarið frá því kerfi, sem komist hefur á, að Byggðasjóður sé sjálfvirkur viðbótarlánasjóður fjárfestingarlánasjóðanna á öllum svæðum landsins utan höfuðborgarsvæðisins án tillits til byggðaástands að öðru leyti.

Flutningsmönum er ljóst að mikið vandaverk er að velja slíkar viðmiðanir. Vandann verða menn þó að takast á við, ef byggðastefna á að öðlast einhvern tilgang. Í þessari grein eru lagðar til fimm viðmiðanir um röðun viðfangsefna í byggðamálum, þar sem horft verði sérstaklega til búsetuþróunar, atvinnumála, lágra atvinnutekna, óviðunandi félagslegrar aðbúðar, mikilla samskiptaerfiðleika og einangrunar, og til annarra aðstæðna sem stefna byggð í hættu.

Um 4. gr.

Í grein þessari er lagt til, að Framkvæmdastofnun ríkisins, sem nú heitir svo, verði alfarið gerð að Byggðastofnun, en sá þáttur í starfsemi stofnunarinnar, sem lýtur að yfirstjórn fjárfestingarmála í landinu, stýringu fjármagns til fjárfestingarlánasjóðanna og umsjá Framkvæmdasjóðs Íslands, verði frá henni skilinn. Munu þingmenn Alþýðuflokksins síðar í vetur flytja sérstakt lagafrumvarp um fyrirkomulag þeirra mála.

Í 4. gr. er lagt til, að Byggðastofnun ríkisins undirbúi tillögu til þingsályktunar um byggðaþróunaráætlun samkv. 1. gr. og hafi með höndum framkvæmd á áætlunum þeim, sem Alþingi samþykkir.

Þá er lagt til, að stofnunin starfi í tveimur deildum, áætlunardeild og lánadeild, og Byggðastofnun ríkisins heyri undir félagsmálaráðuneytið, en Framkvæmdastofnun ríkisins fellur nú undir forsætisráðuneytið. Er þessi breyting eðlileg þar eð stofnuninni er skv. frv. breytt í hreina byggðastofnun.

Um 5. gr.

Í þessari grein er lagt til, að Alþingi kjósi stjórn Byggðastofnunar ríkisins, sem skipuð verði 7 mönnum og jafnmörgum varamönnum, með sama hætti og Alþingi kýs nú stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Í næstu grein á eftir er lagt til að svokallað kommissarakerfi á stjórn stofnunarinnar verði afnumið, og gæti mjög komið til greina að fylgja því endanlega eftir með því að breyta vali stjórnar t. d. á þann veg, að í staðinn fyrir, að Alþingi kjósi stjórn Byggðastofnunar ríkisins, verði hún skipuð fulltrúum, sem verði tilnefndir af fjárfestingarlánasjóðum, viðskiptabönkum, Sambandi ísl. sveitarfélaga, aðilum vinnumarkaðarins — einhverra eða allra þessara aðila. Þó er hætt við, verði það gert, að fljótlega tækist eitthvert samkomulag milli fulltrúa slíkra hagsmunaaðila um einhverja hlutfallsskiptingu á fé sjóðsins milli tiltekinna atvinnugreina til að mynda og almennar lánaveitingar Byggðasjóðs yrðu þar með meira og minna sjálfvirkar eins og nú er raunin. M. a. vegna þess ágalla er ekki lögð til í frumvarpi þessu sú skipan mála á stjórn Byggðastofnunar ríkisins, sem jafnframt er stjórn Byggðasjóðs, heldur gert ráð fyrir að Alþingi kjósi stjórnina áfram með sama hætti t. d. og Alþingi kýs stjórnir annarra lánastofnana.

Þá er sú breyting gerð, frá núverandi skipan, að í frumvarpinu er lagt til, að stjórnin kjósi sjálf formann sinn í stað þess að ráðherra skipi hann eins og nú á sér stað. Er það gert m. a. til þess að tengsl stjórnar stofnunarinnar við handhafa framkvæmdavalds á hverjum tíma verði ekki eins sterk og nú er, þar sem stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins virðist telja sér skylt að fara eftir öllum beiðnum ríkisstjórnar um fjárveitingar og lánveitingar úr Byggðasjóði, þótt svo stjórnin sé sjálfstæð stofnun og kjörin af Alþingi, en ekki skipuð af ríkisstjórn.

Engu að síður mundi þingmeirihluti hverju sinni að sjálfsögðu geta tryggt sér meiri hluta í stjórn stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Í grein þessari er lagt til, að núverandi kommissarakerfi á stjórn stofnunarinnar verði afnumið, en sami háttur hafður á um þau mál og á sér stað í öðrum ríkisstofnunum. Þannig verði dagleg stjórn Byggðastofnunar ríkisins í höndum forstjóra, sem ætlast er til að verði embættismaður og félagsmálaráðherra skipi að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar. Forstjóri þessi ræður svo sjálfur framkvæmdastjóra áætlunardeildar og lánadeildar og annað starfslið stofnunarinnar, að fenginni tillögu framkvæmdastjóra og stjórnar.

Um 7. gr.

Í grein þessari er lýst nokkrum verkefnum annarrar deildar Byggðastofnunar ríkisins, áætlunardeildar. Hún undirbýr tillögugerð stofnunarinnar að byggðaþróunaráætlun, og er verkefni deildarinnar hliðstætt verkefni byggðadeildar við Framkvæmdastofnun ríkisins samkv. núgildandi skipan mála.

Þó er nýmæli í greininni, að lagt er fyrir áætlunardeild að hafa samráð og samstarf við sveitarfélög og samtök þeirra um gerð áætlunarverkefna, og einnig er deildinni heimilt að taka þátt í kostnaði við verkefni af því tagi sem unnin eru á vegum sveitarfélaganna sjálfra eða landshlutasamtaka þeirra.

Um 8. gr.

Grein þessi er hliðstæð sambærilegri grein um verkefni lánadeildar Framkvæmdastofnunarinnar í núgildandi lögum, nema hvað í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lánadeild Byggðastofnunar ríkisins hafi aðeins með höndum starfrækslu Byggðasjóðs, en Framkvæmdasjóður verður fenginn öðrum aðilum, eins og tillaga verður gerð um í frumvarpi þingmanna Alþýðuflokksins, sem flutt verður síðar.

Um 9. gr.

Þessi grein er einnig hliðstæð sambærilegri grein um viðfangsefni lánadeildar varðandi rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi framkvæmda í gildandi lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Í greininni er þó hert á kröfum til þess, að slíkt mat á lánsumsóknum hafi farið fram, og m. a. slegið föstu, að óheimilt sé að veita fé úr Byggðasjóði nema slíkt mat liggi fyrir.

Um 10. gr.

Greinin er hliðstæð sambærilegri grein í gildandi lögum.

Um 11. gr.

Greinin er hliðstæð sambærilegri grein í gildandi lögum.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um, hvert framlag til Byggðasjóðs úr ríkissjóði skuli vera. Var upphaflega til þess ætlast, að framlag skyldi vera sem svaraði 2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Við það fyrirheit hefur um margra ára skeið aldrei verið staðið. Fyrst var vikist hjá því með þeirri túlkun, að heildarráðstöfunarfé Byggðasjóðs næmi sem svaraði 2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs: framlög, eigið fé og lántökur. Nú er einnig horfið frá því ráði og er framlagið raunar ákveðið við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni án tillits til fyrirmæla laga um hvert það skuli vera. Þar með hefur lagabókstafurinn um sjálfvirk framlög úr ríkissjóði til Byggðasjóðs í rauninni verið felldur úr gildi.

Slíkt er á margan hátt skiljanlegt, því auðvitað á framlag þetta og önnur útgjöld ríkissjóðs að metast eftir aðstæðum hverju sinni. M. a. hlýtur það að eiga að fara eftir ástandi í atvinnu- og byggðamálum á hverju tímabili fyrir sig, þörfinni fyrir fjárveitingu í því skyni og getu ríkissjóðs í því sambandi. Óeðlilegt er, að framlög úr ríkissjóði til byggðaverkefna ráðist af öðrum og ólíkum þörfum og aðstæðum. Vel má vera að ríkissjóður ráðist í mjög útgjaldafrek og tímabundin viðfangsefni, svo sem varðandi framkvæmdir í orkumálum og iðnaðarmálum, þar sem mikið fé þarf að útvega og leggja fram á skömmum tíma. Þær aðstæður þurfa ekki að réttlæta að tilsvarandi sveiflur eigi að vera á framlögum ríkissjóðs til byggðaverkefna. Með sama hætti gæti verið að ríkisstjórn teldi rétt að draga mjög verulega úr útgjöldum ríkissjóðs, t. d. með því að létta sköttum af almenningi og atvinnuvegum til þess að treysta atvinnuástand og auka atvinnutekjur. Slíkt réttlætti á engan hátt samsvarandi samdrátt í framlögum ríkissjóðs til Byggðasjóðs og byggðamála, því aðstæður gætu þvert á móti verið þær, að nauðsynlegt væri vegna atvinnuástands að auka fremur en minnka fjárveitingar í því skyni. Það er því á engan hátt æskilegt, að fjárveitingar úr ríkissjóði til byggðaþróunarverkefna ráðist af öðrum og óskyldum viðfangsefnum ríkissjóðs, enda hefur reynslan orðið sú, að hin sjálfvirku framlög

úr ríkissjóði til Byggðasjóðs eru ekki lengur virt. Lagt er til að sú staðreynd sé viðurkennd og framlag ríkissjóðs ákveðið á fjárlögum hverju sinni með tilliti til afgreiðslu Alþingis á byggðaþróunaráætlun.

Það skal þó tekið fram, að stefna flutningsmanna er sú, að þar sem náttúrugæði eins og orka fallvatna og djúphiti beri að skoða sem eign þjóðarheildarinnar, eigi við virkjun þeirra og nýtingu, t. d. til orkufreks iðnaðar, að ganga svo frá hnútunum, að þjóðarheildin geti notið ávaxtanna, en ekki aðeins þau byggðarlög og landsmenn, sem búa í næsta nágrenni við orkuverin og iðjuverin. Einn þáttur þess að tryggja, að landsmenn allir njóti góðs af slíkum framkvæmdum, er að sjá svo um að tekjur af orkusölu og starfrækslu orkufreks iðnaðar séu nýttar landsmönnum öllum til gagns, m. a. til þess að efla atvinnulíf og skapa ný atvinnutækifæri á fjarlægum stöðum. Er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að Byggðasjóður hafi sérstakar tekjur af slíkri nýtingu náttúruauðlinda í eign þjóðarheildarinnar og af starfrækslu orkufreks iðnaðar. Verður að setja sérstakar reglur um hvernig þetta skuli gert um hverja framkvæmd fyrir sig þar sem mjög ólíkar aðstæður geta verið milli einstakra framkvæmda og iðjuvera.

Um 15. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um hlutverk Byggðasjóðs, sem verði að efla byggð, treysta atvinnulíf og bæta aðstöðu til búsetu í einstökum landshlutum, sem eiga við búsetuvandamál að stríða.

Meðal nýrra verkefna, sem sjóðnum eru fengin frá gildandi lögum, er að sjóðurinn aðstoði við breytingar á atvinnu- og búskaparháttum, ef slíkra breytinga er óskað og þær stuðla ótvírætt að lífskjarabótum. Sem dæmi um slík viðfangsefni má nefna nýjar búgreinar.

Þá er einnig nýmæli, sem lagt er til í greininni, að sjóðnum sé heimilt að greiða fyrir búsetuskiptum fólks, sem óskar að flytjast búferlum frá bújörðum, sem búa við mikla einangrun og léleg lífskjör og búseta er ekki talin lífvænleg á.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að bent er á, að í greininni er ráð fyrir því gert, að allar lánveitingar Byggðasjóðs ríkisins verði verðtryggðar og skýr greinarmunur verði gerður á lánveitingum annars vegar og styrkveitingum hins vegar.

Um 18. gr.

Greinin er hliðstæð sambærilegri grein í gildandi lögum.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Geinin er sambærileg hliðstæðri grein í gildandi lögum.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 101. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um eflingu almannavarna.

Flm.: Friðrik Sophusson, Helgi Seljan, Eiður Guðnason, Guðmundur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu, m. a. með eftirfarandi markmið í huga:

1. Almannavarnir ríkisins verði efldar og þeim tryggður nægur mannafli til að annast aðalverkefni í almannavörnum, þ. e. upplýsingastarfsemi, skipulagsmál, áhættumat, fræðslu- og þjálfunarmál og birgðahald.
2. Þjálfaðir verði umsjónarmenn almannavarna í hverju kjördæmi landsins, er verði fulltrúar Almannavarna ríkisins í viðkomandi kjördæmi.
3. Komið verði á fót birgðastöðvum almannavarna í hverju kjördæmi landsins fyrir neyðarbirgðir á sviði slysahjálpar, vistunar heimilislausra, fjarskipta og neyðarlýsingar.
4. Lokið verði við uppsetningu á viðvörunar- og fjarskiptakerfi Almannavarna ríkisins.
5. Með aðstoð ríkisfjölmiðlanna verði skipulögð almenningsfræðsla um varnir gegn náttúruhamförum og annarri vá.
6. Starfs- og hjálparlið almannavarna verði þjálfað á kerfisbundinn hátt samkvæmt nánari áætlun þar um.
7. Endurskoðuð verði lög um verkefna- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, vegna almannavarna.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari, sem lögð var fram seint á síðasta þingi og flutt er af þingmönnum allra flokka, er stefnt að því að efla almannavarnir og hefja áætlanagerð í því skyni. Fyrsta áætlunin þarf að geta legið fyrir sem fyrst og síðan er eðlilegt að endurskoðun fari fram á fimm ára fresti.

Almannavarnir á Íslandi voru stofnaðar með lögum nr. 94 29. desember 1962, og hafa því bráðum verið starfræktar í 20 ár. Á þessum tæplega 20 ára starfsferli hafa almenningur og stjórnvöld margsinnis óskað eftir og krafist úrlausnar Almannavarna með neyðar- og hjálparstarfi við meiri háttar náttúruhamfarir eða aðra vá. Að hættuástandi loknu hefur starfsemi Almannavarna hins vegar fallið í skugga dægurmálanna og verið lítill gaumur gefinn, þrátt fyrir mikilvægi þeirra. Eflaust á þetta m. a. rætur í þeim misskilningi, að skipa megi þeim á bekk með björgunarsveitum, sem af fórnfýsi koma til hjálpar þegar fólk týnist eða er í hættu statt. Vill þá gleymast, að hlutverk Almannavarna er mun víðtækara og flóknara en samtökum áhugamanna getur verið falið, þótt þau séu mjög mikilvæg. Björgunarstörf eru hins vegar aðeins einn af mörgum starfsþáttum Almannavarna ríkisins.

Almannavarnir eru sameiningarafl þjóðarinnar á hættutímum og er ætlað að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir eigna- og líkamstjón af völdum náttúruhamfara eða af annnarri vá og veita líkn og aðstoð vegna tjóns sem orðið hefur.

Mikil hætta getur verið því samfara að tryggja ekki nægilegan almannavarnaviðbúnað í landinu. Nægir þar að minna á að Ísland er eitt þeirra landa í heiminum þar sem náttúruhamfarir eru tíðastar og mestar. Með stóraukinni landnýtingu og fjölbreytileika í atvinnuháttum, háðari tæknivæðingu nútímans, eykst hættan á alvarlegum afleiðingum náttúruhamfara, bæði hvað varðar mann- og eignatjón. Þar af leiðandi er viðbúnaður til að mæta vá

nauðsynlegur, þar sem mikið veltur á réttum neyðaraðgerðum þegar hættu ber að höndum. Þá eru fyrirbyggjandi ráðstafanir ekki síður mikilvægur liður í almannavörnum til að tryggja að tjón verði eins lítið og kostur er. Hafa ýmsar framfarir átt sér stað á því sviði hér á landi, flestar fyrir áeggjan og forgöngu Almannavarna, þótt aðrir hafi tekið að sér framkvæmdir. Hefur oftast verið hljótt um slík störf. Ætti að kveða nánar á í lögum um samstarf Almannavarna og Viðlagatryggingar um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Almannavarnir eru viðbúnaður ríkisvaldsins og sveitarfélaga til að mæta vá, enda er hin eiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd á neyðaraðgerðum til öryggis borgurunum í verkahring stjórnvalda. Nægir í því efni að benda á eldsumbrotin í Vestmannaeyjum 1973, snjóflóðin í Neskaupstað 1974 og Kröfluelda frá árinu 1975. Enn fremur má minna á að þegar náttúruhamfarir verða hérlendis sem erlendis snýst umræðan ávallt um viðbúnað stjórnvalda, hvernig skipulag neyðaraðgerða hefur reynst og mannafli og tæki nýst.

Almannavarnir ríkisins hafa lagt allt kapp á að stofna almannavarnanefndir í byggðum landsins og gera alhliða neyðaráætlanir í þeim. Nú eru starfandi 70 almannavarnanefndir í landinu og ná neyðaráætlanir til þeirra allra. Á s. l. 10 árum hefur orðið bylting í skipulagi neyðaraðgerða í landinu og nægir að minna á, að í upphafi síðasta áratugs var ekkert skipulag til um hvernig bregðast skyldi við stórum flugslysum, snjóflóðum, skæðum eldgosum, flóðum eða jarðskjálftum, svo að það helsta sé nefnt. Hefur það skipulag, sem hér hefur verið gert, vakið athygli alþjóðastofnana á þessu sviði. Í þeim löndum, þar sem skipulagið hefur verið kynnt, hefur það verið talið til fyrirmyndar. En það er ekki nóg að skipuleggja. Það verður að vera styrkur til að beita skipulaginu ef hættu ber að höndum.

Til að ná sem mestum árangri í starfi hafa Almannavarnir ríkisins talið æskilegt að stefna að eftirfarandi þróunarferli:

Að samhæfa rannsóknarstarfsemi vísindastofnana með tilliti til upplýsingasöfnunar vegna náttúruhamfara og aðvarana um hættuástand. Enn fremur störf þeirra við áhættumat og nauðsynlegar upplýsingar og ráðgjöf um viðbúnað fyrir almannavarnanefndir héraða.

Að hafa forgöngu um, að áhættumat fari fram, og stuðla að því, að skipulag byggða þróist með tilliti til þess að fyrirbyggja tjón. Er eðlilegt að slík starfsemi fari fram í samvinnu við Viðlagatryggingu.

Að undirbúa, viðhalda og æfa áætlanir um samhæfingu ríkisstofnana, byggðastofnana, félaga og fyrirtækja á neyðartímum.

Að upplýsa almenning um öryggisráðstafanir á einkaheimilum, og varnir og hegðun fólks í náttúruhamförum. Einnig að þjálfa í sama skyni starfsmenn og hjálparlið.

Að koma upp lágmarksöryggisbirgðum í einstökum landshlutum með tilliti til íbúafjölda.

Að koma upp og starfrækja viðvörunar- og fjarskiptakerfi og annan sérhæfðan tæknibúnað vegna almannavarna.

Núverandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar vegna almannavarna valda miklum vanda í framkvæmd og hamla gegn æskilegri þróun. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir að ríkissjóður beri allan kostnað vegna almannavarna í héruðum, en geti krafið sveitarsjóð um helming kostnaðar og þriðjung í undantekningartilvikum. Hins vegar hafa almannavarnanefndir frumkvæði og framkvæmd með höndum, en skortir fjármagn.

Nauðsynlegt er að endurskoða lögin um hlutverkaskipti ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum og stefna að því, að sveitarfélög kosti sinn hluta að fullu og ríkissjóður greiði sömuleiðis sinn skerf.

Nd. 102. Frumvarp til laga [99. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Ingólfur Guðnason.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist 8. liður, svo hljóðandi:
Félagsheimili, byggð skv. 1. gr. laga nr. 54/1979, um félagsheimili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Komið hefur í ljós, að skattayfirvöld hafa ákveðið að leggja tekjuskatt og eignarskatt á félagsheimili sem byggð hafa verið víðs vegar um land skv. lögum um félagsheimili, nr. 54/1979, og eru í eigu sveitarfélaga og félagasamtaka á viðkomandi stöðum, en í lögum þessum segir svo í 1. gr.:

„Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, vekalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundarhalda eða annarrar félagsstarfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga. Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi."

Eins og öllum má ljóst vera er það sammerkt með öllum félagsheimilum, að þau hafa verið og eru fjölbreytilegar menningarmiðstöðvar og leysa úr brýnni þörf fyrir félagslega aðstöðu í viðkomandi sveitarfélagi.

Að þeim flestum standa áhugamannafélög, sem leggja fram til þeirra allt sitt fjármagn.

Með tilkomu félagsheimila víðs vegar um landið hefur skapast aðstaða til hvers konar menningarlífs, sem telja verður eina af forsendum nútímalífshátta.

Lögin um félagsheimili hafa gert mögulegt að koma slíkum byggingum upp og nýta um leið sjálfboðastarf ungra og gamalla í flestum byggðarlögum, ekki aðeins á byggingartíma þeirra, heldur einnig við rekstur þeirra.

Flestir hafa litið svo á, að ákvæði skattalaga gæfu ekki tilefni til álagningar tekju- og eignarskatts á félagsheimili sem byggð hafa verið skv. lögum um félagsheimili.

Stjórn Félagsheimilasjóðs hefur í október s. l. ritað alþingismönnum eftirfarandi bréf:

„Stjórn félagsheimilasjóðs.

Efni: Um álagningu tekjuskatts, eignarskatts og aðstöðugjalds á félagsheimili.

Í júní s. l. úrskurðaði ríkisskattanefnd að Félagsheimilið Festi skuli greiða tekjuskatt, eignarskatt og aðstöðugjald vegna starfsemi sinnar á árinu 1979. Félagsheimilið Tjarnarborg, Ólafsfirði, hefur nýlega fengið samsvarandi kröfur frá skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra.

Af þessu tilefni leyfir stjórn félagsheimilasjóðs sér að vekja athygli háttvirtra alþingismanna á máli þessu og jafnframt að leggja fram þá ósk, að háttvirt Alþingi sjái til þess að félagsheimili verði ekki skattlögð með þessum hætti.

Sveitarfélög og ýmis félagasamtök hafa með stuðningi félagsheimilasjóðs reist félagsheimili um land allt. Félagsheimilin hafa verið fjölbreytilegar menningarmiðstöðvar og leyst úr brýnni þörf fyrir félagslega aðstöðu. Rekstur þeirra hefur hins vegar verið fjárhagslega

erfiður, og verða því nýjar álögur, eins og um er getið hér að framan, mikið reiðarslag fyrir rekstrarstjórnir félagsheimilanna.

Í rökstuðningi umboðsmanna félagsheimilisins Festi er m. a. eftirfarandi tekið fram:

„Félagsheimilið er starfrækt á grundvelli laga um félagsheimili, nr. 107/1970, en með tilvísun til 8. gr. þessara laga voru settar reglur um félagsheimilið, nr. 260/1972. Markmiðið með rekstri félagsheimilisins er félagsstarfsemi í samræmi við 1. gr. áðurnefndra laga, sem felst í ýmiss konar samkomuhaldi, svo sem kvikmyndasýningum og dansleikjum. Í starfseminni felst einnig önnur þjónusta, svo sem veitingasala sem óhjákvæmilega fylgir slíkri félagsstarfsemi sem þjónar hlutverki félagsmiðstöðvar fyrir byggðarlagið.

Í 5. gr. áðurnefndrar reglugerðar er kveðið svo á, að húsnefnd skuli „sjá til þess að tekjur hrökkvi fyrir rekstrargjöldum", og er því reksturinn miðaður við að hægt sé að uppfylla þetta ákvæði inan ramma 1. gr. laganna. Eigendur félagsheimilisins líta svo á að hér sé ekki um atvinnurekstur að ræða, heldur einungis félagsstarfsemi í þjónustu byggðarlagsins. Rekstur félagsheimilisins falli því undir ákvæði 6. gr. laga nr. 68/1971 um skattfrelsi félaga sem ekki stunda atvinnurekstur, og er þess því krafist að álagður tekjuskattur, eignarskattur og aðstöðugjald árið 1979 verði felld niður."

Stjórn félagsheimilasjóðs er sammála þessum rökum og væntir þess, að háttvirt Alþingi finni lausn í þessu máli og setji sérstök ákvæði um skattfrelsi félagsheimila í viðeigandi lög, ef lausn fæst ekki á annan hátt.

f. h. stjórnar félagsheimilasjóðs

Reynir G. Karlsson
íþróttafulltrúi.

Alþingi,
Reykjavík."

Auk þeirra félagsheimila, er getið er í ofangreindu bréfi, er kunnugt um fleiri félagsheimili, sem fengið hafa tilkynningu um skattlagningu á þessu ári, t. d. félagsheimilið „Breiðablik" í Miklaholtshreppi, Snæfellsnesi.

Til að taka af öll tvímæli um þetta mál er þetta frumvarp flutt.

Nd. 103. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1966 um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er lagt fram að ósk bankaráðs Verslunarbanka Íslands h. f. samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 45/1972 um Stofnlánadeild samvinnufélaga. Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja starfar sem sjálfstæð deild við bankann undir stjórn bankaráðs og er hlutverk hennar að styðja verslun landsmanna með hagkvæmum stofnlán-

um. Veitir stjórn deildarinnar slík lán til öflunar búnaðar og áhalda fyrir verslunarfyrirtæki, byggingar verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Ennfremur getur stjórnin, ef sérstakar ástæður mæla með, heimilað að þessum aðilum sé veitt stofnlán til kaupa á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Sjöunda grein laganna kveður á um að lánstími megi eigi vera lengri en 12 ár. Hámarkslánstími þessi var ákveðinn 1972 og var þá í samræmi við það sem þótti hagkvæmt og eðlilegt á þeim tíma. Miðað við þær breytingar sem orðið hafa almennt á lánskjörum á síðustu misserum með tilkomu fullrar verðtryggingar á lánum þykir eðlilegt að leggja til að lánstími sé lengdur, m. a. til þess að létta greiðslubyrði lántaka. Af ofangreindum ástæðum er lagt til að hámarkslánstími verði miðaður við 25 ár.

Nd. 104. Frumvarp til laga [101. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1972 um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er lagt fram að ósk bankaráðs Samvinnubanka Íslands h. f. samhliða frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 48/1966 um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja. Stofnlánadeild samvinnufélaga starfar sem sjálfstæð deild við bankann undir stjórn bankaráðs og er hlutverk hennar að styðja verslunarrekstur samvinnufélaga með hagkvæmum stofnlánum. Veitir stjórn deildarinnar slík lán til byggingar verslunar- og skrifstofuhúsnæðis samvinnufélaga og fyrirtækja innan þeirra vébanda sem verslun stunda, svo og til meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Ennfremur getur stjórnin, ef sérstakar ástæður mæla með, heimilað að þessum aðilum sé veitt stofnlán til kaupa á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Sjöunda grein laganna kveður á um að lánstími megi eigi vera lengri en 12 ár. Hámarkslánstími þessi var ákveðinn 1972 og var þá í samræmi við það sem þótti hagkvæmt og eðlilegt á þeim tíma. Miðað við þær breytingar sem orðið hafa almennt á lánskjörum á síðustu misserum með tilkomu fullrar verðtryggingar á lánum þykir eðlilegt að leggja til að lánstími sé lengdur, m. a. til þess að létta greiðslubyrði lántaka. Af ofangreindum ástæðum er lagt til að hámarkslánstími verði miðaður við 25 ár.

Ed. 105. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 54 frá 27. júní 1925, um mannanöfn.

Flm.: Finnur Torfi Stefánsson.

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Hver maður skal heita einu íslensku nafni eða fleirum og kenna sig til föður, móður, kjörföður eða kjörmóður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla ævi.

2. gr.

4. gr. laganna hljóði svo:

Eigi mega menn bera nöfn sem teljast afkáraleg eða kunna að valda óþægindum þeim sem bera þau. Hagstofa, prestar eða aðrir, sem skírn annast, skulu hafa eftirlit með að þessum ákvæðum sé fylgt. Rísi ágreiningur um nafn, sker heimspekideild háskólans úr.

3. gr.

5. gr. laganna hljóði svo:

Nú vill maður breyta nafni sínu, bæta við það eða fella niður hluta þess og getur hann þá sótt um leyfi til þess til stjórnarráðsins ef hann er ekki orðinn lögráða. Slíkt leyfi verður aðeins veitt einu sinni.

4. gr.

6. gr. laganna falli niður. 7. gr. laganna verði 6. gr.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Lög nr. 54 frá 1925, um mannanöfn, eru gömul orðin og um sumt ekki lengur í samræmi við viðhorf nútímans. Lögin bera greinileg merki sjálfstæðisbaráttunnar og viðleitni til að útiloka erlend áhrif á mannanöfn. Frelsi manna til nafngifta er skert meira en ætla má að samræmist viðhorfum manna nú.

Frumvarp þetta miðar að því að færa löggjöfina til samræmis við þau viðhorf sem ætla má að nú ríki með þjóðinni. Sú hugsun er lögð til grundvallar, að menn eigi að ráða sjálfir nafni sínu í sem ríkustum mæli og það frelsi eigi aðeins að takmarkast af þeim þjóðfélagshagmunum sem brýnir mega teljast. Þær breytingar, sem eru lagðar til, eru að verulegu leyti staðfesting á ástandi sem þegar er orðið þrátt fyrir ákvæði gildandi laga.

Verður nú vikið að hverri grein fyrir sig:

1. gr. Hér er lagt til að mönnum verði heimilt að heita fleiri en tveim nöfnum. Í raun er það ekki óalgengt að menn beri fleiri en tvö nöfn þrátt fyrir ákvæði gildandi laga, enda ekki sjáanlegir þeir þjóðfélagslegu hagsmunir sem mæli gegn slíku.

Þá er lagt til að menn geti kennt sig við kjörmóður jafnt sem kjörföður.

2. gr. Hér er lagt til að felldur verði niður hinn strangi áskilnaður 4. gr. núgildandi laga um að nöfn skuli vera „rétt að lögum íslenskrar tungu“. Sú krafa er óeðlilega ströng og ekki í samræmi við þær nafngiftir sem raunverulega viðgangast nú á dögum, enda eru sögulegar forsendur ákvæðisins ekki lengur fyrir hendi.

Hins vegar er látið halda sér ákvæði 1. gr. um að menn skuli heita íslensku nafni, enda gefur það ákvæði fullt svigrúm til að meta á grundvelli viðhorfa hvers tíma hvað telja skuli íslenskt.

Þá er nýtt ákvæði um að nöfn megi ekki vera afkáraleg eða líkleg til að valda óþægindum þeim sem bera þau. Þessu ákvæði er ætlað að stuðla að virðingu fyrir nafngiftum og koma í veg fyrir að þau valdi óþægindum eða móðgunum, bæði þeim, sem nafnið ber, og öðru fólki.

3. gr. Í gildandi lögum eru strangar skorður settar við breytingum á nöfnum manna. Slíkar skorður eiga að því leyti rétt á sér, að þjóðfélagslegir hagsmunir krefjast þess að fest sé í nafngiftum og menn beri almennt sama nafn alla ævi. Hins vegar geta legið mjög persónulegar ástæður til þess, að menn vilji breyta nafni sínu, ástæður sem geta verið mjög brýnar að mati viðkomandi.

Hér er lagt til að menn geti fengið nafni sínu breytt og ekki lagðar við efnislegar skorður. Hlýtur það að vera persónulegt mat hvers og eins hvort hann unir nafni sínu. Hins vegar er lagt til að menn njóti þessa réttar aðeins fram til þess að þeir verða lögráða. Hugmyndin er sú, að mönnum verði gert auðvelt að breyta nafni fram til þess tíma, en síðan verði því ekki breytt. Þá er lagt til að menn fái aðeins einu sinni leyfi til nafnbreytingar.

Að sjálfsögðu verður hið nýja eða breytta nafn að samræmast ákvæðum laga.

4. gr. Ákvæði 6. gr. laganna hefur ekki verið framfylgt um hríð og það verður óþarft við samþykkt þessa frumvarps.

5. gr. Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um sjónvarp á vegum einkaaðila — vídeó.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Finnur Torfi Stefánsson, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að skipa nefnd fulltrúa þingflokkanna um sjónvarp á vegum einkaaðila — vídeó — sem hafi að markmiði að breyta útvarpslögum þannig að a) ótvírætt sé heimilt að senda sjónvarpsefni eftir lokuðum rásum gegn greiðslu og b) að tryggt sé að sanngjarnar greiðslur komi til eigenda höfundarréttar.

Greinargerð.

Á undanförnum misserum hefur átt sér stað bylting í íslenskri fjölmiðlum vegna tilkomu hinna nýju sjónvarpskerfa sem einstaklingar setja á stofn og reka fyrir borgarhverfi, bæjarfélög eða smærri einingar. Þessi þróun er orðin staðreynd mjög víða um landið. Um það má hins vegar deila, hvort hér er um lögbrot að ræða, hvort hér er verið að brjóta lög um einkarétt Ríkisútvarpsins. Þróunin er engu að síður staðreynd.

Þessi þróun hefur nokkurn vanda í för með sér og þá fyrst og fremst hættu á því, að efni sé tekið traustataki og það sýnt án þess réttir eigendur þess fái þá þóknun sem þeim ber. Því virðist brýnt að löggjafinn taki hið fyrsta afstöðu til þessarar þróunar, þó ekki væri til annars en að tryggja höfundum réttmætar eigur sínar.

Það er álit flutningsmanna að þessi þróun sé af hinu góða, hún verði ekki stöðvuð, enda sé engin ástæða til þess. Einkaréttur sjónvarpsins er í raun úr sögunni. Hins vegar er brýnt að um þetta gildi reglur sem tryggi höfundum réttindi sín, tryggi neytendum vandaða þjónustu o. s. frv.

Framtíðin verður væntanlega sú, að hið nýja sjónvarp verður rekið af einstaklingum í litlum einingum. Fólk verður áskrifendur að slíkum stöðvum, eins og það nú er áskrifendur að blöðum og tímaritum, getur valið og hafnað.

Þessi þróun er staðreynd og það væri hrein fásinna af löggjafanum að reyna að snúa henni við eða spyrna gegn henni. Miklu mikilvægara er að sem allra fyrst verði sett skynsamleg og frjálslynd lög, þar sem þessi þróun er viðurkennd sem staðreynd, en um leið gætt fyllsta réttar þeirra sem hlut eiga að máli.

Æskilegast væri að Alþingi afgreiddi slík lög þegar á þessum vetri, en að öðrum kosti í upphafi 105. löggjafarþings.

Ed. 107. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. l. nr. 53/1969 og l. nr. 49/1980.

Flm.: Finnur Torfi Stefánsson.

1. gr.

4. mgr. 18. gr. laganna hljóði svo:

Hafi skipverji starfað við sjómennsku í tvö ár skal hann, auk þess sem í 3. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega um sömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfelld störf við sjómennsku.

2. gr.

Lög þesssi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að felldur verði niður sá áskilnaður gildandi laga að menn þurfi að hafa verið í þjónustu sama útgerðamanns í annars vegar tvö ár, hins vegar í fjögur ár, til þess að öðlast þau réttindi í veikinda- og slysatilfellum sem lagagreinin fjallar um.

Áskilnaður þessi virðist óþarfur og hefur ýmsar óheppilegar afleiðingar.

Að baki lagaákvæðinu liggur sú hugsun, að menn eigi að fá aukinn rétt með aukinni starfsreynslu og er það réttlátt gagnvart bæði skipverja og útgerðarmanni þar sem útgerðarmaður nýtur góðs af starfsreynslu skipverjans og því honum í hag að bæta kjörin til samræmis.

Eftir gildandi lögum missir skipverji í réttindum við að hætta störfum hjá einni útgerð og hefja störf hjá annarri. Síðari útgerðin nýtur þó til fulls starfsreynslu skipverjans og er útlátalaust að láta hann njóta réttinda í veikinda- og slysatilvikum hvort sem starfsreynslunnar var aflað í þjónustu þeirrar útgerðar eða einhverrar annarrar.

Núgildandi regla hefur þær afleiðingar, að skipverjar eiga örðugra með að skipta um skipsrúm en eðlilegt er, þar sem þeir missa við það réttindi. Hittir þetta sérstaklega illa fyrir aldraða sjómenn, sem kunna að vilja breyta til og taka t. d. upp léttari störf á sjó, en þeir hafa ekki síst þörf fyrir réttinda- og slysavernd.

Þá er þess að geta, að útgerðarmaður situr mjög yfir höfðum skipverja í þessu máli, þar sem hann á þess kost, ef hann svo kýs, að svipta skipverja réttindum þessum með einfaldri uppsögn.

Það er því brýnt að þessu verði breytt, og má telja það réttlætismál.

Sþ. 108. Fyrirspurn [105. mál]

til iðnaðarráðherra um virkjun Blöndu.

Frá Finni Torfa Stefánssyni.

Hvað líður ákvörðun um virkjun Blöndu?

Sþ. 109. Fyrirspurnir [106. mál]

I. Til samgönguráðherra um öryggismál sjómanna.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvenær má vænta formlegrar viðurkenningar siglingamálastjóra á sleppibúnaði gúmbjörgunarbáta sem Sigmund Jóhannsson í Vestmannaeyjum hefur hannað?
2. Þegar sú viðurkenning er fengin verða þá ekki sett reglugerðarákvæði sem skylda eigendur skipa til að búa skip sín strax þessum öryggisbúnaði?
3. Má vænta þess, að Siglingamálastofnun gefi á næstunni út nýjar reglur um gerð og búnað björgunarbáta á hinum stærri skipum?

II. Til samgönguráðherra um leiguskip Skipaútgerðar ríkisins.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. a. Hvaða skip er Skipaútgerð ríkisins nú með á leigu? Er fyrirhuguð fjölgun þeirra?
   b. Undir hvaða flaggi sigla þau?
   c. Samkvæmt hvaða samningum er lögskráð á þau?
2. Er farið að ákvæðum íslenskra laga og samningum við innlend stéttarfélög um fjölda áhafnarmanna?

Nd. 110. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981)

1. gr.

41. gr. hljóði svo:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkarhúsum, sem ríkið rekur (ríkisspítölum) svo og þeim sjúkrahúsum öðrum, sem rekin eru með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni, enda taki ákvæði 46. gr. um daggjöld ekki til þeirra. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir.

2. gr.

1. ml. 3. mgr. 46. gr. hljóði svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, sem 41. gr. nær ekki til, svo og daggjöld hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. gr. tekur til, ásamt gjaldskrám sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga, skulu ákveðin af 5 manna nefnd, daggjaldanefnd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 117/1976 var ákveðið að fjármagna rekstur ríkisspítalanna frá og með árinu 1977 með beinum framlögum úr ríkissjóði, eins og þau yrðu ákveðin hverju sinni á fjárlögum. Fram til þess tíma voru daggjöld ríkisspítalanna ákvörðuð af daggjaldanefnd eins og annarra daggjaldastofnana, sbr. 46. og 42. gr. l. 67/1971.

Frumvarp það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir sömu breytingu á fyrirkomulagi greiðslu reksturskostnaðar fleiri sjúkrahúsa, án þess þó að tilgreina hver þau yrðu. Ákvörðun um það fælist í samþykki Alþingis á rekstrarframlagi skv. fjárlögum til þar nafngreindra stofnana, eins og nú er um ríkisspítala, sbr. t. d. liði 08—371 til og með 08—377 í 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1981.

Skv. 46. gr. l. 67/1971 ber daggjaldanefnd að ákveða daggjöld og gjaldskrár þannig, að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma, miðað við þá þjónustu, er heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti. Daggjöld eru greidd af sjúkrasamlögum eða Tryggingastofnun ríkisins fyrir þeirra hönd. Ríkissjóður ber 85% daggjaldakostnaðar en sveitarsjóðir 15%.

Við framkvæmd lagafrumvarps þessa, ef að lögum verður, þarf því að hafa í huga framangreinda kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og gera sérstakar ráðstafanir, eigi þessi skipting að haldast, ella féllu öll útgjöld vegna sjúkrahúsa skv. fjárlögum á ríkissjóð einan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessari, sem kom í lög með lögum nr. 117/1976, er lagt til að breytt verði á þann veg, að hún taki ekki einvörðungu til ríkissjúkrahúsa, heldur og annarra sjúkrahúsa skv. ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að burtu falli orðin „annarra en ríkisspítalanna“ og í staðinn komi „sem 41. gr. nær ekki til“. Er þá vísað í 41. gr. þannig breytta, að hún tekur til fleiri sjúkrahúsa en ríkisspítalanna. Jafnframt er það tryggt með þessu orðalagi, að ekki geta farið saman fjárlagaframlög og daggjaldagreiðslur vegna sama reksturs.

Nd. 111. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1978 um vátryggingarstarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981).

1. gr.

46. gr. hljóði svo:

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár. Kostnaðinum skal jafna á vátryggingarfélög þau, sem um ræðir í lögum þessum, í hlutfalli við iðgjöld þeirra næstliðið reikningsár. Gera má vátryggingarfélögum að greiða allt að 2.5‰ af frumtryggingariðgjöldum og endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu vátryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrirfram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

46. grein laga nr. 50/1978 um vátryggingarstarfsemi er að öllu samhljóða 46. gr. laga 26/1973 um sama efni, en þau lög voru hin fyrstu, sem sett voru hér á landi um tryggingaeftirlit og vátryggingarstarfsemi.

Það var yfirlýst stefna Alþingis bæði 1973 og 1978 að álagt tryggingaeftirlitsgjald skv. 46. gr. skyldi jafnan hrökkva fyrir kostnaði af starfsemi eftirlitsins, þótt sá varnagli væri sleginn í 2. mgr. að ríkissjóður hlypi undir bagga, ef út af brygði.

Reynsla 5 síðustu ára hefur hins vegar verið sú, að gjöldin hafa vaxið meira en tekjur. Sértekjur og gjöld eftirlitsins hafa verið sem hér segir í þús. gkr.:

	Sértekjur	Gjöld	Mismunur	%
1977	15 240	15 324	– 84	0,6
1978	23 388	25 825	– 2 437	10,4
1979	29 904	39 050	– 9 146	30,6
1980	45 632	61 726	– 16 094	35,3
1981 (áætl.)	65 000	90 000	– 25 000	38,5

Eins og taflan sýnir hefur æ meir vantað á, að sértekjur eftirlitsins hafi nægt til að mæta útgjöldum þess, þrátt fyrir álagningu hámarksgjalds undanfarin ár. Ástæður þess eru í fyrsta lagi verðbólgan hér á landi, en tekjustofn eftirlitsins eru iðgjöld reikningsársins á undan (t. d. tekjur á árinu 1980 voru miðaðar við reikningsárið 1978 hjá vátryggingarfélögunum). Í öðru lagi hefur hlutdeild endurtryggingariðgjalda vaxið samanborið við frumtryggingariðgjöld hjá félögunum, en hámarksgjald, sem leggja má á samkvæmt 46. gr. laganna, er 0.6‰ af hinum fyrrnefndu og 2,5‰ af hinum síðarnefndu.

Að gjaldið skuli vera lægra af endurtryggingum en frumtryggingum er í miklu ósamræmi við þá vinnu, sem eftirlitið verður að inna af hendi í sambandi við endurtryggingar félaganna. Má fullyrða að sú vinna hefur síst verið minni, andstætt því sem gert var ráð fyrir í upphafi þegar lögin voru sett.

Það er því tillaga eftirlitsins að 46. gr. laganna verði breytt á þá lund, að hámarksálagning á félögin verði látin nema 2,5‰ af öllum bókfærðum iðgjöldum án tillits til tegundar. Ef slíkt ákvæði væri í gildi nú og heimiluð yrði álagning hámarksgjalds, myndu sértekjur eftirlitsins nema um 900 þús. nýkr. á næsta ári.

Á þessu ári fékkst heimild til ráðningar eins starfsmanns til viðbótar. Á móti kostnaði vegna þess kemur, að greiðslum vegna tölvukaupa er nú lokið, en mánaðarlegar gengistryggðar afborganir hafa numið um það bil launum eins háskólamenntaðs starfsmanns. Er tölvan nú eign eftirlitsins.

Eru á næsta ári ekki fyrirhugaðar aðrar breytingar á starfseminni, og má því ætla að aukning rekstrarkostnaðar milli áranna 1981 og 1982 samsvari breytingum á almennu verðlagi í landinu á sama tíma.

Nd. 112. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignaskatt.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 69. gr. laganna komi ný gr. er verði 70 gr. og hljóði svo:

Í ferúarbyrjun ár hvert skal Hagstofa Íslands reikna út sérstaka framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað utan Reykjavíkursvæðisins og fyrir hverja sýslu landsins.

Nota skal á hverjum tíma gildandi útreikningsgrundvöll hinnar almennu framfærsluvísitölu, en taka auk þess tillit til afgerandi þátta á hverjum stað þótt þeir séu ekki í hinum almenna grundvelli.

Verði hinar sérstöku framfærsluvísitölur skv. þessari grein hærri eða lægri en hin almenna framfærsluvísitala, svo nemi meira en 2%, skal hækka eða lækka persónuafslátt skv. 68. gr. og barnabætur skv. 69. gr. í hverju byggðarlagi fyrir sig sem nemur hlutfalli vísitalnanna margfölduðu með þremur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taki til álagningar tekjuskatts árið 1982.

Greinargerð.

Þó að höfuðtilgangur tekjuskatts sé tekjuöflun fyrir ríkissjóð, þá er hann öðrum þræði tæki til tekjujöfnunar milli manna, þótt ekki hafi í þeim efnum eins vel til tekist og flestir vildu.

Eitt einkenni tekjuskatts hefur ávallt verið það, að tekjur fyrir nauðþurftum, þótt það sé afar teygjanlegt hugtak, hafa verið undanþegnar skattlagningu.

Í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt er svokölluðum persónuafslætti og barnabótum ætlað að sjá um þetta atriði. Ef kostnaður við öflun nauðþurfta er mismunandi mikill í hinum ýmsu landshlutum, eins og flestir telja, hlýtur það að vera bæði eðlilegt og sanngjarnt, að tekið sé mið af því við ákvörðun persónuafsláttar og barnabóta.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að upphæð persónuafsláttar og barnabóta breyttist eftir tilkostnaði í hverjum kaupstað utan Reykjavíkursvæðisins og hverri sýslu þannig að lágtekjufólk fái kostnaðaraukann að fullu bættan í gegnum skattakerfið, en bæturnar fari minnkandi eftir því sem tekjurnar hækka.

Gert er ráð fyrir því, að Hagstofa Íslands reikni út þennan kostnaðarmismun eftir landshlutum. Ef það er t. d. 5% dýrara að búa á einum stað en almenna framfærsluvísitalan gerir ráð fyrir, þá þarf að hækka persónuafslátt og barnabætur um 15% til að jafna þennan mismun út hjá lágtekjufólki, eins og meðfylgjandi tafla sýnir.

Ýmsir munu halda því fram, að framkvæmd laga sem þessara verði bæði erfið og dýr. Svo þarf þó ekki að vera þegar frá líður. Í byrjun verður talsvert verk fyrir Hagstofuna að meta ýmsa þætti, sem þungt vega víða á landsbyggðinni, en eru nú varla með í grundvelli hinnar almennu framfærsluvísitölu. T. d. á það við um ferða- og flutningskostnað innanlands. Aftur á móti er þar fullt tillit tekið til innanbæjaraksturs og fargjalda með strætisvögnum.

Annað, sem mjög þungt vegur í þessum samanburði, er kostnaður við upphitun húsa. Þó að hitaveitugjöld í Reykjavík séu nú alls ráðandi í grundvelli framfærsluvísitölunnar, þá er auðvelt að reikna þann kostnað út eftir byggðarlögum.

Samanburður á verði almennra neysluvara er auðveldur og hefur verið framkvæmdur.

Í þessu sambandi má einnig benda á það, að á undanförnum árum hafa margir þingmenn, úr öllum flokkum, talið það nauðsynlegt, að öruggt mat fari fram á mismun tilkostnaðar við búsetu eftir landshlutum.

Gert er ráð fyrir því, að þessar sérstöku framfærsluvísitölur verði reiknaðar út einu sinni á ári, en ekki fjórum sinnum eins og almenna framfærsluvísitalan, enda er upphæð persónuafsláttar og barnabóta ákveðin einu sinni á ári.

Útreikningur og álagning tekjuskatts eru nú unnin í tölvum, og það breytir því engu þótt persónuafsláttur og barnabætur séu breytileg eftir landshlutum.

Brúttó-tekjur	Tekju-skattur	Útsvar	Persónu-afsláttur og barnabætur	Beinir skattar nettó	Ráðstöfunartekjur (brúttótekjur — beinir skattar)	Kostnaðarhækkun m. v. 5% hækkun framfærsluvísitölu	15% hækkun persónuafsl. og barnabóta	Kostnaðar-mismunur bættur (í %)
50 000	11 250	4 280	21 456	−5 926	56 236	2 812	3 218	114%
60 000	14 200	5 380	21 456	−1 876	61 876	3 094	3 218	104%
70 000	17 350	6 480	21 456	2 374	67 626	3 381	3 218	95%
80 000	20 500	7 580	21 456	6 624	73 376	3 669	3 218	88%
90 000	23 650	8 680	21 456	10 874	79 126	3 956	3 218	81%
100 000	26 800	9 780	21 456	15 124	84 876	4 244	3 218	76%
110 000	31 300	10 880	21 456	20 724	89 276	4 464	3 218	72%
120 000	35 800	11 980	21 456	26 324	93 676	4 684	3 218	69%
130 000	40 300	13 080	21 456	31 924	98 076	4 904	3 218	66%
140 000	44 800	14 180	21 456	37 524	102 476	5 124	3 218	63%
150 000	49 300	15 280	21 456	43 124	106 876	5 344	3 218	61%

Skýringar:

1) Álagning 1981 — tekjur ársins 1980.
2) Hjón með 2 börn, annað yngra en 7 ára.
3) Annað hjónanna vinnur fyrir öllum tekjum heimilisins.
4) Álagningarhlutfall útsvars er reiknað 11%.
5) Notuð er 10% frádráttarreglan v/tekjuskattinn.
6) Til einföldunar eru beinir skattar aðeins taldir vera tekjuskattur og útsvar.
7) Allar upphæðir í nýkrónum.

Nd. 113. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Virða skal rétt forráðamanna nemenda til þess að tryggja það, að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra. Í skólastarfinu skal forðast einhliða áróður um slíkar skoðanir og um álitaefni og ágreiningsmál í þjóðfélaginu.

2. gr.

2. mgr. 57. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal skólastjóra heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar að fengnu samþykki forráðamanna nemenda vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu. Ef um er að ræða víðtæka fræðilega rannsókn, sem líklegt er að hafi verulegt gildi, er menntamálaráðuneytinu heimilt að mæla svo fyrir, að þessar upplýsingar um vitnisburði séu veittar án þess að leitað sé samþykkis skólastjóra eða forráðamanna nemenda. Birta skal auglýsingu um slík leyfi í Lögbirtingablaði og geta þess, hverjum það er veitt og í hvaða skyni. Sá sem leyfið fær, er bundinn fullri þagnarskyldu, sem menntamálaráðuneytið getur mælt nánar fyrir um, og hann ber að því leyti ábyrgð sem væri hann opinber starfsmaður. Hið sama er um starfsmenn hans.

3. gr.

Við bætist ný gr., sem verður 64. gr. A, svo hljóðandi:

Menntamálaráðuneyti, fræðslustjórum, skólastjórum, kennurum og öðrum starfsmönnum grunnskóla, námsstjórum og starfsmönnum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskólum er heimilt að stunda fræðilegar rannsóknir í skólunum sjálfum og heimill aðgangur að gögnum þeirra. Þeir, sem stunda vilja rannsóknir eftir þessari mgr., skulu skýra menntamálaráðuneytinu frá því fyrir fram. Ráðuneytið skal setja nauðsynleg skilyrði eða synja um rannsóknaaðstöðu. Skal þá litið til fræðilegs gildis hinna fyrirhuguðu rannsókna, menntunar og reynslu þeirra, sem rannsóknirnar vilja stunda, og rannsókna- og úrvinnsluaðferð. Þá þarf og til rannsóknanna leyfi viðkomandi fræðslustjóra, skólastjóra og forráðamanna barna. Menntamálaráðuneytið getur leyft rannsóknirnar gegn áliti þessara aðila, ef ætla má að þær hafi verulegt gildi. Ef rannsóknin varðar ekki einkahagi eða skoðanir nemenda, heimilishagi þeirra, hagi forráðamanna nemenda eða annarra, þarf ekki leyfi forráðamanna.

Menntamálaráðuneytið getur leyft öðrum en greindir eru í 1. mgr. fræðilegar rannsóknir í grunnskólum og á gögnum þeirra. Um leyfi viðkomandi fræðslustjóra, skólastjóra og forráðamanna nemenda fer eftir 1. mgr. Leyfi eftir þessari mgr. skal aðeins veita ef fyrir liggur rannsóknaáætlun, starfsmenn við rannsóknina hafa nægilega menntun og reynslu, rannsóknin hefur verulegt fræðilegt gildi og með trúverðugum hætti er gætt hagsmuna sem varða friðhelgi einkalífs. Kannanir á viðhorfum nemenda, einkalífi þeirra og heimilishögum, einkalífi og högum forráðamanna þeirra, skólafélaga og annarra og á tilteknum atburðum, sem nemendur hafa orðið vitni að, skal ekki leyfa, nema sérstaklega mikilvægir hagsmunir krefjist þess. Ef leyfi er veitt skv. þessari mgr., skal birta um það auglýsingu í Lögbirtingablaði og geta þess,

hverjum það er veitt og í hvaða skyni. Sá, sem leyfið fær, er bundinn fullri þagnarskyldu, sem menntamálaráðuneytið getur mælt nánar fyrir um, og hann ber að því leyti ábyrgð sem væri hann opinber starfsmaður. Hið sama er um starfsmenn hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í eftirgreindum tilgangi:

1. Að vernda friðhelgi einkalífs;
2. að sporna gegn pólitískum áróðri í skólum;
3. að styrkja samband foreldra og barna annars vegar og samstarf heimila og skóla með því að virða rétt foreldra til að tryggja að fræðslan gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra.

Frv. er samið í því skyni að settar séu lagareglur um fræðilegar rannsóknir í grunnskólanum, þar sem bæði sé tekið tillit til einstaklingshagsmuna og þjóðfélagshagsmuna af því, að í grunnskólum séu nemendur ótruflaðir af öðru en því, sem skólinn skal vinna að eftir grunnskólalögum, og til hagsmuna af því, að fram fari fræðirannsóknir, er ekki séu aðeins frjálsar, heldur megi og fram fara í grunnskólum, ef sérstaklega brýn þörf er á.

Um hlutverk grunnskóla er rætt í 2. gr. laga um þessar fræðslustofnanir, en þau eru nr. 63 frá 1974. Í engu er þar vikið að því, að nemendur eigi að vera rannsóknaandlag fyrir fræðimenn, heldur eru þar einungis hafðir í huga beinir og brýnir hagsmunir nemendanna sjálfra. Um skólarannsóknir o. fl. er fjallað í VIII. kafla laganna. Þar segir í 62. gr., að menntamálaráðuneytið hafi með höndum ýmis verkefni, þar á meðal rannsókna- og tilraunastarf í skólum. Í 64. gr. segir: „Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsókna- og tilraunastarfa skv. 62. gr., skal árlega varið fé, sem ákveðið er á fjárlögum. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárins.“ Þó að ákvæði þessi séu ekki jafnljós og skyldi, verður ekki séð, að þau heimili að í skólum fari fram annað rannsóknastarf en það sem er á sviði skóla- og uppeldismála. Vafalítið er teygjanlegt, hvaða rannsóknastarf það sé, en langt er gengið ef kannanir á viðkvæmum persónulegum viðhorfum, kynlífsreynslu og öðru slíku, eru taldar heimilar í grunnskólum eftir lagagreinum þessum. Ekki verður séð að aðrar heimildir geti komið til álita. Ljóst er, að þörf er á skýrari reglum en nú eru í lögum um þetta efni. Til að bæta úr þessari þörf er gerð tillaga um reglur, sem fram eru settar í 2. og 3. gr. þessa frv.

Við könnun þessa máls kom fram, að æskilegt er að setja í grunnskólalögin ákvæði um rétt forráðamanna nemenda varðandi innrætingu trúar- og lífsskoðana og um einhliða áróður um álita- og ágreiningsmál.

Um greinar frv. er þessa að geta:

Um 1. gr. 2. mgr. 2. gr. grunnskólalaganna, nr. 63/1974, er nú þannig: „Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.“ Lagt er til, að þessi orð standi óbreytt, en við sé bætt tveimur atriðum. Hið fyrra er um rétt forráðamanna nemenda til að tryggja, að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra. Flm. telja þetta rétta stefnu og styðjast m. a. við 2. gr. viðbótarsamnings við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, þ. e. mannréttindasáttmála Evrópu, sem forseti Íslands fullgilti 19. júní 1953 og birtur var með auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda, nr. 11/1954. — Síðara atriðið, sem lagt er til að tekið verði upp í 2. mgr. 2. gr. grunnskólalaganna, hefur þann tilgang að stemma stigu við einhliða áróðri í grunnskólum. Er það í samræmi við 4. mgr. sömu lagagreinar, þar sem áhersla er lögð á, að skólastarfið skuli leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda.

Um 2. gr. 2. mgr. 57. gr. grunnskólalaganna er nú þannig: „Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.“ Lagt er til, að fyrra atriðið standi óbreytt, en um undanþágur sé tekið fram að skólastjóri veiti þær og að krafist skuli samþykkis forráðamanna nemenda. Byggist þetta á þeirri skoðun, að ástæðulaust og raunar rangt sé að nemendur séu hafðir til fræðirannsókna án vitundar og samþykkis forráðamanna þeirra nema sérstaklega standi á. Er það nánar skýrt í nýrri viðbót við mgr. Er þar ráðgert, að menntamálaráðuneytið geti veitt rannsóknaleyfi án samþykkis skólastjóra og forráðamanna, ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Ástæða sýnist vera til, að um slík leyfi sé almenningi gert kunnugt og að glöggar reglur séu um ábyrgð þeirra, sem fyrir rannsóknum standa og við þær starfa. Er orðum greinarinnar ætlað að ná þessum tilgangi.

Um 3. gr. Hér er um að ræða nýja grein, sem lagt er til, að kallist 64. gr. A.

Fyrri mgr. fjallar um rannsóknir, sem starfsmenn í menntamálaráðuneytinu og við grunnskólana hyggjast framkvæma. Er leitast við að setja sem gleggstar reglur, sem bæði geri mikilvægar rannsóknir framkvæmanlegar og séu í samræmi við hagsmuni nemenda og annarra af því, að ekki séu kannaðir hagir þeirra án brýnnar ástæðu. — Í 2. mgr. er rætt um rannsóknir annarra aðila. Er lagt til, að þeir þurfi að uppfylla strangari skilyrði en skólamenn. Varða skilyrðin bæði efni rannsókna og rannsóknarmenn. Sérstök ástæða hefur þótt vera til að taka fram, að rannsóknir á viðhorfum og einkalífi skuli ekki leyfa nema sérstaklega standi á. Hið sama er um rannsóknir á tilteknum atburðum, sem nemendur hafa orðið vitni að. Fræðimenn, sem kunna að vilja gera slíkar kannanir, hafa sjaldnast til slíks miklar ástæður, og rannsóknirnar geta, einkum ef þær varða umtöluð atriði, haft óæskileg áhrif á unga nemendur.

Nd. 114. Frumvarp til laga [111. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Halldór Blöndal.

1. gr.

Orðin „sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni“ í 11. lið 6. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lagt til að **öll** blöð og tímarit verði undanþegin söluskatti.

Á undanförnum árum hefur gætt mikils misræmis vegna söluskattsálagningar á blöð og tímarit. Í lögum er sagt að blöð og tímarit, **sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni,** skuli undanþegin söluskatti. Fjármálaráðuneytið hefur síðan túlkað þennan lagabókstaf. Ljóst er að ráðuneytið hefur iðulega verið sett í mikinn vanda, enda oft alls kostar óljóst hvenær blöð og tímarit eru gefin út í ágóðaskyni og hvenær ekki.

Af sjálfu leiðir að oft hefur gætt misræmis. Það hefur orkað verulegs tvímælis, hvers vegna þetta blaðið eða tímaritið greiði söluskatt, en hitt blaðið eða tímaritið ekki.

Með lögunum, eins og þau hafa verið, er fjármálaráðuneytinu fengið óeðlilegt vald og efnt til ástæðulausrar og oft réttmætrar óánægju.

Það orkar ævinlega tvímælis hvort og þá með hverjum hætti skuli veita undanþágur frá söluskatti. Í raun er hins vegar sú regla, að prentað mál skuli undanþegið slíkum skatti, enda má leiða að því rök að þar sé stuðst við prentfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Hins vegar hafa nokkur blöð og tímarit verið látin greiða söluskatt. Sýnist það óréttmætt með öllu og því einfaldast að aflétta söluskatti af öllu prentuðu máli.

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um verðlagningu á orku.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja lagafrumvarp, sem lagt verði fyrir Alþingi, um almennar reglur, sem fylgja skuli við verðlagningu á orku frá orkufyrirtækjum í landinu. Þar sé m. a. kveðið á um arðgjöf og afskriftir til að tryggja eðlilega eiginfjármyndun og sjóðstreymi. Stjórnir orkufyrirtækja ákveði sjálfar orkuverð innan lagarammans, en að öðru leyti sé hann bindandi fyrir orkufyrirtækin svo og yfirvöld verðlagsmála. Hafa skal samráð við Samband ísl. rafveitna og Samband ísl. hitaveitna um samningu ofangreinds frumvarps.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hafa farið fram miklar umræður hér á landi um verðlagningu á orku, bæði raforku og hitaorku. Verðstöðvunarlög, sem hafa verið meira og minna í gildi um tíu ára skeið, hafa tekið ákvörðunarvaldið um verðlagningu orku úr höndum eigenda orkufyrirtækjanna og sett það í hendur verðlagsyfirvalda. Oft hafa ríkisstjórnir átt síðasta orðið í þeim efnum. Sjónarmið ríkisins við þessa verðlagningu hafa yfirleitt á hverjum tíma verið bundin við skamman tíma og miðast við að halda vísitölu niðri næsta vísitölutímabil. Hagsmunir orkufyrirtækjanna eða orkuiðnaðarins í heild hafa þá oft verið látnir víkja.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í orkumálum undanfarinn áratug. Þrátt fyrir það hefur orkuverð frá stærstu orkuveitunum lækkað miðað við vísitölu byggingarkostnaðar. Afleiðingar þess eru lítil eiginfjármögnun, en miklar erlendar lántökur sem leitt hafa af sér gífurlega skuldasöfnun og ört vaxandi greiðslubyrði. Oft virðist gleymast að miklar erlendar lántökur kalla á hærra orkuverð síðar vegna aukinnar greiðslubyrðar. Arðgjöf þessara fyrirtækja er langt undir því marki sem eðlilegt má teljast. Sum þessara fyrirtækja horfa fram á alvarlega rekstrarerfiðleika og eru engan veginn í stakk búin til að takast á við mikilvæg verkefni sem bíða á sviði orkumála.

Sem dæmi um þróun þessara mála hjá orkufyrirtækjum má nefna að hjá Landsvirkjun var orkuverð í árslok 1980 70% af því sem það var 1970, þrátt fyrir gífurlegar framkvæmdir á þessum tíma. Mikill halli verður á rekstri fyrirtækisins á þessu ári og að óbreyttu stefnir einnig í verulegan halla á næsta ári. Arðgjöf er langt undir því marki sem Landsvirkjun sjálf telur eðlilegt og eldri lánsamningar kveða á um. Bilið er brúað með erlendum lántökum. Á sama tíma tala menn í fullri alvöru um nauðsyn nýrra stórátaka í byggingu raforkuvera.

Rafmagnsveita Reykjavíkur þurfti á þessu ári að taka 17 millj. kr. að láni erlendis og líklegt er að fyrirtækið þurfi 20 millj. kr. til viðbótar á næsta ári. Raforkuverð án skatta er nú rúmlega 75% af því sem það var árið 1970. Fjárfesting dreifiveitu eins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er nokkuð jöfn frá ári til árs og fylgir fyrst og fremst útþenslu byggðarinnar. Mjög er óeðlilegt að fjármagna slíkar framkvæmdir með erlendum lántökum. Á tveggja ára tímabili (október 1979—október 1981) hefur gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hækkað um 94%, en á sama tíma hefur verðbólga numið 110—120%.

Orkuverð hjá Hitaveitu Reykjavíkur var í árslok 1980 60% af því sem það var 1970. Á sama tíma hefur HR staðið í miklum framkvæmdum, bæði í virkjunarmálum og dreifingu. Hefur fyrirtækið m. a. lagt heitt vatn í öll ný byggðahverfi Reykjavíkur og enn fremur um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Vegna verðlagningarstefnunnar hefur fyrirtækið þurft að skera niður ýmsar grundvallarframkvæmdir, eins og borun á nýjum holum, og vatnsskortur vofir yfir, ef ekki verður úr bætt.

Ofangreind fyrirtæki eru nefnd sem dæmi um þann vanda sem nú steðjar að orkuiðnaðinum í landinu vegna óraunhæfrar verðlagningarstefnu undanfarinna 10 ára.

Að undanförnu hefur þeirri skoðun vaxið mjög fylgi, að nauðsynlegt sé að setja reglur um verðlagningu orku. Var það t. d. mjög til umræðu á vetrarfundi Sambands ísl. rafveitna 3. nóvember s. l. og á aðalfundi sambandsins s. l. sumar. Slíkar reglur eru til í sumum nágrannlöndum okkar. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, að slíkar reglur verði festar í lög, en það mundi skapa mikið öryggi fyrir orkufyrirtækin. Þau gætu þá gert raunhæfar áætlanir um rekstur og fjárfestingar og haldið lántökum innan eðlilegra marka. Slíkar reglur gætu verið liður í því að koma fjárhag orkufyrirtækja landsins á heilbrigðan grundvöll og búa þau undir ný stórátök á sviði orkumála.

Nd. 116. Frumvarp til laga [113. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Friðrik Sophusson, Steinþór Gestsson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn innlendrar matjurtaframleiðslu og setur reglur um mat og gæðaflokkun matjurta. Það getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast sölumál framleiðslu innlendra matjurta. Í því starfi skal það stuðla að því, að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að bestu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra.

2. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að takmarka eða banna innflutning á garðávöxtum og matjurtum, sem ræktaðar eru í gróðurhúsum hérlendis, þann tíma sem innlend framleiðsla er fáanleg í landinu. Á öðrum tíma er innflutningur heimill að fengnu leyfi sem ríkisstjórnin gefur út.

3. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Varðandi innflutning og sölu matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 17/1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, eins og við á.

4. gr.

Fyrsti málsliður 38. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði numin úr lögum. Ekki er gerð önnur breyting á starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Lagt er til að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1982, þannig að Grænmetisverslun landbúnaðarins, núverandi framleiðendur og hugsanlegir nýir heildsöludreifendur fái nokkurn aðlögunartíma þar til lögin taka gildi.

Ákvæði þessa frumvarps um afnám einokunar í verslun með grænmeti eiga að vera til bóta fyrir neytendur, þá framleiðendur, sem framleiða 1. flokks kartöflur, og hugsanlega aðra heildsöludreifendur. Á Grænmetisverslun landbúnaðarins að geta starfað áfram þótt sérréttindi fyrirtækisins séu afnumin, en nú er álitamál hvort gildandi löggjöf brýtur ekki í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Um einokun.

Eins og kunnugt er fjallar hagfræðin m. a. um þjóðhagslega hagkvæmni mismunandi fyrirkomulags á framleiðslu og dreifingu vöru og þjónustu. Niðurstöður hagfræðinnar eru almennt þær, að einokun sé þjóðhagslega óhagkvæmasta framleiðslu- og dreifingarfyrirkomulagið. Stefna vestrænna þjóða a. m. k. hefur því verið að afnema og útiloka einokun hvarvetna þar sem samkeppni fær þrifist, en veita einokunarfyrirtækjum, sem búa við tæknilega eða náttúrlega einokun, rekstrarlegt aðhald.

Ástæður þess, að einokun er þjóðhagslega óhagkvæmt fyrirkomulag, eru einkum þrjár:

1. Verð til neytenda hefur tilhneigingu til þess að verða hærra en þar sem samkeppni ríkir.
2. Vörumagn til neytenda verður því minna samkvæmt áhrifum verðsins í jöfnun framboðs og eftirspurnar og fjölbreytni minnkar.
3. Þjónusta við neytendur getur verið lakari án þess að það skaði einokunarfyrirtækið, ef ný fyrirtæki eru útilokuð frá aðgangi að markaði.

Þótt hægt sé að sýna fram á þessi atriði með hagfræðilegum aðferðum að gefnum vissum forsendum, þá verður það ekki gert hér. Æskilegast væri að geta beitt aðferðum raunvísindanna með samhliða tilraunum með einokun og samkeppni á sama markaði á sama tíma. Slíkt er hins vegar óframkvæmanlegt. Því þarf að beita öðrum aðferðum til þess að sannreyna þessa þrjá ókosti einokunar.

Verð.

Ógerlegt er að fullyrða, hvert verð garðávaxta hefði verið á undanförnum árum ef samkeppni hefði ríkt í verslun með þessar vörur. Hins vegar má t. d. bera verðbreytingar á kartöflum saman við aðrar verðbreytingar í þjóðfélaginu og draga af því nokkurn lærdóm. Þetta er gert í eftirfarandi yfirliti. Hafa ber í huga, að niðurgreiðsla á kartöflum hófst í desember 1970, en egg t. d. hafa ekki verið niðurgreidd á þessu tímabili og verið verðlögð án afskipta opinberra aðila.

Yfirlit 1.
Verðbreytingar.

	1/5 1970	1/5 1980	Margfeldis-hækkun (sinnum)
1. fl. útsöluverð	20.00	1268.00	63.4
2. fl. útsöluverð	17.20	1119.00	65.1
1. fl. raunverulegt verð	20.00	1268.00	63.4
2. fl. raunverulegt verð	17.20	1119.00	65.1
Egg 1 kg útsöluverð (meðalverð)	128.92	1388.37	10.8
Matvara almennt	149.00	2650.00	17.8
Vísitala vöru og þjónustu	146.00	2643.00	19.1

Magn.

Á þeim tíma (fram til 1935), þegar verslun með kartöflur var frjáls hérlendis, jókst neysla á kartöflum. Þessi neysla hélt áfram að aukast fyrst eftir að Grænmetisverslun ríkisins hóf verslunina, en tók síðan að dragast saman þannig að neysla kartaflna var sú sama við upphaf og lok Grænmetisverslunar ríkisins. Á þeim tíma, sem Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur annast söluna, hefur neysla kartaflna stöðugt dregist saman. Þó ber þess að geta, að neysla unninna kartaflna í ýmsu formi er ekki meðtalin.

Yfirlit 2.
Neysla kartaflna.

Tímabil	Neysla á mann kg
1920—1925	46.56
1925—1930	56.48
1930—1935	57.89
1935—1940	74.95
1940—1945	79.95
1945—1950	70.78
1950—1955	74.49
1955—1960	62.64
1960—1965	58.31
1965—1970	48.42

Samanborið við önnur lönd er neysla á kartöflum mun minni hér en erlendis og úrval garðávaxta lítið.

Þjónusta.

Ef marka má af dagblöðum virðist ríkja almenn óánægja með úrval af grænmeti. Kvartað er undan vöruskorti, skemmdum kartöflum og fábreyttu úrvali. Einnig virðist fólk vilja hafa kartöflur í gagnsæjum umbúðum og merktar framleiðanda. Á þessar kvartanir almennings skal enginn dómur lagður, en áberandi virðist hve einokunarfyrirtækjum í matvæladreifingu eru oft sendar kvartanir í blöðum.

Varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Í frumvarpinu er settur varnagli um varnir gegn sýkingu nytjajurta. Vegna legu landsins á þetta atriði sennilega ekki við um kartöflur, en orðalag ákvæðisins getur gert það gagnlegt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er heildsöludreifing á garðávöxtum svo og matjurtum, framleiddum í gróðurhúsum, gefin frjáls, þannig að nýir heildsöludreifendur geti starfað við hlið núverandi dreifingaraðila. Jafnframt er umsjón með þessum kafla framleiðsluráðslaganna færð í hendur landbúnaðarráðuneytisins til samræmis við 39. gr. laganna, enda er sú skipan eðlilegri vegna þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Landbúnaðarráðuneytið getur þó að sjálfsögðu engu að síður falið framleiðsluráði að framkvæma settar reglur og annast það eftirlit sem henta þykir.

Um 2. gr.

Með þessari breytingu fellur niður einkaréttur ríkisstjórnarinnar til innflutnings á kartöflum og grænmeti. Í stað þess er lagt til, að ríkisstjórnin hafi heimild til að takmarka innflutning þegar innlend framleiðsla er á boðstólum. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að setja reglur um innflutning þegar innlend framleiðsla er ekki fáanleg.

Um 3. gr.

Með niðurfellingu núverandi ákvæða 36. gr. er heimild framleiðsluráðs til að veita einkasöluréttindi á gróðurhúsaframleiðslu og eggjum felld niður. Í stað þess kemur ný 36. gr. um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Um 4. gr.

Felld er niður heimild til framleiðsluráðs til að skipta landinu í sölusvæði. Fylgir sú niðurfelling eðlilega þeirri breytingu, sem gerð er á verslun með þessar vörur.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki frekari skýringa.

Nd. 117. Frumvarp til laga [114. mál]

um þóknun fyrir lögboðna innheimtu gjalda.

Flm.: Friðrik Sophusson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

Hvarvetna þar sem atvinnurekendum er með lagaboði gert skylt að innheimta opinber gjöld eða aðrar greiðslur hjá starfsfólki sínu eða kaupendum vöru þeirra eða þjónustu skal greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna er nemi 3% — þremur af hundraði — af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila, enda sé það gert innan þeirra tímamarka sem lögboðið er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þess sér víða stað í lögum, að atvinnurekendum er gert að skyldu að innheimta opinber gjöld og aðrar lögbundnar greiðslur af starfsfólki sínu eða viðskiptamönnum vegna sölu vöru eða þjónustu og skila því fé til innheimtumanna hins opinbera, sjóða eða stofnana. Lagaheimildum og lagaboðum um slíka innheimtuskyldu atvinnurekenda hefur fjölgað hin síðari árin og þeim er nú beitt í ríkum mæli, en engin þóknun er greidd fyrir þá mikilsverðu aðstoð við innköllun gjaldanna sem þannig er látin í té.

Þessum innheimtustörfum fylgir mikil og vaxandi vinna og ábyrgð og verður að telja mjög ranglátt að leggja slíkar kvaðir á vissa aðila í þjóðfélaginu, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir til þess að mæta óhjákvæmilegum kostnaði og áhættu vegna innheimtunnar, meðan aðrir, sem vinna í þágu hins opinbera, fá fulla greiðslu fyrir störf sín. Hér þarf að taka upp nýjan og betri sið, og því er lagt til í þessu frumvarpi að þeir atvinnurekendur, sem gert er skylt með lagaboði að innheimta slík gjöld í rekstri sínum, fái þóknun fyrir þau störf, er nemi 3% af innheimtufénu til þess að mæta kostnaði og áhættu vegna innheimtunnar.

Það kann að vera álitamál, hvort sú þóknun, sem hér er lagt til að ákveðin verði, sé hæfileg eða hversu mikil hún skuli vera, og er íhugunarefni þeirrar þingnefndar sem um málið verður falið að fjalla. En með frumvarpinu er að því stefnt, að hér komi eðlileg og sanngjörn borgun fyrir unnin störf.

Þess skal getið, að Skúli Guðmundsson alþingismaður flutti á 88. löggjafarþinginu frumvarp um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda, svohljóðandi:

„Nú eru notaðar heimildir í lögum til þess að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, og skal þá greiða þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila."

Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar 16. apríl 1968, en ekkert hefur gerst í málinu síðan.

Að lokum skal til fróðleiks getið helstu gjalda þeirra, er atvinnurekendum er í dag ætlað að innheimta í rekstri sínum:

1. Tekjuskattur launþega.
2. Útsvar launþega,
3. Söluskattur, nr. 10/1960.
4. Launaskattur, 14/1965.
5. Iðnaðargjald, 64/1965.
6. Iðnlánasjóðsgjald, 45/1963.
7. Slysatrygging I
8. Slysatrygging II } 27.—29. gr. laga um almannatryggingar.
9. Atvinnuleysistryggingagjald, 57/1973.
10. Lífeyrissjóðsgjald, 1974 (4. mars).
11. Lífeyristryggingagjald skv. 20. gr. laga um almannatryggingar.
12. Sjúkrasjóðsgjald, 19/1979.
13. Orlofsfé, 87/1971.

Auk þessara gjalda innheimta atvinnurekendur m. a. félagsgjald til launþegasamtaka og orlofsheimilasjóðsgjald.

Sþ. 118. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen sem undirritað var í Osló 22. október 1981. Samkomulagið er prentað sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 22. október 1981 undirrituðu utanríkisráðherrar Íslands og Noregs samkomulag milli landanna um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Samkvæmt 10. gr. samkomulagsins tekur það gildi þegar tilkynnt verður um staðfestingu beggja landanna. Ef staðfest verður myndar samkomulagið, ásamt ákvæðum samkomulags frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál, heildarlausn á deilu við Norðmenn um lögsögu á Jan Mayen-svæðinu sem staðið hefur yfir undanfarin ár.

Aðdragandi.

Með lögum nr. 41/1979 voru sett ákvæði um 200-sjómílna efnahagslögsögu Íslands. Einnig var í lögunum skilgreining á landgrunni Íslands sem tók mið af texta sem til umræðu var á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Skv. 2. mgr. 7. gr. laganna er m. a. gert ráð fyrir því að efnahagslögsaga og landgrunn Íslands nái 200 sjómílur í áttina að Jan Mayen. Þessu ákvæði mótmælti ríkisstjórn Noregs sem taldi rétt Norðmanna til lögsögu um Jan Mayen ná til miðlínu milli Íslands og Jan Mayen. (Fjarlægð milli Íslands og Jan Mayen er um 290 sjómílur.) Skv. 1. mgr. 7. gr. laganna skal afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns milli Íslands og annarra landa ákveðin með samningum og skulu þeir háðir samþykki Alþingis.

Í samkomulaginu frá 28. maí 1980 var fyrst og fremst fjallað um fiskveiðar, enda samstarf á því sviði talið brýn nauðsyn. Miðað var við að lögsaga Íslands næði 200 sjómílum í átt að Jan Mayen. Skv. 9. gr. samkomulagsins var ákveðið að skipa sáttanefnd til að gera tillögur um skiptingu landgrunnsins. Í 10. gr. voru ákvæði um öryggisreglur til að koma í veg fyrir mengun vegna starfsemi á landgrunninu. 9. og 10. gr. samkomulagsins orðast svo:

„9. gr.

Fjallað verður um afmörkun landgrunnsins á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen í framhaldsviðræðum.

Í þessu skyni eru aðilar ásáttir um að skipa svo fljótt sem verða má sáttanefnd þriggja manna og skal hvor aðili tilnefna mann, sem er ríkisborgari þess lands. Formaður nefndarinnar er tilnefndur með samkomulagi aðilanna.

Hlutverk nefndarinnar skal vera að gera tillögur um skiptingu landgrunnssvæðisins milli Íslands og Jan Mayen. Við gerð slíkra tillagna skal nefndin hafa hliðsjón af hinum miklu efnahagslegu hagsmunum Íslands á þessum hafsvæðum, svo og landfræðilegum, jarðfræðilegum og öðrum sérstökum aðstæðum.

Nefndin setur sér sjálf starfsreglur. Samhljóða tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir ríkisstjórnirnar svo fljótt sem verða má. Aðilar miða við að tillögurnar verði lagðar fram innan fimm mánaða frá skipun nefndarinnar.

Tillögur þessar eru án skuldbindingar fyrir aðilana, en þeir munu taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

10. gr.

Þegar um er að ræða starfsemi á landgrunnssvæðunum milli Íslands og Jan Mayen að því er varðar rannsóknir eða vinnslu auðlinda á landgrunninu eða í því, skuldbinda aðilarnir sig til að hafa náin samráð og náið samstarf um setningu og framkvæmd nauðsynlegra öryggisreglna til þess að koma í veg fyrir mengun, sem gæti stofnað lifandi auðlindum á þessum hafsvæðum í hættu eða haft önnur skaðleg áhrif á umhverfi sjávar.

Hvor aðili um sig skuldbindur sig til þess að leggja fyrir hinn fastmótaðar áætlanir um slíka starfsemi varðandi rannsóknir eða vinnslu landgrunnsauðlinda með hæfilegum fyrirvara áður en slík starfsemi hefst."

Með ályktun samþykktri 19. maí 1980 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið og öðlaðist það gildi 13. júní 1980.

Í framhaldi af ákvæðum 9. gr. samkomulagsins var Hans G. Andersen sendiherra, formaður sendinefndar Íslands á hafréttarráðstefnu S. þj., skipaður í sáttanefndina af Íslands hálfu og Jens Evensen sendiherra, formaður sendinefndar Noregs á ráðstefnunni, af hálfu Noregs. Elliot L. Richardson þáv. formaður sendinefndar Bandaríkjanna á ráðstefnunni var skipaður formaður sáttanefndarinnar. Sáttanefndin tók til starfa í ágúst 1980 og skilaði skýrslu sinni í maí 1981.

Skýrsla sáttanefndarinnar.

Eins og fram kemur í inngangsorðum samkomulagsins sem hér um ræðir töldu ríkisstjórnir Íslands og Noregs sig geta farið að tillögum nefndarinnar. Eru efnisákvæði samkomulagsins að mestu byggð á þeim tillögum og ber það vott um það hversu samviskusamlega nefndin vann sín störf. Verður hér gerð grein fyrir meginefni skýrslunnar.

Með fyrstu verkum nefndarinnar var að stofna til fundar vísindamanna til að útvega fyrirliggjandi upplýsingar um jarðfræði landgrunnsins á svæðinu, þ. á m. um líkur fyrir því að þar væru jarðefnaauðlindir. Meðal þátttakenda á fundinum voru dr. Guðmundur Pálmason forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar og Karl Guðmundsson jarðeðlisfræðingur hjá jarðhitadeild Orkustofnunar. Í úrdrætti úr skýrslu sem vísindamannahópurinn skilaði segir:

„Þessi skýrsla hefur tvennt að meginmarkmiði:

(1) að kanna hvernig Jan Mayen-hryggurinn, sem er aðalsetlagamyndunin á þessu svæði, tengist landmótunarlega og hvað varðar jarðfræðilega byggingu eyjunni Jan Mayen og Íslandi.

(2) að kanna jarðfræðileg og jarðeðlisfræðileg gögn, sem til eru, til að gera sér grein fyrir hvar olía kynni að leynast á svæðinu milli Jan Mayen og Austur-Íslands.

Jan Mayen-hryggurinn er norður-suður myndun á sjávarbotninum, þar sem sjávardýpi er milli 200 og 1600 m (sbr. mynd 1). Hann skiptist í tvennt að lægð, sem liggur milli 68°N og 69°N, og er norðurhlutinn háslétta. Þó að hryggurinn sé ekki samfelldur eftir öllu svæðinu milli Jan Mayen og Austur-Íslands verður í þessari skýrslu talað um allt svæðið sem Jan Mayen-hryggjarsvæðið.

Mynd 1. Dýptarlínur.



Hugtakið „náttúrulegt framhald" má líta á frá tveimur mismunandi sjónarmiðum, annars vegar sem landmótunarlegt hugtak og hins vegar hugtak sem ákvarðast af jarðfræðilegri byggingu. Landmótunarlega má líta á norðurhluta Jan Mayen-hryggjarins sem framhald til suðurs á landgrunni Jan Mayen (með landgrunni er hér átt við hið venjulega jarðfræðilega hugtak). Á hinn bóginn er ekki hægt að segja að Jan Mayen-hryggurinn sé landmótunarlega framhald landgrunns Íslands.

Með tilliti til jarðfræðilegrar byggingar er Jan Mayen-hryggurinn meginlandsbrot eða skækill, sem er eldra en bæði Jan Mayen og Ísland, sem eru úr yngra gosbergi; þess vegna er hvorki hægt að líta á hrygginn sem náttúrulegt framhald Jan Mayen né Íslands hvað snertir jarðfræðilega byggingu.

Olíulíkur eru álitnar meiri á norðurhluta Jan Mayen-hryggjarins, sem liggur norðan við lægðina (sjá mynd 1) aðallega vegna þess að norðurhlutinn er stærri að flatarmáli en suðurhlutinn. Rétt er að taka fram, að suðurhlutinn er minna þekktur og virðist vera flóknari að byggingu en norðurhlutinn. Ef borið er saman við þekkt olíuvinnslusvæði annars staðar í heiminum, er ekki hægt að líta svo á, að olíulíkur á þessu svæði séu góðar á grundvelli þeirra tiltölulega litlu gagna, sem fyrir liggja. Við leggjum á það áherslu, að ítarleg frekari könnun gæti breytt þessu mati."

Sáttanefndin taldi það ekki sitt hlutverk að starfa sem dómstóll, heldur átti hún að gera tillögur til ríkisstjórnanna um aðgengilega og sanngjarna lausn á vandamálunum. Þó kannaði hún vandlega þá milliríkjavenju og úrskurði dómstóla sem leiðbeinandi gætu verið í starfi hennar. Að þessari athugun lokinni ákvað nefndin að leggja ekki til að mörk landgrunnsins yrðu önnur en mörk milli efnahagslögsögu Íslands og fiskveiðilögsögu Jan Mayen. Nefndin taldi réttast með hliðsjón af niðurstöðum vísindamannanna að gera tillögu um sameiginlegt nýtingarsvæði á hluta Jan Mayen-hryggjarins. Um röksemdafærslur nefndarinnar segir í skýrslunni:

„Nefndin hafði í huga hin víðfeðmu sjónarmið sem heimilt er að taka tillit til þegar tillögur eru samdar og komst að þeirri niðurstöðu að nota bæri aðferð, sem tæki tillit bæði til þess, að samkvæmt samkomulaginu milli Íslands og Noregs um 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, höfðu talsverð svæði fyrir utan miðlínu þegar fallið í hlut Íslands, og þess að óvissa um tilvist auðlinda á svæðinu skapar þörf fyrir frekari rannsóknir og athugun. Í stað þess að gera tillögu um markalínu fyrir landgrunnið aðra en markalínu efnahagslögsögunnar, mælir nefndin með því, að gert sé samkomulag um sameiginlega hagnýtingu á raunverulega öllu því svæði, sem talið er að geti leitt til framleiðslu olíuefna. Meðal þeirra ástæðna, sem nefndin hefur byggt þessa tillögu á, er óskin um að efla samvinnu og vinsamlega sambúð Íslands og Noregs. Sérstök áhersla hefur einnig verið lögð á eftirfarandi atriði:

(a) Ísland er algerlega háð innflutningi olíuefna.

(b) Vísindamenn telja, að mjög litlar líkur séu á olíuefnum á landgrunninu umhverfis Ísland.

(c) Jan Mayen-hryggurinn milli Jan Mayen og 200 mílna efnahagslögsögu Íslands er eina svæðið, sem talið er hafa möguleika á olíuefnum. Sérfræðingarnir telja þó, að á öllu svæðinu sé um að ræða mikla áhættu frá jarðfræðilegu sjónarmiði.

(d) Hafdýpi yfir Jan Mayen-hryggnum er of mikið til að vinnslu verði við komið með núverandi tækni. Fjarlægðir frá eðlilegum markaðssvæðum fyrir olíuefni — einkum fyrir gas — eru miklar. Af þessu leiðir, að mjög miklir olíuefnafundir virðast nauðsynlegir áður en slíkir fundir gætu haft viðskiptalega þýðingu."

Tillögur sáttanefndarinnar um þessa sameiginlegu nýtingu voru í svohljóðandi 9 liðum:

„1. Vegna þessara tillagna mælir nefndin með afmörkuðu svæði, sem takmarkast af eftirfarandi hnitum:
70° 35° nbr., 68° 0° nbr., 10° 30° vl., 6° 30° vl. (sjá mynd 2.)

2. Miðað við markalínuna milli 200 sjómílna efnahagslögsögu Íslands og norsku fiskveiðilögsögunnar sem skiptilínu, nær hið afmarkaða svæði yfir tvo hluta: Hlutinn norðan markalínunnar er um 32 750 km². Svæðið sunnan þeirrar línu er um 12 725 km².

3. Nefndin gerir tillögu um sameiginlegt samvinnufyrirkomulag varðandi það svæði, sem þannig er skýrgreint.

Mynd 2. Sameiginlegt nýtingarsvæði.



4. Í þættinum, áður en boranir hefjast, þar á meðal kerfisbundið jarðfræðilegt yfirlit aðallega með jarðsveiflumælingum, mælir nefndin með því, að slíkt yfirlit verði gert í sameiningu af norsku Olíumálastofnuninni og hliðstæðri stofnun á Íslandi. Þetta jarðsveifluyfirlit ætti norska Olíumálastofnunin að framkvæma í samræmi við áætlun gerða af báðum ríkisstjórnunum sameiginlega. Kostnaður við þessar rannsóknir greiðist af Noregi, nema aðilar verði ásáttir um annað. Íslenskir og norskir sérfræðingar ættu að hafa jafna möguleika á þátttöku í rannsóknunum. Niðurstöður yfirlitsins og túlkun á því ætti að vera jafn aðgengilegt fyrir báða aðila.
   Ef einhver ágóði verður af sölu jarðsveiflu- eða seguluppplýsinga til fyrirtækja eða stofnana, sem áhuga kunna að hafa, skal slíkum ágóða skipt eftir því sem um semst milli landanna tveggja.
5. Ef yfirlitið réttlætir frekari rannsóknir, boranir og mögulega vinnslustarfsemi, leggur nefndin til að sérleyfissamningar með sameiginlegu áhættufyrirkomulagi verði gerðir milli aðilanna tveggja og olíufyrirtækja.
6. Í þeim hluta hins afmarkaða svæðis, sem liggur norðan markalínu 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, ber Íslandi að eiga kost á að öðlast 25 af hundraði þátttöku í sameiginlegu áhættufyrirtæki. Í samningaviðræðum við olíufyrirtæki ber að sækjast eftir því, að kostnaður við ríkisþátttöku bæði Íslands og Noregs verði „fjármagnaður" af olíufyrirtækjunum þar til auðlind, sem hefur viðskiptalega þýðingu, hefur verið fundin.
   Ef olíufyrirtækin neita að „fjármagna" ríkisþátttökuna að öllu leyti eða einhverju, vísar nefndin til tillagna sinna varðandi það atriði í VI. kafla.
   Norsk löggjöf, stefna í olíumálum og eftirlit, öryggis- og umhverfisreglur og stjórnsýsla, mundu gilda um starfsemi á þessum hluta hins afmarkaða svæðis.
7. Í þeim hluta hins afmarkaða svæðis, sem liggur fyrir sunnan nyrðri markalínu 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, ber Noregi að eiga kost á að öðlast 25 af hundraði þátttöku í sérhverju samkomulagi um sameiginlegt áhættufyrirkomulag. Þess ber ekki að vænta, að Ísland muni útvega Noregi fjármagnsfyrirkomulag á sama hátt og að sama marki og lagt er til varðandi norska hlutann í hinu afmarkaða svæði. Hins vegar skal Noregi heimilt að taka þátt í samningaviðræðum við olíufyrirtækin.
   Íslensk löggjöf, stefna í olíumálum og eftirlit, öryggis- og umhverfisreglur og stjórnsýsla, mundu gilda um starfsemi í þessum hluta hins afmarkaða svæðis.
8. Í vinnsluþættinum á hvaða hluta sem er á hinu afmarkaða svæði, er gert ráð fyrir því að hvor hinna tveggja ríkisaðila muni fjármagna hluta vinnslukostnaðar í hlutfalli við þátttökuhlut ríkisins.
9. Í lok VI. kafla hefur nefndin gert vissar tillögur varðandi auðlindir, sem eru báðum megin við 200 mílna markalínuna eða ná út fyrir einhvern hluta hins afmarkaða svæðis. Nefndin vísar til meðmæla sinna varðandi það atriði og telur þær hluta af þessum tillögum."

Í 6. tl. vitnar nefndin í tillögur í 6. kafla skýrslunnar. Þar segir:

„Viss vandamál munu rísa ef ómögulegt reynist að ná samningum um sameiginlega áhættu, þar sem olíufyrirtækin taki að sér að fjármagna útgjöld ríkisstjórnanna tveggja svo sem miðað er við hér að framan. Í slíku tilviki má gera ráð fyrir tvenns konar möguleikum: (a) Félögin kunna að vera fús til að fjármagna hluta útgjalda ríkjanna tveggja eða (b) félögin eru ófús til að fjármagna neitt af slíkum útgjöldum.

Þegar svo ber að, verða ríkisstjórnirnar tvær að ákveða, hvort þær vilja ráðast í fyrirtækið, annað hvort sjálfstætt eða í samvinnu við olíufyrirtæki. Í því tilviki, að norska ríkisstjórnin ákveður að ráðast í fyrirtækið annað hvort sjálf eða í sameiginlegri áhættu, en Ísland ákveður að taka ekki þátt vegna aukinnar áhættu, rís spurning um það, hver staða Íslands skuli vera.

Ef enginn árangur næst og engin auðlind, sem hefur viðskiptalega þýðingu finnst,

hefur Noregur tekið áhættuna og verður að taka tjóninu. Ef auðlind, sem hefur viðskiptalega þýðingu er fundin, er málið ekki eins augljóst. Nefndin leggur þó til, að í því tilviki ætti að heimila Íslandi að fá sinn hlut í þátttöku, að því er varðar vinnsluþáttinn, að því áskildu, að Ísland endurgreiði Noregi hluta sinn af þeim útgjöldum vegna rannsókna og borana sem orðið hafa fram að þeim þætti."

Í 9. tl. er fjallað um auðlindir sem liggja báðum megin við 200-mílna línuna eða sem ná út fyrir mörk sameiginlega svæðisins. Um þetta segir í 6. kafla skýrslunnar:

„Sáttanefndin hefur fjallað um þau vandamál, sem kunna að rísa, ef olíulind nær yfir svæði beggja megin við markalínu hins afmarkaða svæðis eða liggur bæði norðan og sunnan megin við 200-mílna markalínu efnahagslögsögu Íslands.

Sáttanefndin mælir með eftirfarandi lausn í slíkum tilvikum:

Ef olíuefnasvæði liggur bæði norðan og sunnan 200 mílna markalínu efnahagslögsögu Íslands, ber að ná samkomulagi um venjulegar reglur um einingu, vinnslu og skipti olíuefna.

Ef olíuefnasvæði liggur báðum megin við markalínu hins afmarkaða svæðis, sunnan 200 mílna marka efnahagslögsögu Íslands, ætti sama hagnýtingarsjónarmið að gilda (þ. e. auðlindinni ber að skipta í samræmi við mat sérfræðinga og meginreglur um einingarnýtingu).

Ef olíuefnasvæðið liggur báðum megin við markalínu hins afmarkaða svæðis norðan 200 mílna marka efnahagslögsögu Íslands, ber að líta svo á, að auðlindin öll liggi innan hins afmarkaða svæðis, að því er varðar réttindi og skyldur ríkjanna tveggja."

Ákvæði samkomulagsins.

Sem fyrr segir eru efnisákvæði samkomulagsins byggð á tillögum sáttanefndarinnar. Þannig segir í **1. gr.** að mörk landgrunnsins verða þau sömu og mörk efnahagslögsögu landanna, þ. e. a. s. miðað er við 200 sjómílur frá grunnlínum Íslands.

Í **2. gr.** er skilgreint svæðið þar sem sameiginlegar rannsóknir og nýting fer fram (sjá mynd 2). Svæði þetta er u. þ. b. 45 470 km² að flatarmáli og skiptir 200-sjómílna línan svæðinu þannig að um 12 720 km² eru innan íslenskrar lögsögu og 32 750 km² innan norskrar lögsögu.

Í **3. gr.** er fjallað um fyrsta stig rannsókna á sameiginlega svæðinu. Fara þær fram í umsjá norsku olíustofnunarinnar á grundvelli áætlana sem íslenskir og norskir sérfræðingar semja sameiginlega. Verða þær rannsóknir kostaðar af Noregi.

Í **4. gr.** er fjallað um frekari athuganir ef fyrri rannsóknir gefa tilefni til. Gert er ráð fyrir því að þær rannsóknir verði gerðar sem sameiginlegt verkefni („joint venture").

Skv. **5. gr.** skal Ísland eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi á norska hluta sameiginlega svæðisins. Noregi er skylt að reyna í viðræðum við utanaðkomandi olíufélög að fá þau til að taka á sig bæði íslenska og norska hluta kostnaðar við olíustarfsemina. Ef ekki tekst að fá hlutaðeigandi olíufélag að bera kostnaðinn skulu Ísland og Noregur kanna möguleikann á að reka starfsemina sem sameiginlegt verkefni. Einnig er gert ráð fyrir því að Ísland geti gengið inn í verkefnið á síðara stigi starfseminnar.

Skv. **6. gr.** skal Noregur eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi á íslenska hluta sameiginlega svæðisins. Þó ber Íslandi ekki að reyna að fá utanaðkomandi olíufélög að bera norska kostnaðinn.

7. gr. fjallar um olíuvinnslu og bera aðilar sinn kostnað í hlutfalli við sinn þátt í viðkomandi samningi.

Í **8. gr.** er gert ráð fyrir því að auðlindir sem liggja báðum megin 200-mílna línunnar skiptist samkvæmt viðurkenndum reglum um einingarnýtingu („unitisering"). Sama gildir um auðlindir sem liggja sunnan línunnar en teygjast út fyrir mörk sameiginlega svæðisins.

Hins vegar ef auðlindir liggja norðan línunnar en teygjast út fyrir mörk sameiginlega svæðisins skulu þær teljast liggja innan svæðisins.

Í **9. gr.** er fjallað um öryggisráðstafanir og umhverfisvernd þegar fram fara rannsóknir eða vinnsla á sameiginlega svæðinu. Telji annar aðilinn að hinn hafi ekki gert nægilegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun er þeim skylt að hafa samráð sbr. 10. gr. samkomulagsins frá 28. maí 1980 (sjá hér að framan bls. 2). Verði áfram ágreiningur skal málinu vísað til sáttanefndar og er gert ráð fyrir sams konar fyrirkomulagi og í 9. gr. samkomulagsins frá 28. maí 1980 (sjá hér að framan bls. 2). Ekki er heimilt að hefja rannsóknir eða vinnslu eða halda slíkum aðgerðum áfram fyrr en tillögur sáttanefndarinnar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji.

Skv. **10. gr.** öðlast samkomulagið gildi þegar tilkynnt er að það hefur hlotið staðfestingu í báðum löndunum.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs

sem óska eftir að ákvarða markalínuna á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen,

sem með gerð samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál urðu ásáttar um að efnahagslögsaga Íslands skuli ná út í 200 sjómílur, einnig á þeim svæðum milli Íslands og Jan Mayen þar sem fjarlægðin milli grunnlínanna er minni en 400 sjómílur,

sem í 9. gr. fyrrnefnds samkomulags urðu ásáttar um að aðilar skyldu í sameiningu skipa sáttanefnd sem gera skyldi tillögur um skiptingu landgrunnssvæðisins milli Íslands og Jan Mayen, og sem sameiginlega skipuðu slíka nefnd,

sem í maí 1981 fengu samhljóða tillögur sáttanefndarinnar, er fela í sér að mörk landgrunns hvors aðila á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skuli vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu hvors aðila, svo og að komið verði á samvinnu milli aðilanna um rannsóknir og nýtingu á olíuefnum („hydrocarbons") á nánar tilgreindu svæði milli Íslands og Jan Mayen, beggja vegna markalínunnar, og

sem telja sig geta farið að tillögum nefndarinnar,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

OVERENSKOMST

mellom Island og Norge om kontinentalsokkelen i området mellom Island og Jan Mayen

Regjeringene i Island og Norge —

som ønsker å fastsette delelinjen på kontinentalsokkelen i området mellom Island og Jan Mayen,

som ved å inngå Overenskomsten av 28. mai 1980 vedrørende fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål var enige om at Islands økonomiske sone skal utstrekkes til 200 nautiske mil også i de områder mellom Island og Jan Mayen hvor avstanden mellom grunnlinjene er mindre enn 400 nautiske mil,

som i artikkel 9 i ovennevnte overenskomst ble enige om at partene i fellesskap skulle oppnevne en forlikskommisjon som skulle fremsette anbefalinger vedrørende delelinjen for sokkelområdet mellom Island og Jan Mayen, og som i fellesskap oppnevnte en slik Kommisjon,

som i mai 1981 mottok Forlikskommisjonens enstemmige anbefalinger, som går ut på at delelinjen mellom de to parters deler av kontinentalsokkelen i området mellom Island og Jan Mayen skal falle sammen med delelinjen for de økonomiske soner, samt at det etableres et samarbeid mellom de to parter ved utforskning og utnyttelse av petroleumsforekomster i et nærmere angitt område mellom Island og Jan Mayen på begge sider av delelinjen, og

som finner å kunne bygge på Kommisjonens anbefalinger —

er blitt enige om følgende:

1. gr.

Mörk landgrunns hvors aðila á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skulu vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu þeirra.

2. gr.

Ákvæði 3.–9. gr. taka til svæðis, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

70°35′ n.br.
68°0′ n.br.
10°30′ v.lg.
6°30′ v.lg.

3. gr.

Á fyrsta stigi rannsókna sem ætlað er til kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar á svæði því, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar sameiginlega annast jarðsveiflumælingar („seismic" mælingar) svo og segulrannsóknir, ef með þarf. Norska olíustofnunin sér um framkvæmdahlið þessara rannsókna á grundvelli áætlana, sem samdar verða sameiginlega af sérfræðingum aðilanna. Kostnaður við þessar rannsóknir verður greiddur af norsku olíustofnuninni/norska ríkinu, nema aðilar komi sér saman um annað. Norskir og íslenskir sérfræðingar skulu hafa jafna möguleika á þátttöku í rannsóknunum og í mati á upplýsingum sem fram koma. Upplýsingar og matsgerðir skal leggja fyrir stjórnvöld landanna. Fara skal með þær sem trúnaðarmál nema aðilar komi sér saman um annað.

Verði ágóði af sölu jarðsveiflu- eða seguluppplýsinga til fyrirtækja eða samtaka skal skipta hreinum hagnaði milli beggja aðila samkvæmt samningi þeirra á milli.

4. gr.

Sýni þær rannsóknir, sem um er fjallað í 3. gr., að æskilegt sé að framkvæma nákvæmari athuganir á vissum hlutum þessa svæðis, þ. á m. að gera nákvæmari jarðsveiflumælingar og að hefja boranir, skulu hugsanleg einkaleyfi til rannsókna og vinnslu á slíkum sérsvæðum veitt á grundvelli samnings um sameiginlegt verkefni („joint venture"), nema aðilar komi sér saman um annað samningsform. Aðilar geta komið sér saman um að láta olíufélög, ríkisrekin eða ekki, eiga aðild að slíkum samningum.

5. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur norðan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 32.750 km²) skal Ísland eiga

Artikkel 1

Delelinjen mellom partenes deler av kontinentalsokkelen i området mellom Island og Jan Mayen skal falle sammen med delelinjen for partenes økonomiske soner.

Artikkel 2

Bestemmelsene i artiklene 3–9 kommer til anvendelse i et område begrenset ved følgende koordinater:

70°35′ N
68°00′ N
10°30′ V
6°30′ V

Artikkel 3

I den første undersøkelsesfase, hvis formål er en systematisk geologisk kartlegging av det område som er nevnt i artikkel 2, skal partene i fellesskap drive seismiske og om nødvendig magnetiske undersøkelser. Den praktiske gjennomføring av disse undersøkelser foretas av det norske Oljedirektorat på grunnlag av planer utarbeidet i fellesskap av de to parters eksperter. Omkostningene ved undersøkelsene skal bæres av Oljedirektoratet/Den Norske Stat, medmindre partene blir enige om noe annet. Norske og islandske eksperter skal ha samme adgang til å delta i undersøkelsene og i evalueringen av de fremkomne data. Dataene og evalueringen av dem skal tilstilles de to parters myndigheter. De skal behandles konfidensielt, medmindre partene blir enige om noe annet.

Dersom det oppnås fortjeneste ved salg av seismiske eller magnetiske data til selskaper eller organisasjoner, skal nettoutbyttet deles mellom de to parter etter avtale dem imellom.

Artikkel 4

Dersom de undersøkelser som er nevnt i artikkel 3, viser at det er ønskelig å foreta mer detaljerte undersøkelser av særlige felter i området, herunder mer detaljert seismikk og igangsettelse av boringer, skal eventuelle eksklusive undersøkelses- og utvinningstillatelser for slike spesielle felter baseres på kontrakter om fellesforetak (joint venture), medmindre partene blir enige om en annen kontraktsform. Partene kan bli enige om å la statlige eller ikke-statlige oljeselskaper delta i slike kontrakter.

Artikkel 5

I den del av det område som er nevnt i artikkel 2, som ligger nord for delelinjen mellom de to parters økonomiske soner (ca. 32 750 km²), skal

rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomanandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, ber Noregi að reyna að fá því framgengt, að bæði norskur og íslenskur hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn („carried") af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) allt fram að því að lýst er yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði.

Verði ekki unnt að fá því framgengt, að kostnaður beggja aðila verði borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) skulu aðilar taka upp samningaumleitanir um möguleika á að reka starfsemina sem sameiginlegt verkefni, þar sem hvor þeirra beri sinn kostnað eða þeir skipti með sér kostnaði. Óski Ísland ekki eftir þátttöku á þessum grundvelli er Noregi heimilt að halda áfram á eigin áhættu. Verði því lýst yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal Ísland á því stigi eiga þess kost að ganga inn í starfsemina með sinn hlut gegn því að greiða Noregi þann hluta útlagðs kostnaðar fram að þessum tíma sem hefði svarað hlut Íslands ef það hefði verið þátttakandi frá upphafi.

Norsk löggjöf, norsk stefna í olíumálum og norsk ákvæði um eftirlit með starfseminni, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Norsk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdavald og stjórnun á þessu svæði.

6. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur sunnan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 12.720 km²) skal Noregur eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, skal Íslandi ekki vera skylt að reyna að fá því framgengt, að hinn norski hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum).

Íslensk löggjöf, íslensk stefna í olíumálum og íslensk ákvæði um eftirlit með starfseminni, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Íslensk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdavald og stjórnun á þessu svæði.

7. gr.

Eftir að lýst hefur verið yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal hvor aðili bera sinn kostnað við áframhaldandi framkvæmdir á svæðinu í hlutfalli við sinn hlut í viðkomandi samningi.

Island ha adgang til å delta med en andel på 25 % i slik petroleumsvirksomhet som er nevnt i artikkel 4. I forhandlinger med utenforstående statlige eller ikke-statlige oljeselskaper skal Norge søke å oppnå at både den norske og den islandske andel av omkostningene ved slik petroleumsvirksomhet blir båret (carried) av vedkommende selskap (eller selskaper) opp til det stadium hvor kommersielle funn er blitt erklært.

Dersom det ikke er mulig å oppnå at de to parters omkostninger blir båret av vedkommende selskap (eller selskaper), skal partene oppta forhandlinger om muligheten for å drive virksomhet som et fellesforetak hvor hver av dem bærer sine omkostninger, eller hvor de deler omkostningene. Dersom Island ikke ønsker å delta på dette grunnlag, kan Norge fortsette på egenhånd. Dersom kommersielle funn blir erklært, skal Island ha adgang til på dette stadium å tre inn med sin andel mot å godtgjøre Norge den del av de påløpne omkostninger opp til dette tidspunkt som ville svare til Islands andel dersom Island hadde deltatt fra begynnelsen av.

Norsk lovgivning, norsk oljepolitikk og norske bestemmelser om kontroll med virksomheten, om sikkerhetstiltak og om miljøvern kommer til anvendelse for virksomhet i det område som er nevnt i første ledd. Også håndhevelsen og forvaltningen i det nevnte område tilliger norske myndigheter.

Artikkel 6

I den del av det område som er nevnt i artikkel 2, som ligger sør for delelinjen mellom de to parters økonomiske soner (ca. 12 720 km²), skal Norge ha adgang til å delta med en andel på 25 % i slik petroleumsvirksomhet som er nevnt i artikkel 4. I forhandlinger med utenforstående statlige eller ikke-statlige oljeselskaper skal Island ikke være forpliktet til å søke å oppnå at den norske andel av omkostningene ved slik petroleumsvirksomhet blir båret av vedkommende selskap (eller selskaper).

Islandsk lovgivning, islandsk oljepolitikk og islandske bestemmelser om kontroll med virksomheten, om sikkerhetstiltak og om miljøvern kommer til anvendelse for virksomhet i det område som er nevnt i første ledd. Også håndhevelsen og forvaltningen i det nevnte område tilligger islandske myndigheter.

Artikkel 7

Etter at et funn er erklært kommersielt, skal hver av partene bære sine omkostninger ved den videre utvikling av feltet i forhold til sin andel i henhold til vedkommende kontrakt.

8. gr.

Finnist olíuefni á svæði sem liggur báðum megin markalínu efnahagslögsögu landanna eða sé það allt sunnan markalínunnar en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr. skulu venjulegar meginreglur um einingarnýtingu auðlinda („unitisering") gilda um skiptingu og nýtingu fundarins. Aðilar skulu semja um nánari reglur sem gilda eiga í slíkum tilvikum.

Finnist olíuefni á svæði sem allt liggur norðan markalínu, en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr., skal það allt teljast liggja innan hnitanna, sbr. 5., 6. og 7. gr.

9. gr.

Ef annar aðilinn telur að ákvæðin um öryggisráðstafanir og umhverfisvernd, sem um er fjallað í 5. og 6. gr., veiti ekki nægilega vernd þegar fram fara rannsóknir eða vinnsla á því svæði, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar hafa samráð, sbr. 10. gr. samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál. Verði aðilar ekki sammála í slíkum samráðum skal málinu vísað til sáttanefndar þriggja manna. Aðilar skulu eigi hefja slíkar aðgerðir eða halda þeim áfram fyrr en tillögur sáttanefndarinnar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji.

Hvor aðili skal tilnefna einn mann í sáttanefndina. Formaður nefndarinnar er tilnefndur með samkomulagi aðilanna.

Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir ríkisstjórnirnar svo fljótt sem verða má. Tillögurnar eru án skuldbindingar fyrir aðilana, en þeir skulu taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

10. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi þegar aðilar hafa skipst á orðsendingum um að nauðsynlegri stjórnskipunarmeðferð sé lokið.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Osló, hinn 22. október 1981 í tveimur eintökum á íslensku og norsku og eru báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:
Ólafur Jóhannesson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:
Svenn Stray.

Artikkel 8

Dersom et petroleumsfunn dekker et felt som ligger på begge sider av delelinjen mellom de to parters økonomiske soner, eller i sin helhet ligger sør for delelinjen, men strekker seg utover de koordinater som er gitt i artikkel 2, skal vanlige unitiseringsprinsipper for fordeling og utnyttelse av funnet komme til anvendelse. De nærmere regler som skal gjelde i slike tilfelle, avtales mellom partene.

Dersom et petroleumsfunn dekker et felt som i sin helhet ligger nord for delelinjen, men strekker seg utover de koordinater som er gitt i artikkel 2, skal funnet i sin helhet anses liggende innenfor koordinatene, jfr. artiklene 5, 6 og 7.

Artikkel 9

Dersom en av partene mener at de bestemmelser om sikkerhetstiltak og miljøvern som det er vist til i artiklene 5 og 6, ikke gir tilstrekkelig vern ved utforskning eller utvinningsvirksomhet i det område som er nevnt i artikkel 2, skal partene konsultere hverandre, jfr. artikkel 10 i overenskomsten av 28. mai 1980 vedrørende fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål. Dersom partene under slike konsultasjoner ikke blir enige, skal spørsmålet henvises til en forlikskommisjon bestående av tre medlemmer. Partene skal ikke påbegynne eller fortsette virksomhet som nevnt før forlikskommisjonens anbefaling foreligger, medmindre tungtveiende grunner tilsier det.

Hver av partene skal oppnevne ett medlem av kommisjonen. Kommisjonens formann oppnevnes av partene i fellesskap.

Kommisjonens anbefalinger skal forelegges for de to regjeringer snarest mulig. Anbefalingene er ikke bindende for partene, men partene skal under sine videre drøftelser ta rimelig hensyn til dem.

Artikkel 10

Denne overenskomst skal tre i kraft når partene ved noteveksling har meddelt hverandre at den nødvendige konstitusjonelle behandling er avsluttet.

Til bekreftelse på dette har de befullmektigede undertegnet denne overenskomst.

Utferdiget i Oslo, 22. oktober 1981 i to eksemplarer på islandsk og norsk, med samme gyldighet for de to tekster.

For den islandske regjering:
Ólafur Jóhannesson

For den norske regjering:
Svenn Stray.

Sþ. 119. Fyrirspurn [116. mál]

til iðnaðarráðherra um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvers vegna hefur ráðherra ekki notað lagaheimild frá því á s. l. vetri um að lækka verðjöfnunargjald á raforku úr 19% í 16% frá 1. júlí s. l.?

Sþ. 120. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Kjartan Jóhannsson, Ólafur G. Einarsson, Geir Gunnarsson, Jóhann Einvarðsson, Salome Þorkelsdóttir, Pétur Sigurðsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðismálaráðherra að láta nú þegar fara fram könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Leiði könnun til jákvæðrar niðurstöðu verði þegar unnið að því að koma upp aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða.

Við könnun þessa verði haft samráð við samtök lækna, samtök psoriasis- og exemsjúklinga svo og samtök annarra sjúklinga sem not gætu haft af slíkum böðum.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hafa fjölmargir psoriasis- og exemsjúklingar farið til lækninga erlendis. Fyrir þessa sjúklinga hefur oft reynst mikil lækning að breyta um loftslag og njóta sólar og sjávarbaða í hlýjum sjó.

Með breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 50 30. maí 1979, var samþykkt að greiða ferðastyrk til þeirra psoriasissjúklinga, sem að mati sérfræðinga er talið rétt að leiti sér heilsubótar með þessum hætti erlendis.

Fyrir skömmu birtist sú fregn að ungur maður haldinn psoriasissjúkdómi hefði fengið mikla bót á því að njóta baða í heitum jarðsjó við Svartsengi.

Hér er um að ræða athyglisverða tilraun sem gæti gjörbreytt möguleikum þessara sjúklinga til þess að fá einhverja bót meina sinna án þess að fara til annarra landa.

Vilja flutningsmenn þessarar tilögu vekja athygli á þessu máli og telja því rétt að beina áskorun til heilbrigðismálaráðuneytisins varðandi könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um alþjóðlega ráðstefnu um afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Halldór Ásgrímsson, Haraldur Ólafsson, Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson, Jón Sveinsson, Þórarinn Sigurjónsson, Jón Helgason, Ingólfur Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkistjórninni að beita sér fyrir því, að haldin verði alþjóðleg ráðstefna hér á landi um afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Tilgangur ráðstefnunnar verði að kynna viðhorf Íslendinga til hins geigvænlega kjarn-

orkuvígbúnaðar, sem nú fer fram í hafinu í kringum Ísland, og þá afstöðu Íslendinga að þeir telja tilveru þjóðar sinnar ógnað með þeirri stefnu sem þessi mál hafa verið og eru að taka.

Á ráðstefnunni verði ítarlega kynnt þau sjónarmið Íslendinga, að þeir geti með engu móti unað þeirri þróun mála, að kjarnorkuveldin freisti þess að tryggja eigin hag með því að fjölga kafbátum búnum kjarnorkuvopnum í hafinu við Ísland.

Til ráðstefnunnar verði boðaðir fulltrúar þeirra þjóða, sem ráða yfir kjarorkuvopnum og þeirra ríkja, sem liggja að Norður-Atlantshafi, auk fulltrúa evrópsku friðarhreyfinganna.

Greinargerð.

Vígbúnaðarkapphlaup risaveldanna virðist vera að taka nýja stefnu. Risavaxnar áætlanir um aukningu kjarnorkuvopna og ný kjarnorkuvopnakerfi eru bæði til umræðu og á ákvarðanastigi. Þar er meðal annars um að ræða ný eldflaugakerfi búin kjarnaoddum í Evrópu báðum megin járntjalds, smíði nifteindasprengju og nýjar eldflaugar, búnar kjarnaoddum, sem fljúga heimsálfa á milli og hitta mark sitt með ótrúlegri nákvæmni. Umræður snúast einnig um hugsanlega hernaðarlega notkun geimsins.

Þessi þróun mála hefur vakið fólk um allan heim til umhugsunar um þá hættu, sem mannkyninu stafar af helvopnum kjarnorkunnar.

Víða um lönd hafa verið settar á stofn friðarhreyfingar og á Norðurlöndum snýst umræðan um kjarnorkuvopnalaust svæði.

Í Bandaríkjunum hafa sum ríkin snúist öndverð gegn staðsetningu nýrra kjarnorkuvopna á sínu landi. Ástæðan er ekki hvað síst sú, að vopnin eru sjálf skotmörk í kjarnorkustríði.

Í Bandaríkjunum virðast þær raddir verða æ sterkari, að styrkja verði varnir ríkisins með því að fjölda kafbátum búnum kjarnorkuvopnum. Með því móti einu sé unnt að loka þeim „glugga", sem opinn sé fyrir kjarnorkuárás frá Sovétríkjunum.

Ákvörðun í þessa átt mun leiða til fjölgunar kafbáta búinna kjarnorkuvopnum í hafinu við Ísland.

Talið er að í hafinu við Ísland sé gífurlegur fjöldi sovéskra kafbáta búinn kjarnorkuvopnum.

Strand sovéska kafbátsins við Svíþjóð, þar sem kjarnorkuvopn voru um borð í 30 ára gömlum kafbát, hefur vakið menn til umhugsunar um að sennilega erum við umkringd kjarnorkuvopnum í miklu ríkara mæli en menn óraði fyrir.

Sumir talsmenn kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum benda á að vel megi gera þetta svæði kjarnorkuvopnalaust, en auka þá varnir með kjarnorkuvopnuðum kafbátum í Atlantshafi, væntanlega við Ísland.

Ýmsir áhrifamenn í Evrópu reyna nú að koma í veg fyrir að sett verði upp ný eldflaugakerfi í Evrópulöndum, en benda á þann möguleika að auka þess í stað varnir með kjarnorkuvopnuðum kafbátum í Atlantshafi, væntanlega við Ísland.

Öll þessi þróun mála bendir til að á næstu árum muni kjarnorkuvígbúnaðurinn aukast í hafinu við Ísland, og hugsanlegt er að meginþunginn verði lagður einmitt á svæðið í Norður-Atlantshafi.

Orsök þessa er ekki hvað síst sú, að löndin vilja ekki staðsetja þessi vopn hjá sér.

Íslendingar hljóta að mótmæla þessari þróun mála.

Staðsetning kjarnorkuvopna í hafinu við Ísland ógnar tilvist þjóðarinnar, að ekki sé talað um að meginþungi kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupsins færist yfir í hafið hér við land.

Fyrir nokkrum árum vakti Þórarinn Þórarinsson ritstjóri Tímans máls á því, að Íslendingar ættu að boða til ráðstefnu um afvopnun á Norður-Atlantshafi. Þörfin fyrir umræðu um friðlýsingu Norður-Atlantshafsins verður æ brýnni. Hafi Íslendingar ekki frumkvæði í því efni munu tæpast aðrir gera það eins og málum er háttað.

Íslendingar eiga að leita samvinnu við þau ríki, sem land eiga að Norður-Atlantshafi, um slíka ráðstefnu.

Þeir, sem að þessari þingsályktunartillögu standa, eru ekki þeirrar skoðunar, að ráðstefna um þessi mál muni leiða til neins skjótfengins árangurs. Í því sambandi má líta til annarra afvopnunarviðræðna.

Hins vegar er kjarnorkuvígbúnaðurinn orðinn slíkur að hann er ekkert einkamál risaveldanna. Hann er mál alls mannkynsins. Smáþjóðirnar verða að taka höndum saman og knýja risaveldin til afvopnunar.

Tilveru Íslendinga er stefnt í voða með þeirri stefnu, sem þessi mál eru að taka. Árás á kjarnorkuvopnaðan kafbát við Ísland gæti valdið geislun sem mundi skaða fiskimiðin við landið, og hvernig væri unnt að lifa hér ef ekki væri unnt að selja fiskinn?

Íslendingar verða því á málþingi þjóðanna að hefja máls á afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Þótt ekki sé von um skjótfenginn árangur er fyrsta atriðið að kynna viðhorf okkar til þessa máls og fá þau viðurkennd. Síðan holar dropinn steininn.

Íslendingar hafa unnið frelsi sitt úr höndum mun stærri þjóðar með röksemdum, ræðuhöldum, fundarhöldum og samningum. Þeir hafa einnig unnið rétt sinn yfir aukinni fiskveiðilögsögu á sama hátt.

Sporin eiga því ekki að hræða. Íslendingar áttu aldrei neinn Kossuth eða Garibaldi sem geystist fram með sverð sitt og vopnaða liðsmenn í frelsisbaráttunni. Þeir áttu sinn Jón Sigurðsson og aðra slíka málafylgjumenn sem með elju, þekkingu og festu börðust fyrir málstað þjóðarinnar áratugum saman og unnu að lokum fullan sigur.

Nú stendur fyrir dyrum ný barátta, ný landhelgisbarátta. Tilveru Íslendinga er ógnað með gífurlegum kjarnorkuvígbúnaði í hafinu við landið.

Á málþingi þjóðanna verða Íslendingar enn á ný að kveðja sér hljóðs og krefjast öryggis fyrir þjóð sína.

Enn á ný verður að beita rökum, ræðuhöldum, fundarhöldum og samningum.

Málstaðurinn, málstaður lífsins hlýtur að sigra.

Frumkvæði Íslendinga í þessu máli mun vekja athygli um allan heim og með því leggja þeir sitt lóð á vogarskálina í átt að afvopnun.

Hér er þeirri framtíðarsýn varpað fram, að á Norður-Atlantshafi fari fram alþjóðlegt eftirlit. Slíkt eftirlit væri í höndum alþjóðastofnunar er veitti öllum, er eftir óskuðu, upplýsingar um ferðir kafbáta, herskipa og annarra flutningatækja kjarnorkuvopna.

Eftirlitsstöðvar gætu hæglega verið á Íslandi og eðlilegt að Íslendingar tækju verulegan þátt í eftirlitinu, enda eiga þeir mest í húfi.

Kostnaður við eftirlitið yrði að greiðast af alþjóðastofnun.

Flest bendir til að eftirlit í Norður-Atlantshafi verði mun auðveldara á næstu árum en verið hefur. Með auknum geimferðum verður komið upp gervihnattakerfi sem getur kortlagt allar auðlindir jarðar. Með innrauðri myndun má finna kafbáta í hafinu og senda boð um ferðir þeirra til eftirlitsstöðvar.

Ekki er ástæða til að fara ítarlegar í þessari greinargerð út í stöðu vígbúnaðar á Norður-Atlantshafi.

Megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að Íslendingar hafi frumkvæði að umræðu um þá alvarlegu framtíðarsýn sem blasir við með stóraukningu helvopna kjarnorkunnar í hafinu við landið.

Flutningsmenn hugsa sér markmið ráðstefnunnar að opna umræðuna um friðlýsingu Norður-Atlantshafs í áföngum. Áfangarnir gætu verið:

1) Þegar í stað verði stöðvuð frekari aukning kjarnorkuvopna í Norður-Atlantshafi.
2) Dregið verði úr kjarnorkuvígbúnaði á Norður-Atlantshafi með ákveðnum tímasettum áföngum.

3) Norður-Atlantshaf verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði.
4) Alþjóðastofnun annist eftirlit með kafbátum og öðrum flutningatækjum sem gætu borið kjarnorkuvopn. Eftirlitsstöðvar gætu verið á Íslandi og Íslendingar annast eftirlit í talsverðum mæli, enda eiga þeir mest í húfi.

Kostnaður við eftirlit verði greiddur af alþjóðastofnun og niðurstöður eftirlitsstöðva tilkynntar reglulega alþjóðastofnun, sem veiti öllum, er óska, upplýsingar varðandi eftirlitið.

Sþ. 122. Fyrirspurn [119. mál]

til fjármálaráðherra um afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um söluskatt.

Frá Ingólfi Guðnasyni og Guðmundi Bjarnasyni.

Hvenær er að vænta afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, með síðari breytingum, um söluskatt (á þskj. 610 á 103. löggjafarþingi), þar sem gert er ráð fyrir að sá hluti kostnaðarverðs vöru, sem stafar af aðkeyptum flutningi hennar milli staða innanlands, skuli ekki mynda stofn til söluskatts, en frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar 20. maí s. l. eftir 2. umræðu málsins í Ed.?

Sþ. 123. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um starfslaun íþróttamanna.

Flm.: Jóhann Einvarðsson, Friðrik Sophusson, Helgi Seljan, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp til laga um starfslaun íþróttamanna.

Nefndin skal vera þannig skipuð: Formaður Íþróttasambands Íslands, formaður Ungmennafélags Íslands og íþróttafulltrúi ríkisins og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Áhugi á frjálsum íþróttum virðist vera almennari úti á landi en hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta má vafalaust að nokkru skýra með því, að aðstaða til almennra íþróttaiðkana hefur óvíða verið fyrir hendi, nema þá kattspyrnu. Fyrst og fremst er þó skýringin sú, að ungmennafélögin hafa lagt mikla áherslu á þessa grein íþrótta.

Það hefur verið stefna ungmennafélaganna að stuðla að sem almennastri þátttöku í íþróttastarfinu, fá sem flesta til að vera með, en leggja minna upp úr afrekunum.

Með þessu hefur fengist veruleg breidd í þann hóp sem íþróttir stundar þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður víða.

Slík breidd er undirstaða þess, að unnt sé að koma auga á hæfileikamennina. Þetta starf hefur líka skilað góðum árangri.

Sú stefna ungmennafélaganna að leggja megináherslu á breiddina er tvímælalaust rétt, en hinu er ekki að leyna, að þessi stefna, ásamt aðstöðuleysinu, hefur fram að þessu verið nokkuð á kostnað afrekanna.

Hingað til hafa flestir sigurvegarar á mótum verið hæfileikafólk, sem haft hefur mjög takmarkaða aðstöðu til þjálfunar.

Á síðasta landsmóti ungmennafélaganna var greinilegt að á þessu hefur orðið veruleg breyting. Í fyrstu sætin raðaði sér nú fólk sem haft hefur aðstöðu til að stunda æfingar og

þjálfun um lengri eða skemmri tíma, enda munu ekki hafa verið sett færri en 16 landsmótsmet. Þetta er mjög gleðileg þróun og ætti að gefa von um glæsilegan árangur á sviði frjálsíþrótta á næstu árum.

En óhjákvæmilega vaknar sú spurning, hvað taki við hjá þessu efnilega fólki og hvaða aðstöðu það hafi til áframhaldandi þjálfunar.

Það vekur einnig þá spurningu, hvort tími algjörrar áhugamennsku sé ekki liðinn og hvort beri ekki skylda til að styrkja þetta fólk sérstaklega til frekari dáða.

Það hefur verið mjög áberandi á undanförnum árum, hve stuttur ferill margra efnilegra frjálsíþróttamanna hefur orðið.

Menn hafa tekið þátt í keppni nokkur sumur með góðum árangri, en eru svo allt í einu horfnir af keppendaskránni. Skýringin er oftast sú, að menn hafi stofnað heimili, séu að byggja, önnum kafnir við nám eða uppteknir við vinnu. Út yfir tekur þó þegar okkar mestu afreksmenn verða að hætta keppni vegna féleysis.

Fyrir nokkrum vikum var frá því sagt, að Óskar Jakobsson, kastarinn snjalli, sem dvaldist s. l. vetur í Bandaríkjunum við æfingar, væri farinn austur á land í símavinnu til að vinna fyrir skuldum og hefði ekki efni á frekari þátttöku í keppni að sinni.

Þetta dæmi sýnir okkur svo ekki verður um villst, að komið er að þáttaskilum í þessu efni. Við getum ekki lengur farið svona með okkar bestu íþróttamenn. Við verðum að gera okkur ljóst að afreksíþróttir verða ekki stundaðar í tómstundum með fullri vinnu eða námi.

Flutningsmenn telja að ekki verði lengur hjá því komist að stofna til „starfslauna íþróttamanna“ sem úthlutað yrði til besta íþróttafólks okkar. Við höfum þegar nokkra skákmenn á launum hjá ríkinu og þykir sjálfsagt og árlega er úthlutað starfslaunum til hóps listamanna.

Það gæti varla talist nein fordild þótt við hefðum íþróttamenn á launum í svo sem 3—5 stöðugildum.

Hversu langt gæti Einar Vilhjálmsson, sem setti glæsilegt met í spjótkasti á landsmótinu, náð, ef hann fengi aðstöðu til að helga sig íþrótt sinni eingöngu í nokkur ár? Eða Kristján Harðarson, ungi pilturinn frá Stykkishólmi sem sigraði í langstökki þótt hann sé aðeins 16 ára og er af mörgum talinn efnilegasti stökkvari sem komið hefur fram í mörg ár.

Hér hefur eingöngu verið rætt um frjálsíþróttir, en hið sama gildir auðvitað um aðrar einstaklingsíþróttir, svo sem lyftingar, júdó og sund. Í þessum greinum eigum við afreksmenn sem ástæða væri að styrkja á sama hátt.

Við flokkaíþróttir, svo sem knattspyrnu, handknattleik, körfuknattleik, blak, verður varla komið fyrir slíkum starfsstyrkjum, en kanna mætti hvort þjálfarar í slíkum íþróttagreinum gætu ekki komið til greina við úthlutun „starfslauna íþróttamanna“.

Sþ. 124. Fyrirspurnir [121. mál]

I. Til forsætisráðherra um rannsóknir og viðvörunarkerfi í Mývatnssveit.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að tryggja öryggi íbúa Mývatnssveitar, en áttunda og kröftugasta gosið í Kröflueldum hófst 18. nóvember s. l.?
2. Hyggst ríkisstjórnin veita Norrænu eldfjallastöðinni, sem að öðru leyti er kostuð af samnorrænu fé, það fjármagn sem sannanlega skortir á svo að unnt sé að reka viðvörunarkerfi í Mývatnssveit áfram og stunda rannsóknir því tengdar?

II. Til iðnaðarráðherra um raforkuverð til fjarvarmaveitna.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi raforkuverð til fyrirhugaðra fjarvarmaveitna í þéttbýlisstöðum á norðanverðu Snæfellsnesi?

Sþ. 125. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]

um Orkubú Suðurnesja.

Flm.: Jóhann Einvarðsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Á. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttir, Geir Gunnarsson, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að semja frumvarp til laga um Orkubú Suðurnesja.

Nefndin skal þannig skipuð: Tveir fulltrúar tilnefndir af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, tveir fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og einn fulltrúi tilnefndur af iðnaðarráðuneytinu. Iðnaðarráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Nefndin hraði svo störfum að frumvarp verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 100 31. des. 1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja, sem hafa skyldi það markmið að leysa húshitunarmál á Suðurnesjum. Eignaraðild að félaginu var ákveðin á þann veg, að sveitarfélögin sjö á Suðurnesjum skyldu hafa 60% eignaraðild en ríkið 40%. Í byrjun febrúar 1975 var stjórn félagsins skipuð og tók hún strax til starfa við uppbyggingu fyrirtækisins. Nú er þessu verkefni að mestu lokið, þar með talin tenging flugvallarsvæðisins. Jafnframt því meginmarkmiði að hita upp hús á svæðinu hefur H. S. framleitt raforku til eigin nota og fyrir almennan markað. Afkastagetan er nú 8 MW í þrem gufuhverflum (2×1 MW + 1×6 MW). Möguleikar eru nú á aukinni rafmagnsframleiðslu í Svartsengi án frekari borana um allt að 8—10 MW. Þá væri uppsett afl í Svartsengi komið í 16—18 MW og framleiðslugetan væri milli 80—90 Gwh á ári. Af meðfylgjandi töflu um raforkunotkun á Suðurnesjum árin 1978 til 1981 má sjá hve framleiðslugetan í Svartsengi gæti orðið stór hluti af raforkuþörfinni ef ráðist yrði í uppsetningu fjórða gufuhverfilsins.

Raforkunotkun á Suðurnesjum árin 1978—81.

	1978	1979	1980	1981 (áætlun)
Sveitarfélag:	Gwh	Gwh	Gwh	Gwh
Vatnsleysustr.	3.1	3.7	3.0	3.2
Njarðvík	10.6	10.5	9.9	10.3
Keflavík	29.5	27.3	25.9	27.0
Gerðahreppur	4.4	5.0	4.2	4.7
Miðneshreppur	4.7	5.4	5.5	5.7
Grindavík	9.4	9.4	8.4	9.4
Hafnahreppur + Leira og Grænás	1.7	1.8	1.7	1.8
	63,4	63,1	58,6	62,1
Keflavíkurflugvöllur	66.8	60.8	52.6	50.5
Alls	130.2	123.9	111.2	112.6

Hér hafa eingöngu verið nefndir þeir möguleikar til raforkuframleiðslu, sem fyrir eru nú í Svartsengi, en ekkert getið um aðra möguleika á raforkuframleiðslu á Suðurnesjum, sem taldir eru vera umtalsverðir, t. d. með tilkomu sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Fyrirkomulag raforkudreifingar á Suðurnesjum er nú í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Heildsalan er í höndum Landsvirkjunar, sem selur Rafmagnsveitum ríkisins orkuna, en þær selja síðan rafveitum sveitarfélaganna orkuna til dreifingar í smásölu til neytenda.
2. Rafmagnsveitur ríkisins annast þó smásöludreifinguna í Hafnahreppi og sölu til Keflavíkurflugvallar frá Riðbreytistöð.
3. Starfandi eru á svæðinu sex sveitarfélagarafveitur, en þær eru:
   Rafveita Keflavíkur,
   " Njarðvíkur,
   " Grindavíkur,
   " Miðneshrepps,
   " Gerðahrepps,
   " Vatnsleysustrandarhrepps.

Fram hafa farið allítarlegar umræður um sameiningu rafveitna sveitarfélaganna. Allir þeir, sem um málið hafa fjallað, hafa verið sammála um hagkvæmni sameiginlegrar rafveitu, enda liggja til þess mörg rök. Í viðræðum þeim, sem fram fóru milli sveitarfélaganna, kom fram að litið var á sameiningu rafveitnanna sem áfanga að stofnun orkubús á Suðurnesjum.

Þeirri skoðun hefur aukist fylgi, að réttara væri að stíga skrefið til fulls og stofna Orkubú Suðurnesja með sameiningu Hitaveitu Suðurnesja og rafveitnanna og því er þessi tillaga flutt.

Nd. 126. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof, sbr. lög nr. 109 31. des. 1972.

Flm.: Karvel Pálmason, Pétur Sigurðsson, Árni Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Eggert Haukdal, Halldór Blöndal.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé að launþegi fái það í hendur þegar hann tekur orlof.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Einstök verkalýðsfélög hafa þó óskoraðan rétt til þess að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir. Þó skal tryggt í slíku samkomulagi að sá aðili, sem tekur að sér innheimtu og ávöxtun fjárins, beri sömu ábyrgð og Póstgíróstofan.

Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982.

Greinargerð.

Frv. efnislega samhljóða þessu hefur þrívegis áður verið flutt, en ekki fengið afgreiðslu. Tilgangur með frumvarpi þessu er að tryggja verkalýðsfélögum og vinnuveitendum rétt til þess að semja um þá framkvæmd á greiðslu orlofsfjár sem þessir aðilar telja heppilegasta. Þó

að umskipti til hins betra hafi orðið í orlofsmálum launþega með orlofslögum frá 1971, með greiðslum inn í gírókerfið, er augljóst að enn má verulega bæta í þessu efni. Ýmis verkalýðsfélög hafa samið við viðsemjendur sína um annað og hagstæðara fyrirkomulag en lögin gera ráð fyrir og enn fleiri hafa áhuga á að gera slíka samninga, sem fyrst og fremst beinast að því, að orlofsféð verði greitt inn á bankabækur í heimabyggð þar sem hver einstakur launamaður hefði betri eftirlitsaðstöðu og nyti hærri vaxta en fengist hafa í gírókerfinu, jafnframt því sem fjármagnið ávaxtaðist á þeim stað sem það fellur til.

Segja má, að auk þeirra hagsbóta, sem orlofsþegi nyti með breytingu í þá átt sem hér er lagt til, sé hér á ferðinni einn þáttur þeirrar byggðastefnu sem mikið hefur verið höfð á orði en minna skilað sér á borði. Það verður að teljast óeðlilegt að löggjafinn standi í vegi fyrir því, að verkalýðsfélögin og vinnuveitendur semji um það fyrirkomulag sem þessir aðilar telja þjóna best hagsmunum sinna umbjóðenda.

Þá verður einnig að teljast óeðlilegt að löggjafinn standi í vegi fyrir þeirri þróun, sem þegar er hafin og augljóst er að verður í vaxandi mæli, hvort sem stjórnvöldum líkar það betur eða verr.

Með það í huga að flýta fyrir að þessi eðlilega þróun nái fram að ganga er frv. þetta flutt.

Fylgiskjal.

Niðurstöðutölur innborgaðs orlofsfjár á öllu landinu orlofsárið 1. maí 1980 til 30. maí 1981:

Reykjavík	kr.	87 271 387,43
Reykjanes	—	12 442 741,00
Vesturland	—	5 428 990,98
Vestfirðir	—	9 373 861,87
Norðurland vestra	—	2 394 892,16
Norðurland eystra	—	13 231 656,61
Austurland	—	6 619 645,09
Suðurland	—	4 322 591,23
Samtals	kr.	141 085 766,37

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um aukið sjálfsforræði sveitarfélaga.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Benedikt Gröndal, Eiður Guðnason, Finnur Torfi Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Kjartan Jóhannsson, Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa frumvörp til laga um breyting á lögum nr. 73/1981, um tekjustofna sveitarfélaga, lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, og þeim lögum, sem ákveða afskipti ríkisvaldsins af gjaldskrám sveitarfélaga fyrir veitta þjónustu.

Markmið breytinganna verði:

a) Að skattlagning tekna einstaklinga verði einvörðungu á vegum sveitarfélaga, en tekjuskattur einstaklinga til ríkissjóðs falli niður.
   Innan rúmra marka, sem m. a. tryggi tekjujöfnunarhlutverk skattsins, ákveði sveitarstjórnir álagningarhlutföllin án afskipta ríkisvaldsins.

b) Að skattar af eignum og veltu verði alfarið á vegum ríkissjóðs, en aðstöðugjald til sveitarfélaga falli niður.
c) Að því leyti sem jöfnuði þarf að ná í skiptum skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga eftir þessa breytingu, verði það einkum gert með því að draga úr sérgreindum tilfærslum frá ríki til sveitarfélaga og með því að sveitarfélögin yfirtaki verkefni frá ríkinu.
d) Að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjóni fyrst og fremst því hlutverki að jafna þann aðstöðumun sveitarfélaga, sem stafar af mismunandi tekjuöflunarmöguleikum þeirra vegna ólíkra atvinnuhátta, aldursskiptingar o. þ. h., og að jafna kostnað milli landshluta, en fellt verði niður eða dregið verulega úr því hlutverki hans að vera viðbót við fasta tekjustofna sveitarfélaga.
e) Að sveitarfélögin fái óskorað vald til að ákveða gjaldskrár fyrir veitta þjónustu, án afskipta ríkisvaldsins.

Greinargerð.

Þessi þingsályktunartillaga er þáttur í víðtækri stefnumótun Alþýðuflokksins, sem leiða á til stóraukins sjálfsforræðis sveitarfélaga og aukinnar valddreifingar í þjóðfélaginu.

Tillögunni er einnig ætlað að jafna aðstöðumun sveitarfélaga víðs vegar um landið, og þar með íbúa þeirra, og tengist þannig frumvarpi til laga um byggðastefnu, sem Alþýðuflokkurinn hefur nýlega lagt fyrir Alþingi og stefnir að nýrri og öflugri sókn í byggðamálum.

Í meginatriðum gildir sú tilhögun í dag, að ríki og sveitarfélög nýta sömu skattstofna, eignir, tekjur og veltu, en hvort með sínu móti. Þetta er ein höfuðorsök þess, að skattkerfið er bæði flókið og ómarkvisst og að ýmsu leyti óréttlátt.

Til þessarar samnýtingar skattstofna má einnig að nokkru rekja skert fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna.

Gjaldþoli hinna sameiginlegu skattstofna eru takmörk sett. Ýmsar breytingar á gjaldtöku ríkisvaldsins hafa því raskað hlutfalli tekna af þeim, yfirleitt sveitarfélögum í óhag.

Nauðsynlegt er að falla frá þessari tvínýtingu sömu skattstofna, en fá sveitarfélögunum þess í stað einn þeirra til frjálsrar ráðstöfunar. Er nærtækast að það verði tekjur einstaklinga.

Skattheimta ríkisins mundi þá einskorðast við eignar- og veltuskatta, enda er skattheimta af veltu (söluskattur, aðflutningsgjöld, vörugjald o. þ. h.) þegar orðin aðaluppistaðan í skattheimtu ríkisins, og tekjur félaga.

Frá þessu verður þó að gera þá undantekningu, að meiri hluti tekna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði áfram hlutdeild í skattstofnum ríkissjóðs og sjóðurinn þannig notaður sem farvegur tilfærslna á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga. Þess verður að gæta, að sú hlutdeild verði ekki um of háð sveiflum í ríkisfjármálum eða fjármálastefnu ríkisvaldsins á hverjum tíma.

Engu þýðingarminna er að Jöfnunarsjóður þjóni fyrst og fremst því hlutverki **að jafna aðstöðumun sveitarfélaga** að því er varðar tekjuöflunarmöguleika og kostnað, en komi ekki í staðinn fyrir eða sem viðbót við fasta tekjustofna þeirra.

Meðal þess, sem Jöfnunarsjóður þarf að taka tillit til og jafna sem mest út, er:
a) Mismunandi tekjuöflunarmöguleikar sveitarfélaga, m. a. vegna ólíkra atvinnuhátta.
b) Mismunandi tekjuöflunarmöguleikar og mismunandi kostnaðarþættir vegna ólíkrar aldursskiptingar íbúanna.
c) Ef mismunandi persónufrádráttur til skatts verður tekinn upp eða útborganlegur neikvæður tekjuskattur (útsvar) er sjálfsagt að Jöfnunarsjóður komi inn í þá mynd, vegna þess að slíkir liðir kæmu mjög mismunandi niður á hin ýmsu sveitarfélög.
d) Mismunandi tilkostnaður sveitarfélaga á ýmsum öðrum sviðum.

Vel má hugsa sér að skipta sveitarfélögum í flokka eftir mismunandi tekjuöflunarmöguleikum og rekstrarkostnaði og byggja á þeirri flokkun við jöfnun á milli þeirra.

Það verður að vera hornsteinn hins nýja kerfis, að sveitarfélögin hafi sjálfdæmi um álagningarhlutfallið. Sé einhvers konar samræming æskileg eða nauðsynleg á ákveðnum tímum við stefnu ríkisvaldsins í efnahags- eða fjármálum yrði ríkisvaldið að leita samninga við sveitarfélögin um þau atriði.

Á það er einnig að líta, að á næstunni verður hvort eð er nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á tekjustofnakerfi sveitarfélaganna. Því veldur staðgreiðsla skatta, sem ætlunin er að taki gildi frá og með árinu 1983, og það, að virðisaukaskattur kemur næsta örugglega til með að leysa söluskattinn af hólmi, og nauðsynlegt er að koma á auknum jöfnuði í skattheimtu milli atvinnuveganna og fyrirtækja og kemur aðstöðugjaldið sterkt inn í þá mynd.

Önnur höfuðástæða þess, hve fjárhagslegt forræði sveitarfélaganna er nú skert, eru afskipti ríkisvaldsins af þeim gjaldskrám, sem sveitarfélög setja fyrir þjónustu sína.

Sveitarstjórnir hafa að jafnaði betri þekkingu en ríkisvaldið á aðstæðum og viðhorfum íbúa sveitarfélagsins og þær þekkja betur framkvæmdaþörfina. Það er fullkomlega rökrétt og ætti að vera einn af hyrningarsteinum sjálfstæðis sveitarfélaga, **að sveitarstjórnir fái fullt og óskorað vald til að móta eigin stefnu í framkvæmda- og fjármálum sínum og framfylgja þeirri stefnu án afskipta ríkisvaldsins.**

Sveitarstjórnarmenn bera að lögum og samkvæmt lýðræðisskipan fulla stjórnarfarslega ábyrgð á ákvörðunum sínum til jafns við þjóðkjörna fulltrúa á þingi og í ríkisstjórn.

Umráð þeirra yfir eigin gjaldskrám eru því auk annars í samræmi við lýðræðislegar leikreglur.

Efni þessarar þingsályktunartillögu miðar að eflingu sjálfstæðis sveitarfélaga og þar með valddreifingu í þjóðfélaginu.

Nauðsynlegt er að hafa það í huga, að tillagan er aðeins einn liður í mun víðtækari stefnumörkun Alþýðuflokksins í málefnum sveitarfélaga. Hún tengist ýmsum öðrum þáttum þessarar stefnu og er því nauðsynlegt að drepa á fleiri liði hennar til að fá heildarmynd af stefnu Alþýðuflokksins í þessum málaflokki.

Meðal þess, sem nú stendur í vegi fyrir auknu sjálfstæði sveitarfélaga og frekari dreifingu valds frá ríki til þeirra, er sú staðreynd, að fæst þeirra eru nægilega öflug og nægilega stór.

Fjölmörg sveitarfélög valda ekki, án aðildar og íhlutunar ríkisvaldsins, þeim verkefnum sem þau hafa þegar með höndum. Þau eiga þess engan kost að taka við auknum eða nýjum verkefnum.

Annað atriði, sem gaumgæfa þarf, eru mörk sveitarfélaga. Í mörgum tilvikum ráðast þau enn af aðstæðum, sem áður hlutu að ráða úrslitum, svo sem ýmsum náttúrulegum hindrunum sem heftu samgang og samskipti fólks, en hefur nú verið rutt úr vegi.

Mörk sveitarfélaga þurfa að ráðast af því fyrst og fremst, hvort með íbúum tiltekinna landssvæða séu raunveruleg tengsl í félagslegum og hagsmunalegum efnum.

Það er skoðun Alþýðuflokksins, að nauðsynlegt sé að efla sjálfsforræði sveitarfélaganna í landinu og fela þeim í auknum mæli ákvörðunar- og framkvæmdavald í ýmsum staðbundnum málefnum. Til þess að svo megi verða er óhjákvæmilegt að endurskoða stærð þeirra og landfræðileg mörk.

Stjórnunarlegri uppbyggingu þeirra og faglegri og fjárhagslegri getu verður að breyta svo þau geti tekið við og valdið auknum verkefnum og aukinni ábyrgð.

Um það verður ekki deilt, að sameining sveitarfélaga er viðkvæmt og vandasamt úrlausnarefni. Þessu valda m. a. mismunandi efnahagsástæður þeirra, ólík stjórnmálaviðhorf, breytilegt þjónustustig, misjöfn skattheimta og jafnvel sjónarmið tilfinningalegs eðlis. Á nokkrum stöðum torvelda landfræðilegir staðhættir enn þá sameiningu.

Í ljósi þessa er æskilegt, að sameining og efling sveitarfélaganna verði sem allra víðast með frjálsu samkomulagi sveitarfélaganna sjálfra. Á hinn bóginn hefur reynslan sýnt að þrátt fyrir miklar umræður um sameiningarmálin á liðnum árum og áratugum, nefndarstörf, hvatn-

ingu og fræðslu, hefur árangurinn orðið allt of lítill, þótt sums staðar þokist í rétta átt, svo sem með aukinni samvinnu sveitarfélaganna á ýmsum sviðum. Og ein velheppnuð sameining sveitarfélaga átti sér stað fyrir 10 árum, þ. e. sameining Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps.

Sveitarfélögunum hefur fjölgað fremur en hitt. Árið 1978 voru þau 224 talsins og hafði þá fjölgað um 11 síðustu 50 árin. 175 þeirra höfðu 500 íbúa eða færri.

Reynsla ýmissa nálægra þjóða hefur orðið hin sama. Marktækir áfangar hafa þar ekki náðst í sameiningarmálum fyrr en gripið hefur verið til þess að lögbjóða sameininguna.

Í tengslum við endurskoðun umdæma og marka sveitarfélaga liggur beint við að endurskoða mörk og hlutverk sýslnanna.

Stefna ætti að myndun öflugra stjórnsýslumiðstöðva, einnar eða eftir atvikum fleiri í hverri sýslu, þar sem aðgangur er að allri þeirri þjónustu, sem veitt er á vegum ríkisins.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að samræma umdæmi allra þeirra fjölmörgu stjórnsýslukerfa, sem nú eru hvert með sínu móti. (Dómsmál, löggæsla, almannatryggingar, skattumdæmi, póstur og sími, rafveitur, vegamál o. s. frv.)

Samræming hinna ólíku stjórnsýsluumdæma og uppbygging öflugra þjónustukjarna mun leiða til betri þjónustu við landsmenn og veitir ýmis tækifæri til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Enn fremur skapar slík samræming mikilvægt tækifæri til að **dreifa verkefnum og valdi innan sjálfs ríkiskerfisins,** svo sem með tilfærslu verkefna og ákvarðanatöku frá miðstjórn til slíkra miðstöðva stjórnsýslu í sýslum landsins.

Auk þeirra tækifæra, sem þessi skipan veitir til hagræðingar, mundi hún létta af ráðuneytum ýmsu daglegu og í mörgum tilvikum staðbundnu amstri, sem aftur veitir þeim rýmri tíma til stefnumótunar í málum sem varða þjóðarheild.

Þátttaka og áhugi einstaklinganna á málefnum ríkisins mundi aukast og betri nýting staðarþekkingar getur haft ótvírætt gildi við meðferð og úrlausn ýmissa mála.

Í ljósi þessara staðreynda leggur Alþýðuflokkurinn til:

1. Það markmið verði sett, að íbúatala hvers sjálfstæðs sveitarfélags verði að jafnaði ekki lægri en 500, nema staðhættir eða aðrar brýnar ástæður mæli gegn því.
2. Sveitarstjórnum verði veittur 5 ára frestur til að koma á sameiningu með frjálsum hætti í samræmi við markmið um lágmark íbúafjölda. Frumtillögur verði unnar af Sambandi ísl. sveitarfélaga og félagsmálaráðuneyti, sem leggi til sérfræðiaðstoð og stuðli að framgangi málsins eftir þörfum, svo sem með kynningarstarfi og fjárhagsstuðningi.
3. Að 5 árum liðnum verði sett löggjöf um sameiningu sveitarfélaga þar sem hún hefur þá enn ekki komist í framkvæmd.
   Löggjöfin verði undirbúin í nánu samráði við samtök sveitarfélaga og tillagna þeirra og óska gætt svo sem frekast er kostur.
4. Jafnhliða sameiningu sveitarfélaga verði tryggt með löggjöf, að réttarstaða þeirra allra verði hin sama. Gerð verði hrein skil milli verkefna ríkis og sveitarfélaga og þeim fenginn sjálfstæður og fastur tekjustofn, sem þau ráði án afskipta eða íhlutunar ríkisvaldsins.
5. Sveitarfélögunum verði fengið fullt og endanlegt vald til að ráða öllum gjaldskrám fyrir þá þjónustu, sem þau veita.
6. Ákveðið verði að formleg stjórnsýslustig verði aðeins tvö í landinu, ríki og sveitarfélög. Sýslunefndir verði þannig lagðar niður í núverandi mynd sem eftirlits- og stjórnunaraðili í málefnum sveitarfélaga. Hins vegar verði sýslunefndir til áfram sem frjáls samstarfsvettvangur sveitarfélaga. Í þeim eigi sæti fulltrúar allra sveitarstjórna innan sýslunnar.
7. Samhliða breytingum á stærð og mörkum sveitarfélaga verði núgildandi sýsluskipan endurskoðuð. Mörk sýslna verði lögákveðin og samræmd mörkum sveitarfélaga. Að því skal stefnt, að framboð og gæði þeirrar þjónustu, sem ríkið veitir, verði samræmd innan hverrar sýslu og komið fyrir á sem hagfelldastan hátt.

8. Tilveru og verkefni landshlutasamtaka skal ekki lögbinda. Hins vegar verði þeim frjálst að starfa áfram með svipuðum hætti og hingað til sem frjáls samvinnuvettvangur sveitarfélaga og sýslunefnda.

Þær upphæðir, sem þingsályktunartillagan fjallar um, eru þessar, miðað við árið 1980 — í gömlum krónum:

Tekjuskattur einstaklinga	39.0 milljarðar
Útsvar	54.1 milljarðar
Aðstöðugjald	12.3 milljarðar
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	14.1 milljarðar

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir því, miðað við óbreytta heildarskattlagningu, að flytja um 27 milljörðum gkr. meira frá ríki til sveitarfélaga en öfugt.

Vel má hugsa sér að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga sem næmi 2/3 þessarar upphæðar, en að 1/3, 9 milljarðar gkr., verði notaður til lækkunar skatta á lágtekjufólki og til útborgunar neikvæðs tekjuskatts (útsvars) til þeirra allra verst settu, og vísast til fyrri tillagna Alþýðuflokksins þar um.

Allar götur frá 1960, þegar unnið var að undirbúningi núgildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, hafa ýmsar nefndir unnið að því að endurskoða skiptingu landsins í sveitarfélög með það að markmiði að fækka þeim og efla þau.

Enn fremur hafa nefndir unnið að endurskoðun á verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga frá því í ársbyrjun 1968.

Ýmsar álitsgerðir og tillögur hafa verið lagðar fram í þessum málaflokkum.

Nú er enn ein nefndin nýtekin til starfa, sem hefur það hlutverk að endurskoða núgildandi sveitarstjórnarlög, lög um sameiningu sveitarfélaga og lög um sveitarstjórnarkosningar.

Segja má, að þar með séu þessi störf loks komin af athugunar- og undirbúningsstigi á framkvæmdastig.

Á það ber að líta, að fyrirliggjandi skýrslur og álitsgerðir fela ekki í sér endanlega og samræmda stefnumótun, sem fulltrúar ríkis og sveitarfélaga hafa sameinast um. Þvert á móti eru alloft settar fram almennar athugasemdir og ábendingar frekar en beinar tillögur, valkostir kynntir og málefnin skoðuð af ýmsum sjónarhólum. Um ýmislegt er ágreiningur innan nefndanna og í vissum tilvikum stangast tillögur þeirra og niðurstöður á.

Slíkt er skiljanlegt, því þessi vinna hefur tekið yfir langan tíma, tíma örra þjóðfélagsbreytinga. Um ýmsa þætti hefur lítið eða ekki verið fjallað, og á það að hluta til við um efni þessarar þingsályktunartillögu.

Ekki er vitað til, að stjórnmálaflokkarnir hafi samræmt og kynnt afstöðu sína til hinna fjölmörgu þátta þessa mikilvæga málaflokks.

Í þessari greinargerð er lýst skoðunum Alþýðuflokksins á ýmsum þáttum, sem nefndin hlýtur að taka fyrir. Sumir munu e. t. v. segja, að rétt væri að bíða álits nefndarinnar áður en slík sjónarmið eru sett fram.

Því er til að svara, að það auðveldar mjög störf nefndarinnar, ef stjórnmálaflokkarnir hafa áður mótað og kynnt afstöðu sína hér á Alþingi. Án þess er starf nefndarinnar torvelt og ósýnt um árangur. Það væri sóun á fjármunum og tíma, ef nefndin vinnur mikið starf að frumvarpsdrögum, sem svo sýnir sig að hafi ófullnægjandi stuðning Alþingis.

Það væru hins vegar skynsamleg vinnubrögð, ef nefndir, sem vinna að gerð eða endurskoðun mikilvægra lagabálka, sem falla utan svonefndra dægurmála, vissu fyrir fram í meginatriðum, að hverju Alþingi vildi stefna í næstu framtíð og til lengri tíma litið.

Nd. 128. Frumvarp til laga [125. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason, Sverrir Hermannsson, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Við E-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 4. tölulíður og orðist svo:

Orkukostnaður vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota að frádregnum olíustyrk skv. lögum nr. 13/1977.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981.

Greinargerð.

Séu menn beðnir að nefna einhvern einn málaflokk, sem menn telji að valdi mestu um misjafnan hag fólks eftir búsetu, munu flestir líklega tiltaka olíukostnað, einkum kostnað við upphitun húsnæðis. Misréttið í húshitunarmálum er orðið geigvænlegt og stuðlar nú öðru fremur að búseturöskun í landinu. Svo mikill er kostnaðurinn milli þeirra annars vegar, sem hita hús sín með olíu, og hinna, sem njóta hitaveitu frá jarðvarma þar sem slík húshitun er hagkvæmust, að hann getur ráðið úrslitun um afkomu fólks og haft úrslitaáhrif á hvar það velur sér búsetu. Í könnun Fjórðungssambands Vestfirðinga um útgjöld vegna olíukaupa til húshitunar á Ísafirði borið saman við kaup á tilsvarandi orku frá Hitaveitu Reykjavíkur, sem birt var 6. nóvember s. l., kom fram, að fjölskylda á Ísafirði þarf að leggja fram andvirði 15,29 vinnuvikna til þess að greiða ársnotkun á olíu til húshitunar, og hefur þá verið tekið tillit til olíustyrks, en sama fjölskylda í Reykjavík ver andvirði 2,11 vinnuvikna til kaupa á hliðstæðu orkumagni af heitu vatni til húshitunar. Mismunurinn er hvorki meiri né minni en sem nemur andvirði 13,73 vinnuvikna og kostnaðurinn við olíukaupin þannig í raun nífalt meiri á Ísafirði en í Reykjavík í vinnustundum mælt.

Þessi könnun varpar ljósi á þá gífurlegu mismunun lífskjara, sem hér er um að ræða. Er Ísafjarðarsvæðið síður en svo eina landssvæðið, þar sem svo háttar til sem í könnuninni kemur fram, né Vestfirðir eini landshlutinn, heldur er hér um að ræða niðurstöður, sem hafa almennt gildi til samanburðar á lífskjaramun í olíumálum milli landsbyggðarinnar annars vegar og höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Þar sem kynt er með öðrum orkugjöfum en beinni olíuhitun — t. d. með fjarvarmaveitum eða nýlegum jarðvarmaveitum — er munurinn minni en nær alls staðar mikill.

Gefur auga leið hve illvænleg áhrif þetta mikla misrétti í orkukostnaði hefur á lífsafkomu fólks og margt láglaunafólk og lífeyrisþegar hefur í rauninni vart fjárhagslega getu til þess að axla þá byrði. Eru mörg dæmi um láglaunafólk og lífeyrisþega, sem orðið hafa að neita sér um ýmsar grundvallarþarfir til þess eins að geta risið undir orkukostnaði við heimilishald, og sumt fólk hefur bókstaflega hrakist frá heimilum sínum og brott úr heimahéraði sínu sakir þessarar mismununar.

Þá kemur einnig ljóslega fram í könnun Fjórðungssambands Vestfirðinga, hversu litlu svonefndur olíustyrkur áorkar til jöfnunar á húshitunarkostnaði, enda hefur hann farið minnkandi að raungildi á undanförnum árum. Orkujöfnunargjaldið, sem lagt er á söluskattsstofn í þeim sérstaka tilgangi að jafna orkuverð, er áætlað í fjárlagafrv. að nemi 190 milljónum kr. Af þeirri fjárhæð er aðeins ráðgert að verja 30 milljónum króna til greiðslu olíustyrks. Afgangurinn af hinni sérstöku fjáröflun á að renna beint í ríkissjóð til almennra þarfa. Þannig er orkujöfnunargjaldið í raun orðið að almennum tekjustofni fyrir ríkissjóð og er það dæmigert um þá fjármálastjórn þar sem tekjustofn, sem ætlaður er til sérgreindra

þarfa, er tekinn í ríkissjóð, en vandamálið, sem honum var ætlað að leysa, skilið eftir óleyst. Ljóst er því orðið, að leið sérstaks orkujöfnunargjalds til greiðslu olíustyrks er lent í blindgötu og leita verður nýrra leiða. Í frv. þessu er gerð tillaga um einn þátt í slíkri nýrri lausn. Sá þáttur einn út af fyrir sig leysir ekki málið. Lausnin í frv. nær ekki til atvinnufyrirtækja, heldur aðeins til hluta einstaklinga, t. d. ekki til þeirra, svo sem lífeyrisþega, sem ekki greiða skatt. Þeim þarf að sinna sérstaklega með breytingu á greiðslum úr almannatryggingakerfinu.

Tillagan, sem gerð er í frv., er í raun mjög einföld. Verði frv. samþykkt væri einstaklingum heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, noti menn ekki 10% frádráttarregluna, allan orkukostnað vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota að olíustyrk frátöldum. Öllum skattborgurum er veitt þessi heimild jafnt án tillits til þess, á hvaða orkuveitusvæðum þeir búa, en auðvitað kemur heimildin þeim mest að gagni sem við hæst orkuverð búa.

Þá er einnig rétt að geta þess, að sú afgreiðsla, sem í frv. felst, á sér hliðstæðu frá síðasta þingi, en þá var samþykkt að bæta nýjum tölulið, 3. tölulið, við E-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981. Með þeirri afgreiðslu var heimilað að draga frá skattskyldum tekjum hálfa greidda leigu af íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Nánar verður gerð grein fyrir frv. í framsögu.

Fylgiskjal.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA
Hafnarstræti 6,
400 — ÍSAFJÖRÐUR.

Útgjöld vegna olíukaupa til húshitunar á Ísafirði borið saman við kaup á tilsvarandi orku frá Hitaveitu Reykjavíkur.

	pr. ltr. pr. m³ á	Heildarkostnaður krónur	Olíunotendur	pr. notandi á ári krónur	pr. fjölsk. 4,12 meðl. kr. á ári	Tímakaup í fiskv. krónur	Vinnust. að vinna fyrir ársnotkun	Vinnuvikur að vinna f. ársnotk.
Verðlag 1/7 1973:								
6 034 136 ltr. gasolía	5/30	31 980 920	3051	10 482	43 186	135/70	318,3	8,0
mínus olíustyrkur (enginn)	0	0						
	5/30	31 980 920	3051	10 482	43 186	135/70	318,3	8,0
Jafngildi í heitu vatni:								
781 975 m³	18/25	14 278 863	3051	4 680	19 282	135/70	142,1	3,5
Mismunur		17 702 057	3051	5 802	23 904	135/70	176,2	4,5
Verðlag 1/3 1979:								
4 332 975 ltr. gasolía	68/90	367 441 978	3054	120 315	495 698	981,00	505,3	12,6
mínus olíustyrkur	5/96	31 761 600	3054	10 400	42 858	981,00	43,7	1,1
Nettóútgjöld notenda	62/94	335 680 378	3054	109 915	452 840	981,00	461,6	11,5
Jafngildi í heitu vatni:								
781 975 m³	103/50	71 529 885	3054	23 422	96 499	981 00	98,4	2,5
mismunur		264 150 493	3054	86 493	356 341	981,00	363,2	9,0
Verðlag 21/12 1979:								
5 392 512 ltr. gasolía	155/25	837 187 488	3088	271 110	1 116 973	1391,00	803,0	20,1
mínus olíustyrkur	41/23	222 336 000	3088	72 000	296 640	1391,00	213,3	5,3
Nettóútgjöld notenda	114/02	614 851 488	3088	199 110	820 033	1391,00	589,7	14,8
Jafngildi í heitu vatni:								
698 826 m³	119/00	83 160 294	3088	26 930	110 952	1391,00	79,8	2,0
Mismunur		531 691 194	3088	172 180	709 381	1391,00	509,9	12,8

	pr. ltr. pr. m³ á	Heildar-kostnaður krónur	Olíu-not-endur	pr. notandi á ári krónur	pr. fjölsk. 4,12 meðl. kr. á ári	Tímakaup í fiskv. krónur	Vinnust. að vinna fyrir ársnotkun	Vinnuvikur að vinna f. ársnotk.
Verðlag 6/3 1981:								
5 392 512 ltr. gasolía	235/00	1 267 240 320	3088	410 376	1 690 749	2259,00	748,5	18,71
mínus olíustyrkur	45/81	247 040 000	3088	80 000	329 600	2259,00	145,9	3,65
Nettóútgjöld notenda	189/19	1 020 200 320	3088	330 376	1 361 149	2259,00	602,6	15,06
Jafngildi í heitu vatni:								
698 826 m³	223/00	155 838 198	3088	50 466	207 919	2259,00	92,0	2,30
Mismunur		864 362 122	3088	279 910	1 153 230	2259,00	510,6	12,76
Verðlag 18/3 1981:								
5 392 512 ltr. gasolía	260/00	1 402 053 120	3088	454 033	1 870 612	2259,00	828,0	20,70
mínus olíustyrkur	45/81	247 040 000	3088	80 000	329 600	2259,00	145,9	3,65
	214/19	1 155 013 120	3088	374 033	1 541 012	2259,00	682,1	17,05
Jafngildi í heitu vatni:								
698 826 mtr.³	223/00	155 838 198	3088	50 466	207 919	2259,00	92,0	2,30
Mismunur		999 174 922	3088	323 567	1 333 093	2259,00	590,1	14,75
7/10 1981. J.T.B.								
Verðlag 1/11 1981:								
5 392 512 ltr. gasolía	280/00	1 509 903 360	3088	488 958	2 014 507	2659,00	757,6	18,94
mínus olíustyrkur	45/82	247 040 000	3088	80 000	329 600	2659,00	145,9	3,65
	234/19	1 262 863 360	3088	408 959	1 684 907	2659,00	611,7	15,29
Jafngildi í heitu vatni:								
698 826 mtr.³	241/00	168 417 066	3088	54 539	224 701	2659,00	84,5	2,11
Mismunur		1 094 446 294	3088	354 420	1 460 206	2659,00	549,2	13,73

6/11 1981. J.T.B.

Ed. 129. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá fjármálaráðherra og sjávarútvegsráðherra.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr. og hljóðar svo:

Heimilt er sjávarútvegsráðherra að ákveða, að framlag ríkissjóðs renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

Nd. 130. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laga nr 35/1960 orðist svo:

Það telst eigi heimili, þó maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, og það jafnt þótt maður sé eigandi þess húsnæðis, sem hann dvelst í. Sama máli gegnir og um

dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vetrarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1981.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. fluttu á síðasta Alþingi frv. um breyt. á lögum um lögheimili, þess efnis, að í stað orðanna „elliheimili eða annarri slíkri stofnun“ í 2. gr. laganna komi: „sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð“.

Allsherjarnefnd sendi málið til umsagnar. Meðal þeirra, sem umsögn sendu, var Klemens Tryggvason hagstofustjóri, sem lagði til að það orðalag, sem væri í gildandi lögum, héldi sér en tillögu okkar flm. yrði bætt inn í málsgreinina. Um þetta varð allsherjarnefnd Nd. sammála og afgreiddi málið frá sér þannig, og flytja flm. frv. nú í þeirri mynd. Þegar málið kom til afgreiðslu í Ed. var komið að lokum þingstarfa og gífurlegt álag var á þingmönnum vegna mikilla anna. Svo fór að málið var afgreitt frá Ed. mikið breytt frá því sem Nd. hafði afgreitt það.

Í Ed. var tekið út úr frv. það ákvæði, sem flm. stefndu að með flutningi þess, en ákvæði sett í staðinn, sem verður að teljast óþarft vegna annarra ákvæða þessara sömu laga.

Þegar málið kom aftur til Nd. var því ekki vísað til nefndar, en afgreitt án athugasemda sem lög frá Alþingi. Báðir flm. voru þá staddir í opinberum erindagjörðum erlendis. Með frv. fylgdi eftirfarandi grg. er það var flutt á síðasta þingi:

„Síðustu misserin hefur umræða um úrbætur á margháttuðum vandamálum aldraðra verið ofarlega á baugi í fjölmiðlum.

Hafa einstakir þættir þessa vandamáls verið ræddir og komið fram tillögur um margar nútímalegar úrlausnir og einnig þær sem kalla mætti „plástra á neyðina“. Er þá átt við húsnæðismál aldraðra, sem tvímælalaust eru einn þýðingarmesti þáttur þessa vandamáls.

Á nokkrum stöðum hér á landi eru í undirbúningi eða þegar hafnar framkvæmdir, sem eiga að létta á mikilli þörf fyrir sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja og munu um leið létta á sókn í vistun á þau dvalar- og hjúkrunarheimili sem þegar starfa eða eru í byggingu.

Hér er um að ræða einstakar sérhannaðar íbúðir aldraðra og öryrkja, sambyggðar eða sérstæðar, sem fyrirhugað er að byggja í næsta nágrenni þjónustumiðstöðva aldraðra eða heilsugæslustöðvanna, en þær eiga einnig að gegna slíkri þjónustu, flestar fyrir fleiri en eitt sveitarfélag.

Þegar er ljóst, að fólk víðar að en úr því sveitarfélagi, sem slík stöð er staðsett í, vill eignast eða leigja slíkar íbúðir. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi, að fleiri sveitarfélög komi sér saman um og standi fyrir byggingu þeirra eða félagssamtök sem eiga sitt félagssvæði í mörgum sveitarfélögum.

Ef umtalsverður aðflutningur aldraðra af þessum sökum verður til eins sveitarfélags og þeir öðlast sveitfesti þar, má gera ráð fyrir auknum útgjöldum vegna þessa fólks, en litlum eða engum skatttekjum á móti.

Þótt enn séu engin bein búsetuhöft á öldruðu fólki og það geti keypt sér hús eða íbúð hvar sem er, aldursins vegna, eða flutt til barna sinna og öðlast sveitfesti af þessum ástæðum, er ljóst að lítið sveitarfélag getur orðið fyrir umtalsverðum fjárútlátum sé um hóp fólks að ræða.

Í lögum nr. 35/1960, um lögheimili, eru í 2. gr. ákvæði um hvar heimili manns skuli teljast.

Í sömu grein er einnig getið undantekninganna, en um þær segir: „Það telst eigi heimili,

þó að maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar". — Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til, svo framangreint vandamál komi ekki upp, að í stað „elliheimili eða annarri slíkri stofnun" komi: „sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð"."

Sþ. 131. Tillaga til þingsályktunar [127. mál]

um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Albert Guðmundsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Friðrik Sophusson, Guðmundur Karlsson, Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að

1) hagnýta skuli orkulindir landsins til stóriðju svo að auka megi atvinnu um land allt og bæta lífskjör þjóðarinnar;
2) í því skyni verði stefnt að því að koma á fót a. m. k. 3—4 nýjum stóriðjuverum á næstu 15 árum á þeim stöðum á landinu þar sem þess er þörf og staðhættir og aðrar aðstæður henta, enda sé hægt að flytja þangað nægilega orku á hagkvæman og öruggan hátt. Auk þess skal stefnt að því að stóriðjuverin, sem fyrir eru í landinu, verði stækkuð sem fyrst;
3) við uppbyggingu stóriðju verði haft samstarf við innlend og erlend fyrirtæki, sem hafa yfir að ráða nauðsynlegri tækniþekkingu, markaðsstöðu og fjármagni. Í samstarfssamningum við þau og samningum um eignaraðild að stóriðjuverum skal fara eftir eðli hvers máls og aðstæðum á hverjum tíma. Í öllum slíkum samningum skal að því stefnt, að innlendir aðilar, sem þess óska, geti þegar í upphafi átt hlut í stóriðjufyrirtækjum og geti, þegar fram líða stundir, keypt hlut hinna erlendu aðila í þeim;
4) forgöngu um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju skuli hafa sérstök nefnd, stóriðjunefnd, skipuð 7 mönnum, sem kjörnir séu hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Nefndin kýs sér formann úr hópi nefndarmanna;
5) stóriðjunefnd skuli eiga frumkvæði að og samræma samningaviðræður milli virkjunaraðila og annarra innlendra aðila annars vegar og stóriðjufyrirtækja hins vegar um eignaraðild, orkusölu, staðsetningu stóriðjuvera o. fl. og gera á grundvelli þeirra tillögur til ríkisstjórnar um framkvæmdir, sem hún telur rétt að stofna til;
6) stóriðjunefnd skuli hafa samstarf við stjórnvöld, stofnanir orkukerfisins, umhverfismála, efnahags- og fjármála svo og rannsóknastofnanir. Skal hún notfæra sér þjónustu þessara aðila, eftir því sem við verður komið. Á vegum hennar skal að jafnaði hvorki stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi á sviði iðnaðar- og orkumála né aðra starfsemi, sem aðrir opinberir aðilar hafa með höndum. Heimilt er nefndinni að leita samstarfs við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar;
7) stóriðjunefnd ráði sér framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn að fengnu samþykki nefndarinnar;
8) kostnaður af starfi stóriðjunefndar greiðist úr ríkissjóði;
9) stóriðjunefnd skuli skila árlega skýrslu til Alþingis um störf sín.

Greinargerð.

Íslenska þjóðin stendur nú á tímamótum í atvinnumálum. Hún á að baki mörg stórverkefni, allt frá því að uppbygging sjávarútvegsins í nútímahorf hófst í byrjun aldarinnar. Auðæfi þjóðarinnar, sem fólgin eru í fiskstofnum og landgæðum, hafa verið undirstaða atvinnuuppbyggingar fram að þessu, en aðeins lítill hluti þeirra auðlinda, sem þjóðin á í vatnsföllum og jarðvarma, hefur verið virkjaður. Nú er þörf stórhuga framkvæmda í orkumálum og blasa við aðkallandi verkefni við stórvirkjanir á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Jafnframt þarf að hyggja að byggingu virkjana á Vesturlandi og Vestfjörðum með tilliti til rekstraröryggis orkukerfisins. Slík virkjunaráform eru forsenda þess, að landið allt verði áfram byggt. Það aðgerðarleysi, sem ríkt hefur á þessu sviði, stefnir lífskjörum þjóðarinnar í framtíðinni í voða. Sjálfstæðisflokkurinn telur, að næsta stórátak þjóðarinnar í atvinnumálum eigi að vera að byggja upp stóriðju, sem geti beint og óbeint staðið undir atvinnu að minnsta kosti helmings þess fjölda fólks sem bætist við á vinnumarkað á næstu tveim áratugum. Í þessu skyni verði unnið að því að koma á fót þremur til fjórum nýjum stóriðjuverum. Auk þess verði stóriðjuverin í Straumsvík og á Grundartanga stækkuð sem fyrst. Til að tryggja hagkvæmustu rekstrareiningar stóriðjuveranna þurfa síðan að koma til frekari virkjanir. Þegar þessu marki hefur verið náð verður u. þ. b. helmingur af hagkvæmasta vatnsafli landsins beislaður.

Framkvæmdahraði miðist fyrst og fremst við atvinnuþörf þjóðarinnar og byggðaáætlanir. Með þessu vill Sjálfstæðisflokkurinn hefja nýja sókn í virkjunarmálum og beita sér fyrir uppbyggingu stóriðjuvera, sem geti orðið vaxtarbroddur atvinnuuppbyggingar um land allt.

Fyrir forgöngu Sjálfstæðisflokksins fóru landsmenn inn á braut stóriðju með stofnun Álversins í Straumsvík og byggingu Járnblendiverksmiðjunnar að Grundartanga. Við Íslendingar höfum því nú þegar nokkra reynslu í þessum efnum. Stóriðjustefna Sjálfstæðisflokksins hefur þegar sannað gildi sitt og gefur mikil fyrirheit í framtíðinni.

Hins vegar hefur nú um skeið ekki notið forustu Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum. Því eru viðkomandi stjórnvöld um þessar mundir ráðlaus og aðgerðalaus í stóriðjumálum, þar sem ekki er um að ræða beint skilningsleysi eða andstöðu við allar framkvæmdir í þessu efni. Hefur kveðið svo rammt að þessu, að hin svokallaða stóriðjunefnd, sem um árabil starfaði undir forustu ríkisstjórnarinnar, hefur verið lögð niður og þar með bundinn endir á skipulagsbundinn undirbúning að stóriðjuframkvæmdum. Við þetta má ekki lengur sitja, svo mikið er í húfi fyrir alla landsmenn.

Með tilliti til þessa báru sjálfstæðismenn fram á síðasta þingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í stóriðjumálum. Tillaga þessi var svipuð þeirri, sem nú er flutt, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Með tillögu þessari var lögð áhersla á, að í orkulindum landsins væri að finna grundvöll að nýrri sókn til betri lífskjara, líkt og sjávarútvegurinn hefði verið í upphafi þessarar aldar. Bætt lífskjör og atvinnuöryggi landsmanna væri höfuðmarkmið þeirrar atvinnustefnu, sem fylgja þyrfti. Væri því meginverkefnið nú að hagnýta hin gífurlegu verðmæti, sem fólgin væru í orkulindum landsins. Í því efni væri mest um vert að móta stefnuna í stóriðjumálum með það fyrir augum að hagnýta orkulindir landsins til framleiðslu iðnaðarvara til útflutnings. Með þessum hætti vildu sjálfstæðismenn leggja grundvöllinn að stórátaki í virkjunarmálum landsins. Samkvæmt þessu lögðu sjálfstæðismenn fram á síðasta þingi einnig frumvarp til laga um ný orkuver.

Í þessu frumvarpi sjálfstæðismanna um ný orkuver var kveðið á um framkvæmdir í virkjunarmálum. Gert var ráð fyrir heildaráætlun um tiltekin verkefni, sem að yrði stefnt að lokið yrði á einum áratug. Hér var um að ræða stærsta átakið, sem enn hafði verið gert til að nýta orkulindir landsins til verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið. Þannig hefði verið tryggt, að fullnægt hefði verið þörfum hins almenna notanda. Með þessari aukningu vatnsvirkjana hefði innflutt olía verið að fullu leyst af hólmi, bæði til húshitunar og raforkuframleiðslu.

Slíkar orkuframkvæmdir hefðu getað skapað möguleika á nýtingu raforku til að framleiða nýja orkugjafa í stað þeirra, sem við nú flytjum inn, svo sem til rekstrar skipa og bifreiða. Það hefðu getað skapast möguleikar til að nota rafmagn beint til að knýja samgöngutæki. Það hefði verið séð fyrir nægri raforku til stóraukinnar iðnvæðingar, sbr. tillögu til þingsályktunar um iðnaðarstefnu, sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram á þessu þingi. Orkuframkvæmdir þær, sem hér um ræddi, hefðu lagt grundvöll að stóraukinni iðnvæðingu og stóriðju og gjaldeyrisöflun í formi útfluttrar iðnaðarvöru. Slíkar framkvæmdir hefðu verið besta tryggingin fyrir bættum lífskjörum og atvinnuöryggi landsmanna. Stóraukin hagnýting orkulinda landsins hlýtur að hafa verið hið rétta andsvar við þverrandi orkulindum í heiminum og hækkandi orkuverði.

Framkvæmdir þær, sem frumvarp þetta fól í sér, voru raforkuver allt að 330 MW í Jökulsá í Fljótsdal, raforkuver allt að 180 MW í Blöndu, raforkuver allt að 130 MW við Sultartanga og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar allt að 70 MW. Þessar framkvæmdir námu samtals 710 MW og er það 104% aukning frá uppsettu afli í núverandi vatnsaflsvirkjunum, alls 680 MW.

Frumvarp okkar sjálfstæðismanna um ný orkuver náði ekki fram að ganga. Hins vegar lagði ríkisstjórnin fram á síðasta þingi frumvarp til laga um raforkuver. Frumvarp þetta var samþykkt sem lög frá Alþingi. Lög þessi heimila þær virkjanir, sem um var að ræða í frumvarpi okkar sjálfstæðismanna. En sá galli var á gjöf Njarðar, að ríkisstjórnin aðhafðist ekkert í stóriðjumálunum til þess að skapa grundvöll fyrir þeim stórvirkjunum, sem hér er um að ræða. Lögin frá síðasta þingi um raforkuver eru því algjörlega óraunhæf, ef reisa ætti á 10 árum eða svo þær stórvirkjanir, sem lögin fjalla um. Að svo miklu leyti sem lögin marka nokkra stefnu er þar tekinn versti kosturinn. Þar er ekki um að ræða framkvæmdir, sem eru einungis miðaðar við almennar þarfir heimilisnotkunar, húshitunar og almenns iðnaðar. Þar er ekki heldur gert ráð fyrir stóriðju, sem er grundvöllur að stórátaki í virkjunarmálunum. Valinn er versti kosturinn, stórvirkjanir án nauðsynlegs orkumarkaðar, sem stóriðjan ein getur skapað. Slík stefna — eða réttara sagt stefnuleysi — leiðir til sjálfheldu í orkumálum þjóðarinnar.

Tillaga til þingsályktunar um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju, sem við sjálfstæðismenn nú leggjum fram, felur í sér leiðina til þess að bæta úr þessu ófremdarástandi. Ef tillaga þessi yrði samþykkt, þýddi það skipulegar og markvissar aðgerðir til þess að koma upp stóriðju, sem er forsenda fyrir stórvirkjunum þeim, sem lögin um raforkuver frá síðasta þingi fjalla um.

Í tillögu þessari til þingsályktunar er lagt til, að sett skuli á stofn nefnd, sem vinni að hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju, svo að auka megi atvinnu um land allt og bæta lífskjör þjóðarinnar. Gert er ráð fyrir að nefndina skipi 7 menn, kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn. Skal nefndin skipta með sér verkum. Stóriðjunefnd, sem var fyrrum, var skipuð af iðnaðarráðherra til óákveðins tíma. Örlög og hlutverk þeirrar nefndar voru komin undir ráðherra og með ákvörðun ráðherra var hún lögð niður. En í tillögu þessari er farið inn á nýjar brautir. Í fyrsta lagi er Alþingi ætlað að kjósa nefndina, svo að tilvera hennar sé ekki komin undir duttlungum ráðherra. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að hér verði um fastanefnd að ræða, þar sem verkefni hennar hljóta að vera varanleg í mörg ár eða áratugi.

Verkefni það, sem nefndinni er ætlað, er bæði víðtækt og vandasamt. Nefndin á að gera tillögur um stóriðjuframkvæmdir, en slíkar tillögur hljóta að byggjast á margháttuðum athugunum og rannsóknum.

Þegar velja á verkefni í stóriðjuframkvæmdum er það undirstöðuatriði, að rannsökuð sé hagkvæmni hinna ýmsu framleiðslugreina, sem til álita koma. Hér hljóta að koma til athugunar margþætt atriði og margslungin. Margt er það sem ræður hagkvæmni hinna einstöku framleiðslugreina. Er þar helst til að taka orkuverð, flutningskostnað og markaðsmöguleika.

Stóriðjumöguleikar eru raunar algerlega háðir því, að reistar verði nægilega margar og stórar virkjanir á næstu árum og áratugum. Hér er um að ræða bæði virkjun fallvatna og jarðvarma eftir því sem nauðsyn krefur og hagkvæmt þykir. Með tilliti til staðsetningar nýrra stóriðjuvera hljóta að ráðast forgangsverkefni við undirbúning nýrra orkuvera, orkuveitna og annarra nauðsynlegra mannvirkja.

Stóriðjunefnd er ætlað að eiga frumkvæði að og samræma samningaviðræður milli virkjunaraðila og annarra innlendra aðila annars vegar og stóriðjufyrirtækja hins vegar um eignaraðild, orkusölu, staðsetningu stóriðjuvera o. fl.

Þó að við Íslendingar höfum nú þegar nokkra reynslu af stóriðju, sem ómetanleg er, verðum við að gera ráð fyrir, að áfram þurfum við að leita samvinnu við útlendinga í þessum efnum. Hér hlýtur ýmislegt að koma til greina. Gæti það verið á sviði tækni, þar sem við hefðum ekki áður aflað okkur nægilegrar reynslu. Það gæti verið nauðsynlegt að koma á samvinnu við erlenda aðila um sölu og markaðsmál. Þá getum við ekki komið upp stóriðju nema með fjármagni erlendis frá í einu eða öðru formi. Eignaraðild Íslendinga að stóriðjufyrirtækjum og samstarfssamningar við útlendinga um önnur atriði hljóta að ráðast af eðli máls og aðstæðum á hverjum tíma. Margvíslegir kostir geta því komið til greina. En rétt er að stefna að því með samningum, að Íslendingar eignist stóriðjufyrirtækin í landi sínu eftir því sem tímar líða og möguleikar eru fyrir hendi. Hafa verður í huga, að farsælast er að atvinnurekstur hér á landi sé að sem mestu leyti í höndum innlendra einstaklinga og samtaka þeirra. Aðild ríkisins og sveitarfélaga kemur þó til greina um stundarsakir, þar til einkaaðilar hafa bolmagn til að taka við honum, þegar um er að ræða þjóðhagslega hagkvæma starfsemi, sem ekki er grundvöllur fyrir með öðrum hætti.

Í tillögunni er stóriðjunefnd veitt heimild til að hafa samstarf, eftir því sem þörf krefur, við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Í þessu sambandi eru tilltekin stjórnvöld, stofnanir orkukerfisins, umhverfismála, efnahags- og fjármála svo og rannsóknastofnanir. Tekið er og fram, að opinberum aðilum sé skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar. Þetta leiðir af því, að stóriðjunefnd er ekki ætlað að stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi á sviði iðnaðar- og orkumála, heldur byggja á því starfi, sem unnið er af stofnunum og fyrirtækjum sem fyrir eru í landinu.

Þó að ekki sé ætlunin að koma upp sérstöku bákni fyrir stóriðjunefnd og starfsemi hennar, er augljóst að störf á vegum nefndarinnar verða ekki unnin einungis í hjástundavinnu. Þess vegna þykir nauðsynlegt, að stóriðjunefnd ráði sér framkvæmdastjóra. Er gert ráð fyrir þessu í þingsályktunartillögunni svo og að framkvæmdastjóri ráði aðra starfsmenn, sem þörf er á, að fengnu samþykki nefndarinnar.

Það liggur í hlutarins eðli, að kostnaður af starfi stóriðjunefndar greiðist úr ríkissjóði og enn fremur að stóriðjunefnd skuli skila árlega skýrslu til Alþingis um störf sín. Tillagan gerir ráð fyrir þessu hvoru tveggja.

Jafnframt því sem tillagan kveður á um tilgang, skipan og hlutverk stóriðjunefndarinnar eru verkefni nefndarinnar á næstu árum tiltekin sérstaklega. Kveðið er svo á, að stóriðjunefnd skuli vinna að því að á fót verði komið a. m. k. þremur til fjórum nýjum stóriðjuverum á næstu 15 árum, á þeim stöðum á landinu þar sem þess er þörf og henta þykir, m. a. með tilliti til þeirra virkjana, sem reisa þarf til að sjá þeim fyrir orku. Hér er kveðið á um framkvæmdahraða, sem tekur mið af atvinnuþörf þjóðarinnar og byggðaáætlunum. Sérstaklega skal tekið fram, að í frumvarpi sjálfstæðismanna á síðasta þingi um ný orkuver var Fljótsdalsvirkjun bundin stóriðju á Austurlandi. Þetta kemur til af því, að hagkvæmni Fljótsdalsvirkjunar er nátengd því, að við hlið hennar komi stóriðjuver. Sjálfstæðismenn fluttu og breytingartillögu á síðasta þingi við frumvarp ríkisstjórnarinnar að lögum um orkuver. Þar var um að ræða fyrirmæli til ríkisstjórnarinnar um að leita þegar eftir samningum um sölu raforku til orkufreks iðnaðar með stóriðju staðsetta á Reyðarfirði fyrir augum. Tillaga þessi náði þá ekki fram að ganga. En það er stefna Sjálfstæðisflokksins eftir sem

áður, að þegar verði unnið að því að setja stóriðju á stofn á Reyðarfirði. Auk nýrra stóriðjuvera, sem tillagan gerir ráð fyrir, er stóriðjunefnd ætlað að vinna að því, að stóriðjuverin í Straumsvík og Grundartanga verði stækkuð sem fyrst.

Sþ. 132. Fyrirspurnir. [128. mál]

I. Til samgönguráðherra um öryggismál sjómanna.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hverjar eru þær tillögur um öryggismál sjómanna, sem um getur í tillögum frá 40. Fiskiþingi og komið hafa frá hagsmunasamtökum í sjávarútvegi, en ekki fengið þá meðferð hjá Siglingamálastofnun, sem vænta hefði mátt?
2. Hverjar eru þær reglugerðir, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt, en íslenska ríkisstjórnin ekki?

II. Til viðskiptaráðherra um olíustyrki til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hverjar ástæður geta verið fyrir því, að ekki sé ráðstafað til olíustyrkja nema um helmingi af þeim 50 millj. kr., sem fjárlög 1981 gera ráð fyrir að sé varið í þessu skyni?
2. Vill ríkisstjórnin sjá til þess, að greidd verði viðbót við olíustyrki árið 1981, þannig að ráðstafað verði öllu því fjármagni, sem fjárlög gera ráð fyrir til olíustyrkja á þessu ári?

III. Til fjármálaráðherra um lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana 1. jan. til 30. nóv. 1981.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

I. Hverjar eru lántökur ríkissjóðs, ríkisstofnana, fjárfestingarlánasjóða ríkisins svo og lántökur annarra með ábyrgð ríkissjóðs eða fjárfestingarlánasjóða ríkisins?
Sundurliðist á eftirfarandi hátt:
   1. Erlendar lántökur:
      a) Ríkissjóðs.
      b) Ríkisstofnana og fjárfestingarlánasjóða ríkisins.
      c) Annarra, sem fengið hafa ríkisábyrgð, og þá hverjir?
      d) Annarra án ríkisábyrgðar.
   2. Innlendar lántökur ríkissjóðs:
      a) Seld spariskírteini ríkissjóðs.
      b) Seld happdrættisskuldabréf.
      c) Verðbréf keypt af bönkum og sparisjóðum.
      d) Verðbréf keypt af lífeyrissjóðum.
      e) Annað.

3. Innlendar lántökur ríkisstofnana og fjárfestingarlánasjóða ríkisins:
   a) Verðbréf keypt af bönkum og sparisjóðum.
   b) Verðbréf keypt af lífeyrissjóðum.
   c) Annað.

II. Að hve miklu leyti hefur því lánsfé, sem aflað hefur verið, verið ráðstafað og hvernig?

Samanburður sé í öllum tilvikum gerður við lánsfjáráætlun 1981.

Ed 133. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið umsagnir um það frá Seðlabanka Íslands, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda og Sölusamlagi skreiðarframleiðenda.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 30. nóv. 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.
Gunnar Thoroddsen.
Guðm. Bjarnason.
Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 134. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (ÓRG, GTh, DA, GB).

1. Við 1. gr. Í stað „að frádregnum 2.286% gengismun“ í 1. málsgr. komi: að frádregnum 2.286% gengismun til 9. nóvember 1981, en þar á eftir 2.136% gengismun.
2. 2. gr., sem er ný grein, hljóði svo (röð greina, sem á eftir koma, breytist til samræmis við það):

   Nú ákveður Seðlabanki Íslands að endurgreiða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 og skulu þá allt að 29 millj. kr. þeirrar endurgreiðslu, sem kemur á afurðir sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tekur til, renna til freðfiskdeildar sjóðsins, en afgangurinn skiptist hlutfallslega á aðrar hlutaðeigandi deildir sjóðsins.

Ed. 135. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 30. nóv. 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Guðm. Bjarnason.	Davíð Aðalsteinsson.	Eyjólfur Kon. Jónsson.

Nd. 136. Frumvarp til laga [129. mál]

um lokunartíma sölubúða.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Guðrún Helgadóttir, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Lokunartími sölubúða skal vera frjáls.

2. gr.

Niður falli lög nr. 17/1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1982.

Greinargerð.

Lög, sem heimila sveitarstjórnum að setja reglur um lokunartíma sölubúða, hafa verið í gildi síðan 1936. Nokkuð mismunandi hefur verið hvernig einstakar sveitarstjórnir hafa nýtt þessar lagaheimildir. Í Reykjavík hefur borgarstjórn sett nokkuð stífar reglur, þar sem kaupmönnum og starfsfólki hefur ekki verið heimilt að starfa, þó svo óskir þeirra hafa staðið til slíks. Einkum hefur verið deilt um lokunartíma á laugardögum.

Samfélagið hefur auðvitað tekið grundvallarbreytingum síðan lög nr. 17/1936 voru samþykkt. Í fyrsta lagi verður að gera ráð fyrir því, að verkalýðsfélög hafi að öllu leyti styrkst og séu nú betur í stakk búin til þess að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna, til dæmis gegn óhóflegu vinnuálagi. Þegar af þeirri ástæðu er lagavernd til handa verslunarfólki ekki nauðsynleg í sama skilningi og hún var nauðsynleg árið 1936 og síðar.

Í annan stað hafa hagsmunir neytenda breyst með róttækum hætti. Æ algengara verður að bæði hjóna starfi utan heimilis. Það þýðir að oft hefur þetta fólk ekki aðstæður til þess að versla nema utan venjulegs vinnutíma. Hinar ströngu reglur, sem gilt hafa til dæmis í Reykjavík, hafa því oft verið mjög bagalegar fyrir þetta fólk.

Þó svo skiljanlegar ástæður hafi verið fyrir setningu laga sem í raun takmarka opnunartíma sölubúða á árinu 1936, þá sýnast slíkar ástæður ekki vera lengur fyrir hendi.

Síðan lögin um lokunartíma voru sett hefur og orðið veruleg breyting á verslunarháttum í þéttbýli, með tilkomu stórmarkaða. Smærri kaupmenn, „kaupmenn á horninu“, hafa átt mjög í vök að verjast. Þessar verslanir veita hins vegar mjög mikilsverða þjónustu í ein-

stökum íbúðarhverfum. Ef meira frjálsræði gildir, þá virðist rétt að álykta að hinir smærri kaupmenn hafi betri og jafnari samkeppnisaðstöðu, þar sem þeir að öðru jöfnu ættu að hafa betri tækifæri til þess að versla utan hins hefðbundna vinnutíma.

Því miður er það svo að starfsfólk í verslunum býr oft við afar lök kjör. Þeirri röksemd hefur verið hreyft, að strangar reglur um lokunartíma sölubúða verndi hagsmuni þessa starfsfólks og verndi það gegn óhóflegum vinnutíma. Þessar röksemdir hafa vísast verið réttar þegar lögin, sem nú er lagt til að séu afnumin, voru sett. Hins vegar á nú að vera hægt að tryggja þessu fólki betri afkomu á frjálsum vinnumarkaði en með hamlandi lögum.

Ed. 137. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, fengið ábendingar hagstofustjóra og einnig mætti Baldur Möller ráðuneytisstjóri til viðræðna við nefndina.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 1. des. 1981.

Eiður Guðnason, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.
Jón Helgason.	Egill Jónsson.	Stefán Guðmundsson.
	Stefán Jónsson.	

Ed. 138. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Í 7. gr. bætist ný málsgrein, sem verði 4. málsgrein svohljóðandi:

Þegar sjóðsstjórn fjallar um mál, sem varða grásleppuveiðar, skal hún kveðja til tvo fulltrúa frá Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda, er hafi málfrelsi og tillögurétt varðandi þær veiðar. Telji fulltrúar samtakanna afgreiðslu sjóðsstjórnar orka tvímælis, er þeim heimilt að skjóta henni til sjávarútvegsráðuneytisins, sem fellir úrskurð um ágreiningsefnið.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Ef afli grásleppubáts er á einu veiðitímabili minni en 10 tunnur eða tilsvarandi samanlagt andvirði grásleppuafurða, verður ekki um bótaksyldu að ræða.

Það er skilyrði fyrir bótum úr sjóðnum, að eigandi grásleppubáts framvísi vottorði Siglingamálastofnunar um að fullnægt sé reglum um öryggi skips og búnaðar, sé báturinn minni en 6 metrar á lengd.

3. gr.

Við 21. gr. laganna nr. 80/1971 bætist:

Þar á meðal sérstaka reglugerð um skiptingu bótasvæða fyrir grásleppuveiðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir seinasta Alþingi, 103. löggjafarþing, var lagt frumvarp til laga um aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna. Þóttu grásleppuveiðarnar hafa svo mikla sérstöðu, að aflatryggingar þeirra ættu ekki heima í lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, heldur bæri að setja um þær sérstök lög. Málið hlaut ekki afgreiðslu á seinasta þingi. Var það sent til umsagnar ýmsum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. Sætti það andmælum flestra þessara aðila, yfirleitt án sérstaks rökstuðnings eða skýringa, nema helst frá Fiskifélagi Íslands, enda var í frumvarpinu gert ráð fyrir ýmissi fyrirgreiðslu Fiskifélagsins við framkvæmd laganna.

Sú leið var því farin að taka upp viðræður við Fiskifélagið um það, hvernig þessu hagsmunamáli grásleppuveiðimanna yrði best fyrir komið, enda eru innan vébanda Fiskifélagsins allir helstu hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, auk þess sem það hefir með höndum umsjá Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins og framkvæmd laganna um hann undir sérstakri stjórn, sem forseti félagsins gegnir formennsku í samkvæmt lögunum.

Þótt Samtök grásleppuhrognaframleiðenda hefðu heldur kosið þann háttinn, sem valinn var í frumvarpinu, sem lagt var fyrir seinasta þing, hefir það samt orðið ofan á að leggja til að þeir gangi inn í Aflatryggingasjóðinn. Í 2. gr. laga nr. 4 2. febrúar 1980 um breytingu á lögum nr. 80/1971 segir, að í hinni almennu deild sjóðsins eigi öll fiskiskip réttindi án tillits til stærðar, enda sé greitt af endanlegum afurðum (afurðaverðmæti) úr aflanum útflutningsgjald (til sjóðsins). Þessu skilyrði yrði fullnægt, ef samþykkt verður frumvarp til laga um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, sem lagt er fyrir Alþingi jafnframt þessu frumvarpi. Rétt þótti að bæta inn í lögin nokkrum sérstökum en þó í sjálfu sér veigalitlum ákvæðum varðandi grásleppuveiðarnar og koma þau fram í frumvarpi þessu.

Með þessari málsmeðferð virðist svo sem að úr sögunni ætti að vera ágreiningur um fyrirkomulag á aflatryggingum grásleppuveiðimanna. Þar sem reynsla er ekki fyrir hendi getur leikið vafi á því, hvort þær tekjur, sem grásleppuveiðarnar leggja til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs, séu nægar. Í athugasemdum fyrir frumvarpinu í fyrra var leitast við að sýna fram á, að þær tekjur sem þeim sérstaka aflatryggingasjóði, sem stofnsetja skyldi samkvæmt því, myndu nægja, en þær tekjur sem nú er gert ráð fyrir að renni til Aflatryggingasjóðs eru talsvert hærri, þegar með er talið mótframlag ríkissjóðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi skýrir sig að mestu sjálf. Forsendur fyrir ákvæðum hennar eru fyrst og fremst þær að nú, ef frumvarp þetta verður að lögum, þarf sjóðsstjórn fyrst um sinn að hugsa um málefni atvinnugreinar, sem þar hefir ekki áður borið á góma. Þykir því rétt að sérfróðir hagsmunaaðilar komi þar til skjalanna. Þar sem um nýjan málaflokk er að ræða gæti, einkum fyrst í stað, komið upp misskilningur og ágreiningur, sem rétt þykir að fulltrúar grásleppuveiðimanna geti skotið til sjávarútvegsráðuneytisins sem hlutlauss úrskurðaraðila.

Um 2. gr.

Efni fyrri málsgreinar er tekið efnislega óbreytt úr frumvarpinu í fyrra og er ekki vitað til þess að það í sjálfu sér geti valdið neinum ágreiningi.

Í 2. mgr. er lagt til, að bótaréttur sé háður því, að bátseigandi framvísi vottorði Siglingamálastofnunar um að fullnægt sé reglum um öryggi skips og búnaðar.

Í lögum nr. 101 29. desember 1980, um breytingu á lögum nr. 80/1971, II. kafla, eru

ákvæði um áhafnadeild, sem er ein af deildum Aflatryggingasjóðs og fjallar um fæðisgreiðslur til sjómanna á fiskiskipum. Í c. lið 1. mgr. 1. gr. laganna er ákveðið að skipverjar á opnum vélbátum skuli njóta fæðisgreiðslna og er eigendum þeirra báta gert skylt að framvísa öryggisvottorðum Siglingamálastofnunar. Í b. lið er ákveðið um fæðisgreiðslur til skipverja á fiskibátum með þilfari, sem eigi lúta lögskráningarskyldu, þ. e. a. s. bátum sem eru minni en 12 brúttórúmlestir að stærð. Skoðunarskylda tekur hins vegar til allra fiskiskipa, sem eru 6 metrar á lengd og þar yfir. Grásleppuveiðar eru ekki leyfðar á bátum sem eru minni en 12 brúttórúmlestir.

Grásleppuveiðimenn óska ekki eftir og telja með öllu óþarft, að fæðispeningar séu greiddir þeim, enda greiðist ekki til áhafnadeildar útflutningsgjald af grásleppuafurðum. Hið sama gildir raunar um verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs. Í I. kafla laga nr. 80/1971, sem hefir að geyma hin almennu ákvæði um hina almennu deild Aflatryggingasjóðs, eru eigi ákvæði um öryggisbúnað. Þótti því nauðsynlegt að koma hér að ákvæði um hann. Er hér fyrst og fremst um að ræða öryggisatriði fyrir grásleppuveiðimenn, sem allir eru væntanlega sammála um að skuli jafnan gætt eins og um aðra fiskimenn.

Um 3. gr.

Reglugerðarákvæði um grásleppuveiðar verða öll miklu einfaldari en um hinar margvíslegu aðrar veiðar og munu vart snúast um annað, sem máli skiptir, en að skipta landinu í bótasvæði. Við þá skiptingu er meira en víst, að gildi margvísleg önnur sjónarmið en gilda um hinar margvíslegu aðrar veiðar. Þegar af þessari ástæðu þykir rétt að gera ráð fyrir sérstakri reglugerð um þetta efni auk þess hér er um að ræða nýjan þátt í starfsemi Aflatryggingasjóðs.

Um 4. gr.

Í frumvarpi til laga um útflutningsgjald af grásleppuafurðum er gert ráð fyrir því að þau lög, ef samþykkt verða, taki gildi 1. apríl 1982. Að vísu gæti ekki reynt á neina bótaskyldu af hendi Aflatryggingasjóðs fyrr en að lokinni grásleppuvertíð síðla næsta árs. Tekjur að ráði til að standa straum af bótum munu heldur ekki hafa skapast, fyrr en langt kemur fram á árið og afurðir hafa verið seldar. Hér er aðeins um fyrirkomulagsatriði að ræða og virðist eðlilegt að láta bæði frumvörpin fylgjast að, að þessu leyti, ef að lögum verða.

Ed. 139. Frumvarp til laga [131. mál]

um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum grásleppuhrognum og öðrum afurðum, sem unnar eru úr grásleppu.

Til grásleppuafurða teljast grásleppuafli, sem skip skrásett hér á landi veiða, og vörur, sem úr honum eru unnar til sölu á erlendum mörkuðum.

2. gr.

Útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum skal vera 3,5% af f. o. b.- verðmæti útflutnings.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds, og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu iðgjalda af líf-, slysa- og örorkutryggingum skipverja sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna. 38%

2. Til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 18%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands 22%
4. Til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda 22%

4. gr.

Sá hluti tekna af útflutningsgjaldi, sem verja skal til greiðslu á iðgjöldum samkvæmt 1. lið 3. gr. skal vera í vörslu Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, sem semur um umræddar tryggingar og greiðir iðgjöld af þeim. Eignir sjóðsins ávaxta samtökin með bestu fáanlegum vaxtakjörum bankakerfisins. Ráðherra skal setja reglur um Iðgjaldasjóð.

5. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal miða við söluverð með umbúðum í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 5/1976. Séu afurðir fluttar milli innlendra hafna í því skyni að auðvelda útflutning eða til að umpakka vöru til að tryggja rétta vigt og vörugæði, er heimilt að reikna útflutningsgjald af f.o.b.-verðmæti frá endanlegri útflutningshöfn.

6. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

7. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumann skipa. Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

8. gr.

Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjaldi, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan. Sektir allar renna í ríkissjóð. Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 7. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu

efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ríkisbókhaldið skal annast gerð sérstakra heildarskýrslna um ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi, sem birta skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skýrslur þessar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur til verkefna samkvæmt 3. gr. laga þessara.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1982 og taka til allra afurða samkvæmt lögum þessum, sem út verða fluttar frá sama tíma. Jafnframt fellur úr gildi 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Auk útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr. skal leggja á f.o.b.-andvirði útfluttra grásleppuafurða 2,5% gjald, er notað verði til að standa straum af kostnaði við byggingu birgða-, kæli- og pökkunarstöðvar á vegum Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda. Gjald þetta lækki árlega um 1/10 hluta eða 0,25% á ári þar til það fellur alveg niður að 10 árum liðnum.

Birgða-, kæli- og pökkunarstöðin skal vera sameign grásleppuhrognaframleiðenda, þannig að stofnaðir séu hjá S. G. H. F. séreignarreikningar eigenda útfluttra grásleppuafurða og á þá færð framlög hvers og eins eftir útfluttu afurðamagni. Samtökin skulu setja nánari reglur um þessa séreignasjóði. Leita skal staðfestingar sjávarútvegsráðuneytisins á reglum þessum og getur það krafist breytinga á þeim, ef það telur þess þörf.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um þetta efni var flutt á seinasta þingi, 103. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu þá. Frumvarpið var sent ýmsum aðilum til umsagnar og sættu nokkur ákvæði þess andmælum, svo að ofan á varð að taka það til endurskoðunar og endurflutnings á þessu þingi.

Frumvarpinu í fyrra fylgdi allrækileg greinargerð þar sem m. a. var rakin þróun og þýðing grásleppuveiðanna fyrir þá, sem þær stunda og þjóðarbúið. Ekki þykir ástæða til að taka hana alla upp hér, nema varðandi einstakar greinar, en í þessum almennu athugasemdum verður helst um það rætt sem ágreiningi olli.

Strax skal tekið fram, að jafnframt þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, þar sem að aðalefni er lagt til að grásleppuveiðarnar geti notið bóta úr sjóðnum, samkvæmt þeim reglum, sem þar um gilda, enda greiði þær gjald til sjóðsins samkvæmt þessu frumvarpi um útflutningsgjald. Á seinasta þingi var flutt frumvarp um sérstakan aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna, sem ekki hlaut afgreiðslu vegna andmæla í umsögnum, sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum með því frumvarpi.

Tíminn milli þinga hefir verið notaður til viðræðna við þá aðila, sem veigamestu athugasemdirnar gerðu við frumvörpin, sem flutt voru á seinasta þingi, þ. e. Fiskveiðasjóð Íslands og Fiskifélag Íslands, en innan vébanda þess eru allir helstu hagsmunaaðilar í sjávarútvegi.

Andmæli Fiskveiðasjóðs snertu efnisákvæði 3. gr. frumvarpsins að því leyti sem þau snertu sjóðinn og útlistanir í athugasemdum. Forsvarsmenn sjóðsins fundu það að, að hendur sjóðsstjórnar yrðu bundnar varðandi lánveitingar bæði til grásleppubáta og fyrirhugaðrar birgðastöðvar umfram það, sem gerist um aðrar lánveitingar sjóðsins. Var tekið fram í 3. gr. frumvarpsins og alveg sérstaklega í athugasemdum, að tekjum þeim, sem Fiskveiðasjóður fengi af útflutningsgjaldi, skyldi varið til bátakaupalána grásleppuveiðimanna svo og til umræddrar birgðastöðvar. Eftir viðræður milli forstjóra Fiskveiðasjóðs annars vegar og fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins og framkvæmdastjóra Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda (S. G. H. F.) hins vegar, var ákveðið að falla frá og má burt öll ákvæði og athugasemdir um það, hvernig tekjum Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi af grásleppuafurðum skyldi varið. Um það skyldu gilda almennar reglur Fiskveiðasjóðs um slík lán. Hins vega lýsti framkvæmdastjóri S. G. H. F. yfir þeirri von sinni og kvaðst treysta því, að grásleppuveiðimenn bæru ekki skarðan hlut frá borði varðandi lán samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 278/1979, kafla A. Skipalán II, 3. og 4. lið, og að sjóðsstjórn setti ekki reglur, sem takmörkuðu þessar lánveitingar umfram það, sem almennt gerðist um lánveitingar til skipakaupa úr sjóðnum. Sömu athugasemdir gerði hann um lánveitingar samkvæmt 2. gr. sömu reglugerðar, kafla B. Fasteignalán II, varðandi fyrirhugaða birgðastöð S. G. H. F.

Andmæli Fiskifélags Íslands beindust að mestu að því að sett yrðu sérstök lög um Aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna og þar með að ákvæðum 3. gr. frumvarpsins um útflutningsgjald af grásleppuhrognum í tenglsum við slíkan sérstakan sjóð. Segja má því, að þegar ofan á varð, að grásleppuveiðimenn skyldu falla undir lög nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, ef samþykki Alþingis fengist þar til, hafi þessi andmæli horfið að mestu, en vikið verður að þeim, sem eftir kunna að standa, í athugasemdum um einstakar greinar. Annars er vikið frekar að afstöðu Fiskifélagsins í greinargerð fyrir fyrrnefndu frumvarpi um breyting á lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, sem flutt var á seinasta þingi, er svo komið, að allur þorri grásleppuveiðimanna, sem veiðarnar stunda að gagni, eru orðnir meðlimir í Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda og eru þó nú orðnir talsvert fleiri en var, er fyrra frumvarpið var flutt. Og það er að ósk þessara samtaka, að þetta frumvarp og frumvarpið um Aflatryggingasjóð séu flutt, enda haft fullt samráð við samtökin um samningu frumvarpanna og efni þeirra.

Þess má loks geta að á sama hátt og í fyrra er hér gert ráð fyrir 15 þús. tunna meðalársútflutningi en ekki t. d. 18.500 tonna útflutningi eins og verður á þessu ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Lagt er til að greitt verði 3,5% útflutningsgjald af grásleppuafurðum. Í fyrra frumvarpinu var lagt til að gjaldið skyldi vera 4,5%. Ástæða fyrir þessari lækkun er sú, að í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að á verði lagt sérstakt tímabundið gjald, sem nánar verður rætt síðar. Samkvæmt lögum nr. 2/1980 um útflutningsgjald af sjávarafurðum samanber lög nr. 5/1976 svo og lög nr. 16/1981 er almennt útflutningsgjald nú að meðaltali 5,5%. Ráðstöfun tekna af því gjaldi er nokkuð annars eðlis og víðtækari en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, og er það meginskýringin á því að þetta almenna gjald af grásleppuafurðum er mun lægra.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður innheimti útflutningsgjald af grásleppuafurðum á sama hátt og hann innheimtir útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að ríkisbókhald ráðstafi tekjum af gjaldinu til einstakra ráðstöfunarþátta, sbr. 3. gr.

Í 1. lið 3. gr. er gert ráð fyrir því, að 38% gjaldsins renni til greiðslu á iðgjöldum af líf-,

slysa- og örorkutryggingum sjómanna, sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna. Grásleppuveiðimenn hafa almennt verið ótryggðir að þessu leyti, einir fiskimanna og þykir slíkt ekki vansalaust. Könnun ráðuneytisins hefir leitt í ljós, að hægt er að kaupa hóptryggingu af þessu tagi og er hér gert ráð fyrir að hún taki til 600 sjómanna. Iðgjald er nú líklega um 220—245 kr. á mann á mánuði eða 660—735 kr. á mann á venjulegu vertíðartímabili eins og það er nú ákveðið að meðaltali í reglugerð nr. 105/1980. Að jafnaði eru sjómenn við grásleppuveiðar mun færri. 38% af útflutningsgjaldinu er ætlað til að standa straum af þessum iðgjöldum eða um 468 þús. kr., en iðgjöldin gætu numið um 396—441 þús. kr.

Líklegt er þó, að þegar samið er um svona hóptryggingu, sé hægt að semja um betri kjör en þetta, en það er þó haft í huga að byggja þennan tryggingasjóð upp með tekjuafgangi og gera hann traustan. Í þessu sambandi má nefna, að ólíklegt er, eins og fyrr er á drepið, að tala grásleppuveiðimanna nái tölunni 600, nema þá um væri að ræða mjög aukinn afla og útflutning og þar með auknar tekjur.

Í 2. tl. 3. gr. er hlutur Aflatryggingasjóðs í iðgjaldinu ákveðinn 18%. Hann er nokkru hærri en hlutur sjóðsins af almenna iðgjaldinu, þ. e. 15% til hinnar almennu deildar, enda er heildariðgjaldið hærra. Það breytta fyrirkomulag, að grásleppuveiðimenn komi undir Aflatryggingasjóð í stað þess að vera í sérstökum sjóði, leiðir til þess, að ríkissjóður mun greiða mótframlag móti tekjum af útflutningsgjaldinu, en það nemur nú 40% samkvæmt lögum nr. 2/1980. Þótt grásleppuveiði hafi verið nokkuð árviss undanfarin ár, eins og rakið var í greinargerð fyrir frumvarpinu, sem flutt var á seinasta þingi, gæti síðar brugðið til beggja vona um þau. Samtök grásleppuhrognaframleiðenda vilja í þessu efni líta til framtíðarinnar, eins og aðrir útvegsmenn og sjómenn. Vilja þeir því í þessu efni stofna til samtryggingarsjóðs, sem gæti varið þá áföllum, ekki síst þegar einstök veiðisvæði verða illa úti eins og dæmin sanna. Veðurfar og fiskgöngur geta valdið því, að einstakir útgerðarstaðir eða útgerðarsvæði verði illa úti, þótt veiði sé almennt góð. Í þessu efni þarf ekki langt að leita. Þess má geta t. d., að á grásleppuvertíðinni í fyrra var ríkjandi vestanátt á N. A. miðunum, sem olli því, að grásleppuafli var góður hjá Raufarhafnarbátum, en mjög slakur hjá Þórshafnarbátum. Önnur dæmi þessu lík mætti nefna. Í frumvarpi til laga um breyting á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um bótasvæði og er gerð grein fyrir því efni í því frumvarpi. En ástæða er til að leggja áherslu á, að með þessu ákvæði eru grásleppuframleiðendur að taka á sig samábyrgð, sem gæti varnað því að fáir einstaklingar verði fyrir áföllum, sem þeim yrði óviðráðanleg án samhjálpar starfsbræðra sinna. Þessum sjóði er ætlað 18% af útflutningsgjaldinu og nemur um 221 þús. kr. miðað við þær forsendur, sem hér er byggt á. Til viðbótar kemur svo 40% mótframlag ríkissjóðs.

Þá er lagt til í 3. tl. 3. gr. að til Fiskveiðasjóðs renni 22% af tekjum af útflutningsgjaldinu. Miðað við forsendur frumvarpsins myndi sú upphæð nú nema um 272 þús. kr. á ári. Í almennum athugasemdum er fjallað um þennan þátt og því ekki ástæða til að gera það frekar hér.

Loks er í 4. tl. gert ráð fyrir því, að 22% útflutningsgjaldsins gangi til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda til að kosta félagsstarfsemi þess. Með fjölgun meðlima og mjög auknum umsvifum eykst kostnaður af starfsemi S.G.H.F. Í umsögn um frumvarpið, sem lá fyrir þinginu í fyrra kvað stjórn Fiskifélagsins með þessu ákvæði skapað varhugavert fordæmi, enda þótt samtök sjómanna og útvegsmanna njóti tekna af hinu almenna útflutningsgjaldi, samkvæmt lögum nr. 5/1976 með síðari breytingum, þar sem það sé almenns eðlis. Hér sé hins vegar ein atvinnugrein skilin frá. Ekki eru þessi andmæli rökstudd frekar. Er nokkuð erfitt að sjá hver eðlismunur er hér á. Að vísu væri hægt að hugsa sér, að S.G.H.F. fengi hluta af þeim hluta almenns útflutningsgjalds, sem nú rennur til samtaka sjómanna og útvegsmanna. En það yrði varla gert öðruvísi en að hluti útflutningsgjalds af grásleppuafurðum yrði notaður í því skyni. Og ber þá ekki allt að sama brunni? Á það má svo benda, að

samkvæmt lögum hefir undanfarin ár 1% af f.o.b.-andvirði útfluttra grásleppuhrogna runnið til S.G.H.F. Samkvæmt forsendum þessa frumvarps, þ. e. 15 þús. tn. útflutningi, nemur 1% af útflutningsgjaldi um 352 þús. kr., en tekjur af þeim 22% af 3,5% heildarútflutningsgjalds, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, nema um 271 þús. kr., þannig að við þessa breytingu minnka tekjur S.G.H.F. af útflutningsgjaldi um tæpan fjórðung. Þetta gæti verið eðlilegt, ef tekst að koma upp birgðastöð fyrir grásleppuhrogn, sem að verður vikið síðar, enda skapast þá breiðari grundvöllur til að standa straum af framkvæmdastjórn og skrifstofukostnaði.

Verði um tekjuafgang af ræða hjá S.G.H.F., hefir aðalfundur samtakanna það að sjálfsögðu í hendi sér að ráðstafa honum t. d. með endurgreiðslu til félagsmanna, ef um slíkar fúlgur yrði að ræða, að félagsmenn teldu sig muna um slíkt.

Erfitt er að meta alla framanritaða kostnaðarliði með tilliti til framtíðarþarfa. Reynslan verður úr að skera og gæti hún kallað á lagabreytingu síðar, ef frumvarp þetta verður að lögum. Og þegar reynslan er fengin ætti slík breyting laganna að vera vandkvæðalaus og að laga þau að þörfum framleiðslugreinarinnar, enda er slíkt engan veginn fordæmalaust.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að sá iðgjaldasjóður, sem myndast samkvæmt 1. tl. 3. gr., verði í vörslu og umsjá S.G.H.F., enda semji þau um umræddar tryggingar, væntanlega í einu lagi og þá líklega að undangengnu útboði, og greiði iðgjöld af þeim. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að um þessi efni og framkvæmdina yfirleitt og meðferð sjóðsins gildi skýrar reglur og er því gert ráð fyrir því að sjávarútvegsráðherra setji slíkar reglur með reglugerð.

Um tryggingamálin er annars fjallað í greinargerðinni með frumvarpinu, sem flutt var á seinasta þingi. Til viðbótar því sem þar segir má geta þess að fiskimenn almennt njóta víðtækra trygginga í slysa- og veikindatilfellum, samkvæmt lögum nr. 49 30. maí 1980 (ný 18. gr. sjómannalaga). Þær tryggingar taka þó að sjálfsögðu ekki til bátseigenda sjálfra, en þeir njóta hins vegar almenns bótaréttar, samkvæmt lögum um almannatryggingar. Sá réttur er alveg hverfandi á móti þeim rétti, sem menn njóta samkvæmt fyrrgreindum lögum nr. 49/1980. Við þessu verður ekki annað gert en það, að hver bátseigandi hefir það á valdi sínu að tryggja sig sérstaklega fyrir veikindum og slysum á hinum almenna tryggingamarkaði. Á þetta er bent hér þar sem mönnum mun yfirleitt ekki vera ljós þessi munur á réttarstöðu né heldur möguleikinn á kaupum á sérstökum tryggingum.

Um 5. til 13. gr.

Þessar greinar fjalla um innheimtu útflutningsgjalds og önnur efni, sem eru grundvöllur innheimtunnar. Eru þau nánast alveg samhljóða sams konar ákvæðum í lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 14. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum verður, taki gildi 1. apríl 1982, en þá falla úr gildi ákvæði gildandi laga um að útflutningsgjald af grásleppuhrognum skuli renna til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

Það er ljóst, að ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum verður, verða ekki virk fyrr en í fyrsta lagi að lokinni grásleppuvertíð 1982, er tekjur hafa skapast af útflutningsgjaldinu. Fram að þeim tíma gefst því tóm til að meta þá möguleika, sem það skapar grásleppuhrognaframleiðendum og til að setja nánari reglur um það, hvernig þeim málum verði best hagað.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og fram kom í frumvarpinu, sem flutt var á seinasta þingi, ríkir mikill áhugi meðal grásleppuveiðimanna á að koma upp kældri birgða- og pökkunarstöð. Var gerð allrækileg

grein fyrir þeim áformum þar, þótt aðeins hefðu farið fram lauslegar undirbúningsathuganir þá. Ástandið í sölumálum á þessu ári hefir ýtt mjög undir áhuga manna á málinu og væntanlega er nú öllum orðið ljóst, að um knýjandi nauðsyn er að ræða. Ekki hefir enn selst nema um helmingur af hrognaframleiðslu ársins og víðsvegar um land eiga framleiðendur í miklum erfiðleikum með geymslu á vöru sinni vegna þess að hentugar geymslur eru ekki til og liggur framleiðslan því undir skemmdum. Hefði birgða- og kæligeymsla verið til nú, væri þessi vandi ekki fyrir hendi.

Þetta alvarlega ástand getur og leitt til óeðlilegra undirboða á grásleppuhrognum og leitt til óðagots í sölumálum. Kaupendur erlendis vita um þetta ástand og halda því frekar að sér höndum en ella og freista þess að bíða þess að menn örvænti og selji vöru sína á stórlækkuðu verði. Geymsluaðstaða eins og sú, sem hér um ræðir leysir offramleiðsluvandamál með tvennum hætti. Í fyrsta lagi geta menn beðið með afurðasöluna uns markaðurinn jafnar sig, áhyggjulausir af því að varan skemmist. Í öðru lagi geta menn hagað veiðum næsta árs á eftir með hliðsjón af framvindunni árið á undan og horfum framundan. Ef samstaða næðist ekki hefðu stjórnvöld aðstöðu til að grípa í taumana og marka veiðistefnu, sem þjónaði heildarhagsmunum.

Á seinasta ári höfðu forráðamenn S.G.H.F. ekki mótaðar hugmyndir um gerð umræddrar stöðvar, stærð hennar og staðsetningu, né heldur um kostnað við byggingu hennar og fjármögnun kostnaðar. Nú liggja fyrir frumdrættir að kæli- og birgðastöð, sem á að geta fullnægt þörfum framleiðenda miðað við meðalársframleiðslu og söluerfiðleika. Gert er ráð fyrir að stöðin kosti 5 millj. kr. Ákveðið hefir verið, að stöðin verði reist í Reykjavík og hefir þegar fengist lóð fyrir hana við Reykjavíkurhöfn. Lánsloforð hafa að sjálfsögðu enn ekki fengist, en lánamöguleikar hafa verið kannaðir.

Samkvæmt reglugerð nr. 278/1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, 2. gr. B. Fasteignalán II, 4. tl. er Fiskveiðasjóði heimilt að lána til svona byggingar allt að 60% gegn 1. veðrétti (5. mgr. 3. gr.). Mun S.G.H. F. leita eftir slíku láni. Einnig mun verða leitað til Byggðasjóðs, enda telur S.G.H.F. að hér sé um að ræða byggðamál í víðtækasta skilningi. Loks munu S.G.H.F. leita ásjár viðskiptabanka síns um það sem á vantar.

S.G.H.F. líta svo á, að mun auðveldara ætti að vera að fá þá lánafyrirgreiðslu, sem hér hefir verið tæpt á, er lánveitendur vita um tekjustofn, nánast nokkurs konar stofnfjársjóð, sem að öllum líkindum muni geta staðið undir greiðslum afborgana og vaxta. Er og einsýnt, að það fé sem innheimtist samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu verði í vörslu ábyrgs aðila, sem ráðstafi því til lánveitenda eftir forgangsröð og má láta sér detta í hug að sá aðili yrði viðskiptabanki S.G.H.F.

Tekjur af því sérstaka, tímabundna útflutningsgjaldi, sem í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að á verið lagt og innheimt, eru reistar á eftirfarandi forsendum.

1. Verð stöðvarinnar verði 5 millj. kr.
2. Greiðsla byggingarkostnaðar dreifist á 10 ár með jöfnum, árlegum afborgunum.
3. Lánskjör verði hin sömu og nú eru hjá Fiskveiðasjóði, það er lánin séu verðtryggð og beri 4% ársvexti.
4. Árlegur útflutningur grásleppuafurða verði að meðaltali sem nemi andvirði 15.000 tunna grásleppuhrogna á $ 330/.-
5. Útflutningsgjaldið á að nægja til að standa straum af greiðslu afborgana og vaxta, heldur ríflega þó.

Menn hafa ekki að fullu gert upp hug sinn um rekstrarform stöðvarinnar. Ýmis form má sjálfsagt velja um og mætti leita þeirra í samþykktum ýmissa samtaka m. a. útflutningssölusamtaka eða þá að finna eitthvert annað heppilegt sameignarform. Orðalagi ákvæðisins um séreignarreikninga er ætlað að vera svo rúmt, að það hindri ekki það að koma þessu fyrirkomulagi í heppilegasta farveg. Það skal tekið fram, að ef um verður að ræða séreignarsjóð meðlima S.G.H.F. má ekki blanda honum saman við þessa séreignarreikninga, því að þeir

einir ættu að geta talist eigendur birgðastöðvarinnar, sem fé leggja til byggingar hennar, og þá í réttu hlutfalli við framlög hvers og eins.

Rétt þykir að ákveða að leitað skuli staðfestingar sjávarútvegsráðuneytisins á þeim reglum og því fyrirkomulagi, sem haft verður á eignar- og rekstrarformi stöðvarinnar enda er það nauðsynlegt meðal annars, ef ágreiningur kæmi upp um þetta efni.

Þetta bráðabirgðaákvæði snýr aðeins að fjármögnun byggingar birgða-, kæli- og pökkunarstöðvarinnar. Reksturskostnað verður að greiða af þjónustugjöldum og leigum. Spyrja má, hvort stöðin kunni ekki að verða ónotuð langtímum saman ár hvert eða a. m. k. sum ár. Talið er, að mikil eftirspurn sé jafnan hér í Reykjavík eftir geymslurými, einkum fyrir frystar afurðir. Áætlað er að tekjumöguleikar fyrir slíka þjónustu séu miklir. Reynist það rétt, mun það styrkja mjög afkomu stöðvarinnar og gera þar með ódýrari þá þjónustu, sem hrognaframleiðendur njóta eða þá vera baktrygging fyrir því, að hægt verði að standa í skilum með greiðslu afborgana og vaxta af byggingarlánum.

Í athugasemdum fyrir frumvarpinu, sem flutt var á seinasta þingi, en sýnt fram á, hversu hagkvæmt getur verið fyrir hrognaframleiðendur að eiga aðgang að birgðastöð í Reykjavík, þótt ekki skapist svo geigvænlegt sölu- og geymsluvandamál, eins og við núverandi markaðsaðstæður, sem gera byggingu stöðvarinnar að bráðri nauðsyn. Skal sú hlið mála því ekki rakin frekar hér.

Ed. 140. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í fyrirliggjandi stjórnarfrumvarpi og breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar við það felst ein bráðabirgðaaðgerðir enn af hálfu stjórnarsinna. Er henni ætlað að fleyta atvinnulífinu áfram í nokkrar vikur, en heimila ríkisstjórninni jafnframt að framvísa reikningum fyrir stjórnleysi sitt til skattborgaranna síðar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir flutningi eigna frá einni verkunargrein í sjávarútvegi til annarrar með því að saltfisks- og skreiðarframleiðslan sé látin greiða með frystingunni. Saltfisksneytendur í Portúgal og skreiðarneytendur í Nígeríu standa þannig undir niðurgreiðslu á frystum fiski handa Bandaríkjamönnum. Með því að flytja fé milli verkunargreina, eins og gert er ráð fyrir, er skapað stórvarasamt fordæmi. Aldrei áður hefur fé verið flutt milli deilda Verðjöfnunarsjóðs með þessum hætti.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um heimild ríkissjóðs til þess að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Jafnframt er upplýst að skilmálar fyrir endurgreiðslu af hálfu sjóðsins séu slíkir, að útilokað megi teljast með öllu að til hennar komi og fellur þá greiðsla lánsins á ríkissjóð og þar með skattborgara þessa lands. Hér er því farið inn á sömu braut og í landbúnaðarmálum, að skattleggja landsmenn til að greiða niður verð á útflutningsafurðum.

Þær aðgerðir, sem hér er ætlunin að lögfesta, eru í algjörri andstöðu við eðli og tilgang Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og algjört fráhvarf frá þeim lögum, sem um hann hafa gilt.

Fyrirliggjandi frumvarp leysir engan vanda, en frestar því að leitað sé raunhæfra úrlausna. Undirritaður minni hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 1. des. 1981.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Ed. 141. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Fyrirsögn laganna hljóði svo:
Lög um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein er verði 12. gr., og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:

1) Eignarnámsbætur fyrir land eða fasteignaréttindi tengd landi skal ákveða á grundvelli þeirrar notkunar, sem landið er í þegar umsókn um eignarnám er lögð fyrir viðkomandi ráðuneyti eða annan samþykktaraðila. Sé ekki þörf slíks samþykkis, skal miða við þá notkun, sem landið er í, þegar eignarnemi tekur málið til umfjöllunar og tilkynning þar að lútandi er send eignarnámsþola.
2) Við ákvörðun eignarnámsbóta skal ekki taka tillit til möguleika á hækkun landverðs í framtíðinni. Ekki skal heldur taka tillit til þess, hversu mikið eignarnemi hefði vegna hinna sérstöku þarfa sinna verið reiðubúinn að greiða fyrir eignina, ef eignarnámsheimild hefði ekki verið fyrir hendi.
3) Ekki skal taka tillit til verðbreytinga, sem rekja má til eignarnámsins, né heldur verðbreytinga, sem leiðir af framkvæmdum eða starfsemi, hvorki þegar gerðum né fyrirhuguðum, sem eru í tengslum við eignarnámið.
4) Ef mat skv. 1., 2. og 3. tl. leiðir til lægri niðurstöðu en almennt gildir um hliðstæðar landareignir eða fasteignaréttindi tengd landi á viðkomandi svæði, miðað við venjulega notkun þeirra, skal taka tillit til þessa aukna verðmætis, að svo miklu leyti sem sanngjarnt er og ákvæði 5. og 6. tl. eiga við.
5) Þegar metið er hvort landareign eða fasteignaréttindi tengd landi, sem fjallað er um í 4. tl., hafi öðlast aukið verðmæti, eiga við ákvæði 3. töluliðar. Ekki skal annars taka tillit til verðmætisaukningar lands á viðkomandi svæði, sem á rætur að rekja til ráðagerða hins opinbera um landnytjar eða ráðgerðra framkvæmda af hálfu opinberra aðila, og eftir því sem sanngjarnt má teljast gildir þetta einnig um verðmætisaukningu vegna þess sem þegar hefur verið framkvæmt.
6) Því aðeins er tekið tillit til verðmætisaukningar þegar sú notkun, sem verðmætisaukningin á rætur að rekja til, er í samræmi við samþykkt skipulag á því svæði sem tekið er eignarnámi.
7) Að því er varðar mat á byggingum og öðrum mannvirkjum skal taka tillit til þess, hver er eðlileg og sannanleg nýting mannvirkjanna miðað við aðstæður. 3. tl. gildir eftir því sem við getur átt.
8) Eignarnámsþoli skal fá bætur fyrir tjón og óþægindi að því er varðar þann hluta fasteignar sem ekki er tekinn eignarnámi, að svo miklu leyti sem skaðabætur vegna eignarnámsins bæta ekki slíkt.
9) Verðhækkun á þeim hluta fasteignar, sem eignarnámið nær ekki til, en leiðir af eignarnáminu, skal koma til frádráttar frá eignarnámsbótum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er land tekið eignarnámi og eignarnámsbætur ákveðnar samkvæmt ákvæðum þessara laga, og reynast þá eignarnámsbætur lægri en fasteignamat af landinu eins og það hefur verið næstliðin 10 ár, að teknu tilliti til almennra verðlagsbreytinga, skal þá bæta

sérstaklega þann mismun sem eignarnámsþoli hefur greitt í fasteignagjöldum á þessu tímabili umfram það sem verið hefði, ef fasteignamatið hefði verið jafnhátt bótaupphæðinni, og reiknast vextir af mismun fjárhæðanna. Bráðabirgðaákvæði þetta gildir í 15 ár frá gildistöku laganna.

Greinargerð.

Þessu frumvarpi er ætlað að breyta aðferðum við ákvörðun eignarnámsbóta í þá átt að afnema óréttlæti sem flutningsmenn telja að nú viðgangist, stuðla að eðlilegri þróun byggðar og gera það að meginreglu laga, að ekki skuli taka tillit til verðbreytinga er rekja megi til tilgangs eignarnámstökunnar. Að þessu leyti er í frumvarpinu mörkuð algjörlega ný stefna þar sem miðað er að því að tryggja einstaklingum sanngjarnt verð fyrir eignir og tryggja jafnframt ríka hagsmuni samfélagsins.

Á undanförnum allmörgum löggjafarþingum hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt frumvörp til laga um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms.

Þrátt fyrir jákvæðar undirtektir hefur breyting á lögum um þetta efni enn ekki náð fram að ganga. Frumvarp, sem flutningsmenn þessa frumvarps fluttu í fyrra um þetta efni, var þá sent oddvitum allra sveitarstjórna. Frá mörgum þeirra bárust umsagnir um efni frv. sem nær eingöngu voru jákvæðar og lýstu stuðningi við framgang málsins.

Frv. til laga um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms er nú flutt enn einu sinni. Að þessu sinni eru þó ákvæði frv. nokkuð í annarri mynd en áður var, þótt efnisinntak sé að mestu hið sama. Flutningsmenn hafa nú í ríkara mæli en áður stuðst við ákvæði norskra laga um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta, en ákvæði þeirra laga hafa þótt gefast vel í Noregi.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja framgang þeirrar stefnu, að eignarnámsbætur skuli miða við þá notkun, sem eign er í þegar eignarnemi tekur málið til umfjöllunar og tilkynning þar að lútandi er send eignarnámsþola, og að ekki séu metnar þær verðbreytingar, sem rekja megi til tilgangs eignarnámstökunnar.

Alkunna er hverja erfiðleika þéttbýlissveitarfélög hafa átt við að etja þegar þurft hefur að taka land eignarnámi vegna eðlilegs vaxtar og þróunar viðkomandi sveitarfélags.

Þá er í frumvarpinu gerður greinarmunur á því, hvort um er að ræða land eða fasteignaréttindi tengd landi, eða byggingar eða önnur mannvirki.

Í greinargerð með frv. um þetta efni, sem sömu flutningsmenn fluttu í fyrra, var birt erindi eftir Jón G. Tómasson hrl., borgarlögmann í Reykjavík, þar sem hann fjallaði um ákvörðun eignarnámsbóta. Í erindi Jóns sagði m. a.:

„Skv. þeim reglum, sem taldar hafa verið í gildi, hefur eignarnámsþoli vissulega átt möguleika á mikilli hagnaðarvon vegna verðhækkana sem stafa af fjárfestingu eða framkvæmdum hins opinbera. Þetta hefur skapað ójöfnuð og vandamál í þjóðfélagi nútímans, sem nauðsynlegt er að leysa. Samhliða því, að ríki og sveitarfélög leggja mikið fjármagn í opinberar framkvæmdir, hafa einstakir landeigendur gert háar kröfur um bætur fyrir verðmætisaukningu sem rekja má til þessara sömu framkvæmda. Skattgreiðandinn þarf því ekki aðeins að borga fyrir framkvæmdirnar, heldur er einnig gerð krafa um að hann greiði fyrir þá verðhækkun á eigninni sem framkvæmdirnar leiða af sér.

Þessi sjónarmið hafa vissulega reynst sveitarfélögum erfið. Þau hafa haft takmarkaða tekjumöguleika og vaxandi skyldum að gegna m. a. við undirbúning á nýjum byggingarsvæðum og uppbyggingu á alhliða þjónustukerfi fyrir íbúana þar. Vandamál, sem leitt hefur af háu landverði, hvort heldur það byggist á eignarnámsmati eða á samningsverði, sem oftast hlýtur að taka mið af áætluðum eignarnámsbótum, hafa leitt til seinkunar á framkvæmdum eða til þess, að hagstæðari kosturinn er ekki alltaf valinn.

Spurningin, sem leita þarf svars við, er sú, hvort hið opinbera skuli við eignarnám greiða bætur fyrir verðmæti, sem það sjálft hefur skapað eða leiðir af athöfnum þess, með öðrum

orðum, hvort sækja eigi í vasa skattborgaranna greiðslu fyrir verðmæti sem þeir hafa þegar greitt fyrir.“

Frumvarpi þessu er ætlað að veita ákveðið svar við þessari spurningu, þ. e. a. s. að fjárfesting eða framkvæmdir hins opinbera, sem skattgreiðendurnir hafa kostað, leiði ekki til verðhækkana og óeðlilegs hagnaðar aðila, sem ekki hafa átt neinn þátt í þeirri verðmætisaukningu.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að í lögum þesum séu ákvæði til bráðabirgða er tæki til þess, þegar eignarnámsbætur skv. lögum þessum reynast lægri en fasteignamat af landinu hefur verið næstliðin tíu ár þar á undan, en fasteignagjöld hafa þá verið greidd skv. fasteignamatinu. Í því tilviki er gert ráð fyrir að bæta sérstaklega þann mismun sem eignarnámsþoli hefur greitt í fasteignagjöldum á þessu tímabili umfram það sem verið hefði ef fasteignamatið hefði verið jafnhátt bótaupphæðinni. Gert er ráð fyrir að þetta bráðabirgðaákvæði gildi í 15 ár frá gildistöku laganna.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Ed. 142. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst s. l.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er til staðfestingar bráðabirgðalögum frá 28. ágúst s. l. Það er fylgifiskur bráðabirgðaúrræðis ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, en slíkar smáskammtalækningar hafa einkennt störf og stefnu ríkisstjórnarinnar frá upphafi. Það er dæmigert um þessar smáskammtalækningar, að nú áður en þessi bráðabirgðalög vegna gengisfellingarinnar 26. ágúst s. l. hafa verið staðfest hefur orðið önnur gengisfelling síðan og því þarf að breyta frv. í samræmi við það. (Til glöggvunar er bréf frá Seðlabanka Íslands um tíðar gengisbreytingar og gengissig að undanförnu birt sem fskj. II.) Sjávarútvegsráðherra hefur látið greinilega á sér skilja, að fyrir áramót sé þörf á enn einni gengisfellingunni svo að ekki er úr vegi að staðfesta þessi bráðabirgðalög áður en til þriðju gengisfellingarinnar kemur á örskömmum tíma og nauðsyn verður að breyta frumvarpinu enn.

Þetta frumvarp og breytingartillaga forsætisráðherra, sem lagt er til að breyta enn með breytingartillögu meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar, felur í sér þrjú meginatriði:

1. Ráðstöfun á hluta gengismunar útfluttra sjávarafurða, framleiddra fyrir 1. september s. l. og sjálfdæmi ríkisstjórninni til handa á því, hvort gengismunur af einstökum afurðum sé gerður upptækur eða ekki.
2. Heimild til fjármálaráðherra til að ábyrgjast lán að upphæð 42 milljónir króna til handa Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, sem ekki verður séð sakir skilmála að endurgreiðist af sjóðnum og lendi því á ríkissjóði sem ábyrgðaraðila. Hér er um að ræða hreint uppbótarkerfi, millifærslu á sköttum, sem síðar hlýtur að þurfa að leggja á almenning til þess „að halda uppi fölsku gengi“, eins og stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands segir í bréfi sínu sem fylgir nefndarálitinu sem fylgiskjal I.
3. Fyrirmæli um eignaupptöku á endurgreiðslum Seðlabanka Íslands af gengisuppfærslu endurkeyptra afurða- og rekstrarlána. Bróðurpartur þessarar endurgreiðslu, sem mun nema 34.2 milljónum króna í heild, á ekki að renna til þeirra deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem í raun eiga þessar endurgreiðslur, heldur eru fyrirmæli í frumvarpinu um allt að 29 milljónir króna skuli greiddar til freðfiskdeildar sjóðsins án tillits til þess, að endurgreidd gengisuppfærsla útfluttra sjávarafurða ætti að skiptast með allt öðrum

hætti ef hún er reiknuð af hverri afurð fyrir sig. Með þessari breytingartillögu er verið að ganga þvert á þá stefnu sem lá til grundvallar lagasetningu um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og hefur verið stefna stjórnar sjóðsins og stjórnvalda síðan, þ. e. a. s. að hver deild sjóðsins sé sjálfstæð og að algjört grundvallaratriði sé að verðmæti verði ekki færð milli deilda sjóðsins með mismunun eins og stefnt er að með þessari tillögu.

Það hlýtur að vekja sérstaka athygli þegar þessar ráðstafanir eru athugaðar, að hvergi er tekið á vanda fiskiskipa sem verða fyrir stórfelldri byrði af gengisfellingunni vegna gengistryggðra lána og aðfangakostnaðar. Hagsmunir sjómanna eiga ekki heldur upp á pallborðið í þessu frumvarpi. Á árum áður, t. d. 1975, var gengismun að hluta til ráðstafað til að lækka skuldir útgerðarinnar vegna þáverandi gengisfellingar og jafnframt komið til móts við sjómenn í þeirra hagsmunabaráttu. Þannig var leitast við að draga úr vanda í framtíðinni og minnka víxlverkun gengisbreytingarinnar. Nú er þessu snúið við, enda þurfti að grípa til nýrrar gengisbreytingar 10. nóv. s. l. eins og kunnugt er.

Að undanförnu hefur ríkt góðæri í sjávarútvegi. Áætlað er að verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar 1981 verði 5.4 milljarðar króna og hafi aukist um 2.6% að magni til frá því í fyrra. Útlit er fyrir að enn verði eitt metárið í þorskveiði. Það er athyglisvert að þorskur hefur veiðst sem hér segir undanfarin ár:

1978	320	þúsund tonn
1979	360	þúsund tonn
1980	428	þúsund tonn

1981 er áætlað að þorskveiðin verði a. m. k. 450 þús. tonn.

Þorskveiði í ár verður því a. m. k. 130 þúsund tonnum meiri en hún var 1978. Samt hefur þjóðarframleiðslan sáralítið aukist síðan og segir það sína sögu um stjórnarfarið í landinu.

Verðhækkanir á sjávarafurðum hafa orðið verulegar í ár á erlendum mörkuðum, t. d. eru saltfiskur og skreið í mjög háu verði. Þótt nokkurrar stöðnunar á verði frystra afurða hafi gætt og verðlækkunar á mjöli og lýsi er talið að sjávarvöruframleiðslan hafi aukist vegna verðhækkana erlendis um 3% frá því í fyrra. Stórfelld hækkun á gengi Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði ætti einnig að öðru jöfnu að skila sjávarútveginum drjúgum tekjuauka svo og þjóðarbúinu í heild.

Því miður hefur gefið á bátinn engu að síður í íslenskum sjávarútvegi undanfarin ár, þrátt fyrir slíkt góðæri, aflabrögð og hagstæð ytri skilyrði. Að mati Þjóðhagsstofnunar voru rekstrarskilyrði fiskveiðiflotans eftir síðustu fiskverðshækkun þau, að 12.4% halli var talinn vera á stærri togurunum, 4.1% halli á minni togurunum og 0.9% á bátum sem ekki stunda loðnuveiðar, þ. e. a. s. 3.1% meðalhalli af tekjum fiskveiðiflotans, auk loðnubáta sem augljóslega eru verr staddir en önnur útgerð. Þá er talið tap á að frysta fisk sem nemur 4% af tekjum. Óhætt er að fullyrða að þessar tölur Þjóðhagsstofnunar sýna ekki hver raunverulegur hallarekstur sjávarútvegsins er orðinn.

Ástandið er þannig í þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar við framangreind hagstæð skilyrði, að ríkisstjórnin er nú með á prjónunum öflun hallærislána til þess að koma í veg fyrir stöðvun tuga fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu í landinu vegna taprekstarar.

Það er dæmigert fyrir skammsýni og óraunsæi og ranga stefnu stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum, að undanfarin þrjú ár hefur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verið gerður gjaldþrota. S. l. þrjú ár hafa verið greiddar inn í sjóðinn 17.3 milljónir króna, en út úr honum 239 milljónir króna. Og þessi þróun hefur átt sér stað þótt ekki hafi verið um verulegt verðfall að ræða á þessu tímabili og oft á tíðum mjög hátt og gott verð á sjávarafurðum svo sem að framan segir. Í fyrra var t. d. gott verð á loðnuafurðum, en þá var ekki greitt neitt af því í Verðjöfnunarsjóð. Sama er að segja um saltfisk á þessu ári og í fyrra. Hér er um að ræða dæmi um það, hvernig hátt verð á afurðum okkar hefur ekki verið nýtt til þess að efla Verðjöfnunarsjóðinn og þaðan af síður sú hagstæða þróun sem orðið hefur á gengi dollarans

að undanförnu. Þannig hefur algerlega verið látið vaða á súðum að þessu leyti með framangreindum afleiðingum.

Höfuðið er svo bitið af skömminni með þessu frumvarpi. Í góðæri er farið að fikta með millifærslur og miðstýringu með lagabreytingum sem varða Verðjöfnunarsjóð. Það er því að vonum að hagsmunaaðilar að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins höfðu margir hverjir þau orð á fundum fjárhags- og viðskiptanefndar, þegar fjallað var um þetta frumvarp, að með því væri verið að leggja í rúst verðákvörðunarkerfi sjávarútvegsins og kasta fyrir róða þeirri grundvallarhugsun sem upphaflega var á bak við stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Alþingi, 2. des. 1981.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Fylgiskjal I.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 18. nóvember 1981.

Á fundi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 16. nóvember 1981 var tekið fyrir bréf fjárhags- og viðskiptanefndar, dags. 4. nóvember s. l., þar sem leitað er umsagnar sambandsins um frumvarp til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl., ásamt breytingartillögu við frumvarpið.

Um frumvarp þetta vill sambandsstjórn taka eftirfarandi fram:

Þar sem gengi er ein af meginforsendum fiskverðsákvarðana og þar með ráðandi þáttur um tekjuskiptingar í sjávarútvegi og þá ekki síst um tekjur sjómanna telur sambandsstjórn nú eins og fyrr, að við ráðstöfun gengismunar, sem um getur í 1. gr. frumvarpsins, beri sjómönnum fullur réttur til hlutdeildar í honum.

Samkvæmt ákvæðum 2. gr. er veitt heimild til sérstakrar lántöku Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Sambandsstjórn telur, að með lántökuheimild þessari sé farið inn á braut, sem ekki einasta gengur þvert á efni og markmið laga um sjóðinn, heldur sé jafnframt verið að halda uppi fölsku gengi með því að skuldbinda sjávarútveginn og þar með sjómenn inn í óvissu framtíðarinnar.

Um „millifærslu“ fjár af uppfærðum gengismun afurðalána milli deilda sjóðsins vill sambandsstjórn ekki segja annað en það, að allar slíkar millifærslur hljóta mjög að orka tvímælis og ber því að varast þær í lengstu lög.

Virðingarfyllst,

f. h. STJÓRNAR FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBANDS ÍSLANDS,

Ingólfur Stefánsson

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. Alþingis c/o Hr. alþm. Ólafur Ragnar Grímsson.

Fylgiskjal II.

Seðlabanki Íslands

Reykjavík, 27. nóvember 1981.

Hr. Lárus Jónsson, alþingismaður
Alþingi
Reykjavík

Frá 1. ágúst 1978 hefur gengi íslensku krónunnar verið breytt formlega fimm sinnum:

4. september	1978	15,0% gengislækkun
31. mars	1980	3,0% gengislækkun
29. maí	1981	3,85% gengislækkun
26. ágúst	1981	4,76% gengislækkun
10. nóvember	1981	6,50% gengislækkun

Frá 1. ágúst 1978 til 24. nóvember 1981 hafa erlendir gjaldmiðlar, vegið með landavog, hækkað gagnvart íslenskri krónu um 191,7%. Á sama tímabili hefur gengi Bandaríkjadollars hækkað gagnvart íslenskri krónu um 213,9%.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ólafur Tómasson. Ingvar A. Sigfússon.

Ed. 143. Breytingartillaga [42. mál]

við brtt. á þskj. 134 [Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu].

Frá Lárusi Jónssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

Við 2. tölulið. Liðurinn (ný 2. gr.) orðist svo:

Nú ákveður Seðlabanki Íslands að endurgreiða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar hinn 26. ágúst 1981 og skal þá sá gengismunur skiptast hlutfallslega á hlutaðeigandi deildir sjóðsins.

Nd. 144. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt frv. á þremur fundum.

Frv. var sent eftirfarandi aðilum til umsagnar: Aflatryggingasjóði, áhafnadeild, Tryggingasjóði fiskiskipa og Fiskveiðasjóði Íslands.

Í umsögn Fiskveiðasjóðs kemur fram, að hann sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frv.

Í umsögn Tryggingasjóðs fiskiskipa kemur fram athugasemd við 3. mgr. ákvæða til bráðabirgða.

Nefndinni barst síðan ósk frá sjávarútvegsráðuneytinu, þess efnis, að nefndin hlutaðist til um að 2. mgr. ákvæða till bráðabirgða verði felld úr frumvarpinu.

Nefndin fékk á sinn fund tvo fulltrúa frá Verðjöfnunarsjóði, þá Kristján Ragnarsson og Ísólf Sigurðsson, til að ræða sérstaklega áðurnefnda 3. mgr.

Nefndin samþykkti að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a) 3. mgr. ákvæða til bráðabirgða falli niður.
   b) Upphaf 4. mgr. (sem verður 3. mgr.) ákvæða til bráðabirgða hljóði svo: Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða.
2. 3. gr. frv. orðist svo:

   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Halldór Ásgrímsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Pétur Sigurðsson var erlendis, en hafði lýst samþykki sínu við þessa afgreiðslu málsins. Nokkrir nefndarmenn áskildu sér rétt til að fylgja eða flytja aðrar breytingartillögur.

Alþingi, 2. des. 1981.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. | Karvel Pálmason, fundaskr. | Matthías Bjarnason.

Páll Pétursson. | Halldór Blöndal.

Sþ. 145. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um ný atvinnutækifæri á Suðurlandi.

Flm.: Sigurður Óskarsson, Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefjast nú þegar handa um aðgerðir sem tryggt geti ný atvinnutækifæri á Suðurlandi, m. a. með ákvörðunum sem tryggi staðsetningu orkufreks iðnaðar á Suðurlandi, með því að hlutast til um gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Suðurland og með ítarlegri könnun á möguleikum hefðbundinna atvinnugreina þessa landssvæðis, þ. e. landbúnaðar, sjávarútvegs og þjónustu.

Greinargerð.

Þörf fyrir ný atvinnutækifæri er mjög mikil á Íslandi í dag. Stærstu árgangar, sem fæðst hafa í landinu, munu koma inn á vinnumarkaðinn næstu ár. Þar sem saman fer mikill íbúafjöldi í sveitabyggð og óvenjuhátt hlutfall ungs fólks verður sá vandi, sem á höndum er, þeim mun meiri. Svo er á Suðurlandi.

Við alla umfjöllun um sunnlenskan vinnumarkað er óhjákvæmilegt að meta þau áhrif, sem nær óslitin stórvirkjanabygging í hálfan annan áratug hefur haft, og hvaða áhrif það mun hafa á afkomu mörg hundruð heimila er þessari vinnu lýkur nú senn á Suðurlandi.

Svo langur óslitinn virkjanatími sem hér um ræðir hefur óhjákvæmilega leitt til þess, að hundruð fjölskyldumanna hafa byggt íbúðarhús í sunnlenskum kauptúnum í þeirri von, að möguleikar samfara þessum virkjunum yrðu nýttir til atvinnusköpunar á Suðurlandi.

Undir trú þessa fólks á slíka niðurstöðu mála hafa stjórnvöld gjarnan ýtt með marghátt-uðum viljayfirlýsingum og hefur í því sambandi oft verið talað um hvers konar smáiðnað.

Nú er ljóst, m. a. af nýjum skýrslum, sem byggðar eru á könnun iðnráðgjafa Suðurlands er fram fór í október og nóvember s. l., að um svo til algjöra stöðnun og jafnvel samdrátt er að ræða í iðnrekstri hjá starfandi iðnfyrirtækjum í Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjum.

Undantekning frá þessu er einungis hjá fimm af þeim rúmlega 60 iðnfyrirtækjum með 440—497 starfsmenn, sem könnunin náði til.

Í niðurstöðu könnunar í Vestur-Skaftafellssýslu kemur í ljós, að fyrirtæki í Vík í Mýrdal virðast búa yfir nokkrum vaxtarbroddi. Forsenda fyrir stækkun fyrirtækja þar virðist þó vera bætt og aukin sölustarfsemi, stækkun húsnæðis og bættur vélakostur.

Könnun á stöðu iðnfyrirtækja í Árnessýslu er ekki lokið, en ekkert bendir til þess, að niðurstöður þar verði frábrugðnar því sem hér hefur verið lýst.

Með tillögu þessari er ríkisstjórninni falið að grípa til beinna aðgerða, sem tryggt geti ný atvinnutækifæri á Suðurlandi og forðað því fólki frá hörmungum atvinnuleysis, sem undan-gengin ár hefur verið með störfum sínum við virkjanabyggingar á Suðurlandi að leggja grunn að atvinnuöryggi í öðrum landshlutum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að staðsetning orkufreks iðnaðar á Suðurlandi verði ákveð-in, því ljóst er að allar vonir um uppbyggingu smáiðnaðar hafa brostið. Ekkert er eðlilegra en að orka sunnlenskra fallvatna sé nýtt til atvinnusköpunar á Suðurlandi þar sem fátt er um kosti við hafnlausa strönd.

Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að hlutast verði til um gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Suðurland, sem tryggi eðlilega þróun vinnumarkaðar á þessu landssvæði í framtíðinni.

Þá gerir tillagan ráð fyrir ítarlegri könnun á möguleikum heföbundinna atvinnuvega þessa landssvæðis til vinnumarkaðsuppbyggingar.

Ljóst er að tvær síðastnefndu aðgerðirnar eru yfirgripsmiklar og tímafrekar og forða ekki sunnlensku atvinnulífi frá stórkostlegum áföllum einfaldlega vegna þess, að árangurs vegna þeirra er ekki að vænta fyrr en eftir nokkurn tíma.

Ákvörðun um staðsetningu orkufreks iðnaðar á Suðurlandi mundi aftur á móti þegar skapa ný viðhorf og glæða vonir íbúa þessa landshluta um tryggari framtíð.

Ed. 146. Frumvarp til laga [42. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. des.)

1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. sept-ember 1981, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutn-ingsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 2.286% gengismun til 9. nóvember 1981, en þar á eftir 2.136% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Nú ákveður Seðlabanki Íslands að endurgreiða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 og skulu þá allt að 29 millj. kr. þeirrar endurgreiðslu, sem kemur á afurðir sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tekur til, renna til freðfiskdeildar sjóðsins, en afgangurinn skiptist hlutfallslega á aðrar hlutaðeigandi deildir sjóðsins.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Liggi ríkisábyrgð fyrir, er sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs heimilt að taka lán í því skyni að gera einstökum deildum sjóðsins kleift að standa við skuldbindingar sínar. Lán þessi mega þó aldrei nema samtals meiru en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 147. Frumvarp til laga [134. mál]

um Flutningsráð ríkisstofnana.

Flm.: Helgi Seljan, Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallskosningu sjö menn í Flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann Flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna.

2. gr.

Hlutverk Flutningsráðs ríkisstofnana er:

a) að vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana,
b) að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,
c) að annast a. m. k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b-lið,
d) að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.

3. gr.

Alþingi og einstök ráðuneyti skulu leita umsagnar Flutningsráðs ríkisstofnana, áður en ákvarðanir eru teknar um staðarval nýrra ríkisstofnana eða breytingar á staðsetningu eldri stofnana, aðalstöðvum þeirra, deildum eða útibúum.

4. gr.

Flutningsráð skal við tillögugerð leita samráðs við hlutaðeigandi ráðuneyti og ríkisstofnanir, áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga og samtök opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hlut eiga að máli.

5. gr.

Flutningsráði er heimilt að setja á stofn samstarfsnefndir hinna ýmsu aðila sem tillögugerð ráðsins snertir eða annast eiga framkvæmd á ákvörðunum um flutning ríkisstofnana.

6. gr.

Flutningsráði er heimilt að ráða sérstaka starfskrafta til að annast tiltekin verkefni.

7. gr.

Flutningsráð ríkisstofnana heyrir undir forsætisráðuneytið og skal kostnaður við störf þess greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur þrívegis verið flutt áður, en ekki náð fram að ganga. Svohljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Í apríl 1972 var með bréfi forsætisráðuneytisins skipuð nefnd „til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar komi helst til greina í því efni“. Nefndin kynnti sér alls 243 stofnanir og stofnanategundir og athugaði 157 þeirra sérstaklega, aflaði gagna um skipulag þeirra, starfsfólk, starfshætti og aðbúnað. Nefndin skilaði áliti 28. október 1975, þar sem lagður var til heildarflutningur 25 stofnana, deildaflutningur sem snerti 12 stofnanir, stofnun útibúa 36 stofnana og efling útibúa 11 stofnana.

Í álitinu var ítarlega rakið hvernig Norðmenn og Svíar hefðu staðið að þessum málum. Raunar hafa sams konar nefndir starfað á öllum Norðurlöndunum, en í Noregi og Svíþjóð lögðu stofnananefndir grundvöll að viðamiklum flutningi ríkisstofnana frá höfuðborgunum, sem framkvæmdur var í mjög veigamiklum atriðum.

Svo vitnað sé til Noregs voru samþykkt lög 1967 frá Stórþinginu um flutning 10 ríkisstofnana frá Osló. Var í þeim lögum kveðið á um fasta ráðgjafarnefnd, staðsetningarnefnd ríkisstofnana, til að fjalla um staðsetningu ríkisstofnana. Sú nefnd starfar á vegum byggðarjafnvægisdeildar sveitarstjórnarráðuneytisins.

Þangað fyrst og fremst sótti nefndin hér hugmyndir sínar um það Flutningsráð ríkisstofnana, sem hér er flutt frumvarp um. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hefur enn ekkert verið aðhafst í þessu efni, en það var og er skoðun þeirra tveggja nefndarmanna, er frumvarp þetta flytja, að frumforsenda skipulegs átaks í þessum efnum sé einhver sú skipan, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Ekki þarf að tíunda hér, hversu miklu nauðsynlegra slíkt átak er hér en nokkurn tíma í þeim löndum, sem vitnað er til hér að framan og hafa unnið stórvirki á þessu sviði. Það litla, sem gert hefur verið hér á landi í þessa átt, hefur verið án

allrar beinnar skipulagningar, ýmist með ákvörðunum ráðuneyta, svo sem í ráðherratíð Lúðvíks Jósepssonar um útibú Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eða af hálfu ákveðinna stofnana, svo sem Vegagerð ríkisins er hvað gleggst dæmi um.

Stofnanaflutningur sem slíkur hefur hins vegar ekki komist á dagskrá og m. a. s. hefur sú stofnun, sem þar telst sjálfsögðust til flutnings, Skógrækt ríkisins, tæpast enn komið til alvarlegra álita í þeim efnum hjá æðstu stjórnvöldum.

Allt frá því að hið ítarlega og um margt vel rökstudda nefndarálit kom fram, en nú er komið á fimmta ár frá því, hefur sorglega lítið verið aðhafst, og er þá í raun sama til hvaða þátta er litið: flutnings, deildaskiptinga eða útibúastofnana.

Það ætti þó að vera öllum ljóst, að hér kallar á bein þjóðhagsleg nauðsyn, auk þess sjálfsagða réttar sem íbúar landsbyggðarinnar eiga til aukinnar þjónustu, aukinnar hlutdeildar í því opinbera kerfi, sem hefur aðsetur sitt á höfuðborgarsvæðinu. Flm. hljóta nú að vekja á þessu vissa athygli og auka beinan þrýsting á aðgerðir í þá átt, sem þeir ásamt öðrum lögðu til í nefndaráliti sínu, ekki síst þegar engin hreyfing virðist sjáanleg í þessa átt. Þeir eru enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að í engu megi rasa um ráð fram, en skipulega og markvisst skuli að þessu vinna og þar sé einhvers konar stofnun af þessu tagi alger forsenda, og því flytja þeir frumvarp þetta.

Frumvarpið er í öllum greinum eins og það var sett fram í áliti nefndarinnar 1975 og frumvarpsgreinarnar það ljósar, að þær skýra sig algerlega sjálfar.

Að lokum vilja flm. vitna í rökstuðning nefndarinnar fyrir Flutningsráðinu, en þar segir orðrétt í nefndarálitinu:

„Stofnanaflutningur í þeim mæli, sem tillögur nefndarinnar fela í sér, er meiri háttar stjórnkerfisaðgerð. Nefndinni þykir að athuguðu máli rétt að benda á stofnsetningu sérstaks aðila sem annaðist yfirstjórn stofnanaflutningsins. Slíkur aðili gæti heitið Flutningsráð ríkisstofnana. Það yrði skipað sjö mönnum kosnum hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi. Verksvið Flutningsráðs ríkisstofnana væri í stórum dráttum tvíþætt.

Í fyrsta lagi gæti Flutningsráðið annast heildarskipulagningu og yfirumsjón á flutningi ríkisstofnana. Á vegum ráðsins gætu starfað margvíslegar samstarfsnefndir, t. d. með fulltrúum stofnana sem flytja eiga til sama svæðis, með fulltrúum skyldra stofnana sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, o. s. frv. Auk þeirra samstarfsnefnda, sem tengdar eru einstökum stofnunum (sbr. 2.5.1), gæti slíkt kerfi samstarfsnefnda fleiri stofnana á vegum ráðsins auðveldað heildarframkvæmd stofnanaflutnings. Flutningsráðið gæti á þennan hátt og með almennum umræðum á fundum sínum samhæft aðgerðir á þessu sviði, greitt úr erfiðleikum og auðveldað stofnanaflutning á margvíslegan hátt.

Í öðru lagi mætti fela Flutningsráði ríkisstofnana að veita umsögn eða gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og taka staðsetningu alls ríkiskerfisins til endurskoðunar með reglulegu millibili, t. d. einu sinni á hverjum áratug. Þótt nefndin hafi leitast við að taka til meðferðar alla þætti ríkiskerfisins mun þróunin næstu áratugi örugglega knýja á um endurskoðun á einstökum atriðum. Einhliða staðarval nýrra stofnana getur einnig skekkt hlutföllin á ný. Nefndin er því þeirrar skoðunar, að staðarval ríkisstofnana sé stöðugt verkefni og réttast að fela það ákveðnum aðila.

Verði fallist á þessi sjónarmið nefndarinnar er nauðsynlegt að setja lög um Flutningsráð ríkisstofnana. Til greina kæmi að fela ráðinu að loknum almennum umræðum um tillögur nefndarinnar að semja frumvörp að lögum og reglugerðum í samræmi við þann stofnanaflutning sem fallist verður á að framkvæma. Stofnsetning Flutningsráðs ríkisstofnana gæti þannig orðið fyrsti áfangi verulegs stofnanaflutnings."

Nd. 148. Frumvarp til laga [135. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Matthías Bjarnason.

1. gr.

4. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða, ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum, atvinnuhúsnæði, tækjum, bátum og öðrum eignum, sem notaðar eru í atvinnurekstri, um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sambærilegra eigna eða íbúðarhúsnæðis allt að þeim stærðarmörkum, sem greinir í 16. gr., í stað hinna seldu eigna innan þess tíma og færist þá söluhagnaðurinn framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Þessi meðferð söluhagnaðar er því aðeins heimil að seljandi hafi haft atvinnurekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár á síðastliðnum átta árum næst á undan söludegi og stundi atvinnurekstur á sama hátt á hinni keyptu eign eða eigi hið keypta húsnæði í a. m. k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum þess árs þegar skilyrðið er rofið, að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

2. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna.

3. gr.

53. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi verið lagður tekjuskattur eða önnur opinber gjöld á skattþegn vegna tekjufærslu skv. 53. gr. á skattframtölum 1980 og 1981 skal skattstjóri endurreikna gjöld hans miðað við það að tekjufærsla þessi sé felld niður.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gera þá breytingu á 4. mgr. 14. gr. laganna, að frestun skattlagningar söluhagnaðar verði heimil með nokkuð rýmkuðum hætti, þannig að þeim, sem af einhverjum sökum verður að hætta atvinnurekstri, verði ekki gert óhæfilega erfitt fyrir að koma undir sig fótum á nýjum stað.

Um 2. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 53. gr. verði felld niður, þar af leiðir að ákvæði 44. gr., eftir 1. málslið, verða gagnslaus.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að tekju- eða gjaldfærsla vegna eigna og skulda verði felld niður úr lögunum.

Reynsla sú, sem fram er komin á þeim tveimur árum sem ákvæði 53. gr. hafa verið framkvæmd, sýnir að ákvæðið, er varðar tekjufærslu vegna skulda, kemur mjög illa við þá aðila sem eru að byrja atvinnurekstur og stofnað hafa til skulda af þeim sökum eða þá að skattþegn hefur orðið fyrir óhöppum í atvinnurekstri og stofnað til skulda af þeim sökum. Hér geta ýmsar ástæður komið til, ekki síst slæmt tíðarfar, aflaleysi o. fl.

Uppsafnaðar afborganir af skuldum, vextir og dráttarvextir hafa hér einnig áhrif á upphæð skulda. Skattlagning á þessa aðila þýðir að það dregur úr möguleikum þeirra að standa skil á sínum skuldum, sem eðlilegt er.

Ljóst er að ákvæði greinarinnar hefur verkað sem hemill á að menn byrji á sjálfstæðum atvinnurekstri. Einnig er ljóst að skattþegnar, sem verða fyrir skattlagningu af völdum ákvæða 53. gr., geta fræðilega ekki átt laust fé til að greiða gjöld þessi. Þeir verða þá að selja eignir sínar til að leysa vandann, sem dregur þá úr möguleikum á að halda áfram eðlilegum rekstri.

Gjaldfærsluheimildin skv. 53. gr. getur og valdið því, að þeir aðilar, sem lausir eru við skuldir og betur gengur hjá, fari að hagnýta sér regluna og láti safnast útistandandi kröfur yfir áramót og fái þess vegna frádrátt.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vegna þeirra miklu greiðsluerfiðleika, sem hvíla á byrjendum í atvinnurekstri og öðrum, sem eins er ástatt um, og ekki er séð hvernig þeir geti greitt álögð gjöld vegna ákvæða 53. gr., sem lögð voru á 1980 og 1981, er lagt til að þau verði felld niður.

Nd. 149. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með öðrum breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggja undirritaðir nefndarmenn til að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. des. 1981.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðmundur J. Guðmundsson.

Nd. 150. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. des. 1981.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðmundur J. Guðmundsson.
Matthías Bjarnason.	Matthías Á. Mathiesen.	Albert Guðmundsson.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Nd. 151. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45/1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. des. 1981.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðmundur J. Guðmundsson.
Matthías Bjarnason.	Matthías Á. Mathiesen.	Albert Guðmundsson.
	Sighvatur Björgvinsson.	

Ed. 152. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1974 sbr. lög nr. 99/1979 og lög nr. 105/1980 hljóði svo:

Af verðjöfnunargjaldi skv. 1. mgr. þessarar greinar skal verja allt að 3% af seldri raforku á árinu 1982 til þess að greiða kostnað Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða af keyrslu vararafstöðva vegna rafmagnsskorts á s. l. vetri, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Heimilt er iðnaðarráðherra á árinu 1982 að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

5. gr. laga nr. 83/1974 hljóði svo:

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvextir af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

3. gr.

Í stað „1981“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1982.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innheimta verðjöfnunargjalds af raforku verði framlengd til ársloka 1982. Upphæð gjaldsins verður áfram 19%, en lagt er til að allt að þrem prósentustigum af verðjöfnunargjaldi verði varið til að greiða eftirstöðvar af kostnaði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða af keyrslu dísilrafstöðva vegna vatnsskorts á s. l. vetri.

Til að rökstyðja þá tillögu er nauðsynlegt að rifja upp tildrög orkuskorts á s. l. vetri. Vegna vatnsskorts erfiðrar veðráttu á s. l. vetri önnuðust vatnsaflsstöðvar landsins engan veginn raforkuþörfinni. Varð því að grípa til verulegrar skerðingar á orkuafhendingu. Um þrenns konar aðgerðir var að ræða:

1. Hætt var afhendingu á allri afgangsorku (ótryggð orka).
2. Skert var afhending á forgangsorku til stóriðju.
3. Skert var afhending forgangsorku til almenningsrafveitna. Skerðingin var bætt upp með framleiðslu á raforku í olíukyntum rafstöðvum og takmörkun á rafmagnsafhendingu til Keflavíkurflugvallar þannig að unnt reyndist að komast hjá beinni rafmagnsskömmtun til almennings.

Heildarkostnaður við þessar aðgerðir var talinn nema 24,1 Mkr. Skiptist hann niður á raforkufyrirtæki eins og lýst er á töflu 1. Auk þess varð Landsvirkjun fyrir verulegu tekjutapi með minnkandi sölu.

Ákveðið var að mæta þessum áföllum með almennri verðhækkun á rafmagni frá og með 15. mars 1981 í 3 mánuði. Fé sem upp á vantaði skyldi tekið að láni á vegum fyrirtækjanna, en jafnframt var gefið um það fyrirheit, að kostnaði vegna slíkrar lántöku yrði jafnað út með greiðslum af verðjöfnunargjaldi næsta árs.

Tafla 1.

	Heildar-kostnaður	Tekjur v/ hækkunar 15. mars 1981	Lántaka
Rafmagnsveitur ríkisins	11,6	5,5	6,1
Rafmagnsveita Reykjavíkur	3,5	3,5	0
Rafveita Hafnarfjarðar	0,4	0,4	0
Orkubú Vestfjarða	5,5	0,8	4,7
Rafveita Siglufjarðar	0,1	0,1	0
Laxárvirkjun	3,0	0,7	2,3
Samtals	24,1	11,0	13,1

Eins og sést á meðfylgjandi töflu fengu Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rafveita Hafnarfjarðar og Rafveita Siglufjarðar útgjöld sín bætt að fullu með þessari verðhækkun. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins, Orkubúi Vestfjarða og Laxárvirkjun var um að ræða verulegar eftirstöðvar sem brúa þurfti með lántöku. Góð staða Laxárvirkjunar gerði henni hins vegar kleift að komast yfir þessa erfiðleika.

Ofangreind skipting kostnaðar byggðist á samningum þessara aðila við Landsvirkjun um raforkukaup, þar á meðal samningum milli Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins um sölu á raforku eftir Byggðalínunni. Við skiptingu kostnaðar milli aðila sem kaupa rafmagn frá Byggðalínunni var miðað við hlutdeild þeirra í heildarmarkaðnum.

Eins og sést af framansögðu eru þessi viðbótarútgjöld þess eðlis að óeðlilegt er að þau leggist eingöngu á notendur þessara fyrirtækja. Því er hér gert ráð fyrir að notendur beri þau sameiginlega.

Lagt er til að varið verði allt að 3 prósentustigum af verðjöfnunargjaldinu á næsta ári til að greiða niður lán þau sem tekin voru, en þau námu 6,1 Mkr. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og 4,7 Mkr. hjá Orkubúi Vestfjarða.

Í fjárlögum 1982 er gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald af raforku nemi 90,2 Mkr. Þrjú prósentustig þar af samsvara 14,2 Mkr., en það ætti að nægja til greiðslu á lánum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, auk vaxtakostnaðar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðnaðarráðherra sé heimilt að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald sem innheimt er hjá rafveitunni á árinu 1982.

Rafveita Siglufjarðar hefur átt í miklum fjárhagslegum erfiðleikum undanfarin ár. Stafar þetta einkum af því, að ákvarðanir um virkjun Fljótaár hafa ekki reynst eins hagstæðar og vænst hafði verið svo og ýmsum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins.

Á s. l. ári var gerð allítarleg athugun á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og kom í ljós, að hún var mjög slæm. Var m. a. lánstími á lánum þeim sem tekin höfðu verið of stuttur og lánakjör óhagstæð. Veitunni var útvegað lánsfé til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins.

Ljóst er af þeirri reynslu sem fengist hefur síðan, að aðgerðir þessar duga ekki til að rétta af greiðslustöðu fyrirtækisins og þurfa því að koma til frekari aðgerðir eigi raforkuverð hjá veitunni ekki að fara upp úr öllu valdi.

Nú er unnið að uppgjöri á stöðu veitunnar það sem af er árinu, og verður þörfin á að nýta umrædda heimild m. a. metin í ljósi niðurstöðu þeirrar athugunar.

Atvinnulíf á Siglufirði hefur verið mjög sveiflukennt á undanförnum árum og virðist minnkandi loðnuafli nú leiða til verulegs tekjutaps fyrir rafveituna.

Komi til endurgreiðslu verðjöfnunargjalds til Rafveitu Siglufjarðar ætti að vera unnt að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins allverulega. Endurgreiðsla verður bundin því skilyrði, að gjaldskrá á Siglufirði sé a. m. k. ekki lægri en gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og annarra þeirra rafveitna er halda verða uppi tiltölulega háu raforkuverði.

Við setningu laga um verðjöfnunargjald nr. 105/1980 stóðu vonir til að lækka mætti gjaldið úr 19% í 16% frá 1. júní s. l. Þetta reyndist ekki unnt fyrst og fremst vegna kostnaðarins við keyrslu dísilvéla sem áður er nefndur. Verður málið endurmetið fyrir lok næsta árs og þá í tengslum við úttekt á fjárhagsstöðu Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins og stefnumörkun um verðlagningu á raforku í landinu.

Nánar um forsögu laganna og framkvæmd þeirra vísast í athugasemdir við frumvarp til laga nr. 105/1980, Alþt. 1980, þskj. 188, bls. 914.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1974, sbr. lög nr. 99/1979, er verðjöfnunargjald af raforku 19%. Af því renna 80% til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða.

Með þessari grein er lagt til að allt að þremur prósentustigum af 19 verði, skv. nánari ákvörðun ráðherra, varið til að greiða niður lán Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, auk vaxta vegna kostnaðar við keyrslu dísilvéla á s. l. vetri.

Um 2. gr.

Í þeim tilgangi að auðvelda innheimtu verðjöfnunargjaldsins er lagt til að dráttarvextir af því sem ógreitt er verði í samræmi við ákvörðun Seðlabanka á hverjum tíma, í stað þess að vera fastákveðnir 1 1/2% á mánuði eins og nú er.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 153. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um liðsinni við pólsku þjóðina.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Árni Gunnarsson, Benedikt Gröndal, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að kanna með hvaða hætti Íslendingar geta rétt pólsku þjóðinni hjálparhönd í þeim sérstöku efnahagsvandkvæðum sem hún býr nú við, t. d. með því að fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar og fyrirgreiðslu gætu tekist samningar um útflutning á íslenskum afurðum til Póllands á sérstökum kjörum, þ. á m. lánskjörum, sem tækju mið af ríkjandi ástandi í Póllandi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er ríkja nú miklar efnahagslegar þrengingar í Póllandi. Margar grannþjóðir okkar hafa rétt Pólverjum hjálparhönd með ýmsum hætti í þessum þrengingum. Nú má ráða af fréttum að matvælaframleiðsla sé of lítil í landinu og jafnvel verði matvælaskortur.

Pólverjar hafa á undanförnum árum átt drjúg viðskipti við Íslendinga. Um árabil hafa þeir verið meðal stærstu kaupenda á íslensku fiskimjöli sem nýtt er til matvælaframleiðslu. Þessi viðskipti hafa gengið vel.

Nú fer hins vegar litlum sögum af kaupum Pólverja á fiskimjöli héðan og má rekja það til efnahagserfiðleika þeirra. Þegar þannig stendur á og í ljósi góðra viðskipta á liðnum árum er eðlilegt að kannað verði með hvaða hætti Íslendingar geti nú orðið pólsku þjóðinni að liði og þá einkanlega að því er varðar kjör á útflutningi til þeirra. Sérstaklega er þetta brýnt ef matvælaframboð í landinu er ónógt og hætta á matvælaskorti, en aðalútflutningsvara okkar til þeirra hefur einmitt farið til matvælaframleiðslu.

Ed. 154. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 49/1978.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. frv. falli brott.

Gunnar Thoroddsen var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 1981.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Helgi Seljan.
Jón Helgason.	Lárus Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.

Sþ. 155. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá fjárveitinganefnd.

	Kr.
1. Við 4. gr. 01 101 0113 Gjöf Jóns Sigurðssonar.	
Fyrir „78 000“ kemur	180 000
2. Við 4. gr. 01 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.	
a. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „230 000“ kemur	320 000
b. Við 0 Sértekjur.	
Fyrir „150 000“ kemur	195 000
3. Við 4. gr. 02 301 Menntaskólinn í Reykjavík 20 Laun.	
Fyrir „9 987 800“ kemur	9 857 800
4. Við 4. gr. 02 302 Menntaskólinn á Akureyri 20 Laun.	
Fyrir „8 151 600“ kemur	8 021 600
5. Við 4. gr. 02 303 Menntaskólinn á Laugarvatni 20 Laun.	
Fyrir „2 682 400“ kemur	2 617 400

Framhald þingskjalsins er á bls. 1342

Nd. 156. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Tímabundið vörugjald átti aðeins að standa mjög takmarkaðan tíma og fyrirheit hafa verið gefin

um að afnema það. En í þess stað er nú einu sinni enn lagt til að það verði framlengt allt árið 1982. Þessu erum við mótfallnir og leggjum því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 4. des. 1981.

Matthías Bjarnason, frsm. Sighvatur Björgvinsson. Matthías Á. Mathiesen.

Albert Guðmundsson.

Nd. 157. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Aftan við 1. gr. komi orðin:

Eftirtalið tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. laganna: 92.12.29 (hljómplötur almennt).

Nd. 158. Frumvarp til laga [69. mál]

um breytingu á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. des.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna bætist ný mgr., sem verði 2. mgr., svohljóðandi:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að áður en gjald er lagt á saltsíld samkvæmt 2. gr., skuli draga frá f. o. b.-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að gjald samkvæmt 2. gr. skuli ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum, sem verkuð eru á svipaðan hátt.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á tímabilinu 1. október til 31. desember 1981 nema 3,575% af f. o. b.-verðmæti útflutnings.

Tekjur af gjaldinu skiptast sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs, áhafnadeildar 32,3%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:
   a) Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneyti setur 30,8%
   b) Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur 4,6%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:
   a) Til Fiskveiðasjóðs 27,7%
   b) Til Fiskimálasjóðs 1,2%

4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur 1,6%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna 0,9%
6. Til samtaka sjómanna 0,9%

Samtals: 100,0%

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að ekki skuli innheimta gjald samkvæmt 2. gr. af skreið, sem unnin er úr kolmunna, sem veiddur er á árunum 1981—1982 og að endurgreiða það gjald, sem þegar kann að hafa verið greitt af afurðum unnum úr kolmunna, sem veiddur var á árinu 1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Sþ. 159. Fyrirspurnir. [138. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um álagningu innflytjenda á öryrkjabifreiðar.

Frá Helga Seljan.

1. Hvernig reiknast álagning innflytjenda á öryrkjabifreiðar?
   Reiknast hún af sama verðgrunni og af bifreiðum til almennrar sölu eða er tekið tillit til niðurfellidra gjalda ríkisins við útreikning álagningar?
2. Hefur Verðlagsstofnun kannað þessi mál og hver er niðurstaðan?

II. Til utanríkisráðherra um afstöðu til atburða í El Salvador.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til þeirra atburða og þeirrar stjórnmálalegu og hernaðarlegu þróunar sem átt hefur sér stað í El Salvador á undanförnum misserum?

III. Til forsætisráðherra um áætlun um eflingu smáiðnaðar í sveitum.

Frá Sigurði Óskarssyni.

Hvað líður samþykkt ríkisstjórnarinnar á áætlun sem Framkvæmdastofnun ríkisins gerði að beiðni forsætisráðherra um eflingu smáiðnaðar í sveitum og samþykkt var og send ríkisstjórninni til afgreiðslu í maí 1980?

IV. Til fjármálaráðherra um skil innheimtra þinggjalda til ríkissjóðs.

Frá Guðmundi J. Guðmundssyni.

1. Hver voru skil sýslumanna og bæjarfógeta til ríkissjóðs vegna innheimtra þinggjalda 30. nóv. síðastliðinn?
2. Hvernig voru sambærilegar stöðutölur 31. des. 1979, 30. júní 1980 og 31. des. 1980?
3. Er áberandi mikil vanræksla hjá einstökum embættum á skilum, og hvaða ráðstafanir hefur ráðuneytið gert til að tryggja betri skil til ríkissjóðs?
4. Hvar má ætla að fé það, sem innheimtumenn draga að skila í ríkissjóð, sé ávaxtað?
5. Eru þess dæmi, að innheimtumenn hafi skilað ríkissjóði vöxtum vegna þess fjár er þeir höfðu haft í vörslu lengri eða skemmri tíma?

Sþ. 160. Fyrirspurn [139. mál]

til sjávarútvegsráðherra um skilaverð á þorskafurðum og magn hvers framleiðsluþáttar.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvert var skilaverð síðari hluta árs 1980, án skerðingar eða viðbótar Verðjöfnunarsjóðs, til fiskvinnslustöðva úr 100 kg af 1. fl. þorski fyrir hverja eftirtalinna verkunaraðferða, og hver er mismunur hráefnisverðs og skilaverðs í prósentum fyrir hverja verkunaraðferð:
   I. Skreiðarverkun:
      a) Ítalíuskreið.
      b) Afríkuskreið.
   II. Saltfisksverkun:
      a) 1. fl. saltfiskur, stórf.
      b) 2. fl. saltfiskur, stórf.
      c) 3. fl. saltfiskur, stórf.
      d) 4. fl. saltfiskur, stórf.
   III. Hraðfrystur fiskur:
      a) Flök í neytendaumb. (t. d. 10 × 5 lbs.).
      b) Blokk (t. d. 4 × 16,5 lbs.)?
2. Hve mikil var framleiðsla í framantöldum greinum árið 1980 og hve stór hluti heildarþorskframleiðslunnar var í hverri grein?
3. Hver var áætluð meðalnýting hráefnis í framantöldum framleiðslugreinum?

Sþ. 161. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá fjárveitinganefnd.

	Kr.
1. Við 4. gr. 00 201 0103 Skrifstofu- og alþingiskostnaður. Fyrir „15 841 100“ kemur	19 121 100
2. Við 4. gr. 01 101 0112 Öryggismálanefnd. Fyrir „500 000“ kemur	700 000
3. Við 4. gr. 02 203 Raunvísindastofnun háskólans. Nýr liður: 10 Sérstök verkefni	380 000
4. Við 4. gr. 02 321 Kennaraháskóli Íslands 20 Laun. Fyrir „12 821 700“ kemur	12 854 000
5. Við 4. gr. 02 322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans 20 Laun. Fyrir „5 207 100“ kemur	5 301 300
6. Við 4. gr. 02 331 Íþróttakennaraskóli Íslands 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „250 000“ kemur	4 250 000
7. Við 4. gr. 02 351 0101 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Fyrir „22 035 900“ kemur	24 035 900
8. Við 4. gr. 02 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „260 000“ kemur	1 260 000
9. Við 4. gr. 02 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „1 500 000“ kemur	3 400 000
10. Við 4. gr. 02 355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „240 000“ kemur	400 000
11. Við 4. gr. 02 357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „650 000“ kemur	2 300 000
12. Við 4. gr. 02 422 Námsgagnastofnun 0103 Bókaútgáfa. Fyrir „8 972 400“ kemur	9 182 400
13. Við 4. gr. 02 431 Iðnfræðsluráð 2 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „355 000“ kemur	655 000
14. Við 4. gr. 02 507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „265 000“ kemur	500 000
15. Við 4. gr. 02 516 Iðnskólar, almennt 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. a. Fyrir „1 500 000“ kemur	1 750 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Iðnskólar (02 516 6)

	Kr.	Kr.
1. Reykjavík	900 000	
2. Hafnarfjörður	650 000	
3. Ísafjörður	100 000	
4. Akureyri	100 000	
		1 750 000

16. Við 4. gr. 02 517 Hótel- og veitingaskóli Íslands 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
    Fyrir „17 000“ kemur 200 000
17. Við 4. gr. 02 563 0101 Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir.
    Fyrir „200 000“ kemur 320 000
18. Við 4. gr. 02 563 0106 Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tónmenntaskóli Reykjavíkur, byggingarstyrkur.
    Liðurinn fellur niður.
19. Við 4. gr. 02 610 Héraðsskólar almennt 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
    a. Fyrir „2 500 000“ kemur 5 250 000
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar (02 610).

1. Reykholt	500 000	
2. Núpur	300 000	
3. Reykjanes	150 000	
4. Reykir	600 000	
5. Laugar	400 000	
6. Eiðar	3 000 000	
7. Skógar	150 000	
8. Laugarvatn	150 000	
		5 250 000

20. Við 4. gr. 02 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög.
    a. Fyrir „54 400 000“ kemur 66 319 000
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög (02—792).

1. Hólabrekkuskóli, 1. og 2. áf.	1 199 000
2. Hlíðaskóli, 4. áf., íþrh.	873 000
3. Hvassaleitisskóli, 3. áf., íþrh. o. fl.	840 000
4. Seljaskóli, 1. áf.	599 000
5. Seljaskóli, 2. áf.	3 802 000
6. Ölduselsskóli, 2. áf.	2 400 000
7. Ýmsir skólar	286 000
8. Skóli Ísaks Jónssonar	200 000
9. Hólabrekkuskóli, 3. áf.	592 000
10. Vesturbæjarskóli, 1. áf.	200 000
11. Kvennaskóli	119 000
12. Kópavogur, íþróttahús	1 000 000
13. Kópavogur, Snælandsskóli, 1. áf.	1 087 000
14. Kópavogur, skólalóðir	240 000
15. Kópavogur, Digranesskóli	142 000

	Kr.
16. Kópavogur, Snælandsskóli, 2. áf.	625 000
17. Hafnarfjörður, Engidalsskóli	548 000
18. Hafnarfjörður, stækkun + Skólabraut 2	270 000
19. Hafnarfjörður, Víðistaðaskóli, 4. áf., íþrh. + tengibygging	1 100 000
20. Hafnarfjörður, Öldutúnsskóli, 4. áf.	314 000
21. Hafnarfjörður, sundlaug	140 000
22. Seltjarnarnes, sundlaug	400 000
23. Garðabær, gagnfrsk., 1. og 2. áf.	1 200 000
24. Garðabær, sundlaugarhús	100 000
25. Keflavík, gagnfrsk., 3. áf., T-bygging	23 000
26. Keflavík, íþróttahús, 1. áf.	180 000
27. Keflavík, barnaskóli, endurbygging	100 000
28. Keflavík, sundlaug	170 000
29. Grindavík, íþróttahús, 1. áf.	695 000
30. Njarðvík, íþrh. 1., 2. og 3. áf.	448 000
31. Njarðvík, skóli	58 000
32. Bessastaðahreppur, skóli	40 000
33. Mosfellshreppur, íþrh., 1. áf.	110 000
34. Mosfellshreppur, viðb. Varmárskóla	725 000
35. Mosfellshreppur, færanlegar kennslust.	10 000
36. Sandgerði, íþrh. og skóli	200 000
37. Gerðahreppur, sundl. og búningskl.	263 000
38. Gerðahreppur, stækkun skóla	155 000
39. Vatnsleysustrandarhr., skóli, 1. áf.	114 000
40. Vatnsleysustrandarhr., skólastjóraíb., eb.	10 000
41. Vatnsleysustrandarhr., sundlaug	170 000
42. Kjalarnes, lausar stofur og lóð	42 000
43. Kjósarhreppur, skóli og endurbætur	31 000
44. Akranes, barnaskólalóð + lausar stofur	124 000
45. Akranes, íþróttahús og viðbygging	320 000
46. Akranes, Grundaskóli, nýbygging	1 800 000
47. Leirár- og Melasveit, Heiðarskóli, br. + eb.	30 000
48. Andakílshreppur, barnaskóli	403 000
49. Kleppjárnsreykir, mötuneyti	98 000
50. Reykholtsdalshreppur, sundlaug	247 000
51. Varmalandsskóli, íþróttahús	96 000
52. Varmalandsskóli, skóli, 1. áf.	303 000
53. Borgarnes, íþróttahús og sundlaug	183 000
54. Borgarnes, grunnskóli	1 000 000
55. Laugagerðisskóli, íþrh.	282 000
56. Lýsuhóll, sundlaug	108 000
57. Hellissandur, skóli, 1. og 2. áf.	820 000
58. Hellissandur, íþrh. og sundlaug	50 000
59. Ólafsvík, stækkun skóla	847 000
60. Ólafsvík, endurbætur íbúðar	30 000
61. Grundarfjörður, íþróttahús	26 000
62. Grundarfjörður, skóli, 2. áf. + sundlaug	404 000
63. Stykkishólmur, skóli, nýbygging	600 000

		Kr.
64.	Búðardalur, skóli, 1. áf.	136 000
65.	Búðardalur, skólastjórabústaður	48 000
66.	Búðardalur, skóli, 2. áfangi	338 000
67.	Laugar í Dalasýslu, 4. áf., íbúð + lóðir	264 000
68.	Laugar í Dalasýslu, íþróttahús	627 000
69.	Fræðsluskrifstofa Vesturlands	50 000
70.	Ísafjörður, skólastjórabústaður, Hnífsdal	9 000
71.	Ísafjörður, gagnfræðask., lausar stofur	8 000
72.	Bolungarvík, íþróttahús	740 000
73.	Bolungarvík, skólastjórabúst., endurbætur	25 000
74.	Bolungarvík, skólabókasafn, innrétt., skólahús	69 000
75.	Geiradalshreppur, heimavist, viðb. v/félh.	100 000
76.	Reykhólar, 2. áf. skóla	100 000
77.	Gufudalshreppur, laus stofa+heimavist	164 000
78.	Flateyjarhreppur, endurb. skóla + eb. íbúðar	27 000
79.	Barðastrandarhreppur, skóli og jarðborun	83 000
80.	Patrekshreppur, viðbygging skóla	400 000
81.	Patrekshreppur, endurb. skólastjórabúst.	63 000
82.	Tálknafjörður, íþrh. og félagsheimili	450 000
83.	Tálknafjörður, skóli, endurb. á þaki	125 000
84.	Þingeyri, skóli	66 000
85.	Mýrahreppur, barnaskóli Núpi	100 000
86.	Flateyri, búningsklefar og sundlaug	202 000
87.	Flateyri, skóli, endurbætur	75 000
88.	Suðureyri, skóli, nýbygging	100 000
89.	Súðavík, skóli, nýbygging	50 000
90.	Árneshreppur, Finnbogast., skólastjóra íb., stækkun	68 000
91.	Kaldrananeshreppur, endurb. skóla Drangsnesi	37 000
92.	Hólmavík, skóli, 2. áf.	521 000
93.	Fells- og Óspakseyrarhreppur, skóli Broddanesi	130 000
94.	Bæjarhreppur, skóli Borðeyri	89 000
95.	Sauðárkrókur, gagnfrsk., C-álma	100 000
96.	Sauðárkrókur, dag- og heimavistir	25 000
97.	Sauðárkrókur, íþróttahús, 1. áf.	705 000
98.	Staðarhreppur, skóli + íbúð	90 000
99.	Laugarbakkaskóli, lóð, 1. og 2. áf. + íbúðir	300 000
100.	Hvammstangi, sundlaug og búningsklefar	309 000
101.	Hvammstangi, skóli, nýbygging	645 000
102.	Þverárhreppur, skóli	178 000
103.	Þverárhreppur, íbúð	101 000
104.	Húnavellir, skóli, 2. áf. íþrh. + mötuneyti + íb.	160 000
105.	Þorkelshólshreppur, barnask. Víðihlíð	53 000
106.	Húnavellir, vegna kaupa á Reykjum	26 000
107.	Blönduós, lóð + skóli + búningsklefar	92 000
108.	Blönduós, íþróttahús	5 000
109.	Skagaströnd, skóli	350 000
110.	Varmahlíðarskóli, skóli, 1. + 2. áf. + lóð	230 000
111.	Varmahlíðarskóli, íbúðir (Sjh. + Shl. + Hvhl.)	42 000

		Kr.
112.	Varmahlíðarskóli, 3. áf., íb. + búningskl.	106 000
113.	Lýtingsstaðahreppur, sundlaug	127 000
114.	Hólahreppur, skóli + íbúð	270 000
115.	Hólahreppur, skólastjóraíbúð	101 000
116.	Hofsós, 1. + 2. áf. + 3. áf. skóla (endurb. + nýbygg. + íbúðir)	127 000
117.	Hofsós, 4. áf., íþrh. og félagsaðst.	5 000
118.	Haganeshreppur, íbúð, Sólg. í Fljótum	280 000
119.	Haganeshreppur, skóli, nýbygging	150 000
120.	Akureyri, Glerárskóli, 1. og 2. áf.	50 000
121.	Akureyri, Glerárskóli, 4. áf.	200 000
122.	Akureyri, Lundarskóli, 2. áf.	119 000
123.	Akureyri, Oddeyrarskóli, stækkun	22 000
124.	Akureyri, íþróttahús	1 100 000
125.	Akureyri, Glerárskóli, 3. áf.	911 000
126.	Húsavík, gagnfræðaskóli, 1. og 2. áf.	5 000
127.	Húsavík, íþróttahús, 1. áfangi	901 000
128.	Ólafsfjörður, gagnfrsk., 1. og 2. áf.	71 000
129.	Ólafsfjörður, barnaskóli, endurb. + lóð	146 000
130.	Dalvík, heimavist	50 000
131.	Dalvík, skóli	702 000
132.	Grímsey, íbúð	320 000
133.	Svarfaðardalshreppur, skóli + heimav. + mötuneyti	42 000
134.	Svarfaðardalshreppur, sundskáli	6 000
135.	Hrísey, íþróttahús + skóli	200 000
136.	Árskógsströnd, endurb. á eldh.	100 000
137.	Þelamörk, viðb. / kennslust. + lítil íbúð, skólastjóraíb. og endurb.	177 000
138.	Hrafnagilshreppur, uppgjör 1. og 2. áf. + íbúð + jarðborun	189 000
139.	Hrafnagilshreppur, 3. áf., sundl. + íþrh.	400 000
140.	Hrafnagilshreppur, skólastjórabúst.	172 000
141.	Svalbarðsstrandarhreppur, íb. + lóð skóla	118 000
142.	Grenivík, 1. áf. skóla + íþróttarými	454 000
143.	Stórutjarnarskóli, uppgj. skóla + borkostn.	136 000
144.	Bárðdælahreppur, mötuneyti skóla	237 000
145.	Skútustaðahreppur, sundlaug	475 000
146.	Hafralækur, uppgj. skóla og hitaveita	47 000
147.	Hafralækur, íþróttaaðstaða	52 000
148.	Hafralækur, íbúðir	190 000
149.	Lundarskóli, Öxarfirði, skóli 1. áf.	41 000
150.	Lundarskóli, Öxarfirði, anddyri heimav.	60 000
151.	Kópasker, skóli, nýbygging	400 000
152.	Raufarhöfn, skóli, nýbygging	300 000
153.	Svalbarðshreppur, íbúð	5 000
154.	Þórshöfn, skóli 1. áf., viðbygging	230 000
155.	Þórshöfn, búningsklefar	30 000
156.	Fræðsluskrifstofan Akureyri	100 000

		Kr.
157.	Seyðisfjörður, sundl., íþróttah., endurb.	78 000
158.	Seyðisfjörður, nýbygging skóla	700 000
159.	Neskaupstaður, barnask., endurb.	30 000
160.	Neskaupstaður, gagnfræðask.	700 000
161.	Eskifjörður, skóli, nýbygging	871 000
162.	Skeggjastaðahreppur, skóli, nýbygging	300 000
163.	Vopnafjarðarhr., skóli Torfastöðum	39 000
164.	Vopnafjarðarhr., íþróttahús	545 000
165.	Hlíðarhreppur, skóli, nýbygging	10 000
166.	Jökuldalshreppur, stækkun skóla + íþróttaaðst.	230 000
167.	Egilsstaðahreppur, uppgj. skóla + anddyri	334 000
168.	Egilsstaðahreppur, íþróttahús, 1. áf.	715 000
169.	Egilsstaðahreppur, sel í Fellahreppi	100 000
170.	Egilsstaðahreppur, stækkun skóla + íbúð	48 000
171.	Mjóifjörður, skóli + endurbætur	55 000
172.	Reyðarfjörður, íþrh.	85 000
173.	Búðahreppur, skóli	181 000
174.	Stöðvarfjörður, skóli + sundlaug	275 000
175.	Breiðdalshreppur, skóli	350 000
176.	Djúpivogur, skóli + íþrh. + félagsaðst. + heimavist + sundlaug	317 000
177.	Geithellnahreppur, skóli, nýbygging	251 000
178.	Nesjahreppur, uppgj. skóla (1. + 2. áf.) + lóðir	176 000
179	Höfn í Hornafirði, uppgj. 1. áf. + lóðir 2. áf., íþróttah. + skóli	526 000
180.	Höfn í Hornafirði, sundlaug	130 000
181.	Mýrahreppur, íbúð	166 000
182.	Borgarhafnarhreppur	50 000
183.	Hofshreppur, nýbygging	300 000
184.	Fræðsluskrifstofa Austurlands	50 000
185.	Vestmannaeyjar, barnask., 3. áf.	110 000
186.	Vestmannaeyjar, íþróttah. + sundlaug	700 000
187.	Vestmannaeyjar, nýr skóli, 1. áf.	1 125 000
188.	Selfoss, gagnfr.sk. + íþróttahús	264 000
189.	Selfoss, verknámshús	502 000
190.	Selfoss, barnask., viðbygg. + endurb.	370 000
191.	Kirkjubæjarhr., uppgj. skóla + sundlaug	17 000
192.	Kirkjubæjarhr., stækkun skóla	249 000
193.	Vík í Mýrdal, skóli + endurb. íbúðar	91 000
194.	A.-Eyjafjallahreppur, íþróttaaðst. í félh.	208 000
195.	V.-Eyjafjallahreppur, íþróttaaðst. o. fl. í félh.	214 000
196.	A.-Landeyjahreppur, stækkun skóla í félh.	20 000
197.	V.-Landeyjahreppur, stækkun skóla + íbúð	250 000
198.	Fljótshlíðarhreppur, stækkun skóla	240 000
199.	Hvolhreppur, skóli	338 000
200.	Hvolhreppur, bókasafn	71 000
201.	Rangárvallahreppur, sundl. + íþróttaaðst. + lóðir	100 000
202.	Laugaland í Holtum, stækkun skóla, 1. áf.	600 000
203.	Stokkseyri, innrétting handavinnust.	56 000

	Kr.	Kr.
204. Stokkseyri, sundl. + íþróttaaðstaða	174 000	
205. Eyrarbakki, stækkun skóla	300 000	
206. Hraungerðishreppur, kennaraíb., laus st., jarðb.	74 000	
207. Hraungerðishreppur, skóli, 2. áf.	186 000	
208. Villingaholtshreppur, endurb. skóla	24 000	
209. Skeiðahreppur, uppgj. sundl. + handavinnust.	30 000	
210. Gnúpverjahreppur	644 000	
211. Hrunamannahreppur, íb. + bílsk. + endurb. skóla	35 000	
212. Biskupstungnahreppur, íbúð	200 000	
213. Laugardalshreppur, 1) lóð, 2) íbúðir	120 000	
214. Ljósafossskóli, endurbætur	100 000	
215. Hveragerði, íþróttahús, 1. og 2. áf.	548 000	
216. Hveragerði, gamli skólinn, endurb.	100 000	
217. Þorlákshöfn, stækkun skóla, 1. áf.	190 000	
218. Þorlákshöfn, sundl. + búnkl.	572 000	
219. Orkusparandi aðgerðir	700 000	
220. Stofnkostn. eldri skóla	700 000	
		66 029 000

Til undirbúnings framkvæmda við skólabyggingar:

1. Breiðholtsskóli	5 000
2. Kópavogur, kennslusundlaug	5 000
3. Víðistaðaskóli, kennslust. í safnh.	5 000
4. Mosfellshreppur, gagnfrsk. Brúarás, stækkun og lóð	5 000
5. Sandgerði, sundlaug	5 000
6. Sandgerði, stækkun grunnskóla	5 000
7. Keflavík, íþróttahús, 2. áf.	5 000
8. Akranes, eldri grunnsk., breyt., stækk.	5 000
9. Stykkishólmur, sundlaug	5 000
10. Stykkishólmur, íþróttahús	5 000
11. Akranes, sundlaug	5 000
12. Búðardalur, íþróttahús	5 000
13. Ísafjörður, íþróttahús	5 000
14. Bolungarvík, stækkun skóla, nýbygging	5 000
15. Bíldudalur, íþróttahús	5 000
16. Flateyri, íþróttahús	5 000
17. Kaldrananeshreppur, búningsklefar við Gvendarlaug	5 000
18. Þingeyri, sundlaug	5 000
19. Bæjarhreppur, íbúð	5 000
20. Reykhólar, íbúð	5 000
21. Víðihlíð, viðbygging	5 000
22. Laugarbakki, íþróttahús	5 000
23. Siglufjörður, íþróttahús	5 000
24. Siglufjörður, skóli, breytingar	5 000
25. Hólahreppur, sundlaug	5 000
26. Akureyri, Lundarskóli, 3. áf.	5 000
27. Akureyri, sundlaug	5 000

		Kr.	Kr.
28.	Akureyri, Síðuskóli	5 000	
29.	Akureyri, Oddeyrarskóli	5 000	
30.	Ólafsfjörður, endurb. sundl.	5 000	
31.	Öngulsstaðahreppur, endurbætur	5 000	
32.	Svalbarðsstrandarhreppur, íþróttahús og skóli	5 000	
33.	Reykdælahreppur, íbúðarhús, kaup	5 000	
34.	Raufarhöfn, endurb. skóla	5 000	
35.	Þórshöfn, heimavist o. fl.	5 000	
36.	Ólafsfjörður, íþróttahús	5 000	
37.	Þelamörk, íþróttahús	5 000	
38.	Skútustaðahreppur, skóli, nýbygging	5 000	
39.	Húsavík, barnaskóli	5 000	
40.	Hrísey, laus stofa	5 000	
41.	Hlíðarhreppur, 2. áf. skóla	5 000	
Við samningu frumvarpsins hefur verið unnið í nánu samráði við Alfanefndina. Þá hefur verið haft samráð við heildarsamtök fatlaðra í landinu Sjálfsbjörgu, landssamband fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands svo og endurhæfingarráð. Þetta samráð hefur verið með þeim hætti að stjórnir þessara samtaka hafa fengið óformlega eða formlega til umfjöllunar frumvarpsdrög á hinum ýmsu stigum svo og hafa einstakir stjórnarmenn í þessum samtökum og stofnunum setið fundi með endurskoðunarnefndinni. Þá hafa verið haldnir fundir með fulltrúum frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar, Sálfræðingafélagi Íslands að ósk viðkomandi og haft samband við framkvæmdastjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Í desember s. l. þegar frumvarpsdrögin höfðu tekið á sig nokkuð heillega mynd voru þau send formlega eftirtöldum aðilum til umsagnar: Endurhæfingarráði, Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökunum þroskahjálp, Sjálfsbjörgu landssambandi fatlaðra, Stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra, Alfanefndinni og framkvæmdastjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Í febrúar s. l. óskuðu Stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra, Öryrkjabandalagi Íslands, Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra og Landssamtökin þroskahjálp eftir því við félagsmálaráðherra að fulltrúar þessara aðila tækju beinan þátt í lokavinnslu frumvarpsdraganna um málefni fatlaðra. Ráðherra varð við þessari beiðni og var jafnframt ákveðið að bjóða fulltrúa endurhæfingarráðs að taka þátt í þessari vinnu. Síðustu mánuðina hafa því eftirtaldir einstaklingar unnið með endurskoðunarnefndinni: Frá Sjálfsbjörgu landssambandi fatlaðra, Sigursveinn D. Kristinsson, skólastjóri. Frá Landssamtökunum þroskahjálp, Jón Sævar Alfonsson, skrifstofustjóri. Frá endurhæfingarráði, Haukur Þórðarson, yfirlæknir, formaður ráðsins. Frá Öryrkjabandalagi Íslands, Lárus Helgason, yfirlæknir og síðar Halldór Rafnar, lögfræðingur, formaður Blindrafélagsins, Jóna Sveinsdóttir formaður Öryrkjabandalagsins og Birgir Þormar, lögfræðingur og frá Stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, Jóhanna Sigurðardóttir, alþingismaður, Helgi Seljan, alþingismaður og Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þá má því segja að við gerð frumvarpsins hafi verið haft fullt samráð og náið við samtök þessa fólks sem hvað ríkastra hagsmuna eiga að gæta varðandi þau mál, sem fjallað er um í frumvarpinu.

Helstu lög er snerta málefni fatlaðra.

Eins og fram kemur hér að framan var endurskoðunarnefndinni falið að endurskoða gildandi lög og reglugerðir og að athuga hvort koma mætti þessum lögum fyrir í einum lagabálki og þar með einfalda og samræma þau lagaákvæði og lög sem snerta beint og óbeint málefni fatlaðra. Í gildi í dag eru á annan tug laga og reglugerða sem snerta málefni fatlaðra sérstaklega. Þau helstu eru:

1. Lög um heimilishjálp í viðlögum nr. 10/1952 ásamt reglugerð um heimilisþjónustu fyrir aldraða nr. 114/1971.

Í þessum lögum er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnum og sýslunefndum sé heimilt að ákveða að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum, auk þess að starfrækja má heimilishjálp handa öldruðu fólki eftir því sem er ákveðið nánar í reglugerðinni. Lög þessi heyra undir félagsmálaráðuneytið.

2. Lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila nr. 12/1952.

Í þessum lögum er gert ráð fyrir því að fé því sem rennur í erfðafjársjóð sé varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja ekki fram úr $^2/_3$ af stofnkostnaði stofnunarinnar. Lög þessi heyra undir félagsmálaráðuneytið.

3. Lög um vinnumiðlun nr. 52/1956.

Í þessum lögum er kveðið á um að í hverjum kaupstað og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri skuli starfrækt vinnumiðlun. Samkvæmt 3. gr. þessara laga er gert ráð fyrir því að hlutverk vinnumiðlunar sé m. a. að veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi. Lög þessi heyra undir félagsmálaráðuneytið.

4. Lög um heyrnleysingjaskóla nr. 13/1962.

Hlutverk skólans er að kenna heyrnarlausum eða heyrnarlitlum börnum að skilja mál og tala. Börn skulu stunda nám í skólanum til 16 ára aldurs nema þau hafi lokið námi þar fyrr, eða rétt þyki af öðrum ástæðum að láta þau fara fyrr úr skólanum. Í lögunum eru ákvæði þess efnis að læknum sé skylt að tilkynna skrifstofu landlæknis á þar til gerðu eyðublaði jafnskjótt og þeir komast að raun um að barn innan sjö ára aldurs hafi svo litla heyrn að lítil líkindi séu til þess að það læri málið eða það missi málið vegna heyrnarleysis.

5. Lög um endurhæfingu nr. 27/1970.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að þjálfun og endurhæfingu fólks með varanlega skerta starfshæfni, svo það geti sem best séð sér farborða með eigin vinnu. Aðstoða skal þær stofnanir, sem annast endurhæfingu og koma á fót þeim rannsóknar-, endurhæfingar- og vinnustöðvum sem nauðsynlegar eru með þeim hætti sem nánar er greint frá í lögunum.

Samkvæmt þessum lögum skipar félagsmálaráðherra sjö menn í endurhæfingarráð og eiga eftirtaldir aðilar einn fulltrúa hver: Öryrkjabandalag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, Læknafélag Íslands og menntamálaráðuneytið. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal sá vera formaður ráðsins. Allur kostnaður við starfrækslu endurhæfingarráðs greiðist úr ríkissjóði.

Endurhæfingarráð hefur það hlutverk m. a. að semja áætlun um þörf endur-

hæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni, að hafa eftirlit með endurhæfingarstofnunum og vinnustöðum fyrir öryrkja, að vinna að því að verkaskipting slíkra stofnana verði sem hagkvæmust, að útvega þeim er þarfnast endurhæfingar og þjálfunar rúm á stofnun við sitt hæfi og atvinnu að þjálfun lokinni. Þá stundar ráðið upplýsingastarfsemi og hvetur þá sem ekki geta séð sér farborða vegna skertrar starfshæfni til þess að leita þjálfunar og þeirrar meðferðar sem við á svo að þeir geti fengið starf við sitt hæfi. Þá á ráðið að vera stjórnvöldum til aðstoðar og ráðgjafar um endurhæfingarmálefni, athuga og gera tillögur um hvernig almenn endurhæfing og svo endurhæfing fólks með skerta starfsorku, sem lögin taka sérstaklega til verði sem best samræmd í framkvæmd.

Lögin um endurhæfingu fjalla m. a. um endurhæfingarstöðvar. Til þess að koma á fót sjálfstæðum endurhæfingarstöðvum skal veita úr erfðafjársjóði, eftir því sem fé er fyrir hendi, svo sem hér segir:

A. Styrk sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.

B. Lán sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.

Lögin kveða á um það að til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja sé heimilt að veita styrki á eftirfarandi hátt:

A. Styrkur úr erfðafjársjóði sem nemur allt að 40% af stofnkostnaði.

B. Lán úr atvinnuleysistryggingasjóði til 20 ára sem nemur allt að 40% kostnaðar.

Þess skal getið hér að samkv. 19. gr. laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu, kemur fram að veita skal á heilsugæslustöðvum eða í tengslum við þær, sérfræðilega læknisþjónustu, s. s. endurhæfingu. Hlýtur það að verða stefnan í framtíðinni að tengja þetta sem mest. Segja má að yfirstjórn þessara mála sé allt of skipt hvað þetta snertir, þar sem félagsmálaráðuneytið fer með endurhæfingu en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið með heilsugæslu almennt.

Samkvæmt endurhæfingarlögum er heimilt að veita fé úr erfðafjársjóði til að koma á fót dvalarheimilum fyrir öryrkja, sbr. einnig lög nr. 12/1952 um ráðstöfun erfðafjárskatts.

Þeir sem njóta eiga endurhæfingar skv. lögunum eru þeir, sem lögheimili eiga á Íslandi og annað hvort a) geta ekki séð sér farborða vegna varanlega skertrar starfshæfni, eða b) er nauðsyn þjálfunar eða endurhæfingar til þess að koma í veg fyrir að þeir missi hæfileika sína til þess að sjá sér farborða vegna fyrirsjáanlega minnkandi starfsgetu af völdum orkutaps. Hver sá, sem óskar þjálfunar vegna skertrar starfshæfni, skal ef þess gerist þörf, ganga undir hæfnis- og starfspróf, þar sem rannsökuð er andleg og líkamleg hæfni hans. Skv. lögunum skal afla upplýsinga um fortíð hans, heilsufar, menntun, uppeldi, hugðarefni, félagslegar aðstæður, efnahag og atvinnu og annað, er máli skiptir fyrir þjálfun starfs.

Samkvæmt tillögu endurhæfingarráðs skulu þeir, sem njóta endurhæfingar skv. lögunum, eiga kost á aðstoð á eftirfarandi hátt:

A. Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti, að þeir geti ekki aflað sér þess, sem þeir og skyldulið þeirra má ekki án vera til lífsframfærslu, á meðan endurhæfing fer fram.

B. Styrk eða lán til verkfæra og tækjakaupa og annarri fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.

Útgjöld samkvæmt A-lið þessarar greinar eru greidd af hlutaðeigandi sveitarfélögum en lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð samkvæmt B-lið.

Í 16. gr. laganna um endurhæfingu er ákvæði þess efnis að þeir, sem notið hafa endurhæfingar samkvæmt lögunum, skuli fá aðstoð til þess að finna starf við sitt hæfi. Endurhæfingarráð skal í samvinnu við vinnumiðlunina í landinu láta gera könnun á atvinnulífinu með tilliti til hentugra starfa fyrir fólk með skerta vinnugetu, gera spjaldskrá yfir fyrirtæki, er slíkum störfum ráða og vinna að því, að fatlaðir fái aðgang að þessum störfum.

Þeir sem notið hafa endurhæfingar skulu að öðru jöfnu eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.

6. Lög um almannatryggingar nr. 67/1971 ásamt síðari breytingum.

Í almannatryggingalögunum eru fjölmörg atriði sem snerta réttindi og aðstoð við fatlað fólk. Þau eru helst:

a) Örorkumat.

Allar greiðslur vegna örorku eru ákveðnar eftir örorkumati sem tryggingayfirlæknir annast. Ef örorka dæmist 75% eða meira á umsækjandi rétt á örorkulífeyri. Sé örorka metin 50—74% er heimilt að greiða örorkustyrk og er hann ákveðinn hundraðshluti af örorkulífeyri metinn í hverju einstöku tilfelli eftir efnahag og félagslegum aðstæðum umsækjenda. Örorkustyrk má veita þeim sem stundar fullt starf en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar. Þó er sett ákveðið tekjumark eða viðmiðunartekjur. Dæmist örorka undir 50% eru ekki greiddar örorkubætur, ef um almennt mat er að ræða vegna sjúkdómsins. Aftur á móti ef orsök fötlunarinnar er að rekja til vinnuslyss, íþróttaslyss eða slyss á ökumanni bifreiðar fær viðkomandi bætur hjá slysatryggingadeild Tryggingastofnunarinnar. Þegar bótaskylt slys veldur varanlegri örorku er örorka að jafnaði ekki metin fyrr en ár er liðið frá því slysið átti sér stað. Þetta getur því verið breytilegt og fer eftir eðli slyssins og afleiðingum þess. Þegar örorkumat vegna bótaskylds slyss er unnið eru greiddir dagpeningar í mörgum tilfellum.

b) Örorkulífeyrir.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn sem í fyrsta lagi eiga lögheimili á Íslandi og eru á aldrinum 16—67 ára og í öðru lagi eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn 1/4 þess sem andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn við þau störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu.

c) Tekjutrygging.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr ákveðinni upphæð á ári skal hann fá óskerta tekjutryggingu. Hafi bótaþeginn hins vegar meiri tekjur skerðist tekjutryggingin um 55% þeirra tekna sem umfram eru.

d) Heimilisuppbót.

Einhleypir örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar og eru einir um heimilisrekstur fá greidda heimilisuppbót og skerðist hún í sama hlutfalli og tekjutryggingin.

e) Bifreiðastyrkur.

Hægt er að greiða uppbót vegna reksturs bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar. Umsókn skal berast á lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Lýsing á fötlun umsækjanda berist tryggingayfirlækni ef slíkar læknisfræðilegar upplýsingar liggja ekki fyrir í Tryggingastofnuninni.

f) Makabætur.

Greiða má maka örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi t. d. ef hann getur ekki stundað atvinnu vegna sjúkleika maka í heimahúsi.

g) Barnalífeyrir.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára ef annað foreldrið er örorkulífeyrisþegi. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

h) Sjúkrahúsvist.

Hafi örorkulífeyrisþegi dvalist í sjúkrastofnun eða annarri stofnun lengur en fjóra mánuði alls á undanförnum 24 mánuðum fellur lífeyrir hans niður 5. mánuðinn. Þó er alltaf greiddur útskriftarmánuðurinn. Heimilt er þó Tryggingastofnun að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á.

i) Barnaörorka.

Sérstakan styrk er heimilt að greiða vegna bæklaðs eða vanþroska barns frá 1—16 ára aldurs sem hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Um örorkumöt vegna bæklunar eða vanþroska barns á aldrinum 1—15 ára gilda aðrar reglur en við örorkumöt lífeyristrygginga. Þegar um örorkumat vegna barns er að ræða er einkum lagt til grundvallar matinu sú aukna umönnun og sá aukni kostnaður sem sjúkdómur barnsins (fötlun barnsins) veldur. Örorkustig eru þrjú, það er styrkur 1, en bætur þess nema 25% af lífeyri, styrkur 2 nemur 50% lífeyris og styrkur 3 nemur 75% lífeyris.

í) Ýmiss konar afsláttur fyrir fatlaða sem eru örorkulífeyrisþegar (hafa 75% örorkumat eða meira).

1. 50% afsláttur á lyfjum, sérfræðilæknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu.
2. Endurgreiðsla á tannviðgerðum:
   a) 50% endurgreitt. Sjúkrasamlag greiði örorkulífeyrisþega án tekjutrygginga helming af kostnaði vegna tannviðgerða.
   b) 75% endurgreitt. Sjúkrasamlag greiði örorkulífeyrisþega sem nýtur einhverra tekjutrygginga 75% af kostnaði vegna tannviðgerða.
   c) 100% endurgreitt.
      1) Langlegusjúkir. Sjúkrasamlag greiðir örorkulífeyrisþega sem telst langsjúkur kostnað vegna tannviðgerða að fullu.
      2) Vangefnir. Sjúkrasamlag greiðir örorkulífeyrisþega sem telst vangefinn og nýtur fullrar tekjutryggingar kostnað vegna tannviðgerða að fullu.

j) Örorkubætur.

Ef hinn slasaði reynist að lokinni meðhöndlun bera varanleg mein skal örorka hans metin hjá tryggingayfirlækni. Reynist hún minni en 15% er slysatryggingadeild ekki bótaskyld. Ef örorka mælist á bilinu 15—49% er heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur. Ef örorka er metin 50% fær hinn slasaði greidd 50% af fullum örorkulífeyri sem hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig sem við hann bætist uns örorkan nemur 75% en þá greiðist fullur lífeyrir. Sé örorka metin 75% eða þar yfir er greiddur fullur örorkulífeyrir. Nýtur bótaþegi þá allra þeirra réttinda sem örorkulífeyri fylgir.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum hins slasaða ef örorka hans er metin meira en 50%. Sé örorkan metin 75% skal greiða fullan barnalífeyri en sé örorkutapið minna lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1% sem vantar á 75% örorku.

7. Lög um grunnskóla nr. 63/1974. Reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977.

Samkvæmt 2. gr. laga um grunnskóla er hlutverk grunnskólans í samvinnu við heimili að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Grunnskóli skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Grunnskóli skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.

Eins og hér kemur fram er í orði kveðnu allvel búið að menntun og málum fatlaðra á

grunnskólastigi. Áhersla er lögð á það að allir eigi kost á og fái innan grunnskólans þá kennslu sem unnt er að veita þar. Nú er það hins vegar vitað mál að erfitt er í þjóðfélagi sem þessu að búa svo um hnútana að allir geti undantekningarlaust fengið menntun sína í grunnskóla og á það ekki síst við um fatlaða enda gera lögin ráð fyrir því sbr. 50. gr. laganna:

„Börn sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli að þau fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla nema til komi sérkennsla í sérstofnunum samkv. 52. gr. Kennsla fer fram eftir því sem henta þykir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og framfærsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum kennslustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda.

Þessum viðbótarkennslustundum sé einkum varið til þess að veita einstökum nemendum hjálp."

Ætlast er til að hinir almennu skólar reyni eftir fremsta megni að haga störfum sínum í samræmi við ofangreint að svo miklu leyti sem slíkt er unnt. Varðandi þessa aðstoð bæði í skólunum sjálfum og eins utan þeirra og um tilhögun slíkrar aðstoðar er kveðið nánar í 67. gr. grunnskólalaga. Þar kemur m. a. fram að hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sé að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi. Ennfremur að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennsluuppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru samkvæmt þessu. Ennfremur að taka til meðferðar nemendur sem sýna merki geðrænna erfiðleika og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra.

Þar sem ekki er starfrækt ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta hvílir ákvörðun um sérkennslu innan grunnskólans á herðum skólastjóra og kennara. Sé um alvarleg tilfelli að ræða ber samkvæmt lögum ætíð að kalla eftir sérfræðingum þegar taka þarf ákvarðanir. Valdið í sjálfu sér liggur hjá foreldrum og öll hjálp og aðstoð á þessu sviði á lögum samkvæmt að vera boðin fram af framangreindum aðilum.

Sú aðstoð sem veitt er innan grunnskólanna fer á margan hátt eftir tegund vandans og má dæmi nefna talkennslu, stuðningskennslu í deildum, deildum fyrir fjölfatlaða, deildum fyrir hreyfihamlaða, deildum fyrir heyrnarskerta, deildum fyrir málhamlaða, deildum fyrir blinda, deildum fyrir atferlistruflaða, sérdeildum fyrir nemendur með mikla námsörðugleika o. s. frv. Slíkum nemendum er ætlað nám í samræmi við eðli fötlunar. Reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu og reglugerð nr. 213/1975 um skólakostnað taka af skarið hvað þetta snertir.

Samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga er gert ráð fyrir að þeim börnum sem svo er ástatt um skuli séð fyrir kennslu í sérstofnun. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggi fyrir álit sálfræðiþjónustu um að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur. Samkvæmt lögunum ber menntamálaráðuneytinu að hafa forgöngu um að slíkar sérstofnanir verði reistar auk þess sem það lætur gera heildaráætlanir um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga um grunnskóla en lögin voru samþykkt 25. maí 1974 og öðluðust gildi þegar í stað. Samkvæmt lögum um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979 er þó heimilt samkv. 24. gr. þeirra laga að veita fé úr framkvæmdasjóði þroskaheftra og öryrkja við fjármögnun framkvæmda ríkisins vegna sérkennslu sem ekki er fyrirsjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum sem um getur í lögunum um endurhæfingu nr. 27/1970. Þá er einnig heimilt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði svo og rekstrarkostnaður þar með talin daggjöld nemenda að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða börn sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjakennslu, jafnframt börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum, og börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn, skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á hans vegum. Telji sálfræðiþjónusta, sem hlut á að máli að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, þá skal séð fyrir kennslu í sérstofnun samkvæmt því sem segir hér fyrr um þá aðila, sem þangað eiga að fara.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir skv. 52. gr. og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu er sett með stoð í þessu ákvæði. Hún gerir ráð fyrir slíkri þjónustu fyrir börn innan skólaskyldualdurs.

8. Lög um tollskrá nr. 120/1976 ásamt síðari breytingum.

Í þessum lögum eru ákvæði sem heimila fjármálaráðherra að fella niður gjöld af ákveðnum fjölda bifreiða árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Fjármálaráðherra skipar 5 manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af bifreiðunum. Skulu 4 nefndarmenn vera læknar og skipaðir skv. tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá fimmti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Ennfremur skv. þessum lögum er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess skv. læknisvottorði og henta ekki öðru fólki.

9. Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978.

Fyrir utan hin almennu ákvæði laganna um heilbrigðisþjónustu sem snerta fatlaða sem og ófatlaða þá eru í 19. gr. laganna ákvæði sem snerta beint fatlað fólk. Í 19. gr. 1. tl. laganna segir að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veita þjónustu eftir því sem við á þar með sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og endurhæfing. Hér er skýrt kveðið á um að á heilsugæslustöðvum skuli fara fram endurhæfing og koma heilsugæslustöðvar til með að gegna mikilvægu hlutverki í þessum efnum í framtíðinni.

10. Byggingarlög nr. 54/1978 ásamt byggingarreglugerð nr. 292/1979

Í 4. gr. byggingarlaga er ákvæði þess efnis að í byggingarreglugerð skuli setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar. Í byggingarreglugerðinni voru síðan sett fjölmörg ákvæði til þess að uppfylla þetta lagaákvæði. Þar er t. d. ákvæði þess efnis að hverju húsi sem ætlað er til verslunar eða annars atvinnureksturs skal að jafnaði séð fyrir a. m. k. einu bifreiðastæði á hverja 25 gólffletarmetra í húsinu. 1% slíkra stæða skal vera sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða og aldrei færri en eitt stæði. Ef um samkomuhús er að ræða s. s. kvikmyndahús, leikhús, félagsheimili og önnur slík hús skal a. m. k. séð fyrir einu bifreiðastæði fyrir hver sex sæti í húsinu. 1% slíkra stæða skal vera sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða þó aldrei færri en eitt. Þá skal við opinberar byggingar, þjónustumiðstöðvar og fjölbýlishús með fjórum íbúðum eða fleirum jafnan gert ráð fyrir a. m. k. einu sérstaklega merktu rúmgóðu bifreiðastæði sem næst inngangi fyrir hreyfihamlaða.

Í fjölbýlishúsum þar sem aðstæður leyfa skal a. m. k. ein íbúð á jarðhæð vera hönnuð þannig að hún henti þörfum fatlaðra. Þá er í reglugerðinni ákvæði sem varðar dyraumbúnað,

aðgengi að húsum, salernisaðstöðu, stærð lyfta og fjölmargt fleira sem sérstaklega er sett til þess að koma til móts við þarfir fatlaðra.

11. Lög um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979 og reglugerð fyrir svæðisstjórnir um málefni þroskaheftra og öryrkja nr. 263/1980

Með setningu laganna um aðstoð við þroskahefta á árinu 1979, en lögin tóku gildi 1. janúar 1980, náðist mikill áfangi í áralangri baráttu foreldrafélaga þroskaheftra og annarra aðstandenda þessa hóps fatlaðra einstaklinga til að tryggja þeim jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna. Reynsla síðustu ára og áratuga hafði sýnt að þessi hópur fatlaðra hafði orðið meira útundan við skipulag þjónustu hins opinbera við fatlað fólk en aðrir hópar fatlaðra, enda gátu líkamlega fatlaðir mun betur barist fyrir réttindamálum sínum en þeir sem áttu við andlega fötlun að stríða, auk þess að landlægir fordómar voru í garð þeirra sem við andlega fötlun bjuggu.

Í lögunum er kveðið á um að þroskaheftum skuli tryggt jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna sem er í sjálfu sér ekki nýmæli þar sem líta verður svo á að mannréttindi, þar með talið jafnrétti, sé einn af hornsteinum löggjafarstarfsins. Hvað snertir þroskahefta sérstaklega er hins vegar um nýmæli að ræða. Þá er í lögunum skilgreint hugtakið þroskaheftur. Það táknar hvern þann sem þannig er ástatt um að hann geti ekki án sérstakrar aðstoðar náð eðlilegum líkamlegum eða andlegum þroska. Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um yfirstjórn málefna þroskaheftra og um skýra verkaskiptingu milli þeirra þriggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og menntamálaráðuneytisins, sem með þessi málefni fara og samvinnu þeirra innan sérstakrar stjórnarnefndar. Landinu er skipt niður í átta starfssvæði að því er málefni þroskaheftra varðar. Þar er gert ráð fyrir sérstökum svæðisstjórnum sem er ætlað það hlutverk að fara með þessi málefni í héraði og er þannig ætlunin að færa frumkvæði þessara mála sem mest yfir í héruðin og jafnframt að þar fari fram sem fjölþættust þjónusta. Gert er ráð fyrir að á hverju svæði skuli eftirfarandi þjónusta vera veitt: Frumgreining, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, þroskaþjálfun, talkennsla, félagsráðgjöf, leiktækjaþjónusta og sálfræðiþjónusta.

Í öðrum kafla laganna er fjallað um tilkynningarskyldu og er lögfest viss tilkynningarskylda þannig að þeim aðilum sem annast mæðraskoðanir, heilsufarsskoðanir og því um líkt sé gert skylt að fylgjast vel með andlegu og líkamlegu atgervi þeirra sem þeir skoða og tilkynna foreldrum og svæðisstjórnum ef um er að ræða grun um þroskaheftingu. Sett er á fót sérstök aðalgreiningarstöð, Greiningarstöð ríkisins, og er henni fyrst og fremst ætlað að annast rannsóknir á og greiningu á þroskaheftum ásamt öðrum störfum. Greiningarstöð ríkisins hefur nú verið úthlutað lóð í Reykjavík og er unnið við að teikna stöðina en útboð munu hefjast á árinu 1982. Í 4. kafla laganna er fjallað um þær stofnanir sem skulu annast þjónustu við þroskahefta. Hins vegar eru skýr ákvæði um það að búið skuli þannig að almennum stofnunum að þeim sé kleift að annast slíka þjónustu og er það í samræmi við ríkjandi stefnu að þroskaheftum og öðrum fötluðum einstaklingum verði sem mest komið út á almennar stofnanir og þar með í sem mest tengsl við aðra þjóðfélagsþegna en ekki „lokaðir inni" í sérstökum stofnunum. Þær stofnanir sem sérstaklega eru settar á fót fyrir þroskahefta eru skv. lögunum þessar: Deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum, göngudeildir, skammtíma fósturheimili, leikfangasöfn, skóladagheimili, sambýli, afþreyingarheimili, hjúkrunarheimili, verndaðir vinnustaðir ásamt vinnumiðlun, heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimili.

Í lögunum eru sérstök ákvæði sem tryggja eiga það að þeir aðilar sem ekki njóta kennslu eða þjálfunar utan heimilis fái slíka kennslu ókeypis og þjálfun sem metin yrði við þeirra hæfi. Hér er um að ræða ákvæði til þess að tryggja það að þroskaheftir sem einhverra hluta vegna njóta ekki þeirra almennu þjónustu sem fyrir hendi er skv. lögum verði ekki útundan. Þá eru ákvæði um að framfærendur þroskahefts einstaklings sem eingöngu dvelur í heimahúsum og

þarfnast umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, að höfðu samráði við Greiningarstöð ríkisins eigi rétt á aðstoð. Viðkomandi sveitarfélög sjá um að þessi aðstoð verði veitt en kostnaður við aðstoðina er greiddur úr ríkissjóði. Ennfremur er framfærendum heimilt kjósi þeir það sjálfir og þeir séu til þess hæfir að annast hina þroskaheftu einstaklinga og er þá heimilt að veita þeim aðstoð með peningagreiðslum sem nemur hálfu daggjaldi á meðalstofnun. Milli 30—40 einstaklingar njóta nú aðstoðar skv. þessum ákvæðum laganna (15. gr) og nemur kostnaður á ári nálægt 1.8 millj. kr.

Ríkið skal sjá um skv. lögunum að koma á fót stofnunum fyrir þroskahefta, öðrum en deildum tengdum dagvistarstofnunum og leikskólum, svo og heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimilum. Sveitarfélögin sjá um að koma upp deildum tengdum dagvistarstofnunum og leikskólum. Ríkið tryggir þroskaheftum ókeypis vist á stofnunum fyrir þroskahefta og greiðir alla þjónustu á þessum stofnunum.

Af kostnaði vegna reksturs allra stofnana fyrir þroskahefta annarra en heimila sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimila greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóður 15%. Kostnaður vegna starfa Greiningarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkisstjóði svo og kostnaður vegna starfa stjórnarnefnda. Kostnaður vegna starfa héraðslækna og fræðslustjóra í svæðisstjórnum greiðist af viðkomandi stjórnvöldum en kostnaður vegna starfa fulltrúa sveitarstjórna greiðist af viðkomandi sveitarfélögum í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri. Kostnaður vegna starfa fulltrúa foreldrasamtakanna greiðist hins vegar úr ríkissjóði.

Með lögunum um aðstoð við þroskahefta er stofnaður sérstakur sjóður, Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir við stofnanir fyrir þroskahefta aðrar en deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum, heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila og vistheimila. Þá hefur sjóðurinn það hlutverk að fjármagna aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu og endurhæfingar, einnig endurhæfingarstöðvar og dvalarheimili, sem ekki er fyrirsjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum sem um getur í lögunum nr. 27/1970 um endurhæfingu.

Tekjur sjóðsins eru þær að ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til 10 millj. kr. og skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var framlag ríkissjóðs til sjóðsins 20 100 000 kr. Hins vegar var veitt til framkvæmdar á lögunum við aðstoð við þroskahefta á árinu 1981 3 693 970 kr. Auk framlags ríkissjóðs eru tekjur sjóðsins frjáls framlög og aðrar tekjur sem til kunna að falla, auk vaxtatekna.

Stjórnarnefnd annast stjórn sjóðsins. Hlutverk hennar er að ráðstafa fé sjóðsins að fengnum tillögum ráðuneyta félagsmála og menntamála og leita skal staðfestingar viðkomandi ráðherra. Heimilt er að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu sem ríki eða sveitarfélögum ber sannanlega ekki að greiða.

Þó svo að skammur tími sé liðinn frá því að lögin tóku gildi 1. janúar 1980 er framkvæmd þeirra kominn á góðan rekspöl. Svæðisstjórnir hafa allar verið skipaðar og hafa þær tekið til starfa og eru sumar þegar búnar að ráða sér sérstaka framkvæmdastjóra og jafnvel sérfræðinga á sviði málefna fatlaðra. Gerðar hafa verið kannanir á nokkrum svæðum til þess að kanna þörfina fyrir stofnanir af því tagi sem lögin gera ráð fyrir að settar verði á fót auk þess að kanna almennt ástand mála er snýr að þroskaheftum og öryrkjum á hverju svæði fyrir sig. Nokkrar stofnanir hafa risið og tekið til starfa í samræmi við lögin og fleiri eru í undirbúningi. Það er því hægt að fullyrða að lögin hafa gjörbreytt því ástandi sem var áður en lögin voru sett hvað varðar almenna þjónustu opinberra aðila við þennan þjóðfélagshóp sem löngum hefur verið talinn svo til útundan miðað við aðra hópa þjóðfélagsins sem njóta þjónustu og aðstoðar opinberra aðila.

Í samræmi við lögin um aðstoð við þroskahefta hafa nú þegar verið settar tvær reglugerðir sem kveða á um framkvæmd einstakra atriða laganna. Reglugerð nr. 263/1980 fyrir svæðisstjórnir um málefni þroskaheftra og öryrkja var sett í maí 1980. Í relgugerðinni er kveðið á um stofnun og skipan svæðissjórna, nánar um hlutverk þeirra og starfshætti. Þá hefur verið sett sérstök reglugerð fyrir svæðisstjórnir þeim til leiðbeiningar um ákvörðun um greiðslur framfærslustyrks til þroskaheftra einstaklinga sem dvelja eingöngu í heimahúsum skv. 15. gr. laganna.

Reglugerð nr. 319/1979 um öryrkjavinnu.

Í reglugerð þessari er gert ráð fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins skuli eftir óskum öryrkja en í samráði við endurhæfingarráð og öryrkjasamtök ráða örorkulífeyrisþega til vinnu hjá einstaklingum eða atvinnufyrirtækjum öðrum en vernduðum vinnustöðum. Að undangengnum ráðningarsamningi skal að jafnaði fara að minnsta kosti 4 vikna reynslutími nema að atvinnurekandi sé reiðubúinn að gera 3 ára samning á reynslutíma. Upphaf reynslutíma sé staðfest bréflega af öryrkja og atvinnurekanda á lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Á reynslutímanum falla örorkubætur til öryrkjans ekki niður enda þótt Tryggingastofnunin taki þátt í launagreiðslu þann tíma. Fylgi sérstakur kostnaður reynslutímanum t. d. vegna námskeiðs þá má greiða uppbót á lífeyri öryrkjans með hliðsjón af venjulegum reglum um uppbætur. Að loknum reynslutíma og að jafnaði innan þriggja mánaða skal gengið frá vinnusamningi sem undirritaður skal af vinnuveitanda og af deildarstjóra lífeyrisdeildar fyrir hönd Tryggingastofnunar ríkisins. Vinnusamningur skal gerður til þriggja ára og í honum tekið fram að Tryggingastofnun endurgreiðir vinnuveitanda 75% af fastakaupi öryrkjans fyrsta árið, 50% annað árið en 25% hið þriðja. Verði um vaktaálag, bónusgreiðslur eða yfirvinnu að ræða tekur Tryggingastofnun ekki þátt í henni, nema í sérstökum undantekningartilfellum, sem metin eru af deildarstjóra lífeyrisdeildar Tryggingastofnunarinnar.

13. Lög nr. 47/1981 um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

Þessi lög sem samþykkt voru á síðasta Alþingi fela það í sér að kostnaður við að gera breytingar á byggingum heilbrigðisstofnana, grunnskólum, dagvistarstofnunum, félagsheimilum og íþróttahúsnæði með það fyrir augum að gera þær aðgengilegar fötluðu fólki, greiðist í sömu hlutföllum og um stofnkostnað væri að ræða. Tilgangur laga þessara er að koma til móts við sívaxandi kröfur samtaka fatlaðra um það að gert verði átak til þess að breyta opinberum byggingum í þágu fatlaðra með það fyrir augum að auðvelda aðgengi þeirra og umgang um byggingarnar.

Eins og sjá má af þessari upptalningu hér á þeim lögum og relgugerðum, sem í gildi eru og snerta beint eða óbeint málefni fatlaðra, þá eru það einungis tvenn lög, sem fela í sér víðtæka skipulagningu á opinberri þjónustu við fatlaða, þ. e. lögin um endurhæfingu frá 1970 og lögin um aðstoð við þroskahefta frá 1979. Önnur lög og aðrar reglugerðir, sem hér hafa verið nefndar, snerta málefni fatlaðra einungis að litlu leyti og þá í flestum tilfellum sem hluti af annarri löggjöf er tekur til allra þjóðfélagsþegna.

Nýmæli frumvarpsins.

Megin einkenni frumvarps um málefni fatlaðra eru að í fyrsta lagi er steypt saman þremur gildandi lögum, þ. e. lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila nr. 12/1952 að undanskilinni 1. gr. þeirra laga, lögum um endurhæfingu nr. 27/1970 og lögum um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979, en í samráði við fulltrúa hagsmunasamtaka fatlaðra var þessi leið valin. Í öðru lagi einkennist framvarpið af því að nú er í fyrsta sinn komið á heildarskipulagningu félagslegrar þjónustu hins opinbera við fatlað fólk án tillits til þess hver

fötlunin er. Þar með er lagt til að fatlað fólk verði sett undir einn hatt þar sem markmiðið er að stuðla að jafnrétti og fullkominni þátttöku fatlaðra í daglegu lífi.

Þegar vinna hófst við samningu þessa frumvarps var kannað hvort tiltækt væri og æskilegt að steypa saman í eina heild þeirri löggjöf sem fjallar beint eða óbeint um málefni fatlaðra. Niðurstaðan varð sú að slík lagasmíð yrði í flestu sundurlaus og auk þess væri í mörgum tilvikum óæskilegt að taka út úr almennri löggjöf ákvæði sem sérstaklega snertir fatlaða og setja saman í einn lagabálk. Segja má að hér sé komið að þýðingarmiklu grundvallaratriði í málefnum fatlaðra og reyndar jafnréttismálum í heild. Sú stefna hefur rutt sér til rúms víða um heim á síðustu tímum að æskileg þróun í málefnum þeirra sem á einhvern hátt þurfa sérstakt liðsinni til þess að ná jafnstöðu við meirihluta þjóðfélagsþegnanna og að þeir yrðu í öllum aðalatriðum samstiga þeim, sem þessa liðsinnis þurfa ekki við, væri að þessa hópa ætti ekki að skilja frá þjóðfélagsheildinni ef mögulegt væri að komast hjá því, heldur koma málum þannig fyrir að þeir yrðu eðlilegur hluti hennar á öllum sviðum. Hefur þetta verið nefnt „integrering" eða samskipunarstefna. Þetta er æskilegt og þýðingarmikið markmið, sem ber að ná sem allra fyrst. Hins vegar eru blákaldar staðreyndir þessa máls þær að þessu markmiði verður tæpast náð nema með því að grípa til sérstakra aðgerða til þess að flýta því að jafnstöðunni verði náð. Telja verður að það réttlæti með ýmsum hætti að bregða á það ráð að setja sérstaka löggjöf til hagsbóta fyrir það fólk sem ekki nýtur fullrar jafnstöðu við aðra þjóðfélagsþegna.

Í Danmörku og Svíþjóð var fyrir nokkurm árum sett sérstök félagsmálalöggjöf, í Danmörku „bistandsloven" og í Svíþjóð „social tjenesteloven" þar sem í einum lagabálk er steypt saman öllum ákvæðum félagslegrar aðstoðar og þjónustu hins opinbera við alla þjóðfélagsþegna alveg án tillits til þess hvort þeir eru fatlaðir, ófatlaðir, ungir eða gamlir. Í báðum þessum löndum tók það rúman áratug að setja þessi lög en síðan lögin hafa verið sett hefur framkvæmd þeirra reynst með mismunandi móti og hafa komið upp raddir, sem hafa gagnrýnt það að lögin ýti undir að einungis þeir, sem eru betur í stakk búnir til að ná réttindum sínum njóti frekar aðstoðarinnar en þeir sem t. d. búa við andlega eða líkamlega erfiðleika. Þá hefur það einnig verið gagnrýnt í þessum lögum að slík allsherjarskipulagning félagslegrar þjónustu í einum lagabálk bjóði upp á of þunglamalegt og hægfara kerfi, auk þess að oft á tíðum hafi markmiðum löggjafarinnar alls ekki verið náð einmitt vegna þessa, sem hefur það í för með sér að misrétti hefur á mörgum sviðum aukist.

Þegar undirbúningurinn að gerð þessa frumvarps hófst var starfandi nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins, sem hafði það hlutverk að gera tillögur um það hvort hægt væri að semja allsherjar félagsmálalöggjafarfrumvarp. Í upphafi var í ráði að hafa náið samstarf við þessa nefnd þar sem ljóst var að starfsemi hennar og þeirra sem unnu að frumvarpinu til laga um málefni fatlaðra hlyti að skarast í mjög veigamiklum atriðum. Starfið gekk þó ekki sem skyldi í félagsmálalöggjafarnefndinni þar sem ekki náðist nægilegt samkomulag um markmið og leiðir í því starfi.

Þegar löggjöf sem snertir málefni fatlaðra var skoðuð kom strax í ljós að lögin um aðstoð við þroskahefta nr. 47/1979 voru einu lögin sem kalla mátti heildstæð, þ. e. a. s. þau ná til margra sviða þar sem talin var þörf á aðstoð og hvernig sú aðstoð skyldi veitt. Þar að auki er í lögunum gert ráð fyrir ákveðnu skipulagi á framkvæmdum ríkisins í þessum efnum svo og tryggja þau aðstandendum þroskaheftra áhrif á ákvörðunartöku um framgang mála. Þótt ekki sé komin ýkja mikil reynsla á framkvæmd laganna þykir þó sýnt að þau horfi í mikla framfaraátt og með þeim hafi mjög jákvætt spor verið stigið. Þegar í upphafi starfsins við gerð þessa frumvarps þótti einboðið að athuga hvort ekki væri hægt að styðjast við þessa löggjöf. Niðurstaðan var sú að það var gert og í grófum dráttum má segja að lögin um aðstoð við þroskahefta hafi verið gerð víðfeðmari og þau látin taka til allra fatlaðra. Helstu nýmæli frumvarpsins eru því eftirfarandi:

1. Þó að sú stjórnsýsluregla hafi lengi verið hér á landi að þeim sem lagasetningin á að þjóna, eða öllu heldur hagsmunasamtökum þeirra, séu tryggð nokkur áhrif á framkvæmd laga og setningu reglugerða í samræmi við lögin, enda væru lögin oftast ófrmkvæmanleg án þess, þá er mjög sjaldgæft ef þá dæmi þekkjast um það, að slík regla hafi verið formlega lögfest í viðkomandi lögum. Í 1. gr. frumvarpsins er skýrt tekið fram að eitt af markmiðum laganna sé að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvörðunartöku um málefni sín s. s. með því að leita umsagna heildarsamtaka fatlaðra eða þeirra félaga eða styrktarfélaga fatlaðra, sem hlut eiga að máli hverju sinni, við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þá varðar. Hér er lagt til að lýðræðisleg vinnubrögð verði viðhöfð við töku ákvarðana, sem miða að framkvæmd þessa frumvarps sem hér er, ef það verður að lögum. Ef til vill væri hægt að flytja þau rök gegn lögfestingu ákvæða af þessu tagi að með því væri löggjafarvaldið og framkvæmdavaldið að ákveðnu leyti að afsala sér rétti og völdum við framkvæmd laganna. Það hlýtur hins vegar að vera bæði í þágu framkvæmdavalds og löggjafarvalds að framkvæmd laga sé með sem bestum og fullkomnustum hætti. Þeir, sem eru njótendur laganna hafa oftast langbestar upplýsingar um hver vandamálin eru, sem þýðir aftur á móti að það hlýtur að vera mikill fengur að því að tengja þá beint við framkvæmd laga sem mestra hagsmuna hafa að gæta að séu framkvæmd á sem bestan hátt. Þátttaka hagsmunasamtaka í framkvæmd laga hlýtur því að vera mun æskilegri leið til að framkvæma viðkomandi lög en að það séu einungis embættismennirnir, sem annist hana alfarið.

2. Gerð er tilraun til þess að skilgreina hugtakið fötlun og gerð tillaga um það að hugtakið fötlun verði notað sem heildarhugtak yfir allar tegundir af andlegri eða líkamlegri skerðingu. Stuðst er í þessari skilgreiningu við skilgreiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (World Health Organization) og vísast að öðru leyti til athugasemda um nánari upplýsingar varðandi þetta atriði.

3. Til og með 5. gr. frumvarpsins fjallar um uppbyggingu stjórnunarkerfisins í sambandi við framkvæmd laganna. Í þessu frumvarpi er fylgt því stjórnsýslukerfi, sem sett var á fót í samræmi við lögin um aðstoð við þroskahefta. Eðlilegt er að stofnaðar verði sérstakar deildir innan félagsmálaráðuneytisins, sem fari með framkvæmd þessara laga, en nú þegar er starfandi deild um málefni þroskaheftra innan félagsmálaráðuneytisins. Nauðsynlegt er að hún útvíkki starfssvið sitt og annist málefni allra fatlaðra í framtíðinni, enda er það í verkahring ráðuneytisins.

Sérstök stjórnarnefnd fer með yfirstjórn málefna fatlaðra í umboði ráðuneytisins og er hún skipuð sjö mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðuneytin þrjú, sem fara með málefni fatlaðra, félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, skipa sinn manninn hvert. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn mann, en samtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn, skv. nánari reglum sem ákveðnar verða með reglugerð í samráði við samtökin.

Þá er landinu skipt í átta starfssvæði hvað málefni fatlaðra snertir og fylgir sú skipting kjördæmaskipuninni í landinu. Á hverju svæði er sett á fót 7 manna svæðisstjórn, sem hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila, sem með þessi mál fara á svæðinu. Í hverri svæðisstjórn sitja fræðslustjóri umdæmisins, héraðslæknir og 5 menn sem skipaðir eru af ráðherra. Tveir þeirra eru skipaðir skv. tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga, en samtök fatlaðra tilnefna 3 menn á sama hátt og í stjórnarnefnd.

Rétt er að það komi fram að við samningu þessa frumvarps náðist ekki samkomulag milli hagsmunasamtaka fatlaðra sem koma til með að hafa aðild að stjórnarnefnd og svæðisstjórn, þ. e. Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna þroskahjálpar.

Öryrkjabandalag Íslands gerði í upphafi þá kröfu að það fengi þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd og svæðisstjórnir ef þær yrðu skipaðar 7 mönnum. Landssamtökin þroskahjálp hafa aftur á móti lagt á það megináherslu að um væri að ræða jafna tölu milli samtakanna. Á

tímabili hafði náðst bráðabirgðasamkomulag eftir nokkurra mánaða viðræður um að Öryrkjabandalagið fengi tvo fulltrúa og Landssamtökin þroskahjálp einn. Landssamtökin þroskahjálp gerðu þó þann fyrirvara að fyrirhugað landsþing samtakanna myndi taka endanlega ákvörðun um afstöðu samtakanna. Landsþing þetta var haldið í október 1981 og var þar sú ákvörðun tekin að krefjast jafnrar fulltrúatölu á við Öryrkjabandalagið. Öryrkjabandalagið heldur hins vegar enn fast við kröfu sína um skiptinguna 2:1.

Af þessum sökum er það haft opið í frumvarpinu hvernig þessum þremur fulltrúum hagsmunasamtakanna verður skipt milli þeirra og lagt til að ráðherra setji reglugerð um það eftir að samtökin hafi sjálf komið sér saman um það. Hins vegar er ekki óeðlilegt að Alþingi fjalli sérstaklega um þetta mál.

Það er orðin viðurkennd skoðun meðal fræðimanna á sviði stjórnsýslu að þau stjórnunarkerfi sem sett eru á fót til að framkvæma tiltekin lög gegna lykilþætti í því hvernig framkvæmdin sjálf tekst til. Á síðustu árum hafa rannsóknir á sviði stjórnsýslu og stjórnunar beinst æ meira inn á þær brautir að kanna með hvaða hætti lög og reglugerðir eru framkvæmd, en áður fyrr beindist athygli stjórnsýslufræðinga fyrst og fremst að innihaldi laga og með hvaða hætti þau voru sett, þ. e. hvaða hagsmunir höfðu þar áhrif á, hvernig ákvarðanir voru teknar og hvernig ákvarðanir yrðu teknar í framtíðinni á grundvelli laganna sjálfra. Margar rannsóknir, t. d. í Norður-Ameríku, hafa leitt í ljós að framkvæmdum á lögum er oft mjög ábótavant og eru til fjölmörg dæmi um það að lögum hafi lítið eða jafnvel ekki verið framfylgt mörgum árum eftir að þau voru sett. Þessar rannsóknir hafa leitt það í ljós að ástæðan fyrir því að lögum hefur verið lítið og illa framfylgt sé fyrst og fremst falin í því stjórnunarmynstri sem sett hefur verið á fót til þess að framfylgja þessum tilteknu lögum. Hefðbundin aðferð við framkvæmd laga hefur verið nefnd í stjórnsýslufræðinni „framvirk" framkvæmd (forward implimentation). „Framvirk" framkvæmd felur það í sér að framkvæmd tiltekinna laga sé mjög miðstýrð, þ. e. að framkvæmdin sé fyrst og fremst í höndum embættismanna ráðuneytisins eða ráðuneytanna, sem fara með framkvæmd laganna. Þetta þýðir það að þeir sem annast framkvæmdina eru oft í mjög mikilli fjarlægð frá þeim, sem eiga að njóta góðs af framkvæmdinni, auk þess að upplýsingar og sérfræðiþekking þarf að berast langa leið frá þeim, sem njóta framkvæmdarinnar gegnum stjórnunarferilinn upp til ráðuneytisins. Ráðuneytið lætur síðan sín boð ganga til baka niður í gegnum stjórnunarferilinn niður til þeirra sem njóta góðs af framkvæmdinni. Þetta hefur í för með sér ákaflega stirða ákvörðunartöku og hægfara, burt séð frá því að miðpunktur ákvörðunartökunnar og framkvæmdarinnar er í höndum á embættismönnum ráðuneytanna, sem hafa með margt að sýsla og hafa misjafnlega mikinn tíma til að sinna verkefnum.

Á síðustu árum hafa stjórnsýslufræðingar, sem rannsakað hafa þetta vandamál lagt til aðra lausn við framkvæmd laga með það fyrir augum að liðka fyrir framkvæmdinni og efla hana. Lausn þessi felur í sér kerfi sem er algjör andstæða „framvirkrar" framkvæmdar. Hin nýja aðferð nefnist „afturvirk" framkvæmd (backward implimentation). „Afturvirk" framkvæmd felur í sér miklu meiri valddreifingu og lýðræðislegri stjórnunaraðferðir en tíðkast með „framvirkri" framkvæmd. Embættismenn ráðuneytanna gegna nú fyrst og fremst því hlutverki að vera úrskurðaraðilar um ágreiningsefni, svo og eftirlitsaðili með því að framkvæmdin sé í anda gildandi laga og reglugerða, svo og gegna því hlutverki að sjá til þess að framkvæmdin sé gerð á sem hagkvæmastan hátt án þess að þjónustan skerðist, þ. e. þeir gegna því hlutverki að vera nokkurskonar eftirlitsaðilar með ákvörðunartöku á sviði stjórnunar og fjárveitinga. Með „afturvirkri" framkvæmd er valdið fært mun nær þeim sem eiga að njóta laganna auk þess að þeir verða beinir þátttakendur í framkvæmdinni sjálfri, sem ætti þá að tryggja árangursríkari framkvæmd þar sem það er í þágu beinna hagsmuna þeirra, sem njóta framkvæmdarinnar að framkvæmdin takist sem best. Með þessu móti færist ákvörðunartakan einnig miklu nær þeim sem lögin ná til og þar með verður ákvörðunartakan og framkvæmdin mun hraðari heldur en ef fylgt væri aðferð „framvirkrar" framkvæmdar.

Uppbygging stjórnunarkerfisins skv. þessu frumvarpi er byggð á þeirri grundvallarreglu, að reynt verði að byggja sem mest á frumkvæði þeirra sem næstir eru vettvangi og ættu því að þekkja vandamálin best. Svæðisstjórnirnar eru þá sá aðili, sem er næst þeim sem lögin ná til, auk þess að í svæðisstjórnum sitja fulltrúar þeirra. Sá aðili sem síðan tengir saman viðfangsefni og verkefni svæðisstjórnanna og tekur ákvarðanir sem svæðisstjórnirnar gætu ekki tekið er stjórnarnefndin. Stjórnarnefndin stendur einnig mjög nálægt þeim sem lögin ná til, því að fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra sitja þar ásamt embættismönnunum. Félagsmálaráðuneytið og stjórnardeild þess um málefni fatlaðra er síðan framkvæmdaraðili stjórnarnefndarinnar og úrskurðaraðili í umboði ráðherra um ágreiningsefni. Stjórnardeildin hefur einnig það hlutverk að fylgjast með því að lögin séu framkvæmd á sem hagkvæmastan og árangursríkastan hátt. Endanlegur úrskurðaraðili síðan um þau málefni sem þurfa úrskurðar við, sem ekki er hægt að veita á lægri stjórnunarstigunum, er svo félagsmálaráðherra sjálfur.

4. Í 8. gr. frumvarpsins eru ákvæði sem fjalla um þjónustu og vistun á stofnunum. Í gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta segir að umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn án tillits til þess hvers eðlis stofnunin er. Svæðisstjórnin mælir síðan með vistun að höfðu samráði við forstöðumann enda sé áður leitað umsagnar Greiningarstöðvar ríkisins og hún hafi mælt með vistuninni. Sé hins vegar um að ræða stofnanir sem reknar eru af öðrum aðilum en ríki og sveitarfélögum skal jafnframt hafa samráð við stjórnir þeirra stofnana.

Eftir þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna um aðstoð við þroskahefta er það orðin skoðun þeirra, sem þekkja til þessara mála, að þetta ákvæði væri of strangt því það svipti að vissu leyti stjórnendur og eigendur sjálfstæðra stofnana rétti til ákvarðana um vistun á viðkomandi stofnunum. Þá ber einnig að geta þess að verði þetta frumvarp að lögum mun það ná yfir fjölmargar sjálfseignarstofnanir, sem ekki heyrðu undir lögin um aðstoð við þroskahefta, s. s. stofnanir sem reknar eru á vegum Öryrkjabandalagsins og Sjálfsbjargar svo eitthvað sé nefnt. Eðlilegt er því að tryggja stjórnum og stjórnendum þessara stofnana áframhaldandi ákvörðunarrétt um vistunarmál stofnananna. Í þessari grein er því lagt til að umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skv. 5., 7., 9. og 13. tl. 7. gr., þ. e. meðferðarheimili, sambýli, hjúkrunarheimili og vistheimili, verði sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórnin mælir með vistun á þessum stofnunum að höfðu samráði við forstöðumann stofnunarinnar og Greiningarstöð ríkisins og hún mæli með vistun. Sé um að ræða stofnanir sem reknar eru af öðrum aðilum en ríkinu þarf til að koma samþykki forstöðumanna og/eða stjórna þeirra. Með þessu er dregið úr því mikla valdi svæðisstjórnanna og Greiningarstöðvar ríkisins, sem þeim var tryggt með gildandi lögum, auk þess að ekki er gengið á rétt forstöðumanns og stjórna sjálfseignarstofnananna þar sem samþykki þeirra þarf til að einstaklingur geti fengið vistun á þeim stofnunum.

5. Í 10. gr. frumvarpsins er ákvæði, sem felur í sér að fötluð börn á aldrinum 0—18 ára, sem dvelja í heimahúsum og njóta takmarkaðrar þjónustu, en þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu, eiga rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið. Geti framfærendur sjálfir annast þessa aðstoð og telji svæðisstjórn hana nauðsynlega og þá til þess hæfa skal greiða fyrir hana 20—175 klst. á mánuði eftir mati svæðisstjórnar skv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Í gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta, þ. e. 15. gr., er gert ráð fyrir að þessi aðstoð nemi sem svarar hálfu daggjaldi á meðalstofnun. Hálft daggjald á meðalstofnun nemur nú á milli 4 og 5 þús. kr. á mánuði. Þar sem aðstæður geta verið það breytilegar og þörfin fyrir aðstoð af þessu tagi mismunandi þá hefur það verið skoðun þeirra sem annast hafa framkvæmd gildandi laga að e. t. v. væri markið sett nokkuð hátt með því að miða við hálft daggjald. Sem stendur njóta 30—35 börn þessarar aðstoðar skv. 15. gr. laganna um aðstoð við þroskahefta og er áætlað að greiðslur vegna þess kosti ríkissjóð í kringum 1.8 millj. kr. á þessu

ári. Af þessum sökum var talið nauðsynlegt að gera þetta ákvæði sveigjanlegra þannig að meta mætti greiðsluþörfina á mismunandi hátt eftir þörfum hins fatlaða einstaklings.

6. 5. kafli frumvarpsins fjallar um hæfingar- og endurhæfingarmál. Í þessum kafla eru tekin inn þau ákvæði endurhæfingarlaganna sem fjalla beint um endurhæfingu og er hlutverk þessa kafla frumvarpsins að tryggja það að ákvæði þeirra laga falli ekki niður við það að lögin falli úr gildi, ef þetta frumvarp verður að lögum.

Eitt mikilvægasta nýmælið í þessu frumvarpi er að lögin um endurhæfingu nr. 27/1970 eru felld inn í þetta frumvarp, þ. e. þau ákvæði þeirra laga, sem snerta beint skipulag og meðferð endurhæfingar. Þetta felur í sér að endurhæfingarráð leggst niður en yfirstjórn endurhæfingarmála verður stjórnarnefndin og framkvæmdaraðilinn sú deild félagsmálaráðuneytisins, sem mun fara með málefni fatlaðra. Með þessu móti er stjórn endurhæfingarmála tekin beint inn í ráðuneytið jafnframt því að hún er sett inn í það stjórnsýslumynstur sem byggt er upp með þessu frumvarpi, þ. e. endurhæfingarmál eru skipulögð svæðisbundið. Þó svo að lögin um endurhæfingu hafi verið mjög mikilvægt og stórt framfaraspor á sínum tíma þá er eins og að þau lög hafi aldrei fullkomlega náð tilgangi sínum. Einkum má telja að tvennu sé þar um að kenna. Í fyrsta lagi hafa fjárveitingar verið takmarkaðar mjög til endurhæfingarráðs og því ekki verið gerlegt að skipuleggja þá þjónustu sem æskilegt hefði verið að skipuleggja á vegum þess ráðs. Með því að taka stjórnun endurhæfingarmálanna inn í stjórnardeild ráðuneytisins ætti hins vegar að vera minni hætta á því að skipulag endurhæfingarmála verði útundan vegna skorts á fjármagni. Í öðru lagi gera lögin um endurhæfingu ekki ráð fyrir neinni svæðisbundinni þjónustu á sviði endurhæfingarmála. Þetta hefur gert það að verkum að þjónustan hefur fyrst og fremst verið í kringum skrifstofu endurhæfingarráðs, sem staðsett er í Reykjavík, þ. e. hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, og ekki hefur verið bolmagn til annars vegar vegna fjárskorts, og í öðru lagi vegna þess að stjórnsýslulegt skipulag hefur ekki boðið upp á það að dreifa þjónustunni jafnt og þétt til allra byggðarlaga landsins.

7. 22.—24. gr. frumvarpsins fjalla fyrst og fremst um atvinnumál fatlaðra. Það er samdóma álit hagsmunasamtaka fatlaðra að stærsta vandamál sem snýr að fötluðu fólki sé atvinnumálin. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að setja sérstök ákvæði inn í þetta frumvarp sem beinlínis miðuðu að því að reyna að leysa úr brýnasta vanda fatlaðra í sambandi við atvinnumál. Lagt er til að svæðisstjórnirnar komi á fót atvinnuleit fyrir fatlaða sem hafi það fyrst og fremst að starfi að leita að vinnu fyrir fatlað fólk. E. t. v. mætti telja þetta ákvæði óþarft þar sem til eru lög um atvinnumiðlun sem rekin skal vera á vegum sveitarfélaga. Reynslan hefir hins vegar sýnt að í öllum sveitarfélögum nema í þeim allra stærstu, s. s. Reykjavík og Akureyri, eru vinnumiðlanir svo til máttlausar stofnanir enda ekki verið þörf fyrir starfsemi af því tagi síðasta áratug vegna góðs ástands í atvinnumálum landsmanna. Fatlað fólk hefur hins vegar setið á hakanum með atvinnuútvegun. Reykjavíkurborg hefur reynt að leysa úr brýnasta vandanum með því að setja á fót sérstaka deild við Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar, öryrkjadeild, sem fyrst og fremst vinnur við að útvega öryrkjum atvinnu við sitt hæfi og hefur hún náð góðum árangri á þeim stutta tíma sem hún hefur starfað.

8. 23. gr. frumvarpsins fjallar um það að á hverjum vinnustað skal ætla fötluðu fólki að minnsta kosti 20. hvert stöðugildi, enda hafi áður farið fram viðræður milli svæðisstjórnar, stjórnar fyrirtækis og trúnaðarmanns hlutaðeigandi stéttarfélags og ljóst þykir að finna megi störf við hæfi. Hér er stigið nokkuð róttækt skref í sambandi við atvinnumál fatlaðra, þ. e. að atvinnurekendur eru nánast skyldaðir til þess að taka frá ef aðstæður leyfa, ákveðinn fjölda af stöðugildum fyrir fatlað fólk. Það er hins vegar álit fjölmennra samtaka fatlaðra að lagasetning af þessu tagi sé nauðsynleg. Aðferð þessi hefur verið reynd í mörgum nágrannalöndum okkar. Lagaákvæði af þessu tagi hafa verið í gildi í Bretlandi síðan 1945. Í mörgum ríkjum Austur-

Evrópu eru slík lagaákvæði í gildi, í Austurríki, og Svíar hafa nýlega stigið skref í þess átt með mjög jákvæðum árangri.

Þá er loks í þessum kafla ákvæði, sem tekið er beint upp úr endurhæfingarlögunum þess efnis, að þeir sem notið hafa endurhæfingar eiga öðrum fremur rétt til atvinnu hjá ríki og sveitarfélögum ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Reynslan hefur sýnt að þetta lagaákvæði hefur verið svo til máttlaust síðan lögin um endurhæfingu tóku gildi. Hins vegar var ekki talið ráðlegt að fella þetta niður við gerð þessa frumvarps, en þess í stað reyna að stefna að því að framfylgja því og yrði það væntanlega hlutverk svæðisstjórnanna og atvinnuleitarinnar. Við þetta lagaákvæði endurhæfingarlaganna var síðan bætt ákvæði í þessu frumvarpi, þess efnis, að sé hinum fatlaða synjað um starfið geti svæðisstjórn krafið veitingarvaldshafann um skriflega greinargerð um þá ákvörðun.

9. Í 27. gr. er nýtt ákvæði þess efnis að heimilt er að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til þess að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miði að aukinni og hagkvæmri starfsemi þeirra.

Jafnframt sé heimilt að veita lán úr Framkvæmdasjóði til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað, sem tryggt geti fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði, enda mæli svæðisstjórn og atvinnuleitin með breytingunum. Með þessum hætti eiga atvinnurekendur rétt á því að sækja um lán í Framkvæmdasjóð til þess að breyta vinnustöðum sínum með það fyrir augum að auðvelda fötluðu fólki atvinnumöguleika við þá.

10. Í 35. gr. frumvarpsins er fjallað um tekjur Framkvæmdasjóðs. Þar er nýmæli frá gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta, sem felur það í sér að til viðbótar við ríkisframlagið, frjáls framlög og vaxtatekjur, renni til sjóðsins óskertar tekjur erfðafjársjóðs. Skv. lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila nr. 12/1952 skal verja því fé er rennur í erfðafjársjóð til lána og styrkveitinga til að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni. Á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um framkvæmdasjóð aldraðra nr. 49/1981. Samkvæmt þessum lögum skulu framkvæmdasjóði aldraðra tryggðar tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu leggja á á árinu 1981. Hlutverk framkvæmdasjóðsins er að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Þar sem hér er kominn til sögunnar sérstakur framkvæmdasjóður til byggingar dvalarheimila og húsnæðis fyrir aldraða, var talið eðlilegt að leggja til að ráðstöfunarfé erfðafjársjóðs renni til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Markmið og stjórn.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um markmið laganna en það er í grundvallaratriðum að tryggja fötluðum sömu réttindi og öðrum þjóðfélagsþegnum. Þau réttindi, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, eru þau, sem ekki eru tryggð með öðrum lögum, sem fjalla um almenn mál og snerta hina félagslegu aðstoð þjóðfélagsins. Sem dæmi um slík almenn lög sem tryggja alla landsmenn má nefna lög um grunnskóla nr. 63/1974 og lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978.

Í þessari grein er jafnframt lagt til að þau lýðræðislegu vinnubrögð verði höfð við framkvæmd laganna og þeirra reglugerða, sem settar verða í samræmi við þetta frumvarp, ef að lögum verður, að samtök fatlaðra fái umsagnarrétt við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þá varðar. Með þessum hætti er markmið þessarar greinar að tryggja áhrif heildarsamtaka fatlaðra og félaga þeirra á ákvörðunartöku um málefni sín.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gerð tilraun til þess að skilgreina hugtakið fatlaður. Margar tilraunir hafa verið gerðar til þess á undanförnum árum bæði hér og erlendis að ná samstöðu um einhverja eina skilgreiningu á hugtakinu fötlun. Menn greinir töluvert á um það hverja telja beri fatlaða og hverja ekki. Skv. mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (World Health Organization) er hægt að áætla að 10. hver maður teljist fatlaður. Þetta þýðir að hér á landi eru um 23 þús. manns fatlaðir. Þeir sem einkum er hægt að telja fatlaða, og allir eru sammála um að séu fatlaðir, eru fyrst og fremst þeir sem eru hreyfihamlaðir, blindir, sjónskertir, heyrnarlausir, heyrnarskertir, þroskaheftir og aðrir sem búa við andlega fötlun og geðsjúkir. Þessi upptalning eða skilgreining, sem sett er fram í frumvarpinu leysir þó engan veginn þann vanda, sem framkvæmdaaðilar löggjafarinnar, ef þetta frumvarp verður að lögum, standa frammi fyrir þegar meta þarf hverjir eiga að njóta þeirrar aðstoðar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að þeir njóti. Af þeim sökum hlýtur að vera eðlilegt að tilgreina sérstaklega í greinargerð samtök fatlaðra, sem eðlilegt er talið að komi aðallega við sögu við framkvæmd þessara ákvæða. Þessi samtök eru: **Öryrkjabandalag Íslands** ásamt aðildarfélögum, en þau eru: Blindrafélagið, Blindravinafélag Íslands, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra, Geðverndarfélag Íslands, Gigtarfélag Íslands, Heyrnarhjálp, Samband ísl. berklasjúklinga, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Styrktarfélag vangefinna, Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra og Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra. **Landssamtökin þroskahjálp** ásamt aðildarfélögum þess, en þau eru: Foreldrafélag þroskaheftra á Suðurlandi, Foreldrafélag þroskaheftra í Hafnarfirði, Foreldrasamtök barna með sérþarfir í Reykjavík, Foreldrafélag barna með sérþarfir á Akureyri, Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla, Foreldra- og vinafélag Skálatúns, Foreldra- og vinafélag Kópavogshælis, Foreldra- og vinafélag Sólheima í Grímsnesi, Foreldra- og styrktarfélag Tjaldanesheimilis, Þroskahjálp Suðurnesjum, Þroskahjálp á Vesturlandi, Umsjónarfélag einhverfra barna, Foreldra- og styrktarfélag blindra og sjónskertra, Félag þroskaþjálfa, Félag þroskaþjálfanema, Félag ísl. sérkennara.

Af öðrum félögum fatlaðra sem talið er eðlilegt að hér sé um að ræða, má nefna þessi: Heyrnleysingjafélagið, Félag astma- og ofnæmissjúklinga, sem að vísu er í Sambandi ísl. berklasjúklinga, Félag sykursjúkra, Félag psoriasissjúklinga, MS-félagið, Landssamtökin Hjartavernd og Geðvernd. Þess skal getið að tvö aðildarfélög Öryrkjabandalagsins eru jafnframt aðildarfélög þroskahjálpar og voru þau því ekki talin upp í upptalningunni um Landssamtökin þroskahjálp, en þessi félög eru: Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Styrktarfélag vangefinna.

Eins og fram hefur komið áður í þessari greinargerð er lagt til að eitt heildarhugtak verði notað yfir hinar mismunandi tegundir af andlegri og líkamlegri skerðingu eða hömlun, þ. e. hugtakið fötlun.

Síðla árs 1980 gaf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin út bók með leiðbeiningum um þessi málefni: Bókin „International Classification of Impairments, Disabilities and Handicaps". Með útgáfu bókarinnar er boðuð tilraun til að samræma skráningar og flokkun afleiðinga sjúkdóma og slysa, sem hefur öllum verið skipað í flokka. Finnast þar flokkunarnúmer fyrir allar tegundir meina, fötlunar og örorku. Í allmörg ár hefur samskonar flokkunarskráning verið viðhöfð um sjúkdóma og slys þ. á m. hér á landi og hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin talið allt eins þarft að skrá og flokka afleiðingar þ. e. varanleg mein af völdum sjúkdóma og slysa, fötlun sem af slíkum meinum leiðir og örorku sem leiðir af fötlun. Með skráningu og flokkun af þessu tagi eiga heilbrigðisyfirvöld m. a. betri kost að hafa handbærar upplýsingar um bæði nýgengi og algengi þeirra vandamála, sem hér um ræðir, en slíkt er nauðsynlegt til að hægt sé að sjá fyrir um þörf þjónustu á þessum vettvangi og búast undir hana.

Alþjóðlegu endurhæfingarsamtökin (Rehabilitation International) hafa nýverið gefið út stefnumörk sín fyrir 9. áratuginn í tilefni árs fatlaðra 1981 og hafa þar tekið upp sömu

skilgreiningar á afleiðingum sjúkdóma og slysa og greindar eru í bók Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Í stuttu máli eru forsendur skráningar og flokkunar um sjúkdóma og slys þessar: Starfsmenn í heilbrigðisþjónustu hafa til langframa vanist að einskorða hug sinn við ferlið „orsök-sjúkdómur- einkenni- lækning“. Svo eðlilegt sem þetta ferli er þá er það endasleppt þegar lækning ekki tekst og bót ekki fæst. Tillaga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um framlag ferlisins er eftirfarandi: 1. Fötlun (impairments) sem er fólgið í missi eða starfsemisröskun líffæris, líffærishluta eða líkamshluta eða í röskun sálarlífs. 2. Skerðing (disability) sem er fólgin í hverskonar færnisskerðingu eða færnissviptingu (vegna meins) til að fást við viðfangsefnið á þann veg og innan þeirra marka sem mönnum er eiginlegt og ætlandi. 3. Örorka (handicap) sem er fólgin í annmörkum sem mönnum eru búnir vegna meins eða fötlunar og draga úr eða koma í veg fyrir að þeir fái rækt hlutverk sem þeim eru almennt ætluð.

Þetta ferli má skýra með dæmum: Maður veikist af lungnabólgu sem í ljós kemur að orsakast af tilteknum bakteríum. Þó er vitað um orsök, sjúkdóm og einkenni, og meðferð er veitt í samræmi við það, einkenni dvína og sjúkdómurinn batnar, eftirköst verða engin og varanlegt mein ekkert.

Annar einstaklingur veikist hastarlega með verk í brjósti og greind er kransæðastífla. E. t. v. er vitað um meðvirkandi orsakaþætti, e. t. v. ekki, og þá koma fram ýmisleg einkenni en með réttri og nægjanlegri meðferð dvína þau og maðurinn kemst til heilsu. Þó býr hann að líkindum við varanlega fötlun fólgna í röskun og flæði blóðs til ákveðins geira hjartavöðvans. Vera má að það valdi honum engri færnisskerðingu, en vera má einnig að áreynsluþol verði eftirleiðis minna sem kann að verða honum skerðing til frambúðar að því leyti að hann getur ekki tekist á við viðfangsefnið á þann veg sem honum var eiginlegt áður. Á hinn bóginn er ekki líklegt að þetta ástand leiði til örorku þar eð hann getur haldið áfram vinnu sinni og rækt aðrar skyldur sínar þrátt fyrir minnkað áreynsluþol.

Þriðja dæmi er það að einstaklingur veikist með máttleysi í annarri hlið líkamans. Einkenni vaxa og hann fær helftarlömun. Oftast er vitað um einhver tildrög slíkrar lömunar. Bati getur verið með ýmsum hætti en líklegt er að til frambúðar verði minni máttur í útlimum þeirrar hliðar og er þar með til staðar varanleg fötlun, sem leiðir til skerðingar því að færni hans er skert til að fást við ýmis viðfangsefni eins og t. d. að ganga, að sinna persónuþörfum og öðrum athöfnum o. s. frv. Ef ekkert er að gert er örorka sjálfgert framhald skerðingarinnar að því leyti að hann getur ekki rækt hlutverk sín, sem að öllum jafnaði eru fólgin í atvinnu og e. t. v. þátttöku í félagslífi o. s. frv.

Ljóst er að mörk milli fötlunar, skerðingar og örorku kunna að vera óskýr og oft fljótandi. Í ýmsum tilvikum kann heldur ekki að vera ljóst strax, að menn hafi hlotið varanlega fötlun eftir sjúkdóm eða slys þótt líklegt sé að slík atvik geri fljótlega vart við sig. Í sumum tilvikum kann einnig að vera matsatriði hvort fötlun leiði til skerðingar en að öllu jafnaði fer það ekki á milli mála. Hins vegar geta augljóslega margir þættir komið við sögu og ráðið hvort skerðing leiði til örorku eða ekki. Mörg atriði skipta þar máli, líkamsástandið, sálarhagurinn, fyrri störf, menntun, búseta, atvinnuframboð, fjölskylda og ýmis persónuatriði, hneigðir, viðleitni, skapgerðarþættir o. s. frv.

Vert er að benda á að örorka er ekki síður merki um vanefni samfélagsins til þess að mæta þörfum þeirra sem fatlast hafa. Samfélagið reiknar ekki með slíkum meðlimum innan vébanda sinna, heldur er það fyrst og fremst byggt upp fyrir þá sem eru fullfærir að taka þátt í samkeppni um gæði þess. Óafvitandi leggur samfélagið þannig steininn í götu þeirra sem fatlast hafa og er þannig sjálft meðvaldur örorku þeirra. (Það sem hér hefur verið sagt um hina fræðilegu hlið hugtaksins fötlunar og umræðunnar um skilgreiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er alfarið byggt á grein Hauks Þórðarsonar, yfirlæknis, er birtist í Morgunblaðinu 12. febr. 1981 undir heitinu: „Fötlun, aðdragandi- afleiðing.“)

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um skiptingu málaflokka milli þeirra þriggja ráðuneyta sem með þessi mál fara í dag og eðlilegt þykir að fari með áfram. Eitthvert stærsta vandamálið varðandi málefni fatlaðra í dag er ugglaust skortur á yfirstjórn og samstjórn. Það eitt að koma þessu í lag er stór áfangi í velferðarmálum fatlaðra. Til þessa dags hefur ekkert eitt ráðuneyti farið með samræmda yfirstjórn þessara mála. Að svo miklu leyti sem þessu hefur verið stjórnað skv. lögum hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið farið með almannatryggingamál og vistunarmál fatlaðra nema þeirra sem þroskaheftir eru skv. lögunum um aðstoð við þroskahefta. Menntamálaráðuneytið hefur farið með menntunarmál þeirra og félagsmálaráðuneytið með félagsmál, endurhæfingu og Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Varðandi aðra málaflokka hefur trauðla verið um stjórnun að ræða. Hefur hún verið handahófskennd og skv. venju fremur farið fram á einstökum stofnunum en í ráðuneytum.

Hér er lagt til að félagsmálaráðuneytið fari með stjórn allra annarra málefna en þeirra er snerta hjúkrunar- og sjúkradeildir og fræðslu. Í sjálfu sér má endalaust deila um það hvar eðlilegt sé að hafa slíka yfirstjórn. Hins vegar verður því ekki á móti mælt að í dag er litið á þessi mál frá félagslegum sjónarhóli ekki síður en heilbrigðislegum eða fræðslulegum. Samstjórn þessara mála er því einna helst félagslegs eðlis og því ekki óraunhæft að félagsmálaráðuneytið annist slíkt.

Eðlilegt er að sérstök deild sinni þessum málum innan félagsmálaráðuneytisins. Ekki þarf lagaákvæði til stofnunar slíkrar deildar því þegar er fyrir hendi deild sem annast málefni þroskaheftra og er eðlilegast að hún taki við yfirstjórn málefna annarra fatlaðra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir stjórnarnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar ráðuneytanna þriggja, stærstu hagsmunasamtaka fatlaðra, þ. e. Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna þroskahjálpar, auk fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. Verkefni þessarar stjórnarnefndar yrði fyrst og fremst að gæta þess að samræma allar ráðstafanir og alla þjónustu þannig að skörun málefna ráðuneytanna, sveitarfélaganna og hagsmunasamtakanna yrði úr sögunni, en slíks eru mörg dæmi í dag. Að öðru leyti varðandi þessa grein vísast til 2. tl. í kaflanum um helstu nýmæli frumvarpsins.

Um 4. gr.

Skv. þessari grein er ætlunin að skipta landinu niður í 8 starfssvæði. Svæði þessi eru þau sömu og fræðslusvæðin og læknishéruðin skv. gildandi lögum, sbr. einnig lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Er eðlilegt að hér sé valin sama skipan enda líklegt að fleiri lög verði sniðin eftir þessu í framtíðinni.

Um 5. gr.

Á sama hátt og felst í þeirri stjórnunarlegu uppbyggingu sem lögin um aðstoð við þroskahefta kveða á um gerir þetta frumvarp ráð fyrir því að á hverju svæði skuli starfa sérstök svæðisstjórn skipuð 7 mönnum. Hlutverk svæðisstjórnarinnar er að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila sem með stjórn þessara mála fara á svæðinu. Skv. því er ætlast til að frumkvæðið sé fyrst og fremst í héraðinu sjálfu og er það í samræmi við þann anda sem afturvirk framkvæmd felur í sér. Í svæðisstjórninni eiga sæti fræðslustjórar og héraðslæknar auk 5 annarra einstaklinga sem skipaðir eru af ráðherra. 2 þeirra eru skipaðir samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga og skal annar þeirra vera úr fulltrúaráði eða framkvæmdastjórn viðkomandi samtaka. Þetta ákvæði er sett inn í frumvarpið til þess að tryggja það að ætíð verði annar sveitarfélagsfulltrúinn úr hópi forustumanna samtaka sveitarfélaga í landinu og er það til þess að tryggja betri tengsl svæðisstjórnanna við Samband ísl. sveitarfélaga. Þá er lagt til að hagsmunasamtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefni 3 fulltrúa sem skipt verði milli þeirra eftir reglum sem settar verða af ráðherra að höfðu samráði við samtökin.

Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera úr borgarstjórninni sjálfri til þess að tryggja bein tengsl við hana, en hinn skal vera borgarfulltrúi í félagsmálaráði Reykjavíkur þar sem ljóst verður að svæðisstjórn Reykjavíkur mun þurfa mjög að hafa samskipti við ráðið við framkvæmd laganna í höfuðborginni. Þá er það lagt til að þeir sem skipi svæðisstjórnina skuli búsettir á svæðinu, en tilgangur með þessu ákvæði er sá að tryggja það að þeir sem skipi svæðisstjórnina séu hnútum kunnugir á því svæði sem svæðisstjórnin starfar á.

II. KAFLI

Þjónusta og stofnanir.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um meginþætti þeirrar þjónustu, sem nauðsynlegt er að veita á hverju svæði eigi lög sem þessi að þjóna tilgangi sínum. Gert er ráð fyrir því að þessi þjónusta verði veitt sem mest á almennum stofnunum þjóðfélagsins, s. s. í skólum og heilsugæslustöðvum, auk þess á stofnunum sem taldar eru upp í 7. gr. Sé rétt að framtíðarskipulagningu staðið er enginn vafi á því að tengja mætti þetta við þá þætti heilbrigðis-, mennta- og félagsþjónustu almennt, sem fyrir eru í landinu eða verið er að koma á fót. Þannig yrði kostnaður vegna þessa óverulegur, verði þetta fellt inn í heildarmyndina.

Svæðisstjórnir gera tillögu um það hvernig þessari þjónustu verði best fyrir komið á hverju svæði og geta fleiri en eitt svæði t. d. sameinast um sérmenntað starfsfólk. Í þeim tilvikum, sem ekki eru nægjanleg verkefni fyrir sérmenntað starfsfólk eða þar sem ekki fæst slíkt fólk, getur sami aðili tekið t. d. að sér tvo eða fleiri þjónustuþætti, enda fengi hann sérstaka þjálfun til viðbótarstarfa, sbr. nánari ákvæði um hlutverk Greiningarstöðvar ríkisins. Einnig er mögulegt að þeir sem annast ákveðna þætti skv. þessu á einu svæði gegni þjónustu á öðru eða öðrum svæðum, ef slíkt bitnar ekki á aðalstarfi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um þjónustu þessa annað hvort miðað við tiltekið svæði eða tiltekin sameinuð svæði fyrir landið í heild. Getur svo farið að tvö svæði sameinist algerlega um alla þjónustu og þarf þá til að koma reglugerð, þar sem m. a. yrði kveðið á um þjónustu og tekin afstaða til skiptingar kostnaðar o. fl. Þá veitir ráðherra leyfi fyrir nýrri þjónustustarfsemi svo og heimilar breytingar á þjónustustarfsemi að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um stofnanir sem nauðsynlegar eru til þess að gera fötluðum mögulegt að öðlast jafnrétti og fullkomna þátttöku á við aðra þjóðfélagsþegna. Án slíkra stofnana verður marki laga sem þessara ekki náð sbr. 1. gr. frumvarpsins. Þessar stofnanir eru því eitt af grundvallaratriðum frumvarpsins og í órofa tengslum við farsæla lausn þessara mála í náinni framtíð. Skal reynt hér á eftir að gera í stuttu máli grein fyrir eðli þessara stofnana:

1. Dagvistarstofnanir og deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum.

Með dagvistarstofnunum er átt við hefðbundnar dagvistarstofnanir sveitarfélaga fyrir börn. Með deildum tengdum dagvistarstofnunum er um að ræða deildir sem einna helst svipar til deildarinnar við Múlaborg í Reykjavík, þ. e. a. s. deild þar sem veitt er sérkennsla og þjálfun og jafnframt boðið upp á sameiginlega leikaðstöðu með öðrum börnum er á heimilinu dveljast.

2. Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.

Æskilegt væri að slíkar göngudeildir yrðu starfræktar við að minnsta kosti eina heilsugæslustöð á hverju starfsvæði og þá að sjálfsögðu á stærri stöðvunum, þ. e. a. s. H2 stöðvum þar sem starfa tveir læknar hið minnsta. Þar yrðu veitt viðtöl og ráðleggingar gefnar vegna ýmisskonar vandkvæða hins fatlaða heima fyrir o. s. frv.

3. Skammtímafósturheimili.

Hér er um að ræða starfsemi líka þeirri sem er við upptökuheimili Reykjavíkurborgar við Dalbraut, þ. e. a. s. heimili þar sem koma má fötluðum fyrir um stundarsakir t. d. vegna tímabundinna aðstæðna á heimili vegna veikinda eða annarra sambærilegra ástæðna.

4. Leikfangasöfn (lekotek).

Leikfangasöfn eru nauðsynleg og þyrfti helst að vera eitt slíkt á hverju svæði og ætti að vera auðvelt að tengja slíkt fræðsluskrifstofu héraðsins eða öðrum æskilegum stað að mati svæðisstjórnar. Í dag er rekið leikfangasafn í Kjarvalshúsi á vegum Öskjuhlíðarskóla, á vegum svæðisstjórnar Reykjaness er rekið leikfangasafn í Keflavík og verið er að leggja drög að stofnun leiktækjasafna á Austurlandi, Suðurlandi, Vesturlandi og víðar.

5. Meðferðarheimili.

Hér er átt við heimili fyrir börn og unglinga með geðrænar truflanir.

Heimili af þessu tagi eru fyrst og fremst ætluð fyrir einhverf börn og unglinga, sem þarfnast dvalar um lengri tíma.

Æskilegur fjöldi einstaklinga á slíkum heimilum væri 6—8 og að sjálfsögðu ættu slík heimili að vera í venjulegum íbúðahverfum og byggjast upp á heimilislegan og hlýlegan hátt með tilliti til langtíma dvalar. Gera þarf ráð fyrir að hluti af meðferðinni fari fram á öðrum stofnunum eftir því sem við verður komið. Ennfremur er æskilegast að börnin sæki skóla utan heimilisins og væri eðlilegast að koma á fót sérdeildum við almenna skóla, sem sæju um kennslu þessara barna, sem og annarra.

6. Sumardvalarheimili.

Hér er átt við að komið yrði á fót og starfræktar sumarbúðir fyrir fatlaða í öllum landshlutum. Gera þarf ráð fyrir sérstökum sumardvalarheimilum fyrir börn og öðrum fyrir fullorðna. Starfsemi slíkra heimila miðast við að gefa fötluðum kost á að skipta um umhverfi og dvelja utan heimilis síns sér til ánægju og heilsubótar um lengri eða skemmri tíma að sumrinu.

Gera þarf ráð fyrir góðri aðstöðu til heilsuræktar og annarra viðfangsefna, sem miðist við þarfir þeirra, er þar dvelja.

Eðlilegast er hins vegar þar sem því verður við komið að koma fötluðum börnum á sumardvalarheimili, sem rekin hafa verið þar sem jafnframt dvelja ófötluð börn.

7. Sambýli (pensionöt).

Hér er um að ræða fyrst og fremst heimili fyrir fatlaða, sem geta með lítilli aðstoð séð um sig sjálfir. Æskilegur fjöldi á slíku heimili væri 6—8 einstaklingar og þyrftu eingöngu einn mann til aðstoðar. Slík heimili yrðu að sjálfsögðu í samræmi við markmið frumvarpsins að vera í almennum íbúðahverfum. Nú þegar hafa tekið til starfa tvö sambýli í Reykjavík, annað við Auðarstræti og hitt við Sigluvog, sem rekin eru af Styrktarfélagi vangefinna, en með styrk frá ríkissjóði. Reynslan af þessum sambýlum hefur verið mjög góð og er talið að sambýli muni vera einhverjar mikilvægustu stofnanir fyrir fatlað fólk sem verið er að koma í tengsl við eðlilegt þjóðlíf. Þá er verið að leggja drög að stofnun sambýlis á Selfossi og ennfremur eru starfandi sambýli á Akureyri.

8. Dagvistarstofnanir fatlaðra og afþreyingarheimili.

Dagvistarstofnanir fatlaðra og afþreyingarheimili eru til þess ætluð að veita aðstöðu til föndurs og ýmisskonar smávinnu fyrir þá fatlaða fullorðna, sem ekki geta stundað vinnu á vernduðum vinnustöðum. Á slíkum heimilum er æskilegt að hægt sé að veita einstaklings- og

hópþjálfun. Vistun á slíku heimili yrði daglöng eða hluta úr degi. Nú þegar eru reknar tvær dagvistarstofnanir fyrir fatlaða í Reykjavík. Önnur í húsi Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra við Hátún, en hin að Lækjarási við Stjörnugróf.

9. Hjúkrunarheimili.

Hér er átt við heimili fyrir fatlaða sem þannig er ástatt um að þeir geta lítið eða ekkert séð um sig sjálfir og ekki þykir ástæða til eða allsendis er ófært að hafa þá á almennum sjúkradeildum eða hjúkrunarheimili.

10. Verndaðir vinnustaðir.

Hér er átt við vinnustaði fyrir þá einstaklinga er notið hafa starfsþjálfunar en hvorki geta stundað né fá vinnu á almennum vinnumarkaði. Á þessum stöðum yrði sköpuð aðstaða til þess að leita eftir störfum fyrir þá, er þar vinna úti á hinum almenna vinnumarkaði, auk þess sem fylgst yrði með þeim í störfum þeirra á almenna vinnumarkaðinum svo lengi sem þurfa þykir. Nokkrir verndaðir vinnustaðir hafa þegar tekið til starfa eða verið starfræktir um nokkurt skeið s. s. að Reykjalundi í Mosfellssveit, hjá Öryrkjabandalaginu við Hátún og hjá Blindrafélaginu við Hamrahlíð í Reykjavík. Þá er verið að koma á fót vernduðum vinnustöðum t. d. í Vestmannaeyjum, í Reykjavík á vegum Reykjavíkurborgar, á Akureyri á vegum Sólborgar, og unnið er að því að koma upp vernduðum vinnustað í tengslum við þá starfsemi, sem rekin er við Bjarkarás við Stjörnugróf í Reykjavík.

11. Atvinnuleit.

Varðandi þennan lið er vísað til kaflans um helstu nýmæli frumvarpsins.

12. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.

Hæfingar- og endurhæfingarstöð er sú stofnun þar sem fram fer þjálfun fatlaðra með það fyrir augum að gera þá jafnhæfa og ófatlaða til starfsmöguleika og fullrar þátttöku í þjóðlífinu. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar geta verið með tvennu móti. Í fyrsta lagi er um að ræða stöðvar þar sem fram fer þjálfun andlega heftra einstaklinga með það fyrir augum að gera þá hæfari til fullrar þátttöku. Þá eru til stöðvar þar sem fyrst og fremst fer fram endurhæfing skertra vöðva og líffæra einstaklinga, sem t. d. hafa lamast vegna slyss eða sökum sjúkdóma. Í heilbrigðislögunum nr. 57/1978 er gert ráð fyrir því að á heilsugæslustöðvum verði starfrækt endurhæfing. Með því móti hefur endurhæfingarstöðvunum verið dreift mjög víða um landið og gerir það að verkum að menn geta sótt endurhæfinguna nánast í sinni heimabyggð, sem er gjörbreyting frá því ástandi sem hefur ríkt á undanförnum árum. Af þekktum endurhæfingarstofnunum má nefna Grensásdeild Borgarspítalans, endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra við Háaleitisbraut, Reykjalund í Mosfellssveit, og æfingastöð Sjálfsbjargar við Hátún í Reykjavík.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um umsóknir um þjónustu og vistun á þeim stofnunum sem upp eru taldar í 7. gr. Lagt er til að umsóknir um þjónustu og vistun á meðferðarheimilum, sambýlum, hjúkrunarheimilum og vistheimilum verði sendar viðkomandi svæðisstjórn, sem síðan mælir með vistun að höfðu samráði við forstöðumann stofnunar og Greiningarstöð ríkisins og að hún mæli með vistuninni. Sé um að ræða stofnanir sem reknar eru af öðrum aðilum en ríki og sveitarfélögum þarf að koma til samþykki forstöðumanna og/eða stjórna þeirra, en hér er um að ræða rýmri ákvæði en eru í gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta þar sem segir að einungis sé nauðsynlegt að hafa samráð við stjórnir stofnananna áður en svæðisstjórnin heimilar vistunina. Varðandi aðrar stofnanir þarf ekki að koma til afskipta svæðisstjórnar eða Greiningarstöðvar. Ekki er ætlast til að svæðisstjórnir leggi faglegt mat á einstaklinga, enda verða svæðisstjórnir að hafa á sínum vegum sérfræðinga sem annast slíkt, sé það talið

nauðsynlegt, eða þær leita til Greiningarstöðvarinnar um hið faglega mat á þjónustuþörf viðkomandi einstaklinga.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar er hreint og beint til öryggis, gert með það fyrir augum að ekki komi til þess að fatlaður einstaklingur njóti engrar kennslu eða þjálfunar, ef óviðráðanlegar ástæður koma í veg fyrir að hann njóti þessa í samræmi við gildandi lög. Til þessarar þjónustu þyrfti ekki að koma nema í hreinum undantekningatilfellum, t. d. séu mikil vandkvæði á því að flytja viðkomandi. Gert er ráð fyrir því að þjónusta þessi yrði fyrst og fremst af því tagi að svæðisstjórn útvegi sérstakan kennara eða einstakling, sem getur tekið að sér þjálfun hins fatlaða og að kennslan og þjálfunin færi fram á heimili hins fatlaða.

Um 10. gr.

Þessi grein er hliðstæð 15. gr. laga um aðstoð við þroskahefta. Gert er ráð fyrir að miðað sé einungis við börn fram til 18 ára aldurs, auk þess að í stað þess að miða við hálft daggjald á meðalstofnun sé greitt 20—175 klst. á mánuði skv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Ekki er talið eðlilegt að miða við hærri aldur en 18 ára varðandi þessar greiðslur þar sem réttur til örorkulífeyris byrjar frá og með aldrinum 18 ára skv. almannatryggingalögunum. Þegar þessi ákvæði voru fyrst sett í lög með lögunum um aðstoð við þroskahefta var hér um mikilvægt nýmæli að ræða og má segja að með lögfestingu þess hafi verið brotið blað í velferðarmálum þroskaheftra þar sem forráðamönnum yrði gert auðveldara að annast sjálfir þroskahefta einstaklinga, séu þeir taldir til þess hæfir. Ekki þarf heldur að fjölyrða um þann sparnað, sem slíkt hefði í för með sér í stofnkostnaði og vistunarkostnaði takist að marka stefnu í þessum málum. Hins vegar ber að fara mjög varlega í slíkt sem þetta, en erlendis hefur þetta verið reynt með misjöfnum árangri, en þar hafa skilyrði ekki verið eins ströng. Örorkustyrkur til forráðamanna fatlaðra barna og unglinga undir 18 ára aldri, svo og allra forráðamanna öryrkja, sem ákveðinn er af tryggingaráði skv. heimild í almannatryggingalögum nr. 67/1971, þ. e. barnaörorkan, myndi falla niður, ef fatlaðir einstaklingar fá greiðslu skv. þessum ákvæðum. Að öðru leyti vísast til kaflans um nýmæli frumvarpsins varðandi þessa grein.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rekstrarleyfi stofnana fyrir fatlaða þannig að hlutaðeigandi ráðuneyti veiti slík leyfi að fengnum tillögum stjórnarnefnda og viðkomandi svæðisstjórnar. Þannig mundi heilbrigðismálaráðuneytið veita rekstursleyfi til göngudeilda og hjúkrunarheimila og menntamálaráðuneytið deildum tengdum dagvistarstofnunum og leikskólum og félagsmálaráðuneytið til reksturs sambýla, leikfangasafna, dagvistarstofnana fatlaðra og afþreyingarheimila, verndaðra vinnustaða, endurhæfingarstöðva og annarra stofnana sem ekki eru til í dag. Þá er í greininni ákvæði þess efnis að svæðisstjórnir skuli hafa eftirlit með stofnunum og að trúnaðarmönnum þeirra verði veittur aðgangur að þeim til eftirlits og upplýsinga um allt er varðar starfsemi og afkomu. Þá er í greininni ákvæði þess efnis að ráðherra er falið það vald að svipta stofnanir leyfi til starfa ef þær bæta ekki úr eftir kröfu svæðisstjórna hafi svæðisstjórn talið nauðsynlegt að gera athugasemdir við ýmislegt í fari rekstursins.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

III. KAFLI

Tilkynningarskylda.

Um 13. gr.

Hér er lögð skylda á herðar þeim er annast skoðun á þunguðum konum að tilkynna báðum foreldrum ef líkur þykja á að barn verði fatlað og hlutast til um frekari rannsókn og

fyrirbyggjandi aðgerðir í samráði við þá. Skv. gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta hvílir sú skylda á þeim er annast mæðraskoðanir að tilkynna væntanlegum foreldrum ef líkur þykja á að barn verði þroskaheft og hlutast til um frekari rannsókn. Nú er ekki skylt að tilkynna foreldrum um annars konar fötlun þótt vissulega telji margir viðkomandi heilbrigðisstarfsmenn það skyldu sína.

Ör þróun hefur orðið á fósturrannsóknum á undanförnum árum og möguleikar á fyrirbyggjandi aðgerðum (til þess að draga úr eða koma í veg fyrir fötlun) hafa aukist. Rétt þykir því að lögbinda tilkynningar- og rannsóknarskyldu þessa.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða hliðstæð ákvæði og í 13. gr., en þau eiga við um þegar fötlunareinkennin koma fyrst í ljós eftir fæðingu enda þunginn lagður á aðgerðir. Rétt þykir að viðkomandi svæðisstjórn sé tilkynnt um hugsanlega fötlun þannig að hún hafi betri möguleika á að rækja hlutverk sitt samkvæmt lagafrumvarpinu. Hins vegar ber að gera það í samráði við foreldra og séu þeir andvígir tilkynningu til svæðisstjórnar skal virða þann vilja þeirra. Skylt er þó að láta fara fram frumgreiningu á heilsugæslustöð og senda niðurstöður hennar til Greiningarstöðvar ríkisins, ef þörf er talin á vegna frekari rannsókna og ráðgjafar um meðferð vegna fötlunar, en annars ekki. Nauðsynlegt er að foreldrar séu fræddir sem best um eðli fötlunarinnar og allar ráðstafanir til þess að lækna eða draga úr henni.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar ættu að vera tiltölulega auðveld í framkvæmd. Heilsufarsskoðanir barna munu óvíða eins nákvæmar og hér á landi. Nauðsynlegt er að þessar skoðanir nái til sem flestra þátta andlegrar og líkamlegrar heilbrigði. Sem stendur er unnið að skipulagningu á heilsufarsskoðunum barna fyrir næstu framtíð. Ætti því að vera auðvelt og reyndar sjálfsagt að taka tillit til þessara atriða við þá skipulagningu. Hér hvílir sú skylda á þeim sem þessar skoðanir framkvæma að tilkynna svæðisstjórnum um fötlun vakni grunur um hana og gilda um þær tilkynningar sömu reglur og í 14. gr. Eðlilegt er að sálfræðiþjónusta í skólum hafi sömu skyldur, en unnið er að uppbyggingu hennar í samræmi við grunnskólalög frá 1974 og er hún víða komin vel á veg. Segja má að með þessu móti sé verið að nýta betur ef svo má að orði komast þær heilsufarsskoðanir sem hvort sem er fara fram.

IV. KAFLI

Greiningarstöð ríkisins.

Um 16. gr.

Þessi grein fjallar um Greiningarstöð ríkisins sem nú er verið að koma á fót samkvæmt lögum um aðstoð við þroskahefta, en ætlunin er að starfsemi hennar nái til allra fatlaðra í landinu. Greiningarstöðinni er fyrst og fremst ætlað að annast rannsókn og mat á fötlun barna og unglinga, sem vísað er þangað, sbr. t. d. 14. gr. þessa frumvarps. Þannig er ráð fyrir gert að greining á fötlun sé áfram gerð á hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum eins og verið hefur, en svo mun vera að ýmsir, sem greining er nauðsynleg, hafi ekki beinan aðgang að þeim. Því er ráð fyrir gert að ástand verði óbreytt hvað þetta snertir, a. m. k. fyrst um sinn, en nauðsynlegt er að sjálfsögðu að forðast tvíverknað á þessu sviði sem öðrum og samræma og sameina greiningarstarfið sem mest. Rétt greining er nauðsynlegur þáttur í velferðarmálum fatlaðra og hún verður tæpast gerð nema að undangenginni nákvæmri rannsókn, a. m. k. í mörgum tilfellum. Í kjölfar greiningarinnar verður að koma áætlun um meðferð og þjálfun svo og tilvísun til þeirra aðila, sem hana annast og ráðgjöf þeim til handa. Þá er mikilvægt fyrir foreldra fatlaðra barna að fá sem nákvæmasta leiðsögn um þá meðferð sem þeir sjálfir geta látið í té. Þá er ráðgert að

Greiningarstöðin starfræki leikfangaþjónustu og skrái og varðveiti upplýsingar um fatlaða í samvinnu við fræðslu-, félagsmála- og heilbrigðisyfirvöld. Ennfremur stundar hún leiðbeiningarstarf og þjálfun þeirra starfsmanna er veita fötluðum þjónustu, og er það eigi þýðingarlítið. Hér er um nýja stofnun að ræða og þykir því eðlilegt að binda starfsemi hennar í smáatriðum ekki í lög heldur hafa svigrúm til að móta hana nánar í reglugerð.

V. KAFLI

Hæfing og endurhæfing.

Í þessum kafla er fjallað um hæfingu og endurhæfingu. Nú eru í gildi sérstök lög um endurhæfingu, nr. 27 27. apríl 1970. Álitamál þótti hvort þau lög ættu að gilda áfram eða fella bæri meginefni þeirra inn í frumvarp þetta. Síðari kosturinn var valinn af þeim ástæðum að rétt þótti að þessi málaflokkur félli undir þá heildarstjórn á málefnum fatlaðra, sem ráðgerð er í frumvarpinu, með sama hætti og önnur málefni þeirra sem það nær til. Því er ekki að neita að með þessu móti verða færri atriði varðandi hæfingu og endurhæfingu sérstaklega bundin í lög, en á móti kemur að ýmis heildarákvæði lagafrumvarpsins ná til hæfingar- og endurhæfingarmála svo og er gert ráð fyrir að ýmsu sem að þessum málaflokki lýtur verði skipað með reglugerð.

Þess ber að geta að notuð eru bæði orðin hæfing og endurhæfing og er þá gert ráð fyrir að orðið hæfing sé notað þegar um er að ræða þann sem er fatlaður frá fæðingu, en orðið endurhæfing um þann sem fatlaður verður síðar á ævinni.

Um 17. gr.

Í upphafi þessarar greinar er skýrt hver sé tilgangur hæfingar og endurhæfingar og síðan hvert sé hlutverk stjórnarnefndar og svæðisstjórna á þessu sviði. Tekið er fram að fatlaðir skuli eiga kost á þjálfun við sitt hæfi svo að þeir geti sem best séð sér farborða, m. a. með eigin vinnu. Þetta ber þó ekki að skilja svo að hæfing og endurhæfing eigi að miðast við að gera þann sem hennar nýtur að útgengilegra vinnuafli. Það verður að vera hverjum í sjálfsvald sett hvort hann þjálfar sig sérstaklega til vinnu. Því er þó ekki að neita að rík og einlæg ósk flestra fatlaðra er að geta tekið þátt í dagsins önn með sama hætti og ófatlaðir.

Þá er í greininni tekið fram að stjórnarnefnd og svæðisstjórnir skuli sjá svo um að unnt sé að gera nauðsynlegar athuganir á þeim, sem þarfnast hæfingar og endurhæfingar og áætlanir um hvernig henni skuli hagað og þarf ekki að orðlengja um tilgang þessa ákvæðis.

Um 18. gr.

Samkvæmt þessari grein er stjórnarnefnd falið það hlutverk að vinna að því að verkaskipting þeirra stofnana, sem annast hæfingu og endurhæfingu sé sem hagkvæmust og starfshættir þeirra samræmdir í framkvæmd og ráða hagkvæmnissjónarmið þar að sjálfsögðu ferðinni. Í síðari málsgrein er nánari útfærsla á því sem í niðurlagi 17. gr. segir og skýrir það mál sig sjálft.

Um 19. gr.

Skv. þessari grein er gert ráð fyrir því að þeir sem eru endurhæfðir eigi möguleika á að fá fjárhagsaðstoð til að framfæra sig og fjölskyldu sína á meðan endurhæfing stendur, en gera má ráð fyrir að í mörgum tilvikum muni þeim, sem þarfnast endurhæfingar reynast erfitt að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða á meðan á henni stendur, þótt það þurfi ekki að vera undantekningarlaust. Nauðsynlegt kann að vera endurhæfingarinnar vegna að menn geti verið lausir við fjárhagsáhyggjur af þessu tagi á meðan á henni stendur til þess að hún nái tilgangi sínum. Þá er gert ráð fyrir að menn eigi kost á styrk eða láni til verkfærakaupa eða annarri fyrirgreiðslu

leggi þeir stunda á einhvers konar heimavinnu í atvinnuskyni eða sjálfstæða starfsemi og er miðað við að auðvelda mönnum að skapa sér atvinnutækifæri.

Í annarri málsgrein er kveðið á um fyrirkomulagsatriði varðandi aðstoð þessa.

Um 20. gr.

Í þessari grein er nauðsynlegt að árétta það að svæðisstjórnir gæti þess að sem best tengsl séu á milli hæfingar og endurhæfingar annars vegar, og atvinnuleitar hins vegar, þannig að lögð verði sem mest áhersla á að einstaklingur, sem notið hefur hæfingar eða endurhæfingar fái vinnu við sitt hæfi, þannig að endurhæfingin nýtist honum. Það eru til of mörg dæmi þess að á endurhæfingarstöðvum dveljist einstaklingar, sem notið hafa endurhæfingar og þurfa ekki að dveljast þar lengur, en verða að vera þar þar sem ekki hefur tekist að koma þeim í vinnu og/eða finna húsnæði fyrir þá. Þessi tengsl milli hæfingar og atvinnu eru mjög mikilvæg til að tryggja það að samskipunin (integreringin) rofni ekki.

VI. KAFLI

Húsnæðis- og atvinnumál.

Í þessum kafla er fjallað um húsnæðis- og atvinnumál fatlaðra. Nýmæli er að sérstök ákvæði séu um húsnæðismál fatlaðra, en um atvinnumál er að finna ákvæði í eldri lögum, s. s. lögum um endurhæfingu nr. 27/1970 og lögum um vinnumiðlun nr. 52/1956.

Atvinnumál eru sérstaklega mikilvægur málaflokkur, hvað varðar fatlaða, og með ákvæðum þessa kafla má ætla að staða fatlaðra á vinnumarkaðinum verði sterkari. Á hitt ber þó að líta, að lagaákvæði ein saman duga ekki til þess, að á verði breytingar, heldur þarf til að koma jákvæðari afstaða atvinnurekenda og almennings yfirleitt.

Um 21. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að svæðisstjórnin hafi forgöngu um úrbætur í húsnæðismálum fatlaðra. Hér er um nýmæli að ræða. Ekki þótti rétt að setja ítarlegri ákvæði varðandi þennan málaflokk, en valin var sú leið að fela málið í hendur svæðisstjórna með það í huga, að ítarlegri ákvæði verði sett að fenginni reynslu af starfi svæðisstjórna á þessu sviði. Minnt skal á að fatlaðir eiga nú kost á sérstökum lánum hjá Húsnæðisstofnun ríkisins vegna sérþarfa sinna.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að svæðisstjórnir komi á fót atvinnuleit fyrir fatlaða. Skv. 3. gr. laga um vinnumiðlun nr. 52/1956 er gert ráð fyrir að hlutverk vinnumiðlunar sé m. a. að veita öryrkjum aðstoð við að fá vinnu við þeirra hæfi. Nú er það svo, að vinnumiðlun er ekki starfandi í öllum kaupstöðum og kauptúnum og til undantekninga heyrir, ef vinnumiðlun er með sérstaka skipulagða starfsemi fyrir öryrkja. Slíkt er þó til, s. s. hjá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar. Rétt þótti að nota orðið atvinnuleit til aðgreiningar frá lögum um vinnumiðlun jafnframt því sem hugtakið atvinnuleit lýsir betur þeirri starfsemi sem um ræðir.

Í 2. mgr. er um að ræða frekari ákvæði um starf atvinnuleitarinnar. Sérstaklega er gert ráð fyrir því, að atvinnuleitin standi í tengslum við Tryggingastofnun ríkisins með tilliti til reglugerðar nr. 319/1979 um öryrkjavinnu, en telja verður mikilvægt fyrir atvinnumál fatlaðra, að vinnusamningum á grundvelli reglugerðarinnar fjölgi frá því sem verið hefur.

Skv. 3. mgr. skulu svæðisstjórnir hafa eftirlit með því að hagsmunir fatlaðra verði tryggðir við byggingu nýrra vinnustaða. Hér má jafnframt vísa til ákvæða í byggingarreglugerð nr. 292/1979. Þá er gert ráð fyrir, að atvinnuleitin kanni, hvernig fjölga megi störfum fyrir fatlaða og geri tillögur um, hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi. Hér er um að ræða nýmæli í lögum.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir, að sé starfandi sérstök deild fyrir öryrkja samkvæmt lögum nr. 52/1956 um vinnumiðlun, skuli svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar skv. 1. mgr. Hér er fyrst og fremst átt við Reykjavík, en óeðlilegt þykir að tveir aðilar á vegum hins opinbera vinni að þessum málaflokki á sama svæði.

Um 23. gr.

Samkvæmt þessari grein skal á hverjum vinnustað ætla fötluðum a. m. k. 20. hvert stöðugildi, enda hafi áður farið fram viðræður milli svæðisstjórnar, stjórnanda fyrirtækis og trúnaðarmanns hlutaðeigandi stéttarfélags og ljóst þyki að finna megi störf við hæfi.

Ljóst er að slík ákvæði geta verið örðug í framkvæmd, en bent er á, að svæðisstjórn getur haft frumkvæðið gagnvart einstökum atvinnurekendum á þessu sviði. Ætti það að tryggja frekar að ákvæðin nái tilgangi sínum. Ljóst er að í þeim efnum skiptir jákvæð afstaða atvinnurekenda mestu máli.

Skv. 2. mgr. skal leggja áherslu á að skipuleggja hlutastörf eftir því sem við verður komið vegna þeirra, sem ekki þola það vinnuálag, sem fullt starf hefur í för með sér. Þessi ákvæði leggja ekki beinar skyldur á þá sem skipuleggja vinnu manna, en eru fremur til viðmiðunar og leiðbeiningar.

Um 24. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að þeir sem njóti endurhæfingar eigi öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélögum, ef hæfni þeirra er jöfn eða meiri til starfsins en annarra umsækjenda. Ákvæði þetta er í svipaða veru og ákvæði 16. gr. laga 27/1970 um endurhæfingu, sbr. 2. mgr., en þar skulu þeir, sem endurhæfingar hafa notið, að öðru jöfnu eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum. Í reynd hefur þetta ákvæði breytt litlu um atvinnumál fatlaðra, en gert er ráð fyrir, að sé hinum fatlaða synjað um starf geti svæðisstjórn krafið veitingarvaldshafa um skriflega greinargerð um þá ákvörðun. Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa veitingarvaldshafa aukið aðhald varðandi ráðningar fatlaðra til starfa.

Um 25. gr.

Þessi grein fjallar um kynningu á málefnum fatlaðra. Í fyrsta lagi er lagt til að í námsskrá grunnskóla verði sett námsefni sem felur í sér umfjöllun um málefni fatlaðra og stöðu þeirra í samfélaginu. Að vissu leyti er óeðlilegt lagatæknilega séð að setja í lög sem þessi ákvæði, sem felur í sér beinlínis breytingu á einhverju ákvæði annarra laga. Eðlilegri leið væri að breyta viðkomandi lögum. Hins vegar stendur yfir athugun á breytingu á grunnskólalöggjöfinni og gæti því þetta ákvæði þjónað þeim tilgangi að ýta á eftir að ákvæði af þessu tagi yrðu sett í grunnskólalögin við þá breytingu. Hins vegar er þetta atriði sem Alþingi þyrfti að skera úr um sérstaklega, en fleira er í þessu frumvarpi sem ef til vill ætti heima í einhverjum gildandi lögum. Þetta atriði er hins vegar í anda þeirrar stefnu að sameina sem flest mikilsverðustu ákvæði gildandi laga um málefni fatlaðra.

Í öðru lagi gerir þessi grein ráð fyrir að stjórnardeild félagsmálaráðuneytisins, sem með málefni fatlaðra fer beiti sér fyrir kynningu á málefnum fatlaðra til að efla skilning almennings og eyða fordómum. Kynning þessi skal gerð í samvinnu við upplýsinga- og fræðsludeild Tryggingastofnunar ríkisins, sem ekki er óeðlilegt þar sem sú deild hefur með höndum m. a. kynningu á rétti fatlaðra.

Loks er í greininni ákvæði þar sem menntamálaráðherra er gert að ákveða að tileinka einn dag á ári meðan skólar starfa kynningu á málefnum fatlaðra í skólum landsins. Þetta ákvæði er sett að fenginni eindreginni beiðni fjölmennra hagsmunasamtaka fatlaðra.

VIII. KAFLI
Rekstur og kostnaður.

Samkvæmt meginstefnu frumvarpsins heyrir framkvæmd þess fyrst og fremst undir ríkið. Ástæða þess er m. a. sú að hin fámennari sveitarfélög hafa takmarkað bolmagn til að koma á fót þeim stofnunum, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Jafnframt er gert ráð fyrir, að félög geti komið á fót hinum ýmsu stofnunum, eins og verið hefur. Að meginstefnu til er gert ráð fyrir, að fé verði veitt úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að fjármagna hinar ýmsu framkvæmdir. Er ýmist um það að ræða að Framkvæmdasjóður greiðir stofnkostnað að fullu eða að sveitarfélag greiðir 15% stofnkostnaðar. Sama meginregla gildir varðandi rekstrarkostnað. Grundvallarregla þessa kafla er sú, að ákvæði hans breyti ekki kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 26. gr.

Hér er kveðið á um að ríkið komi á fót eftirtöldum stofnunum: Göngudeildum, sem jafnframt skulu veita eftirvernd, skammtíma-fósturheimilum, leikfangasöfnum, meðferðarheimilum, sumardvalarheimilum, sambýlum (pensionötum), dagvistarstofnunum fyrir fatlaða og afþreyingarheimilum, hjúkrunarheimilum, vernduðum vinnustöðum, atvinnuleit, hæfingar- og endurhæfingarstöðvum og vistheimilum.

Skv. 2. mgr. er gert ráð fyrir að sveitarfélög útvegi rými fyrir fatlaða á dagvistarstofnunum fyrir börn. Hér er um eðlilegar tillögur að ræða þar sem rekstur og uppbygging dagvistarstofnana er á hendi sveitarfélaga.

Skv. 3. mgr. skal ríkissjóður greiða að fullu stofnkostnað varðandi meðferðarheimili, sumardvalarheimili, sambýli (pensionöt), dagvistarstofnanir fatlaðra og afþreyingarheimili, hæfingar- og endurhæfingarstöðvar og vistheimili.

Um stofnkostnað við almennar dagvistarstofnanir þar sem dvelja fötluð börn fer eftir gildandi reglum á hverjum tíma, sbr. l. nr. 112/1976 og reglugerð nr. 149/1977. Hins vegar greiði sveitarfélög stofnkostnað við almennar dagvistarstofnanir, þó þar dvelji fötluð börn. Sérstök kostnaðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga er óraunhæf og illframkvæmanleg í slíkum tilfellum.

Ríkið greiðir 85% og sveitarfélög 15% af stofnkostnaði eftirtalinna stofnana: Göngudeildir, skammtímafósturheimili, leikfangasöfn, verndaðir vinnustaðir og atvinnuleit.

Skv. 5. mgr. skal tryggja fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 7. gr. Framkvæmd þessa ákvæðis mun mótast í tímans rás, en vakin skal athygli á, að skilgreining á hugtakinu „fatlaður" er sveigjanleg samkvæmt frumvarpinu.

Skv. 6. mgr. greiðist úr ríkissjóði kostnaður vegna kennslu og þjálfunar þeirra, sem af óviðráðanlegum ástæðum og að mati svæðisstjórnar njóta ekki kennslu og þjálfunar utan heimilis, sbr. 9. gr. Sama gildir hvað varðar kostnað á grundvelli 10. gr., þ. e. aðstoð sem sveitarstjórn veitir fötluðum börnum til 18 ára aldurs, sem dvelja í heimahúsum og þarfnast sérstakrar gæslu eða umönnunar að mati svæðisstjórnar. Jafnframt greiðist úr ríkissjóði aðstoð samkvæmt 3. mgr. 10. gr. til þeirra, sem sjálfir geta útvegað sér framangreinda aðstoð, ef svæðisstjórn telur hana nauðsynlega. Er það í samræmi við núgildandi ákvæði í lögum um aðstoð við þroskahefta.

Um 27. gr.

Skv. 1. mgr. er félagasamtökum veittur réttur á styrk úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til að koma á fót stofnunum skv. 7. gr. 3.—10. tl. og 12.—13. tl. Með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengist hefur af rekstri félagasamtaka á stofnunum fyrir fatlaða þykir eðlilegt að sá möguleiki sé fyrir hendi og að jafnframt verði veitt fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 36. gr.

Í 2. mgr. er það nýmæli, að heimilt er að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miðar að aukinni og hagkvæmari starfsemi þeirra. Þá er heimilt að veita lán úr framangreindum sjóði til að breyta almennum vinnu-

stöðum og bæta tækjabúnað í því skyni að bæta stöðu fatlaðra á vinnumarkaði. Skilyrði er þó, að viðkomandi svæðisstjórn og atvinnuleit mæli með breytingunum. Hér er um að ræða þýðingarmikil nýmæli varðandi stöðu fatlaðra á vinnumarkaði. Jafnframt er vakin athygli á 36. gr. laga nr. 64/1981 um atvinnuleysistryggingar þar sem heimilt er að veita lán til þeirra framkvæmda, sem greinin nær til.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna reksturs sérdeilda dagvistarstofnana fyrir fötluð börn greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976 um dagvistarstofnanir. Þegar um er að ræða almennar dagvistarstofnanir fyrir börn er gert ráð fyrir, að ríkið greiði þann umframkostnað, sem af því leiðir fyrir viðkomandi dagvistarstofnun að fötluð börn eru á stofnuninni. Hér er t. d. um aukinn kostnað vegna starfsmannahalds að ræða. Gert er ráð fyrir að þessar greiðslur fari eftir sérstakri daggjaldaskrá í svipuðu formi og þegar er fyrir hendi.

Samkvæmt 2. mgr. er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 85%, en sveitarsjóður 15% af rekstrarkostnaði eftirtalinna stofnana, þ. e. sá kostnaður, sem ekki greiðist af eigin fé stofnunarinnar: Skammtímafósturheimili, leikfangasöfn, atvinnuleit og vistheimili.

Ríkissjóður greiðir alfarið reksturskostnað annarra stofnana skv. 7. gr., en um kostnað vegna göngudeilda og hæfingar- og endurhæfingarstöðva fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva.

Í 4. mgr. er að finna sérstakt ákvæði um flutningsþjónustu fyrir fatlaða. Þar er gert ráð fyrir að slík þjónusta verði greidd af rekstrarfé viðkomandi stofnunar. Um rekstrarform flutningsþjónustu fyrir fatlaða er ekki að finna sérstök ákvæði. Þar getur bæði verið um það að ræða að viðkomandi stofnanir eigi og reki bifreiðar til flutnings fatlaðra eða að sveitarfélög, félagasamtök eða einstaklingar reki slíka flutningsþjónustu, og standi þá jafnframt að stofnkostnaði, en rekstrarkostnaður innheimtist af viðkomandi stofnunum. Ekki er í frumvarpinu fjallað um flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki dvelja á eða tengjast stofnunum þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 29. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna starfa Greiningarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkissjóði á sama hátt og gert er skv. lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, 20. gr. Um greiðslu kostnaðar vegna ferða einstaklinga til og frá Greiningarstöðinni skal setja sérstakar reglur af ráðherra. Er nauðsynlegt að Alþingi fjalli sérstaklega um þetta mál.

Um 31.—32. gr.

Eðlilegt þykir að kostnaður vegna stjórnarnefndar og svæðisstjórna greiðist úr ríkissjóði, enda heyra þessar nefndir undir ráðherra. Þá horfir það til einföldunar þar sem skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna einstakra fulltrúa er flókin og þung í vöfum.

Um 33. gr.

Gert er ráð fyrir að greiddur skuli eðlilegur dvalarkostnaður fatlaðra á sjálfseignarstofnunum skv. 7. gr. Daggjöld, sem ekki eru ákveðin með föstum fjárveitingum, ber að ákveða fyrir allar stofnanir, sem ekki eru í eigu hins opinbera, af stjórnarnefnd. Hafa ber samráð við daggjaldanefnd skv. almannatryggingalögum og fulltrúa frá hlutaðeigandi stofnun. Er hér um svipað fyrirkomulag að ræða og áður gilti skv. 22. gr. l. nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Mikilvægt er að réttur viðkomandi stofnunar sé virtur með því að hafa raunhæf samráð við fulltrúa stofnunarinnar við ákvörðun daggjalda.

IX. KAFLI
Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Um 34. gr.

Hér er kveðið á um að stofna skuli sjóð sem nefnist Framkvæmdasjóður fatlaðra. Samkvæmt lögum um aðstoð við þroskahefta er starfandi sjóður, sem hefur það hlutverk að fjármagna þær framkvæmdir og rekstur sem um getur í þeim lögum.

Gert er ráð fyrir að sjóður þessi fjármagni þær framkvæmdir, sem um getur í 26. og 27. gr. lagafrumvarpsins. Fyrst og fremst er um að ræða stofnkostnað en þó er heimilt að verja fé sjóðsins til rekstrarkostnaðar. Þar er fyrst og fremst um að ræða verkefni varðandi sérkennslu og endurhæfingu, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða. Nauðsynlegt þykir að hafa þessa fjármögnunarleið opna ef aðrar reynast lokaðar.

Um 35. gr.

Hér eru taldar upp þær tekjur, sem gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóðurinn fái. Stærsti tekjuliðurinn verður tvímælalaust framlag ríkissjóðs og er ekki vafi á því að framkvæmdir samkvæmt lögunum, ef frumvarpið verður að lögum, muni að verulegu leyti vera undir því komnar hversu mikið fjármagn ríkið veitir sjóðnum. Gert er ráð fyrir að framlag það, sem fyrst verður ákveðið að renni í sjóðinn, sé vísitölubundið miðað við byggingarvísitölu.

Um 36. gr.

Þessi gr. fjallar um stjórnun sjóðsins og fyrirkomulag varðandi umsókn um fjármagn úr honum og afgreiðslu og töku ákvarðana varðandi umsóknir. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Um 38. gr.

Þessi grein fjallar um leið upplýsingastreymis milli stjórnsýsluaðilanna, sem annast framkvæmd laganna. Svæðisstjórnirnar, sem grunneining stjórnunarkerfisins, safna upplýsingum um þörf vistunar, atvinnu, endurhæfingar, sérkennslu, sjúkravistunar og annarrar aðstoðar fyrir fatlaða í samræmi við þetta frumvarp, hver á sínu sviði. Þessar upplýsingar sendir svæðisstjórnin síðan til ráðuneytanna þriggja, félagsmála-, menntamála- og heilbrigðismálaráðuneytisins ásamt tillögum sínum um framkvæmdaáætlun til þriggja ára í senn. Að því búnu hefja ráðuneytin vinnslu á þessum upplýsingum og athugun á þessum áætlunum og senda niðurstöður sinnar vinnu til stjórnarnefndar, sem síðan vinnur starfsáætlanir í samræmi við sannanlega þörf og fjárveitingu hverju sinni. Þessar upplýsingar eða starfsáætlanir verða síðan sendar svæðisstjórnum og þar með er hringurinn lokaður. Þessi vinnubrögð eiga að koma í veg fyrir tvíverknað þann að ráðuneytin afli sér sömu upplýsinga og svæðisstjórnirnar og hjá sömu aðilum. Þessi aðferð við miðlun upplýsinga og töku ákvarðana um framkvæmdir tryggir það, að svæðisstjórnirnar, sem grunneining stjórnunarkerfisins við framkvæmd laganna, hafa möguleika á að hafa áhrif á forgangsröðun verkefna með tillögum sínum um framkvæmdaáætlun. Ráðuneytin aftur á móti gegna því hlutverki að vera nokkurskonar eftirlitsaðili og jafnframt mun í ráðuneytunum fara fram endanleg vinnsla framkvæmdaáætlananna í samræmi við fjárveitingar og sannanlega þörf að dómi ráðuneytanna hverju sinni. Stjórnarnefndin leggur síðan endanlega blessun sína yfir framkvæmdaáætlunina og aðrar ákvarðanir, sem þarf að taka í samræmi við þetta upplýsingastreymi og hlýtur hún að taka að stærstum hluta mið af þeim tillögum, sem koma frá ráðuneytunum því að þær tillögur hljóta að vera þær

raunsönnustu, vegna þess að allar framkvæmdir miðast við fjárhagsgetu á hverjum tíma, og það eru ráðuneytin, sem taka endanlegar ákvarðanir um fjárveitingabeiðnir, áður en slíkar tillögur eru sendar fjárlaga- og hagsýslustofnun, ríkisstjórn og Alþingi.

Um 39. gr.

Þessi grein fjallar um hlutverk svæðisstjórnanna sem eftirlitsaðila með framkvæmd laganna hverrar á sínu sviði, svo og hlutverk stjórnarnefndar í tengslum við það.

Um 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Þessi grein fjallar um þagnarskyldu þeirra, sem annast tilkynningar, meðferð og rannsóknir á fötluðum einstaklingum skv. þessu frumvarpi. Eins og eðlilegt er verður hér að ríkja fullkominn trúnaður. Það er í sjálfu sér ekki þörf á að kveða á um slíka skyldu sérstaklega í lögum sem þessum þar sem allir opinberir starfsmenn bera lögum skv. sérstaka þagnarskyldu. Aldrei verður þó þagnarskyldan brýnd nógu oft fyrir þeim sem hana bera. Vegna þess hversu viðkvæm þessi mál eru sérstaklega á þessum stigum er æskilegt að kveða sérstaklega á um þagnarskylduna hér.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem þetta frumvarp, ef að lögum verður, felur í sér viss þáttaskil í samskiptum ríkisvalds við stofnanir fyrir fatlaða þá er ekki óeðlilegt að við gildistöku laganna verði gerð sú krafa til þeirra stofnana sem eru starfandi, að þær endurnýi starfsleyfi sitt í samræmi við 11. gr. frumvarpsins ásamt því að umsókninni fylgi nákvæm lýsing á starfseminni. Þetta er mikilvægt fyrir stjórnarnefnd og ráðuneytin, því að það kann að vera að það þurfi að samhæfa rekstur ýmissa stofnana og jafnvel taka til endurskoðunar þá starfsemi, sem fyrir er í samræmi við hin nýju lög.

Sþ. 169. Fyrirspurn [146. mál]

til viðskiptaráðherra um nafngiftir fyrirtækja.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvaða ákvæði eru í lögum um nafngiftir fyrirtækja, svo sem verslana, verksmiðja, veitinga- eða gistihúsa eða annarra fyrirtækja, svo að nöfn þeirra samrýmist íslensku máli?
2. Séu engin slík lagaákvæði í gildi, eru þá áform um að setja slík lög?

Sþ. 170. Fyrirspurn [147. mál]

til iðnaðarráðherra um nefndir og fjárveitingar.

Frá Friðrik Sophussyni.

1. Hvaða nefnda og starfshópa hefur iðnaðarráðuneytið stofnað til í tíð núverandi ríkisstjórnar til að vinna að sérstökum málefnum?
2. Hvaða sérfræðinga hefur ráðuneytið fengið til slíkra verkefna?
3. Hver eru verkefni þessara nefnda, starfshópa og sérfræðinga?
4. Hvaða menn eru í þessum nefndum og starfshópum?
5. Hver var kostnaðurinn við þessa starfsemi árið 1980 og hvað er áætlað að hann verði í ár?
6. Hvernig hefur iðnaðarráðuneytið varið eftirfarandi tekjum fjárlagaársins 1981:

a) Aðlögunargjald	kr.	10 500 000
b) Efling iðnþróunar og tækninýjungar	—	400 000
c) Orkusparnaður	—	450 000
d) Ullar- og skinnaverkefni	—	180 000

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 171. Greinargerð fjármálaráðherra

um könnun ríkisskattstjóra á áhrifum tiltekinna þátta í núgildandi skattalögum á skattbyrði, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 25/1981.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 10. des. 1981.)

Inngangur

Fjármálaráðherra hefur falið ríkisskattstjóra að kanna í hvaða mæli reglur laga nr. 40/1978 með síðari breytingum, er lúta að fyrningum af endurmetnu stofnverði, meðferð fjármagnskostnaðar og reiknuðum verðbreytingarfærslum, hafa leitt til verulegrar þyngingar á skattbyrði miðað við reglur eldri laga hjá einstökum hópum manna er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Er það í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 25/1981 um breyting á lögum nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

Í greinargerð fyrir nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis segir svo varðandi þetta ákvæði:

„17. Nefndinni þykir rétt að fram fari athugun á því, í hvaða mæli einstakir aðilar hafa orðið fyrir sérstökum álögum umfram það sem almennt gerist við gildistöku breyttra reglna um meðferð þeirra atriða er fram kemur í greininni."

I

Með lögum nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 7/1980 um breyting á þeim lögum var mörkuð ný stefna varðandi áhrif verðbólgunnar á skattlagningu í atvinnurekstri sem fólst í mjög róttækum breytingum á þeim skattlagningarreglum sem gilt höfðu, þar sem stefnt var að aðlögun tekjuhugtaksins að verðbólgunni. Beindist breytingin einkum að þeim þáttum sem tengdust skattlagningu fjármagnstekna og frádráttarbærni fjármagnskostnaðar, fyrningu á árlega endurmetnu stofnverði eigna og tekju- eða gjaldfærslu vegna verðbreytinga.

Meginbreyting varðandi skattalega meðferð fjármagnstekna og fjármagnsgjalda í atvinnurekstri er fólgin í því að til tekna skuli telja eða til gjalda, eftir því sem við á, verðbætur á höfuðstól og vexti eða gengismun án tillits til þess hvort eða að hvaða marki sú hækkun fæst greidd eða er greidd á árinu. Breytingin er fólgin í því að samkvæmt eldri lögum var gengismunur annaðhvort gjaldfærður á fimm árum með jafnri fjárhæð árlega eða uppfærður á þá eign sem lánið hafði verið til kaupa á og fyrndur á eftirstöðvum fyrningartíma eignarinnar.

Önnur meginbreytingin er varðandi einskiptis endurmat eigna er aðilar í atvinnurekstri áttu fyrir gildistöku laganna og endurmat fenginna fyrninga, svo og fyrningu eigna af árlega endurmetnu stofnverði eða kostnaðarverði þeirra. Hins vegar var hundraðshluti fyrninga sem gilti samkvæmt eldri lögum jafnframt almennt lækkaður.

Þriðja meginbreytingin varðar þá þætti sem tengdir eru skattlagningu fjármagnstekna og frádráttarbærni fjármagnsgjalda og leiðréttingu vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga á peningaverðseignir að frádregnum skuldum. Í greinargerð fyrir frumvarpi, sem varð að lögum nr. 7/1980, er bent á að verðbólga undanfarinna ára hafi haft í för með sér gífurlegan tilflutning verðmæta milli aðila í þjóðfélaginu án þess að tekið hafi verið tillit til þess í skattlagningu. Eigendur sparifjár og annarra peningaeigna hafi þannig mátt þola verulega rýrnun eigna þessara án skattalegrar umbunar og jafnvel skattskyldu á neikvæðum vöxtum. Skuldarar hafi notið samsvarandi verðrýrnunar skuldanna án þess að tillit hafi verið tekið til þess við skattlagningu en vextir og verðbætur af skuldum aftur á móti heimilað að fullu til frádráttar.

Ákvæði 53. gr. laganna felur í raun í sér að peningakröfueigendur í atvinnurekstri geta gjaldfært mun á verðbólgustigi og fjármagnstekjum ef vextir eru neikvæðir en til tekna koma endanlega einungis vextir umfram verðbólgustig. Á sama hátt geta skuldarar í rekstri einungis að lokum gjaldfært þann hluta fjármagnskostnaðar sem umfram er verðbólgustig en þegar vextir eru lægri en verðbólgustigið fær skattaðili í reynd tekjufærslu vegna skuldanna. Með þessu er skattlagningin miðuð við raunvirði peningaeigna og skulda þar sem tekið sé tillit til áhrifa verðbólgunnar. Ef vextir eru almennt undir verðbólgustiginu hafa þessar reglur í för með sér að almennt munu skuldarar í rekstri missa vaxtafrádrátt með því að fá tekjufærslu í samræmi við skuldir þeirra. Þeir sem eiga peningaverðseignir í rekstri umfram skuldir munu almennt losna við að fá til tekna vextina með því að fá gjaldfærslu í samræmi við þessar eignir. Regla þessi stefnir að því að tryggja óbreytt raunvirði eigin fjár í ársbyrjun og árslok.

II

Varðandi fyrst nefnda þáttinn leiðir breytingin til hækkunar frádráttar hjá þeim sem skulda fjármagn sem er vísitölutryggt eða háð gengisáhættu þar sem nú skal gjaldfæra gengistapið eða hækkun vísitöluálags hvers árs um sig án tillits til þess hvort sú hækkun sé greidd á reikningsárinu. Þessi þáttur varðandi samsvarandi fjármagnstekjur hefur ekki teljandi áhrif enn sem komið er þar sem verðtrygging í viðskiptum milli manna er svo nýtilkomin.

Fyrningar af árlega endurmetnum eignum hafa haft í för með sér hækkun fyrningarfjárhæða hjá öllum þorra skattaðila þrátt fyrir lækkun á hundraðshlutföllum. Þó er ljóst að hjá þeim aðilum sem hafa keypt eignir á árunum 1977—1978 er um að ræða lækkun fyrningarfjárhæða þar sem endurmatshækkunin hefur ekki vegið upp á móti lækkun á fyrningarhundraðshlutföllum. Sérstaklega á þetta við um skip og skipsbúnað en þar lækkaði hundraðshlutfallið úr 17% (að meðtalinni 2% flýtifyrningu) í 8%, loftför og fylgihluti úr 17% (að meðtalinni 2% flýtifyrningu) í 10%. Á það ber hins vegar að líta að við einskiptis endurmat fyrninga var fyrningarhlutföllum laganna beitt varðandi endurmat fenginna fyrninga en ekki tekið tillit til hlutfalls áður fenginna fyrninga á liðnum árum í upphaflegu stofnverði þeirra

að undanskildum sérstökum fyrningum vegna skattskylds söluhagnaðar. Leiðir þessi regla til þess að ófyrndur hluti endurmetins stofnverðs hækkar frá því sem var og kemur skattaðila til góða á næstu árum.

Þriðji þáttur umræddra breytinga er færsla til gjalda eða tekna vegna verðbreytinga.

Þegar peningaverðseignir (skattalega óverðtryggðar eignir) eru hærri en skuldir í ársbyrjun reiknast gjaldfærsla af mismuninum. Þegar gjaldfærsla bætist við til viðbótar framangreindum þáttum liggur fyrir að skattstofn, miðaður við eldri reglur skattalaga um uppgjör tekna af atvinnurekstri, verður lægri og því ekki að finna hjá þessum hópi manna þyngingu á skattbyrði.

Þegar skuldir eru hærri en peningaverðseignir reiknast hins vegar tekjufærsla af mismuninum. Eins og áður er bent á hefur þessi færsla í för með sér að skuldarar í rekstri fá í reynd aðeins fjármagnskostnað til frádráttar sem umfram er verðbólgustig. Ef fjármagnskostnaður er undir verðbólgustigi reiknast skuldaranum í reynd tekjur sem nema mismuninum. Til að finna út hvort og að hvaða marki tekjufærslan hefur í för með sér hækkun á skattstofni þarf að taka tillit til breyttra reglna frá eldri lögum um frádráttarbærni fjármagnskostnaðar.

Framangreindar breytingar frá reglum eldri skattalaga er lúta að fyrningum af endurmetnu stofnverði, meðferð fjármagnskostnaðar og reiknuðum verðbreytingarfærslum leiða til þess að skattbyrðin flyst til aðila sem fjármagna fjárfestingar og rekstur með lánsfjármagni frá aðilum sem fjármagna þessa þætti með eigin fé. Þeirra aðila, sem fyrst og fremst hafa orðið fyrir verulegri þyngingu á skattbyrði miðað við reglur eldri skattalaga, er að leita meðal þeirra sem reikna sér verðbreytingarfærslu til tekna en þyngingin vegur þó misjafnlega og fer eftir því hvernig framangreindir tveir þættir vega hjá hverjum og einum og að hvaða marki heimildarákvæði 44. gr. laganna um sérstakar fyrningar eru nýtt. Skattaðili hefur heimild til skv. 44. gr. skattalaganna að fresta skattlagningu tekjufærslu að hluta eða öllu leyti með því að fyrna fyrnanlegar eignir eða íbúðarhúsnæði sem notað er til öflunar tekna í atvinnurekstri.

Heimildarákvæði 44. gr. eru þrenns konar:

1. Fyrning eigna um fjárhæð er nema má allt að 40% af tekjufærslunni (var fyrir árið 1979 allt að 50%).
2. Þegar 60% af tekjufærslu ársins er hærri en fjármagnskostnaður að frádregnum fjármagnstekjum er auk fyrninga skv. 1. heimilt að fyrna fyrnanlegar eignir um allt að þessum mun að viðbættum 6% af verðbreytingarstofni.
3. Sérstök fyrirfram fyrning á varanlegum rekstrarfjármunum sem ekki hafa verið teknir í notkun í ársbyrjun að uppfylltum þeim skilyrðum að fjármagnskostnaður þessara eigna sé eignfærður á byggingartíma.

III

Á vegum embættis ríkisskattstjóra hefur farið fram könnun á allstóru úrtaki einstaklinga sem voru með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á árinu 1979, þ. e. á fyrsta gildisári laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.

Allur samanburður tekjuskattsálagningar 1980 við tekjuskattsálagningu 1979 er óraunhæfur vegna þess að skattalöggjöf sú sem tók gildi á árinu 1979 vegna álagningar 1980 er svo gjörsamlega ólík þeirri skattalöggjöf sem í gildi var á fyrri álagningarárum, sérstaklega að því er varðar álagningu á þá sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Má þar nefna til viðbótar þeim þáttum sem þessi könnun nær til og lýst hefur verið hér að framan: 1) ákvæði 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. um reiknað endurgjald, 2) tap sem stafar af atvinnurekstri má ekki færa til frádráttar öðrum tekjum, 3) framreikning á yfirfærðu rekstrartapi (þó ekki við álagningu 1980), 4) breyttar reglur um niðurfærslu birgða og útistandandi skulda, 5) breytingu á skattalegri meðferð hjóna.

Í þessari athugun var breyting á skattbyrði, þynging eða létting, metin sem breyting á tekjuskattsstofni samkvæmt rekstrarreikningi með tilliti til þessara þriggja þátta. Kannað var hvort hreinar tekjur af atvinnurekstri, ákvarðaðar samkvæmt núgildandi lögum, yrðu hærri eða lægri en væru þær ákvarðaðar samkvæmt áður gildandi ákvæðum varðandi fyrningu af upphaflegu kostnaðarverði og óbreyttum reglum um frádrátt fjármagnskostnaðar.

Upplýsingar úr meðfylgjandi töflu eru teknar úr ársreikningum 126 einstaklinga sem voru með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á árinu 1979. Þegar um samrekstur einstaklinga er að ræða sem ekki mynda sjálfstæðan skattaðila (lögaðila) eða samrekstur einstaklings og lögaðila, sýnir hver lína niðurstöðu rekstrarreikningsins óskipta. Hér er aðeins um hluta af öllu úrtakinu sem athugað var og sýnir tafla þessi **hvorki meðaltal né lýsir ástandi atvinnugreinarinnar við skattlagningu 1980**. Hér er fyrst og fremst verið að sýna hvernig einstakur þáttur, sem kannaður var, vegur í heildarbreytingunni. Á bls. 1 og 2 eru 47 aðilar frá ýmsum atvinnugreinum og er úrtakið allt úr sama sveitarfélaginu. Í þessu sveitarfélagi voru um 74% ársreikninga með tekjufærslu af þeim reikningum sem sýndu annaðhvort gjald- eða tekjufærslu. Valdir voru á töfluna ársreikningar þeirra aðila sem höfðu tekjufærslu hærri en 1 000 000 gkr. Á bls. 3 og 4 er úrtak 43 bænda úr tveimur hreppum í sama skattumdæmi. Í þessum hreppum reyndust 38,1% bænda vera með tekjufærslu en í könnun er starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins gerði á tekjuskattsálagningu bænda á árinu 1980 reyndust 27,1% bænda á öllu landinu vera með tekjufærslu á því ári. Í töflunni eru tekin dæmi bæði um gjald- og tekjufærslu hjá bændum. Á bls. 5 er úrtak 18 garðyrkjubænda úr tveimur hreppum, hvor í sínu skattumdæminu. Á bls. 6 er úrtak frá 18 aðilum í sjávarútvegi, aðallega úr einu skattumdæmi.

Breyting á skattbyrði, metin sem breyting á framangreindum þremur þáttum í tekjuskattsstofni, er reiknuð út með því að bera saman tekjufærslu (gjaldfærslu) og hækkun fyrninga vegna endurmats fyrnanlegra eigna að viðbættri heimild til viðbótarfyrninga skv. 44. gr. laganna án tillits til þess hvort heimildin var nýtt eða ekki, svo og hækkun á gjaldfærslu fjármagnskostnaðar. Kemur þá fram hækkun (eða lækkun) skattstofns miðað við eldri lög, þ. e. lög nr. 68/1971 með síðari breytingum. Fjármagnskostnaður er í athugun þessari þó látinn liggja á milli hluta (nema í útgerðardæmunum á bls. 6) en um er að ræða óbreytta fjárhæð hvorum lögunum sem beitt er hjá þeim gjaldendum sem hvorki eru með vísitölu- eða gengistryggð lán. Ársreikningar 1979 bera yfirleitt ekki með sér sundurliðun á fjármagnskostnaði, þ. e. á milli vaxta og gengistapa eða vísitöluálags, en þar sem vitað er að einkum í sjávarútvegi er um gengistryggð lán að ræða var leitað sérstaklega eftir þessari skiptingu fjármagnskostnaðar hjá uppgjörsaðilum þessara aðila.

IV

Niðurstaða þessarar könnunar er í stuttu máli að þegar tekið er tillit til heimildarákvæða 44. gr. laganna, sem heimila fyrningar á móti fjárhæð tekjufærslu skv. 53. gr., komi ekki fram neitt það atriði sem bendir til þess að sérstakur hópur manna hafi orðið fyrir verulegri **þyngingu á skattbyrði** miðað við reglur eldri laga sem ekki verður skýrð með vísan til tilgangs ákvæða laganna, einkum 53. gr. þeirra, og lýst er í greinargerð frumvarpsins.

Eins og bent er á hér á undan verður að álíta að í samræmi við tilgang lagabreytinganna hafi orðið tilfærsla á skattbyrði á milli einstakra manna sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Skattbyrðin hefur lést hjá þeim gjaldendum sem nutu hækkaðra fyrninga til gjalda vegna endurmats eignanna og jafnframt gjaldfærslu vegna verðbreytingarfærslu, en hins vegar hefur skattbyrðin aukist hjá þeim sem fengu hærri tekjufærslu vegna verðbreytingarfærslu heldur en hækkun varð á frádrætti fyrninga og fjármagnskostnaðar.

Hér á eftir fer tafla um „verðbreytingarfærslur, fjármagnskostnað og fyrningar í framtölum einstaklinga með atvinnurekstur á árinu 1979, þ. e. framtal 1980“ ásamt skýringum.

Skýringar við töflu

1. **Verðbreytingarfærsla 1979.** Hér er sýnd fjárhæð verðbreytingarfærslu til tekna skv. 53. gr. Þegar um gjaldfærslu er að ræða er fjárhæðin innan sviga.
2. **Fjármagnskostnaður 1979.** Hér er sýnd fjárhæð vaxtagjalda og gengistapa að frádregnum vaxtatekjum og gengishagnaði skv. ákvæðum núgildandi laga. Þegar vaxtatekjur og gengishagnaður eru hærri en vaxtagjöld og gengistap er fjárhæðin innan sviga.
3. **Fyrning 1979.** Hér er sýnd fjárhæð almennra fyrninga skv. 38. gr. laganna.
4. **Fyrning skv. 44. gr.** Hér er sýnd fjárhæð fyrninga sem gjaldandi hafði eða hefði haft heimild til að nota til lækkunar á tekjuskattsstofni ársins. Í könnun þessari þótti eðlilegra að taka tillit til þeirra heimilda sem gjaldandi hafði til að draga úr skattbyrði ársins með notkun á fyrningarheimild 44. gr.

   Heimild til notkunar þessara fyrninga er bundin því skilyrði að ekki má mynda rekstrartap vegna þessara fyrninga eða fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum. Gjaldandi varð því fyrst að reikna sér endurgjald í samræmi við 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna og takmarkaðist oft á tíðum heimild hans til fyrninga skv. 44. gr. af þessum sökum.
5. **Fyrning skv. lögum nr. 68/1971.** Hér er sýnd fjárhæð fyrninga fyrnanlegra eigna þegar eignir samkvæmt efnahagsreikningi 31/12/78 og keyptar eignir á árinu 1979 eru fyrndar skv. ákvæðum laga nr. 68/1971. Eignir sem seldar voru eða keyptar á árinu 1979 voru fyrndar hlutfallslega ef upplýsingar um kaup- eða söludag lágu fyrir, en þegar þær upplýsingar vantaði var beitt mati við ákvörðun á fyrningartíma. Hafi flýtifyrning verið notuð á árinu 1978 var einnig reiknað með henni í þessum útreikningi. Sjá enn fremur skýringar við dálk 7.
6. **Fjármagnskostnaður skv. lögum nr. 68/1971.** Þessi dálkur kemur aðeins fyrir á bls. 6 þar sem dæmi frá útgerð eru sýnd. Hér er sýnd fjárhæð sem þessir aðilar hefðu átt að færa til gjalda skv. áður gildandi reglum, þ. e. 20% af gengistapi ársins til viðbótar öðrum fjármagnskostnaði ársins og 20% af ófyrndum gengistöpum fyrri ára. Hafi gengistap verið uppfært á viðkomandi eign og fyrnt á eftirstöðvum fyrningartíma eignarinnar kemur sú fjárhæð fram með fyrningarfjárhæð í dálki 5.
7. **Breyting. Hækkun (Lækkun).** Hér er sýnd breyting á skattbyrði eins og henni er lýst í greinargerðinni. Frá tekjufærslu skv. dálki 1 er dregin nettó hækkun fyrninga (dálkar 3 + 4 − 5) og nettó hækkun fjármagnskostnaðar (dálkar 2 − 6) í dæmum á bls. 6. Fjárhæðin sýnir hve tekjuskattstofn er hærri skv. ákvæðum núgildandi laga en væri reglum eldri laga beitt, en ef svigi er utan um fjárhæðina sýnir fjárhæðin hve tekjuskattstofn er lægri skv. ákvæðum núgildandi laga en væri reglum eldri laga beitt.
8. **Hreinar tekjur skv. lögum nr. 40/1978.** Hér er sýnd fjárhæð hreinna tekna af atvinnurekstri einstaklinga sem gert er upp skv. ákvæðum núgildandi laga, þar með talið gjaldfært reiknað endurgjald en að teknu tilliti til fyrningarheimilda 44. gr. hafi gjaldandi ekki nýtt sér þá heimild við gerð reikningsskila. Fjárhæð innan sviga merkir yfirfæranlegt rekstrartap til næsta árs. Með því að draga fjárhæð í dálki 7 frá fjárhæð í dálki 8 kemur fram tekjuskattsstofn eða yfirfæranlegt rekstrartap ef eldri reglum laga um fyrningu af upphaflegu stofnverði og frádrátt fjármagnskostnaðar er beitt. Önnur ákvæði núgildandi laga, s. s. reiknað endurgjald og breyting niðurfærslu vörubirgða, eru þó inni í myndinni.
9. **Fyrning 1978.** Hér er sýnd fjárhæð fyrninga skv. ársreikningi 1978.
10. **Endurmetinn fyrningarstofn 1/1979.** Hér er sýnd fjárhæð endurmetins fyrningarstofns eigna samkvæmt efnahagsreikningi 31/12/78.

11. **Endurmetinn fyrningarstofn 31/12/79.** Hér er sýnd fjárhæð endurmetins fyrningarstofns skv. 10. dálki að viðbættri fjárfestingu ársins.
12. **Stofn til verðbreytingarfærslu 1979.** Hér er sýnd fjárhæð verðbreytingarstofns til tekju- eða gjaldfærslu í reikningi 1979. Fjárhæð innan sviga merkir gjaldfærslu. Tekju- eða gjaldfærslufjárhæð ársins er sýnd í dálki 1. Verðbreytingarfærsla reiknaðist 45,51% af stofni.
13. **Stofn til verðbreytingarfærslu 1980.** Hér er sýnd hvaða breytingu verðbreytingarstofn tekur á árinu 1979, þ. e. hækkun eða lækkun skulda umfram peningaverðseign, sem bera má saman við hækkun eða lækkun fjárhæða í dálki 11 miðað við dálk 10. Verðbreytingarfærsla 1980 sem reiknast af þessari fjárhæð er 54,91%.
14. og 15. **Bústofn 1978 og 1979.** Þessir dálkar eru aðeins á bls. 3 og 4. Hér er sýnt í dálki 14 eignarmat búfjár í árslok 1978 og í dálki 15 eignarmat 1979. Helmingur þessarar fjárhæðar er talinn með í „peningaverðseignum" við útreikning á stofni til verðbreytingarfærslu. Með því að telja helming bústofns til „peningaverðseigna" er verið að taka tillit til þess að fóðurvörubirgðir eru ekki eignfærðar sérstaklega heldur er bústofninn metinn eins og hann er framgenginn að vori. Hins vegar er þess að gæta að birgðabreytingar þessar milli ára eru hvorki færðar til tekna eða gjalda eins og í öðrum atvinnurekstri. Hér er því um þátt í verðbreytingarstofni að ræða sem hefur afgerandi áhrif á verðbreytingarfærslu hjá bændum. Til að fá sambærilegar upplýsingar um hlutfall stofns til verðbreytingarfærslu af endurmetnu stofnverði í ársbyrjun og árslok 1979 þyrfti áður að bæta helmingi matsverðs bústofns skv. dálkum 14 og 15 við fjárhæðir í dálkum 10 og 11. Hækkun á matsverði bústofns frá árslokum 1978 til ársloka 1979 var að meðaltali um 51%.

Fjárhæðir í þús. gkr. Bls.1

Verðbreytingarfærslur, fjármagnskostnaður og fyrningar í framtölum einstaklinga með atvinnurekstur á árinu 1979, þ. e. framtöl 1980

		1	2	3	4	5	7	8	9	10	11	12	13
Atv-gr-nr.	Heiti	Verð-breytingar-færsla 1979	Fjárm-kostn. nettó 1979	Fyrning 1979	44. gr. fyrning	Fyrning skv. lögum nr. 68/71	Breyting Hækkun (Lækkun)	Hreinar tekjur af at-vinnurekstri	Fyrning 1978	Endurmetinn fyrningarstofn 1/1/79	Endurmetinn fyrningarstofn 31/12/79	Stofn til verðbreytingarfærslu 1979	Stofn til verðbreytingarfærslu 1980
203	Fiskverkun	2 452	1 116	2 039	1 144	473	(258)	0	473	41 779	41 779	5 387	5 581
203	Fiskverkun	6 514	8 732	7 914	3 257	3 635	(1 022)	608	3 635	115 057	115 057	14 313	6 767
208	Sælgætisiðnaður	9 945	5 688	2 137	4 972	886	3 722	45	886	44 526	44 526	21 852	17 576
232	Prjónastofur	4 684	37	3 786	0	1 448	2 346	(882)	1 448	31 552	31 552	10 293	6 771
259	Innrömmun	1 561	1 383	137	0	80	1 504	(4 626)	80	1 147	1 147	3 432	3 463
261	Trésmíði	2 376	1 095	1 985	0	1 275	1 666	(1 118)	502	25 733	35 952	5 221	4 826
261	Trésmíði	10 627	5 232	5 574	0	1 939	6 992	(814)	1 386	88 349	91 862	23 351	14 200
261	Trésmíði	1 022	2 170	1 860	511	1 374	25	520	229	45 616	45 616	2 246	3 387
261	Trésmíði	2 154	1 860	546	1 077	546	1 077	573	377	0	0	4 734	9 210
261	Trésmíði	15 651	7 177	13 805	0	4 459	6 305	(14 465)	3 504	301 495	309 140	34 391	33 301
281	Prentsmiðja	2 136	2 150	2 306	0	1 333	1 163	(1 146)	520	46 326	46 988	4 695	6 870
281	Prentsmiðja	2 537	103	0	0	0	2 537	3 293	337	20 361	0	5 576	0
300	Hjólbarðaviðgerðir	6 816	1 519	5 823	0	1 363	2 356	(2 774)	1 146	66 036	67 486	14 977	14 026
350	Vélsmíði	2 511	1 338	4 754	722	1 599	(1 366)	0	1 988	31 597	32 592	5 518	4 822
350	Vélsmíði	11 530	8 337	8 285	4 476	2 318	1 087	0	1 207	147 412	154 902	25 337	37 081
386	Flugvélaviðgerðir	2 516	1 276	1 182	1 258	775	851	1 281	277	14 379	14 379	5 528	4 527
410	Byggingarmeistari	11 053	5 787	37	0	29	11 045	0	29	2 111	2 111	24 287	28 905
410	Vinnuvélaleiga	1 892	862	73	0	255	2 074	1 182	480	16 203	615	4 252	4 300
410	Vinnuvélaleiga	2 201	1 143	1 091	1 100	937	947	102	507	9 094	9 094	4 836	4 154
410	Vinnuvélaleiga	2 645	2 300	2 223	1 322	1 261	361	0	1 261	18 517	18 517	5 813	1 433
491	Húsasmíði	1 769	630	133	576	15	1 075	59	15	1 557	1 557	3 888	3 342
491	Húsasmíði	1 771	956	219	0	161	1 713	(2 117)	161	819	819	3 892	(6 854)

Fjárhæðir í þús. gkr.

Atv-gr-nr.	Heiti	1 Verð-breytingar-færsla 1979	2 Fjárm-kostn. nettó 1979	3 Fyrning 1979	4 44. gr. fyrning	5 Fyrning skv. lögum nr. 68/71	7 Breyting Hækkun (Lækkun)	8 Hreinar tekjur af at-vinnurekstri	9 Fyrning 1978	10 Endurmetinn fyrningarstofn 1/1/79	11 Endurmetinn fyrningarstofn 31/12/79	12 Stofn til verðbreytingarfærslu 1979	13 Stofn til verðbreytingarfærslu 1980
491	Húsasmíði	4 050	2 235	374	2 025	90	1 741	580	10	2 011	2 011	8 901	9 139
491	Trésmíði	10 277	5 803	3 428	5 138	1 112	2 823	10 593	831	50 494	57 521	22 583	28 311
492	Málari	3 364	303	80	0	28	3 312	0	28	671	671	7 392	2 543
493	Múrverk	2 344	368	4 569	1 172	863	(2 534)	57	863	10 611	10 611	5 151	1 514
495	Rafvirki	2 562	680	1 873	1 535	896	50	0	287	24 557	36 363	5 630	11 506
618	Matvöruverslun	1 409	2 325	1 786	0	688	311	(97)	622	24 448	24 448	3 101	(2 695)
618	Matvöruverslun	4 416	3 438	2 297	0	1 529	3 648	(20)	648	35 211	40 327	9 705	13 735
618	Matvöruverslun	8 775	4 600	2 941	0	928	6 762	(2 855)	884	53 439	53 795	19 281	20 668
618	Matvörurverslun	11 006	6 061	3 141	0	2 981	10 846	(202)	2 950	25 669	25 922	24 350	36 975
618	Matvöruverslun	3 656	1 987	1 531	1 448	455	1 132	0	455	31 575	31 575	8 034	1 196
619	Sælgætisverslun	2 334	1 413	1 026	440	155	1 023	0	155	5 349	5 349	5 129	5 787
620	Blómaverslun	1 666	3 107	1 140	833	387	80	6 357	387	50 800	50 800	3 662	12 393
621	Fataverslun	1 239	4 299	0	0	0	1 239	96	0	1 455	1 455	2 722	859
625	Raftækjaverslun	1 901	1 435	1 154	950	316	113	311	237	34 449	34 449	4 179	478
659	Leiga fasteigna	4 435	4 752	3 556	1 529	268	(382)	0	268	177 814	177 814	9 746	11 112
659	Leiga fasteigna	8 177	3 048	6 670	6 207	167	4 533	3 463	167	299 079	299 079	17 969	18 648
659	Leiga fasteigna	38 376	16 134	3 161	27 301	4 108	12 022	644	4 108	132 560	132 560	84 324	85 499
712	Hópferðabifreiðar	2 049	2 673	6 344	0	4 187	(108)	(744)	737	98 730	106 531	4 504	14 689
713	Leigubifreiðar	1 094	581	328	0	522	1 288	(12)	522	3 559	2 736	2 405	3 656
714	Vörubifreiðar	1 448	446	1 847	725	1 213	89	0	1 213	15 392	15 392	3 183	449
717	Flugvélaleiga	1 425	0	1 070	980	1 085	460	0	396	9 124	10 513	3 133	(224)
841	Lögfræði	1 151	0	374	1 151	72	(302)	527	72	2 589	3 121	2 531	6 671
842	Endurskoðun	2 634	427	395	1 202	85	1 122	0	85	4 623	4 623	5 788	4 954
862	Veitingasala	1 424	85	1 242	846	187	(477)	0	187	17 835	17 835	3 130	3 997
866	Hárgreiðsla	1 298	645	484	292	283	805	0	283	1 350	1 350	2 852	2 249

Fjár æðir í þús. gkr.
Atvgrnr. 011 = Bændur

	1	2	3	4	5	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Atv - gr- nr.	Verð- breytingar- færsla 1979	Fjárm - kostn. nettó 1979	Fyrning 1979	44. gr. fyrning	Fyrning skv. lögum nr. 68/71	Breyting Hækkun (Lækkun)	Hreinar tekjur af at- vinnurekstri	Fyrning 1978	Endurmetinn fyrningarstofn		Stofn til verðbreytingarfærslu		Bústofn	
									1/1/79	31/12/79	1979	1980	1978	1979
011	(1 829)	103	2 262	0	433	(3 658)	(2 911)	433	23 313	23 569	(3 104)	(6 970)	8 039	13 941
011	(2 085)	(290)	3 058	0	359	(4 784)	(2 114)	359	32 866	32 866	(4 583)	(9 179)	10 804	17 343
011	1 085	1 079	2 748	504	860	(1 307)	710	584	20 020	24 941	2 384	1 666	8 240	13 473
011	752	15	1 365	0	326	(287)	0	289	37 599	32 732	1 652	(4 789)	13 040	20 488
011	2 232	1 225	1 811	0	400	821	0	437	19 549	18 831	4 905	(52)	6 289	10 326
011	(836)	369	3 598	0	1 821	(2 613)	0	1 502	51 799	54 719	(1 838)	(6 500)	13 576	20 132
011	(1 452)	829	3 285	0	960	(3 777)	(558)	860	48 099	48 099	(3 192)	(8 053)	13 255	22 137
011	(461)	420	3 412	0	1 356	(2 517)	(1 887)	576	44 928	50 127	(1 013)	(5 587)	10 350	15 578
011	33	1 670	3 855	0	1 669	(2 153)	0	1 396	46 594	48 780	74	(2 024)	10 112	15 209
011	(3 922)	(675)	3 826	0	1 913	(5 835)	1 038	1 562	44 697	47 944	(8 618)	(12 426)	11 694	18 448
011	5 604	6 781	2 550	0	1 265	4 319	0	1 513	49 041	49 041	12 314	15 295	9 492	14 724
011	(1 255)	1 095	2 525	0	800	(2 980)	(886)	577	35 630	35 630	(2 758)	(3 907)	10 761	17 391
011	(1 792)	679	3 691	0	1 799	(3 684)	(2 399)	1 199	45 997	48 377	(3 938)	(7 634)	16 046	22 887
011	(1 662)	391	2 596	0	722	(3 536)	(316)	425	33 203	36 232	(3 653)	(7 706)	12 868	21 139
011	(3 140)	169	2 486	0	1 118	(4 508)	0	848	55 936	56 751	(6 900)	(13 760)	18 296	27 472
011	3 519	1 640	1 045	656	871	2 689	0	410	12 132	12 843	7 732	4 779	6 486	9 749
011	(1 271)	88	1 330	0	177	(2 427)	(3 457)	177	22 796	22 796	(2 793)	(4 847)	6 503	10 388
011	(1 342)	(200)	3 240	0	1 693	(2 889)	0	1 225	43 246	46 991	(2 949)	(7 550)	8 794	14 284
011	1 437	685	3 334	0	1 264	(633)	0	689	27 936	31 194	3 157	2 257	10 199	15 672
011	(922)	197	179	0	2	(1 099)	(2 235)	2	3 545	4 292	(2 027)	(4 251)	7 446	11 838
011	(425)	178	3 561	0	1 164	(2 822)	0	1 164	49 640	49 640	(935)	(3 773)	11 587	17 416
011	(1 081)	785	2 827	0	1 342	(2 566)	(164)	691	30 372	33 211	(2 377)	(5 647)	11 815	20 614

Fjárhæðir í þús. gkr.
Atvgrnr. 011 = Bændur

	1	2	3	4	5	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Atv - gr- nr.	Verð- breytingar- færsla 1979	Fjárm - kostn. nettó 1979	Fyrning 1979	44. gr. fyrning	Fyrning skv. lögum nr. 68/71	Breyting Hækkun (Lækkun)	Hreinar tekjur af at- vinnurekstri	Fyrning 1978	Endurmetinn fyrningarstofn 1/1/79	Endurmetinn fyrningarstofn 31/12/79	Stofn til verðbreytingarfærslu 1979	Stofn til verðbreytingarfærslu 1980	Bústofn 1978	Bústofn 1979
011	1 890	4 037	1 720	0	754	924	0	342	24 609	31 755	4 153	6 833	15 453	25 331
011	963	904	3 052	0	1 028	(1 061)	0	558	43 864	47 044	2 118	(110)	8 120	12 770
011	(873)	692	3 188	0	1 236	(2 825)	873	587	37 943	42 553	(1 919)	(5 177)	10 845	17 358
011	(1 094)	142	1 303	0	499	(1 898)	(2 905)	404	17 918	18 868	(2 404)	(4 602)	9 858	15 537
011	6 931	1 491	3 771	0	812	3 972	(13)	812	54 263	54 263	15 231	12 160	11 727	16 954
011	(34)	1 902	1 803	0	318	(1 519)	(10 518)	318	33 708	33 708	(75)	7 237	10 151	16 634
011	3 791	3 955	4 724	0	913	(20)	(3 955)	819	77 149	77 900	8 330	9 427	7 590	11 148
011	1 121	1 174	2 749	0	540	(1 088)	0	442	45 057	47 525	2 465	3 946	9 848	12 920
011	7 271	1 281	1 749	3 635	708	2 595	0	502	24 154	26 427	15 977	12 739	6 364	10 090
011	(994)	535	855	0	176	(1 673)	(4 872)	176	12 250	12 250	(2 185)	(69)	6 671	8 977
011	2 930	1 614	679	0	609	2 860	0	1 046	8 030	8 030	6 440	12 848	7 410	4 087
011	2 038	1 726	1 560	0	1 168	1 646	(2 865)	1 168	27 650	27 650	4 478	5 169	4 808	7 860
011	2 671	972	1 837	0	646	1 480	0	646	26 918	26 918	5 869	2 893	6 432	10 427
011	(1 069)	206	426	0	169	(1 326)	(3 288)	134	3 939	4 810	(2 350)	(2 381)	4 972	7 497
011	3 092	3 775	2 266	0	1 167	1 993	(1 189)	1 167	41 540	41 540	6 796	8 726	6 016	8 121
011	1 257	1 569	2 159	0	1 029	127	0	514	27 726	31 853	2 762	452	7 650	13 836
011	(2 506)	1 844	4 008	0	1 169	(5 345)	(3 766)	774	59 580	62 380	(5 507)	(5 548)	18 827	28 461
011	4 242	2 898	4 716	0	1 317	843	0	1 125	65 207	66 742	9 322	5 184	11 800	18 589
011	1 102	1 183	1 137	0	524	489	0	357	25 784	27 127	2 423	(367)	7 019	10 464
011	2 631	3 164	2 965	0	1 878	1 544	0	874	29 154	43 067	5 783	14 675	9 296	14 206
011	(424)	603	3 628	0	2 855	1 197	0	737	54 194	57 880	(933)	(3 997)	10 126	15 259

Fjárhæðir í þús. gkr.
Atvgrnr. 016 = Garðyrkja

	1	2	3	4	5	7	8	9	10	11	12	13
Atv-gr-nr.	Verð-breytingar-færsla 1979	Fjárm-kostn. nettó 1979	Fyrning 1979	44. gr. fyrning	Fyrning skv. lögum nr. 68/71	Breyting Hækkun (Lækkun)	Hreinar tekjur af at-vinnurekstri	Fyrning 1978	Endurmetinn fyrningarstofn 1/1/79	Endurmetinn fyrningarstofn 31/12/79	Stofn til verðbreytingarfærslu 1979	Stofn til verðbreytingarfærslu 1980
016	2 086	599	1 814	385	440	327	0	440	16 539	16 539	4 585	7 441
016	5 052	3 108	203	0	198	5 047	0	61	21 668	21 668	11 101	14 155
016	1 617	548	415	849	138	491	0	138	7 519	7 519	3 553	3 798
016	3 943	(147)	4 905	0	1 130	168	(969)	617	9 644	14 775	8 665	10 136
016	692	412	614	0	112	190	(76)	112	11 641	11 641	1 520	2 232
016	182	400	768	0	120	(466)	0	120	12 425	12 425	400	(1 899)
016	2 316	718	1 776	1 598	1 622	564	1 687	1 622	20 081	20 081	5 090	5 024
016	910	372	1 265	0	347	(8)	0	347	19 609	19 609	2 001	893
016	686	221	1 265	0	287	(292)	0	287	21 469	21 469	1 509	129
016	3 694	2 008	1 795	2 362	313	(150)	0	313	31 455	38 129	8 118	11 735
016	1 869	1 265	487	60	55	1 377	0	55	8 244	8 244	4 107	1 057
016	889	1 038	595	444	283	133	138	283	10 595	10 595	1 954	990
016	84	33	390	0	90	(216)	0	90	5 741	5 741	186	(46)
016	648	92	1 237	0	287	(302)	0	289	18 347	18 347	1 424	144
016	975	752	2 492	149	1 585	(81)	0	863	26 369	33 588	2 144	9 650
016	2 197	1 139	497	0	732	2 432	0	70	7 655	7 655	4 828	8 658
016	2 411	1 109	902	0	422	1 931	0	334	13 372	13 372	5 299	4 377
016	749	706	764	0	481	466	(1 352)	245	4 451	7 388	1 646	3 741

Fjárhæðir í þús. gkr.
Atvgrnr. 150 = Útgerð

Atv-gr-nr.	1 Verð-breytingar-færsla 1979	2 Fjárm-kostn. nettó 1979	3 Fyrning 1979	4 44. gr. fyrning	5 Fyrning skv. lögum nr. 68/71	6 Fjárm-kostn. skv. lögum nr. 68/71	7 Breyting Hækkun (Lækkun)	8 Hreinar tekjur af at-vinnurekstri	9 Fyrning 1978	10 Endurmetinn fyrningarstofn 1/1/79	11 Endurmetinn fyrningarstofn 31/12/79	12 Stofn til verðbreytingarfærslu 1979	13 Stofn til verðbreytingarfærslu 1980
150	10 474	4 556	8 626	2 765	4 263	4 294	3 084	0	3 698	65 298	68 658	23 015	28 188
150	26 557	9 736	16 381	14 510	14 301	7 744	7 975	0	14 143	199 236	199 236	58 355	27 732
150	(5 444)	22 638	9 990	0	18 731	20 072	731	(33 674)	0	0	124 878	(11 963)	124 305
150	195 896	393 638	127 353	0	110 741	240 973	26 619	(89 050)	110 494	1 588 296	1 588 946	430 446	594 523
150*	48 574	32 650	36 807	4 839	10 509	22 885	7 672	0	8 439	296 550	368 580	106 733	126 179
150	16 075	19 886	24 195	4 093	9 696	19 886**)	(2 517)	0	6 406	190 722	212 657	35 323	77 166
150	2 138	583	2 252	1 837	1 175	583	(776)	301	1 175	25 735	25 735	4 698	1 602
150	2 323	977	1 781	1 652	1 094	977	(16)	1 562	1 094	22 273	22 275	5 104	3 848
150	2 084	471	2 284	1 887	1 002	471	(1 085)	197	1 002	23 010	23 010	4 579	3 246
150	9 275	7 977	9 169	2 684	4 217	4 586	(1 752)	0	4 217	134 950	134 950	9 275	13 271
150	76 878	67 124	56 957	0	39 967	26 543	19 307	(1 541)	32 539	767 127	767 127	168 926	197 640
150	1 068	718	2 668	0	935	718	(665)	(1 213)	600	32 129	33 538	2 347	2 318
150	4 569	1 002	1 396	2 570	2 040	1 002	2 643	0	1 290	17 460	17 460	10 040	8 823
150	20 917	9 851	22 945	13 823	14 535	9 851	(1 316)	7 130	10 992	210 794	303 980	45 962	101 753
150	6 912	6 545	3 834	3 456	2 219	6 545**)	1 841	3 447	2 175	41 401	44 901	15 189	21 999
150	202 313	77 922	57 113	151 063	71 096	49 192	36 503	103 500	57 525	605 696	605 696	444 546	393 361
150	187 690	105 091	58 224	64 478	70 726	47 866	78 489	0	49 295	554 393	1 038 318	412 416	961 330
150	37 778	47 651	11 823	0	8 194	26 804	13 302	(9 842)	8 194	147 793	147 793	83 011	123 092

*) Útgerð og fiskverkun
**) Upplýsingar um gengistap vantar

Ed. 172. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Kristján Jónsson veitti nefndinni upplýsingar. Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og það var lagt fram. Kjartan Jóhannsson ritar undir nefndarálit með fyrirvara.

Alþingi, 10. des. 1981.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr., með fyrirvara.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Egill Jónsson.	Stefán Jónsson.	Stefán Guðmundsson.

Sþ. 173. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um nýtingu kolmunna og vinnslustöð á Austurlandi.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefjast nú þegar handa um nýtingu kolmunna til veiða og vinnslu. Skal í því sambandi komið á fót vinnslustöð á Austurlandi til vinnslu kolmunnaafurða með frystingu og þurrkun í huga.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á tveim síðustu þingum og er greinargerð nokkuð aukin.

Í sambandi við tillöguflutning þennan hefur flm. stuðst við skrif Magna Kristjánssonar um þessi mál sérstaklega svo og álitsgerð og athuganir Sigurjóns Arasonar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Nauðsyn þess, að hér sé við brugðið af fullri einurð og skipulega, er ótvíræð. Hvað snertir sérstaklega þá vinnslustöð, sem tillagan lýtur að, þá þarf hún að vera sem næst veiðisvæðinu. Veiðitíminn er skammur og því þarf stóra hráefnisgeymslu, því mikill hluti slíkrar stöðvar yrði að geta verið frysti- og kæligeymsla fyrir ársvinnsluna, en jafnframt yrði um afurðageymslu að ræða. Útbúnaður þarf að vera til flökunar og annað tilheyrandi frystiþættinum og sama er að segja um búnað til þurrkunar og herslu, en eins og markaðsmál standa í dag verður að leggja aðaláherslu á þurrkunina. Kolmunninn er að vísu afbragðsfiskur til frystingar, en þar þarf átak í markaðsmálum til að koma þannig að á því sviði verði um verulega nýtingu að ræða.

Ekki þarf að rökstyðja hve sjálfsagt er að reisa slíka vinnslustöð á Austfjörðum, og álit þeirra, sem hér um hafa mest fjallað, er það, að þar sé Reyðarfjörður í fremstu röð. Gagnvart ríkisvaldinu, frumkvæði þess og aðstoð hlýtur það að teljast mjög jákvætt að fiskmjölsvinnsla á Reyðarfirði er í höndum Síldarverksmiðja ríkisins. Aðrir staðir koma að sjálfsögðu til greina, svo sem Vopnafjörður.

Svo vikið sé fyrst að nýtingu fiskstofna og fiskiskipa, þá er ljóst að hér er um mikinn lítt nýttan auð að ræða, einn fárra þátta í okkar sjávarfangsöflun þar sem aukning er beinlínis sjálfsögð. Einnig er ljóst að skip úr hinum almenna flota okkar hljóta að koma hér inn í myndina. Kolmunnaveiðar hlytu að verða góð búbót fyrir marga sem hlíta þurfa veiðitakmörkunum varðandi sókn í aðra fiskstofna.

Með hinni nýju verðjöfnunardeild í Aflatryggingasjóði ætti að vera kleift að greiða verulegar verðbætur á kolmunnann með beinni ákvörðun ráðherra þar um. Ekki síst er þetta sjálfsagt þegar verðbætur eru í dag greiddar á fisktegundir sem taldar eru í hættu vegna ofveiði, svo sem gildir um ufsa og karfa.

Í ágætri grein Magna Kristjánssonar, sem hér verður vitnað til, kemur hann inn á mörg umhugsunarverð atriði. Hann segir m. a.:

„Umræða um ofnýtingu fiskstofna er fyrirferðarmikil. Samfara þeirri umræðu er stundum bent á að til eru vannýttir fiskstofnar. Það síðarnefnda fær ekki umfjöllun sem skyldi. Þvargað er fram og aftur um ofnýttu stofnana. Lengra nær umræðan oftast ekki og að sjálfsögðu fæst engin niðurstaða. Margir segja líka, að fiskiskipaflotinn sé allt of stór, og vilja selja bróðurpart flotans eða leggja honum. Þessi floti er nú einu sinni í höndum landsmanna og raunhæfari leið til úrbóta er að finna honum verkefni við hæfi. Kolmunnann ber oft á góma þegar um vannýtta fiskstofna er rætt. Í þessari grein mun ég fjalla um þann ágæta fisk og þá möguleika sem við höfum í dag til að veiða hann.

Kolmunninn er flökkufiskur og ferðast ótrúlega víða í ætisleit. Útbreiðsla hans spannar Norður-Atlantshaf frá Biskayaflóa til Grænlands og allt til Svalbarða. Fiskurinn er smávaxinn, svo sem ámóta og síld. Hann þykir góður til matar þó nýting hans til manneldis sé skammt á veg komin. Margar þjóðir keppast nú við ýmiss konar vinnslutilraunir á kolmunna, og ljóst er að nýting til manneldis mun vaxa mjög hratt á næstu árum. Nú fer mestallur kolmunnaafli til bræðslu. Fæst úr honum mjög gott og mikið mjöl, en fiskurinn er tiltölulega magur (1—9%) og lýsi úr honum er ekki mikið. Minnst lýsi er í honum um og eftir hrygningu, en á haustin er hann feitastur. Á sumrin og haustin, þegar hann er best veiðanlegur hér við land, er fitan 3—8% og gott hráefni til manneldis. Talið er að kolmunninn verði 10—14 ára gamall og kynþroska líklega 3 ára. Langstærstu hrygningarstöðvarnar, sem vitað er um, eru SV og V frá Írlandi á svokölluðum Porcupinebanka og svo vestur af St. Kildu. Þar hrygnir hann í mars og apríl. Sterkur grunur leikur á að hann hrygni einnig SV frá Íslandi og jafnvel víðar, en á því vita vísindamenn ekki sönnur enn sem komið er. Stofnstærð er áætluð 10—12 millj. tonna og árlegt veiðiþol a. m. k. 1,5 millj. tonna.“

Síðar segir Magni:

„Langbest veiðivon er, að því er menn nú best vita, á hrygningarstöðvunum. Einnig við Færeyjar og svo í íslenskri fiskveiðilögsögu úti fyrir Austfjörðum og á Dohrnbanka. Það, sem gerir hlut okkar betri en ella, er sú staðreynd, að þegar kolmunninn heldur sig hér við land er hann í besta hugsanlegu ástandi, hvort sem er til manneldis eða mjölvinnslu.“

Þá víkur Magni að þessu áhugamáli sínu, hvernig um of hefur verið talað fyrir daufum eyrum, og tilgreinir rök fyrir nauðsyn aðgerða:

„1. Innan tveggja ára verður með einhverjum hætti kvótaskiptur sá afli sem hver þjóð fær að veiða af þessum stofni. Þá hlýtur að verða tekið verulegt tillit til þess aflamagns sem hver einstök þjóð, sem að væntanlegu samkomulagi um aflaskiptingu stendur, hefur veitt þegar að samningum kemur.
2. Ástand ýmissa annarra fiskstofna við landið er þess eðlis, að brýna nauðsyn ber til að nýta alla þá möguleika sem felast í vannýttum stofnum.
3. Afkoma þjóðarbúsins út á við leyfir ekki að tækifæri til aukinnar gjaldeyrisöflunar séu látin ónotuð. Hvað þetta snertir eru möguleikarnir ótvíræðir. Rétt er að benda á í þessu sambandi, að afurðir úr 100 þús. tn. af kolmunna eru ca. 3—4 milljarða kr. virði miðað við bræðsluaflann og mun meiri ef hluti aflans færi til manneldis svo sem sjálfsagt væri.
4. Nokkur hluti fiskiskipaflota okkar er verkefnalaus þann tíma ársins sem helst er von kolmunnaafla hér á heimamiðum.

Fleiri rök mætti nefna, svo sem atvinnusjónarmið á löndunarhöfnum, afkomu fiskmjölsverksmiðjanna o. fl., o. fl.“

Síðan víkur hann að spurningunni: Eigum við skip? — og segir:

„Ég hef slegið því föstu, að sterk hagsmunaleg rök hnígi að því, að við aukum kolmunnaaflann mjög hratt á næstu 1—2 árum. Spurningin er: Höfum við aðstöðu og búnað til þess? Í mínum huga er svarið jákvætt. Ef hefðbundin viðmiðun er notuð eigum við innan við 10 eiginleg kolmunnaskip. En miðað við þróun síðustu ára og miðað við þá staðreynd, að væntanlegar veiðar hér við land eiga sér stað við góðar veðurfarslegar aðstæður (sumar og framan af hausti), tel ég að stór hluti loðnuveiðiflotans sé fær um að sinna þessum veiðum með flotvörpu af nýjustu gerð, og þá á ég við, að skipin noti hvert sína vörpu (ekki tvílembingstroll) ....

Við lauslega athugun sýnist mér að um það bil 30 loðnuveiðiskip hafi 1000 hestafla vélar eða stærri og þar með möguleika að draga flotvörpu við sæmileg veðurskilyrði. Auk þess eru a. m. k. 3 skuttogarar sérlega hentugir til kolmunnaveiða."

Lok greinarinnar eru þessi, en hún er rituð í ársbyrjun 1979:

„Eins og áður segir veiddust hér við land aðeins 35 þúsund lestir á s. l. ári af kolmunna. Setjum því markið hátt og veiðum í ár yfir 100 þús. lestir og 200 þús. lestir næsta ár. Þetta er framkvæmanlegt og mundi, eins og ég hef bent á, styrkja stöðuna þegar að kvótaskiptingu kemur, og ekki má gleyma blessuðum ríkiskassanum. Þar hlýtur að vera pláss fyrir þann gjaldeyrisauka sem af þessu hlytist. En til að þetta megi takast verður að hefjast handa. „Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær."

Þá vík ég til Sigurjóns Arasonar, en á aðalfundi Rannsóknaráðs ríkisins (veturinn 1980) flutti hann hið athyglisverðasta erindi um kolmunnann og verður hér nokkuð til þess vitnað.

Um stærð og veiði segir Sigurjón:

„Stærð hrygningarstofnsins í Atlantshafi er talinn vera um 10 milljónir lesta. Árleg veiði úr stofninum getur numið a. m. k. 1,5 milljónum lesta, og hlutur okkar Íslendinga gæti orðið a. m. k. 200 þúsund lestir, ef rétt er að staðið.

Á síðasta ári veiddust alls rúmlega 1,2 milljónir lesta af kolmunna og þar af veiddu Sovétmenn um 760 þús. lestir í Norðausturdjúpi rétt utan við íslensku 200 mílna mörkin."

Þá víkur hann að kolmunnarannsóknum sumarið 1979 og verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu, en þessar tilraunir fóru fram í júlí og ágúst á nótaskipinu Óla Óskars RE og í þurrkhúsi Sæbergs hf. á Eskifirði. Um vinnslutilraunirnar segir Sigurjón svo orðrétt:

„Vinnslutilraunirnar voru framkvæmdar á Eskifirði og var kolmunninn eingöngu unninn í skreið og var verkunin miðuð við tvo markaði, þ. e. gæludýrafóður og til manneldis í Nígeríu. Báðir þessir markaðir vilja kaupa kolmunnaskreið hvort sem hún er slægð eða óslægð, en óslægða skreiðin má ekki vera of feit. Þess vegna gerðum við athuganir á hve lengi væri hægt að þurrka kolmunnann vegna átu og fitu. Kolmunni var þurrkaður í maí og mældist fitan um 2% og hafði það engin áhrif á skreiðargæðin. Í júlílok var fitan komin í 3,5% og virtust mörkin vera þar."

Í niðurlagi skýrslu Sigurjóns segir hann:

„Kolmunnaveiðar við Ísland eiga að geta aukist verulega og raunhæft væri að stefna að a. m. k. 200 þúsund tonna veiði árlega. Fyrstu árin þyrfti að gera ráð fyrir blönduðum veiðiskap, þ. e. landa hluta kolmunnans úr hverri veiðiferð til bræðslu og hinn hlutinn færi í vinnslu til manneldis, vegna þess að í landi er ekki til næg aðstaða til vinnslu á neyslufiski og eins hitt, að markaðir fyrir kolmunna til neyslu eru óvissir. Þurrkun kolmunnans getur farið fram á sama hátt og þurrkun annars smáfisks og skapast þá samfelldara hráefnisframboð. Einnig þarf að vera nægilega stór markaður fyrir þessa vöru. Töluverður markaður virðist vera á Norðurlöndum og víðar fyrir þurrkaðan smáfisk í gæludýrafóður og stór markaður er fyrir smáfiskskreið til manneldis í Nígeríu. Eins og áður er nefnt er framleiðsla á kolmunnaskreið sú vinnsla sem skilar mestum arði.

Fiskverkendur og neytendur hafa ekki enn þá viðurkennt kolmunnann sem nýja tegund, heldur er sífellt reynt að framleiða úr honum afurðir, sem eru sambærilegar við þá fiskrétti

sem nú þegar þekkjast á markaðnum. Kolmunninn hentar ekki vel í þessa fiskrétti og þar af leiðandi er markaðsverð kolmunnaafurða um 70% lægra en fyrir sambærilegar þorskafurðir.

Engin tæknileg vandkvæði eru á því að veiða og vinna kolmunna í afurðir til manneldis. Málið snýst því raunverulega um það verð, sem framleiðendur geta borgað fyrir hráefnið. Verðið er mjög háð markaðsverði fullunninnar vöru, sem þarf að vera það hátt, að ekki verði tap á rekstrinum.“

Vitnað er beint til greinargerðar Sigurjóns:

„Ef við ætlum okkur það markmið að veiða 100 þús. tonn af kolmunna hvert ár og segjum að við höfum sölusamning upp á 5000 tonn af kolmunnaskreið til Nígeríu, skilaverð 26 kr. á kg skreið. Nýtingin af þessum 100 þús. tonnum verður þá 25 000 tonn í skreiðarverkun og 75 000 tonn í fiskmjölsvinnu. Nýtingin í mjölvinnslunni er 18,5% og skilaverð á kolmunnamjöli er 3,50 kr./kg. Söluverðmæti kolmunnaafurðanna er þá (nóv. 1981):

Kolmunnaskreið	100 millj.
Kolmunnamjöl	50 millj.
Heildarskilaverðmæti	150 millj.

Stærsti kostnaðarliðurinn við þessa verðmætasköpun er olíunotkuknin bæði fyrir veiðiflotann og fiskmjölsvinnsluna. Áætlaður olíukostnaður er 25% af söluverðmæti kolmunnaafurða.“

Frá því tillagan var flutt á síðasta þingi hefur fram verið haldið athugunum á kolmunnaveiðum og vinnslumöguleikum, sem nánar verður vikið að í framsögu. Hér fylgja til viðbótar nokkur áhersluatriði frá Sigurjóni Arasyni, sem m. a. lúta að möguleikum varðandi Reyðarfjörð sérstaklega og eru sett fram með tilliti til nýjustu viðhorfa í loðnuveiðum.

Sigurjón segir svo:

„1. Á næstu loðnuvertíð verður óverulegum loðnuafla landað í mjölvinnslu á Reyðarfirði. Fiskmjölsverksmiðjan á Reyðarfirði er í eigu ríkisins. Hugsanlegt er að nýta aðstöðu verksmiðjunnar að einhverju leyti í aðra vinnslu og þá til dæmis kolmunnavinnslu, og fiskmjölsvinnsla er forsenda fyrir annarri vinnslu.
2. Hugsanleg kolmunnavinnsla á Austfjörðum á að vera fjölhæf vinnsla þannig að hægt væri að framleiða þurrkaðan eða frosinn kolmunna í sömu verstöðinni. Hægt er að nota sömu vinnsluvélarnar fyrir flökun og slægingu bæði í frystingu og þurrkuninni.
3. Á síðasta ári voru veiddar um 1,5—2 millj. tonna af kolmunna, þannig að veiddur kolmunnaafli er í því marki, sem talið var æskilegt veiðiþol kolmunnastofnsins. Sovétmenn veiddu um 1 millj. tonna og veiddist stærsti hluti þess afla rétt utan við íslensku 200 mílna mörkin.
4. Aflanum verður skipt í kvóta, líklega eftir 1—2 ár, svo að við höfum ekki misst af lestinni enn þá. Hægt væri að rétta hlut okkar með aflaaukningu á komandi vertíð og nýta stærsta hluta aflans til manneldis, þ. e. með þurrkun og frystingu. Færeyingar hafa keypt verksmiðjuskip fyrir kolmunnavinnslu og um borð eru fjórar vinnslulínur fyrir frystingu á kolmunna. Vinnslugeta skipsins er 60 tonn af kolmunna í frystingu og 50 tonn í mjölvinnslu. Verksmiðjuskipið fylgir kolmunnagöngunni eftir og veiðir þann afla sem fer í vinnslu. Ef skipið getur ekki veitt nóg í vinnsluna, þá getur skipið tekið á móti afla annarra skipa. Verksmiðjuskipið hefur verið á veiðum síðan í apríl og hefur það tvisvar landað fullfermi. Í seinna skiptið landaði það í lok september og fékkst um 5 milljónir d. kr. fyrir farminn. Veiðiferðin tók 2 mánuði og segja forráðamenn skipsins að skipið hafi staðið undir öllum rekstrarkostnaði í þeirri ferð, en sú fyrri gekk ekki eins vel vegna byrjunarörðugleika. Forráðamenn skipsins segja að skipið anni ekki markaðseftirspurn. Þeir hafa aðallega selt kolmunnaafurðir (flök og marning) í Austur-Þýskalandi, Englandi, Frakklandi og Bandaríkjunum.
5. Smáfiskvinnslan og þurrkunin mun kosta um 4,5 millj. (gróf áætlun). Tvær slægingar- og flökunarvélar ásamt einum lyftara með uppsetningu, færiböndum og þvottavél munu

kosta um 1,5 millj. Færibandaþurrkari og eftirþurrkunarbúnaður munu kosta um 2 millj. og annað 1 millj. Húsnæði (mjölskemma) S. R. á Reyðarfirði væri vel nothæft fyrir skreiðarþurrkun, en fyrir frystingu þyrfti aðrar aðstæður.

6. Þessar smáfiskvélar væru nothæfar fyrir síldarverkun á haustin og fengist betri nýting á vélum.
7. Kolmunni eingöngu í mjölvinnslu í framtíðinni verður ekki hagkvæmur kostur, en hagkvæmnin liggur í verðmætasköpun á hráefninu í dýrari vöru en fiskmjöli."

Þau atriði, sem hér hafa verið talin upp, eiga öll við aðra staði einnig, m. a. Vopnafjörð, ef undan er skilin eign ríkisins á verksmiðju á Reyðarfirði.

„Að lokum, ef Íslendingar ætla sér á annað borð að snúa sér að kolmunnavinnslu, þá verða þeir að fara til þess. Ein þurrkstöð eins og talað er um í frumvarpinu og aðstaða til frystingar á flökum og marning mundi veita um 50—60 manns atvinnu auk sjómanna við veiðar og framleiða má úr um 60—100 tonnum af hráefni á dag. Þessi stöð kostaði um 10 millj. kr. ef allt yrði keypt nýtt í hana.

Ef reiknað er með því, að hægt væri að afla hráefnis jafnlengi og Rússar, en það er vitað, að þeir hafa verið á veiðum austur af landinu í 4—5 mánuði eða í 18 vikur, þá ætti verksmiðjan að geta unnið úr 10 000 tonnum.

Í þurrkstöðinni er einn þurrkari með afköst 15 tonn á sólarhring og ef hann er starfræktur í 300 daga á ári, þá færu 4 500 tonn í þurrkun, en hinn hlutinn yrði settur í frystingu annaðhvort sem flök eða marningur.

Markaðshorfur fyrir kolmunnaafurðir virðast vera betri í dag en áður hefur verið."

Hér lýkur tilvitnun í greinargerð Sigurjóns Arasonar og til viðbótar skal þetta aðeins sagt:

Um hina miklu möguleika á frekari veiði og aukinni verðmætasköpun verður frekar rætt í framsögu, en ljóst er, svo sem sá mikli áhugamaður Magni Kristjánsson hefur bent á, að hér má sækja í sjávardjúp verðmæti, sem nema hundruðum milljóna.

Hér er um brýnt þjóðhagslegt atriði að ræða, jafnt varðandi fiskveiðar og fiskvinnslu. Að einhverri slíkri skipan, sem þessi tillaga lýtur að, þarf að vinna af fullri einurð og gera allt sem unnt er til að nýta þessa auðlind sem best. Því er tillögu þessari enn breytt.

Nd. 174. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til laga um iðnráðgjafa.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið umsagnir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Iðntæknistofnun, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Alþýðusambandi Íslands og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Páll Pétursson var fjarverandi þegar frv. var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 10. des. 1981.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Magnús H. Magnússon, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Pálmi Jónsson.	Jósef H. Þorgeirsson.	Guðmundur G. Þórarinsson.

Nd. 175. Breytingartillögur [66. mál]

við frv. til laga um iðnráðgjafa.

Frá iðnaðarnefnd.

1. 1. málsgr. 1. gr. orðist svo:
   Ákveði samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög, sbr. 2. gr., að ráða iðnráðgjafa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra svo og kostnað við samræmingu, sbr. 4. gr.
2. 2. málsgr. 4. gr. orðist svo:
   Tryggð skulu tengsl iðnráðgjafa við tækni- og þjónustustofnanir og samtök iðnaðarins og störf þeirra samræmd, undir forustu Iðntæknistofnunar, með hliðsjón af stefnumörkun um iðnþróun og þeim aðgerðum sem unnið er að á hverjum tíma.

Sþ. 176. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

Alþingi ályktar með vísun til 2. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver að:

1. Samhliða næstu meiriháttar vatnsaflsvirkjun verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu, sem auki núverandi afkastagetu um allt að 750 GWh á ári.
2. Blönduvirkjun, samkvæmt virkjunartilhögun I, verði næsta meiriháttar vatnsaflsvirkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun, enda takist að ná um það samkomulagi við heimamenn.
3. Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun verði næstu meiriháttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Ákveðið er að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun skarist, og að Sultartangavirkjun verði samhliða Fljótsdalsvirkjun, eftir því sem orkunýting gefur tilefni til.
4. Ráðist verði í orkufrekan iðnað með ótvíræðu íslensku forræði, sem tryggi hagkvæma nýtingu orku frá ofangreindum virkjunum. Skal í því skyni hraða hagkvæmniathugunum á m. a.: Kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, áliðju, stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, trjákvoðuverksmiðju og sjóefnaiðnaði, svo sem natríumklóratvinnslu og magnesíumframleiðslu.
   Við niðurröðun og staðsetningu slíkra iðjuvera verði tekið mið af þjóðhagslegri hagkvæmni og æskilegri byggðaþróun og í því efni m. a. gert ráð fyrir slíkum iðnaði á Suðurlandi og Norðurlandi.
5. Við tímasetningu virkjunarframkvæmda og byggingu iðjuvera, skal leitast við að haga framkvæmdum á þann veg, að mannafla- og vinnuvélaþörf verði sem jöfnust á framkvæmdatímabilinu. Tilgangurinn með þessari tilhögun er að gera íslenskum verktökum kleift að annast þessar framkvæmdir og koma í veg fyrir tímabundin og staðbundin vandamál á vinnumarkaðinum.
6. Verði ekki ráðist í Blönduvirkjun nú, komi Fljótsdalsvirkjun í hennar stað sem næsta meiriháttar vatnsaflsvirkjun fyrir landskerfið, enda geti hún hafið orkuframleiðslu fyrir árslok 1987.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

INNGANGUR

Með lögum nr. 60/1981 var veitt heimild til að reisa og reka Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Villinganessvirkjun og Sultartangavirkjun með samtals allt að 680 MW afli. Auk

þess var veitt heimild til stækkunar Hrauneyjafossvirkjunar í allt að 280 MW, Sigölduvirkjunar í allt að 200 MW, og til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og auka orkuvinnslugetu þeirra, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga. Þá var einnig heimilað að reisa og reka jarðvarmavirkjanir allt að 50 MW að stærð og varastöðvar með allt að 50 MW afli.

Í greinargerð sem fylgdi lagafrumvarpinu var sett fram stefnumótun í virkjunarmálum til langs tíma, þ. e. næstu 10—15 ára. Þar kemur fram að með ofangreindum virkjunum, sem til framkvæmda geta komið á næstu 10—15 árum, yrði um verulegt orkumagn að ræða sem yrði til ráðstöfunar fyrir utan þarfir hins almenna markaðar og núverandi orkufreks iðnaðar. Fram kemur að sú orka geti numið 1300—2400 GWh/ári á tímabilinu.

Til enn lengri tíma litið er vikið að því markmiði að jafna orkureikninginn við útlönd fyrir lok aldarinnar, sumpart með framleiðslu eldsneytis hér innanlands og sumpart með útflutningi orkufrekra afurða. Slíkt markmið kemur allvel heim við efri mörk orkuspár Orkuspárnefndar.

Með lögunum er í fyrsta skipti heimiluð bygging meiriháttar virkjana utan Suðurlands og mörkuð sú stefna að dreifa virkjunum um landið. Forsenda þess er sú uppbygging raforkuflutningskerfis, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og nú nær frá virkjununum við Þjórsá og Tungnaá, vestur, norður og austur um land, allt til Hornafjarðar. Vantar nú aðeins hlekkinn Hornafjörður-Sigalda til að loka orkuflutningshringnum, en samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum mun þeirri framkvæmd væntanlega verða lokið á næstu tveimur árum. Dreifing virkjana um landið undir þessum kringumstæðum eykur hagkvæmni í orkuvinnslu og orkuflutningi auk þess öryggis sem hún að sjálfsögðu skapar gagnvart línubilunum eða öðrum bilunum af völdum staðbundinna náttúruhamfara.

Í greinargerðinni með frumvarpi til laga um raforkuver voru einnig raktar meginlínur í stefnumörkun varðandi orkufrekan nýiðnað, sem tengst geti virkjanaframkvæmdunum, og eru þessi atriði helst:

— Krafan um virk íslensk yfirráð
— Arðsemi
— Nálægð við helstu virkjunarstaði
— Umhverfisvernd
— Byggðasjónarmið
— Staðhættir, þar með talið röskunarhætta á byggð og atvinnustarfsemi sem fyrir er
— Markaður fyrir afurðir sé tryggður.

Í lögunum um raforkuver segir svo í 2. gr.:

„Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þar á meðal um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Skal áður liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim aðilum, sem ríkisstjórnin kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Jafnframt leggi ríkisstjórnin fram greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti."

Nú liggja fyrir:

— Greinargerð Orkustofnunar „Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta. Samanburður virkjunarleiða. IV Áhrif aukins orkufreks iðnaðar", OS 81024/VOD 10, nóv. 1981
— Greinargerð Rafmagnsveitna ríkisins „Virkjunarleiðir. Mat á hagkvæmni og þýðingu fyrir raforkukerfi landsins" Rafmagnsveitur ríkisins, 81507, október 1981.
— Greinargerð Landsvirkjunar „Raforkuöflun í samtengdu landskerfi í framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun", nóvember 1981.

Með þingsályktunartillögu þeirri sem hér liggur fyrir eru lögð fram nokkur fylgiskjöl, þar á meðal:

1) Bréf Jakobs Björnssonar, orkumálastjóra, sem fylgdi greinargerð Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytisins, dags. 9. 11. 1981.
2) Bréf Kristjáns Jónssonar, rafmagnsveitustjóra ríkisins, sem fylgdi með greinargerð Rafmagnsveitna ríkisins til iðnaðarráðuneytisins, dags. 26. 10. 1981.
3) Bréf Jóhannesar Nordal, stjórnarformanns Landsvirkjunar, sem fylgdi greinargerð Landsvirkjunar til iðnaðarráðherra, dags. 4. 12. 1981, ásamt yfirliti og niðurstöðum greinargerðarinnar.

Einnig er lögð fram sem fylgiskjal greinargerð Orkustefnunefndar um möguleika varðandi nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Með hliðsjón af þessum álitsgerðum er í þingsályktunartillögunni gert ráð fyrir, að áfram verði unnið að framkvæmdum við orkuöflun á Þjórsár-Tungnaársvæðinu, en að næsta meiriháttar vatnsaflsvirkjun í landskerfinu verði Blönduvirkjun skv. tilhögun I, enda náist um það samkomulag við heimamenn. Næstu vatnsaflsvirkjanir þar á eftir verði Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun.

Hugmyndir um virkjun Blöndu eiga sér langan aðdraganda svo sem rakið er í fskj. 2 með frv. til laga um raforkuver, en þar er einnig gerð grein fyrir áætluðu fyrirkomulagi virkjunarinnar.

Ráðgjafarnefnd iðnaðarráðuneytisins, og síðar einnig sérstök samninganefnd Rafmagnsveitna ríkisins sem virkjunaraðila, hefur haft með höndum samningaumleitanir við fulltrúa heimamanna að undanförnu, en af þeirra hálfu var skipuð samninganefnd um málið með tveim fulltrúum frá hverjum þeirra 6 hreppa sem hlut eiga að máli. Þessar samningaumleitanir hafa staðið á annað ár og hafa nú leitt til þess að fyrir liggja drög að samkomulagi um virkjun Blöndu milli fulltrúa virkjunaraðila og heimamanna, frá 23. sept. 1981, sbr. fskj. 6. Aðilar voru í stórum dráttum sammála um efnisatriði í þessum drögum að samningi, en hluti heimamanna hafði fyrirvara um virkjunartilhögun, og var m. a. vísað til þess, að ekki lægi fyrir afstaða ríkisstjórnarinnar til þess, hver verða skuli næsta virkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun.

Á fundi sínum hinn 27. nóv. 1981 gerði ríkisstjórnin þá samþykkt varðandi virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu, sem er efni þessarar þingsályktunartillögu. Hinn 30. nóv. s. l. ritaði ráðuneytið bréf til samninganefndar heimamanna (fskj. 5), þar sem þessi samþykkt ríkisstjórnarinnar var kynnt og óskað eftir að samninganefnd heimamanna og hlutaðeigandi sveitarstjórnir tækju ótvíræða afstöðu til samkomulagsdraganna.

Í framhaldi af þessu var haldinn fundur með samninganefndum aðila hinn 1. des. s. l., og varð þar að samkomulagi að svör yrðu veitt af hálfu heimamanna í síðasta lagi hinn 16. des. næstkomandi. Verður að meta stöðu málsins í ljósi þess sem þá liggur fyrir.

SAMANBURÐUR VIRKJUNARLEIÐA

1. Samkvæmt greinargerð Orkustofnunar.

Í greinargerð Orkustofnunar eru bornar saman eftirtaldar fjórar virkjunarleiðir. Upptalning virkjananna sýnir tímaröð þeirra:

Leið 01: Blanda — Fljótsdalur — Sultartangi
Leið 02: Fljótsdalur — Blanda — Sultartangi
Leið 03: Sultartangi — Fljótsdalur — Blanda
Leið 04: Blanda — Sultartangi — Fljótsdalur.

Með Sultartanga er hér átt við sjálfa virkjunina, því að stíflan er komin áður. Undanfari þessara virkjana er sameiginlegur í öllum leiðunum fjórum. Hann er:

- Stífla á ármótum Þjórsár og Tungnaár (Sultartangastífla).
- Innrennsli Þórisvatns verði aukið með Kvíslaveitu.
- Stækkun Þórisvatnsmiðlunar úr 1000 í 1450 Gl.
- Aflaukning í Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjun.

Athugun Orkustofnunar nær allt til næstu aldamóta, sem er lengri tími en þingsályktunartillögu þessari er ætlað að taka til. Eftir lúkningu þriggja ofangreindra virkjana gerir Orkustofnun í athugun sinni ráð fyrir eftirtöldum þremur virkjunum, sem allar eru á Þjórsár-Tungnaársvæðinu. Röð þeirra er hin sama í öllum virkjunarleiðum, og áhrif þeirra því hin sömu á þær allar, þannig að hún raskar ekki samanburðinum. Virkjanir þessar eru:

- Vatnsfellsvirkjun
- Hálsvirkjun
- Króksvirkjun.

Engin afstaða er hér tekin til þeirra hugmynda.

Varðandi orkumarkað er í skýrslu Orkustofnunar gengið út frá spá Orkuspárnefndar frá vorinu 1981 um raforkuþörf til almennra þarfa. Þessi spá er rakin í greinargerð með frumvarpi til laga um raforkuver frá því vorið 1981. Því til viðbótar eru í skýrslu Orkustofnunar teknar til athugunar sex mismunandi forsendur um þróun orkufreks iðnaðar („iðnaðarstefnur") miðað við þá forsendu að slík iðnfyrirtæki rísi allvíða á landinu á næstu 10—20 árum, en ekki einvörðungu í einum landshluta. Þessum „iðnaðarstefnum" er það einnig sameiginlegt að fylgt er nokkurn veginn efri mörkum raforkuspárinnar frá 1981. Mismunur þeirra liggur fyrst og fremst í stærð og tímasetningu iðjuvera í einstökum landshlutum. Einnig er athugað það tilvik að engin aukning verði í orkufrekum iðnaði.

Tekið skal fram að hinar svonefndu „iðnaðarstefnur" sem fjallað er um í skýrslu Orkustofnunar eru ekki settar fram samkvæmt fyrirmælum iðnaðarráðuneytisins, heldur hefur Orkustofnun sjálf gefið sér þær sem forsendur fyrir útreikningum sínum í því skyni að kanna áhrif mismunandi ákvarðana í orkunýtingarmálum á samanburð virkjunarleiða. Vitneskju um slíkan samanburð er gagnlegt að hafa áður en ákvarðanir eru teknar, hvort heldur um er að ræða nýiðnað eða virkjanaröð.

Orkunýtingarhugmyndir sem iðnaðarráðuneytið hefur sett fram og telur rétt að miða samanburð virkjunarleiða við, falla vel innan þess sviðs sem gengið er út frá í skýrslu Orkustofnunar og raunar mjög nálægt þremur af þeim „iðnaðarstefnum" sem þar koma fram, þ. e. IS-1, IS-2 og IS-6, þannig að niðurstöður skýrslunnar gefa um leið svar við þeirri spurningu hvaða virkjunarleið sé hagkvæmust miðað við forsendur ráðuneytisins í bréfi þess.

Skýrsla Orkustofnunar byggir á virkjunaráætlunum sem gerðar voru vorið 1981 varðandi þau mannvirki sem hún tekur til athugunar.

Niðurstöður af athugunum Orkustofnunar eru þær að virkjunarleið 01, Blanda — Fljótsdalur — Sultartangi, sé fjárhagslega hagkvæmust í öllum tilvikum. Aðeins í því tilviki að orkufrekur iðnaður aukist ekki frá því sem nú er fram til aldamóta er virkjunarleið 04, Blanda — Sultartangi — Fljótsdalur, ívið hagkvæmari en hin. Munurinn er þó svo lítill að hann er varla marktækur. Í tveimur tilvikum, IS-1 og IS-3, er munurinn á virkjunarleiðum 01, Blanda — Fljótsdalur — Sultartangi, og 02, Fljótsdalur — Blanda — Sultartangi, svo lítill að hann er á mörkum þess að geta talist marktækur.

Í skýrslu Orkustofnunar er samanburður virkjunarleiðanna byggður á núgildi kostnaðar þjóðarbúsins af vinnslu raforku fram til aldamóta og flutningi hennar um meginflutningskerfið. Sú virkjunarleið sem gefur lægst núgildi er talin fjárhagslega hagkvæmust. Núgildisreikningarnir eru gerðir með 8% vöxtum miðað við fast verðlag.

Villinganessvirkjun er ekki tekin með sérstaklega í athuganir Orkustofnunar. Hún er langminnst þeirra vatnsaflsvirkjana sem taldar eru í lögum nr. 60/1981 um raforkuver. Við svo hraða markaðsþróun sem athugunin gerir ráð fyrir fullnýtist hún á um það bil einu ári. Stofnkostnaður á orkueiningu er hærri hjá Villinganessvirkjun en bæði Blöndu- og Fljótsdalsvirkjun, en svipaður eða ívið lægri en hjá Sultartangavirkjun. Það sem sagt er í skýrslu Orkustofnunar um Sultartangavirkjun gæti því eins átt við ef ráðist yrði í framkvæmdir við Villinganess- og Sultartangavirkjun hvora á eftir annarri. Sökum smæðar hentar Villinganessvirkjun vel fyrir raforkukerfið, þegar vöxtur raforkunotkunar er mjög hægur og stærri virkjanir henta síður.

2. Samkvæmt greinargerð Rafmagnsveitna ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins komust að sömu niðurstöðu og Orkustofnun um hagkvæmni virkjunarleiða, og eru niðurstöður Rafmagnsveitnanna byggðar á sérstakri athugun, sem þær hafa gert.

Auk hinnar fjárhagslegu hliðar, sem samanburðurinn byggist á, benda Rafmagnsveiturnar á að taka verði tillit til afhendingaröryggis á raforku og tryggja þurfi frekar en nú er að notendur hafi sem jafnastan aðgang að raforku, óháð staðsetningu eða búsetu. Slíkt öryggi er að mati Rafmagnsveitnanna best tryggt með því að dreifa virkjunum landsins á hin ýmsu vatnasvið þess og auka núverandi miðlunarstig landskerfisins.

Samkvæmt útreikningum Rafmagnsveitnanna er virkjunarleið I fjárhagslega hagkvæmust og fellur auk þess vel að sjónarmiðum Rafmagnsveitnanna varðandi öryggi í orkuvinnslu og orkuafhendingu. Þessi virkjunarleið gerir, eins og áður er getið, ráð fyrir að í framhaldi af aðgerðum til að auka og tryggja orkuvinnslu virkjananna á Þjórsársvæðinu, verði næst ráðist í Blönduvirkjun, síðan Fljótsdalsvirkjun og að Sultartangavirkjun verði hin þriðja í röð meiri háttar vatnsaflsvirkjana.

3. Samkvæmt greinargerð Landsvirkjunar.

Í greinargerð Landsvirkjunar kemur fram, að hagkvæmustu þættir í raforkuöflun landsmanna séu stíflugerð við Sultartanga, Kvíslaveita og stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Nauðsynlegt er talið að auka uppsett afl á Þjórsársvæðinu samhliða þessum aðgerðum eða í beinu framhaldi af þeim. Fram kemur, að Landsvirkjun telur nú hagkvæmara að þessi aflaukning komi fram sem stækkun Búrfellsvirkjunar (Búrfell II) heldur en uppsetning fjórðu vélar í Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun, eins og heimild er veitt fyrir í lögum nr. 60/1981 um raforkuver.

Landsvirkjun telur Blönduvirkjun skv. tilhögun I vera hagkvæmasta virkjunarkostinn sem næstu stórvirkjun fyrir landskerfið.

Í greinargerð Landsvirkjunar segir um frekari röðun virkjana, að hún sé fyrst og fremst háð uppbyggingu markaðarins og staðsetningu nýrrar stóriðju. Hins vegar kemur fram, að unnt eigi að vera á viðunandi fjárhagsgrundvelli að ráða við að fullgera bæði Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun auk Blönduvirkjunar og fyrrnefndra aðgerða á Þjórsársvæðinu á næstu 10—12 árum. Þetta álit er byggt á þeim forsendum, að almenningsveitur borgi um það bil það sama fyrir orkuna og nú að raungildi (22 aur/kWh), svo og að ráðstafanir verði gerðar til að koma núverandi fjárhagsstöðu Landsvirkjunar og byggðalínukerfisins í viðunandi horf.

ORKUNÝTING.

Í greinargerð Orkustefnunefndar er fjallað um möguleika á nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Sú virkjanastefna, sem að framan greinir, gæti gert kleift að hafa til ráðstöfunar um 600—700 GWh/ári til orkunýtingar umfram þarfir hins almenna markaðar fram að 1987, áður en næsta stórvirkjun kemst í gagnið. Meðal þeirra iðnaðarkosta sem til álita koma til að nýta þessa orku eru kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði (325—400 GWh), þriðji ofn í Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga (250 GWh), trjákvoðuverksmiðja (375 GWh) og natríumklóratverksmiðja (170 GWh). Steinullarverksmiðja, saltverksmiðja og stálverksmiðja myndu samanlagt nota um 65 GWh af raforku. Á tímabilinu fram til 1987 væri einnig tæknilega unnt að auka álvinnslu við Straumsvík t. d. um 40 þús. tonn (550 GWh).

Miðað við að Blönduvirkjun verði næsta meiriháttar vatnsaflsvirkjunin eykst orkuvinnslugeta landskerfisins um 775 GWh/ári, frá árinu 1988 að telja.

Til þess að hagkvæmni stórvirkjana nýtist hinum almenna markaði, er eðlilegt að gera ráð fyrir að hver ný stórvirkjun fullnægi a. m. k. 2—3 ára aukningu á raforkuþörf hins almenna markaðar, en hún vex að meðaltali um 120 GWh á ári á næstu árum samkvæmt orkuspá. Af þessu leiðir, að með tilkomu Blönduvirkjunar eykst svigrúm til orkunýtingar í iðnaði um allt að 400—500 GWh.

Með tilkomu Fljótsdalsvirkjunar gæti slíkt svigrún enn aukist um allt að 1000—1100 GWh/ári, og með tilkomu Sultartangavirkjunar um 300—400 GWh/ári. Ef þessum þremur virkjunum yrði öllum lokið á næstu 12 árum, má ætla að unnt væri að auka orkunýtingu í iðnaði samtals um allt að 1700—1800 GWh/ári á tímabilinu 1987—1993. Þeir iðnaðarkostir sem Orkustefnunefnd nefnir sérstaklega sem hugsanlega á þessu tímabili eru íslensk álíðja og magnesíumverksmiðja, auk þeirra kosta sem áður hafa verið taldir en ekki yrði ráðist í fram að þeim tíma.

Ekki er ástæða til að spá lengra fram í tímann, en meðal þess sem fyrr eða síðar gæti komið til greina er íslensk eldsneytisframleiðsla. Hagkvæmni hennar er m. a. háð þróun orkuverðs, sem enginn getur sagt um nú, hver verða muni, en auk þess þarf að taka verulegt tillit til öryggissjónarmiða.

Um einstaka liði þingsályktunartillögunnar.

Um 1. lið.

Með orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu er átt við gerð vatnaveitu til Þórisvatns (Kvíslaveita), gerð stíflu á ármótum Þjórsár og Tungnaár (Sultartangastífla) og aukningu á miðlunarrými Þórisvatns. Aðgerðir þessar eru taldar auka á orkuvinnslugetu núverandi landskerfis um allt að 750 GWh á ári og eru á heildina litið taldar vera ódýrustu og hagkvæmustu orkuöflunaraðgerðir sem völ er á.

Um 2. lið.

Blönduvirkjun með tilhögun I er talin vera hagkvæmust þeirra vatnsaflsvirkjana sem til greina koma sem næsta meiriháttar virkjun í landskerfinu. Í greinargerðinni hér að framan hefur verið lýst stöðu mála varðandi samninga við heimamenn um réttindi sem virkjuninni tengjast.

Að undanförnu hefur áfram verið unnið að tæknilegum undirbúningi virkjunarinnar. Síðastliðið sumar var boruð enn ein rannsóknarhola í stöðvarhússtæði og samið hefur verið við ráðgjafaraðila um verkhönnun virkjunarinnar og er talið að hún geti legið fyrir snemma á árinu 1982.

Til undirbúnings framkvæmda var einnig á árinu 1981 unnið í byggð að styrkingu flutningaleiða til virkjunarsvæðisins. Áætlun gerði ráð fyrir að verja í þessu skyni 3—4 m.kr. Þá hefur í sumar verið unnið að uppgræðslutilraunum og rannsóknum vegna veiði og fleiri þátta.

Fyrirhugað er að ljúka verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna Blönduvirkjunar á árinu 1982, ef samkomulag næst um virkjunartilhögun. Jafnframt verði unnið að tilraunagöngum að stöðvarhússtæði, vegagerð, lagningu vinnurafmagns og síma, uppsetningu vinnubúða og annarri aðstöðusköpun, þannig að vorið 1983 geti vinna við sjálfar framkvæmdirnar hafist af fullum krafti og virkjunin komist í gagnið á árinu 1987.

Um 3. lið.

Hér er kveðið á um að Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun verði næstu meiriháttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Hraði við þessar virkjunarframkvæmdir sem og þær sem á undan koma mun öðru fremur ráðast af þróun markaðar, en ákveðið er að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun skarist og einnig að unnið verði að framkvæmdum við Sultartangavirkjun samhliða Fljótsdalsvirkjun, eftir því sem orkunýting gefur tilefni til.

Ef gert er ráð fyrir að raforkusala til orkufreks iðnaðar og vegna sparnaðar á innfluttu eldsneyti rösklega tvöfaldist frá því sem nú er á næstu 10 árum, má þannig reikna með að Fljótsdalsvirkjun komist í gagnið um 1990 og Sultartangavirkjun litlu síðar.

Um 4. lið.

Með þessu ákvæði er áréttuð sú stefnumörkun um íslenska orkustefnu, sem fram kom í greinargerð með frumvarpi til laga um raforkuver. Lögð er áhersla á ótvírætt íslenskt forræði og hagkvæmni í orkunýtingu, auk þess sem taka skal mið af þjóðhagslegri hagkvæmni og æskilegri byggðaþróun við ákvarðanir um orkufrek iðnfyrirtæki.

Í fskj. 4 er gerð grein fyrir stöðu hagkvæmniathugana á einstökum iðnaðarkostum, en þar er athugun komin lengst varðandi kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, auk athugana sem fram hafa farið vegna hugsanlegrar stækkunar Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

Um 5. lið.

Hér er lögð áhersla á að reynt verði að hafa framkvæmdir sem jafnastar að magni, bæði til að nýta sem best sérþjálfaðan mannafla og tækjabúnað og gera íslenskum verktökum kleift að annast framkvæmdir svo og til að forðast miklar sveiflur á vinnumarkaðinum.

Við fyrri virkjanir hefur verið lögð vaxandi áhersla á að gera íslenskum verktökum fært að taka að sér sem flesta verkþætti. Við Hrauneyjafossvirkjun var þannig hlutur íslenskra verktaka yfirgnæfandi, þar sem þeir höfðu með höndum nánast alla jarðvinnu og byggingavinnu. Auk fjárhagslegs og gjaldeyrissparandi hagræðis af þessari tilhögun framkvæmda hafa tímaáætlanir staðist betur en áður og reynslan að öðru leyti verið góð að mati virkjunaraðila. Því mælir flest með því að haldið verði áfram á þessari braut. Til viðbótar þarf að koma markviss stefna í þá átt, að tengja hin stóru verkefni á sviði virkjana og orkunýtingar innlendri iðnþróun, þannig að innlendur framleiðslu- og þjónustuiðnaður fái vaxandi og sem stærstan hlut á þessum sviðum á eðlilegum samkeppnisgrundvelli. Þannig þarf hin mikla fjárfesting í orkumálum og orkunýtingu, sem fyrirsjáanleg er, að verða til að renna stoðum undir almenna iðnþróun, ekki síst á sviði rafiðnaðar og málmiðnaðar, svo og fleiri þætti atvinnustarfsemi í landinu.

Í héraði, þar sem virkjunarframkvæmdir með tilheyrandi umsvifum hafa staðið um nokkurt skeið, er það áhyggjuefni, ef allar slíkar framkvæmdir stöðvast skyndilega. Fram hafa komið áhyggjur meðal Sunnlendinga um að slíkt ástand kynni að skapast þar, eftir að framkvæmdum lýkur við Hrauneyjafossvirkjun.

Hér vill þó svo heppilega til, að allumfangsmiklar og vinnuaflsfrekar framkvæmdir verða á döfinni á því svæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda við vatnaveitur og aukna vatnsmiðlun. Á fskj. 7 er sýnd lausleg áætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um

mannaflaþörf við virkjunarframkvæmdir á Suðurlandi, miðað við að framkvæmdir við Sultartangavirkjun geti hafist 1988. Meðalmannaflaþörf fram til 1989 verður um 150—200 ársverk og fer aðeins á einu þessara ára undir 100 ársverk. Þannig virðist ekki teflt í sérstaka tvísýnu í þessum landshluta, þótt meginframkvæmdir flytjist til annarra virkjunarstaða um sinn.

Um 6. lið.

Hér er gert ráð fyrir að ráðist verði Fljótsdalsvirkjun, ef ekki verður af framkvæmdum við Blönduvirkjun nú.

Mikill áfangi náðist í rannsóknum við Fljótsdalsvirkjun á árinu 1980 og í ár hefur verið unnið áfram að rannsóknum og áætlanagerð um virkjunina. Er gert ráð fyrir að verkhönnun vegna hennar geti legið fyrir snemma á næsta ári.

Bráðabirgðaniðurstöður benda til að hagkvæmt sé að hafa virkjunina nokkru minni en áður var fyrirhugað, þannig að uppsett afl hennar verði 250—260 MW í þrem vélasamstæðum og orkuvinnslugeta um 1330 GWh/ári.

Varðandi byggingartíma Fljótsdalsvirkjunar vísast til fskj. 8, sem er bréf Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, dags. 27. febrúar 1981, en samkvæmt því var talið mögulegt, að gangsetning virkjunarinnar yrði síðla árs 1986, miðað við að ákvörðun yrði tekin vorið 1981. Á sömu forsendum er gangsetning talin möguleg árið 1987, ef ákvörðun um að hefja framkvæmdir við virkjunina yrði tekin vorið 1982.

FYLGISKJÖL
með tillögu til þingsályktunar um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu

EFNISYFIRLIT

1. Meginniðurstöður Orkustofnunar,
bréf orkumálastjóra, dags. 9.11.1981

2. Meginniðurstöður Rafmagnsveitna ríkisins,
bréf rafmagnsveitustjóra, dags. 26.10.1981

3. Meginniðurstöður Landsvirkjunar og
bréf stjórnarformanns, dags. 4.12.1981

4. Greinargerð um orkunýtingu, og
bréf Orkustefnunefndar, dags. 5.12.1981

5. Bréf iðnaðarráðuneytis til samninganefndar heimamanna
um málefni Blönduvirkjunar, dags. 30.11.1981

6. Drög að samningi milli Rafmagnsveitna ríkisins og
samninganefndar heimamanna um virkjun Blöndu,
dags. 23.9.1981 (breytt 30.11.1981)

7. Minnisblað frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen
varðandi vinnuafl við virkjunarframkvæmdir
á Suðurlandi, dags. 2.11.1981

8. Bréf frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen
til Rafmagnsveitna ríkisins varðandi
Fljótsdalsvirkjun, dags. 27.2.1981

Fylgiskjal 1.

Meginniðurstöður Orkustofnunar, bréf orkumálastjóra

ORKUSTOFNUN

Dags. 1981 11 09 | Tilv. vor JB/sg

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Framhald athugana á vinnslu og flutningi raforku til aldamóta.

Með bréfi dags. 1981 04 07 var hinu háa ráðuneyti send skýrsla í þremur bindum er fjallaði um vinnslu og flutning raforku hér á landi fram til aldamóta, þar sem borinn var saman kostnaður þjóðarinnar við öflun raforku og flutning hennar um meginflutningskerfið á tímabilinu fram til aldamóta, eftir mismunandi virkjunarleiðum.

Meginforsendur þeirrar athugunar voru:

- Raforkuspá frá 1978
- Virkjunaráætlanir frá vetrinum 1979-80
- Að því er stóriðju varðar var einungis reiknað með ca. 1200 GWh/ári (ca. 150 MW) alls fram til aldamóta, til viðbótar við núverandi stóriðju, og að öll sú notkun væri á sama stað. (Athuguð voru þrjú tilvik um staðsetningu).
- Ekki var reiknað með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar eða stækkunar Sigöldu og Hrauneyjafoss, en hins vegar Sultartangastíflu.

- Varðandi Kröfluvirkjun voru tvö tilvik athuguð: (1) Að Kröflu væri alveg sleppt og (2) að hún næði fullum afköstum 1986.

Meginniðurstöður þessarar athugunar voru þær, að hagkvæmast væri að byrja á Blönduvirkjun í öllum tilvikum nema einu, þ.e. því, að þessar 1200 GWh/ári í stóriðju væru notaðar á Austurlandi. Þá var hagkvæmast að byrja á Fljótsdalsvirkjun.

Á undanförnum mánuðum hefur athugun þessari verið haldið áfram í ljósi nýrra upplýsinga, og út frá nokkuð breyttum forsendum varðandi nýja stóriðju. Nánar tiltekið eru meginforsendur framhaldsathugunarinnar þessar:

- Raforkuspá frá 1981
- Virkjunaráætlanir frá vorinu 1981
- Varðandi nýja stóriðju er gengið út frá sex mismunandi iðnaðarstefnum, sem auðkenndar eru IS-1 - IS-6. Þær fela allar í sér nýja stóriðju er notar allt að 3800 GWh/ári um aldamót, í stað 1200 GWh/ári í eldri athuguninni. Þær fela einnig

Heimilisfang: Grensásvegi 9, 108 Reykjavík | Reikningsnúmer: 6901-3058 | Sími: 83600 | Símnefni: Orkustofnun | Banki: L.Í. Austurbæjarútibú | Hlaupar. nr: 4669

allar í sér uppbyggingu stóriðju smátt og smátt yfir tímann fram til aldamóta, í stað uppbyggingar á fimm árum aðeins (1986-90) í eldri athugun.
Loks gera allar iðnaðarstefnurnar ráð fyrir stóriðju í flestum landshlutum í stað eins í eldri athugun. Mismunur iðnaðarstefnanna er fólginn í mismunandi tímasetningu stóriðjumannvirkja í einstökum landshlutum, og mismunandi uppbygginarhraða fram til 1990 (IS-3 felur í sér meiri hraða).

Það tilvik er einnig tekið með að engin ný stóriðja komi fyrir aldamót (merkt IS-0).

Í öllum virkjunarleiðum er gert ráð fyrir að byrja á Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar, stækkun Sigöldu og Hrauneyjafoss um 50 og 70 MW og Sultartangastíflu áður en hafist er handa um nýja virkjun.

Ný stóriðja er í megindráttum í samræmi við efri mörk raforkuspárinnar frá 1981 í öllum iðnaðarstefnunum.

Aðeins eitt tilvik varðandi Krófluvirkjun er athugað, þ.e. nokkurnveginn óbreytt afl frá því sem nú er, sem samsvarar um 16 MW afls frá jarðgufuvirkjunum á landinu öllu (Krafla, Námafjall, Svartsengi).

Í framhaldsathuguninni voru þessar fjórar virkjunarleiðir bornar saman. Upptalningin sýnir tímaröð:

Leið 01 : Blanda-Fljótsdalur-Sultartangi

Leið 02 : Fljótsdalur-Blanda-Sultartangi

Leið 03 : Sultartangi-Fljótsdalur-Blanda

Leið 04 : Blanda-Sultartangi-Fljótsdalur

Með Sultartanga er hér átt við sjálfa virkjunina, en ekki stíflurnar, sem gert er ráð fyrir að komi á undan fyrstu virkjun í öllum leiðum.

Niðurstöður framhaldsathugunarinnar urðu þær, að virkjunarleið 01, Blanda-Fljótsdalur-Sultartangi, sé hagkvæmust í öllum tilvikum sem fela í sér aukna stóriðju frá því sem nú er, þ.e. IS-1 - IS-6. Aðeins í tilviki IS-0, þ.e. ef engin ný stóriðja kemur, er virkjunarleið 04, Blanda-Sultartangi-Fljótsdalur, ívið hagkvæmari.
Í iðnaðarstefnum IS-1 og IS-3 er munurinn á virkjunarleiðum 01 og 02 þó á mörkum þess að vera marktækur og það sama á við um virkjunarleiðir 01 og 04 í iðnaðarstefnu IS-0. Í öðrum tilvikum er um marktækan mun að ræða.

Ástæðan til þess, að Fljótsdalvirkjun er hvergi hagkvæmust sem byrjun, gagnstætt því sem var í fyrri athugun, er sú, að nú er allstaðar um að ræða einhverja stóriðju utan Austurlands, gagnstætt því tilviki sem gerði Fljótsdalsvirkjun hagkvæmasta áður, þar sem öll ný stóriðja til aldamóta var staðsett einmitt þar.

Niðurstöðurnar sýna einnig, að sé byrjað á Blöndu er stærra lónið hagkvæmara en hið minna.

ORKUSTOFNUN

Skýrslan er unnin á verðlagi í byrjun árs 1981 (byggingarvísitala 626), og niðurstöðutölur allar eru á því verðlagi, að því undanteknu, að á yfirlitstöflum yfir meginniðurstöður strax á eftir þessu bréfi hafa þær verið umreiknaðar eftir byggingarvísitölu til verðlags í sept. 1981 (byggingarvísitala 811).

Í bréfi Iðnaðarráðuneytisins til Orkustofnunar dags. 1981 10 05 er gerð grein fyrir þeim orkumarkaði sem ráðuneytið telur eðlilegast að miða hagkvæmnissamanburð virkjunarleiða við. Sá orkumarkaður fellur svo nærri iðnaðarstefnum IS-1, IS-2 og IS-6, að niðurstöður eftir þeim stefnum má nota sem svar við spurningunni um það, hvaða virkjunarleið sé hagkvæmust miðað við forsendur ráðuneytisins í því bréfi.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Björnsson

Fylgiskjal 2.

Meginniðurstöður Rafmagnsveitna ríkisins, bréf rafmagnsveitustjóra

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

LAUGAVEGI 118 - 105 REYKJAVÍK
SÍMI 17400 - SÍMNEFNI: RARIK

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhváli

101 REYKJAVÍK

TILV. YÐAR	BRÉF YÐAR	TILV. VOR	DAGS.
I/420.0	5.oktober 1981	KJ/áp 40-10	26.10.1981

Greinargerð um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða

Með vísun til bréfs iðnaðarráðherra dags. 5. október síðastliðinn sendum við yður hjálagða **greinargerð "Virkjunarleiðir, mat á** hagkvæmni og þýðingu fyrir raforkukerfi landsins", október 1981.

Í lögum nr. 60 frá 1981 um raforkuver segir í 2. grein:

„Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þar á meðal um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Skal áður liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim aðilum, sem ríkisstjórnin kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Jafnframt leggi ríkisstjórnin fram greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti."

Í ofangreindu bréfi yðar kemur fram, hvað ráðuneytið telur rétt að miða við um væntanlega raforkuþörf á næstu 10-15 árum umfram almenna notkun. Er þar höfð hliðsjón af efri mörkum raforkuspár Orkuspárnefndar frá apríl 1981.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa í greinargerð sinni reynt að meta helztu þætti, sem hafa ber í huga við val á næstu virkjunarframkvæmdum.

Eitt af megin markmiðum raforkufyrirtækjanna í landinu er, að afla almennum notendum og iðnaði í landinu nægrar raforku á sem hagfelldastan og ódýrastan hátt.

Brýnt er því, að við hönnun framtíðarraforkukerfis landsmanna verði bætt úr þeim mismun, sem nú er varðandi afhendingaröryggi á raforku. Tryggja þarf, að notendur hafi jafnan aðgang að raforku óháð staðsetningu eða búsetu.

Öryggi í orkuöflun verður að mati Rafmagnsveitnanna best tryggt með því að dreifa virkjunum landsins á hin mismunandi vatnasvæði þess og auka núverandi miðlunarstig landskerfisins.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
26.10.1981

Ef tryggja á, að landsmenn fái raforku á sem ódýrastan hátt verður hverju sinni að ráðast í þær virkjunarframkvæmdir, sem leiða af sér lægstan árlegan kostnað. Á þann hátt verður einnig rekstrarafkoma raforkufyrirtækjanna best tryggð.

Það er álit Rafmagnsveitna ríkisins, að byggja eigi raforkukerfið upp þannig, að þessum þáttum sé fullnægt. Stefna ber að því að dreifa virkjunum um landið og aðalstofnlínukerfið verði nýtt fyrir ára-og árstíðabundna raforkuflutninga á milli landshluta, allt eftir því hvar hagkvæmast er að framleiða raforkuna hverju sinni og hvernig stendur á með uppbyggingu orkuvera í landinu.

Þegar meta á hagkvæmni og þýðingu virkjunarleiða fyrir raforkukerfi landsins er alltaf álitamál hvað leggja beri mesta áherslu á. Rafmagnsveiturnar hafa í greinargerð þessari valið að leggja almennt mat á helstu þætti málsins, fremur en að gera ítarlega samanburðarútreikninga. Enda má segja, að síðasta samanburðarathugun Orkustofnunar svari að mestu þeirri hlið málsins.

Þó var gerð sérstök athugun hjá Rafmagnsveitum ríkisins á hagkvæmni virkjunarleiða fram til aldamóta. Í henni er miðað við iðnaðarstefnu, sem sett er fram í bréfi iðnaðarráðherra frá 5. október 1981. Notaðar eru nýjustu upplýsingar um stærð og kostnað virkjana.

Niðurstöður samanburðarathugunar Rafmagnsveitna ríkisins leiða í ljós, að virkjunarleið 1 er ódýrust. Hagkvæmast er,að næsta virkjun fyrir landskerfið verði Blönduvirkjun. Önnur í röðinni verði Fljótsdalsvirkjun, en Sultartangavirkjun ber að byggja síðasta þessara virkjana.

Í eftirfarandi töflu eru sýndar niðurstöður þessarar samanburðarathugunar:

TAFLA

Núgildi kostnaðar við vinnslu og flutning raforku til aldamóta.

Kostnaður umfram ódýrustu leið í Mkr, verðlag september 1981.

Iðnaðarstefna skv. töflu 8.1 í greinargerðinni.

Virkjunarleið:	VL-1	VL-2	VL-3	VL-4
Virkjanir	0 Mkr	79 Mkr	61 Mkr	74 Mkr
Kerfi	0 Mkr	+21 Mkr	+ 5 Mkr	+ 3 Mkr
SAMTALS	0 Mkr	58 Mkr	56 Mkr	71 Mkr

Hér er miðað við sömu forsendur og gert er í síðustu athugun Orkustofnunar, en þar er m.a. gert ráð fyrir, að afl jarðgufustöðva sé 16 MW, þar af um 10 MW frá Kröfluvirkjun, og haldist óbreytt til aldamóta. Ef aukning verður á afköstum Kröfluvirkjunar má spara fjárfestingar í stofnlínukerfinu. Sérstaklega á það við um virkjunarleiðir 1 og 4,sem leiðir til þess, að hagkvæmni Blönduvirkjunar eykst enn frekar.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
26.10.1981

Þessar niðurstöður staðfesta niðurstöður Orkustofnunar um að hagkvæmast er að byrja á Blönduvirkjun. Í síðustu athugun Orkustofnunar eru teknar fyrir eigi færri en sex mismunandi iðnaðarstefnur og verður það að teljast marktæk viðmiðun á meðan stjórnvöld hafa ekki endanlega mótað stefnu um uppbyggingu á nýjum orkufrekum iðnaði.

Í greinargerðinni kemur fram, að aðgerðir á Þjórsársvæðinu duga einar sér fram yfir 1990, ef eingöngu verður virkjað fyrir almennan markað. Rafmagnsveitur ríkisins vilja hins vegar leggja á það áherslu, að stefnt verði að því, að Blönduvirkjun komist eftir sem áður í gagnið 1987. Slaka ber frekar á framkvæmdum á Þjórsársvæðinu. Þetta er nauðsynlegt til þess að auka á afhendingaröryggi og orkuöflunaröryggi raforkukerfisins.

Stofnkostnaður á orkueiningu er lægstur fyrir Blönduvirkjun eins og fram kemur í kafla 8. Ódýrasta virkjunarleiðin, er sú sem byrjar á Blönduvirkjun og síðan Fljótsdalsvirkjun eins og rakið var hér að framan. Afhendingaröryggi og orkuöflunaröryggi raforkukerfisins verður best tryggt með því að ráðast næst í þessar tvær virkjanir. Stefna ber að því, að næsta stórvirkjun landsins skuli vera Blönduvirkjun. Til þess að af því megi verða, verður þó að koma samningamálum vegna virkjunarinnar endanlega í höfn á næstunni. Eftirsjá er í því gróðurlendi og beitarlandi, sem fer undir vatn, en virkjunaraðilar og heimamenn verða að koma sér saman um aðgerðir til að bæta fyrir það. Hér er mikið í húfi, að unnt sé að ráðast í þann virkjunarkost,sem stuðlar að lægstu raforkuverði bæði til almennra notenda og stóriðju.

Miðað við þær forsendur, sem hér er gengið út frá, er eðlilegt að Sultartangavirkjun komi á eftir Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Hins vegar telja Rafmagnsveitur ríkisins ekki ráðlegt á þessu stigi að taka ákvörðun um tímasetningu Villinganesvirkjunar. Bæði er, að stofnkostnaður á orkueiningu er nokkuð hár og að auki er Villinganesvirkjun tiltölulega lítil inn á landskerfið. Framleiðslugeta hennar gerir vart meira en að svara til eins árs aukningar í raforkueftirspurn hins almenna markaðar.

Rafmagnsveitur ríkisins leggja því til, að virkjunarleið 1 verði valin, en vísa að öðru leyti til greinargerðarinnar.

Virðingarfyllst,

Kristján Jónsson
rafmagnsveitustjóri

Meðf.:

Virkjunarleiðir, mat á hagkvæmni og þýðingu fyrir raforkukerfi landsins, október 1981

Fylgiskjal 3.

Meginniðurstöður Landsvirkjunar og bréf stjórnarformanns

[redacted]

LANDSVIRKJUN

Iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli

REYKJAVÍK

HÁALEITISBRAUT 68
108 REYKJAVÍK
SÍMNEFNI: LANDSVIRKJUN
SÍMI: 68400 TELEX: 2054

TILV. YÐAR TILV. VOR 703.20BS DAGS. 4.12. 1981

Varðar: Greinargerð um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða.

Vísað er til bréfa ráðuneytisins frá 7. ágúst og 5. október og bréfs Landsvirkjunar frá 26. október 1981 varðandi ofangreint efni.

Skýrsla fyrirtækisins um ofangreint efni er nú fullgerð og nefnist "Orkuöflunarleiðir í samtengdu landskerfi í framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun".

Stjórn Landsvirkjunar hefur haft skýrslu þessa til umfjöllunar og sendir yður hana hér með í samræmi við tilvitnuð bréfaviðskipti.

Virðingarfyllst
F.h. stjórnar Landsvirkjunar

Jóhannes Nordal
stjórnarformaður

Hjál.

Yfirlit og niðurstöður.

Eftirfarandi skýrsla sem unnin hefur verið af verkfræðideild Landsvirkjunar er gerð í þeim tilgangi að gera grein fyrir þeim orkuöflunarkostum sem fyrir hendi eru á næstu árum og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins sbr. 2. gr. laga nr. 60/1981.

Valið hefur verið að takmarka umfjöllun í skýrslunni við hugsanlega þróun á næstu 10-12 árum með það fyrir augum að varpa sem skýrustu ljósi á það, hvaða aðgerðir í virkjanamálunum séu hagkvæmastar á allra næstu árum og hvar skuli ráðist næst í stórvirkjun.

Dregin er upp heildarmynd af þeim orkuöflunarkostum sem til greina koma á þessum áratug og því orkuflutningskerfi sem þeim yrði tengt, og lagt mat á áreiðanleika þeirra virkjunaráætlana, sem fyrir liggja.

Þar sem mikil óvissa ríkir um markaðsþróun hefur verið valið að lýsa því orkusölusvigrúmi umfram þarfir hins almenna markaðar, sem skapa megi með mismunandi hraðri uppbyggingu orkuöflunarkerfisins. Er þá einungis reiknað með þeim hraða sem að mati Landsvirkjunar liggur innan þeirra marka sem ráða má við með innlendu vinnuafli og á fjárhagslega viðunandi grundvelli.

Að lokum er farið nokkrum almennum orðum um öryggismál, svo sem öryggiskröfur varðandi flutningslínur, uppsett afl í virkjunum og staðsetningu þeirra o.fl.

Helztu niðurstöður skýrslunnar eru þessar:

1. Hagkvæmast virðist tvímælalaust vera, að næstu aðgerðir í raforkuöflun landsmanna verði stíflugerð við Sultartanga, vatnaveitur til Þórisvatns (Kvíslaveita) og stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Þessar aðgerðir bæta ódýrustu orku sem völ er á við orkuframleiðslu hins samtengda landskerfis, auk þess sem þær auka mjög rekstraröryggi á Þjórsársvæðinu. Jafnframt bjóða þessar aðgerðir upp á sveigjanlegan framkvæmdahraða til aðlögunar markaðsþróun á hverjum tíma. Samhliða þessum aðgerðum eða í beinu framhaldi af þeim, er nauðsynlegt að auka uppsett afl á Þjórsársvæðinu. Hér virðist stækkun

Búrfellsvirkjunar vera mun hagkvæmari kostur en stækkun Sigöldu og Hrauneyjafossvirkjana eins og tilvitnuð lög gera ráð fyrir. Kemur hér einkum til, að stækkun Búrfellsvirkjunar bætir aflmisvægið, sem nú ríkir milli þessara virkjana og gefur auk þess aukna orkuvinnslugetu sem út af fyrir sig getur réttlætt þá fjárfestingu sem til þarf. Þess má og geta, að stækkun Búrfells kostar mjög ámóta upphæð og stækkanir Sigöldu og Hrauneyjafossvirkjana, sem ekki skila aukinni orkuvinnslu inn á hið samtengda landskerfi. Landsvirkjun leggur því eindregið til, að aflað verði lagaheimildar fyrir stækkun Búrfellsvirkjunar að afli allt að 140 MW.

2. Þegar á heildina er litið, benda athuganir Landsvirkjunar til þess, að Blönduvirkjun (Tilhögun I) sé hagkvæmasti virkjunarkosturinn sem næsta stórvirkjun fyrir landskerfið. Ræður þar fyrst og fremst lægri framleiðslukostnaður auk góðrar staðsetningar í landskerfinu. Gert er ráð fyrir, að hún geti hafið orkuframleiðslu í fyrsta lagi árið 1987, en tímasetning hennar að öðru leyti hlýtur að ráðast af markaðsaðstæðum.

3. Aðrir virkjunarkostir, sem nefndir eru í tilvitnuðum lögum, þ.e.a.s. Fljótsdals-, Sultartanga-, og Villinganesvirkjanir virðast auk stækkunar Búrfellsvirkjunar vera hagkvæmir frá tæknilegu og fjárhagslegu sjónarmiði. Röðun þessara virkjana og tímasetning lengra fram í tímann í framhaldi af aðgerðum á Þjórsársvæðinu og Blönduvirkjun er hins vegar fyrst og fremst háð uppbyggingu markaðsins og staðsetningu nýrrar stóriðju. Fyrr en fyrir liggja ákveðnar forsendur um stærð og hagkvæmni aukins iðnaðarmarkaðs er varla hægt að gera marktækan samanburð á því, hver þessara virkjana ætti að koma næst á eftir Blönduvirkjun. Má þá einnig minna á, að frekari virkjunarrannsóknir hafa ætíð í för með sér einhverjar breytingar á virkjunartilhögun og endurmat á kostnaði.

4. Litið til lengri tíma sýna áætlanir, að unnt eigi að vera að ráða við á viðunandi fjárhagsgrundvelli að fullgera þrjár stórvirkjanir, þ.e. Blöndu, Fljótsdals-, og Sultartangavirkjanir á næstu 10-12 árum, auk þeirra aðgerða á Þjórsársvæðinu, sem að framan er getið. Er þá reiknað með því, að núgildandi kostnaðaráætlanir reynist raunhæfar, að raunvextir af lánsfé verði ekki hærri en 6%, almenningsveitur borgi u.þ.b. það sama fyrir raforkuna og nú að raungildi (22 aur/kWh) og nýr orkufrekur iðnaður verði fyrir hendi sem borgi milli 12 og 15 aur/kWh (15-20 mill/kWh)

fullverðtryggt. Sé gert ráð fyrir leiðréttingu á orkuverði til núverandi stóriðju, batnar rekstrargrundvöllurinn sem því nemur. Ofangreind niðurstaða er einnig byggð á því, að ráðstafanir verði gerðar til að koma núverandi fjárhagsstöðu Landsvirkjunar og byggðalínukerfisins í viðunandi horf, annaðhvort með því að hækka tímabundið orkuverð til almenningsveitna eða þá á annan hátt.

Að öllu samanlögðu benda því athuganir Landsvirkjunar eindregið til þess, að hröð uppbygging í orkuöflun sé fjárhagslega og þjóðhagslega hagkvæm, ef viðunandi iðnaðarmarkaður verður fyrir hendi og ofangreindar forsendur standast, en ljóst er, að bregðist þær er áhættan eftir því meiri sem ráðist er í meiri framkvæmdir á umræddu tímabili.

5. Á núverandi orkuveitusvæði Landsvirkjunar er Sultartangavirkjun fullundirbúin og rannsóknir á stækkun Búrfellsvirkjunar langt komnar. Í þessar virkjanir væri hægt að ráðast með litlum fyrirvara, en tímasetning næstu framkvæmda á Þjórsársvæðinu eftir áðurnefndar aðgerðir þar, hlýtur að ráðast af því, hve ört markaður fyrir iðnaðarorku vex á næstu árum, og hvar hann yrði staðsettur. Einnig er á það að benda, að á Þjórsársvæðinu er fjöldi hagkvæmra virkjunarkosta sem eftir er að hagnýta og má því reikna með áframhaldandi framkvæmdum þar næstu áratugi. Augljós hagkvæmni er í því fólgin, að þessar framkvæmdir séu sem samfelldastar þannig, að sú aðstaða sem smám saman hefur verið að myndast þar nýtist sem best.

Fylgiskjal 4.

ORKUSTEFNUNEFND

Greinargerð um orkunýtingu

Desember 1981

ORKUSTEFNUNEFND
IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI
101 REYKJAVÍK

ENERGY POLICY COMMITTEE
MINISTRY OF INDUSTRY
ARNARHVOLI
101 REYKJAVÍK
ICELAND

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli

101 REYKJAVÍK

DAGS./DATE	TILV. YÐAR/YOUR REF.	TILV. OKKAR/OUR REF.
5. des. 1981		TSi/gs

Varðar: Greinargerð um orkunýtingu.

Samkvæmt ósk ráðuneytisins sendir Orkustefnunefnd hjálagða greinargerð um orkunýtingu.

Í greinargerðinni er fyrst og fremst vikið að þeim möguleikum á nýtingu innlendrar orku til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti sem Orkustefnunefnd hefur tekið til meðferðar og álítur að til greina geti komið.

Möguleikum þessum er skipt í þrennt í greinargerðinni.

1. Kostir til nýtingar innlendra orkugjafa í stað innfluttra og innlend eldsneytisframleiðsla.

2. Iðnaðarkostir sem gætu komið í gagnið fyrir 1987. Þar er um að ræða möguleika á kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, trjákvoðuverksmiðju, natríumklóratverksmiðju á Reykjanesi auk möguleika á stækkun núverandi orkufreks iðnaðar.

3. Iðnaðarkostir sem gætu komist í gagnið 1987 og síðar. Þar er sérstaklega um að ræða íslenska álíðju og hugsanlega magnesíumvinnslu, auk ýmissa kosta sem eru á frumstigi athugunar.

Árið 1987 er tekið til viðmiðunar vegna þess að næsta stórvirkjun er talin geta hafið orkuvinnslu seint á því ári.

Í framhaldi af að skýra frá stöðu mála varðandi einstaka iðnaðarkosti eru sett fram nokkur dæmi um framkvæmdaröð og er þar tekið mið af þeim hraða í orkunýtingu sem gert er ráð fyrir í greinargerð með frumvarpi til laga um raforkuver frá s.l. vori.

Á vegum nefndarinnar er nú unnið að útreikningum á ýmiskonar þjóðhagslegum stærðum með mismunandi hraða uppbyggingu virkjana og orkunýtingar sem forsendu. Mun nefndin gera ráðuneytinu frekari grein fyrir þeim athugunum innan tíðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkustefnunefndar

Tryggvi Sigurbjarnarson
formaður

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur

2. Almennar forsendur
   2.1 Þjóðhagsleg markmið
   2.2 Virk yfirráð

3. Möguleikar á nýtingu innlendrar orku til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti
   3.1 Nýting innlendra orkugjafa í stað innfluttra
      3.1.1 Húshitun og iðnaður
      3.1.2 Innlend eldsneytisframleiðsla
   3.2 Iðnaðarkostir sem gætu komið í gagnið fyrir 1987
      3.2.1 Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði
      3.2.2 Þriðji ofn Járnblendiverksmiðju á Grundartanga
      3.2.3 Trjákvoðuverksmiðja
      3.2.4 Natríumklóratverksmiðja
   3.3 Iðnaðarkostir sem gætu komist í gagnið 1987 eða síðar
      3.3.1 Íslensk álið ja
      3.3.2 Magnesíumverksmiðja á Reykjanesi
      3.3.3 Aðrir kostir

4. Hugsanlegar framkvæmdaáætlanir

Orkustefnunefnd

GREINARGERÐ UM ORKUNÝTINGU

1. INNGANGUR

Með bréfi dags. 9. janúar 1981 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að vera iðnaðarráðuneytinu og ríkisstjórninni til ráðuneytis um mótun samræmdrar orkustefnu til langs tíma. Í nefndina voru skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra aðila sem standa að ríkisstjórn:

Frá Alþýðubandalagi:	Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur og Kjartan Ólafsson, ritstjóri
Frá Framsóknarflokki:	Guðmundur G. Þórarinsson, alþingismaður og Þorsteinn Ólafsson, viðskiptafræðingur.
Frá sjálfstæðismönnum í ríkisstjórn:	Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur og Edgar Guðmundsson, verkfræðingur.

Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur, var skipaður formaður nefndarinnar, Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfr., varaformaður og Finnbogi Jónsson, deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu, ritari hennar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a.: "Meginforsendur áðurnefndrar stefnumörkunar eru forræði landsmanna yfir innlendum orkulindum og iðnaði er þeim tengist og aukið öryggi í orkubúskap þjóðarinnar, ekki síst með því að landsmenn verði sem óháðastir innfluttum orkugjöfum. Við nýtingu orkulindanna og framkvæmdir í orkumálum verði tekið ríkulegt tillit til umhverfisverndar og umgengni við landið".

Samkvæmt lögum nr. 60/1981 um raforkuver skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar samhliða tillögum um framkvæmdir og framkvæmdaröð við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjanaáfanga. Orkustefnunefnd

hefur á undanförnum mánuðum fjallað um þá orkunýtingarkosti, sem í athugun eru, og er samantekt þessi gerð með hliðsjón af áðurnefndu ákvæði.

Með greinargerð þeirri, er fylgdi frumvarpi til laga um raforkuver, tók ríkisstjórnin veigamiklar stefnumarkandi ákvarðanir um virkjanaframkvæmdir og orkunýtingu á næstu árum og áratugum.

Sérstök áhersla er lögð á að koma sem fyrst innlendum orkugjöfum í notkun í stað innfluttra eftir því sem hagkvæmni og núverandi tækni frekast leyfir. Stærstu nýju verkefnin á því sviði eru rannsóknir og framkvæmdir við nýtingu raforku og jarðhita í stað olíu í iðnaði, svo og athuganir á framleiðslu innlends eldsneytis fyrir samgöngutæki og fiskiskipaflotann.

Þá er í greinargerðinni fjallað um orkufrekan iðnað og segir þar m.a. að ætla megi að orkunotkun á því sviði, umfram það sem nú er,geti numið 1300-2400 GWh/ári eftir 15 ár. Til viðbótar þessu er sett fram sú stefnumörkun, að eðlilegt sé að íslendingar vinni að því að jafna orkureikning þjóðarinnar fyrir næstu aldamót, þ.e.a.s. að flytja út jafnmikla orku í formi afurða orkufreks iðnaðar eins og flutt yrði inn í formi fljótandi eldsneytis. Þetta markmið gæti falið í sér allt að 4 TWh í orkunýtingu til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti, umfram það sem nú er, um næstu aldamót. Samkvæmt raforkuspá er áætlað að almenn raforkunotkun ásamt núverandi notkun í orkufrekum iðnaði nemi um 6 TWh um næstu aldamót, þannig að miðað við áðurnefnt markmið gæti heildarraforkunotkun þjóðarinnar numið samtals um 10 TWh árið 2000.

2. ALMENNAR FORSENDUR

2.1 Þjóðhagsleg markmið.

Eitt höfuðmarkmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að efla atvinnulíf landsmanna. Með tilliti til þess markmiðs er eðlilegt að kanna vandlega ýmsa möguleika á að renna fleiri stoðum undir efnahagsstarfsemina, m.a. með frekari nýtingu á þeim náttúruauðlindum sem við ráðum yfir, í þeim tilgangi að skapa grundvöll fyrir varanlegar efnahagsframfarir í landinu. Sjálfstætt og öflugt atvinnulíf er forsenda fyrir efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Orkulindirnar eru ein þeirra náttúruauðlinda sem íslendingar geta í auknum mæli hagnýtt sér til að bæta lífskjör og auka velmegun í landinu. Að mati nefndarinnar verður nýting þeirra að vera í samræmi við almenn þjóðhagsleg markmið í efnahagsstefnu landsmanna. Slík þjóðhagsleg markmið eru m.a.:

a) full atvinna
b) batnandi lífskjör og öryggi í þeim efnum
c) yfirráð landsmanna yfir náttúruauðlindum og öruggt forræði í atvinnulífi
d) stöðugleiki í efnahagsmálum og takmörkun erlendra skulda
e) gott vinnuumhverfi og verndun íslenskrar náttúru gegn mengun.

Í þessum almennu þjóðhagslegu markmiðum felast ákveðin skilyrði sem orkunýtingarstefnan þarf að uppfylla. Til dæmis verður hraðinn í framkvæmdum við virkjanir og uppbyggingu iðnfyrirtækja sem reist verða í tenglsum við þær að taka mið af nauðsynlegri fjárfestingu á öðrum sviðum þjóðlífsins, þannig að heildarfjárfesting í þjóðfélaginu verði innan þess ramma að hún tryggi stöðugleika í efnahagsmálum og takmörkun erlendra skulda. Þá má nefna að markmiðið um sjálfstæði í efnahagsmálum

og batnandi lífskjör kallar á það að íslendingar hafi ótvírætt forræði yfir þeim atvinnufyrirtækjum sem hér verða sett á stofn.

2.2 Virk yfirráð.

Orkustefnunefnd telur að forsenda þess að orkulindirnar skili þeim þjóðhagslega arði, sem að er stefnt með nýtingu þeirra, sé að íslendingar hafi virk yfirráð yfir nýjum fyrirtækjum í orkufrekum iðnaði. Nauðsynlegt skilyrði fyrir virkum yfirráðum er að eignaraðild sé að meirihluta í íslenskum höndum. Þetta skilyrði er hins vegar ekki nægjanlegt. Hráefnis- og markaðsmál og jafnvel tækniöflun geta verið á þann veg, að meirihlutaeignaraðild nýtist ekki nema að takmörkuðu leyti til virkra yfirráða í viðkomandi fyrirtæki. Því er að mati nefndarinnar nauðsynlegt að íslendingar leggi einnig ríka áherslu á að efla þekkingu sína og möguleika hvað varðar þessa þætti orkufreks iðnaðar.

Á undanförnum árum hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um það hvort raunhæft væri að íslendingar gætu átt meirihluta í orkufrekum iðnfyrirtækjum. Nú er það hins vegar almennt viðurkennt að íslenska þjóðin hefur bolmagn til þess og lánstraust á erlendum lánamörkuðum að ráðast í stóriðjufyrirtæki sambærileg við þau sem fyrir eru í landinu, sem yrðu jafnvel algerlega í íslenskri eigu. Hvort og að hve miklu leyti við viljum eiga samvinnu við erlenda aðila að þessu leyti, getur því eingöngu farið eftir mati manna hverju sinni á því, hvort hagkvæmt gæti verið af öðrum ástæðum, t.d. vegna samvinnu á sviði tækni og markaðsmála, að erlendir aðilar ættu hlut að nýjum fyrirtækjum í orkufrekum iðnaði.

Stefna ríkisstjórnarinnar er sú að íslendingar eigi a.m.k. meirihluta í fyrirtækjum sem starfa hér á landi. Stefnan um meirihlutaeignaraðild íslendinga hefur margvíslega þýðingu,einnig í rekstrarlegu tilliti einstakra iðnfyrirtækja.

Í fyrsta lagi skiptir hún, að mati nefndarinnar, máli vegna ýmis konar ákvarðana er varða daglegan rekstur fyrirtækisins, m.a. atriði er tengjast aðbúnaði og vinnuumhverfi í fyrirtækinu og krefjast útgjalda úr sjóðum fyrirtækjanna.

Í öðru lagi gefur meirihlutaeignaraðild þann möguleika að hafa áhrif á hagkvæmni í hráefnisinnkaupum viðkomandi fyrirtækis og þar með möguleika á að fylgjast betur en ella með hver sé eðlileg heildarafkoma fyrirtækisins.

Í þriðja lagi verður meirihlutaeignaraðildin til þess að allur arður af rekstri iðnfyrirtækisins verður eftir í landinu í stað þess að flytjast úr landi ef undanskildar eru beinar arðgreiðslur af hlutafé til eigenda.

Í fjórða lagi má nefna áhrif á ákvarðanir um nýtingu á því fjármagni sem reksturinn skapar og þar með möguleika á frekari þróun íslensks iðnaðar.

Ýmis önnur rök, sem styðja kröfuna um meirihlutaeignaraðild, mætti að sjálfsögðu nefna, en nefndin telur ástæðulaust að rekja þau hér, þar sem áðurnefnd atriði eru svo þung og ótvíræð í þeim efnum, auk þeirrar eðlilegu stefnu að íslenska þjóðin hafi full yfirráð yfir eigin atvinnulífi.

Orkustefnunefnd er þeirrar skoðunar að mjög mikilvægt sé að íslendingar leggi sérstaka áherslu á að byggja upp í landinu tækniþekkingu og verkkunnáttu á sviði orkunýtingar. Að mati nefndarinnar þarf m.a. að hafa þetta markmið í huga við sérhvert nýtt verkefni. Einnig þarf að efla rannsóknastarfsemi í þessum efnum svo og að tengja tækni- og verkmenntun í landinu þessum viðfangsefnum. Í þessu skyni þarf að koma til verulega aukið fjármagn, þannig að rannsóknir á þessu sviði fái hliðstæða áherslu og nú er lögð á virkjunarrannsóknir.

Nefndin telur að hliðstæða stefnu beri að hafa um markaðsmálin, þ.e.a.s. að íslendingar efli þekkingu sína í þeim efnum og taki eins virkan þátt í markaðsstarfseminni og frekast er kostur í nýjum fyrirtækjum í þessum iðnaði. Í þessu sambandi má benda á að enginn dregur í efa mikilvægi öflugs sölukerfis sem íslendingar hafa komið sér upp víða um heim vegna sölu á fiskafurðum.

Almennt má segja að stefnan um virk yfirráð feli í sér að íslendingar eigi meiri hluta í iðnfyrirtækjum; að íslendingar efli innlenda rannsóknarstarfsemi og þekkingu á sviði orkunýtingar og að íslendingar hafi vald á útvegun hráefna og sölu á afurðum orkufreks iðnaðar.

3. MÖGULEIKAR Á NÝTINGU INNLENDRAR ORKU TIL ORKUFREKS IÐNAÐAR OG SPARNAÐAR Á INNFLUTTU ELDSNEYTI.

Þeim möguleikum á sviði orkunýtingar sem til athugunar eru má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða möguleika á nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttra. Í öðru lagi er um að ræða kosti í orkufrekum iðnaði sem gætu komist í gagnið fyrir 1987, eða áður en næsta stórvirkjun hæfi rekstur. Í þriðja lagi er um að ræða iðnaðarkosti sem gætu komið í gagnið á tímabilinu 1987-1990 eða síðar.

Nefndin er þeirrar skoðunar að þeir kostir sem hér eru taldir á eftir séu þeir sem helst komi til álita á næstu árum miðað við núverandi stöðu athugana og vitneskju á þessu sviði. Telur nefndin að gera þurfi ítarlegar athuganir á arðsemi og þjóðhagslegri hagkvæmni allra þessara iðnaðarkosta, en á meðan niðurstöður slíkra athugana liggja ekki fyrir, hefur nefndin sem heild fyrirvara á þeim dæmum, sem hér eru fram sett og einstakir nefndarmenn að sjálfsögðu fullan fyrirvara á stuðningi við einstaka iðnaðarkosti.

3.1 Nýting innlendra orkugjafa í stað innfluttra.

3.1.1 Húshitun og iðnaður.

Á undanförnum árum hefur verið unnið kappsamlega að því að koma innlendum orkugjöfum í notkun í stað olíu í upphitun húsa hér á landi. Nú stendur yfir lokaátak vegna þessara framkvæmda sem munu vera einar arðbærustu framkvæmdir sem íslendingar hafa ráðist í á sviði orkunýtingar.

Næsta stórátak sem þjóðin stendur frammi fyrir á umræddu sviði, er nýting innlendra orkugjafa í iðnaði í stað innfluttrar orku. Stærstu olíunotendur í iðnaði eru fiskimjölsverksmiðjurnar, sem munu samanlagt hafa notað um 80 þúsund tonn af olíu árið 1979. Á allra næstu árum er eðlilegt að gert verði ráð fyrir verulegu átaki til orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum og að olíunotkun þeirra minnki um nálega þriðjung miðað við óbreytt vinnslumagn. Eftir að þessum orkusparnaðar-aðgerðum er lokið er áætlað að heildarolíunotkun fiski-mjölsverksmiðja verði um 60 þúsund tonn, miðað við að árlega séu brædd um 1 millj. tonn af loðnu og um 0.4 milljónir tonna af öðru bræðsluhráefni.

Grasögglaverksmiðjur nota nú um 4 þúsund tonn af olíu, Sementsverksmiðjan 13 þúsund tonn, Hvalstöðin 9 þúsund tonn og annar iðnaður um 15 þúsund tonn. Samtals notar iðnaðurinn því um 100 þúsund tonn af olíu, þegar raunhæfum orkusparnaði hefur verið komið á í fiskimjöls-verksmiðjunum. Ef nýta ætti raforku í staðinn fyrir alla þessa olíunotkun, þyrfti að líkindum til þess samtals um 1100 GWh í raforku.

Að mati Orkustefnunefndar er eðlilegt að setja fram það markmið, að olíunotkun í iðnaði verði því sem næst útrýmt fyrir næstu aldamót, þar sem því verður tæknilega við komið og hagkvæmni frekast leyfir. Að hluta til gæti sú þróun átt sér stað með notkun kola, eins og

t.d. er fyrirhugað að gera, í Sementsverksmiðjunni. Að langstærstum hluta þarf þó að leysa þetta verkefni af hendi með nýtingu innlendra orkugjafa. Í því sambandi er ástæða til að leggja sérstaka áherslu á rannsóknir til að nýta raforku og hugsanlega jarðhita í stað olíu í fiskimjölsverksmiðjunum.

Varðandi grasköggla verksmiðjur telur nefndin eðlilegt að sett verði það skilyrði að allar nýjar grasköggla verksmiðjur nýti innlenda orkugjafa.

Í almennum iðnaði er nú víða notuð olía til gufuframleiðslu og má nefna mjólkurstöðvarnar sem dæmi í því sambandi. Ein ástæðan fyrir því að ekki er hagkvæmt að nota raforku í stað olíu á þessu sviði er sú staðreynd, að engin opinber gjöld eru á olíu sem notuð er til gufuframleiðslu. Á raforku sem notuð er til gufuframleiðslu eru hins vegar bæði söluskattur og verðjöfnunargjald, sem hækka raforkuverðið um nálega 40%. Þessi mismunur á skattlagningu innfluttra og innlendra orkugjafa er í algerri mótsögn við það markmið að draga úr innflutningi á olíu. Nefndin er því þeirrar skoðunar að þessu fyrirkomulagi á skattlagningu verði að breyta hið allra fyrsta.

Þegar á heildina er litið telur nefndin eðlilegt að gera ráð fyrir að a.m.k. 400 GWh verði ráðstafað á næstu 20 árum til að draga úr olíunotkun í iðnaði.

3.1.2 Innlend eldsneytisframleiðsla.

Framleiðsla á innlendu eldsneyti hefur verið mikið til athugunar á undanförnum misserum. Nefndin dregur þá ályktun af niðurstöðum þessara athugana, að hagkvæmasti möguleikinn í eldsneytisframleiðslu hér á landi og eini möguleikinn sem til greina virðist koma á næstu 10-15 árum, sé framleiðsla á metanóli úr vetni og kolmónoxíði frá lokuðum járnblendi- eða kísilmálmofnum. Framleiðslukostnaður á metanóli með þessum hætti er áætlaður um 270 dollarar á tonn, sem er um það bil 25% hærra verð en gildir í langtímasamningum um kaup á metanóli í dag. Þar sem metanól er helmingi orkuminna

en bensín, jafngildir þessi framleiðslukostnaður á metanóli um það bil 540 dollurum á tonn af bensíni. Til samanburðar er innflutningsverð á bensíni nú 375 dollarar á tonn eða nálægt 30% ódýrara en innlent eldsneyti í formi metanóls.

Til þess að innlent eldsneyti verði hagkvæmara en innflutt olía eftir 10 ár eða svo, þyrfti olíuverð að hækka að meðaltali um 5% að raungildi árlega. Er þá gert ráð fyrir að framleiðslukostnaður á innlendu eldsneyti hækki ekki frá því sem nú er áætlað, þegar miðað er við fast verðlag.

Þess má geta að fjórir lokaðir málmbræðsluofnar af sömu stærð og nú eru á Grundartanga, myndu ásamt rafgreindu vetni nægja til framleiðslu á um 170 þúsund tonnum af metanóli, eða sem jafngildir um það bil núverandi innflutningi á 85 þúsund tonnum af bensíni. Heildarraforkuþörf til að framleiða þetta magn af metanóli er áætluð um 1350 GWh.

Minna má á að eldsneytisnotkun fiskiskipaflotans samsvarar um 280 þús. tonnum af metanóli, sem er ígildi um 2200 GWh af raforku.

Nefndin telur að gera megi ráð fyrir að lágmarki um 350 GWh til tilraunaframleiðslu á innlendu eldsneyti á því tímabili, sem hér er til umræðu. Á þessu stigi telur nefndin óráðlegt að áætla meiri orkunotkun til innlendrar eldsneytisframleiðslu, en hún leggur jafnframt áherslu á að allar forsendur gætu breyst skyndilega sem gerðu það að verkum að hagkvæmt yrði að hefja miklu umfangsmeiri eldsneytisframleiðslu en hér er miðað við. Því telur nefndin að Íslendingar eigi að vinna áfram að markvissum rannsóknum í þessu efni.

3.2 Iðnaðarkostir sem gætu komið í gagnið fyrir 1987.

3.2.1 Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði.

Unnið er að frumhönnun og hagkvæmniathugun á kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Verki þessu miðar

vel áfram og stefnt er því að niðurstöður athugana, sem eru forsendur ákvarðanatöku, geti legið fyrir snemma á næsta ári. Frá því að ákvörðun um byggingu slíkrar verksmiðju væri tekin er áætlað að líða þurfi 2 1/2 - 3 ár þar til fyrsti ofn hennar gæti hafið rekstur.

Verkefnisstjórn um kísilmálmverksmiðju hefur nýlega skilað skýrslu um frumathugun verksins. Helstu niðurstöður hennar benda til þess að kísilmálmframleiðsla á Íslandi geti orðið arðbær og þjóðhagslega hagkvæm. Áætlaður stofnkostnaður 25 þús. tonna verksmiðju er 614 millj. kr. og árlegt framleiðsluverðmæti um 288 millj. kr. Arðsemi heildarfjárfestingar er áætluð 12.9% miðað við 20 ára endingartíma verksmiðju, ef byggt er á söluverði sem er u.þ.b. 3% hærra að raungildi en skráð meðalverð s.l. 10. ár. Nú er hins vegar allmikil lægð í markaðnum.

Aðstæður á Reyðarfirði fyrir byggingu kísilmálmverksmiðju virðast góðar og rannsóknir á hafnaraðstöðu benda til þess að hún sé með því besta sem gerist hérlendis fyrir stór skip. Orkuþörf verksmiðjunnar er áætluð um 325 GWh/ári miðað við 25 þús. tonna framleiðslu og um 400 GWh/ári miðað við 30 þús. tonna verksmiðju. Miðað er við tveggja ofna verksmiðju en endanleg stærð ofna er ekki ákveðin. Starfsmannafjöldi er áætlaður um 150. Hráefni til kísilmálmverksmiðju eru kvarts, kol, koks, kurl og rafskaut og hafa þegar fengist tilboð í öll þessi hráefni. Áætluð heimsnotkun kísilmálms er um 500 þús. tonn og er markaðurinn að 2/3 hlutum háður áliðnaðinum og 1/3 hluta háður svokölluðum silikoniðnaði. Álitlegustu markaðssvæði fyrir íslenska kísilmálmframleiðslu eru talin Bretland, Þýskaland, Japan, Bandaríkin og Austur-Evrópa. Nokkrir erlendir aðilar hafa sýnt áhuga á eignaraðild að íslenskri kísilmálmverksmiðju.

Á næstu mánuðum verður unnið að samanburði á þeim tveimur óformlegu tilboðum frá Demag og Elkem sem borist

hafa í tæki og vélar í verksmiðjuna með það í huga að ákveða endanlega stærð ofna og aðrar hönnunarforsendur fyrir endanlegt útboð. Verður þetta verk unnið af innlendum aðilum með aðstoð erlendra sérfræðinga, en miðað er við að formleg tilboð liggi fyrir frá báðum ofangreindum tækjaframleiðendum í byrjun mars 1982. Jafnframt verður unnið að frekari athugunum varðandi markaðssamvinnu og þær leiðir sem koma til greina í því sambandi bornar saman.

Ef niðurstöður hagkvæmniathugunarinnar reynast jákvæðar er gert ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp um byggingu og rekstur kísilmálmverksmiðju á yfirstandandi Alþingi.

3.2.2 Þriðji ofn Járnblendiverksmiðju á Grundartanga.

Einn af þeim möguleikum sem rætt hefur verið um er bygging þriðja ofnsins á Grundartanga. Áætlaður kostnaður við byggingu hans er um 250 millj. kr. og áætluð meðalorkunotkun um 250 GWh/ári. Frá því að ákvörðun væri tekin og þangað til ofninn gæti hafið rekstur liðu tæp 2 ár. Viðbótarstarfsmannafjöldi yrði um 50.

Bygging þriðja ofnsins kom til umræðu á s.l. ári og fjallaði iðnaðarráðuneytið þá um málið. Niðurstaða iðnaðarráðuneytisins varð þá sú að fresta bæri ákvörðun í málinu, m.a. vegna slæmra markaðsaðstæðna fyrir kísiljárn, og varð það einnig niðurstaða hins erlenda samstarfsaðila, Elkem.

Á undanförnum mánuðum hefur þriðji ofninn aftur verið til athugunar og hefur Orkustefnunefnd m.a. fjallað um málið. Taldi nefndin að stjórn félagsins þyrfti að gera hið fyrsta grein fyrir skoðunum sínum á því hvort hún mælti með því að ráðast í þriðja ofninn. Varðandi hugsanlega samninga um hann taldi nefndin að þyrfti til sérstakrar athugunar eftirfarandi atriði:

a) Raforkuverð hækki verulega.
b) Þóknun fyrir tækniaðstoð verði endurskoðuð með hlutfallslega lækkun í huga.
c) Íslendingum verði tryggð þátttaka í sölustarfsemi á framleiðsluvörum verksmiðjunnar.

Forsendur fyrir stækkun járnblendiverksmiðjunnar komu síðan til umræðu í stjórn félagsins 26. nóv. s.l. Niðurstaða stjórnarinnar varð sú að ekki væri unnt að taka ákvörðun um þriðja ofninn að svo stöddu vegna markaðsaðstæðna.

3.2.3 Trjákvoðuverksmiðja.

Unnið er að könnun á hagkvæmni trjákvoðuverksmiðju hér á landi og benda frumathuganir til þess að samkeppnisstaða fyrir afurðirnar á Evrópumarkaði gæti verið viðráðanleg, miðað við Kanada sem helsta samkeppnisaðila íslenskrar framleiðslu.

Afurðin er svokölluð varma- og vélunnin trjákvoða, skammstafað TMP (Thermo-Mechanical Pulp) einkum til framleiðslu á dagblaða- og tímaritapappír. Framleiðslumagn er áætlað um 150.000 tonn á ári að verðmæti um 450 millj. kr. miðað við núverandi heimsmarkaðsverð. Hráefni er um 300.000 tonn af stuttum viðarbolum eða lurkum, eða tilsvarandi magn af viðarkurli, sem keypt yrði frá austurströnd Kanada eða Bandaríkjanna.

Hráefnismálin hafa þegar verið könnuð ítarlega fyrir tilstilli iðnaðarráðuneytis og Orkustefnunefndar. Markaðssvæðið er einkum lönd Efnahagsbandalags Evrópu en í Evrópulöndum ríkir mikill og viðvarandi skortur á trjákvoðu. Sem stendur er flutt mikið magn af viðarbolum og spæni frá Austurströnd Norður-Ameríku til Evrópu til að bæta úr þessum skorti.

Varma- og vélunnin trjákvoða er orkufrek afurð, en þar á móti kemur að hráefnisnýting er mjög góð, eða tvöfalt betri en í efnaunninni trjákvoðu (Chemical Pulp). Mengun frá varma- og vélunninni trjákvoðuframleiðslu

er hverfandi, en því er töluvert á annan veg farið í efnaunninni trjákvoðu.

Staða málsins er sú að nú er unnið að gerð samnings við þrjú finnsk fyrirtæki um ítarlega hagkvæmniathugun á byggingu og rekstri iðjuvers af þessu tagi. Athugun þessi yrði unnin í samvinnu við íslenska ráðgjafa. Starfsmannafjöldi er áætlaður um 130 og orkunotkun um 375 GWh/ári.

3.2.4 Natríumklóratverksmiðja.

Bygging natríumklóratverksmiðju gæti með ýmsum hætti tengst uppbyggingu sjóefnavinnslu á Reykjanesi og samkvæmt 3. gr. laga nr. 63/1981 er Sjóefnavinnslunni h.f. heimilt að hefja undirbúning að framleiðslu á natríumklórati til útflutnings.

Aðalhráefnið við slíka vinnslu er fínsalt sem e.t.v. yrði innflutt í byrjun en síðan framleitt í saltverksmiðju á Reykjanesi. Raforkuþörf 30 þús. tonna natríumklóratverksmiðju er um 170 GWh/ári og gæti raforkan í framtíðinni verið framleidd að hluta eða að öllu leyti í gufuaflsvirkjun væntanlegrar Sjóefnavinnslu h.f. á Reykjanesi.

Unnið er að frekari athugun á fyrirkomulagi og kostnaði við flutninga á natríumklórati svo og könnun á staðarvali slíkrar verksmiðju, en í því sambandi þarf sérstaklega að huga að möguleikum á að nýta vetni sem til fellur við framleiðsluna. Einn möguleiki í því sambandi er að nýta vetnið til ammoníakframleiðslu fyrir Áburðarverksmiðju ríkisins. Viðræður hafa átt sér stað við sænska fyrirtækið Kema Nobel um þátttöku í hagkvæmniathugun, en það fyrirtæki hefur einnig lýst áhuga á eignaraðild að natríumklóratverksmiðju hér á landi, ef ráðist yrði í byggingu hennar.

Heildarkostnaður við byggingu 30 þús. tonna natríumklóratverksmiðju er áætlaður um 175 millj. kr. Frá því að ákvörðun um byggingu natríumklóratverksmiðju væri tekin þurfa að líða 3 ár þar til rekstur slíkrar

verksmiðju gæti hafist. Starfsmannafjöldi er um 35.

3.3 Iðnaðarkostir sem gætu komist í gagnið 1987 eða síðar.

3.3.1 Íslensk álið ja.

Íslendingar hafa enn sem komið er ekki skapað sér neina hlutdeild í álframleiðslu, en hér hefur hins vegar verið starfandi álverksmiðja í erlendri eign um rúmlega 10 ára skeið. Athuganir sem unnið hefur verið að á vegum iðnaðarráðuneytisins varðandi verðlagningu aðfanga og rekstrarafkomu þessa fyrirtækis benda á hinn bóginn til þess, að skynsamlegt gæti verið fyrir íslendinga að afla sér frekari þekkingar á álframleiðslu.

Nefndin er þeirrar skoðunar að gera þurfi ítarlegar athuganir á arðsemi og þjóðhagslegri hagkvæmni hugsanlegrar íslenskrar álið ju. Tveir möguleikar koma til álita í því sambandi. Annars vegar væri um að ræða íslenska álið ju, sem gæti tengst álverinu í Straumsvík. Hins vegar væri um að ræða hugsanlegt nýtt álver á öðrum stað á landinu. Hafa ýmsir erlendir aðilar á síðustu mánuðum lýst yfir miklum áhuga á samstarfi við íslendinga um álframleiðslu.

Sem kunnugt er hefur ríkisstjórnin óskað eftir endurskoðun á samningum um álverksmiðjuna í Straumsvík, m.a. með það fyrir augum að raforkuverð hækki verulega frá því sem nú er; að ákvæðum samninganna um skattgreiðslur verði breytt; að íslendingar fái eignaraðild að fyrirtækinu og meirihluta í áföngum, og að tekin verði til athugunar bygging rafskautaverksmiðju hér á landi. Áætlaður kostnaður við byggingu rafskautaverksmiðju í Straumsvík er um 350 millj. kr. en slík verksmiðja gæti verið tilbúin um tveimur árum eftir að ákvörðun er tekin.

Hugsanlegt er að krafan um eignaraðild að álverksmiðjunni yrði framkvæmd þannig, að öll stækkun verksmiðjunnar yrði á vegum íslendinga. Í því sambandi virðist skynsamlegt að miða við 40 þús. tonna stækkun. Áætlaður kostnaður við þessa stækkun er um 1000 millj. kr., orkunotkun um 550 GWh og viðbótarmannaflaþörf um 200. Með enn frekari stækkun um 40 þús. tonn eignuðust íslendingar meirihluta í fyrirtækinu.

Ef íslendingar teldu á annað borð skynsamlegt að ráðast í áliðju, kæmi einnig til greina að byggja nýtt álver á öðrum stað á landinu. Talið er að hagkvæmniathugun á slíku iðjuveri taki um 9 mánuði. Frá því að ákvörðun væri tekin um að stefna að byggingu nýs álvers í framhaldi af slíkri athugun liðu um 5 ár þar til slík verksmiðja gæti hafið rekstur. Miðað við það gæti ný álverksmiðja í fyrsta lagi hafið rekstur í ársbyrjun 1988, en með tilliti til líklegs orkuframboðs yrði það væntanlega fyrst um 1990 sem hagkvæmt gæti talist að ný álverksmiðja tæki til starfa. Ef tekin væri ákvörðun um byggingu nýs álvers á Íslandi, sem framleitt gæti 100 þús. tonn, er hugsanlegt að fyrsti áfangi þess yrði 60 þús. tonn. Annar áfangi, sem komið gæti í gagnið 3-4 árum síðar, yrði þá 40 þús. tonn. Orkunotkun fyrri áfanga yrði um 850 GWh og viðbótarorkuþörf síðari áfanga um 550 GWh. Heildarkostnaður við byggingu 100 þús. tonna álverksmiðju er áætlaður um 2800 millj. kr. og heildarorkuþörf 1400 GWh. Mannaflaþörf er áætluð um 330 í fyrri áfanga og samtals um 500 í 1. og 2. áfanga.

Ákveðið hefur verið að ráðast í hagkvæmniathugun á íslenskri áliðju og verður tækni- og ráðgjafaþjónusta m.a. keypt af norska fyrirtækinu Årdal & Sunndal Verk a.s., sem er stærsti álframleiðandi í Noregi og hefur þróað eigin tækni í álbræðslu. Við hagkvæmniathugunina verður að því stefnt að íslendingar annist alla þá verkþætti

sem kostur er. Hefur íslenskri verkfræðistofu verið falið að vinna að hagkvæmniathuguninni í samvinnu við ÁSV. Áætlað er að verki þessu ljúki innan árs.

3.3.2 Magnesíumverksmiðja á Reykjanesi.

Forathugun hefur verið gerð á magnesíumvinnslu hérlendis og sýnir hún að hér gæti verið um mjög áhugaverðan iðnað að ræða, sem byggist bæði á gufu og raforkunotkun og innlendum hráefnum. Ýmis tæknileg vandamál samfara þessum rekstri eru þó enn óleyst, en nauðsynlegt er að vinna markvisst að því að finna lausnir á þeim á næstu árum og ráðast í þær rannsóknir sem æskilegt er að gera til að þróa hagkvæmustu framleiðsluaðferð og aðlaga hana nýtingu á háhita. Áætlað er að þessi vinna taki nokkur ár. Að henni lokinni yrði hægt að taka ákvörðun um byggingu magnesíumverksmiðju, sem gæti hafið rekstur í byrjun næsta áratugar eða svo. Sem stendur ríkir einnig óvissa um þróun markaðsmála fyrir magnesíum.

Áætlaður kostnaður við byggingu 25 þús. tonna magnesíumvinnslu er um 1650 millj. kr., raforkuþörf um 500 GWh, gufuþörf um 750 GWh og starfsmannafjöldi um 350.

3.3.3 Aðrir kostir.

Á tímabilinu eftir 1987 og fram til aldamóta er auk framangreindra 2ja kosta hugsanlegt að stækka þau fyrirtæki sem áður hafa komist í gagnið. Má þar m.a. nefna hugsanlegan fjórða ofn járnblendiverksmiðju á Grundartanga, þriðja ofn kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði o.s.frv.

Þá má nefna nýja möguleika, svo sem kísilkarbíð og krómjárn. Ennfremur hefur komið til umræðu sá möguleiki að framleiða úr innfluttum viðarlurkum trjáduft, sem komið gæti í stað svartolíu í iðnaði.

4. HUGSANLEGAR FRAMKVÆMDAÁÆTLANIR

Nefndin hefur fjallað um hugsanlegar framkvæmdir í orkufrekum iðnaði með hliðsjón af því sem hér hefur verið sagt að framan um tæknileg undirbúningsstig einstakra iðnaðarkosta svo og með hliðsjón af markaðri stefnu ríkisstjórnarinnar. Sú stefnumörkun gerir m.a. ráð fyrir að í fyrstu verði lögð höfuðáhersla á þá kosti sem minni eru í sniðum og viðráðanlegastir, svo og að koma á fót orkufrekum iðnaði dreift um landið eftir því sem tök eru á með hliðsjón af byggðasjónarmiðum.

Gera verður ráð fyrir að einhverjir þeirra iðnaðarkosta sem í athugun eru muni ekki reynast arðbærir og þjóðhagslega hagkvæmir þegar til kemur. Jafnframt er nauðsynlegt að vinna að sem viðtækustum rannsóknum á öðrum möguleikum varðandi orkunýtingu, ekki síst minni fyrirtækjum sem nýta raforku í verulegum mæli og hentað geta víða á landinu.

Að mati nefndarinnar verður iðnaðaruppbygging í tengslum við orkunýtingu jafnan að taka mið af áhrifum á annað atvinnulíf í landinu. Jafnframt þarf hún að verða til þess að treysta raunhæfa og skynsamlega byggðastefnu.

Auk framkvæmda við minni iðnaðarkosti sem gert er ráð fyrir að ráðist verði í á næstu árum, svo sem sjóefnavinnslu, steinullarverksmiðju, stálverksmiðju o.fl., sem ekki hafa teljandi áhrif á uppbyggingarhraða eða leiðir í virkjanaframkvæmdum, er hægt að setja fram dæmi um hugsanlega orkunýtingu fram til ársins 2000.

Þegar gerð er áætlun til svo langs tíma, sem hér um ræðir, er fráleitt að ætla að hægt sé að segja nákvæmlega fyrir um í hvaða iðnaðarframkvæmdir verður ráðist á hverjum tíma. Jafnframt er innbyrðis hagkvæmni orkunýtingarkosta mikilli óvissu undirorpin, þegar litið er 12-15 ár fram í tímann. Því ber að líta á hvers konar dæmi um framkvæmdaröð í orkufrekum iðnaði með hliðsjón af þessari óvissu og gera verður því ráð fyrir fleiri en einum möguleika í þessu efni.

Hér með fylgja sex dæmi um hugsanlega orkunýtingu og framkvæmdaröð fram til næstu aldamóta:

DÆMI I

1.	3. ofn á Grundartanga	1984	250	GWh
2.	Kísilmálmverksmiðja	1985	350	"
3.	Stækkun Álversins í Straumsvík á vegum íslendinga	1987	600	"
4.	Pappírsverksmiðja	1990	350	"
5.	3. ofn kísilmálmverksmiðju	1990	175	"
6.	Magnesíumverksmiðja	1990	500	"
7.	4. ofn á Grundartanga	1993	250	"
8.	Álverksmiðja (ný) (60 þús.tonn)	1996	850	"
9.	Til iðnaðar o.fl.		400	"
		SAMTALS	3725	GWh

DÆMI II

1.	3. ofn Grundartanga, 1985		250	GWh
2.	Kísilmálmverksmiðja, 2 ofnar,1987		350	"
3.	Natríumklóratverksmiðja, 1990		200	"
4.	Magnesíumverksmiðja, 1993		500	"
5.	Til iðnaðar o.fl. 1982-2000		500	"
		SAMTALS	1800	GWh

DÆMI III

1.	Natríumklóratverksmiðja	1985	200	GWh
2.	Kísilmálmverksmiðja (2 ofnar)	1985	350	"
3.	3. ofn Grundartanga	1987	250	"
4.	Ný álverksmiðja (80 þús.tonn)	1990	1050	"
5.	Magnesíumverksmiðja	1993	500	"
6.	4. ofn á Grundartanga	1993	250	"
7.	3. ofn kísilmálmverksmiðju	1995	175	"
8.	Eldsneytisvinnsla í tengslum við 3. ofn kísilmálmverksmiðju	1995	300	"
9.	Stækkun álverksmiðju (40 þús.tonn)	2000	550	"
10.	Til iðnaðar o.fl.		400	"
		SAMTALS	4025	GWh

DÆMI IV

1.	Stækkun Álversins í Straumsvík á vegum íslendinga	1985	600 GWh
2.	Pappírsmassaverksmiðja	1987	350 "
3.	3. ofn á Grundartanga	1987	250 "
4.	Eldsneytisvinnsla í tengslum við 3. ofn á Grundartanga	1987	350 "
5.	Stækkun Álversins í Straumsvík á vegum íslendinga	1990	600 "
6.	1. og 2. ofn kísilmálmverksmiðju	1993	350 "
7.	Eldsneytisframleiðsla í tengslum við 3. og 4. ofn kísilmálmverksm.	1991	600 "
8.	3. og 4. ofn kísilmálmverksmiðju	1996	350 "
9.	Eldsneytisframleiðsla í tengslum við 3. og 4. ofn kísilmálmverksm.	1996	600 "
10.	Til iðnaðar o.fl.		400 "
		SAMTALS	4450 GWh

DÆMI V

1.	Kísilmálmverksmiðja, 1. áfangi,1985	175 GWh
2.	3. ofn á Grundartanga, 1987	250 "
3.	Kísilmálmverksmiðja, 2. áfangi,1989	175 "
4.	Stækkun Álversins í Straumsvík 1990-1995	300 "
5.	Til iðnaðar o.fl., 1982-1995	400 "
	SAMTALS	1300 GWh

DÆMI VI

1.	Sama og dæmi V. liðir 1-5	1300 GWh
2.	Eldsneytisvinnsla í tengslum við bræðsluofna 1987-1989	600 "
3.	Til iðnaðar o.fl.	400 "
	SAMTALS	2300 GWh

Fylgiskjal 5.

Bréf iðnaðarráðuneytis til samninganefndar heimamanna um málefni Blönduvirkjunar

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
ARNARHVOLI, REYKJAVÍK

Til samninganefndar heimamanna
um málefni Blönduvirkjunar

TILV. RÁÐUNEYTIS DAGS.
I/437.0 30. nóvember 1981

Ríkisstjórnin gerði á fundi sínum 27. nóvember 1981 samþykkt þá varðandi virkjunarmál, sem rakin er í meðfylgjandi fréttatilkynningu iðnaðarráðuneytisins til fjölmiðla (I/041). Þar segir svo í 2. tölulið:

„Blönduvirkjun, samkvæmt virkjunartilhögun I, verði næsta meiriháttar vatnsaflsvirkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun, enda takist að ná um það samkomulagi við heimamenn."

Ráðuneytið vísar til draga að samkomulagi um virkjun Blöndu milli fulltrúa virkjunaraðila og heimamanna frá 23. september 1981, sem hér fylgir með í ljósriti. Aðilar voru í stórum dráttum sammála um efnisatriði samningsins, en hluti heimamanna hafði fyrirvara um virkjunartilhögun, og var m.a. vísað til þess að ekki lægi fyrir afstaða ríkisstjórnarinnar til þess, hver verða skuli næsta virkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun.

Með vísun til þess, að nú liggur fyrir samþykkt ríkisstjórnarinnar í þessu efni, er þess hér með óskað, að samningum þessum verði nú ráðið til lykta og samninganefnd heimamanna og hlutaðeigandi sveitarstjórnir taki ótvíræða afstöðu til samkomulagsdraganna. Með tilliti til þess, að ríkisstjórnin hyggst leggja málið fyrir Alþingi á næstunni í samræmi við 2. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver, er æskilegt að endanleg afstaða heimamanna geti legið fyrir hið fyrsta, svo að Alþingi hafi ráðrúm til að taka afstöðu til málsins fyrir næstu jól.

Afrit af bréfi þessu er sent hreppsnefndum Blönduóshrepps, Bólstaðahlíðarhrepps, Lýtingsstaðahrepps, Seyluhrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps.

Hjörleifur Guttormsson

Páll Flygenring

Fylgiskjal 6.

Drög að samningi milli Rafmagnsveitna ríkisins og samninganefndar heimamanna um virkjun Blöndu

Drög 23/9 1981 (GP, HT og JSG, eftir fund með Landgræðslu ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins) Breytt: 30.11.81 5.gr.

S A M N I N G U R

Samninganefnd Rafmagnsveitna ríkisins sem virkjunaraðili og samninganefnd heimamanna við Blöndu, þ.e. fulltrúar hreppsnefnda Blönduóshrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps vestan Blöndu og Bólstaðarhlíðarhrepps, Lýtingsstaðahrepps og Seyluhrepps austan Blöndu, gera með sér eftirfarandi samkomulag varðandi virkjun Blöndu:

1. Tilhögun virkjunar

Um virkjunartilhögun liggur fyrir áætlun unninaf Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. (VST), um virkjun Blöndu við Eiðsstaði, og er henni lýst í megindráttum í kynningarbæklingi um Blönduvirkjun útgefnum af Rafmagnsveitum ríkisins í október 1980. Samkomulag þetta er miðað við, að Blanda verði virkjuð samkvæmt þessari tilhögun, og verður virkjunarstærð um 177 MW og orkuvinnslugeta um 800 GWh/a. Meðal grundvallarþátta virkjunarinnar verður um 400 Gl miðlunarlón, sem ráðgert er að staðsetja við Reftjarnarbungu með yfirfallshæð um 478 m.y.s.

Við byggingu og rekstur virkjunarinnar skal að því stefnt, að forðast landspjöll eins og frekast er unnt, bæði vegna miðlunarlónsins og annarra hluta hennar. Skal samráðsnefnd skv. 2. gr. hafa eftirlit með því að þessu sé framfylgt og getur hún krafizt stöðvunar á framkvæmdum á svæðinu, ef hún telur að komast megi hjá landspjöllum, sem af þeim leiðir, án verulega aukins kostnaðar. Ef ágreiningur um þetta efni rís skal orkuráðherra skera úr, og fellur sá ágreiningur þannig ekki undir matsnefnd skv. 11. gr.

Heimamenn áskilja sér rétt til þess að koma athugasemdum um tilhögun lónsins á framfæri við þá aðila, sem eiga endanlegt ákvörðunarvald um veitingu leyfis til virkjunarframkvæmda.

2. Samráðsnefnd

Mynduð verður nú þegar samráðsnefnd virkjunaraðila og heimamanna til að fjalla sem ráðgjafandi aðili um mál, sem snerta hagsmuni beggja, svo sem:

a) á undirbúnings-og byggingartími:

skipulagsmál, lagningu vega, slóða og girðinga og brúargerð á vatnsvegi, staðsetningu vinnubúða, efnistökustaði, lagningu vinnurafmagns um svæðið, skiptingu verkþátta, umgengni starfsmanna og umhverfismál.

b) í rekstri:

lagningu og viðhald girðinga, viðhald vega og slóða á vegum virkjunaraðila, ræktunarmál, veiðimál og umhverfismál.

c) önnur mál sem upp kunna að koma og/eða ágreiningi kunna að valda.

Samráðsnefndina skipa 6 menn. Skal Svínavatnshreppur tilnefna einn, Torfalækjar- og Blönduóshreppar sameiginlega einn, Bólstaðarhlíðarhreppur einn, Lýtingsstaða-og Seyluhreppar sameiginlega einn og virkjunaraðili tvo, og skal annar hinna síðasttöldu vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum

Þar sem samráðsnefnd er í samningi þessum (sbr. 3., 4., 5., og 6.gr.) fengið í hendur ákvörðunarvald um framkvæmdir eða aðgerðir, þarf samþykki allra nefndarmanna til ákvörðunar. Sé ágreiningur í nefndinni um afgreiðslu slíks máls, skal því vísað til matsnefndar skv. 11. gr., sbr. 3. tl. þeirrar greinar.

Samráðsnefnd skal kveðja til sérfróða menn til ráðuneytis um þau mál, sem hún hefur til meðferðar, þegar hún telur þess þörf.

Kostnað af störfum samráðsnefndar greiðir virkjunaraðili.

3. Girðingar

Virkjunaraðili kostar og viðheldur þeim girðingum, sem nauðsynlegar eru til að forðast röskun á búfjárgöngu vegna virkjunarinnar. Í þessu skyni skulu reistar eftirtaldar girðingar, þegar óskað er og þörf er fyrir þær

a) Girðingar meðfram Blöndu svo sem reynsla sýnir þörf fyrir.

b) Kjalargirðing verði færð suður á landamerki afréttarlands hreppanna vestan Blöndu.

c) Merkjagirðing á mörkum Auðkúlu- og Grímstunguheiða.

d) Girðing úr stóra lóninu vestur í merkjagirðingu.

e) Afréttargirðingar verði styrktar og lengdar eftir þörfum.

f) Reist verði landgræðslugirðing á Fossabrúnum vegna aukins álags.

g) Hættustaðir sem verða til vegna virkjunarinnar verði girtir af.

h) Girðingar, sem aðrir aðilar kunna að eiga kröfu á og nauðsynlegar reynast vegna virkjunarinnar, og kostar virkjunaraðili þá hlut hreppanna í slíkum girðingum.

i) Girðingar, sem sérstaklega kunna að verða nauðsynlegar vegna skiptingar búfjárbeitar.

Girðingar skulu vera fjárheldar girðingar, þar sem það á við.

Virkjunaraðili skal sjá um að eftirlit sé haft yfir sumartímann með þeim girðingum, sem hann hefur kostað til samkvæmt samningi þessum. Jafnframt sér hann um viðhald girðinganna, að því leyti sem það heyrir ekki undir aðra en hreppana lögum samkvæmt.

Um girðingarframkvæmdir, viðhald og eftirlit skal fara eftir því sem samráðsnefnd (sbr. 2.gr.) ákveður, eftir atvikum að höfðu samráði við þá aðila, sem kvaddir verða til að meta þörf á varnarráðstöfunum vegna breytinga á vatnsvegum og breyttrar

aðstöðu til sauðfjárveikivarna. Nú telur nefndin, að vegna virkjunarinnar sé þörf á frekari girðingarframkvæmdum en að ofan greinir, og skal þá virkjunaraðili kosta þær girðingar og halda þeim við á sama hátt.

Hið sama gildir um að leggja niður girðingar.

4. Vegir og afréttarmál

Virkjunaraðili kostar og viðheldur þeim vegum og slóðum, sem nauðsynlegt er talið að leggja til að bæta röskun á hagagöngu búfjár, þar með taldar nauðsynlegar brýr yfir vatnsvegi. Í þessu skyni skal leggja eftirtalda vegi og slóðir, þegar óskað er og þörf er á:

a) Brú á Seyðisá, svo land sunnan hennar nýtist betur.

b) Veg frá Hrafnabjörgum í Svínadal á Kjalveg.

c) Veg fyrir búfé af Heygarðaás í Skollhólsás.

d) Veg frá Fossum í Svartárdal að Ströngukvísl og brú á Ströngukvísl, svo og brú á Svörtukvísl.

e) Vegabætur á vegi frá Mælifellsá að Bugum ásamt brú á Mælifellsá.

f) Lagfæringar á vegarslóð Bugar/Galtá og Bugar/Áfangaflá, ásamt smábrú eða ræsi á Haugakvísl.

g) Endurbætur á vegi frá afréttargirðingu að Bollastöðum í Blöndudal.

h) Endurbætur á vegum um Gilhagadal og Goðdalafjall.

i) Brýr á veituskurði, þannig að tryggður verði nægilegur samgangur yfir veituleiðina.

Nú telur samráðsnefnd (sbr. 2.gr.), að vegna virkjunarinnar sé þörf á lagningu annarra vega eða slóða en að ofan greinir, og skal þá virkjunaraðili kosta þær framkvæmdir og halda þeim við, enda heyri það ekki undir aðra aðila lögum samkvæmt.

5. Uppgræðsla

Virkjunaraðili kostar uppgræðslu lands í stað þess gróðurlands sem tapast og/eða spillist vegna virkjunarframkvæmda. Aðilar telja að uppgræðsla sem svarar allt að 3000 ha. örfoka lands muni nægja í þessu skyni, þannig að hið uppgrædda land sé ekki minna en jafngildi að landkostum. Áætlað er, að af þessu séu allt að 2400 ha. vestan og 600 ha. austan Blöndu.

Með orðinu uppgræðsla er hér átt við uppgræðslu örfoka lands, aðhlynningu gróðurs og gróðurbætur lands. Uppgræðslan miðast við að framkvæma þá árlegu séningu og áburðargjöf, sem þarf til að koma af stað gróðri, er sé að minnsta kosti sambærilegur að beitargildi og varanleik við þann sem glatast, og viðhalda honum með áburðardreifingu.

Virkjunaraðili lætur framkvæma uppgræðsluna og halda við gróðri á hinum ræktuðu svæðum meðan virkjunin starfar og þörf er á, hvorttveggja í samræmi við ákvarðanir samráðsnefndar (2. gr.), sem einnig fjallar um val á ræktunarsvæðum. Landgræðsla ríkisins sér um framkvæmd og viðhald uppgræðslunnar í samráði við heimamenn (sveitarstjórnir), Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal fylgjast árlega með framvindu uppgræðslunnar og ástandi gróðurs í nánd við virkjunarsvæðið. Stofnunin skal og meta, hvenær uppgræðslu á hverju svæði megi teljast vera lokið, þannig að viðhald gróðurs taki við, og láta í té álit um árangur uppgræðslunnar í þessu og öðru tilliti.

Nú telur sveitarstjórn framkvæmdahraða eða fyrirkomulag uppgræðslu ófullnægjandi, og skal þá leita álits ofangreindra stofnana um möguleika á úrbótum og leggja niðurstöður fyrir samráðsnefnd.

Ekki skal skylt að freista uppgræðslu á neinu svæði lengur en 5 ár. Ekki skal skylt að reyna ræktun á landi, sem ekki er hæft til uppgræðslu að dómi Landgræðslu ríkisins. Óskylt er virkjunaraðila að bæta úr rýrnun á árangri af uppgræðslu að því leyti sem hún stafar af auknu beitarálagi á afréttarlandi heimamanna frá því sem verið hefur að meðaltali undanfarin 5 ár.

Ef ekki næst tilætlaður árangur í uppgræðslu skal leitað annarra leiða, t.d. að taka upp áburðargjöf á heimalöndum.

6. Bætur á uppgræðslutíma

Meðan unnið er að uppgræðslu skv. 5. gr. framkvæmir samráðsnefnd árlega mat á því, með aðstoð tilkvaddra sérfræðinga, hvort rýrnun á beit af völdum virkjunarinnar sé meiri en beitarávinningur af uppgræðslunni, og hverju munurinn nemi, ef hann er einhver. Skal mismunurinn þá jafnframt metinn til fjár eftir verðlagi á viðkomandi ári, og greiðir virkjunaraðili hann til sveitarfélaganna samkvæmt því mati.

7. Beitiland

Aðilar eru sammála um að freista þess að fá leigt beitiland innan kjördæmisins meðan á uppgræðslu stendur og til vara ef uppgrætt land yrði fyrir óvæntum áföllum umfram annað gróðurlendi á afréttum. Virkjunaraðili kostar leiguna á landinu og greiðir jafnframt kostnað við að koma upp girðingum og öðrum tilfæringum, sem þarf til þess að hægt sé að nota landið án þess að það valdi tjóni á hagsmunum annarra.

8. Opinber gjöld

Um opinber gjöld vegna virkjunarinnar skal fara eftir lögum um raforkuver nr. 60 frá 25. maí 1981, 4. gr. Er hér um að ræða sama hátt og gildir um raforkuver Landsvirkjunar.

9. Veiðiréttindi

Virkjunaraðili greiðir viðkomandi veiðiréttareigendum bætur fyrir veiðitjón sem um yrði að ræða vegna virkjunarinnar, samkvæmt nánara samkomulagi við veiðiréttareigendur.

10. Vatnsréttindi

Virkjunaraðili greiðir viðkomandi eigendum vatnsréttinda á vatnasvæði Blöndu bætur fyrir þau virkjunarréttindi, sem nýta þarf vegna virkjunarinnar, og fær jafnframt framsal á þeim réttindum. Áskilið er, að hver aðili færi sönnur á eignarrétt sinn að réttindunum,

ef hann er vefengdur, og eigi virkjunaraðili fullan kost á að koma að þeim mótbárum við réttindunum, sem við kunna að eiga. Úr ágreiningi um eignarrétt að vatnsréttindum skera hinir almennu dómstólar.

11. Matsnefnd

Aðilar eru sammála um að skipuð skuli matsnefnd til að fjalla um þau verkefni sem síðar greinir, enda hafi aðilum ekki tekizt að leysa úr þeim með samkomulagi.

Matsnefnd þessi skal skipuð þremur valinkunnum og óvilhöllum mönnum, sem Hæstiréttur tilnefnir eftir sameiginlegri beiðni aðila. Að minnsta kosti einn þeirra skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir um leið á sama hátt.

Skipun matsnefndar skal til lykta leidd innan þriggja mánaða frá því að samningur þessi er gerður, og skal hún gegna störfum meðan tilefni er til samkvæmt samningnum. Skipun einstakra nefndarmanna skal vera til þriggja ára í senn. Ef aðal- eða varamaður forfallast til langframa á skipunartímabilinu skipar Hæstiréttur annan mann í hans stað. Ef nefndarmaður forfallast um stundarsakir eða þarf að víkja sæti í einstöku máli, án þess að varamanns njóti við, skipar Hæstiréttur annan mann til meðferðar þess eða þeirra mála, sem forföllin hafa áhrif á.

Matsnefnd þingar í Reykjavík og þar annars staðar, sem hún ákveður sjálf. Nefndin ákveður einnig sjálf þær reglur er fylgja skal um meðferð mála, með hliðsjón af meginreglum laga um almenna meðferð einkamála. Ber meðal annars að gæta þess, að mál verði rekin með hæfilegum hraða. Nefndin skal greina forsendur að úrskurði sínum. Kostnað af störfum nefndarinnar greiðir virkjunaraðili. Nefndin úrskurðar um málskostnað, er gera þarf upp milli aðila og skiptingu hans milli þeirra. Í því efni er gert ráð fyrir, að virkjunaraðili greiði málskostnaðinn, nema um sé að ræða tilefnislausar kröfur af hálfu hreppanna.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála í matsnefnd. Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir og bindandi, og verður þeim ekki áfrýjað.

Verkefni matsnefndarinnar eru:

1. Að meta bætur fyrir land sem fer undir miðlunarlón, aðveituskurði, inntakslón og önnur mannvirki og land sem tekið er til uppgræðslu í stað þess lands sem tapast undir vatn o.þ.h. Ágreiningur um eignarréttinn að landinu heyrir undir hina almennu dómstóla.

2. Að meta bætur vegna eftirfarandi atriða varðandi notkun afréttanna á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði:

   a) Fyrir aukinn kostnað við flutning sauðfjár í afréttunum og við fjallskil.

   b) Fyrir tjón vegna röskunar á beit búfjár af völdum verktaka og aukinnar umferðar um heiðarnar á virkjunartímabilinu.

   c) Fyrir tjón af sannanlegri röskun á hefðbundinni notkun afréttanna, sem verða kann vegna virkjunarinnar og máli skiptir til frambúðar, að því leyti sem hún er ekki þegar bætt samkvæmt framansögðu eða í veg fyrir hana komið með vegagerð, girðingum eða öðrum ráðstöfunum fyrir atbeina samráðsnefndar.

   d) Fyrir önnur tjón hér að lútandi sem ekki eru talin að framan og ekki eru bætt eftir samkomulagi þar um.

3. Önnur atriði

   a) Að meta bætur vegna þeirra atriða, sem getið er um í 3., 4., 5., 6., 7., 9. og 10. gr. hér að framan, enda vísi málsaðili kröfu um það til nefndarinnar.

   b) Að taka ákvarðanir um efni, sem undir samráðsnefnd heyra, en hún hefur ekki orðið einhuga um, sbr. niðurlag 2. gr.

   c) Að fjalla um önnur efni, sem aðilar eru sammála um að vísa til nefndarinnar og lúta að framkvæmd samnings þessa.

Bætur skulu ákveðnar sér fyrir hvora heiðina.

2. Greiðsluhættir

Bætur samkvæmt samningi þessum skulu greiddar án tafar, jafnóðum og þær hafa verið ákveðnar, nema sérstaklega verði um annað samið eða matsnefnd ákveði annað, t.d. bætur í formi afgjalda. Ákvæði þetta stendur því ekki í vegi, að heimamenn geti krafizt bóta skv. 66. gr. vatnalaga fyrir vatnsréttindi sbr. 10. gr. samnings þessa.

3. Uppgjör

Bætur þær, sem ákveðnar eru eða metnar verða samkvæmt samningi þessum, skulu vera fullnaðarbætur, og eiga sveitarfélögin ekki frekari kröfur á hendur virkjunaraðila vegna Blönduvirkjunar en hér um ræðir. Skal hið sama staðfest við móttöku bótagreiðslna eftir því sem við á.

Samningi þessum til staðfestu eru nöfn aðila.

Fylgiskjal 7.

Minnisblað frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen varðandi vinnuafl við virkjunarframkvæmdir á Suðurlandi

MINNISBLAÐ TIL IÐNAÐARRÁÐHERRA

Vinnuafl við virkjunarframkvæmdir á Suðurlandi.

Að beiðni Jóhanns Más Maríussonar yfirverkfræðings Landsvirkjunar sendum við yður lauslegt yfirlit yfir mannaflaþörf við hugsanlegar virkjunarframkvæmdir á Suðurlandi á áratugnum 1982 til 1991.

Áætlunin miðast við eftirfarandi framkvæmdaröð.

1. Stíflugerð á Sultartanga hefjist á árinu 1982 og verði að mestu lokið 1983.
2. Haldið verði áfram við byggingu Kvíslaveitu og henni verði lokið á árinu 1985. Jafnframt verði á sama tíma unnið að aukningu á miðlunarrými Þórisvatns með stífluhækkun og dýpkun á Vatnsfellsskurði (samt. 765 Gl).
3. Aukið verði við afl á Þjórsársvæðinu á árabilinu 1985 til 1988, og er hér gert ráð fyrir uppsetningu fjórðu vélasamstæðu bæði í Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun (samt. 120 MW).
4. Framkvæmdir við Sultartangavirkjun (120 MW) ásamt stífluhækkun verði á árabilinu 1988 til 1991, en þeim yrði að fullu lokið á árinu 1992.

Í heild er áætlað vinnuafl við framangreindar framkvæmdir talið jafngilda 1980 ársverkum og er þá meðtalið vinnuafl við umsjón og eftirlit með framkvæmdum á vinnustað.

Áætluð dreifing á ár er sýnd á eftirfarandi mynd:



Athygli er vakin á því, að áætlanir um mannaflaþörf við aðrar umræddar framkvæmdir en Sultartangastiflu og Sultartangavirkjun eru enn mjög lauslegar. Fyrirhugað er að vinna að ítarlegri áætlunum um Kvíslaveitu og aukningu á miðlunarrými í Þórisvatni nú í vetur, þar sem m. a. verður byggt á vettvangsrannsóknum sumarið 1981.

Þá er rétt að geta þess, að í athugun eru aðrir kostir til að sjá fyrir aukinni aflþörf á tímabilinu en uppsetning fjórðu vélasamstæðu í Sigölduvirkjun og Hrauneyjafoss-virkjun. Þar á meðal kemur aflaukning í Búrfelli til greina (Búrfell II).

Virðingarfyllst,

Loftur Þorsteinsson

Fylgiskjal 8.

Bréf frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen til Rafmagnsveitna ríkisins varðandi Fljótsdalsvirkjun

hf. RÁÐGEFANDI VERKFRÆÐINGAR FRV
105 Reykjavik Ármúli 4 sími (91) 8 44 99 fjarriti 2040 vsf is
600 Akureyri Glerárgata 36 sími (96) 2 25 43
310 Borgarnes Berugata 12 sími (93) 73 17
400 Ísafjörður Fjarðarstr. 11 sími (94) 37 08

Rafmagnsveitur ríkisins
Kristján Jónsson rafmagnsveitustj.
Laugavegi 118,
105 Reykjavík.

Tilv. yðar	Bréf yðar	Tilv. okkar	Dags.
		80.102	1981-02-27

Málefni: Fljótsdalsvirkjun
Framkvæmdaáætlun

Í skýrslu um virkjun Jökulsár í Fljótsdal, II, Fljótsdalsvirkjun, maí 1980, er tímaáætlun um undirbúning og framkvæmdir, bls. 19. Þar er gert ráð fyrir að verkhönnun ljúki á miðju ári 1981, gerð útboðsgagna hefjist þá og gangsetning verði í árslok 1986.

Nú er ljóst að verkhönnun verður ekki að fullu lokið fyrr en um áramót 1981/82. Samt sem áður teljum við mögulegt að 1. vélasamstæða komist í gang í árslok 1986, sbr. meðfylgjandi línurit. Til að svo megi verða, þarf að vísu að taka ákvörðun um framkvæmdir áður en skýrsla um verkhönnun liggur fyrir, eða nú í vor 1981. Gerð útboðsgagna verður að hefjast í síðasta lagi nú í haust. Nauðsynlegt verður að byrja á framkvæmdum áður en megin verksamningar eru gerðir, og er þar fyrst og fremst um að ræða aðkomugöng að stöðvarhúsi, sem jafnframt yrðu þá tilraunagöng. Enda þótt bergið sé talið gott, þá er nú að koma í ljós, við nánari rannsóknir á borkjörnum, að einstöku jarðlög eru mjög viðsjárverð og nauðsynlegt verður að bora könnunarholur út frá aðkomugöngunum til að velja stöðvarhúsinu stað. Með hliðsjón af þessu álítum við að byrja verði á aðkomugöngunum sumarið 1982. Einnig teljum við mjög æskilegt að hefja vinnu við stíflugrunnstöður á Fljótsdalsheiði 1982. Miðlun þar verður að vera til staðar 1985 til að safna vatni, ef virkjunin á að fara í gang í árslok 1986. Ef þetta verður gert, þá þarf að byggja vinnubúðir nú í sumar.

Eins og fram kemur hér að ofan, er tími mjög naumur til að virkjunin geti farið í gang í árslok 1986. Með venjulegum gangi mála, þ.e.a.s. að skýrsla um verkhönnun lægi fyrir áður en ákvörðun væri tekin og gerð útboðsgagna hafin eftir það og framkvæmdir ekki hafnar fyrr en eftir að samið er um meginhluta verksins, þá gæti orkuvinnsla hafizt í fyrsta lagi í árslok 1987.

Virðingarfyllst,

Loftur Þorsteinsson

Sigmundur Freysteinsson

FLJÓTSDALSVIRKJUN
Drög að framkvæmdaáætlun
1980-02-27

Verksamn. í apríl 1983 1. vél í árslok 19uu.

	Gröftur & sprengingar	Fylling	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	2. vél 1988
Verkhönnun											
Rannsóknir											
Útboðslýsingar											
Útboð											
Vinnubúðir											
Aðkomugöng											
Vatnsvegir stöðvar											
Stöðvarhús											
Uppsetning véla & rafb.											
Gilsárlón, Hólmalón	400.000	1.600.000									
Veitur af Fljótdalsh.	500.000	300.000									
Eyjabakkastífla	500.000	2.200.000									
Eyjabakkaskurður	4.000.000	100.000									
			1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	

Nd. 177. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

32.—40. gr. laganna verði 33.—41. gr. þeirra jafnframt því sem ný grein, er verði 32. gr. laganna, orðist svo:

Ráðherra skal heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra mannvirkja og mannvirkjahluta. Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði sambærilegra mannvirkja eða mannvirkjahluta sem framleitt er hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lagt er á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast undir önnur tollskrárnúmer 1. gr. laganna en innflutt mannvirki og mannvirkjahlutar. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæð mannvirki eða mannvirkjahluta á sama eða svipuðu byggingar- eða framleiðslustigi þessara vara hér á landi. Við ákvörðun jöfnunarálags skal auk þeirra atriða sem að framan getur taka tillit til gerðar mannvirkis og mannvirkjahluta og skal heimilt að flokka vörur þessar í mannvirkjaflokka og ákveða jöfnunarálag fyrir hvern flokk fyrir sig.

Ráðherra skal heimilt, þegar innflutt mannvirki eða mannvirkjahlutar telst í verulegum atriðum að efni eða gerð frábrugðið þeim mannvirkjum eða mannvirkjahlutum sem framleitt er hér á landi, að ákveða að jöfnunarálag skuli lagt á tollverð þeirra hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu nefndra innflutningsvara. Skal innflytjandi í því tilviki leggja fram sundurliðun um einstaka kostnaðarþætti hinnar innfluttu framleiðsluvöru svo og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar þykja.

Ráðherra skal heimilt að leggja jöfnunarálag á aðra innflutta vöruflokka til þess að vega upp á móti uppsöfnuðum aðflutningsgjöldum í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði innlendrar framleiðsluvöru sem ekki eru lögð á sams konar eða hliðstæðar vörur við innflutning.

Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls skv. 1. gr. af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd jöfnunarálags fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða byggingarkostnað samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því sem hér er lagt fyrir Alþingi er lagt til að tekin verði upp ný grein í lög nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum er feli í sér heimild til handa fjármálaráðherra til þess að leggja á jöfnunarálag í þeim tilgangi að jafna aðstöðumun þann sem m. a. innlendur byggingariðnaður býr nú við gagnvart innflutningi á ýmsum gerðum mannvirkja vegna álagningar aðflutningsgjalda, tolla og annarra gjalda á margs konar innfluttar efnivörur sem notaðar eru til framleiðslu verndarvara.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um uppsöfnun aðflutningsgjalda, tolla og vörugjalds vegna álagningar gjalda þessara á ýmsar efnivörur og hluta sem notað er m. a. til framleiðslu á svonefndum einingahúsum hér á landi skulu hér á eftir nefnd nokkur dæmi:

Tollskrár-númer	Vöruheiti	Tollur %	Vörugjald %
39.02.—	Vegg- og gólfdúkur	35	24
58.02.—	Gólfteppi	20/0	24
69.08.00	Veggflísar	35	24
69.10.00	Handlaugar o. þ. h.	80	24
73.13.51	Þakjárn	0	24
73.18.29	Rör	0	24
73.38.29	Baðker o. þ. h.	80	24
84.61.03	Kranar o. þ. h.	35	24
84.61.04	Hitastilltir lokar	35	24
84.61.12	Blöndunartæki o. þ. h.	35	24
85.06.20	Eldhúsviftur	80	24
85.12.21	Rafmagnsofnar o. þ. h.	35	24
85.19.12	Rofar	35	24
85.19.14	Vör	35	24
85.19.18	Tengibúnaður	35	24
85.23.09	Raftaugar	0	24

Auk þeirra gjalda sem nefnd hafa verið má geta þess að á ýmsar byggingarvörur, t. d. timbur og byggingarplötur margs konar, er lagt ½% byggingariðnaðargjald.

Sé litið til tollmeðferðar á innfluttum húsum og öðrum mannvirkjun þá hafa tollar nú verið felldir niður af vörum þessum í samræmi við fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE. Hins vegar er innheimtur 12—15% tollur af sams konar vörum sem framleiddar eru og innfluttar frá löndum sem standa utan þessara fríverslunarsvæða. Magntölur yfir innflutning á timburhúsum, sbr. tollskrárnúmer 44.23.01, leiða í ljós að veruleg aukning hefur orðið á innflutningi þessara vara frá því 1969 er undirbúningur stóð yfir vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að EFTA. Á því ári voru 106,8 tonn flutt inn í nefndu tollskrárnúmeri samanborið við 864,2 tonn á tímabilinu janúar til september 1981. Innflutningsmagn hefur þó verið breytilegt frá ári til árs, en ljóst er þó að um verulega aukningu er að ræða. Innflutningsverðmæti, cif, á tímabilinu janúar til september 1981 var um 7 mkr. Innflutningsverðmæti þessara vara á árinu 1969 var hins vegar 2,5 mkr., framreiknað miðað við breytingar á sölugengi Bandaríkjadollars. Um samsetningu þessa innflutnings liggja ekki fyrir neinar tölulegar upplýsingar en þó er vitað að innflutningur á svonefndum heilsárshúsum hefur vaxið mjög mikið.

Segja má að það sé í fullu samræmi við efni fríverslunarsamninganna að innlendir framleiðendur verði fyrir aukinni samkeppni erlendis frá. Hins vegar verður að telja samkeppni þessa ósanngjarna að því leyti að umrædd hús hafa oftast verið flutt inn tollfrjálst með ýmsum búnaði og úr efnivöru sem er hátollavara séu vörur þessar fluttar inn sér í lagi, þ. e. þegar íslenskir framleiðendur einingahúsa og húsnæðis almennt kaupa þessar vörur, sbr. dæmi um aðflutningsgjöld á nokkrum efnivörum sem nefnd voru hér að framan.

Með frumvarpi þessu er eins og áður sagði lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að leggja jöfnunarálag á tollverð mannvirkja, sbr. 1. gr. Leggja ber áherslu á það, að jöfnunarálagi er eingöngu ætlað að mæta uppsöfnuðum aðflutningsgjöldum í verksmiðjuverði eða kostnaðarverði m. a. einingahúsa, sem framleidd eru hér á landi, sem ekki eru jafnframt innheimt við tollafgreiðslu sambærilegra innfluttra einingahúsa. Af framkvæmdaástæðum er ljóst að eigi verður við komið að leggja mismunandi álag á einstakar innfluttar vörur og er því við það miðað að jöfnunarálag verði byggt á áætlun um hlutdeild uppsafn-

aðra gjalda í sams konar eða sambærilegum mannvirkjum eða mannvirkjahlutum sem framleitt er hér á landi. Í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er fyrirhugað að reikna uppsöfnuð aðflutningsgjöld út miðað við vísitölur byggingahluta í einstökum mannvirkjaflokkum, sem rannsóknastofnunin reiknar út í sambandi við kostnaðarútreikninga við mannvirkjagerð hér á landi, og bera saman við tollverð sömu flokka innfluttra mannvirkja. Með þessum hætti verður jöfnunarálag ákveðið sem meðaltalshlutfall af tollverði innfluttra mannvirkja. Í þeim tilgangi að ná fram sem mestri nákvæmni við jöfnun samkeppnisstöðunnar vegna uppsöfnunaráhrifa aðflutningsgjalda er eins og áður sagði gert ráð fyrir að flokka mannvirkin í ákveðna mannvirkjaflokka og ákveða jöfnunarálag fyrir hvern flokk fyrir sig. Þar sem hér er um meðaltalsreglu að ræða sem komið getur óréttlátlega niður vegna innflutnings á mannvirki sem í verulegum atriðum er frábrugðið bæði að efni og gerð þeim mannvirkjum sem framleidd eru hér á landi er gert ráð fyrir að ráðherra geti í undantekningartilvikum veitt undanþágu frá meginreglunni og ákveðið jöfnunarálag í einstökum tilvikum.

Með álagningu jöfnunarálags er ekki talið að farið sé út fyrir þau takmörk sem aðildarsamningur Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningur við Efnahagsbandalag Evrópu setur okkur, svo framarlega sem jöfnunarálagið er ekki hlutfallslega hærra en nemur þeim kostnaðarauka sem leggst á innlenda framleiðslu vegna uppsöfnunar aðflutningsgjalda og gerir hana að því leyti ósamkeppnisfæra við innfluttar vörur. Á þessu stigi liggja eigi fyrir útreikningar varðandi uppsöfnun aðflutningsgjalda í innlendri framleiðslu einstakra flokka mannvirkja en gert er ráð fyrir að í reglugerð sem sett verður eftir áramót, verði frumvarp þetta samþykkt, verði kveðið nánar á um jöfnunarálag. Með tilliti til þess að horfur eru á að ekki dragi úr innflutningi einingahúsa á næsta ári, sem haft getur verulegan samdrátt í för með sér í framleiðslu innanlands á húsum af þessari gerð með fyrirsjáanlegu atvinnuleysi í viðkomandi atvinnugrein, ber brýna nauðsyn til að þegar verði gripið til gagnráðstafana og er því gert ráð fyrir að 12% jöfnunarálag verði lagt á innflutt hús frá og með 1. janúar 1982 en breytilegt jöfnunarálag fyrir vörur þessar verði síðar ákveðið.

Nd. 178. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. des. 1981.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Matthías Bjarnason.	Albert Guðmundsson.	Sighvatur Björgvinsson.
	Guðm. J. Guðmundsson.	

Sþ. 179. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd flytur að venju sameiginlegar tillögur til breytinga á frv. til fjárlaga á þskj. 155 og 161 með fyrirvara af hálfu minni hlutans, sem áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma. Minni hlutinn er á hinn bóginn algerlega andvígur stefnu frv. og þeirri efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar á Alþingi, sem frv. endurspeglar. Í nefndarálitinu er þessi miðstýringar- og haftastefna gagnrýnd. Hún hefur leitt til stöðnunar og versnandi lífskjara, þrátt fyrir árvaxandi afla og góð ytri skilyrði þjóðarbúsins. Því er þörf á gerbreyttri stefnu, jákvæðri uppbyggingu í anda frjálshyggju, en það er sú grundvallarstefna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur barist fyrir frá öndverðu.

I. Stutt yfirlit um nokkur aðalatriði í efnahags- og ríkisfjármálum síðustu þrjú ár.

Í nefndaráliti minni hl. fjárveitinganefndar fyrir ári segir svo orðrétt:

„Núverandi ríkisstjórn fylgir eindregnari vinstri stefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum en þær ríkisstjórnir á síðasta áratug, sem sjálfar hafa kallað sig vinstri stjórnir."

Þessi staðreynd kemur betur í ljós eftir því sem tíminn líður. Forustumenn Alþýðubandalagsins hafa staðfest þetta opinberlega. Einn þeirra sagði í blaðaviðtali síðastliðið vor:

„Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar ber mjög svipmót þeirrar afstöðu, sem Alþýðubandalagið hefur haft síðan 1978. Sú afstaða varð undir í ríkisstjórninni 1978—79 (vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar). Nú hefur hins vegar verið tekið tillit til sjónarmiða Alþýðubandalagsins og árangurinn er að koma í ljós."

Hér er skýrt að orði kveðið og ekki um að villast, að íslenskir vinstri sósíalistar og kommúnistar í Alþýðubandalaginu telja stjórnarstefnuna sér þóknanlegri en stefnu vinstri stjórna sem setið hafa fyrr. Hvað sem þessu líður hafa Alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn ráðið mestu um stjórnarstefnuna í rúm þrjú ár, eða frá hausti 1978. **Á þessu tímabili hafa ríkt illvíg verðlagshöft, afturhaldsstefna gagnvart atvinnuvegunum, smáskammtalækningar í verðbólgumálum, gegndarlaust skattahækkunarflóð, ríkisafskipti og ríkisumsvif aukin, bæði með skattahækkunum og stórauknum opinberum lántökum.**

Hér á eftir verða nokkur aðalatriði efnahags- og ríkisfjármála síðan 1978 dregin saman í örstuttu máli, en um hvert og eitt atriði verður nánar fjallað í síðari köflum nefndarálitsins:

1. **Sjávarafli hefur stóraukist** vegna friðunaraðgerða fyrr á árum, t. d. veiðist sennilega í ár um 130—150 þús. tonnum meira af þorski en 1978. Verðlag á sjávarafurðum okkar erlendis hefur yfirleitt verið gott.

Þrátt fyrir þennan stórkostlega búhnykk hefur þjóðarframleiðsla aukist sáralítið og kaupmáttur taxtakaups launþega rýrnað að mun. Svo er einnig um kaupmátt lífeyris elli- og örorkulífeyrisþega. Þessi kaupmáttarrýrnun nemur allt að 10% frá þriðja ársfjórðungi 1978 til sama tíma í ár.

2. **Verðbótavísitala hefur tíu sinnum verið skert** á þessu tímabili, samtals um rúm 26%. Verðbólgan var þegar ríkisstjórnin tók við um eða yfir 50% yfir árið. Hún er í raun í sama illkynja farinu. Hinn 1. nóvember síðastliðinn var hækkun framfærsluvísitölu síðustu 12 mánuði tæp 48% og verðbólguhraðinn er vaxandi, eins og talsmenn ríkisstjórnarinnar

viðurkenna og Seðlabanki Íslands metur verðbólgustigið nú nálægt 50%. Á miðju ári 1977 komst verðbólgan niður fyrir 30% og var í byrjun áratugarins tæp 4%.

3. **Gengi íslensku krónunnar hefur verið formlega fellt fimm sinnum** síðan í ágúst 1978 vegna gengislækkana og gengissigs. Hefur Bandaríkjadollar hækkað gagnvart íslenskri krónu um 213,9% á þessu tímabili. Verðgildi nýkrónunnar, sem átti að verða stöðugt, hefur minnkað þannig, að verð Bandaríkjadollars í nýkrónum hefur hækkað yfir 30% frá því að nýkrónan kom í umferð um síðustu áramót.

4. **Skattaálögur á almenning hafa hækkað** svo mjög, að á næsta ári greiðir hver fimm manna fjölskylda í landinu um 20 þús. kr. (2 millj. gamalla króna) hærri beina og óbeina skatta en sama fjölskylda hefði gert að óbreyttum skattalögum sem giltu 1977. Skattbyrði þyngist enn 1982 samkvæmt fjárlagafrumvarpinu og nýr skattur er enn boðaður, svonefnt byggðalínugjald.

5. **Skattbyrði eignarskatta til ríkisins er nú tvöföld** miðað við það, sem hún var 1977, og tekjuskatta 50% meiri.

6. **Þensla eyðsluútgjalda ríkissjóðs er gífurleg.** Aukin ríkisumsvif hafa átt sér stað með skattahækkunum og að auki með stórauknum lántökum til hins opinbera. Erlend lán til (A- og B-hluta) ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja hafa rúmlega þrettánfaldast samkvæmt fjárlagafrumvarpinu frá 1978, en þrefaldast að raungildi.

7. **Greiðslubyrði erlendra lána hefur aldrei verið meiri** en nú og hefur þyngst verulega undanfarin ár, þótt stórfelldur samdráttur verði í ár og einkum á næsta ári í stóriðju- og orkuframkvæmdum. Samkvæmt lánsfjáráætlun eru erlendar skuldir taldar verða 39% af þjóðarframleiðslu í árslok 1982 og hefur það hlutfall aldrei verið hærra. Þetta hlutfall var 31.6% 1977.

8. **Fjárveitingar til framkvæmda- og atvinnuvegasjóða** hafa ár eftir ár verið skornar miskunnarlaust niður að raungildi og eru lægri nú í ár skv. fjárlagafrv. t. d. til grunnskóla og hafnargerða en verið hefur a. m. k. frá 1974.

9. **Fjárfesting í atvinnulífinu hefur dregist saman,** nema ef til vill í fiskveiðiflotanum, og svo þrengt að atvinnuvegunum að allar undirstöðugreinarnar eru reknar með stórfelldum halla og skuldasöfnun. Jafnvel ríkisfyrirtæki ná aðeins endum saman með því að slá erlend lán, svo sem Sementsverksmiðja ríkisins. Flest ríkisfyrirtæki í atvinnurekstri eru rekin með verulegum halla, svo sem fram kom í svari iðnaðarráðherra á Alþingi fyrir nokkru.

10. **Íbúðabyggingar á vegum einstaklinga hafa dregist saman** ár eftir ár og enn má búast við stórfelldum samdrætti í íbúðabyggingum á næsta ári.

Sérstaklega er vert að vekja athygli á því, að mjög hefur þrengt að einstaklingum og frjálsum félagasamtökum á þessu tímabili. Það er ótvírætt erfiðara fyrir einstaklinga að ráðast í að byggja sér íbúðir eða leggja út í nýjan atvinnurekstur við núverandi aðstæður. Þannig er í reynd komið í veg fyrir að atorka einstaklinganna verði virkjuð á hagkvæman hátt fyrir þjóðfélagið, en á því er ekki síður þörf en að virkja aðrar auðlindir lands og þjóðar.

II. Stefna fjárlaga 1979—1981 og frumvarps fyrir árið 1982.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1982 felur í sér sömu meginstefnu og fjárlög undangenginna ára, þ. e. a. s. frá 1979. Það felur í sér þenslu eyðsluútgjalda ríkissjóðs, aukna skattbyrði, niðurskurð fjárveitinga til framkvæmda og framlaga til sjóða atvinnuveganna. Áfram er haldið á þeirri braut að taka markaðar tekjur og skatta, sem voru lagðir á til ákveðinna verkefna, til almennrar eyðslu ríkissjóðs og taka lán til opinberra þarfa í stórum stíl og ýta þannig vandanum á undan sér. „Koma tímar og koma ráð," gætu verið einkunnarorð fjármálaráðherra og ríkisstjórna undangenginna ára að þessu leyti, svo rík er sú árátta að koma af sér óþægilegum vanda og færa yfir á þá sem síðar taka við stjórnartaumunum.

1. „Reiknitala frumvarpsins", uppgjöf á „niðurtalningarleið".

Frumvarpið er byggt á þeirri meginforsendu, sem svo er lýst í greinargerð þess: „Reiknitala fjárlagafrumvarpsins varðandi **hugsanlega hækkun verðlags og launa (leturbreyting hér) er miðuð við 33% milli áranna 1981 og 1982.**" Sérstaklega er tekið fram að reiknitalan sé „ekki hugsuð sem verðbólguspá fyrir komandi ár". Á þetta lagði fjármálaráðherra af einhverjum ástæðum sérstaka áherslu við 1. umræðu.

Þessu er öfugt farið í fyrsta fjárlagafrumvarpi núverandi ríkisstjórnar fyrir 1980. Þar er „niðurtalningunni" lýst nákvæmlega. Þar segir svo orðrétt: „Í stjórnarsáttmálanum eru boðaðar eftirtaldar aðgerðir í verðlagsmálum í því skyni að draga úr verðbólgunni:

1. Verðhækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980: Til 1. maí skulu mörkin vera 8%, til 1. ágúst 7% og loks til 1. nóvember 5%. Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu. Um verðhækkanir af erlendum uppruna, sem ekki rúmast innan ofangreindra marka að mati verðlagsráðs, setur ríkisstjórnin sérstakar reglur. Þessar sérstöku reglur hafa ekki áhrif á gildandi ákvæði um útreikning kaupgjaldsvísitölu.

2. Verðhækkanir á búvöru fylgi sams konar reglum, enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árin 1980 og 1981.

3. Fyrir maí — júní 1980 skulu afgreiddar sérstakar hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana, sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma, sem framangreind mörk setja.

Í samræmi við þetta er frumvarpið miðað við það, að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði um 31% og meðalhækkun verðlags 1979 — 1980 verði 45—46%." **(Leturbreyting hér).**

Í öðru frumvarpi til fjárlaga frá núverandi ríkisstjórn fyrir árið 1981 segir einnig orðrétt:

„Meginforsendur þessa frumvarps eru eftirfarandi: ...

4. Að verðlagshækkanir frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 verði um 42%, **sem er nokkru minni verðbólga en verið hefur nú um skeið.**"

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1982 **er ekki minnst á „niðurtalningu", ekkert markmið er lengur til í viðureigninni við verðbólguna, aðeins „reiknitala" út í bláinn.** Þetta er staðfesting á algerri uppgjöf ríkisstjórnarinnar á þeirri margfrægu niðurtalningu, enda átti verðbólga að vera 31% 1980 samkvæmt henni og fara niður í 10% á næsta ári — „eða þannig sko!"

En hvað þýðir þessi reiknitala? Í bréfi frá Þjóðhagsstofnun til fjárveitinganefndar segir svo orðrétt:

„Ef hækkunin dreifist jafnt yfir árið felur þetta í sér 27% hækkun frá upphafi til loka ársins. Ferlarnir yfir árið gætu verið með ýmsum hætti, hækkunin gæti verið tiltölulega meiri framan af ári og minni á síðari hluta ársins, en til þess að meðalhækkun fari ekki yfir 33% yrði hækkunin frá upphafi til loka ársins að vera töluvert minni."

Miðað við þær aðstæður, sem nú eru í efnahagsmálum, vekur það athygli, að reiknitala frumvarpsins stenst ekki nema að stórlega dragi úr verðbólgunni og hún verði ekki meiri en 27% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári.

Bresti þær forsendur og verðbreyting reynist meiri milli ára en 33% og 27% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári hlýst augljóslega af því verðrýrnun allra fjárveitinga að raungildi sem eru fastar í krónutölu, t. d. allra framkvæmdaframlaga.

Hér skal tekið dæmi, sem Vegagerð ríkisins reiknaði og forráðamenn hennar tóku með sér á fund fjárveitinganefndar til að lýsa áhyggjum sínum yfir.

Fjárvöntun til þess að framkvæmdagildi fjárveitinga til vegagerðar haldist yrði svo sem hér segir:

Verðhækkun milli ára eða reiknitölur	33%	40%	45%
Fjárvöntun m.kr.	3.7	17.3	34.4

Þannig hefur slíkur reiknitöluútreikningur sjálfvirkan niðurskurð í för með sér á framkvæmdafé í fastri krónutölu ef verðbólgan verður meiri en 27% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári.

2. Þensla eyðsluútgjalda ríkissjóðs.

Að því er vikið í greinargerð frumvarpsins, að heildarútgjöld samkvæmt því verði 28.1% af þjóðarframleiðslu eða svipað hlutfall og í ár. Þessi útreikningur er auðvitað villandi og gefur alranga mynd af aukningu ríkisumsvifanna. Eyðsluútgjöld ríkissjóðs hafa hækkað langt umfram verðlagshækkanir á síðustu árum. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1981 hækkuðu rekstrarliðir samtals um 55.7% frá fjárlögum fyrra árs, en þá var miðað við 42% verðhækkun milli ára. Samkvæmt frumvarpinu hækka rekstrarliðir um 44,5%, en reiknitala almennra verðhækkana er 33%. Fjárveitingar til stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslan hækka samkvæmt frumvarpinu einungis um 20.4% frá árinu í ár. Þar er m. a. um að ræða framlög af skatttekjum til fjárfestingarsjóða. Þessi útgjöld eru stórlega skorin niður, en atvinnuvegasjóðirnir látnir taka lán í staðinn. Á þennan hátt er fjárveitingum ýtt út fyrir A-hluta ríkisgeirans og heildarútgjaldatölur í honum gerðar ósambærilegar milli ára. Hefðu útgjaldaliðir frumvarpsins, sem nefnast fjárfestingar og fjármagnstilfærslur, hækkað um 33%, þ. e. a. s. um almennu verðlagsforsendur frumvarpsins, hefðu útgjöld þess hækkað í 7 977 millj. kr., sem er 29.5% af áætlaðri þjóðarframleiðslu á næsta ári.

Þensla ríkisútgjalda og umsvifa í heild sést einnig á því, hve ráðstöfunarfé ríkisins og fyrirtækja þess hefur aukist bæði að því er varðar skatta og auknar lántökur, svo sem vikið er að síðar. Þróunin er því augljós og furðulegt að með talnablekkingum sé reynt að fela þá staðreynd. Á það má m. a. benda í þessu sambandi, að í ræðu fjármálaráðherra við 1. umr. um frumvarpið kom fram, að tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa hækkað fyrstu 9 mánuði yfirstandandi árs um 60—61%, og varla verður annað sagt en það sé úr takt við almenna verðþróun í landinu.

	Hækkun frv. frá fjárlögum í %	Frávik frá 33%-reiknitölu
Rekstrarliðir samtals	44.5%	+11.5%
Stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur	20.4%	−13.4%

3. Aukning skattheimtu.

Undanfarin ár hefur skattbyrði aukist ár eftir ár ýmist vegna álagningar nýrra skatta, t. d. gjalds á ferðalög til útlanda, orkujöfnunargjalds, skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði eða hækkana söluskatts, vörugjalds, tekju- og eignarskatts. Þá hafa skattar til sveitarfélaga hækkað á sama tíma. Skattar til ríkisins voru 25% af þjóðarframleiðslu 1977, en skv. frv. **í ár telur Þjóðhagsstofnun að þeir nemi 28.4%. Hér er um að ræða hækkun sem nemur 3.4% af þjóðarframleiðslu eða 920—930 m.kr., þ. e. a. s. tæpum 100 milljörðum gamalla króna.** Þetta þýðir 20 þús. kr. aukna skattbyrði á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. (Sjá nánar yfirlit yfir hækkun einstakra skatta frá 1978 í III. kafla.)

Skv. nýrri tekjuspá Þjóðhagsstofnunar hækka innheimtir skattar til ríkisins á árinu 1982 um 44% og er þá um að ræða sömu verðforsendur og miðað er við í útgjaldahliðinni, þ. e. a. s. 33%. Skattarnir aukast því fram yfir þær verðlagsforsendur og nánast í takt við eyðsluútgjöld ríkissjóðs, sbr. það sem áður segir.

Á yfirstandandi ári hækka skattar til ríkissjóðs vegna hækkandi tollhlutfalls af innflutningi. Ástæðan er talin mikill innflutningur hátollavöru, auk þess sem innfluttum bifreiðum fjölgar. Á árinu 1980 voru fluttar inn 8 650 bensínbifreiðar, en í ár um 9 000, og í tekjuáætlun er gert ráð fyrir svipaðri tölu innfluttra bíla. Þessi hagstæða þróun fyrir ríkissjóð kemur að sjálfsögðu fram gagnvart almenningi sem aukin skattbyrði.

Nú er álitið að tekjur hækki almennt milli áranna 1980 og 1981 um 51—52%, í stað þess að í forsendum frv. var gert ráð fyrir 50% tekjubreytingu og skattvísitölu 150 í samræmi við það. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar gáfu fjárveitinganefnd þær upplýsingar, að þessi hækkun tekna almennings mundi hafa í för með sér 5—6 millj. króna auknar tekjur fyrir ríkissjóð ef skattvísitölu yrði breytt í 152, en 20 til 30 millj. króna tekjuauka að óbreyttri skattvísitölu. Hvert skattvísitölustig sem er lægra en tekjubreyting, er áætlað auka tekjur ríkissjóðs um 15—16 millj. króna þannig að hér er um varfærna áætlun að ræða. Ekki er áætluð hækkun á tekjum ríkissjóðs vegna þessara breyttu forsendna um hækkun tekjuskatts.

Öll kurl virðast ekki heldur komin til grafar um nýja skattheimtu, þ. e. a. s. svonefnt byggðalínugjald, sem sagt er að sé í athugun hjá ríkisstjórninni skv. skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, en það á skv. henni að nema 40 millj. króna. Ekki er gert ráð fyrir því í tekjuáætluninni.

Eignarskattar hækka enn skv. frv. langt umfram aðra skatta til ríkisins, en svo hefur jafnan verið í tíð núverandi ríkisstjórnar. Skv. nýrri áætlun Þjóðhagsstofnunar hækka þeir um 61.6% frá fjárlögum í ár, en tekjuskattar einstaklinga um 53.6%. Skattbyrði þessara skatta á greiðsluári eykst verulega frá því í fyrra miðað við þessar áætlanir.

Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar eykst skattbyrði eignarskatta einstaklinga frá 1981 skv. þessum áætlunum miðað við **tekjur greiðsluárs** og forsendur frv. sem hér segir:

Eignarskattur einstaklinga:

	Álagning m.kr.	% af tekjum greiðsluárs
1981	67.7	0.51%
1982	104.0	0.58%

Eignarskattur einstaklinga, tekjuskattur, sjúkratryggingargjald og nefskattur:

	Álagning m.kr.	% af tekjum greiðsluárs
1981	787.7	6.0%
1982	1 192.9	6.7%

Það vekur sérstaka athygli í frv. til fjárlaga 1982, að dyggilega og markvisst er haldið áfram á þeirri braut að taka í síauknum mæli skatta, sem lagðir hafa verið á í sérstöku skyni, til þess að standa undir almennum eyðsluútgjöldum ríkissjóðs. Þar má t. d. nefna erfðafjárskatt, sem átti að renna m. a. til endurhæfingar fatlaðra, skemmtanaskatt, sem á að renna til félagsheimilasjóðs o. fl. Þá er byggingarsjóðsgjald, sem áður reiknaðist af ýmsum skattstofnum, fellt inn í almenna skattkerfið án lækkunar þeirra álaga. Það rennur nú í raun í ríkissjóð, en áður fór það í Byggingarsjóð ríkisins.

„Orkujöfnunargjald", 1½% á söluskattsstofn, sem er áætlað 192 millj. króna skv. tekjuáætluninni, var lagt á í því skyni að afla fjár til olíustyrkja til húshitunar og orkumála. Það fer skv. frumvarpinu að verulegum hluta í ríkissjóð til almennra þarfa.

Í ár (1981), rennur þetta gjald þó að miklu leyti í beinar fjárveitingar til orkumála, en skv. frv. verður þessu öfugt farið á næsta ári.

Þetta dæmi lítur þannig út um skil „orkujöfnunargjalds" annars vegar í ríkissjóð og hins vegar til olíustyrkja og beinna fjárveitinga til orkumála 1981 og skv. frv. 1982:

	1981 Fjárl. nkr.	1982 Frv. nkr.
Orkujöfnunargjald	130 000	192 000
Frá dragast:		
Beinar fjárv. til Orkusjóðs	−47 520	−45 100
Krafla, fjármagnsútgj.	−36 450	0
Félagsl. framkv.		
RARIK	−10 000	−5 000[1])
Olíustyrkir	−30 000[2])	−30 000
Ýmis orkumál	−2 650	−6 300
„Hagnaður" ríkissjóðs á „orkujöfnunargjaldi"	3 380	105 600

1) Afb. og vextir af lánum RARIK sem ríkissjóður tekur á sig.
2) Áætluð raunveruleg útgjöld vegna olíustyrkja, en þeir áttu skv. fjárl. að nema 50 millj. króna.

Hvorki meira né minna en 105 millj. nýkróna (10,5 milljarðar gkr.) fara til eyðslu ríkissjóðs af þessu gjaldi, sem lagt var á til þess að jafna hitunarkostnað og sinna brýnum orkumálum, og ekki er lengra síðan en á árinu 1980, að þessi skattur var lagður á í þessum fróma tilgangi. Það er því ekki á eina bókina lært hvernig fjármunir eru teknir af skattborgurum í eyðsluhít ríkissjóðs.

4. Auknar lántökur.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir lántökum til A- og B-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja sem nema 1 215,9 millj. kr., þar af eru erlend lán að upphæð 695 970 millj. kr., sem er rúmlega þrettánföldun frá 1978. Lántökur verða nú 13,5% af heildarráðstöfunarfé ríkissjóðs (þ. e. tekjum + lántökum), en þetta hlutfall var 1978 6,9%. Þannig hafa umsvif ríkissjóðs aukist fram yfir skattahækkanir. Tekjur ríkissjóðs og áætlaðar lántökur til A- og B-hluta eru samtals 9 015 millj. kr. eða 33,4% af þjóðarframleiðslu.

Lántökur samkvæmt greiðsluyfirliti fjárlaga hafa verið sem hér segir frá 1978 í millj. nýkr.:

Ár	Erlend lán	Önnur lántaka	Samtals
1978	48 660	55 860	104 520
1979	56 480	96 240	152 720
1980	213 600	180 370	393 970
1981	283 840	358 100	641 940
1982	695 970	520 000	1 215 970

Lántökurnar voru sem hlutfall af heildarráðstöfunarfé fjárlaga:

1978	6,9%
1979	6,8%
1980	10,2%
1981	10,4%
1982	13,5%

samkvæmt frumvarpinu.

Hér er augljóslega hættuleg þróun á ferðinni og er greinilegt að skattahækkanir undanfarinna ára hafa ekki nægt til þess að auka ríkisumsvifin, heldur er sífellt gripið til aukinnar lántöku, sem er auðvitað ávísun á skattahækkanir síðar. (Um erlendar lántökur þjóðarbúsins í heild verður fjallað síðar.)

Samtímis auknum lántökum erlendis, eins og fram kemur hér að framan, er gert ráð fyrir að spariskírteinaútgáfa ríkissjóðs innanlands aukist um 66,6% frá því í ár samkvæmt lánsfjáráætlun, lántökur í bankakerfinu aukist um 102% og verðbréfakaup lífeyrissjóða verði svipuð og í ár, þótt fyrir liggi að ekki hefur tekist að afla nærri því allra þeirra lána í lífeyrissjóðunum til opinberra þarfa sem stefnt var að í lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár og bent var á að hætta væri á í umræðunum á Alþingi í fyrra, enda er ríkissjóður í harðri samkeppni á þessum markaði við atvinnuvegina um lánsfé.

Til marks um fullkomið ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar í lánsfjáröflun skortir nú milli 90 og 100 millj. kr. á að takist að afla fjár til Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs í ár samkvæmt lánsfjáráætlun, og er þá gripið til þess ráðs, sem er óþekkt fyrirbrigði áður, að láta Byggingarsjóð ríkisins, sem verður að sætta sig við niðurskorið framlag úr ríkissjóði, neyðast til að taka 40 millj. kr. lán í Seðlabankanum. Og Framkvæmdasjóði er vísað á erlenda lántöku til þess að standa að nokkru við lánsfjárloforð sín til atvinnuvegasjóðanna.

Lántökugleði ríkisstjórnarinnar virðast lítil takmörk sett. Þannig hefur Sementsverksmiðja ríkisins verið látin taka 10 millj. kr. erlent lán til þess að endar nái saman í rekstrinum. Byggðasjóði, sem fær skert ríkisframlag ár eftir ár, er sagt að taka stórlán erlendis til að fleyta þeim tugum fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu sem rekin eru með mesta tapinu. Í nýútkominni skýrslu Landsvirkjunar kemur fram, að síðustu ár hefur fyrirtækið orðið að taka lán vegna hallarekstrar og nemur sú fjárhæð 1 470 millj. gamalla króna fyrir árið 1980. Slík dæmi mætti rekja lengi.

Flestar leiðir hafa verið reyndar í lántökum ríkissjóðs og skuldasöfnun. Þannig hefur skuldastaða ríkissjóðs við almannatryggingar aukist sem hér segir undanfarin ár (skuldastaða ríkissjóðs í árslok, millj. nýkr.):

1977	12 756
1978	27 232
1979	63 698
1980	92 861

Skuldin hefur rúmlega sjöfaldast og hækkað frá 1978 um 80 105 þús. nýkrónur eða rúmlega 8 milljarða gamalla króna.

Skuld við sjúkrasamlög er ekki meðtalin í þessum tölum og ekki sá skuldabaggi daggjalda-sjúkrahúsa, sem hefur vaxið umfram verðlag að undanförnu og lendir að mestu á ríkissjóði árið eftir að til hans er stofnað.

5. Samdráttur fjárveitinga til sjóða og framkvæmda.

Skv. frv. er haldið áfram þeirri stefnu að skerða framlög úr ríkissjóði til stofnlánasjóða, bæði hreinna fjárfestingarlánasjóða og sjóða sem hafa félagsleg markmið. Stofnlánasjóðir eiga að sjálfsögðu að ávaxta fé sitt á eðlilegan hátt og verðtryggja, en skerðing fjárveitinga til þeirra á að koma fram í skattalækkun, sérstaklega á atvinnuvegina, en ekki verða til þess að auka svigrúm til eyðsluútgjalda ríkissjóðs, svo sem gert hefur verið ár eftir ár undanfarið.

Hér skulu tilfærð nokkur dæmi um aukinn niðurskurð fjárveitinga til nokkurra þessara sjóða á föstu verðlagi síðustu þrjú árin skv. útreikningum fjárlaga- og hagsýslustofnunar (verðlag fjárlagafrv., þús. kr.):

	1980 nýkr.	1981 nýkr.	1982 nýkr.
Stofnlánadeild landbúnaðarins	6 673	9 735	10 222
Fiskveiðasjóður	11 676	17 756	21 760
Aflatryggingasjóður	5 806	7 084	8 880
Hafnabótasjóður	762	745	657
Félagsheimilasjóður	527	1 688	3 145
Framkvæmdasjóður öryrkja	2 646	3 990	1 410
	28 090	40 998	46 074

Þannig hefur niðurskurðurinn aukist að raungildi þessi ár um tæpar 18 millj. króna einungis til framangreindra sjóða.

Miklu fleiri dæmi eru um niðurskurð fjárveitinga til mikilvægra sjóða en hér hafa verið rakin. Þar er t. d. um að ræða Byggðasjóð, Orkusjóð, Byggingarsjóð ríkisins, Iðnlánasjóð og Erfðafjársjóð. Framlög til þessara sjóða eru skert miðað við lög og raungildi fyrri fjárveitinga skv. frv. sem hér segir:

5.1. Byggðasjóður:

Skv. lögum um Byggðasjóð skal ríkisframlag til sjóðsins ekki vera minna en svo, að ráðstöfunarfé hans nemi 2% af útgjaldafjárhæð fjárlagafrv. Í grg. frv. er þess getið, að fjárveitingin 1982 sé miðuð við að ráðstöfunarfé hans sé 1,6% af útgjaldahlið frv. með því að sjóðurinn taki 50 m. kr. lán. Ef fullnægja ætti lögum **yrði framlag til sjóðsins 84 m. kr. hærra en frv. gerir ráð fyrir** og 34 m. kr. hærra þótt lántaka sé viðurkennd sem framlag.

Fjárveitingar úr ríkissjóði til Byggðasjóðs hafa verið sem hér segir (þús. kr.):

	Verðlag hvers árs	Verðlag 1978	1978 =100
1978	20 790	20 790	100
1979	24 580	16 778	80
1980	26 350	11 577	56
1981	37 500	10 708	51
1982	52 500	11 270	54[1]
1982	(52 500)	(10 707)	51[2]

Fast verðlag er reiknað út frá breytingu á byggingarvísitölu:
1) Fyrri talan 1982 reiknuð miðað við reiknitölu frv. eða 27% verðbólgu á næsta ári.
2) Síðari talan miðuð við meiri verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári, þ. e. a. s. um 40%.

Niðurstaðan er sú, að fjárveitingar til Byggðasjóðs hafa lækkað að raungildi um helming síðan 1978. Fjárveiting 1982 þyrfti að vera 96 900 þús. kr. í stað 52 500 ef hún hefði átt að hafa sama raungildi og fjárveitingin 1978.

5.2. Orkusjóður:

Sama gildir um fjárveitingar til Orkusjóðs. Þær hafa lækkað síðan nýja „orkujöfnunargjaldið" var lagt á 1980 og alveg sérstaklega skv. fjárlagafrv.

Verðjöfnunargjald á raforku er fært til tekna í fjárlagafrv. og er innifalið í fjárveitingum til Orkusjóðs, en greiðist þaðan til RARIK og Orkubús Vestfjarða. Hér er hrein fjárveiting talin að frádregnu verðjöfnunargjaldinu (þús. kr.):

1980 ..... 51 890
1981 ..... 83 970 (hluti v/fjármagnskostn. v. Kröflu)
1982 ..... 45 100

Fjárveiting þyrfti að vera í ár 106 millj. króna ef raungildi fjárveitingar 1980 ætti að haldast. Skerðing er 54 millj. eða rúmlega 100%.

5.3. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna:

Nákvæmlega sama þróun hefur átt sér stað um beinar fjárveitingar til byggingarsjóða í vörslu húsnæðismálastjórnar. Sá munur er þó á, að skv. lögum áttu 2%-stig af launaskatti að renna í Byggingarsjóð ríkisins og svonefnt byggingarsjóðsgjald, sem var 1% álag á tekju- og eignarskatt og aðflutningsgjöld. Árið 1979 var tekið upp á því að skerða þessi mörkuðu gjöld, sem þó höfðu verið lögð á í þessu skyni með samningum milli launþega og ríkisvaldsins á sínum tíma. Skerðing launaskatts var 620 millj. gamalla króna 1979, 3 660 millj. gkr. 1980. 1981 var 1%-stig fellt niður — tekið í ríkissjóð — en hluti skattsins látinn renna í Byggingarsjóð verkamanna. Í lögum um húsnæðismálastjórn o. fl., sem breytt var 1980, voru afnumin bein ákvæði um hversu mikill hluti launaskatts gengi til húsnæðismála, nema 1% skyldi renna í Byggingarsjóð verkamanna, byggingarsjóðsgjald var afnumið sem markaður tekjustofn, en áðurnefndir skattar, sem það lagðist á, ekki lækkaðir. Eftir stendur enn í lögum um launaskatt að 2%-stig af 3½% alls eða rúmlega helmingur hans skuli renna í Byggingarsjóð ríkisins, enda hefur hluti skattsins ætíð verið lagður á með þeim rökstuðningi.

Allar þessar tilfæringar hafa skert beinar fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, þótt skattarnir hafi áfram verið lagðir á.

Séu beinar fjárveitingar í báða sjóðina lagðar saman er þróunin þessi frá 1978 (þús. kr.):

	Verðlag hvers árs nýkr.	Verðlag 1978
1978	50 890	50 890
1979	64 507	44 032
1980	75 330	33 097
1981	118 000	33 695
1982	168 514	36 177

Raungildi beinna fjárveitinga skv. frv. er 30—33% minna til beggja sjóðanna en 1978.

Sé á hinn bóginn athugað, hvernig fjárveitingarnar skiptast milli sjóðanna, hefur raungildi fjárveitinga til Byggingarsjóðs verkamanna hækkað en minnkað til Byggingarsjóðs ríkisins sem nemur 426 967 millj. króna. Það er nú um 1/7 þess sem það var 1978. Þessi stefnubreyting varð 1981, þegar ákveðið var að 1%-stig launaskatts rynni í Byggingarsjóð verkamanna, en ríkisframlag til Byggingarsjóðs ríkisins var skorið niður um hærri fjárhæð en sem því nam.

5.4. Iðnlánasjóður:

Um Iðnlánasjóð gilda ekki lagaákvæði um ríkisframlög, en það er til marks um stefnuleysi niðurskurðar á framlögum til sjóðanna skv. frv., að fjárveitingar eru ákveðnar þannig til eftirgreindra sjóða:

	1981 þús. kr.	1982 þús. kr.	Breyting
Stofnlánadeild landbúnaðarins	10 830	15 160	+ 40%
Fiskveiðasjóður	18 540	25 960	+ 40%
Iðnlánasjóður	4 250	500	– 88%

Séu Iðnlánasjóður og Iðnrekstrarsjóður bornir báðir saman kemur eftirfarandi í ljós:

	1981 þús. kr.	1982 þús. kr.	Breyting
Iðnlánasjóður	4 250	500	
Iðnrekstrarsjóður	1 500	10 000	
Aðlögunargjald	5 500	—	
	11 250	10 500	– 6,7

Iðnrekstrarsjóður er ekki fjárfestingarsjóður. Hann sinnir útflutningsaðgerðum og vöruþróun. Þess vegna ber í raun að líta á þessa sjóði sinn í hvoru lagi. Sú stefna stingur í augun sem fram kemur í þessum fjárlagatillögum gagnvart þeim atvinnuvegi sem þarf fyrst og fremst að vaxa og taka við viðbótarvinnuafli sem kemur á vinnumarkaðinn næstu árin. Slíkt handahóf er forkastanlegt.

5.5 Yfirlit um skerðingu til stofnlána- og fjárfestingarlánasjóða skv. lögum.

(Verðlag hvers árs, þús. nýkr. — Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.)

	1980	1981	1982
Stofnlánadeild landbúnaðarins	3 533	7 320	10 222
Lánasjóður sveitarfélaga	1 062	1 350	1 950
Fiskveiðasjóður	6 181	13 350	21 760
Ferðamálasjóður	130	150	70
Félagsheimilasjóður	279	1 269	3 145
Hafnabótasjóður	403	560	657
Aflatryggingasjóður	3 072	5 326	8 880
Landkaupasjóður	80	100	—
Framkvæmdasjóður	1 400	3 000	1 410
Bjargráðasjóður	615	300	—
Ferðamálaráð		1 660	3 343
Byggðasjóður	33 820	57 000	84 000[1])
Iðnrekstrarsjóður	—	—	1 120

1) Eigin útreikningur skv. lögum.

Sjá enn fremur texta um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, Orkusjóð og fleiri sjóði hér að framan.

5.6. Samdráttur fjárveitinga til framkvæmda.

Þótt ríkisumsvifin hafi þanist út með aukinni skattheimtu og lántökum hafa fjárveitingar til framkvæmda dregist sífellt saman á ýmsum sviðum, einkum þeim sem mikilvæg eru flestum minni byggðarlögum. Hér fara á eftir nokkur dæmi um þennan samdrátt undanfarin ár (þús. kr.):

1. Til hafnaframkvæmda:

Ár	Fjárv. á verðl. hvers árs	Fjárv. á verðl. 1978	1978 = 100	Byggingar-vísitala
1978	11 700	11 700	100	(217)
1979	15 284	10 432	94	(318)
1980	21 957	9 642	82	(494)
1981	31 915	9 113	73	(760)

Ár	Fjárv. á verðl. hvers árs	Fjárv. á verðl. 1978	1978 = 100
2. Til grunnskólabygginga:			
1978	13 760	13 760	100
1979	19 795	13 512	98
1980	27 780	12 206	89
1981	42 470	12 127	88
3. Íþróttamannvirki:			
1978	2 476	2 476	100
1979	3 226	2 202	89
1980	4 976	2 186	88
1981	7 000	1 999	81
4. Sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og læknisbústaðir:			
1978	13 000	13 000	100
1979	18 450	12 593	97
1980	30 800	13 532	104
1981	50 000	14 278	110

Ath.: Heilsugæslulögin um 85% þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði voru smám saman að koma til framkvæmda fyrir þetta tímabil. Fjárveitingar í raun hafa þó sáralítið hækkað sum árin, þrátt fyrir stóraukin verkefni í takinu.

Skv. frv. áttu öll þessi framkvæmdaframlög að lækka enn verulega, en í meðförum fjárveitinganefndar og skv. tillögum hennar varð nokkur hækkun þessara viðkvæmu fjárlagaliða. Erfitt er að meta hvort þessir fjárlagaliðir halda raungildi sínu frá fyrra ári vegna þess að raunveruleg verðbólga á næstunni skiptir sköpum í því efni. Reynslan verður að leiða það í ljós, en framangreind þróun síðustu ára talar sínu máli.

6. Markaðar tekjur sem teknar eru til almennra útgjalda ríkissjóðs:

Í frumvarpinu er haldið áfram á þeirri braut að gera upptækar tekjur í ríkissjóð sem skv. lögum er aflað í tilteknu skyni. Svo er t. d. um erfðafjárskatt, skemmtanaskatt og launaskatt.

Þessi tekjuupptaka ríkissjóðs sundurliðast þannig skv. frv.:

	Þús. kr.
1. Hluti erfðafjárskatts	4 000
2. Hluti skemmtanaskatts	3 145
3. Hluti launaskatts	54 114
Samt.	61 259

Erfðafjárskattur er innheimtur á þeim forsendum að efla Erfðafjársjóð, en hlutverk hans er m. a. að styrkja endurhæfingu fatlaðs, lamaðs eða sjúks fólks. Þess má geta, að erfðafjárskattur á yfirstandandi ári var áætlaður 8 millj. króna, en verður 9—10 millj. króna skv. nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. Hins vegar fer föst krónutala, 6 millj. króna, í Erfðafjársjóð af skattinum. Skerðing hans verður því í reynd 3—4 millj., en skv. fjárlögum átti að vera um 2 millj. króna skerðingu að ræða.

Hliðstæð vinnubrögð hafa verið viðhöfð síðan 1979. Lánsfjárlög takmarka framlög af mörkuðum tekjustofnum við ákveðna krónutölu, en ríkissjóður hirðir kúfinn sem venjulega myndast vegna krónutöluhækkunar tekjustofnsins frá fjárlagaáætlun. Þannig hefur farið um erfðafjárskattinn, launaskattinn og skemmtanaskattinn. Miklu hærri fjárhæðir en fjárlög greina renna í ríkissjóð, en ekki til lögboðinna viðfangsefna sem skattarnir eiga að fara til.

Skemmtanaskatturinn á að renna til Félagsheimilasjóðs og virðist því sumum mönnum þykja bera brýna nauðsyn til að skerða þann tekjustofn og gera upptækan hluta hans í ríkissjóð.

Launaskattur á skv. lögum um álagningu hans og innheimtu að renna til Byggingarsjóðs ríkisins, þ. e. a. s. 2%-stig af 3½% sem skatturinn nemur á launaskattsstofn. 2% launaskatts gefa skv. áætlun fjárlagafrumvarpsins 222,6 millj. króna í tekjur. Nú rennur helmingur þess í Byggingarsjóð verkamanna að sögn stjórnvalda, en allt ríkisframlag til Byggingarsjóðs ríkisins er einungis 57 200 þús. kr. Því skortir a. m. k. 54 100 þús. kr. á að þessum skatti sé skilað til húsnæðismála skv. lögum.

Fleiri skattar, sem lagðir voru eða eru á gjaldendur í ákveðnu skyni, hafa verið teknir í ríkissjóð, ýmist um stundarsakir eða að fullu og öllu. Það má nefna byggingarsjóðsgjald, sem er innheimt, en hefur breytt um nafn. Orkujöfnunargjald hefur áður borið á góma. Jöfnunargjald á að fara að 2/3 til iðnþróunaraðgerða, en 1/3 renna í ríkissjóð skv. gerðu samkomulagi við samtök iðnaðarins. Á það skortir 3 060 þús. kr. skv. tekjuáætlun frumvarpsins nú. Sama er að segja um aðlögunargjald. Það hefur legið í ríkissjóði langtímum saman áður en því hefur verið varið til þeirra verkefna sem það er á lagt til. Þegar þessi skattur er innheimtur bókast hann sem tekjur í ríkissjóð, en ekki til skuldar og gjalda. Slík framkvæmd skattlagningar sýnir ranga mynd af raunverulega ríkisrekstrinum, auk þess sem raungildi gjaldsins rýrnar til þeirra hluta sem það var ætlað, en hyglir ríkissjóði að sama skapi. Hér fer á eftir skýrsla fjárlaga- og hagsýslustofnunar um innheimtu og álagningu aðlögunargjalds, sem sýnir glöggt hversu lengi ríkissjóður hefur þennan skatt í veltunni:

	M. kr.
Innheimt 1979	768
Ráðstafað 1979	700
1. Greiðslur fyrir fyrirtæki (uppsafnað óhagræði)	521
2. Starfsþjálfun í fata-, ullar- og skinnaiðnaði	30
3. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins	45
4. Steinull og stálbræðsla	24
5. Iðnþróunaráætlun fyrir Norður- og Austurland	10
6. Saltvinnsla á Reykjanesi	70
Innheimt 1980	2 244
Ráðstafað 1980	729
1. Til Iðnrekstrarsjóðs	500
2. Til iðnþróunaraðgerða	61
3. Til nýiðnaðaraðgerða	80
4. Til starfsþjálfunar	83
5. Til svæðisáætlana um iðnþróun	5

	M.kr.	Þús. Nýkr.
Innheimt 1981:	0	
Ráðstafað 1981 (greiðsla frá fyrra ári)	1 050	(10 500)
1. Til Iðnrekstrarsjóðs	550	(5 500)
2. Tið iðnþróunaraðgerða	150	(1 500)
3. Til nýiðnaðaraðgerða	150	(1 500)
4. Til starfsþjálfunar	140	(1 400)
5. Til svæðisáætlana um iðnþróun	60	(600)

7. Ríkisreikningur — fjárlög. Umfang ríkisumsvifa.

Ríkisreikningur er gerður upp á greiðslugrunni. Þó eru þar veruleg frávik. T. d. eru söluskattstekjur og aðrar, sem stafa af veltu desembermánaðar, bókfærðar á viðkomandi ár þótt þær komi inn í janúar á næsta ári. Ýmis gjaldfallin rekstrarútgjöld ríkissjóðs, sem ekki greiðast á viðkomandi ári, eru ekki bókfærð fyrr en þau eru greidd. Þetta er í samræmi við lög þar um.

Hér að framan hefur verið tíundað hversu miklar fjárhæðir er verið að færa út úr A-hluta ríkisreiknings yfir í B-hluta eða út fyrir ríkisreikninginn. Heita má að ekki sé hægt að henda reiður á samanburði ríkisútgjalda skv. A-hluta nema með miklum aukalegum debet- og kredit-færslum af þessum sökum, ef bera á saman milli ára.

Sum fjármagnsútgjöld ríkissjóðs, t. d. vegna byggðalína, færast ekki sem vextir, a. m. k. ekki á fjárlögum. **Lán eru einfaldlega tekin fyrir framkvæmdum, afborgunum og vöxtum og allt fært á lánsfjáráætlun sem fjárfesting.**

Augljóst er að marklítið er annars vegar að leggja mikið upp úr bókhaldslegum jöfnuði á rekstrarreikningi A-hluta ríkissjóðs, þegar þannig er í pottinn búið, og þaðan af síður að mæla umsvif ríkisgeirans með útgjöldum A-hluta ríkisreiknings eða fjárlaga og bera saman milli ára, þegar það virðist stefnuatriði að gera þessar stærðir ósambærilegar.

Brýn nauðsyn er að undirbúa nýja löggjöf um ríkisreikning og fjárlagagerð þannig að betri yfirsýn og samanburðargrundvöllur sé á rekstrar- og greiðslustöðu ríkissjóðs milli ára og betri mælikvarði fáist á raunveruleg ríkisumsvif. Flest lönd fara í þessu efni að samræmdum reglum um ríkisreikningsuppgjör, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur tekið saman og þykir hafa gefið góða raun.

III. Almenn efnahagsþróun á valdatíma Alþýðubandalags og Framsóknar frá 1978.

Eftir kosningarnar 1978 tók ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar við völdum, önnur ríkisstjórnin á síðasta áratug sem nefndi sig vinstri stjórn. Hún hrökklaðist frá eftir eins árs hávaðasaman valdaferil. Eftir desemberkosningarnar 1979 var núverandi ríkisstjórn mynduð. Í báðum þessum ríkisstjórnum hafa Alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn haft úrslitavöld. Þeir hafa stjórnað með úrræðum hafta, banna, miðstýringar og skattafargans svo sem áður er lýst. Til þess að gefa nokkra mynd af „árangri" eða öllu heldur afleiðingum þessarar vinstri stefnu verður hér rakin þróun ýmissa þátta efnahagsmála á þessu tímabili:

1. Afli — Þjóðarframleiðsla.

1.1. Sjávarafli hefur aukist ár frá ári á þessu tímabili, sérstaklega þorskafli, sem er mikilvægasta hráefni fiskiðnaðarins. Þetta má rekja til víðtækra friðunaraðgerða og útfærslu landhelginnar í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar og Matthíasar Bjarnasonar sem sjávarútvegsráðherra. Þróunin hefur verið sem hér segir:

Botnfiskafli alls:			
1978	479	þúsund tonn	
1979	578	þúsund tonn	
1980	659	þúsund tonn	
1981	680	þúsund tonn	(áætlun)

þar af þorskur:			
1978	320	þúsund tonn	
1979	360	þúsund tonn	
1980	428	þúsund tonn	
1981	450	þúsund tonn	(Þjóðhagsáætlun)

Óhætt er að fullyrða að þjóðin geti nýtt sér 130 til 150 þúsund tonna meiri þorskafla í ár en á árinu 1978, eða nærri 50% meiri afla af þessu mikilvægasta hráefni fiskiðnaðarins.

Verð á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum hefur einnig verið gott þegar á heildina er litið, t. d. eru saltfiskur og skreið í mjög háu verði. Þótt nokkurrar stöðnunar á verði frystra afurða hafi gætt og verðlækkunar á mjöli og lýsi, er talið að verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar hafi aukist í ár um 3% vegna verðhækkana erlendis. Stórfelld hækkun á gengi Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði hefur og bætt ytri skilyrði sjávarútvegsins.

1.2. Þjóðarframleiðslan hefur aukist sáralítið á þessu tímabili, þrátt fyrir aflaaukninguna og góðæri í sjávarútvegi. **Á árunum 1977 og 1978 óx þjóðarframleiðslan á mann samtals um 9%, en árin 1979 til og með 1982 er þessi aukning á tvöfalt lengri tíma talin verða 3.7% í heild.** Vöxtur þjóðarframleiðslunnar á mann hefur verið sem hér segir:

1977	..... 5.2%	
1978	..... 3.6%	
1979	..... 1.9%	
1980	..... 1.6%	
1981	..... 0.2%	
1982	 0	(Þjóðhagsáætlun)

2. Kaupmáttur og viðskiptakjör.

2.1. Kaupmáttur taxtakaups launþega og bóta elli- og örorkulífeyrisþega hefur öll þessi ár „sigið", eins og formaður Verkamannasambands Íslands kýs að kalla þá þróun. Miðað við 3. ársfjórðung 1978 hefur kaupmáttur launþega innan ASÍ rýrnað um 7% á sama ársfjórðungi í ár og opinberra starfsmanna um 10.4%. Elli- og örorkulífeyrisþegar með tekjutryggingu njóta eilítið lakari kaupmáttar nú en 3. ársfjórðung 1978, og kaupmáttur almenns ellilífeyris er 9.5% minni nú en á þriðja ársfjórðungi 1978 (sjá nánar á töflu hér á eftir).

Það er kaldhæðnislegt, að nú telja forustumenn launþega að allt að 20% skorti á að kaupmáttur „sólstöðusamninganna" frá 1977 náist, sbr. kröfugerð opinberra starfsmanna. Sú krafa var gerð til ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, að þessir samningar „tækju gildi" á árinu 1978, þ. e. a. s. að kaupmáttur þeirra næðist þá. Þeirri kröfu var framfylgt með ólöglegum vinnustöðvunum og útflutningsbanni, auk þess sem hún var gerð að höfuðinntaki kosninganna 1978 með slagorðunum „kosningar eru kjarabarátta" og „samningana í gildi".

Í eftirgreindri töflu má glöggt lesa það „lífskjarasig" sem þeir menn m. a. bera ábyrgð á sem eru höfundar ofangreindra slagorða:

Kaupmáttur kauptaxta launþega og elli- og örorkulífeyris frá 1978:
Upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun (3. ársfj. 78 = 100).

Ár	ASÍ	Opinb. starfsm.	Allir launþ.	Elli- og örorkulífeyrisþegar	Elli- og örorkulífeyrisþegar með tekjutryggingu
1978					
3. ársfj.	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
4. ársfj.	100,8	102,7	101,5	100,9	101,4
1979					
1. ársfj.	100,4	103,5	101,4	100,6	101,7
2. ársfj.	98,1	101,8	99,3	96,6	97,8
3. ársfj.	98,2	98,0	98,1	96,7	98,1
4. ársfj.	95,1	95,0	95,1	94,0	95,0
1980					
1. ársfj.	95,5	95,3	95,4	94,2	95,6
2. ársfj.	91,5	91,2	91,3	90,3	92,0
3. ársfj.	91,4	93,5	92,1	90,2	93,4
4. ársfj.	95,8	92,8	94,8	93,3	97,2
1981					
1. ársfj.	94,8	91,1	93,7	91,6	96,9
2. ársfj.	92,7	89,1	91,6	89,9	97,3
3. ársfj.	93,0	89,6	91,9	90,5	98,2

2.2. Viðskiptakjör versnuðu gífurlega á árunum 1974 og 75 eða um tæp 26% samtals bæði árin. Þetta stafaði m. a. af fyrri olíuverðshækkuninni á heimsmarkaðinum. Þau fóru batnandi árin 1976 og 1977, stóðu í stað 1978, en versnuðu talsvert 1979, eða um 9.2%, vegna síðari olíuverðshækkunarinnar. Síðan hafa viðskiptakjörin sáralítið versnað í heild þar sem batinn í ár vegur verulega á móti því sem hallaðist á árið 1980. Þessi rýrnun viðskiptakjara 1979 skýrir á engan hátt það lífskjarasig sem orðið hefur á sama tíma sem úr er að spila nærri 50% meiri þorskafla í landinu í ár en 1978.

Athyglisvert er að ólíku er saman að jafna rýrnun viðskiptakjara 1979 eða 1974—75, enda var þá um að ræða eitt stærsta utanaðkomandi áfall sem Íslendingar hafa orðið fyrir, álíka og þegar síldin hvarf af miðunum á sínum tíma.

Viðskiptakjör hafa breyst sem hér segir undanfarin ár (breyting frá fyrra ári):

1974	−9.8%
1975	−14.6%
1976	+12.7%
1977	+8.4%
1978	0
1979	−9.2%
1980	−3.4%
1981	+1.8%

3. Verðbólga — vísitölumöndl.

3.1. Verðbólgan:

Áratugurinn 1960—70 einkenndist af stöðugleika í efnahagsmálum. Menn töldu þó verðbólguna skaðvald, en hún var oft innan við 10% á ári. Á síðasta áratug varð verðbólgan að allt öðrum og illkynjaðri sjúkdómi. Sú þróun hófst á valdatíma fyrri vinstri stjórnarinnar 1971—74. Verðbólgan fór þá **úr tæpum 4% 1971 í tæp 50% árið 1974.** Úr verðbólgu dró verulega fram að kjarasamningunum 1977, þá var verðbólguhraðinn talinn vera 26%. Eftir það seig á ógæfuhliðina **og undanfarin ár hefur verðbólgan verið á milli 50 og 60%.**

Frá 1. nóvember 1978 hefur hækkunarferill framfærsluvísitölunnar verið sem hér segir:

	1978	1979	1980	1981	Spá Þjóðhagsst. 1982
1. febr.		4.7%	9.1%	14.3%	12%
1. maí		12.4%	13.2%	8.1%	13%
1. ágúst		13.9%	10.1%	8.9%	11%
1. nóv.	6.3	15.9%	10.9%	9.9%	10%
12 mánuðir		55.4%	50.8%	47.8%	55%

Á þessum árum hefur mældur **framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar hækkað um hvorki meira né minna en 268.2%. Það er kaldhæðnislegt, að allt þetta tímabil hefur verið í gildi mismunandi hörð verðstöðvun!** Augljóst er að ekkert lát er þó á verðbólgunni þótt ríkisstjórnirnar, sem setið hafa þessi ár, hafi talið það eitt af höfuðmarkmiðum sínum að hamla gegn henni. Í stjórnarsáttmála er stefnu núverandi ríkisstjórnar lýst þannig, að á næsta ári eigi verðbólgan ekki að vera meiri en í nágrannalöndum okkar. Markmið „niðurtalningarstefnu" hennar var, svo sem fyrr segir, að strax í fyrra ætti verðbólgan að vera 31% frá ársbyrjun til ársloka (sbr. forsendur fjárlaga 1980) og á næsta ári um eða innan við 10%. Framangreindar tölur sýna mynd sem er nærri hinum beiska veruleika, þótt þær segi ekki sannleikann að öllu leyti.

3.2. Vísitölumöndlið:

Núverandi ríkisstjórn hefur gripið til hugvitsamlegri og róttækari aðgerða til þess að hafa áhrif á útreikning og viðmiðun vísitölunnar en aðrar ríkisstjórnir í seinni tíð. Þessar „aðgerðir" fela í sér ferns konar tilbrigði:

1) beina skerðingu verðbótavísitölu,
2) hörðustu verðlagshöft sem um getur í tvo áratugi,
3) frestun á verðhækkunum fram yfir útreikningsdag vísitölunnar,
4) nýja viðmiðun um síðustu áramót sem skekkir samanburð vísitalna milli ára.

3.3. Bein skerðing verðbótavísitölu:

Á undanförnum þremur valdaárum Alþýðubandalagsins og Framsóknar hefur verðbótavísitala á laun verið skert 10 sinnum. Skerðingin nemur 26.4% í verðbótum og er þá skerðingin 1. des. 1978 ekki meðtalin, en hún átti að „bætast" með niðurgreiðslum 3%, skattalækkun 2% og félagsmálapökkum 3%.

Þetta eru athyglisverðar staðreyndir um stjórnarferil manna sem fyrr á árinu 1978 fundu upp slagorðið „kaupránˮ um skerðingu verðbóta á laun.

Hér fer á eftir yfirlit yfir þessa verðbótaskerðingu:

1978	1. des.	8.01%	
1979	1. júní	3.16%	(Ólafslög)
1979	1. sept.	4.40%	—
1979	1. des.	2.65%	—
1980	1. mars	2.46%	—
1980	1. júní	1.53%	—
1980	1. sept.	1.55%	—
1980	1. des.	1.34%	—
1981	1. mars	1.37%	—
1981	1. mars	7%	(bráðabirgðalög s. l. áramót)

3.4. Verðlagshöft og annar feluleikur:

Auk framangreindra skerðinga hefur ríkisstjórnin beitt svo hörðum verðlagshöftum, að t. d. Sementsverksmiðja ríkisins þarf að fá taprekstur bættan með erlendum lánum. Ríkisútvarpið og Póstur og sími eru ár eftir ár rekin með tapi, sem fyrr eða síðar þarf að mæta, og þannig má áfram telja. Lítill skilningur á rekstrarskilyrðum opinberra fyrirtækja skýrir jafnframt skilningsskort stjórnarinnar á eðlilegum starfsskilyrðum almennra fyrirtækja í einkarekstri. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um verðhækkanir á ýmiss konar vörum og þjónustu er skotið á frest fram yfir útreikningsdag vísitölunnar. Þetta hefur verið sérstaklega áberandi á þessu ári, t. d. varðandi bensínhækkanir og opinbera þjónustu. Þá fann ríkisstjórnin upp það snjallræði í baráttunni við verðbólguna að hækka margháttaða þjónustu um síðustu áramót og láta reikna þær hækkanir inn í vísitölu gamla ársins. Með því móti varð vísitala nýja ársins hagstæðari í samanburði en ella, sérstaklega þegar öllum fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum verðhækkunum var skotið eins lengi á frest og mögulegt var. Nú virðist hugmyndin vera sú að fresta verðhækkunum yfir áramótin til að blekkingin nái tilgangi sínum. Spurningin er á hinn bóginn sú, hvort slíkar aðfarir eigi nokkuð skylt við efnahagsstefnu eða stjórn.

Þegar framangreindur ferill Alþýðubandalagsins og Framsóknar er skoðaður varðandi vísitölumöndl og verðbótaskerðingu á laun, **hlýtur sú spurning að vakna, hvort forustumenn þessara flokka trúi því sjálfir, að núverandi vísitölukerfi sé slík vörn fyrir launamenn sem þeir hafa á stundum viljað vera láta, t. d. þegar Alþýðubandalagsmenn eru í „kaupráns"-ham og boða „slétt skipti".**

Að hluta til minnkaði verðbólga nokkuð á yfirstandandi ári vegna styrkingar Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði, lækkun Evrópumynta stuðlaði að lækkun innflutningsverðs og þar með verðbólgu í bili, auk þess sem 7% skerðing verðbóta 1. mars s. l. hafði sín áhrif. Verðhækkanir síðustu vikur og mánuði sýna ótvírætt, að þrátt fyrir þessa skerðingu verðbóta, hagstæð ytri skilyrði og framangreint vísitölumöndl er verðbólgan nú vaxandi og er í sama farinu og þegar ríkisstjórnin tók við, enda telur Seðlabankinn verðbólgustigið nú 50% og Þjóðhagsstofnun spáir 55% verðbólgu á næsta ári. **Niðurtalningin hefur því algjörlega brugðist.**

4. Gengisfellingar og gengissig.

Á valdatíma Alþýðubandalagsins og Framsóknar frá haustinu 1978 hefur gengi íslensku krónunnar verið breytt fimm sinnum formlega og þar af nýkrónunnar þrisvar, en gengi hennar átti um s. l. áramót að styrkja sérstaklega og stöðva gengisfall a. m. k. um hríð. Nú eru horfur á að Bandaríkjadollar **kosti a. m. k. 30—40% meira í nýkrónum um áramót** en þegar nýkrónan tók gildi. Því miður hefur myntbreytingin orðið fyrst og fremst að villuljósi og blekkingum í höndum ríkisstjórnarinnar í stað þess að verða tákn nýrra og betri tíma, eins og orðið hefði ef varanlegar aðgerðir til stöðvunar skrúfugangs verðlags, launa og kostnaðar hefðu orðið undanfari breytingarinnar. Í þess stað missti almenningur allt verðskyn út í veður og vind þegar myntbreytingin bættist við verðbreytingarnar.

Þær fimm formlegu gengisfellingar, sem gripið hefur verið til síðan í septemberbyrjun 1978, voru sem hér segir:

4. sept. 1978	15%	gengisfelling
31. mars 1980	3%	—
29. maí 1981	3.85%	—
26. ágúst 1981	4.76%	—
10. nóv. 1981	6.50%	—

Í bréfi Seðlabanka Íslands frá 27. nóv. s. l. segir svo orðrétt: „Frá 1. ágúst 1978 til 24. nóv. 1981 hafa erlendir gjaldmiðlar vegið með landavog hækkað gagnvart ísl. krónu um 191.7%. **Á sama tímabili hefur gengi Bandaríkjadollars hækkað gagnvart ísl. krónu um 213.9%.**“ (Leturbreyting hér.)

Hækkun gengis Bandaríkjadollars dró verulega úr þörf gengisbreytinga vegna innlendra kostnaðarhækkana á þessu ári. Engu að síður hefur þetta orðið þróunin í ár og á þessu tímabili.

5. Skattreikningur Alþýðubandalags, Framsóknar og Alþýðuflokks frá árinu 1978.

Frá því vinstri stjórnin komst til valda haustið 1978 hefur nýjum og hækkuðum sköttum rignt jafnt og þétt yfir almenning. Sú ríkisstjórn hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka skatta. Álagningu tekju- og eignarskatta var lokið, en með bráðabirgðalögum ákvað ríkisstjórnin að bæta 50% viðauka á tekju- og eignarskatta einstaklinga með meiru. Þessir skattviðaukar hafa síðan verið innifaldir í tekju- og eignarsköttum og skattbyrði þessara skatta hefur þyngst mjög.

Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur skattbyrðin breyst þannig síðan 1977 sem hlutfall af tekjum á **greiðsluári:**

Eignarskattar einstaklinga:

	Álagning millj. nýkr.	Hlutfall af tekjum greiðsluárs
1977	6.7	0.29%
1978	13.4	0.37%
1979	21.0	0.38%
1980	38.4	0.45%
1981	67.7	0.51%
1982 frv.	104.1	1.58%

Tekjuskattar einstaklinga:

	Álagning millj. nýkr.	Hlutfall af tekjum greiðsluárs
1977	88.4	3.9%
1978	207.9	5.7%
1979	329.3	6.0%
1980	486.1	5.7%
1981	720.3	5.6%
1982	1092.8	6.1%

Á þessu tímabili hefur skattbyrði eignarskatta einstaklinga tvöfaldast skv. þessu, en tekjuskattbyrðin aukist um 50% rúm, ef tekið er mið af tekjum þess árs sem fólk er að greiða skattana, en það er augljóslega eðlilegasti mælikvarði skattbyrðarinnar frá sjónarhóli skattgreiðenda.

Vinstri stjórnin lagði á fjölda nýrra skatta: gjald á ferðalög til útlanda, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, aðlögunargjald, auk þess sem hún hækkaði söluskatt um 2%, úr 20 í 22% haustið 1979 og vörugjald um 6% á sama tíma. Vinstri stjórnin hóf einnig þá skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir sem hefur aukist síðan án þess að nokkuð sem nemi af þeirri skattahækkun hafi farið til vegamála.

Núverandi ríkisstjórn hefur viðhaldið öllum vinstristjórnarsköttunum nema nýbyggingargjaldi, sem var hverfandi lítið, auk þess sem aðlögunargjaldið er ekki innheimt lengur, en það var fyrst og fremst markaður tekjustofn til iðnþróunar. Hún lagði á „orkujöfnunargjald", sem í raun er 1.5% söluskattur, og kom söluskatti þar með í 23½%. Það eykur skattbyrði á næsta ári um 192 millj. króna, en það jafngildir rúmlega 400 þús. gamalla króna skatti á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Þannig hefur hún fram haldið stefnu vinstri stjórnarinnar í skattamálum.

Hér fer á eftir samandreginn skattreikningur Alþýðubandalagsins, Framsóknar og raunar Alþýðuflokks, sem ber ábyrgð að hluta á skattastefnu vinstri stjórnarinnar:

Nýir og hækkaðir skattar frá haustinu 1978:
(Verðlag fjárlaga 1982, þús. kr.)

1.	Hækkun eignarskatta einstaklinga	53 000	
2.	Hækkun tekjuskatta einstaklinga	368 000	
	– Lækkun sjúkratryggingagjalds	−126 000	
			295 000
3.	Söluskattur 2% haustið 1979		256 000
4.	Vörugjald 6% sama tíma		107 000
5.	Gjald á ferðalög (skv. frv.)		47 000
6.	Innflutningsgjald á sælgæti		3 000
7.	Skattar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði		32 100
8.	Hækkun verðjöfnunargjalds á raforku um 6%		28 500
9.	Skattahækkun á bensíni, umfram verðlagsbreytingar		217 000
10.	Orkujöfnunargjald		191 000
11.	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra		13 500
12.	Markaðar tekjur teknar í ríkissjóð		61 000
			1 252 000
Frá dregst:			
	Niðurfelling söluskatts af matvöru haustið 1978		224 000
	Lækkun tolla og aðfl.gjalda		97 000
		Samt. nýkr.	931 000

Þetta jafngildir rúmlega 20 þús. nýkróna (2 millj. gkr.) viðbótarálögum á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu vegna ákvarðana þessara ríkisstjórna síðan haustið 1978.

Þá er ótalin hækkun á útsvörum til sveitarfélaga sem núverandi ríkisstjórn heimilaði og má giska á að leggi um 150 millj. króna viðbótarskatt á almenning umfram það sem að framan er talið.

Þess skal getið, að sú skattahækkun á bensíni, sem hér er tíunduð **umfram fast verðlag,** er í samræmi við upplýsingar frá Vegagerð ríkisins og Þjóðhagsstofnun. Hún stafar að mestu af hækkun tolla og söluskatts vegna mikillar verðhækkunar á bensíni í innflutningi, en að mjög litlu leyti af raungildishækkun bensíngjalds til Vegasjóðs. Á fylgiskjali II og III sést hækkun bensínskatta og raungildi fjárveitinga til vegagerðar.

6. Þróun fjármunamyndunar.

Fjármunamyndun í atvinnuvegum, stóriðju og orkuframkvæmdum dregst stórlega saman í ár og á næsta ári skv. skýrslum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Sama er að segja um byggingar íbúðarhúsnæðis, fjárfesting í þeim hefur dregist saman ár eftir ár eða um 13.6% að magni til 1979—81 að báðum árum meðtöldum. Á hinn bóginn er fjárfesting í opinberum byggingum talin aukast á sama tíma um 24.6%, þ. e. a. s. árin 1980—82, skv. spám fjárfestingaráætlunar fyrir næsta ár.

Þessar staðreyndir segja sína sögu um stjórnarstefnuna í landinu. Þegar vinstri stjórnin tók við 1978 voru umtalsverðar stórvirkjana- og stóriðjuframkvæmdir þegar hafnar, m. a. virkjun við Hrauneyjafoss, stækkun Álversins og Járnblendiverksmiðja. Þessar framkvæmdir fóru vaxandi árin 1978—80, eða alls um 38.7% þessi þrjú ár frá árinu 1977. Á hinn bóginn drógust þessar framkvæmdir saman í ár um 3.2% og er spáð að þær dragist saman á næsta ári um 43.5% að magni til. Sömu sögu er að segja um hitaveitufram kvæmdir. Þær jukust 1979 og 1980, en dragast saman í ár um 3.7% og á næsta ári um 31.5% skv. spá fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstjórnarinnar.

Fjármunamyndun í atvinnuvegunum er talin dragast saman um 8.1% í ár og aftur á næsta ári um 9.1%.

Framangreindar staðreyndir um þróun fjármunamyndunar í landinu koma fram á eftirfarandi yfirliti (uppl. úr fjárfestingar- og lánsfjáráætlunarskýrslum):

Magnbreytingar fjármunamyndunar.
(% frá fyrra ári.)

	1978	1979	1980	Spá 1981	Spá 1982
Opinberar byggingar	−10.9%	−10.1%	+6.1%	+9.7%	+6.8%
Íbúðarhús	−0.8%	−5.0%	−3.0%	−5.0%	0
Stóriðja og stórvirkjanir	+2.4%	+12.9%	+20.0%	−3.2%	−43.5%
Hitaveitur		+2.6%	+17.7%	−3.7%	−31.5%
Atvinnuvegir alls	−4.3%	0	+5.8%	−8.1%	−9.1%

7. Erlend lán þjóðarbúsins og viðskiptajöfnuður.

Erlendar lántökur hafa verið óskyggilega miklar undanfarin ár. Auðvitað hafa erlend lán verið tekin að hluta til framkvæmda sem skila arði. Þjóðarbúið er þá betur í stakk búið til þess að mæta aukinni greiðslubyrði af þeim. Þetta getur verið og er oftast réttlætanlegt. En því miður sýna dæmin síðustu ár að þessu er oft ekki svo farið. Nú eru jafnvel tekin erlend lán til að fjármagna taprekstur ríkisfyrirtækja og opinber lántaka er með ýmsu marki brennd, en hún hefur vaxið stórkostlega eins og hér hefur fyrr verið bent á. Nú er búist við stórfelldum samdrætti á næsta ári í stóriðju, stórvirkjana- og hitaveitufram kvæmdum, en samt verður erlend lántaka mikil og í árslok verður greiðslubyrði meiri eða 18% af útflutningstekjum og skuldastaðan verri — 39% af þjóðarframleiðslu að mati Seðlabankans — heldur en nokkru sinni fyrr í sögunni. Samsvarandi tölur 1977 voru 13.7% og 31.6%.

Staða erlendra lána hefur verið og er áætluð þannig í lok viðkomandi ára, greiðslubyrði af útflutningstekjum og skuldastaða í % af þjóðarframleiðslu eru einnig sýnd (uppl. Seðlabanka Íslands):

	Staða í árslok í millj. kr.	í millj.$	Greiðslubyrði % af af útfl.tekjum	Skuldastaða % þjóðarframl.
1977	1 343	632	13,7%	31,6
1978	2 361	743	13,1%	33,8%
1979	3 313	849	12,8%	34,6
1980	5 917	950	14,1%	35,2%
1981	7 500	1 152	16—17%	37%
1982	10 600	1 320	18%	39% (skv. lánsfjáráætlun)

Frá 1968 hafa löng erlend lán nær tvöfaldast í Bandaríkjadollurum eða **hækkað um 78% tæp á aðeins fjórum árum** miðað við áform um lántöku í lánsfjáráætlun 1982.

Um erlendar lántökur Íslendinga sagði Jóhannes Nordal í grein í Fjármálatíðindum 1980, en þá var skuldabyrðin 35% af þjóðarframleiðslu:

„Þótt greiðslubyrðin af þessum skuldum hafi hingað til reynst viðráðanleg hljóta svo miklar erlendar skuldir að hafa í för með sér verulega áhættu, ef á móti blæs í efnahagsmálum eða skyndilegar breytingar verða á erlendum lánsfjármörkuðum.“ (Leturbr. hér).

Hafi þessi varnaðarorð verið gild á þeim tíma, þá eru þau það sannarlega nú, þegar fyrir liggur samdráttur í stóriðju- og orkuframkvæmdum og vegna þeirrar óvissu sem er fram undan innanlands og utan í efnahagsmálum.

7.1. Viðskiptajöfnuður.

Viðskiptajöfnuður var jákvæður 1978 um 7 170 millj. gkr. á þágildandi verðlagi, en snarversnaði á árunum 1979 og 1980. Þá var hann óhagstæður um 38,3 milljarða bæði árin. Útlit var fyrir nokkurn bata á árinu 1981 vegna samdráttar í stórframkvæmdum, mikils afla og útflutnings, en nú eru horfur taldar mun verri af ýmsum orsökum.

Nýjar spár munu vera í burðarliðnum um viðskiptajöfnuð í ár og á næsta ári, en eru ekki tiltækar að svo stöddu.

Viðskiptajöfnuður s. l. ár:

1978 ..... +78,7 millj. nýkr.
1979 ..... −65,3 millj. nýkr.
1980 ..... −318,0 millj. nýkr.
1981 ..... −500,0 millj. nýkr. (eigin áætlun)

8. Staða atvinnuveganna.

Vinstri stjórnin, sem tók við haustið 1978, og núverandi ríkisstjórn hafa átt það sameiginlegt eins og fleira að framfylgja neikvæðri afturhaldsstefnu gagnvart atvinnuvegunum. Þó tók steininn úr með svokallaðri „efnahagsáætlun“ ríkisstjórnarinnar sem kunngerð var um síðastliðin áramót.

Um þessa efnahagsáætlun og bráðabirgðalög segir svo í nefndaráliti sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar frá 22. febr. s. l.:

„Ákvæði 1. gr. um „herta“ verðstöðvun, hækkun raunvaxta skv. 3. gr. og nýtt millifærslukerfi, sem þýðir falskt gengi ásamt sífelldri hækkun skatta á atvinnuvegina og landsfólkið, er augljóslega eins og uppskrift fyrir atvinnuleysi.“

Allar þessar ráðstafanir voru gerðar undir því yfirskini, að þær ættu að lækna verðbólguna því að hún væri hið versta mein fyrir atvinnuvegina. Út af fyrir sig er það rétt. En versta verðbólguorsökin fyrir atvinnuvegina eru ráðstafanir sem beinlínis fela í sér kostnaðarhækkun, t. d. fjármagnskostnaðar, og minni eða enga hækkun tekna, t. d. vegna harðvítugra verðlagshafta eða gengisskráningar sem í engu tekur tillit til innlendrar verðbólgu og kostnaðarhækkana.

Þessi efnahagsáætlun er tvímælalaust afturhaldssamasta stefna sem fylgt hefur verið gagnvart atvinnuvegunum í a. m. k. tvo áratugi, enda blasa afleiðingarnar við: Útflutnings- og samkeppnisiðnaður hefur verið rekinn með svo miklum halla að það hefur verið eitt helsta fréttaefni í sumar og haust að skýra frá því með hrikalegum dæmum. Öll útgerð og undirstöðugrein fiskvinnslunnar, frystingin, hafa búið við slíkan taprekstur að nú þarf að útvega fyrirtækjum hallærislán í stórum stíl annaðhvort erlendis eða með seðlaprentun, til þess að þau stöðvist ekki, þótt góðæri ríki í sjávarútvegi. Með slíkum „ráðstöfunum“ verður atvinnuöryggi ekki tryggt til lengdar.

IV. Lokaorð.

1. Óvissa um áramót.

Í bréfi, sem Seðlabanki Íslands skrifar þingnefnd um ástand og horfur í peningamálum o. fl. og fylgir þessu nefndaráliti, segir að peningar streymi úr bankakerfinu, líklega vegna þess „hve rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækja er léleg, einkum í útflutnings- og samkeppnisgreinum". Þá segir í bréfinu að „verðbólgustig sé nálægt 50%".

Efnahagssérfræðingar ríkisstjórnarinnar og ráðherrar boða þörf nýrra ráðstafana í efnahagsmálum um áramót, nokkrum vikum eftir að forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni á Alþingi að allt væri í himnalagi.

Öll sólarmerki benda til þess, að verið sé að búa þjóðina undir nýja kollsteypu í kringum hátíðarnar, kannske verður hún tilkynnt í sjónvarpinu á gamlárskvöld. Það frv., sem hér er til fjárlaga fyrir árið 1982, bendir ekki til þess, að nýjar leiðir séu í uppsiglingu. Því er ekki að búast við þeirri jákvæðu stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar sem augljóslega er nú þörf framar öllu og flestum — nema ef til vill ráðherrum og stuðningsliði þeirra á Alþingi — er ljóst.

2. Stefnubreytingar er þörf.

Þegar núverandi ríkisstjórn afgreiddi sín fyrstu fjárlög fyrir árið 1980, skilaði minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, séráliti. Í lok nefndarálits segir svo:

„Beita verður ríkisfjármálunum markvisst í þeim nauðsynlegu aðgerðum, sem verður að gera til hjöðnunar verðbólgu í landinu. Viljum við í því sambandi leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir í fjármálum ríkisins.

Í fyrsta lagi að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs með því að tryggja umtalsverðan greiðsluafgang á fjárlögum.

Í öðru lagi, að skuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum verði greiddar að fullu á næstu þremur árum.

Í þriðja lagi verði unnið markvisst að því að lækka rekstrar- og tilfærslugjöld ríkissjóðs. Í því sambandi er vakin athygli m. a. á eftirtöldum atriðum:

a) Stefnt verði að sveigjanlegri og tímabundnari ráðningarsamningum opinberra starfsmanna til að draga úr fjölgun þeirra og heildarlaunakostnaði.
b) Yfirstjórn sjúkrahúsa verði endurskipulögð og daggjaldakerfið lagt niður í núverandi mynd. Könnuð verði breytt verkaskipting sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig verði athugað, hvort núverandi stefna í uppbyggingu heilsugæslustöðva leiði til óþarflega dýrs rekstrar þeirra.
c) Gerð verði úttekt á rekstrarútgjöldum og stofnframkvæmdum Háskóla Íslands og heildarúttekt á mannafla og útgjöldum í menntakerfinu.
d) Gerð verði könnun á fækkun sendiráða.
e) Útgerð skipa í eigu ríkisins verði endurskipulögð.
f) Ríkisstofnanir, sem annast þjónustu, selji þjónustu sína á kostnaðarverði nema í undantekningartilvikum.
g) Endurskoðað verði niðurgreiðslukerfi á búvörum.

Í fjórða lagi verði allt hagsýslustarf hjá ríkinu eflt til muna. Í því sambandi verði kannað hvaða leiðum skal beita til að gera hagsýslustörf virkari.

Í fimmta lagi, Alþingi verði sköpuð skilyrði til að hafa eftirlit með fjármálum ríkisins á þann veg að færa ríkisendurskoðun til Alþingis, og fjárveitinganefnd starfi meir að undirbúningi fjárlagafrv. og eftirliti með framkvæmd fjárlaga.

Þær aðgerðir í ríkisfjármálum, sem bent er á hér að framan, eru aðgerðir sem fyrst og fremst ber að gera til að endurreisa ríkisfjármálin og stöðva þátt þeirra í aukinni verðbólgu í landinu.

Á undanförnum árum hefur einkum tvennt sett svip sinn á ríkisfjármálin: annars vegar aukning þeirra sem hlutfalls af þjóðarframleiðslu, ásamt sífelldum hallarekstri ríkissjóðs, og hins vegar að ekki hefur tekist að beita ríkisfjármálunum sem hagstjórnartæki við lausn verðbólguvandans. Því teljum við nauðsynlegt að gagnger endurskipulagning verði gerð á ríkisfjármálum í því skyni:

— Að minnka ríkisumsvif.
— Að beita ríkisfjármálum sem hagstjórnartæki.
— Að ná hámarksnýtingu þess fjármagns, sem veitt er á fjárlögum.
— Að losa um skuldbindandi útgjaldaákvæði.
— Að draga skörp skil milli verka- og tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga.
— Að þjónustuhlutverk ríkisins verði afmarkað.
— Að þjónustustofnanir ríkisins verði reknar hallalausar.
— Að efla fjármálastjórn ríkisins.

Ríkisfjármálin eru einn veikasti hlekkurinn í þeim samræmdu aðgerðum, sem nauðsynlegt er að beita til að vinna bug á verðbólgunni. Meðan enginn skilningur er á því, er ekki við því að búast að vel gangi í þeirri baráttu. Þar er þörf á gerbreyttri stefnu."

Þessi viðhorf eru enn í fullu gildi. Ljóst er þó, að nauðsynlegur undanfari æskilegra breytinga í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum almennt er, að núverandi ríkisstjórn víki og við taki stjórn, sem ekki aðeins hefur vilja — heldur einnig kjark og þor til að takast á við þessi vandasömu viðfangsefni.

Reykjavík, 11. des. 1981.

Lárus Jónsson, frsm. Friðrik Sophusson. Egill Jónsson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 8. desember 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis.

Að beiðni nefndarinnar hafa verið teknar saman eftirtaldar greinargerðir:

4/12 Staða og horfur í peningamálum.
7/12 Um greiðslubyrði og stöðu erlendra lána.
8/12 Óleyst fjárþörf vegna lánsfjáráætlunar 1981.

Gögn þessi sýna endurskoðun ýmissa stærða fyrir árið 1981. Samsvarandi endurskoðun áætlana um 1982 hefur ekki verið unnin, enda ekki forsendur til þess að öðru leyti en því sem meðfylgjandi gögn bera með sér endurskoðaðan grunn fyrir þær áætlanir.

Virðingarfyllst,

Bjarni Bragi Jónsson.

Útlán.

Svo nefndar séu tölur um aukningu heildarútlána þá var hún um 58% á árinu 1980, 53% á tólf mánuðum til marsloka, en 72% á tólf mánuðum til loka októbermánaðar. Líklega stafar þessi breyting að verulegu leyti af því, hve rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækja er léleg, einkum í útflutnings- og samkeppnisgreinum. En eftir mitt ár jókst almenn lánsfjáreftirspurn að líkindum einnig vegna ótta við væntanlegar gengisbreytingar og verðlagshækkanir. Raunvextir hafa verið of lágir til að viðhalda jafnvægi á peningamarkaði, enda eru nú horfur á að verðbólgustig sé nálægt 50%, en fyrir 3 mánuðum var það metið 40,2%.

Þótt þannig megi skýra stóraukna lánsfjáreftirspurn er ekki að sama skapi ljóst hvers vegna innlánsstofnanir hafa látið undan þessum þrýstingi. Útlánaaukningin hefur tvímælalaust verið meiri en efni stóðu til, eins og lausafjárstaðan, og þá einkum yfirdráttur á viðskiptareikninga, sýnir. E. t. v. stafar þetta af því að útlánaþróun er að einhverju leyti þvinguð af ytri aðstæðum, ekki síst þar sem verðtrygging lána hefur færst í vöxt. Eftirfarandi tafla sýnir hlutdeild verðtryggðra lána og annarra skuldabréfa í heildarútlánum.

Hlutfallsleg skipting útlána.

	31. október 1979	31. október 1980	31. október 1981
Bankar og sparisjóðir			
Verðtryggð lán	—	5,4	16,6
Önnur skuldabréf	32,7	32,2	27,8
Önnur lán	67,3	62,4	55,6
Samtals	100,0	100,0	100,0
Viðskiptabankar			
Verðtryggð lán	—	4,4	14,6
Önnur skuldabréf	30,3	29,7	26,1
Önnur lán	69,7	65,9	59,3
Samtals	100,0	100,0	100,0
Sparisjóðir			
Verðtryggð lán	—	13,4	30,9
Önnur skuldabréf	51,8	51,9	40,5
Önnur lán	48,2	34,7	28,6
Samtals	100,0	100,0	100,0

Vegna vaxtabreytinga hefur hlutdeild skuldabréfalána aukist verulega á síðustu tveim árum, t. d. úr 33% í 44% hjá viðskiptabönkum og úr 52% í 71% hjá sparisjóðum, eins og taflan sýnir. Mikil áhersla hefur verið lögð á að veita verðtryggð lán til samræmis við aukningu verðtryggðra innlána. Við slíka endurskipulagningu útlána er eðlilegt að lausafjárstaða versni um sinn, þar sem lánstími þessara lána er lengri en annarra og endurgreiðslur falla með meiri þunga á síðari hluta lánstímans en hinn fyrri. Vegna verðtryggingar og geymslu verðbótaþáttar skuldabréfalána á sér stað sjálfvirk hækkun útlána án þess að um nýjar lánveitingar sé að ræða. Á 12 mánuðum til októberloka má ætla að útlán banka og sparisjóða hafi hækkað um 500 m. kr. af þessum ástæðum, en það er rúmur fimmtungur þeirra 2 331 m. kr. aukningar heildarútlána sem varð á tímabilinu. Sambærileg tala fyrir næsta 12 mánaða tímabil á undan var um 200 m. kr. af 1 196 m. kr. aukningu heildarútlána eða tæp 17%. Líklegt er að innlánsstofnanir hafi verið illa búnar undir svo öra breytingu sem orðið hefur í þessum efnum, en þó er rétt að hafa í huga að sjálfvirk hækkun lána hefur að einhverju leyti komið í stað nýrra lána sem lánþegar hefðu sótt um.

	Verðtryggð innlán		Verðtryggð útlán	
Í millj. kr.	Staða 31/10/81	Hreyfing janúar—október 1981	Staða 31/10/81	Hreyfing janúar—október 1981
Viðskiptabankar	667	+640	717	+529
Sparisjóðir	132	+123	206	+140
Samtals	799	+763	923	+669

Að óbreyttri þróun stefnir nú í um 75% aukningu almennra útlána innlánsstofnana (þaklána). Aukning heildarútlána stefnir þó ekki svo hátt, heldur í um 68%, þar sem aukning endurseldra lána hefur verið mun minni en almennra lána. Meðfylgjandi áætlun sýnir lægri tölur, enda er nú áformað að draga úr útlánaaukningu til áramóta, sbr. fréttatilkynningu Seðlabankans nr. 42/1981.

Innlán.

Aukning heildarinnlána með áföllnum vöxtum, skoðuð á hverju tólf mánaða tímabili, hefur verið yfir 70% á þessu ári, og náði hæst 78% í lok ágústmánaðar. Næstu tvo mánuði dró heldur úr aukningunni og til októberloka nam hún um 73%. Á síðustu mánuðum fyrra árs jukust innlán mjög mikið, m. a. vegna mikilla gjaldeyriskaupa bankanna, og er vart við því að búast að hliðstæð aukning verði nú. Yfir árið í heild má þó reikna með að heildarinnlán aukist um nálægt 70%.

Hlutfallsskipting innlána innlánsstofnana.
(Einstök innlánsform með áætluðum vöxtum.)

	31. október 1979	31. október 1980	31. október 1981
Verðtryggð innlán	—	0,6	13,3
Önnur bundin innlán	34,8	34,7	19,8
Almenn spariinnlán	44,7	45,0	48,0
Veltiinnlán	20,5	19,7	18,9
	100,0	100,0	100,0

Innlánaaukning hefur verið svipuð í öllum þrem flokkunum, þ. e. bundnum spariinnlánum, almennum spariinnlánum og veltiinnlánum. Þó varð nokkur aukning almennra innlána á kostnað bundinna á miðju ári þegar afnumin var binding gamalla sparibóka (6 mánaða, 12 mánaða og 10 ára). Innan bundinna innlána hefur orðið veruleg tilfærsla eftir að binditími verðtryggðra innlána styttist í 6 mánuði. Eru verðtryggð innlán nú orðin rúm 13% heildarinnlána, en hlutdeild annarra bundinna innlána hefur lækkað í 20% heildarinnlána í októberlok 1981 úr 35% ári fyrr.

Endurkaup.

Nokkuð hefur dregið úr aukningu endurkaupa á þessu ári. Árið 1980 jukust þau um 69%, en á tólf mánuðum til októberloka nam aukningin 53,7%. Mestu munar um birgðalækkun landbúnaðarafurða. Líklega mun enn draga úr aukningu endurkaupa til áramóta og er reiknað með að aukningin á árinu verði um 44%.

Endurkaup Seðlabanka.

	Staða í m. kr. 31/10 1981	Hreyfingar á 12 mánuðum í m. kr. (% í sviga) til 31/10 1980	til 31/10 1981	til 31/10 1981
				(Áætlun)
Landbúnaður	302	93 (63,3)	62 (25,8)	110 (35,6)
Sjávarútvegur	771	171 (60,0)	315 (69,1)	225 (45,9)
Iðnaður	188	45 (88,2)	92 (95,8)	95 (90,5)
Annað	1	26	−28	−20
	1262	335 (68,9)	441 (53,7)	440 (44,4)

Önnur lán Seðlabanka.

Það sem af er árinu hefur framvinda ríkisfjármála vakið vonir um að það takist að ná markmiði fjárlaga um greiðsluafgang ríkissjóðs og lækkun skulda hans við Seðlabankann. Á hinn bóginn hefur komið fram mikil fjárvöntun vegna opinberra framkvæmda og sjóða. Ekki er fullljóst hvernig sá vandi verður leystur, en unnið er að athugun í því máli. Enn fremur hefur verið farið fram á mjög mikla fyrirgreiðslu Seðlabankans vegna fjárhagsvanda atvinnuveganna, og hefur sú fyrirgreiðsla ýmist verið veitt eða er til afgreiðslu á næstunni og mun óhjákvæmilega hafa veruleg áhrif á ástandið í peningamálum.

Í meðfylgjandi peningamálaáætlun hefur verið miðað við að erlendar lántökur árið 1981 aukist um 150 m. kr. (og gjaldeyrisstaða batni um sömu fjárhæð) frá því sem áætlað hafði verið. Að auki er nú reiknað með auknu útstreymi frá Seðlabanka vegna Verðjöfnunarsjóðs (12 m. kr.), Byggingarsjóðs ríkisins (40 m. kr.) og Byggðasjóðs (40 m. kr. vegna frystihúsa).

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild

7. desember 1981

Um greiðslubyrði og stöðu erlendra lána.

Miðað við forsendur lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982, eins og þær voru þegar áætlunin var lögð fram, var áætlað að greiðslubyrði af löngum erlendum lánum yrði 16—17% af áætluðum útflutningstekjum á árinu 1981, en 17—18% á árinu 1982. Skuldastaða í hlutfalli af þjóðarframleiðslu var áætluð nálægt 36% í árslok 1981, en rúmlega 37% í árslok 1982.

Endurskoðun lánsfjáráætlunar er enn ekki lokið. Allar líkur benda nú til þess, að lántökur á árinu 1981 muni fara a. m. k. 200 m. kr. fram úr spá lánsfjáráætlunar. Það mun ekki hafa merkjanleg áhrif á greiðslubyrði ársins 1981, en skuldastaða í árslok mundi hækka í rúmlega 37% af þjóðarframleiðslu miðað við óbreytta þjóðarframleiðslu skv. spá lánsfjáráætlunar.

Að því er varðar spá lánsfjáráætlunar fyrir lántökur á árinu 1982, hefur þegar komið í ljós, að lántökur vegna skipakaupa eru vantaldar um ca. 100 m. kr. Lítið er vitað um breytingar á öðrum liðum, en skv. reynslu undanfarinna ára má gera ráð fyrir að þar sé fremur van- en ofáætlað. Ef gert er ráð fyrir að lántökur 1982 mundu í heild hækka um 250 m. kr. frá tölum lánsfjáráætlunar, mundi það ásamt framangreindri umframlántöku á árinu 1981 leiða til þess, að greiðslubyrði ársins 1982 í hlutfalli af útflutningstekjum yrði rúmlega 18% og skuldastaða í árslok 1982 yrði um 39%. Er þá reiknað með sömu útflutningstekjum og þjóðarframleiðslu og gert er í lánsfjáráætlun fyrir 1982, sem lögð var fram í október s. l.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

8. desember 1981.

Óleyst fjárþörf vegna lánsfjáráætlunar 1981.

Hér fer á eftir mjög lauslegt yfirlit um óleysta fjárþörf lánsfjáráætlunar á yfirstandandi ári, svo sem nýlega hefur verið gerð grein fyrir henni til ríkisstjórnarinnar. Hér er aðeins fjallað um fjárþörf hinna opinberu aðila í áætluninni, en í yfirliti um erlendar lántökur og greiðslubyrði eru lántökur einkaaðila umfram áætlun einnig teknar með í reikninginn, eftir því sem um þær er vitað.

Að sjálfsögðu er þó ekki fullljóst enn, hvort lán verður tekið erlendis fyrir áramót til þess að mæta eftirgreindri fjárvöntun eða hluti hennar færist fram á næsta ár. Auk þessa er nú til meðferðar mikil þörf rekstrarfjármögnunar og lánabreytingar atvinnuveganna og sérsjóða þeirra, sem vísað hefur verið til bráðabirgðafyrirgreiðslu Seðlabankans og gæti að verulegu leyti haft áhrif a lánsfjáráætlun 1982. Meðal þeirra ráðstafana er bráðabirgðafyrirgreiðsla við

Byggingarsjóð 40 m. kr., sem í reynd er fjárvöntun ársins 1981, enda þótt henni verði ekki mætt úr þessu með endanlegum ráðstöfunum fyrr en á næsta ári. Er þessi fyrirgreiðsla ekki tekin með í eftirfarandi yfirliti.

Fjárvöntun opinberra aðila.

Yfirlit um fjárheimtur og fjárþörf **endurlánareiknings ríkissjóðs** fer hér á eftir:

Millj. kr. Innlend	Fjáröflun Lánsfjár-áætlun	Staða 20/11	Áætlað alls til áramóta	Mismunur frá áætlun
Sala spariskírt. og happdr.	90	33	35	−55
Innheimtufé spariskírteina	90	90	110	20
Lífeyrissjóðir	56	47	52	−4
Innlánsstofnanir	52	54	60	8
Alls	288	224	257	−31
Erlent og annað				
Framkvæmdasjóður vegna vega	20,1	—	20,1	,1 —
Erlent lánsfé	332	373	...	(41)
Alls	352	373	...	(41)
Samtals	640	597	...	(10)

Samkvæmt þessu væri þegar búið að jafna vöntun innlends fjár með erlendri lántöku, ef ekki kæmu til nýjar viðbætur við áætlunina, afgreiddar á árinu.

Heildaráætlun á vegum endurlánareiknings, að meðtöldum lánveitingum til Orkubús Vestfjarða, Kísiliðju og bæjar- og sveitarfélaga á vegum þessa reiknings, er þá þannig:

Upphafleg áætlun	640 m. kr.
Viðbætur á árinu	166 m. kr.
Endurskoðuð áætlun	806 m. kr.

Áætluð fjárvöntun, sem eykur þörf fyrir erlenda lántöku, sundurliðast þá þannig:

Brestur innlendrar fjáröflunar	31 m. kr.
Viðbætur við áætlun	166 m. kr.
Fjárvöntun alls	197 m. kr.
Frá dregst:	
Þegar tekin erlend lán umfram áætlun	41 m. kr.
Óuppfyllt fjárvöntun	156 m. kr.

Framkvæmdasjóður.

Framkvæmdastofnun áætlar, að af lífeyrissjóðafé muni aðeins nást um 60 m. kr. af þeim 123 m. kr., sem Framkvæmdasjóði voru ætlaðar, þ. e. fjárvöntun um 63 m. kr. Til þess að freista þess til hins ýtrasta að forðast aukna erlenda lántöku af þessu tilefni hefur Framkvæmdasjóður náð samkomulagi við nokkra fjárfestingarlánasjóði að draga úr lánveitingum til þeirra sem svari því að **aukning erlendrar lántöku á vegum sjóðsins takmarkist við 25 m. kr.**

Óuppfyllt fjárvöntun hinna opinberu aðila lánsfjáráætlunar verður þannig:

Ríkissjóður og opinberar stofnanir	156 m. kr.
Framkvæmdasjóður	25 m. kr.
Alls til erlendrar lántöku	181 m. kr.
Frádr. lántaka vegna Byggðasjóðs tekin með í erlendu láni Framkvæmdasjóðs	31,5 m. kr.
Ófyrirséð þörf erlendrar lántöku	150 m. kr.

Fylgiskjal II.



Fylgiskjal III.



Sþ. 180. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir 1982.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Nefndin flytur þó að venju sameiginlegar breytingartillögur nú við 2. umræðu málsins, með fyrirvara af hálfu minni hlutans, sem áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Í athugasemdum með frv. er þess getið, að reiknitala frv., sem byggt er á, sé miðuð við 33% hækkun verðlags og launa milli áranna 1981 og 1982.

Í nýútkominni spá Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1982 er hins vegar gert ráð fyrir 55% verðbólgu á árinu 1982 að óbreyttum aðstæðum.

Með þetta í huga þarf engum getum að því að leiða, að forsendur frv. miðað við ástand nú eru gjörsamlega út í hött.

Það liggur því í augum uppi, að eigi að afgreiða fjárlög fyrir árið 1982 svo eitthvert vit sé í, þá verður annað tveggja að gerast: að afgreiða það á grundvelli þeirrar spár sem Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að verði, eða að vitneskja fáist um hvaða efnahagsráðstafanir ríkisstjórnin hyggst gera og fjárlögin eiga að byggjast á.

Önnur afgreiðsla og vinnubrögð eru auðvitað óraunsæ og alger blindingsleikur, sem hvorki ríkisstjórn og því síður Alþingi er sæmandi að viðhafa við afgreiðslu fjárlaga.

Þá segir í athugasemdum með frv., að þrjú meginmarkmið séu grundvöllur frv. og þeirrar efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin fylgi:

1. Að draga úr verðbólgu, jafnhliða því sem áhersla sé lögð á að halda uppi viðunandi kaupmætti almennra launa.
2. Að tryggja afkomu atvinnuvega.
3. Að tryggja fulla atvinnu um land allt.

Að því er varðar verðbólguna, þá er með ýmsum hætti og ýmsum mælistikum hægt að mæla hana að eigin vild.

Hin raunverulega mælistika og trúverðugasta er budda heimilanna. Það er sú mælistika sem öruggast segir til um afkomu fólks. Ríkisstjórnin rembist eins og rjúpan við staurinn að telja þjóðinni trú um að verðbólgan sé í ár aðeins 40%. Budda launafólksins segir allt aðra og trúverðugri sögu um þróun verðbólgu.

Öllu launafólki í landinu ber saman um að aldrei hafi verið jafnerfitt og nú að framfleyta heimilunum og láta tekjur nægja fyrir brýnustu nauðþurftum.

Og hvað með markmið ríkisstjórnarinnar að tryggja afkomu atvinnuveganna?

Auðséð er öllum, sem sjá vilja, að fjöldi fyrirtækja í aðalatvinnugreinum þjóðarinnar, fiskveiðum og fiskvinnslu, eru að stöðvast og sum þegar stöðvuð vegna rekstrarerfiðleika. Við blasir alger stöðvun fiskveiðiflotans um næstkomandi áramót og lokun fiskvinnslustöðva. Togarafloti landsmanna hefur verið gerður út nær hálft árið til veiða á fisktegundum, sem vægast sagt eru verðlitlar fyrir þjóðarbúið, en þó er togurunum fjölgað sem á færibandi sé.

Stjórnkænska það — eða hitt þótt heldur.

Kreppuástand blasir við í iðnaði landsmanna, og svo mætti lengi telja.

Kallast þetta að tryggja afkomu atvinnuveganna?

Og þá er komið að hinu þriðja meginmarkmiði sem ríkisstjórnin telur frv. byggjast á, en það er að tryggja fulla atvinnu um land allt. Það er hið eina sem nokkurn veginn fær staðist, að atvinna **hefur verið** víðast hvar næg, en víða ber á tíma- og staðbundnu atvinnuleysi. Atvinnuástand er því ótryggt.

En hvers vegna er hér ekki fjöldaatvinnuleysi?

Undirritaður heldur því fram, að hér hafi haldist atvinna vegna hinna lágu launa sem staðreynd er að launþegar búa við.

Ísland er láglaunasvæði samanborið við okkar nágrannalönd, og gefur auga leið að það er miklum mun auðveldara að halda uppi atvinnu í landi þar sem kaup er mjög lágt eins og hér. Það er því ítrekað, að hér er haldið uppi atvinnu í skjóli hinna lágu launa, samanborið við okkar nágrannaþjóðir. Það er hins vegar tímaspursmál, hvenær hér brestur á atvinnuleysi verði fram haldið sem horfir á braut þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur farið og boðar.

Eins og áður sagði er frv. byggt á 33% hækkun milli ára og ríkisstjórnin segir að haldið verði uppi hinu strangasta aðhaldi og sparnaði í ríkiskerfinu. En hver trúir nú svona fullyrðingum þegar fyrir liggur að frv., eins og það var lagt fram, gerði ráð fyrir að hækkun í yfirstjórn ráðuneytanna, þ. e. hjá ríkisstjórninni sjálfri, verði frá 40% og allt upp í 97.2%?

Það er augljóst, að aðhaldi eða sparnaði í ríkiskerfinu er ekki fyrir að fara, þar þenjast stofnanir út og bólgna. Þetta er ráðsmennska hæstv. ríkisstjórnar, allt upp í 97.2% hjá henni sjálfri, á sama tíma og telja á þjóðinni trú um að verðbólgan á næsta ári verði ekki nema 33%. **Vei, yður hræsnarar,** hefði einhvern tíma verið sagt.

Athyglisvert er það hrós, sem hæstv. ríkisstjórn eignar sér í sambandi við hin stórauknu innlán í banka og sparisjóði landsins. Allir vita að ástæðan fyrir þeim jákvæða árangri, sem náðst hefur á þessu sviði, er sú verðtryggingarstefna, sem Alþýðuflokkurinn fékk **samþykkta** og verið hefur í gildi í þrjú ár.

Það er óskammfeilni af hæstv. ríkisstjórn að falsa svo staðreyndir að eigna sér þessa þróun.

Hins hefði hæstv. ríkisstjórn átt að láta getið í frv., að hún hafi svikið þann þátt verðtryggingarstefnunnar sem fylgja átti með og var breyting útlána með lengingu lánstíma og þannig léttari greiðslubyrði fyrst og fremst hjá því fólki sem stendur í húsbyggingum.

Þetta hefur hæstv. ríkisstjórn **svikið,** en látið ógetið.

Þá er ljóst, að skattbyrði milli ára verður aukin þrátt fyrir gefin loforð um hið gagnstæða.

Sérstakt gjald á nú að setja á raforku eftir stofnlínum að upphæð 40 milljónir króna.

Og enn ætlar hæstv. ríkisstjórn að svíkjast aftan að þeim íbúum þessa lands, sem búa við hæst orkuverð, og er að verða þess valdandi, að einhver mesta byggðaröskun eigi sér stað.

Þannig er gert ráð fyrir að orkujöfnunargjald, sem nú er búið að gera að almennum tekjustofni fyrir ríkissjóð, en var í upphafi sett á til að jafna kostnað vegna húshitunar, gefi í tekjur til ríkissjóðs **191 millj. kr.** eða rösklega **19 milljarða gamalla króna,** en af þeirri upphæð ætlar hæstv. ríkisstjórn einungis að verja **30 millj. kr.** eða **3 milljörðum gamalla króna** til jöfnunar húshitunar.

Rúmlega **160 millj. kr.** eða **16 milljarða gamalla króna** ætlar hæstv. ríkisstjórn í raun og veru **að svíkja út úr þessu fólki og er það hámark ósvífninnar gagnvart þeim sem hér eiga hlut að máli.** Verður vart trúað að þeir þingmenn stjórnarliðsins, sem eru fulltrúar fyrir þetta fólk, láti hafa sig til slíkra óhæfuverka.

Ekki verður um fjárlagafrumvarp og lánsfjáráætlun fjallað án þess að minnast á þá fyrirætlan hæstv. ríkisstjórnar að auka enn bindiskyldu hjá bönkum og sparisjóðum, auka kaupskyldu lífeyrissjóða úr 40% í 45% og lögleiða sérstök refsiákvæði í því sambandi.

Að því er lífeyrissjóðina varðar er hér stefnt að hreinni **eignaupptöku** og **fjársektum** og líklega enn frekari **viðurlögum,** reyni það fólk, sem á fjármagn lífeyrissjóðanna, að bera hönd fyrir höfuð sér.

Í fylkingarbrjósti þessara aðfara að lífeyrissjóðum er hæstv. fjármálaráðherra, einn af foringjum Alþýðubandalagsins og fulltrúi félagshyggjunnar og lítilmagnans í þjóðfélaginu að eigin sögn.

Það hefur áður komið fram, að núverandi hæstv. ríkisstjórn virðist lifa fyrir það eitt að sitja meðan sætt er. Þar um virðist engu breyta þó efnahagslífið og efnahagsstefnan séu helsjúk.

Ríkisstjórnin ætlar sér, svo lengi sem fært er, að lifa á þeim sjóðum, sem fyrir voru, og vera í eilífum millifærsluleik með fjármuni. Auðvitað kemur að því fyrr en seinna, að þeim leik verður að hætta, og því fyrr því betra. Og nú er svo komið, að sumir hverjir hæstvirtra ráðherra eru farnir að eygja og hræðast þann raunveruleika. Örlítil rifa, nóg til þess væntanlega að skíma myndist, hefur opnast fyrir augum þeirra og sýnir að hverju er stefnt.

Grundvöllur þess fjárlagafrumvarps, sem hér er nú til annarrar umræðu, er hvorki fugl né fiskur.

Þær forsendur, sem frv. gerir ráð fyrir, eru ekki fyrir hendi.

Við blasir að flestir atvinnuvegasjóðir landsmanna eru tómir og lifað er á erlendum lántökum, meira að segja til rekstrar á ríkisfyrirtækjum, og er þá langt gengið.

Hér hafa aðeins verið nefnd örfá dæmi, sem sýna hversu óraunhæft þetta frv. er, en fjölmörg önnur mætti nefna. Meginkjarni málsins er sá, að hæstv. ríkisstjórn byggir stefnu sína og störf og þar með fjárlagafrumvarp á svo ótraustum grunni sem frekast má vera.

Fari svo sem allt bendir til, að hæstv. ríkisstjórn haldi áfram á þessari villubraut og láti afgreiða fjárlög fyrir árið 1982 án tillits til þeirra staðreynda, sem fyrir liggja og sýnt hefur verið fram á að eru með þeim hætti að fjárlögin sem slík verða ómerk, er ábyrgð hennar mikil.

Það er vissulega mikill ábyrgðarhluti hjá hæstv. ríkisstjórn að beita þeim blekkingum, sem raun ber vitni, að allt sé í besta lagi, allt sé slétt og fellt, eins og hæstv. forsætisráðherra segir.

Þjóðin á heimtingu á því, að henni sé sagður sannleikurinn, því fyrr en seinna kemur hann í ljós og dregur að skuldadögum hjá núverandi hæstv. ríkisstjórn.

Haldi hún áfram á sömu braut verður fall hennar mikið, sem út af fyrir sig er ekki ástæða til að harma. En þeim mun alvarlegra er að hún dregur lífskjör launafólks og efnahagslegt öryggi þjóðarinnar með sér í því falli.

Undirritaður mun fyrir hönd Alþýðuflokksins freista þess að færa til betri vegar nokkra þætti frv. og flytur því á sérstöku þingskjali breytingartillögur til undirstrikunar á nokkrum stefnumörkunaratriðum Alþýðuflokksins í efnahags- og fjármálum. Þessar tillögur eru ekki til hækkunar útgjalda, heldur að verulegu leyti tilfærsla milli útgjaldaflokka, en einnig til beinnar lækkunar útgjalda.

Meginefni breytingartillagnanna er lækkun tekjuskatts um **20%,** sem er liður í þeirri stefnu Alþýðuflokksins að afnema í áföngum tekjuskatt af almennum launatekjum. Þá er gert ráð fyrir lækkun á eignarskatti einstaklinga, einnig um 20%. Gert er ráð fyrir lækkun söluskatts um 1%.

Allar eru þessar tillögur í samræmi við þá stefnu Alþýðuflokksins, að lækkun skatta á launafólki miðað við núverandi aðstæður sé raunhæfasta kjarabótin, ekki hvað síst þeim lægst launuðu til handa. Gert er ráð fyrir lækkun skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði um 50% og það gert í ljósi þeirra breyttu viðhorfa, sem skapast hafa vegna verðtryggingarstefnunnar og einnig stórhækkaðs fasteignamats.

Þá er gert ráð fyrir lækkun framlaga til Bifreiðaeftirlits ríkisins og þá fyrst og fremst höfð í huga skipulagsbreyting innan þeirrar stofnunar, sem nauðsynleg er, eins og raunar hefur margoft komið fram.

Gert er ráð fyrir lækkun framlaga til Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Ekki er síður þar

en hjá Bifreiðaeftirlitinu, heldur miklu fremur, nauðsyn endurskoðunar og skipulagsbreytinga á stofnuninni eigi hún að þjóna þeim tilgangi, sem ætlað var.

Þá er gert ráð fyrir lækkun framlaga ríkissjóðs vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir og einnig vegna niðurgreiðslna á vöruverði svo og lækkun framlaga samkvæmt jarðræktarlögum.

Gert er ráð fyrir hækkun framlaga vegna nýrra búgreina, og hagræðingar og einnig til Jarðasjóðs. Þá er gert ráð fyrir að liðurinn „vegna launa og verðlagsmála" falli niður.

Hér hafa verið raktar í örstuttu máli þær meginbreytingartillögur, sem undirritaður flytur við þessa umræðu fjárlagafrv. f. h. Alþýðuflokksins. Eins og áður sagði miða þær að því að færa til betri vegar nokkra þætti frv. og eru jafnframt hlekkur í þeirri skynsamlegu og nauðsynlegu stefnu, sem Alþýðuflokkurinn hefur boðað að þurfi að taka upp við stjórn efnahags- og fjármála. Frekari grein mun verða gerð fyrir breytingartillögum við 2. umræðu um frv.

Á hjálögðu fylgiskjali eru sýnd áhrif breytingartillagna Alþýðuflokksins.

Alþingi, 12. des. 1981.
Karvel Pálmason.

Fylgiskjal.

ÁHRIF BREYTINGARTILLAGNA

	Lækkun útgjalda og hækkun tekna Kr.	Hækkun útgjalda og lækkun tekna Kr.
1. Lækkun eignarskatts		18 000 000
2. Lækkun skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði		16 000 000
3. Lækkun tekjuskatts		192 000 000
4. Lækkun söluskatts		127 000 000
5. Hækkun á rekstrarhagnaði ÁTVR	40 000 000	
6. Hækkun á framlagi til Jarðasjóðs		2 000 000
7. a) Lækkun jarðræktarframlags	9 000 000	
b) Lækkun á framlagi til framræslu	2 000 000	
c) Hækkun á framlagi til nýrra búgreina		5 000 000
8. Lækkun á útflutningsuppbótum	24 000 000	
9. Lækkun á Framleiðslueftirliti sjávarafurða	5 000 000	
10. Lækkun á Bifreiðaeftirliti ríkisins	4 000 000	
11. Liður til ráðst. vegna efnahagsaðgerða falli niður	140 000 000	
12. Lækkun niðurgreiðslna	200 000 000	
	424 000 000	360 000 000
Mismunur:		64 000 000

Sþ. 181. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf við undirbúning afgreiðslu fjárlaga hinn 1. okt. s. l. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga þar til Alþingi hóf störf hinn 10. október. Síðan hefur nefndin haldið 41 fund um fjárlagafrumvarpið og átt viðtöl við alls nálega 200 aðila sem komið hafa á fund nefndarinnar, að meðtöldum fulltrúum sveitarfélaga. Auk þess hafa undirnefndir unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka.

Fyrir 2. umræðu leggur nefndin fram tillögur um alla framkvæmdaflokka, jafnframt því sem meiri hluti nefndarinnar leggur fram tillögur um afgreiðslu tekjuhliðar frumvarpsins og B-hluta fyrirtæki. Bíða þá 3. umræðu einungis heimildagrein og nokkur einstök verkefni, svo sem vegamál, landbúnaðarframlög, málefni Háskóla Íslands og byggingarmál Landspítala.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar gefa út sérálit. Nefndin flytur sameiginlega breytingartillögur á þskj. 155, 161 og 187, en fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa tekið fram að þeir hafi óbundnar hendur um fylgi við einstakar breytingartillögur og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Þjóðhagsstofnun hefur endurskoðað tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins með hliðsjón af tekjum ríkissjóðs 1981 og horfum á árinu 1982. Hinn 8. des. gerðu fulltrúar hennar fjárveitinganefnd grein fyrir nýrri tekjuáætlun, sem meiri hluti fjárveitinganefndar flytur tillögur um á þskj. 182 sem brtt. við tekjuhlið frumvarpsins. Samkvæmt þeim brtt. hækka tekjur ríkissjóðs um 149 millj. kr. frá áætlun fjárlagafrv., en skv. þeim brtt., sem fjárveitinganefnd flytur sameiginlega við útgjaldahlið frumvarpsins, hækka útgjöldin um 175 279 200 kr. frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu, en svo sem áður er getið bíður afgreiðsla nokkurra mála 3. umræðu.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlið eru þessar:

00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 Alþingi: Tekinn verði upp nýr liður, gjaldfærður stofnkostnaður er nemi 3 280 000 kr. og verði varið til endurnýjunar loftræstikerfis, símkerfis og annarra lagfæringa svo og til undirbúnings vegna fyrirhugaðrar samkeppni um húsakost Alþingis.

01 Forsætisráðuneyti.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Öryggismálanefnd. Liðurinn hækki um 200 000 kr. og verði 700 000 kr. Gjöf Jóns Sigurðssonar. Liðurinn hækki um 102 000 kr. og verði 180 000 kr. eða sem nemur launum prófessors við Háskóla Íslands.

102 Þjóðhagsstofnun: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 130 000 kr. vegna húsgagnakaupa. Sértekjur hækki um 65 000 kr. eða sem nemur framlagi Seðlabanka Íslands.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 90 000 kr. vegna líffræðirannsókna í Þingvallavatni. Sértekjur hækki um 45 000 kr., enda greiði Landsvirkjun helming kostnaðar við rannsóknirnar.

02 Menntamálaráðuneyti.

Lagt er til að tilfærslur verði gerðar á launaliðum ýmissa framhaldsskóla. Endurskoðuð áætlun um kennslumagn samfara nemendafjölda í raun við skólana ræður þessum tilfærslum, en ekki er um að ræða hækkun ef á heildina er litið.

203 Raunvísindastofnun háskólans: Nýr liður: Sérstök verkefni 380 000 kr.

321 Kennaraháskóli Íslands: Laun hækki um 32 300 kr. vegna launa lektors í 3 mánuði.

322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans: Launaliður hækki um 94 200 kr. vegna launa húsvarðar.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Nýr liður: Viðhald 150 000 kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 4 000 000 kr. og verði 4 250 000 kr.

351 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: Framlag hækki um 2 000 000 kr. vegna stofnkostnaðar.

353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Stofnkostnaður hækki um 1 000 000 kr.

354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Stofnkostnaður hækki um 1 900 000 kr.

355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Stofnkostnaður hækki um 160 000 kr.

357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi: Stofnkostnaður hækki um 1 650 000 kr.

422 Námsgagnastofnun: Framlag til bókaútgáfu hækki um 210 000 kr., annars vegar 200 000 kr. vegna útgáfu námsgagna fyrir börn með sérþarfir og hins vegar 10 000 kr. til þess að marka stefnu í notkun myndbanda við kennslu.

431 Iðnfræðsluráð: Framlag hækki um 300 000 kr. vegna námsgagnagerðar fyrir heyrnarskerta iðnnema.

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Stofnkostnaður hækki um 235 000 kr.

516 Iðnskólar almennt: Stofnkostnaður hækki um 250 000 kr. Sundurliðun kemur í breytingartillögum nefndarinnar.

517 Hótel- og veitingaskóli Íslands: Stofnkostnaður hækki um 183 000 kr.

563 Tónlistarfræðsla: Tónlistarskólar, stofnkostnaður og styrkir: Liðurinn hækki um 120 000 kr. og nemi 320 000 kr. Lið þessum er ekki skipt á viðtakendur eins og venja hefur verið til þessa, en fjárveitinganefnd leggur áherslu á að einungis verði veittir styrkir til skóla vegna húsnæðis, en ekki til hljóðfærakaupa. — Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tónmenntaskóli Reykjavíkur, byggingarstyrkur: Liður þessi falli niður þar sem áform um sameiginlega byggingu húsnæðis fyrir þessa tvo skóla eru ekki lengur fyrir hendi.

571 Sjómannaskólahúsið: Framlag hækki um 734 000 kr. vegna gagngerrar endurnýjunar á húsinu.

610 Héraðsskólar almennt: Stofnkostnaður hækki um 2 750 000 kr. Sundurliðun kemur í breytingartillögum nefndarinnar.

792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Stofnkostnaður hækki um 11 909 000 kr. Sundurliðun kemur í breytingartillögum nefndarinnar.

797 Stofnanir afbrigðilegra barna: Framlag til Öskjuhlíðarskóla hækki um 265 000 kr. vegna lagfæringar á gluggum skólahússins.

799 Heyrnleysingjaskólinn: Launaliður hækki um 75 000 kr. vegna endurskoðunar á kennslumagni.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Launaliður hækki um 127 000 kr. vegna launakostnaðar í skrifstofu sjóðsins.

881 Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi hækki um 15 000 kr. og verði 30 000 kr. Styrkur til útgáfustarfa hækki um 108 000 kr. og verði 330 000 kr. sem fjárveitinganefnd skiptir upp til viðtakenda. Liðurinn Starfsemi stúdenta hækki um 1 500 kr. og verði 18 000 kr.

885 Fullorðinsfræðsla: Framlag til Heimilisiðnaðarskólans hækki um 8 400 kr. og verði 35 000 kr. Nýr liður: Félagsmálanámskeið 40 000 kr. Liður þessi var í fjárlögum 1981, en féll niður í fjárlagafrumvarpi 1982.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Liðurinn til sveitarfélaga hækki um 50 000 kr. og verði 1 050 000 kr. Fjárveitinganefnd skiptir lið þessum í samráði við þjóðminjavörð. Nýr liður: Sjóminjasafn Íslands 600 000 kr. Liður þessi var í fjárlögum 1981, en féll niður í fjárlagafrumvarpi 1982.

904 Safnahúsið við Hverfisgötu: Viðhald hækki um 103 000 kr. vegna utanhússmálningar.

931 Náttúruverndarráð: Liðurinn Rannsóknarstörf við Mývatn hækki um 273 000 kr. vegna viðgerða á gamla prestsetursbúsinu á Skútustöðum.

977 Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu: Yfirfærsla til sjóðsins í B-hluta hækki um 2 000 000 kr. og verði 12 000 000 kr.

982 Listir, framlög: Liðurinn hækki alls um 575 000 kr. sem skiptist sem hér segir: Óperustarfsemi, liðurinn fái nýtt heiti og verði: Íslenska óperan: a. Rekstrarstyrkur 300 000 kr. b. Stofnkostnaður 300 000 kr. Síðari upphæðin er hækkun á liðunum. Myndlistarskólar, styrkir: Liðurinn breyti um heiti og verði Myndlistarskólar og námskeið, styrkir, og hækki jafnframt um 220 000 kr. Framlag til listasafna hækki um 25 000 kr. Listir og menningarmál almennt hækki um 30 000 kr.

983 Ýmis vísindaleg starfsemi: Eftirtalin viðfangsefni hækki sem hér segir: Surtseyjarfélagið um 7 000 kr., Íslensk málnefnd um 50 000 kr., Íslenska stærðfræðifélagið um 3 000 kr. og Hið íslenska náttúrufræðifélag um 1 000 kr.

986 Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 35 000 kr. og bygging íþróttamannvirkja hækki um 1 177 000 kr., verði 10 177 000 kr. sem skiptist eins og sýnt er í breytingartillögum nefndarinnar.

988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 175 500 kr. sem skiptist sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins 16 000 kr. Æskulýðssamband Íslands 2 000 kr. Ungmennafélag Íslands 137 000 kr. Bandalag ísl. skáta 11 000 kr. Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns 2 000 kr. Bandalag ísl. farfugla 500 kr. Íslenskir ungtemplarar 3 000 kr. KFUM, starfsemi í Vatnaskógi 2 000 kr. KFUK, starfsemi í Vindáshlíð 2 000 kr.

989 Ýmis íþróttamál: Íþróttasamband Íslands hækki um 400 000 kr., íþróttamál fatlaðra hækki um 50 000 kr., alþjóðaskákmót, styrkir hækki um 8 000 kr. Nýr liður: Skákskólinn á Kirkjubæjarklaustri 15 000 kr.

999 Ýmislegt: Liðurinn hækki alls um 1 082 000 kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar breytingar á viðfangsefnum. Vert er að geta þess, að felld eru niður framlög til landshlutasambanda kvenna, en framlag til Kvenfélagasambands Íslands hækkað þeim mun betur.

03 Utanríkisráðuneyti.

401 Alþjóðastofnanir: a. 0146. Texti breytist á þessu viðfangsefni og framlag lækki um 70 000 kr. b. 0147. Framlag hækki um 70 000 kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

201 Búnaðarfélag Íslands: Nýr liður: Landþurrkun 166 000 kr. Áætlað var fyrir lið þessum í frumvarpi á lið Landgræðslu- og landverndaráætlunar með 125 000 kr. framlagi.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Stofnkostnaðarframlag til yfirstjórnar hækki um 130 000 kr. vegna byggingar geymsluhúsnæðis fyrir tæki og bifreiðar. Nýr liður: Tilraunabú, óskipt 1 200 000 kr.

231 Skógrækt ríkisins: Liðurinn Skóggræðsla hækki um 200 000 kr.

235 Landgræðsla ríkisins: Liðurinn Yfirstjórn hækki um 140 000 kr. vegna launa gróðureftirlitsmanns. Almenn landgræðsla hækki um 1 400 000 kr.

247 Yfirdýralæknir: Stofnkostnaðarframlag til byggingar dýralæknabústaða hækki um 220 000 kr.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun: Liðurinn hækki alls um 1 932 000 kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar hvað varðar einstaka liði:

501 Bændaskólinn á Hvanneyri: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 250 000 kr. vegna byggingar rannsóknahúss.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins: Viðhald hækki um 70 000 kr. og sértekjur lækki um 300 000 kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

202 Hafrannsóknastofnun: Framlag til stofnunarinnar hækki alls um 681 000 kr. Gert er ráð fyrir úthaldi á Hafþór í sex mánuði í stað níu í frumvarpi og hækkuð hafa verið önnur rekstrargjöld á hinum rannsóknaskipunum með hliðsjón af endurskoðuðu olíuverði. Þá er lagt til að keypt verði sérstakt tæki, „low-body-tæki“ í Bjarna Sæmundsson.

298 Heiti liðarins verði sem hér segir: Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu.

299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs: Nýr liður: Tækninámskeið 50 000 kr.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna: Sértekjur lækki um 300 000 kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

253 Almannavarnir ríkisins: Stofnkostnaður hækki um 422 000 kr. vegna uppbyggingar fjarskiptakerfis.

254 Sjómælingar Íslands: Launaliður hækki um 110 000 kr. vegna kostnaðar við lausráðinn mann er vinni að fiskikortagerð.

283 Fangamál, ýmis kostnaður: Viðfangsefnið fangahjálp, sem er framlag til félagssamtakanna Verndar, hækki um 154 000 kr. Nýtt viðfangsefni: Vistun kvenfanga 326 000 kr.

301 Þjóðkirkjan: Eftirtaldir liðir hækka sem hér segir: Alþjóðasamvinna 78 000 kr. Skálholtsstaður 50 000 kr., Hallgrímskirkja í Reykjavík 500 000 kr. Útgáfustarfsemi. 5 000 kr. Hólar í Hjaltadal 100 000 kr. Embættisbústaðir, viðhald 1 739 000 kr. Útihús á prestsetrum 36 000 kr. Þá fellur niður liðurinn Sértekjur 90 000 kr.

07 Félagsmálaráðuneyti.

971 Erfðafjársjóður, framlag: Liðurinn hækki um 832 000 kr. í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun.

976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra. Framlag hækki um 1 410 000 kr.

977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta. Framlag hækki alls um 1 000 000 kr.

981 Vinnumál. Nýr liður: Kjararannsóknarnefnd, stofnkostnaður vegna könnunar á kjörum sjómanna.

999 Ýmis framlög: Nýir liðir: Gigtarfélag Íslands 50 000 kr. og Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar 70 000 kr. Framlag til Geðverndarfélags Íslands hækki um 50 500 kr., en liðurinn Geðverndarfélag Íslands, byggingarstyrkur 35 000 kr. fellur niður á móti. Framlag til Sjálfsbjargar hækki um 215 000 kr., en liðurinn Sjálfsbjörg, byggingarstyrkur 150 000 kr. fellur niður á móti. Aðrir liðir hækka eins og segir í breytingartillögum nefndarinnar.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlag til B-hluta hækki um 66 900 000 kr.: 1 600 000 kr. vegna lífeyristrygginga og 65 300 000 kr. vegna sjúkratrygginga. Eftirtaldar stofnanir fái hækkun á öðrum rekstrargjöldum sem hér segir: Ríkisspítalar, skrifstofa 50 000 kr. Rannsóknastofa háskólans 200 000 kr. Blóðbankinn 200 000 kr. Landspítalinn 3 000 000 kr. Landspítalinn, kvennadeild 2 400 000 kr. Kleppsspítali 1 240 000 kr. Vífilsstaðaspítali 460 000 kr. Kristneshæli 700 000 kr. Kópavogshæli 400 000 kr. Vistheimilið Gunnarsholti 350 000 kr.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands: Laun hækki um 150 000 kr. og önnur rekstrargjöld hækki um 750 000 kr.

371 Landspítali: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 685 000 kr. vegna liðarins Sumargjöf, barnaheimili, sem verði 1 350 000 kr.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Liðurinn hækki um 11 390 000 kr. alls. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækki um 10 300 000 kr., sundurliðun á framkvæmdaliði er í breytingartillögum nefndarinnar. Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi hækki um 350 000 kr. DAS, Hrafnista, Hafnarfirði hækki um 520 000 kr. og hjúkrunarheimili aldraða í Kópavogi hækki um 220 000 kr.

399 Ýmis heilbrigðismál: Nýir liðir: Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 50 000 kr. Hjarta- og æðaverndarfélag Reykjavíkur, tækjakaup 250 000 kr. Undirbúningur rannsókna á brjóstkrabbameini 70 000 kr. Aðrir liðir hækka sem segir í breytingartillögum nefndarinnar.

471 Gæsluvistarsjóður: Liðurinn Bláa bandið hækki um 7 000 kr. Vernd hækki um 6 000 kr. SÁÁ hækki um 40 000 kr.

481 Bindindisstarfsemi: Nýr liður: Stórstúka Íslands 150 000 kr. Liður þessi féll niður við gerð fjárlagafrumvarps.

09 Fjármálaráðuneyti.

381 Uppbætur á lífeyri: Liðurinn hækki um 170 000 kr. vegna lífeyrisgreiðslna starfsmanna stjórnmálaflokkanna.

383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn: Liðurinn hækki um 167 600 kr.

384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur: Liðurinn hækki um 140 500 kr.

10 Samgönguráðuneyti.

211 Vegagerð ríkisins: Framlag til einstaklinga og samtaka hækki um 70 000 kr. og verði 200 000 kr.

331 Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa: Stofnkostnaður hækki um 450 000 kr. vegna endurbyggingar og breytinga á rishæð húsnæðis stofnunarinnar.

333 Hafnarmál: Hafnarmannvirki og lendingarbætur. Liðurinn hækki um 8 000 000 kr., ferjubryggjur hækki um 585 000 kr. Hafnabótasjóður hækki um 885 000 kr., sjóvarnargarðar hækki um 80 000 kr., framlag til landshafnarinnar Keflavík — Njarðvík hækki um 500 000 kr. og hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar hækki um 500 000 kr. Sundurliðanir eru í breytingartillögum nefndarinnar.

341 Siglingamálastofnun: Laun hækki um 121 300 kr., önnur rekstrargjöld hækki um 280 000 kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 800 000 kr.: vegna tækjakaupa 200 000 kr. og innréttinga 600 000 kr.

342 Sjóslysanefnd: Nýr liður: Yfirfærslur 20 000 kr. vegna kynningar á notkun öryggisneta.

471 Flugmálastjórn: Stofnkostnaður hækki um 2 024 000 kr. Sundurliðun er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar.

485 Flugbjörgunarsveitir: Liðurinn hækki um 130 000 kr.

656 Landmælingar Íslands: Stofnkostnaður hækki um 374 000 kr. vegna tækjakaupa.

11 Iðnaðarráðuneyti.

201 Iðntæknistofnun: Laun hækki um 300 000 kr. vegna verkefnaráðinna starfsmanna við trétækni- og trefjaiðnað. Önnur rekstrargjöld hækki um 200 000 kr. og sértekjur hækki um 15 000 kr. samfara þessari starfsemi.

289 Jöfnunargjald. Liðurinn hækki um 3 066 000 kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Viðfangsefni 0102 breytist á þann hátt að texti verður iðnráð og fjárveiting verði 70 000 kr., sem er hækkun um 35 000 kr. 0121 Byggingarþjónustan hækki um 70 000 kr. og verði 200 000 kr.

301 Orkustofnun: Framlag hækki um 500 000 kr. vegna húsaleigu. Liður 29 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs hækki í samræmi við það um sömu krónutölu. Þá hækkar framlag um 3 500 000 kr. vegna rannsókna á háhitasvæðum á Reykjanesskaga og Þeistareykjum.

321 Nýr liður: Rafmagnsveitur ríkisins 7 750 000 kr.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

991 Ýmis lán ríkissjóðs. Vextir lækki um 1 500 000 kr.

Alþingi, 12. des. 1981.

Geir Gunnarsson, form., frsm. Eggert Haukdal, fundaskr. Þórarinn Sigurjónsson.

Alexander Stefánsson. Guðmundur Bjarnason.

Sþ. **182. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Kr.
1. Við 1. gr. Lánahreyfingar inn.	
a. Erlend lán.	
Fyrir „665 170 000“ kemur	731 870 000
b. Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun	
Fyrir „748 090 000“ kemur	812 290 000
2. Við 1. gr. Lánahreyfingar út. Aðrir.	
Fyrir „200 223 300“ kemur	196 723 300
3. Við 3. gr. 0100 Eignarskattur einstaklinga.	
Fyrir „93 000 000“ kemur	97 000 000
4. Við 3. gr. 0140 Erfðafjárskattur.	
Fyrir „11 900 000“ kemur	13 000 000
5. Við 3. gr. 0210 Aðflutningsgjöld.	
a. Fyrir „948 500 000“ kemur	998 400 000
b. Fyrir 47 400 000“ kemur	49 900 000
6. Við 3. gr. 0260 Innflutningsgjald af bensíni.	
Fyrir „252 700 000“ kemur	266 900 000
7. Við 0642 Sérstakt vörugjald af innfluttum vörum.	
Fyrir „459 900 000“ kemur	465 000 000
8. Við 3. gr. 0300 Söluskattur.	
a. Fyrir „2 787 600 000“ kemur	2 815 300 000
b. Fyrir „202 700 000“ kemur	204 700 000
9. Við 3. gr. 0310 Orkujöfnunargjald.	
Fyrir „190 100 000“ kemur	191 900 000
10. Við 3. gr. 0510 Rekstrarhagnaður ÁTVR.	
Fyrir „522 000 000“ kemur	532 000 000
11. Við 3. gr. 0681 Flugvallagjald.	
Fyrir „18 000 000“ kemur	22 000 000
12. Við 3. gr. 0800 Stimpilgjald.	
Fyrir „133 000 000“ kemur	150 000 000
13. Við 3. gr. 0810 Aukatekjur.	
Fyrir „28 200 000“ kemur	24 000 000
14. Við 3. gr. 0720 Bifreiðaskattur.	
Fyrir „97 200 000“ kemur	110 000 000
15. Við 3. gr. 0843 Gjald á ferðalög til útlanda.	
Fyrir „37 000 000“ kemur	47 000 000
16. Við 3. gr. 0895 Sérlyfjagjald.	
Fyrir „150 000“ kemur	250 000
17. Við 5. gr. 22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna 20 Laun.	
Fyrir „1 150 800“ kemur	1 277 800

	Kr.
18. Við 5. gr. 22 971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp.	
a. 20 Laun.	
Fyrir „26 257 000“ kemur	28 988 800
b. 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „16 000 000“ kemur	18 000 000
c. 28 Afskriftir.	
Fyrir „5 000 000“ kemur	8 100 000
d. Við 90 Yfirfærslur.	
Fyrir „5 224 400“ kemur	6 094 600
e. 04 Seldar vörur og þjónusta.	
Fyrir „52 244 000“ kemur	60 946 000
f. 983 Fjárfestingar.	
Fyrir „5 000 000“ kemur	8 100 000
g. Afskriftir.	
Fyrir „5 000 000“ kemur	8 100 000
19. Við 5. gr. 22 972 Ríkisútvarpið, sjónvarp.	
a. 20 Laun.	
Fyrir „32 558 200“ kemur	32 558 400
b. 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „26 300 000“ kemur	28 300 000
c. 4 Viðhald.	
Fyrir „567 300“ kemur	567 000
d. 28 Afskriftir.	
Fyrir „15 000 000“ kemur	16 000 000
e. 90 Yfirfærslur.	
Fyrir „7 920 000“ kemur	8 905 600
f. 04 Seldar vörur og þjónusta.	
Fyrir „79 200 000“ kemur	89 056 000
g. 983 Fjárfestingar.	
Fyrir „15 000 000“ kemur	17 000 000
h. Nýr liður:	
984 Annað	4 870 500
i. 994 Afskriftir.	
Fyrir „15 000 000“ kemur	16 000 000
j. 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „221 600“ kemur	6 092 100
20. Við 5. gr. 24 221 Áburðarverksmiðja ríkisins.	
a. 23 Hráefni og vörur til endursölu.	
Fyrir „88 452 000“ kemur	113 652 000
b. 28 Afskriftir.	
Fyrir „20 000 000“ kemur	27 724 000
c. 984 Annað.	
Fyrir „57 624 000“ kemur	32 424 000
d. 994 Afskriftir.	
Fyrir „20 000 000“ kemur	27 724 000
e. 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „37 624 000“ kemur	4 700 000
21. Við 5. gr. 27 971 Erfðafjársjóður 90 Yfirfærslur.	
Fyrir „8 000 000“ kemur	8 832 000

		Kr.	Kr.
22.	Við 5. gr. 29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.		
	a. 04 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „686 753 200“ kemur		696 753 200
	b. 995 Ráðstöfun eigin fjár.		
	Fyrir „522 893 000“ kemur		532 893 000
23.	Við 5. gr. 29 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.		
	a. 4 Viðhald.		
	Fyrir „2 798 000“ kemur		3 298 000
	b. 04 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „3 089 000“ kemur		3 589 000
24.	Við 5. gr. 30 101 Póst- og símamálastofnunin.		
	a. 2 Önnur rekstrargjöld.		
	Fyrir „147 000 000“ kemur		178 600 000
	b. 27 Vextir.		
	Fyrir „50 490 000“ kemur		54 506 000
	c. 28 Afskriftir.		
	Fyrir „69 055 000“ kemur		75 940 000
	d. 04 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „507 127 000“ kemur		553 628 000
	e. 020 Vaxtatekjur.		
	Fyrir „25 500 000“ kemur		30 500 000
	f. 981 Afborgun lána.		
	Fyrir „17 055 000“ kemur		19 940 000
	g. 983 Fjárfestingar. Liðurinn orðist svo:		
	983 Fjárfestingar:		
	Almenn fjárfesting		63 000 000
	Fjárfesting skv. lögum		34 200 000
	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		

Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunar (30 101 983).

1.	Sjálfvirkar símstöðvar	5 760 000	
2.	Línukerfi fyrir símnotendur:		
3.1.	Í bæjum og kauptúnum	10 000 000	
2.2.	Símasjálfsalar	2 350 000	
3.	**Landssímasambönd:**		
3.1.	Jarðsímaleiðir	1 200 000	
3.2.	Fjölsímar	9 710 000	
3.3.	Radíóleiðir	8 215 000	
4.	Radíósendistöðvar	8 300 000	
5.	Húsbyggingar	14 065 000	
6.	Bifreiðar og vinnuvélar	3 000 000	
7.	Tölvubúnaður á póstgíróstofu	400 000	
			63 000 000
	Fjárfesting í sveitum 1982 skv. lögum nr. 32/1981.		
1.	Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1.	Nýjar stöðvar	1 505 000	
1.2.	Stækkanir á eldri stöðvum	4 275 000	
2.	Jarðsímar	20 330 000	

		Kr.	Kr.
3.	Fjölsímar	2 790 000	
4.	Radíóleiðir	3 200 000	
5.	Húsbyggingar	2 110 000	
			34 210 000

Fjárfesting, sundurliðun:

1.	Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1.	Stækkanir á eldri sjálfvirkum símstöðvum:		
	a. Varmá	1 440 000	
	b. Akranes	210 000	
	c. Bolungarvík	210 000	
	d. Þingeyri	140 000	
	e. Skagaströnd	150 000	
	f. Sauðárkrókur	120 000	
	g. Hofsós	50 000	
	h. Reykjavík	2 710 000	
	i. Dalvík	50 000	
	j. Reykjahlíð	50 000	
	k. Breiðdalsvík	50 000	
	l. Laugarvatn	50 000	
	m. Hella	80 000	
	n. Vík	130 000	
	o. Óskilgreint og ófyrirséð	320 000	
			5 760 000
2.	Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1.	Í bæjum og kauptúnum:		
	a. Reykjavíkursvæðið	5 400 000	
	b. Umdæmi I	2 200 000	
	c. Umdæmi II	500 000	
	d. Umdæmi III	1 400 000	
	e. Umdæmi IV	500 000	
			10 000 000
2.2.	Símasjálfsalar		2 350 000
3.	Landssímasambönd:		
3.1.	Jarðsímaleiðir:		
	a. Borgarfjörður eystri	600 000	
	b. Suðureyri	600 000	
			1 200 000
3.2.	Fjölsímaleiðir:		
	a. Breiðdalsvík-Stöðvarfj.-Reyðarfjörður	2 218 000	
	b. A.-Hún.-Egilsst.-Hvolsvöllur	684 000	
	c. Reyðarfj.-Eskifj.-Neskaupstaður	2 100 000	
	d. Reykjavík-Reyðarfjörður	630 000	
	e. Egilsstaðir-Reyðarfjörður	1 303 000	
	f. Akureyri-Dalvík	660 000	
	g. Hólmavík-Hvammstangi-Laugarb.	1 424 000	
	h. Ýmis ófyrirséður búnaður	691 000	
			9 710 000

	Kr.	Kr.
3.3. Radíóleiðir:		
a. Suðurlandsörbylgja	2 970 000	
b. Gaumkerfi	1 500 000	
c. Hafnarnes — Reyðarfjörður	3 095 000	
d. Streiti — Breiðdalsvík	650 000	
		8 215 000
4. Radíósendistöðvar:		
a. Bílasími	4 000 000	
b. Reykjavík — Radíó	1 950 000	
c. Metrabylgja — skip	1 550 000	
d. Faststillt viðtæki	800 000	
		8 300 000
5. Húsbyggingar:		
a. Múlastöð	7 315 000	
b. Varmahlíð	2 170 000	
c. Kirkjubæjarklaustur	2 450 000	
d. Akureyri	1 200 000	
e. Ísafjörður, birgðahús	500 000	
f. Fáskrúðsfjörður, tækjahús	200 000	
g. Birgðastöðin Jörfa	230 000	
		14 065 000

	Kr.
h. Nýr liður:	
984 Annað	9 000 000
i. 992 Tekin lán.	
Fyrir „37 000 000“ kemur	41 200 000
j. 994 Afskriftir.	
Fyrir „69 055 000“ kemur	75 940 000
k. Nýr liður:	
995 Ráðstöfun eigin fjár	9 000 000
25. Við 5. gr. 30 321 Skipaútgerð ríkisins.	
a. 20 Laun.	
Fyrir „22 749 000“ kemur	21 796 600
b. 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „25 000 000“ kemur	30 163 300
c. 4 Viðhald.	
Fyrir „1 831 300“ kemur	2 822 300
d. 27 Vextir.	
Fyrir „1 266 300“ kemur	3 433 000
e. 28 Afskriftir.	
Fyrir „834 100“ kemur	2 200 000
f. 04 Seldar vörur og þjónusta.	
Fyrir „29 273 200“ kemur	38 424 000
g. 981 Afborgun lána.	
Fyrir „1 819 600“ kemur	2 761 800
h. Nýr liður:	
984 Annað	840 000
i. 994 Afskriftir.	
Fyrir „834 100“ kemur	2 200 000

		Kr.	Kr.
	j. 995 Ráðstöfun eigin fjár.		
	Fyrir „985 500“ kemur		1 401 800
26.	Við 5. gr. 30 332 Hafnarbótasjóður.		
	a. 982 Veitt lán.		
	Fyrir „1 297 300“ kemur		2 182 300
	b. 995 Ráðstöfun eigin fjár.		
	Fyrir „1 464 900“ kemur		2 349 900
27.	Við 5. gr. 31 315 Byggðalínur.		
	a. 983 Fjárfestingar.		
	Fyrir „40 493 000“ kemur		100 493 000
	b. 992 Tekin lán.		
	Fyrir „40 493 000“ kemur		100 493 000
28.	Við 5. gr. 31 321 Rafmagnsveitur ríkisins.		
	a. 20 Laun.		
	Fyrir „57 800 000“ kemur		52 100 000
	b. 2 Önnur rekstrargjöld.		
	Fyrir „55 500 000“ kemur		58 700 000
	c. 23 Hráefni og vörur til endursölu.		
	Fyrir „136 600 000“ kemur		213 500 000
	d. 27 Vextir.		
	Fyrir „80 500 000“ kemur		82 900 000
	e. 28 Afskriftir.		
	Fyrir „29 430 000“ kemur		36 430 000
	f. 04 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „284 670 000“ kemur		356 470 000
	g. Aðrar tekjur.		
	Fyrir „75 160 000“ kemur		87 160 000
	h. 981 Afborgun lána.		
	Fyrir „29 430 000“ kemur		36 430 000
	i. Við 983 Fjárfestingar.		
	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1982 (31 321 983).		
	Virkjanir:		
	Lagarfoss		1 500 000
	Stofnlínur:		
	Búrfell — Flúðir	600 000	
	Ljósafoss — Hveragerði	8 100 000	
	Hveragerði — Þorlákshöfn	500 000	
	Ólafsvík — Rif — Hellissandur	1 450 000	
	Sauðárkrókur — Hofsós	1 000 000	
	Akureyri — Dalvík	6 430 000	
	Laxá — Lindarbrekka	10 860 000	
	Hólar — dreifilína	730 000	
	Athuganir, endurbætur o. fl.	1 450 000	
			31 120 000

	Kr.	Kr.
Aðveitustöðvar:		
Hella	6 530 000	
Flúðir	301 000	
Hverageröi	9 520 000	
Vatnshamar	4 838 000	
Ólafsvík	1 240 000	
Hvammstangi	245 000	
Laxárvatn	559 000	
Sauðárkrókur	4 318 000	
Hofsós	245 000	
Grenivík	232 000	
Laxárvirkjun	1 485 000	
Lindarbrekka	222 000	
Raufarhöfn	84 000	
Brúarland	2 978 000	
Eskifjörður	349 000	
Stuðlar	131 000	
Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík	1 581 000	
Varaspennir	3 961 000	
Verk færð 1982	1 721 000	
		40 540 000
Geymsluhús o. fl.		2 000 000
Innanbæjarkerfi		44 000 000
Vélar og tæki		4 000 000
Dísilstöðvar		1 500 000
Almennar framkvæmdir samtals		124 660 000
Fjáröflun:		
Heimtaugargjöld	6 000 000	
Lántökur samkvæmt lánsfjáráætlun	118 660 000	
		124 660 000
j. Nýr liður:		
984 Annað	7 750 000	
k. 992 Tekin lán.		
Fyrir „128 660 000“ kemur	118 660 000	
l. 994 Afskriftir.		
Fyrir „29 430 000“ kemur	36 430 000	
m. Nýr liður.		
995 Ráðstöfun eigin fjár	7 750 000	

Nd. 183. Frumvarp til laga [66. mál]

um iðnráðgjafa.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. des.)

1. gr.

Ákveði samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög, sbr. 2. gr., að ráða iðnráðgjafa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra, svo og kostnað við samræmingu, sbr. 4. gr.

Framlagið miðist við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka eða miðað við kjördæmi.

2. gr.

Iðnþróunarfélag, skv. lögum þessum, merkir félag er hefur landshluta eða kjördæmi sem starfssvæði og sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar geta átt aðild að, enda hafi félagið það markmið að efla iðnþróun á starfssvæði sínu.

3. gr.

Helstu verkefni iðnráðgjafa eru þessi:

a) Að hjálpa iðnfyrirtækjum og aðilum, sem hyggja á iðnrekstur, að greina þörf sína fyrir sérfræðiaðstoð og veita upplýsingar um hvar slíka aðstoð sé að fá.
b) Að vera tengiliður milli tækni- og þjónustustofnana iðnaðarins og þeirra aðila sem starfa í iðnaði og að iðnaðarmálum í landshlutanum.
c) Að aðstoða sveitarstjórnir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga við athuganir á nýjum viðfangsefnum í iðnaði.
d) Að miðla upplýsingum um tækni- og rekstrarmálefni og hafa milligöngu um námskeiðahald og aðra fræðslustarfsemi sem völ er á fyrir starfsfólk í iðnaði.
e) Að stuðla að aukinni samvinnu iðnfyrirtækja bæði innan starfsgreina og þeirra í milli, svo og tengslum við fyrirtæki í öðrum greinum.
f) Að vera til ráðuneytis þeim aðilum sem eiga þátt í að móta atvinnumálastefnu landshlutans.

4. gr.

Iðnaðarráðuneytið sér um framkvæmd þessara laga.

Tryggð skulu tengsl iðnráðgjafa við tækni- og þjónustustofnanir og samtök iðnaðarins og störf þeirra samræmd, undir forustu Iðntæknistofnunar, með hliðsjón af stefnumörkun um iðnþróun og þeim aðgerðum sem unnið er að á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 31. desember 1985.

Sþ. 184. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—'86.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

Alþingi ályktar, að á árunum 1982—1986, að báðum meðtöldum, skuli auk árlegra fjárveitinga til viðkomandi stofnana á fjárlögum, unnið að landgræðslu- og landverndarmálum samkvæmt eftirfarandi áætlun:

1.	**Verkefni framkvæmd af Landgræðslu ríkisins:** Stöðvun sandfoks, jarðvegs- og gróðureyðingar; gróðureftirlit, gróðurvernd og gróðuraukning	40 400 000
2.	**Verkefni framkvæmd af Skógrækt ríkisins:** Friðun lands til skógræktar, héraðsskógræktaráætlanir, rannsóknir í skógrækt, útivistarsvæði við þéttbýli, skógvernd og skógrækt	9 500 000
3.	**Verkefni framkvæmd af Rannsóknastofnun landbúnaðarins:** Rannsóknir á nýtingu beitilanda, gróður- og jarðvegseyðingu og aðferðum til landgræðslu; gróðurkortagerð og vistfræðirannsóknir, frærannsóknir og rannsóknir á plöntum, þ. á m. á vetrarþoli þeirra	5 150 000
4.	**Ýmislegt:** **Samvinnuverkefni stofnana, sem aðild eiga að landgræðsluáætlun; frærækt, skjólbelti, úttekt á árangri.** Stuðningur við fræðslustarf og þátttöku samtaka áhugamanna um skógrækt og landgræðslu	1 675 000
5.	Framkvæmdir til að verjast landbroti og landskemmdum vegna ágangs vatna eða sjávar, í umsjá Landgræðslu ríkisins	**14 500 000**
	Samtals á 5 árum, m. kr.	**71 225 000**

Á framlög áranna 1983—'86 greiðist verðbætur, er miðist við framlög ársins 1982.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Áætlun sú, sem liggur hér fyrir, er byggð á áliti Samstarfsnefndar um landgræðsluáætlun, sem er fylgirit með tillögu þessari.

Í bréfi, dags. 27. febr. 1979, fól þáverandi landbúnaðarráðherra samstarfsnefndinni „að gera úttekt á því sem áunnist hefur síðan 1974 og gera tillögur um hvernig best verði staðið að áframhaldi landgræðslu- og gróðurverndarstarfs, þannig að afturkippur komi ekki í slík störf, þegar fjárveitingar skv. ályktun Alþingis 1974 nýtur ekki lengur við."

Eftir að álitsgerð samstarfsnefndarinnar lá fyrir, var leitað afstöðu þingflokkanna til álits samstarfsnefndarinnar. Niðurstaðan varð, að landbúnaðarráðherra óskaði eftir tilnefningu þingflokkanna í nefnd til að fjalla um viðfangsefnið.

Samkvæmt því voru eftirtaldir menn skipaðir í nefnd til að fjalla um nýja landgræðsluáætlun: Egill Jónsson, alþingismaður, Geir Gunnarsson, alþingismaður, Ingvi Þorsteinsson, magister og Jónas Jónsson, búnaðarmálastjóri. Varamaður Ingva er Árni Gunnarsson, alþingismaður, en varamaður Jónasar er Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur, og hafa þeir báðir starfað með nefndinni. Landbúnaðarráðherra skipaði Sveinbjörn Dagfinnsson formann nefndarinnar. Nefndin hefur haldið marga fundi, farið könnunarferðir, aflað margvíslegra gagna og kallað sérfróða menn á sinn fund.

Nefndin telur að verulegur árangur hafi náðst við framkvæmd landgræðsluáætlunar frá 1974 og að af henni hafi fengist margvísleg reynsla, sem að gagni kemur við framkvæmd nýrrar áætlunar.

Nefndin er sammála um þau höfuðmarkmið, sem greint er frá í áliti samstarfsnefndar um landgræðsluáætlun 1981—1985, þ. e. að:

a) Stöðva sandfok og aðra jarðvegseyðingu.
b) Vinna gegn gróðurskemmdum og gróðurrýrnun.
c) Koma beit og annarri gróðurnýtingu hvarvetna í það horf, að gróðri fari fram.
d) Tryggja að skóglendi rýrni ekki og bæta þau sem skaðast hafa.
e) Rækta nýja skóga til fegrunar, nytja, skjóls, útivistar og til jarðvegs- og gróðurverndar.
f) Stuðla að endurgræðslu örfoka og ógróinna landa, sem unnt er að breyta í gróðurlendi.
g) Efla rannsóknir til að treysta sem best grundvöll og öryggi þeirra framkvæmda, sem unnið verður að skv. framanskráðu.

Ein meginforsenda fyrir árangri í landgræðslu og gróðurvernd er, að búfjárbeit verði innan þeirra marka, sem beitarþol og ástand gróðurs leyfir.

Samkvæmt lögum um landgræðslu er gróðureftirlit eitt af verkefnum Landgræðslu ríkisins og skal unnið gegn ofnýtingu gróðurs og hvers konar skemmdum á gróðurlendi. Fram að þessu hefur á vegum landgræðslunnar hvorki verið unnt að sinna gróðureftirliti né beitarstjórnun sem skyldi, enda ekki fengist heimild til að ráða menn til þeirra starfa.

Nefndin er þess fullviss, að ástand gróðurs á hálendi og sums staðar á láglendi sé þannig, að fylgjast verði nánar með honum og hafa meiri stjórn á nýtingu gróðursins en aðstaða hefur verið til. Tillögur nefndarinnar byggjast m. a. á því, að gróðureftirlitsmaður hefji störf hið fyrsta hjá Landgræðslu ríkisins.

Með aukinni beitarstjórnun vinnst margt, m. a. endurnýjun gróðurs og meiri hagkvæmni við landgræðslu og búskap. Til að ná markvissum árangri í beitarstjórn, þarf hún að byggjast á rannsóknum á beitarþoli og ástandi gróðurs á hverjum tíma.

Samkvæmt lögum um landgræðslu skulu gróðurverndarnefndir starfa í hverri sýslu landsins. Sumar þessara gróðurverndarnefnda hafa orðið til verulegs gagns við að koma meðferð og nýtingu afréttarlanda í það horf sem hæfir, en aðrar eru lítt virkar, þannig að þörf er á að efla starf þeirra og hlut búnaðarsambandanna.

Nefndin telur nauðsynlegt, að gróðurverndarnefndir starfi einnig í öllum kaupstöðum og hafi nána samvinnu við gróðureftirlit Landgræðslu ríkisins.

Til þessa hefur ítölu aðeins verið komið á í einum afrétti. Unnið er að gerð ítölu fyrir nokkra hreppa og hefur það verk staðið lengi, einkum vegna skorts á grunnkortum af láglendi.

Nefndin leggur áherslu á, að svo fljótt sem ástæður leyfa verði komið á ítölu fyrir landið allt, en meðan þeim áfanga er ekki náð, verði heimilt að takmarka tímabundið beitarálag á svæðum, sem teljast ofsetin að mati gróðureftirlitsmanns. Heimildir til slíks eru ekki fullnægjandi í núgildandi löggjöf og leggur nefndin til, að lög nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. og lög nr. 17/1965 um Landgræðslu ríkisins verði endurskoðuð og samræmd með tilliti til þess.

Nefndin er sammála um að flokka varnir gegn landbroti af völdum vatna og sjávar undir landverndarframkvæmdir, sem rétt sé að ætla fjárveitingu með öðrum liðum áætlunarinnar.

Þeim tilmælum hefur verið beint til Landgræðslu ríkisins, að hafinn verði undirbúningur að áætlunargerð í þessu skyni, þannig að hægt verði að leggja fram tillögur um fjárveitingar á þeim tíma, sem unnið er að gerð fjárlagafrumvarps hjá Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Skipting fjárveitinga til aðila landgræðsluáætlunar:

Verkefni samkvæmt töluliðum 1—5 að framan:

I. Viðfangsefni Landgræðslu ríkisins:	%	Þús.
1. Almenn gróðurvernd og landgræðsla (stöðvun sandfoks og gróður- og jarðvegseyðingar)		
a. Uppgræðsla	55,0	22.220
b. Nýjar girðingar	10,0	4.040
c. Rofabörð og jarðvegssár	6,2	2.505
2. Landgræðsluáveitur	6.2	2.505
3. Öflun fræs og frærækt	3,0	1.212
4. Bætt aðstaða til áburðarflugs	3,4	1.374
5. Gróðureftirlit	2,0	808
6. Til gróðurverndar gegn mótframlagi	14,2	5.736
	100,0	40.400

II. Viðfangsefni Skógræktar ríkisins:	%	Þús.
1. Friðun lands til skógræktar og gróðursetning hjá Skógrækt ríkisins	43,0	4.085
2. Héraðsskógræktaráætlanir	22,0	2.090
3. Skógrækt á útivistarsvæðum í nánd við þéttbýli	15,0	1.425
4. Rannsóknarþættir:		
a. Samanburðarrannsóknir á birkikvæmum o. fl.		
b. Þreskibúnaður og annað til fræöflunar	10,0	950
5. Stofnkostnaður vegna umferðarvinnuflokks í skógrækt	10,0	950
	100,0	9.500

III. Viðfangsefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins:	%	Þús.
1. Nýting beitilanda	40	2.060
2. Orsakir og eðli gróður- og jarðvegseyðingar	8	412
3. Gróður- og jarðakort	17	876
4. Plöntur og aðferðir til landgræðslu	10	515
5. Vistfræðirannsóknir	10	515
6. Rannsóknir á vetrarþoli plantna	10	515
7. Frærannsóknir	5	257
	100	5.150

IV. Varnir gegn ágangi vatna og sjávar:	%	Þús.
1. Fyrirhleðslur	82,7	12.000
2. Sjóvarnargarðar	17,3	2.500
	100,0	14.500

V. Samvinnuverkefni og stuðningur við samtök áhugamanna:	%	Þús.
1. Fræræktt	15	251
2. Skjólbelti	20	335
3. Úttekt árangurs	25	419
4. Skógræktarfélag Íslands	20	335
5. Landvernd	20	335
	100	1.675

Mælt er með að landbúnaðarráðherra skipi nefnd, sem skipuð verði einum manni frá hverjum þingflokki skv. tilnefningu, auk formanns án tilnefningar. Nefnd þessari verði falið að fylgjast með ákvörðunum og framkvæmd landgræðsluáætlunar, sem forstöðumenn stofnana þeirra sem aðild eiga að áætluninni, auk fulltrúa sem Búnaðarfélag Íslands tilnefnir, sjá að öðru leyti um framkvæmd á.

Nefndin telur nauðsynlegt, að fylgst verði stöðugt með árangri af framkvæmd landgræðsluáætlunar og aflað sem öruggastra upplýsinga þar að lútandi.

Lagt er til, að Náttúrufræðistofnun Íslands, í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, verði falið að annast það starf. Niðurstöður slíkra úttekta verði lagðar árlega fyrir Alþingi og landbúnaðarráðuneytið.

Þar sem gerð er tillaga um fimm ára áætlun, telur nefndin rétt, að hún verði endurskoðuð, þegar þrjú ár eru liðin af framkvæmdatímabilinu, m. a. með tilliti til þess, hvort ástæða sé til þess að breyta verkefnalista.

Nefndin leggur áherslu á, að aðrar fjárveitingar til stofnana, sem aðild eiga að framkvæmd landgræðsluáætlunar, lækki ekki hennar vegna.

Ed. 185. Frumvarp til laga [152. mál]

um viðbótarlán til íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Við 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Tekinn verði upp hjá innlánsstofnunum sérstakur útlánaflokkur — viðbótarlán til íbúðabygginga og íbúðakaupa. Lán þessi skulu veitt til 20 ára og nema 200 000 kr. miðað við verðlag í desember 1981 og breytast með byggingarvísitölu ársfjórðungslega. Lánin beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 2—3% ársvexti. Lánin skulu veitt gegn fasteignaveði og skal hver sá einstaklingur, sem fengið hefur lánsvilyrði hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, eiga rétt á fullu láni, enda komi til fullnægjandi tryggingar. Heimilt er þó að veita lægra lán, ef lánþegi óskar þess sérstaklega í umsókn sinni.

Um framkvæmd þessa fer samkvæmt reglum, er bankastjórn Seðlabankans setur að höfðu samráði við stjórnir innlánsstofnana.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1982.

Greinargerð.

Megintilgangur þessa frumvarps er að gefa íbúðabyggjendum og íbúðakaupendum kost á langtímaláni í stað þeirra skammtímalána sem tíðkast hafa á undanförnum árum. Með því er fólki gert kleift að fjármagna íbúðabyggingar og íbúðakaup með eðlilegri hætti en hingað til. Frumvarpið gerir ráð fyrir að viðbótarlán þessi að upphæð 200 000 kr., komi að verulegu leyti í stað ýmiss konar skammtímalána sem eru lánþegum afar óhagstæð vegna þungrar greiðslubyrðar.

Á síðasta löggjafarþingi flutti Alþýðuflokkurinn frumvarp sem fjallaði að hluta til um sama efni en það varð þó ekki útrætt. Þar eins og hér var gert ráð fyrir að tekinn yrði upp nýr íbúðalánaflokkur til húsbyggjenda til viðbótar lánum Húsnæðisstofnunar.

Í framhaldi af frumvarpsflutningi Alþýðuflokksins ákvað ríkisstjórnin að grípa til skuldbreytingaaðgerðar fyrr á þessu ári. Sú aðgerð reyndist fálmkennt yfirklór, sem missti gjörsamlega marks, m. a. vegna losaralegrar framkvæmdar. Þannig má nefna að meðallánsfjárhæð skuldbreytingalánanna var um 58 þúsund krónur, en alls nam upphæðin 24 milljónum króna. Lánstíminn var um 8 ár.

Allir sjá hversu ónóg og ómerkileg þessi aðgerð reyndist.

Það eru sjálfsögð mannréttindi, að fólk geti búið í góðu húsnæði og þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því að standa undir eðlilegum greiðslum af húsnæði sínu. Því fer fjarri að svo sé við núverandi aðstæður. Úr því verður að bæta. Sú aðstaða, sem allur almenningur býr við í þessum efnum, er fyrir neðan allar hellur. Fólki er ætlað að mæta húsnæðisþörf sinni með skammtímalánum og vinnuþrældómi svo nemur oft 60—80% af íbúðarverði.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir viðbótarláni úr bankakerfinu að upphæð 200 þúsund krónur og lánstímanum 20 ár. Með þessu yrði lánafyrirgreiðsla vegna húsbygginga færð í eðlilegra horf og fólki þannig gert kleift að eignast þak yfir höfuðið án þess að sligast undir greiðsluoki skammtímalána. Sú lánsupphæð, sem íbúðakaupendur og íbúðabyggjendur ættu þannig rétt á, yrði síðan hækkuð í samræmi við byggingarvísitölu.

Raunvaxta- og verðtryggingarstefnan, sem nú er fylgt fyrir frumkvæði Alþýðuflokksins og aðrir flokkar játast undir í reynd, hefur aukið innlán í bönkunum. Svigrúm bankakerfisins til útlána hefur því vaxið. Á hinn bóginn hefur Alþýðuflokkurinn ævinlega lagt áherslu á að við framkvæmd verðtryggingarstefnu inn- og útlána yrði að lengja lánstíma og dreifa greiðslubyrði. Þennan þátt stefnunnar hefur ríkisstjórnin gersamlega vanrækt og með því skapað óbærilegar aðstæður hjá ungu fólki sem er að koma sér fyrir. Við svo búið má ekki standa. Til að framfylgja stefnumörkuninni í þessum efnum og bæta úr ríkjandi ófremdarástandi er þetta frumvarp flutt. Yrði þá lánshlutfall yfirleitt á bilinu 60—75% af verði þriggja herbergja íbúðar.

Þar sem hér er gert ráð fyrir viðbótarlánum úr bankakerfinu er rétt að minna á að bankakerfið hefur skyldum að gegna við alla landsmenn. Þróunin hefur hins vegar orðið sú, að stærstur hluti útlána fer til atvinnurekstrar. Leiða má að því rök að atvinnurekendur og ríkisvald hafi betri aðstöðu til þess en almennt launafólk að þrýsta á hagsmuni sína í bankakerfinu. Þess vegna er ástæða til þess fyrir hina lýðkjörnu fulltrúa, sem skipa Alþingi, að tryggja sérstaklega hagsmuni almennings í samskiptum við bankakerfið og setja reglur um það, hverjar séu lágmarksskyldur bankakerfisins við almennt launafólk.

Réttur launafólks til lánafyrirgreiðslu í bankakerfinu helgast enn frekar af því, að um það bil $^3/_4$ hlutar innlána eru frá einstaklingum, en einungis $^1/_4$ hluti frá fyrirtækjum. Í útlánum hafa fyrirtækin hins vegar $^3/_4$ hluta, en einstaklingar $^1/_4$ hluta. Er ekki nema eðlilegt að einstaklingarnir, sem eiga mestan hluta þess fjár sem bankakerfið fær til ráðstöfunar, hafi rétt til ákveðinnar lágmarksfyrirgreiðslu af hálfu bankanna.

Hitt verður jafnframt að hafa í huga, að verði ekki komið á eðlilegri lánafyrirgreiðslu til íbúðabygginga mun húsnæðisskortur fara sívaxandi á komandi misserum og árum.

Þetta frumvarp hefur þannig þríþættan tilgang:

1) að veita eðlilega lánafyrirgreiðslu til húsnæðisútvegunar,
2) að tryggja eðlilegan rétt alls almennings, sem sannanlega leggur fram stærsta hluta sparifjárins í bönkunum, gagnvart bankakerfinu,
3) að koma í veg fyrir yfirvofandi húsnæðisskort, ef svo fer fram sem horfir.

Sþ. 186. Breytingartillögur [149. mál]

við till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.

Frá Eggert Haukdal og Guðmundi Karlssyni.

1. 1. liður orðist svo:
   Samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjun verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu og í framhaldi af því stækkun þeirra stöðva, sem fyrir eru, eftir þörfum til þess að ná sem mestri orkuvinnslugetu.
2. 2. liður orðist svo:
   Eftir því sem orkunýting gefur tilefni til verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Hrauneyjafossvirkjun Blönduvirkjun, samkv. virkjunarkosti 1 og samhliða henni Sultartangavirkjun.
3. 3. liður orðist svo:
   Unnið verði áfram að rannsóknum og hönnun Fljótsdalsvirkjunar. Framkvæmdir við hana verði hafnar svo fljótt sem hagkvæmt þykir.
4. 6. liður falli niður.

Sþ. 187. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá fjárveitinganefnd.

	Kr.
1. Við 4. gr. 01 102 Þjóðhagsstofnun.	
a. 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „20 000“ kemur	150 000
b. 0 Sértekjur.	
Fyrir „2 482 200“ kemur	2 547 200
2. Við 4. gr. 02 331 Íþróttakennaraskóli Íslands. Nýr liður:	
4 Viðhald	150 000
3. Við 4. gr. 06 283 Fangamál, ýmis kostnaður. Nýr liður:	
0109 Vistun kvenfanga	326 000
4. Við 4. gr. 07 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.	
Fyrir „26 730 000“ kemur	28 140 000
5. Við 4. gr. 08 381 0305 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi.	
Fyrir „1 150 000“ kemur	1 500 000
6. Við 4. gr. 08 381 0312 Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi.	
Fyrir „780 000“ kemur	1 000 000

7. Við 4. gr. 10 333 0111 Landshöfn Keflavík — Njarðvík.
   Fyrir „1 500 000“ kemur 2 000 000
8. Við 4. gr. 11 201 Iðntæknistofnun Íslands.
   a. 20 Laun.
      Fyrir „7 674 300“ kemur 7 974 300
   b. 2 Önnur rekstrargjöld.
      Fyrir „3 726 700“ kemur 3 926 700
   c. 0 Sértekjur.
      Fyrir „4 142 100“ kemur 4 292 100
9. Við 5. gr. 27 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.
   a. 983 Fjárfestingar.
      Fyrir „26 730 000“ kemur 28 140 000
   b. 995 Ráðstöfun eigin fjár.
      Fyrir „26 730 000“ kemur 28 140 000
10. Við 5. gr. 30 334 Landshöfn Keflavík — Njarðvík.
   a. 983 Fjárfestingar.
      Fyrir „2 408 300“ kemur 2 908 300
   b. 995 Ráðstöfun eigin fjár.
      Fyrir „1 866 400“ kemur 2 366 400

Sþ. 188. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá Karvel Pálmasyni.

Kr.

1. Við 3. gr. 0100 Eignarskattur einstaklinga.
   Fyrir „93 000 000“ komi 75 000 000
2. Við 3. gr. 0117 Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.
   Fyrir „32 100 000“ komi 16 100 000
3. Við 3. gr. 0120 Tekjuskattur einstaklinga.
   Fyrir „938 500 000“ komi 746 500 00
4. Við 3. gr. 0300 Söluskattur.
   Fyrir „2 584 900 000“ komi 2 457 900 000
5. Við 3. gr. 0510 Rekstrarhagnaður ÁTVR.
   Fyrir „522 000 000“ komi 562 000 000
6. Við 4. gr. 04 172 Jarðasjóður.
   Fyrir „802 000“ komi 2 802 000
7. Við 4. gr. 04 288 Framlög samkvæmt jarðræktarlögum.
   a. 0101 Jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur.
      Fyrir „29 100 000“ komi 20 100 000
   b. 0102 Framræsla.
      Fyrir „4 000 000“ komi 2 000 000
   c. 0103 Nýjar búgreinar og hagræðing.
      Fyrir „9 716 000“ komi 14 716 000
8. Við 4. gr. 04 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.
   Fyrir „160 000 000“ komi 136 000 000

9. Við 4. gr. 05 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða.
   a. 20 Laun.
      Fyrir „11 317 900“ komi 7 317 900
   b. 2 Önnur rekstrargjöld.
      Fyrir „3 535 600“ komi 2 535 600
10. Við 4. gr. 06 252 Bifreiðaeftirlit ríkisins.
   a. 20 Laun.
      Fyrir „8 527 800“ komi 5 527 800
   b. 2 Önnur rekstrargjöld.
      Fyrir „3 525 500“ komi 2 525 500
11. Við 4. gr. 09 989 Vegna launa- og verðlagsmála.
   94 Til einstaklinga og samtaka.
   Liðurinn falli niður.
12. Við 4. gr. 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.
   Fyrir „466 000 000“ komi 266 000 000

Sþ. 189. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 og við brtt. á þskj. 155.

I. Frá *Eiði Guðnasyni, Árna Gunnarssyni, Kjartani Jóhannssyni, Magnúsi H. Magnússyni* og *Sighvati Björgvinssyni.*
   Við 4. gr. 02 989. Nýr liður:
   0103 Sérstök viðurkenning til íþróttafélaga og afreksmanna í íþróttum skv. ákvörðun Alþingis 1 000 000

II. Frá *Albert Guðmundssyni.*
   Við 4. gr. 06 301 0125 Hið íslenska biblíufélag.
   Fyrir „115 000“ kemur 400 000

III. Frá *Birgi Ísl. Gunnarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Salome Þorkelsdóttur* og *Matthíasi Bjarnasyni.*
   1. Við 4. gr. 07 971 Erfðafjársjóður, framlag.
      Fyrir „9 000 000“ kemur 13 000 000
   2. Við 4. gr. 07 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.
      Fyrir „26 730 000“ kemur 31 800 000

IV. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur, Árna Gunnarssyni, Magnúsi H. Magnússyni, Vilmundi Gylfasyni* og *Eiði Guðnasyni.*
   1. Við 4. gr. 07 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta.
      a. 0103 Svæðisstjórnir.
         Fyrir „112 000“ kemur 1 000 000
      b. 0104 Sambýli.
         Fyrir „464 000“ kemur 2 000 000

c. 0105 Verndaðir vinnustaðir.
Fyrir „350 000“ kemur 1 000 000

2. Við brtt. 155, 125. — Við 4. gr. 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.
Fyrir „2 137 900 000“ kemur 2 139 900 000

V. Frá *Albert Guðmundssyni.*
Við 4. gr. 09 0103 Til blaðanna o. s. frv.
Liðurinn fellur niður.

VI. Frá *Þorv. Garðari Kristjánssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Halldóri Blöndal, Jósef H. Þorgeirssyni, Karvel Pálmasyni, Salome Þorkelsdóttur, Sigurði Óskarssyni* og *Sverri Hermannssyni.*
1. Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður.
a. 0103 Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum.
Fyrir „21 000 000“ kemur 34 000 000
b. 0112 Sveitarafvæðing.
Fyrir „2 700 000“ kemur 21 000 000
Til vara:
Fyrir „2 700 000“ kemur 15 500 000
2. Við 4. gr. 12 202 Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar.
Fyrir „30 000 000“ kemur 50 000 000

VII. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur, Árna Gunnarssyni, Magnúsi H. Magnússyni, Vilmundi Gylfasyni* og *Eiði Guðnasyni.*
Við brtt. 155,158.a. — Við 5. gr. 28 271 Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar, bætur. Liðurinn orðist svo:
— bætur, þar af 2 millj. kr. vegna hópskoðana Krabbameinsfélagsins 1 067 500 000

VIII. Frá *Eiði Guðnasyni, Árna Gunnarssyni* og *Benedikt Gröndal.*
Við 6. gr. Nýir liðir.
4.16 Að endurgreiða Ríkisútvarpinu söluskatt af auglýsingum.
4.17 Að fella niður aðflutningsgjöld af tækjum og búnaði til endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps.

IX. Frá *Eiði Guðnasyni* og *Benedikt Gröndal.*
Við 6. gr. Nýr liður.
7.7. Að breyta vanskilaskuldum Skallagríms h.f. vegna Akraborgar í föst lán.

Nd. 190. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Á eftir 68. gr. komi nýr kafli sem verði XIII. kafli með heitinu: — **Fylgirit með ríkisreikningi** — með tveimur nýjum greinum sem orðist svo:

69. gr. Með ríkisreikningi skal leggja fram greinargerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar um forsendur fjárlaga ársins og breytingar á þeim forsendum. Einnig skal gerð grein fyrir þróun verðlags, launa og annarra helstu þátta í efnahagslífinu sem áhrif höfðu á niðurstöður ríkisreiknings.

Yfirlit fylgi um aukafjárveitingar ásamt fullnægjandi skýringum. Sýna skal sérstakt yfirlit um frávik ríkisreiknings og samþykktra fjárveitinga, þ. e. fjárlaga, ásamt aukafjárveitingum. Frávikin skulu skýrð sérstaklega og flokkuð eftir einstökum ráðuneytum, stofnunum og verkefnum.

70. gr. Með ríkisreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað og risnukostnað einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. **Launagreiðslur:**
   a) Heildarlaunagreiðslur.
   b) Föst yfirvinna.
   c) Önnur yfirvinna.
   d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

II. **Bifreiðakostnaður:**
   a) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
   b) Notkun bílaleigubifreiða.
   c) Notkun leigubifreiða.
   d) Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. **Risnukostnaður:**
   a) Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
   b) Risna greidd samkvæmt reikningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að ná fram virkara aðhaldi og eftirliti með fjármunum ríkisins og framkvæmd fjárlaga.

Það er skoðun flutningsmanns þessa frumvarps, að ríkisreikningurinn sé ekki þannig úr garði gerður að Alþingi geti sinnt eftirlitshlutverki sínu með útgjöldum ríkisins og haldið uppi nauðsynlegu aðhaldi og sparnaði í ríkisrekstrinum.

Meginviðfangsefni Alþingis hverju sinni er afgreiðsla fjárlaga, enda eru með samþykkt þeirra teknar ákvarðanir um hvernig verja skuli því fjármagni sem til skiptanna er til ýmissa opinberra útgjalda, framkvæmda og viðfangsefna í ríkisrekstrinum.

Verkefni Alþingis hlýtur einnig að vera að gegna eftirlitshlutverki með þessu fjármagni, enda lokaniðurstöður hvers fjárlagaárs samþykktar á Alþingi með framlagningu ríkisreiknings og frumvarps þar að lútandi.

Til þess að fjárlögin geti verið virk sem hagstjórnartæki er það grundvallaratriði, að í gerð ríkisreiknings, sem sýnir raunveruleg ríkisútgjöld liðins fjárlagaárs, komi fram glöggar upplýsingar um öll frávik frá fjárlögum og greinargóðar skýringar á öllum hækkunum og öðrum breytingum sem orðið hafa á einstökum fjárlagaliðum.

Í núverandi mynd sýnir ríkisreikningur aðeins samandregna stærstu útgjaldaliði og fjármunahreyfingar samanborið við fjárlög liðins árs.

Í A-hluta ríkisreiknings er skipting stærstu rekstrarliða sundurgreind á eftirfarandi hátt:

1. Laun og ýmis starfsmannaútgjöld.
2. Ýmis rekstrarútgjöld.
3. Viðhald.
4. Vaxtagjöld.
5. Gjaldfærður stofnkostnaður.
6. Sértekjur stofnunar til frádráttar.

Á hliðstæðan hátt er einnig gróf sundurliðun útgjaldaliða í B-hluta ríkisreiknings.

Fjárlög eru einnig sundurliðuð með sama hætti.

Í ríkisreikningi koma ekki fram neinar skýringar á frávikum sem fram koma á reikningnum annars vegar og fjárlögum hins vegar. Gefur auga leið að slíkt fyrirkomulag er alls óviðunandi. Eftirlit Alþingis með fjármunum ríkissjóðs verður næsta óvirkt og erfitt í framkvæmd þegar ekki fylgja skýringar á frávikum, þannig að alþingismenn og þeir sem um fjármál ríkisins fjalla, geti metið eðli og réttmæti þeirra breytinga sem orðið hafa á endanlegri niðurstöðu hvers fjárlagaárs.

Ekki síst er slíkra skýringa þörf þegar fjárlögin eru oft reist á hæpnum forsendum og spám um verðlagsþróun, og rennir ríkisreikningur í mörgum tilfellum stoðum undir það. Sýna niðurstöður útgjalda margra stofnana og verkefna svo stór frávik að ekki verður lengur við unað að Alþingi fái ekki fullnægjandi skýringar og greinargóðar röksemdir í ríkisreikningi á frávikum ríkisreiknings frá fjárlögum, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir.

Tekin skulu hér nokkur dæmi úr ríkisreikningi fyrir árið 1978 er sýna þennan mismun. Skylt er að undirstrika að þau eru valin af handahófi úr ríkisreikningnum, og finna mætti þar fleiri hliðstæð dæmi, bæði úr þessum ríkisreikningi og öðrum.

	Hækkun frá fjárlögum
Menntamálaráðuneytið, yfirstjórn	245 millj. gkr. eða 111%
Utanríkisráðuneytið, yfirstjórn	141 millj. gkr. eða 61%
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, yfirstjórn	96 millj. gkr. eða 110%
Viðskiptaráðuneytið, yfirstjórn	36 millj. gkr. eða 70%
Iðnaðarráðuneytið, yfirstjórn	32 millj. gkr. eða 66%
Fjármálaráðuneytið, yfirstjórn	98 millj. gkr. eða 37%
Skipaútgerð ríkisins	277 millj. gkr. eða 60%
Flugmálastjórn	562 millj. gkr. eða 74%
Vegagerðin	1 972 millj. gkr. eða 153%
Póstur og sími	1 579 millj. gkr. eða 14%
Á.T.V.R.	1 700 millj. gkr. eða 52%

	Hækkun frá fjárlögum
Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarfirði	187 millj. gkr. eða 72%
Bæjarfógetinn í Kópavogi	160 millj. gkr. eða 102%
Þjóðleikhúsið	326 millj. gkr. eða 65%
Sinfóníuhljómsveitin	100 millj. gkr. eða 53%
Ríkisútvarpið/hljóðvarp	274 millj. gkr. eða 33%

Með þessum dæmum er því engan veginn haldið fram, að á þeim geti ekki verið viðhlítandi skýringar.

Rökstuddar greinargerðir og skýringar á svona umtalsverðum hækkunum hlýtur þó að vera nauðsynlegt að leggja fyrir Alþingi, sem er sá aðili sem á að hafa eftirlit og aðhald með fjármunum ríkisins. Að öðrum kosti er ekki hægt að meta réttmæti þeirra frávika sem fram koma á ríkisreikningi frá fjárlögum.

Skýringar geta vitaskuld verið margvíslegar og má leiða líkur að því, að oft sé um að ræða að fjárlagagrunnurinn sé vanmetinn, auk ýmissa annarra þátta sem áhrif geta haft á niðurstöður útgjalda á ríkisreikningi.

Nefna má áhrif ýmissa heimildarákvæða í fjárlögum, auk þess sem lánsfjárlög hafa áhrif á nokkra þætti í niðurstöðum ríkisreiknings.

Einnig hljóta nýjar lagasetningar í mörgum tilfellum að hafa áhrif á bæði útgjalda- og tekjuliði í ríkisreikningi.

Gildi kostnaðarmats vegna áhrifa nýrra lagasetninga, sem skýringar kæmu fram á í ríkisreikningi, hlýtur einnig að vera ótvírætt. Á það ber að leggja áherslu.

Þó framangreindir þættir geti m. a. skýrt að verulegu leyti niðurstöður ríkisreiknings, þá gætu líka komið inn fleiri þættir, eins og útgjaldaliðir sem ekki liggja heimildir fyrir.

Kjarni þessa frumvarps er að fá alla þá þætti, sem áhrif höfðu til breytinga á niðurstöðu ríkisreiknings frá fjárlögum, sundurliðaða og skýrða. Þannig er hægt að meta eðli og réttmæti breytinga sem orðið hafa frá fjárlögum á endanlega niðurstöðu fjárlagaársins.

Þær skýringar hljóta einnig að hafa verulegt gildi og vera nauðsynlegar bæði við undirbúning fjárlaga og afgreiðslu þeirra á Alþingi.

Algengast virðist að forsendur fjárlaga séu reistar á spá um þróun verðlags eða öllu heldur nú einhvers konar reiknitölu miðað við síðustu fjárlög, og sýnir ríkisreikningur að fjárlagagrunnurinn er oft stórlega vanmetinn hjá mörgum stofnunum, ráðuneytum og verkefnum.

Ljóst er að ef fjárveitingarvaldinu á að vera kleift að taka að einhverju leyti mið af niðurstöðum ríkisreiknings og draga ályktanir af honum við fjárlagagerð, þá verða þær upplýsingar að liggja fyrir sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Það er ekki nægjanlegt, að fjárlaga- og hagsýslustofnun og ef til vill yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafi einhvern aðgang að slíkum upplýsingum og geti á þeim byggt.

Ekki síður er nauðsynlegt að alþingismenn, sem endanlega samþykkja ríkisreikning og fjárlögin og bera þannig ábyrgð á þeim, hafi beinan og aðgengilegan aðgang að slíkum upplýsingum. Ætla mætti að það stuðlaði að raunhæfari fjárlagagerð og tryggði betur að verið sé að samþykkja fjárlög sem byggist á traustari grunni en nú er raunin.

Það fyrirkomulag ætti einnig að tryggja frekar að ekki þyrftu í eins miklum mæli að koma til aukafjárveitingar, sem segja má að séu nær alfarið í höndum framkvæmdavaldsins, því að löggjafarvaldið stendur frammi fyrir gerðum hlut í því efni.

Allt ber því að sama brunni varðandi þá tillögu sem lögð er fram í þessu frumvarpi. Kæmist slík skipan á sem frumvarpið gerir ráð fyrir mundi það auðvelda allt mat á forsendum við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga, — auðvelda alla áætlanagerð og tryggja betra eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Þjóðin heyrir stjórnmálamenn oft tala um sparnað og aðhald í ríkisrekstri — og skera þurfi niður fjárveitingar í ríkisrekstrinum. Möguleikar stjórnmálamanna til að meta slíkt og hvar bera eigi niður hljóta að byggjast á þeim upplýsingum, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Gildi þess fyrir þá, sem með fjármál ríkisins fara, bæði löggjafar- og framkvæmdavald, er því ótvírætt, enda mun það tryggja mun betur nauðsynlegt aðhald og eftirlit með því opinbera fé, sem Alþingi ber ábyrgð á.

Um nýja 69. gr.

Þegar meta á frávik fjárlaga frá ríkisreikningi er nauðsynlegt að fram komi greinargerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar, bæði forsendur þær, sem fjárlagafrumvarpið var reist á, og forsendur þeirra breytinga, sem fjárlagafrumvarpið tók í meðförum Alþingis. Á sama hátt er nauðsynlegt að fram komi þróun verðlags, launa og annarra helstu þátta efnahagslífsins, sem áhrif höfðu á niðurstöðutölur fjárlagaársins.

Í greininni kemur einnig fram, að frávik fjárlaga og ríkisreiknings skuli sýnd á sérstöku yfirliti og skýrðar skuli sérstaklega þær forsendur, sem frávikin byggðust á hjá einstökum ráðuneytum, stofnunum og verkefnum.

Mikilvægt er einnig að fram komi sundurliðun á öllum aukafjárveitingum og forsendur þeirra ítarlega rökstuddar. Sérstök sundurliðun á frávikum ríkisreiknings frá samþykktum fjárveitingum er einnig nauðsynleg til að greinilega komi fram ef um mismun er að ræða á ríkisreikningi og fjárlögum umfram fjárveitingar. Þessar sundurliðanir er nauðsynlegt að fá fram til að meta eðli og réttmæti allra frávika á ríkisreikningi frá fjárlögum.

Um nýja 70. gr.

Mikilvægur þáttur í öllu aðhaldi í ríkisrekstri er m. a. nákvæmt eftirlit með launagreiðslum, bifreiðakostnaði og risnukostnaði, sem er snar þáttur í ríkisútgjöldum.

Meta þarf hagkvæmni þess í ríkisrekstrinum, hvort aðhald í stöðuveitingum skapi óeðlilega mikla yfirvinnu hjá einstökum stofnunum eða ráðuneytum. Nauðsynlegt er einnig að fá fram hve föst yfirvinna er ákvarðandi þáttur í launakerfi ríkisins.

Samanburður á hagkvæmni í rekstri ríkisbifreiða á móti greiðslum fyrir notkun bílaleigubifreiða, leigubifreiða eða greiðslna fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna er tvímælalaust nauðsynlegur þegar meta á hagkvæmni í rekstri.

Sundurliðað yfirlit yfir helstu útgjaldaliði í risnukostnaði og til hvaða aðila í ríkiskerfinu er nauðsynlegur þáttur í eftirliti og aðhaldi og þarfnast vart frekari skýringa.

Sþ. 191. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um samúð og stuðning við pólsku þjóðina.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að lýsa yfir samúð Íslendinga með pólsku þjóðinni og stuðningi við mannréttindabaráttu frjálsra pólskra verkalýðssamtaka og harmar algera valdatöku kommúnistaflokksins og hersins í Póllandi.

Slík valdbeiting og ofbeldi í skjóli erlends valds kemur í veg fyrir friðsamlega þróun í lýðræðisátt, sem hafin var í Póllandi, og kann að leiða til blóðugra átaka með hörmulegum afleiðingum, um leið og friði í Evrópu er stofnað í hættu.

Á örlagastundu óska Íslendingar þess af einlægni, að Pólverjar fái aukin réttindi og taki sjálfir ákvarðanir um framtíð sína í frjálsum kosningum á grundvelli opinna umræðna en séu ekki sviptir mannréttindum með valdbeitingu og ógnun um innrás.

Nd. 192. Frumvarp til laga [155. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I. KAFLI

Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

2. gr.

Nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skulu njóta námsaðstoðar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Lánasjóði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim sem tilgreindir eru í 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda hafi námsmenn þessir náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán eru veitt og stundi sérnám.

Þrátt fyrir skilyrði 1. gr. er Lánasjóði heimilt að veita fjárhagsaðstoð til náms erlendis, verði hliðstætt nám ekki stundað á Íslandi.

3. gr.

Opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett í reglugerð.

Þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar samkvæmt lögum þessum, skulu eiga kost á aðild að lífeyrissjóði samkvæmt sérstakri reglugerð. Lánasjóður skal standa hlutaðeigandi lífeyrissjóði skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu er telst viðbót við lán eins og það annars reiknast.

4. gr.

Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig:

Einn skv. tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn skv. tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn skv. tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn skv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar.

Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúar námsmanna sem skipaðir eru til tveggja ára.

Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn ræður annað starfsfólk að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. ákvæði laga nr. 97/1974.

5. gr.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán.
2. Að annast úthlutun námsstyrkja samkvæmt II. kafla laga þessara.
3. Að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana.
4. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð.

Útborgun lána, innheimtu vaxta og afborgana og aðra daglega afgreiðslu er stjórn sjóðsins heimilt að fela bankastofnun. Bókhaldi skal haga skv. fyrirmælum ríkisbókhalds, sbr. lög nr. 52/1966.

Árlegur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

II. KAFLI

Um námslán og námsstyrki.

6. gr.

Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári. Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum víxillán, sbr. 4. mgr. 7. gr.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju misseri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem nám er stundað. Þó skal námsaðstoð ekki veitt nema framvinda náms sé með eðlilegum hætti.

Námsmenn þeir sem fá lán úr sjóðnum skulu undirrita skuldabréf við lántöku og leggja fram yfirlýsingu eins manns um það að hann taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt verðtryggingu þess, sbr. þó 3. mgr. 7. gr. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum ábyrgðarmenn skulu fullnægja.

7. gr.

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölu eða útreikningi hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur skv. nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Ísland tilnefnir einn mann, Hæstiréttur annan en hagsýofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Endurgreiðsla lána hefst þremur árum eftir námslok en sjóðsstjórnin skal skilgreina nánar hvað telja beri námslok í þessu sambandi. Ári eftir námslok skal námsmanni tilkynnt upphæð heildarskuldar og sú vísitala sem samsvarar raungildi hennar. Ábyrgð ábyrgðarmanns skv. 3. mgr. 6. gr. fellur niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið greidd. Eftir það er lánþegi einn ábyrgur fyrir greiðslu heildarskuldar.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum námsaðstoð til bráðabirgða með víxilkaupum geng venjulegum víxilvöxtum, sbr. 1. mgr. 6. gr., til að greiða tímabundinn námskostnað, enda fullnægi námsmenn almennum skilyrðum til námsaðstoðar. Víxlarnir skulu annaðhvort endurgreiðast í reiðufé eða með námsaðstoð sem veitt verður síðar skv. almennum reglum.

8. gr.

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Föst ársgreiðsla er kr. 1 200 miðað við lánskjaravísitölu 135 nema eftirstöðvar láns, ásamt verðbótum, séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðsla miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 3,75% margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Frá þessum hundraðshluta af útsvarsstofni dregst fasta greiðslan skv. 2. mgr.

Endurgreiðslum skal ljúka ekki síðar en 30 árum eftir að þær hefjast og eru eftirstöðvar lánsins þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr. um vanskil og vantalningu tekna. Endurgreiðslur skulu standa yfir í 5 ár hið skemmsta, þó þannig að það skerði ekki fasta greiðslu skv. 2. mgr.

Stjórn Lánasjóðs er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 2. og 3. mgr. ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum lánþega milli ára, t. d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórninni er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá fastri ársgreiðslu skv. 2. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Lánþegi er sækir um undanþágu skv. 5. mgr. skal leggja fyrir sjóðsstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta. Undanþága frá árlegri endurgreiðslu getur verið annaðhvort að hluta eða öllu leyti, eftir atvikum.

Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

9. gr.

Hverri árlegri endurgreiðslu skal skipt á höfuðstól og verðbætur í hlutfalli, annars vegar við lánskjaravísitölu við lántöku sbr. 1. mgr. 7. gr. og hins vegar hækkun vísitölu fram að þeim tíma þegar endurgreiðsla er innt af hendi.

Endurgreiðslur sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast falla sjálfkrafa niður.

Endurgreiðslur eru lögtakskræfar ef um vanskil er að ræða. Sama máli gegnir um eftirstöðvar námslána sem felld eru í gjalddaga skv. 11. gr.

10. gr.

Verði á endurgreiðslutíma námslána breytingar á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst útsvarsstofn frá því sem er við gildistöku laga þessara skal viðbótargreiðsla skv. 3. mgr. 8. gr. reiknuð af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefnir einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan, en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns sem geri árlegar endurgreiðslur hvers lánþega sem líkastar því og orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

Sé skattþegni áætlaður útsvarsstofn skal miða við hann. Komi í ljós innan þeirra tíma-

marka er getur í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 40/1978 að útsvarsstofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnistæðum.

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og haga árlegum endurgreiðslum í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki er unnt að sannreyna útsvarsstofn samkvæmt því skal stjórn Lánasjóðs áætla honum ríflegan útsvarsstofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu. Komi í ljós að áætlun þessi sé röng eiga ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eða 11. gr. við.

11. gr.

Verði veruleg vanskil á endugreiðslu námslána skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Sömu heimild hefur sjóðsstjórn ef í ljós kemur að viðbótargreiðslur skv. 3. mgr. 8. gr. hafa verið verulega lægri en vera bar vegna þess að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu. Sú hækkun sem verður á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótargreiðslu sem hækkuð er. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. eiga ekki við um þessa hækkun.

12. gr.

Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. og 2. gr. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað.

Fé því sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja skal m. a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám sem ekki verður stundað hérlendis.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðsstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum styrk úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingarlöggjöf.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að námsmenn frá Norðurlöndum sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis skuli njóta námsaðstoðar samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu. Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra námsmanna sem eins er háttað um.

14. gr.

Umsækjendur um lán og styrki skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðsstjórnin telur máli skipta við ákvörðun námsaðstoðar. Innlendum námsstofnunum sem lög þessi taka til er skylt að láta Lánasjóði íslenskra námsmanna í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjanda.

Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

III. KAFLI
Um ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl.

15. gr.

Ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðsstjórn og endurskoðast af ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m. a. að því er varðar meginreglur um rétt til námsaðstoðar, ákvörðunaratriði varðandi fjárhæð hennar, ákvæði um útborgun lána með jöfnum mánaðargreiðslum o. s. frv.

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum hliðstætt gjald og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær til sinna nota af innritunargjaldi. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að Lánasjóðurinn innheimti gjald þetta þegar útborgun námsaðstoðar fer fram.

Sjóðsstjórn setur reglur um önnur atriði úthlutunar og skal árlega gefa út úthlutunarreglur sjóðsins, samþykktar af ráðherra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki.

Ákvæði til bráðabirgða.

1.

Ákvæði 3. gr. þessara laga tekur gildi í áföngum þannig að hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna hækkar úr 90 í 95% 1. janúar 1983 og úr 95 í 100% 1. janúar 1984.

2.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. um aðild námsmanna að lífeyrissjóði tekur gildi 1. janúar 1985 og skal stjórn Lánasjóðsins hafa sett fram áður tillögur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.

Hundraðshlutinn í 3. mgr. 8. gr. skal vera 3,5% fyrir þá sem fá meira en helming af raunvirði námslána sinna áður en 3. gr. laga þessara er að fullu gengin í gildi, sbr. bráðabirgðaákvæði 1.

4.

Ef lánþegi Lánasjóðs samkvæmt þessum lögum er jafnframt að inna af hendi greiðslur samkvæmt eldri lögum, dragast síðarnefndu greiðslurnar frá þeirri upphæð sem lánþega bæri annars að greiða samkvæmt þessum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem felur í sér endurskoðun á gildandi lögum um námslán og námsstyrki, nr. 57/1976, er samið af nefnd sem menntamálaráðherra skipaði vorið 1980 og skilaði áliti í október sama ár. Frv. er lagt fram sem stjórnarfrumvarp, efnislega að mestu óbreytt frá tillögum nefndarinnar, en með fyrirvara um einstök atriði, einkum að því er varðar ákvæði í 3. gr. um lífeyrissjóðsaðild námsmanna.

Einu efnisbreytingar frá þeirri gerð frumvarpsins sem nefndin skilaði er að finna í ákvæði til bráðabirgða (tölul. 1. og 2.). Þar er tímamörkum hnikað þannig að svigrúm til undirbúnings að framkvæmd nýrra reglna verði svipað og gert var ráð fyrir þegar tillögurnar voru lagðar fram.

Hér fer á eftir greinargerð sú er fylgdi tillögum nefndarinnar. Settar eru innan hornklofa örfáar breytingar sem gerðar eru m. a. til samræmis við ofangreindar breytingar á frv. Þá eru og **fjárhæðir tilgreindar í nýkrónum** en miðuðust eðlilega við gamlar krónur í álitsgerð nefndarinnar. Fylgiskjöl þau sem hér eru prentuð fylgdu einnig tillögum nefndarinnar. Breyting í nýkrónur hefur verið gerð í fskj. I en **ekki** í fskj. III og IV.

„Hinn 24. apríl [1980] skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög og reglur um námslán og námsstyrki.

Í nefnd þessari áttu sæti: Eiríkur Tómasson, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins, formaður; Pétur Reimarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, varaformaður; Einar Birgir Steinþórsson, tilnefndur af Bandalagi íslenskra sérskólanema; Friðrik Sophusson, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokksins; Guðrún Helgadóttir, tilnefnd af þingflokki Alþýðubandalagsins; Jón Ormur Halldórsson, tilnefndur af forsætisráðherra; Vilmundur Gylfason, tilnefndur af þingflokki Alþýðuflokksins; Þorgeir Pálsson, tilnefndur af Stúdentaráði Háskóla Íslands. Að auki áttu sæti í nefndinni, án atkvæðisréttar, Tómas Óli Jónsson, fulltrúi menntamálaráðherra, Þorsteinn Vilhjálmsson, fulltrúi stjórnar Lánasjóðs námsmanna og Auðunn Svavar Sigurðsson, fulltrúi Vöku, Félags lýðræðissinnaðra stúdenta við Háskóla Íslands. Sigurjón Valdimarsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs námsmanna starfaði einnig með nefndinni.

Nefndin hefur samið frumvarp til nýrra laga um námslán og námsstyrki er leysi af hólmi núgildandi lög nr. 57/1976. Í upphafi var það ætlun nefndarinnar að leggja fram frumvarp til breytinga á núgildandi lögum en síðar tók hún þann kost að semja heildstætt lagafrumvarp. Þótt sá kostur hafi orðið fyrir valinu er rétt að taka fram að aðaláherslan hefur verið lögð á það að endurskoða viss atriði laganna frá 1976 meðan önnur eru látin standa svo til óbreytt. Sést þetta glöggt á athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Vorið 1979 var lagt fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp til breytinga á lögunum frá 1976, en frumvarpið varð ekki útrætt. Meginatriði þessa frumvarps voru tvö, þ. e. að aðstoð sjóðsins skyldi nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegri reiknaðri fjárþörf og endurgreiðslum námslána yrði breytt allverulega, m. a. í því skyni að heildarendurgreiðslur til Lánasjóðs íslenskra námsmanna myndu örvast að mun. Meginatriði þess frumvarps sem nú er lagt fram eru þau sömu en frumvarpið er þó að nokkru leyti frábrugðið frumvarpinu frá 1979.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að námslán, sem hafa til skamms tíma numið 85% af reiknaðri fjárþörf námsmanna, hækki í 100% í þremur jöfnum áföngum, þannig að 100% markinu verði náð [1. janúar 1984[1])]. Fyrsta skrefið í þessa átt hefur þegar verið stigið með bréfi menntamálaráðherra til Lánasjóðsins, sem dagsett er 29/9 1980, þar sem veitt er heimild til þess að miða lánshlutfall við 90% af fjárþörf við úthlutun úr sjóðnum á haust-

1) Í tillögum nefndarinnar: „haustið 1982".

misseri 1980. Talið er að aukning á fjárþörf Lánasjóðs vegna hækkunar úr 90 í 95% og síðar úr 95 í 100% nemi um 9 milljónum nýkr. á verðlagi 1. júlí 1980.

Með lögunum frá 1976 voru námslán að fullu verðtryggð og þar með gengið út frá því að endurgreiðslur lánanna myndu skila sér allvel þrátt fyrir mikla verðbólgu. Samkvæmt útreikningum sem nefndin hefur látið gera er búist við því að endurgreiðslur verði 66% af raungildi lána miðað við að lánað sé 85% af fjárþörf námsmanna. Þá er ljóst að endurgreiðslur vaxa fyrst í stað tiltölulega hægt.

Á þessu tvennu er gerð grundvallarbreyting með því frumvarpi sem nú er lagt fram. Lagt er til að árleg endurgreiðsla af námsláni miðist við tiltekið hlutfall af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Árleg endurgreiðsla nemi þó aldrei lægri fjárhæð en 1 200 nýkr. miðað við verðlag 1. janúar 1980 en heimilt er að veita undanþágu frá þeirri lágmarksendurgreiðslu ef sérstaklega stendur á. Þá er gert ráð fyrir því að hámarksendurgreiðslutími verði þrjátíu ár í stað tuttugu ára, svo og að endugreiðslur skuli að jafnaði standa yfir í fimm ár hið skemmsta.

Hugmyndir þær um endurgreiðslur námslána, sem fram hafa komið hin síðari ár, hafa verið reistar á tvenns konar sjónarmiðum. Annars vegar á því sjónarmiði að námslán, eins og öll önnur lán, skuli greiðast með jöfnum afborgunum er taki svo til einvörðungu mið af lánsupphæðinni. Jafnframt voru sumir nefndarmanna þeirrar skoðunar að of skammt væri gengið í átt til fullrar endurgreiðslu lánanna og stefna hefði átt að 100% endurgreiðslum en ekki 88% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar hefur verið haldið fram því grundvallarsjónarmiði að námsaðstoð sé félagslegs eðlis og skuli greiðast til baka að því skapi sem námið nýtist lánþega til aukinna tekna að námi loknu. Þegar um er að ræða nám sem ekki nýtist til slíkrar tekjuöflunar sé eðlilegt að opinber aðstoð verði í reynd að hluta til styrkur, eins og víða tíðkast.

Í nefndinni kom fram tillaga þess efnis að taka ætti tillit til heildarupphæðar láns við námslok þegar endurgreiðsluhlutfall af útsvarsstofni lánþega væri ákveðið. Tillagan gerði ráð fyrir stighækkandi hlutfalli eftir því sem heildarskuld við námslok væri hærri og þannig var að nokkru leyti komið til móts við þau sjónarmið að taka ætti tillit til lánsfjárhæðar við árlegar endurgreiðslur. Í þessari tillögu var gert ráð fyrir því að lánþegar sem skulduðu innan við 40 þús. nýkr. við námslok ættu að greiða 3% af útsvarsstofni fyrra árs. Þeir, sem hefðu tekið 40—80 þús. nýkr. að láni, ættu að greiða 3½% og þeir, sem hærri lán hefðu tekið, skyldu greiða 4% og er þá miðað við upphæðir skv. lánskjaravísitölu 1. júlí 1980. Hlutfallstölurnar umreiknast skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til jafnlengdar á endurgreiðsluári. Með þessum hætti hefðu a. m. k. 85% lánþega greitt árlega lægra hlutfall en frumvarpið gerir ráð fyrir en lánþegarnir með hæstu lánin, þ. e. innan við 15% hefðu greitt 0,25 prósentustigi meira af tekjum sínum á endurgreiðslutímanum.

Einnig kom fram sú tillaga að árlegar endurgreiðslur skuli taka meira mið af greiðslugetu einstakra lánþega. Tillagan gerði ráð fyrir að hlutfall af útsvarsstofni færi stighækkandi með auknum tekjum. Gert var ráð fyrir að þeir sem höfðu lægri útsvarsstofn en 55 þús. nýkr. árið 1979 skyldu greiða 3,25% af útsvarsstofni. Þeir sem hins vegar höfðu hærri útsvarsstofn en 55 þús. nýkr. skyldu greiða 6,5% af því sem er umfram það mark. Hlutfallstölurnar umreiknast skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til jafnlengdar á endurgreiðsluári. Tekjumarkið 55 þús. nýkr. miðast við lánskjaravísitölu 1. júlí 1979 og umreiknast skv. breytingum á lánskjaravísitölu til jafnlengdar á tekjuöflunarárinu. Með þessu móti hefðu allir sem á árinu 1979 voru með útsvarsstofn lægri en 65 þús. nýkr. greitt lægri upphæð en ráð er fyrir gert í frumvarpinu og er þar um að ræða um 70% lánþega. Tillaga þessi hefur og þann kost fyrir ríkissjóð að endurgreiðslur koma örar inn en ef aðrar tillögur yrðu fyrir valinu.

Tillögur þessar áttu hvor um sig stuðning helmings nefndarmanna en flutningsmenn

töldu ekki rétt að kljúfa nefndina vegna ágreinings um tillögurnar enda á frumvarpið eftir að fá ítarlega meðferð á Alþingi.

Segja má að endurgreiðslurnar í þessu frumvarpi séu eins konar málamiðlun á milli fyrrnefndra sjónarmiða. Skv. útreikningum, sem telja verður fremur nákvæma, er því spáð að endurgreiðsluhlutfall vaxi úr 66% (miðað við 85% lán) í 88% (miðað við 100% lán) ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

Ekki er síður mikilvægt að endurgreiðslurnar munu vaxa allhratt þannig að innan tíu ára nemi endurgreiðslur lána um helmingi af fjárþörf Lánasjóðsins eins og hún yrði að óbreyttum lánareglum og óbreyttum fjölda lánþega.

Auk þeirra tveggja meginatriða frumvarpsins, sem lýst hefur verið hér að framan, gerir frumvarpið ráð fyrir nokkrum breytingum á efni gildandi laga. Helstu breytingarnar eru þessar:

1. Breytt verði orðalagi laganna um svokallaða „tuttugu ára reglu", þannig að niður falli það skilyrði að námsmaður „geti ekki að mati sjóðsstjórnar haldið áfram námi án slíkrar fjárhagsaðstoðar".
2. Námslán verði framvegis veitt gegn ábyrgðaryfirlýsingu eins ábyrgðarmanns í stað tveggja. Lánþegi beri síðan ábyrgð á greiðslu lána þegar endurgreiðslur hefjast.
3. Verðtrygging lánanna miðist framvegis við lánskjaravísitölu í stað vísitölu framfærslukostnaðar.
4. Endurgreiðslur lánanna verði lögtakskræfar ef um vanskil er að ræða.
5. Námsmönnum verði tryggð aðild að lífeyrissjóði og komi það atriði til framkvæmda [í ársbyrjun 1985[1])].

Að auki er að finna í frumvarpinu ýmsar minni háttar breytingar á efni og orðalagi laganna sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar.

Augljóst er að sumar breytinganna, sem fólgnar eru í frumvarpinu, svo sem 100% brúun á reiknaðri fjárþörf og aðild námsmanna að lífeyrissjóði, mun auka fjárþörf Lánasjóðsins. Sú aukning dreifist hins vegar á næstu 6—8 ár þar sem skuldbindingar Lánasjóðsins vegna lífeyrissjóðsaðildarinnar fer fyrst að gæta, svo að einhverju nemi, 3—5 árum eftir að þetta nýmæli kemur til framkvæmda. Á sama tíma ættu endurgreiðslur námslána að aukast svo að þær gerðu gott betur en vega upp á móti aukinni fjárþörf Lánasjóðsins þannig að framlög til sjóðsins ættu að lækka að raunvirði.

Í nefnd þeirri, sem samdi frumvarp þetta, áttu sér einnig stað umræður um skattamál og hugsanlegan frádrátt frá skatti vegna verðbótaþáttar námslána og eins vegna ónýtts persónufrádráttar lánþega meðan á námi stendur. Nefndin er þeirrar skoðunar að síðari kosturinn sé eðlilegur og mælist til þess að Alþingi breyti ákvæðum skattalaga með tilliti til þess.

Þeir, sem störfuðu í nefndinni, hafa víða teygt skoðanir sínar til samkomulags. Allir nefndarmenn eru þó eindregið fylgjandi því að frumvarpið verði lagt fram af menntamálaráðherra til þess að flýta fyrir því að lánamál námsmanna komist á eðlilegri grundvöll en verið hefur. Þessi afstaða bindur hins vegar ekki þá aðila sem tilnefndu einstaka nefndarmenn og jafnframt er gerður fyrirvari af hálfu nefndarmanna um afstöðu til breytinga er kunna að verða gerðar á frumvarpinu í meðförum Alþingis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í athugasemdum þessum er vísað til gildandi laga nr. 57/1976 en einstakar greinar laganna svara til sömu greina í frumvarpi þessu.

---

1) Í tillögum nefndarinnar: „haustið 1983".

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. grein núgildandi laga en orðalag fært til betri vegar, m. a. vegna þess að fleiri hafa öðlast aðild að Lánasjóði námsmanna en háskólanemar.

Um 2. gr.

Felld eru niður orðin „og geti ekki að mati sjóðsstjórnar haldið áfram námi án slíkrar fjárhagsaðstoðar“ í 2. mgr. Það hefur verið erfiðleikum bundið að skýra þetta ákvæði og er því lagt til að svonefnd „20 ára regla“ miðist einvörðungu við það að hlutaðeigandi stundi sérnám. Breyting þessi skiptir í reynd sáralitlu máli.

Að öðru leyti er ekki um að ræð efnislegar breytingar á 2. grein gildandi laga.

Um 3. gr.

Í stað orðanna „stefnt skal að því að“ í 1. mgr. gildandi laga kemur einfaldlega „skal“. Stefnumótunarákvæði gildandi laga var upphaflega leitt í lög árið 1967 og er nú kominn tími til þess að kveðið sé skýrt á um það í lögum að fjárþörf námsmanna skuli að fullu mætt með námslánum. Ráðgert er að því marki verið náð í áföngum, sbr. 1. tölulið ákvæða til bráðabirgða.

2. mgr. er nýmæli en hér er námsmönnum tryggð aðild að lífeyrissjóði vegna þess hluta af árlegu ráðstöfunarfé þeirra sem þeir fá greiddan sem námslán. Námsmenn og húsmæður munu nú vera einu þjóðfélagshóparnir sem njóta ekki slíkra réttinda. Með lögfestu þessa ákvæðis myndu námsmenn sitja við sama borð og aðrir jafnaldrar þeirra að þessu leyti. Aðstöðumunur sem ríkt hefur í húsnæðismálum myndi jafnast.

Námsmenn myndu greiða í viðeigandi lífeyrissjóð af vinnutekjum sínum svo sem skylt er skv. gildandi lögum. Þeir myndu þannig e. t. v. ávinna sér réttindi í tveimur eða fleiri sjóðum, eins og margir aðrir gera nú. Sömu reglur myndu gilda um sameiningu slíkra réttinda og hjá öðrum sem eins er ástatt um.

Skv. 2. tl. í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðsaðildin taki gildi frá og með [ársbyrjun 1985[1])] en þá yrðu gengnar yfir þær hækkanir á fjárþörf Lánasjóðs sem leiðir af breytingunni á 1. mgr. 3. gr. og af 1. tl. í ákvæðum til bráðabirgða.

Eðlilegt þykir að námsmenn hljóti þessi réttindi með svipuðum hætti og aðrir hafa fengið þau, þ. e. með því að þeir leggi sjálfir fram sinn iðgjaldshluta þannig að hann dragist frá láni eins og það myndi annars reiknast skv. úthlutunarreglum á hverjum tíma. Einnig þykir rétt að viðbótargreiðsla Lánasjóðs til lífeyrissjóðsins sé í formi láns til námsmannsins þannig að hún sé að því leyti hliðstæð annarri aðstoð til hans.

Ekki er tekin endanleg ákvörðun um hvernig lífeyrissjóðsmálum námsmanna skuli hagað í smærri atriðum. Í því efni hafa tveir kostir einkum komið til álita. Annar er sá að stofnuð verði sérstök lífeyrisdeild Lánasjóðsins er fari með þessi mál. Hinn kosturinn er sá að stofna til samvinnu við einhvern lífeyrissjóð, sem er þegar starfandi, t. d. við [Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda]. Þar sem þrjú ár eru til stefnu virðist ástæðulaust að taka ákvörðun um þetta atriði nú heldur sýnist hyggilegra að sjá hvað setur í lífeyrissjóðsmálum landsmanna á næstu árum.

Ekki er gert ráð fyrir því að hver einstakur námsmaður verði skyldaður til aðildar að lífeyrissjóði er hann tekur lán úr Lánasjóði námsmanna. Höfð er í huga sú framkvæmd að iðgjald í lífeyrissjóð verði að öðru jöfnu tekið af námsláni nema námsmaður tilkynni sjóðnum að hann óski þess ekki. Fær hann þá greiddan iðgjaldshluta sinn sem lán en iðgjaldshluti Lánasjóðsins fellur niður.

---

1) Í tillögum nefndarinnar: „haustinu 1983“.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum segir að einn stjórnarmanna Lánasjóðs skuli skipaður „skv. tilnefningu annarra námsmanna hérlendis sem undir lögin falla“ en stúdenta við Háskóla Íslands. Námsmenn þessir hafa nú myndað með sér formleg hagsmunasamtök, Bandalag íslenskra sérskólanema, og er eðlilegt að þau samtök annist tilnefningu á sama hátt og Stúdentaráð Háskóla Íslands og Samband íslenskra námsmanna erlendis.

Um 5. gr.

Felld eru niður orðin „af því fé sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma“ í 1. tl. í samræmi við breytinguna á 3. gr.

Að öðru leyti er greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 6. gr.

Meginbreytingin hér er sú að ábyrgðarmönnum er fækkað úr tveimur í einn, sbr. 3. mgr.

Aðrar breytingar eru smávægilegar.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir því að verðtrygging námslána miðist framvegis við breytingar á lánskjaravísitölu í stað vísitölu framfærslukostnaðar. Almenn lán, sem verðtryggð eru, fylgja flest lánskjaravísitölu, sem Seðlabanki Íslands reiknar út mánaðarlega í samræmi við lög nr. 13/1979. Er bæði eðlilegt og hagkvæmt að hið sama gildi um námslán, ekki síst þegar gjalddögum lánanna verður fjölgað eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Vegna mánaðarlegra útborgana á lánum er gert ráð fyrir að eitt skuldabréf sé greitt út í fleiri en einni greiðslu. Verðtrygging reiknast þá út frá einstökum útborgunum lánsins.

Þar sem gert er ráð fyrir að ábyrgð ábyrgðarmanna falli niður að námi loknu er talið rétt að fella niður endurnýjun ári eftir námslok til einföldunar á starfi sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að námsmanni verði gerð grein fyrir stöðu heildarskuldar ári eftir námslok. Gefst námsmanni því tækifæri til athugasemda við skilgreiningu sjóðsins á námslokum.

Um 8. gr.

Í því skyni að hækka endurgreiðsluhlutfall námslána og örva fjárstreymi inn í Lánasjóð er lánþegum gert að greiða mun hærri hluta af tekjum sínum sem endurgreiðslur en þeir gera skv. núgildandi lögum. Jafnframt skulu lánþegar inna af hendi fasta greiðslu, án tillits til námslengdar, en sú greiðsla nemur nokkru lægri fjárhæð en fasta greiðslan gat hæst orðið skv. núgildandi lögum (miðað við 4 ára nám eða lengra) eða 1 360 nýkr. á móti 1 863 nýkr. miðað við verðlag 1. júlí 1980. Loks hefur hámarksgreiðslutími námslána verið lengdur úr 20 árum í 30 en tekinn upp lágmarksendurgreiðslutími sem er 5 ár, að því undanskildu að árleg greiðsla skal aldrei vera lægri en fyrrnefnd fastagreiðsla.

Árleg endurgreiðsla af námsláni skal innt af hendi í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða föstu greiðsluna, sem innt skal af hendi óháð tekjum. Þessi fasta greiðsla skal ákveðin um hver áramót í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Hins vegar greiðist ákveðinn hundraðshluti af tekjum þeim, sem útsvar er lagt á og aflað er næsta ár á undan endurgreiðsluári, að frádreginni föstu greiðslunni. Þennan hundraðshluta, 3,75%, skal margfalda með hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá ári til árs til þess að hlutfall endurgreiðslu af tekjum, sem aflað er á endurgreiðsluári, verði óháð eða sem næst óháð verðbólgu milli ára. Vegna þess að hlutfallstalan 3,75% miðast við að fjárþörf námsmanna sé brúuð 100% er eðlilegt að þeir, sem fá meira en helming af námslánum skv. 85%-, 90%- og 95%-reglu, greiði heldur lægri hundraðshluta af tekjum sínum til sjóðsins, sbr. bráðabirgðaákvæði 3.

Stjórn Lánasjóðs er veitt heimild til þess að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu. Mjög ríkar ástæður verða að vera fyrir hendi, svo sem alvarleg veikindi eða slys, til þess að veita megi undanþágu frá hlutfallsgreiðslunni. Hins vegar er heimild til undanþágu frá föstu greiðslunni mun rýmri, þótt ófrávíkjanlegt skilyrði sé að tilteknar ástæður valdi „verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans". Undanþágu má veita að hluta eða öllu leyti, allt eftir atvikum hverju sinni. Sé undanþága veitt frestar það einungis hlutaðeigandi greiðslu en kemur ekki í veg fyrir að lán greiðist að fullu til baka. Rétt er þó að taka fram, til þess að taka af allan vafa, að reglan um 30 ára hámarksendurgreiðslutíma skal standa óhögguð þótt undanþága sé veitt, einu sinni eða oftar.

Í samræmi við nútíma jafnréttishugmyndir er litið á hjón, svo og sambýlisfólk, sem sjálfstæða einstaklinga þegar um er að ræða endurgreiðslur námslána.

Óréttlæti, sem af því kynni að hljótast, yrði unnt að leiðrétta með því að veita öðru hjóna eða báðum undanþágu frá fastri ársgreiðslu, sbr. það sem áður er sagt.

Um 9. gr.

1. mgr. er í fullu samræmi við breytingar þær á 7. gr. sem áður er lýst.

Í 2. mgr. er tekin upp sú sjálfsagða regla að endurgreiðslur, sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast, falli sjálfkrafa niður. Eftir sem áður er unnt að krefja dánarbúið um endurgreiðslur, sé um vanskil að ræða.

Innheimta námslána hefur ekki verið nægilega markviss á undanförnum árum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að ekki hefur verið unnt að ganga að lánþegum, þótt um veruleg vanskil hafi verið að ræða, nema með því að stefna þeim fyrir dóm. Í 3. mgr. er lagt til að bót verði ráðin á þessu með því að gera vanskilaskuldir við sjóðinn lögtakskræfar enda er um að ræða afmarkaðar og óumdeildar kröfur.

Af þeim sökum er nauðsynlegt að breyta lögum um lögtak o. fl. nr. 29/1885 og [verður frumvarp þess efnis lagt fram í tengslum við afgreiðslu þessa frumvarps].

Um 10.—17. gr.

Hér er aðeins um að ræða orðalagsbreytingar til samræmis við breytingar á öðrum ákvæðum laganna og þarfnast ekki frekari skýringa."

Fylgiskjal I

Lausleg áætlun um fjárþörf Lánasjóðs vegna námslána á næstu árum.

Nefndin hefur lagt áherslu á að fá reiknað út hvernig greiðslur komi inn frá tilteknum árgangi greiðenda, þ. e. þeim sem ljúka námi á ákveðnu ári. Niðurstöður benda til að eftir 30 ár verði heildarskil lána um 88% af raunvirði. Er þá miðað við námslán eins og þau voru 1978 en þó reiknað með því að lánin hefðu verið 100% af fjárþörf.

Þegar taka skal tillit til fjölgunar lánþega og til breytinga á úthlutunarreglum sem verkað geta til hækkunar á raungildi meðallána verða útreikningar flóknir og hefur ekki unnist tími til að ganga endanlega frá þeim.

Þær breytingar á veittum lánum sem felast í frumvarpinu og öðrum tillögum nefndarinnar (100% lán, lífeyrissjóðsaðild, fjölgun lána til sérskóla, umreikningur tekna) valda hækkun á upphæð veittra lána úr 59 m. nýkr. árið 1980 í 102 m. nýkr. á áratugnum 1990—2000 (verðlag 1980) og er þá einnig reiknað með nokkurri fjölgun lánþega.

Útreikningar sýna að endurgreiðslur muni vaxa ört á næstu árum og ef litið er á nettó fjárþörf sjóðsins vegna námslána á hverju ári, þ. e. úthlutun lána að frádregnum endur-

greiðslum, mun sú tala vaxa nokkuð eða úr 58 m. nýkr. 1980 í um 75—90 m. nýkr. á árunum 1983—1986 en úr því fer fjárþörfin lækkandi og mun verða um 30—40 m. nýkr. um aldamótin. Þessar tölur miðast við verðlag ársins 1980.

Fylgiskjal II

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslegar endurgreiðslur af heildarlánum þeirra sem luku námi árið 1978. Eru þó lánin reiknuð upp og miðað við 100% fjárþörf. Miðað er við ákvæði 8. gr. frumvarpsins og að greidd séu 6,08% af tekjum fyrra árs (3,75% af tekjum greiðsluárs).

Ár	Greitt á hverju ári (%)	Alls greitt (%)	Eftirstöðvar (%)
1	6,4	6,4	93,6
2	6,4	12,8	87,2
3	6,3	19,1	80,9
4	6,2	25,3	74,7
5	6,1	31,5	68,5
6	4,9	36,4	63,6
7	4,5	40,9	59,1
8	4,1	45,0	55,0
9	3,9	48,9	51,1
10	3,6	52,5	47,5
11	3,3	55,8	44,2
12	3,1	58,9	41,1
13	2,7	61,6	38,4
14	2,5	64,1	35,9
15	2,4	66,5	33,5
16	2,2	68,7	31,3
17	2,1	70,7	29,3
18	1,9	72,6	27,4
19	1,8	74,5	25,5
20	1,8	76,3	23,7
21	1,6	77,8	22,2
22	1,5	79,3	20,7
23	1,4	80,7	19,3
24	1,3	82,0	18,0
25	1,2	83,2	16,8
26	1,2	84,4	15,6
27	1,1	85,5	14,5
28	1,0	86,5	13,5
29	0,9	87,3	12,7
30	0,8	88,1	11,9

Fylgiskjal III

Dæmi um endurgreiðslur.

Lánakjör: Námsmaður greiðir 3,75% × lánskjaravísitölu júlí 1980/lánskjaravísitölu júlí 1979 eða 3,75% × 167/103 = 6,08% af tekjum til útsvars.

Meðallán reiknuð út frá lánveitingu 1979—1980. Gert er ráð fyrir að helmingur láns hafi verið greiddur á haustmisseri og helmingur á vormisseri. Því þarf að hækka meðallán á yfirliti LÍN um 11,8% til samræmis við verðlag 1. júlí 1980.

1. Fjöldi námslána.
2. Meðallán (M) á ári fengist fullt, 1/2 eða tvöfalt meðallán.
3. Heildarskuld á verðlagi 1. júlí 1980.
4. Yfirvinna % ofan á heildardagvinnutekjur.
5. Tekjur 1979. Laun í des. 1979 × 9,58 = heildardagvinnutekjur 1979.
6. Afborgun 3,75% × 167/103 = 6,08% af tekjum fyrra árs þ. e. 1979.
7. Afborgunartími, alltaf hækkað upp til næsta árs.
8. Eftirstöðvar. — Sá hluti láns sem afskrifast í kr. og hlutfalli af heildarskuld.

Ath.: Fjárhæðir í þús. gkr.

	Fjöldi náms-lána	Upphæð á ári	Heildar-skuld	Yfir-vinna %	Tekjur 1979	Afborgun á ári 6,08%	Afborgunar-artími	Eftirstöðvar þús. kr.	Eftirstöðvar % af heildarláni
Fósturskóli Íslands	2	1/2 M	1 366	0	3 302	201	7 ár		
launafl. BSRB 010 3. þrep	2	M	2 732	9	3 302	201	14 ár		
	2	M	2 732	20	3 962	241	12 ár		
	2	2 M	5 464		3 302	201	28 ár		
Kennaraháskóli Íslands	1	M	1 430		3 670	223	7 ár		
launafl. 103 5. þrep	3	1/2 M	2 145		3 670	223	10 ár		
	3	M	4 290		3 670	223	20 ár		
	3	M	4 290	30	4 771	290	15 ár		
	3	2 M	8 580	30	4 771	290	30 ár		
Viðskiptafræði	4	M	3 971		4 511	274	15 ár		
launaflokkur 109 5. þrep	4	M	3 971	30	5 864	357	12 ár		
	4	2 M	7 942	30	5 864	357	23 ár		
	4	1/2 M	1 986	30	5 864	357	6 ár		
England	4	M	11 095		5 000	304	30 ár	1 975	17
	4	1,5 M	16 643		7 000	426	30 ár	3 863	23
	4	M	11 095		6 000	365	30 ár	145	1
	8	M	22 190		8 000	486	30 ár	7 610	34
U. S. A.	3	M	6 718		4 500	274	25 ár		
	4	1,5 M	13 436		6 000	365	30 ár	2 486	19
	5	M	11 197		5 500	334	30 ár	1 177	11
	6	M	13 436		7 000	426	30 ár	656	5

Fylgiskjal IV

Þorsteinn Vilhjálmsson
eðlisfræðingur:

Líkan um veitt námslán og endurgreiðslur þeirra samkvæmt niðurstöðum endurskoðunarnefndar.[1])

1. Inngangur.

Nefnd sú, sem menntamálaráðherra skipaði 24. apríl 1980, hefur komist að ákveðnum niðurstöðum um breytingar á lögum og reglum um úthlutun námslána og um endurgreiðslur þeirra. Breytingar þessar hafa annars vegar í för með sér aukningu á fjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna til veittra lána á hverju ári og hins vegar aukningu á endugreiðslum þegar frá líður. Þeir útreikningar sem hér er lýst takmarkast við þessi tvö atriði sem leiða síðan með einföldum frádrætti til mats á fjárþörf Lánasjóðs **til námslána.** Líkanið tekur hins vegar ekki til annarra þátta í fjárhag sjóðsins, svo sem ferðastyrkja, kostnaðar af lánum sem sjóðurinn sjálfur tekur eða til almenns rekstrarkostnaðar.

Reynslan sýnir að fjárþörf Lánasjóðs til námslána hefur þróast mjög óreglulega frá ári til árs enda er hún háð ýmsum atriðum sem erfitt er að henda reiður á. Meðal annars má nefna eftirfarandi þætti:

— Verðbólgu á Íslandi og erlendis, ásamt gengisskráningu.
— Breytingar á kaupmætti sumartekna hjá námsmönnum.
— Breytilega eftirspurn eftir námslánum.
— Breytingar á lögum og reglum, t. d. breytingar á aðild að sjóðnum, meðferð tekna o. s. frv.

Ef útreikningar eru gerðir á föstu verðlagi er fyrsta atriðið að mestu tekið til greina en um önnur atriði ríkir jafnmikil óvissa eftir sem áður, nema þá að tekin sé ákvörðun fram í tímann um einhver þeirra. Af þessum ástæðum verða þeir útreikningar sem hér er frá sagt **hvorki** kallaðir **áætlun né spá** heldur er aðeins um að ræða líkan sem beinist fyrst og fremst að því að gefa hugmynd um **áhrif frumvarpsins** með heildstæðum og samkvæmum hætti. Þegar unnið er að slíku líkani er lögð meginhersla á að tryggja innra samræmi í útreikningum auk þess sem tryggð eru eðlileg tengsl við þau ófullkomnu gögn sem fyrir liggja. Einstakar tölur í niðurstöðum líkansins ber því ekki að taka of bókstaflega, heldur er niðurstöðum fyrst og fremst ætlað að gefa **heildarmynd af líklegri þróun í grófum dráttum.**

Auk þess er rétt að undirstrika að útreikningarnir takmarkast við þau áhrif sem vænta má af frumvarpinu og samkomulagi nefndarinnar í tengslum við það. Aðrar ákvarðanir sem teknar yrðu síðar þyrfti að sjálfsögðu að meta sérstaklega.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum í útreikningunum en helstu tölur er að finna í töflum aftan við textann.

---

1) Líkan þetta var reiknað út í október 1980. M. a. vegna breytinga sem gerðar hafa verið á tímasetningum í frumvarpinu eru forsendur líkansins að nokkru leyti úreltar. Það er þó birt hér með samþykki höfundar enda gefur það að hans mati enn grófar hugmyndir um meginatriði máls. Þess ber að geta að fjölgun námslána vegna aukinnar aðildar sérskóla, sem gert er ráð fyrir í líkaninu, kom að mestu leyti til framkvæmda með reglugerðarbreytingu í ársbyrjun 1981. Umreikningur tekna, sem nefndur er í kafla um hækkun meðalláns, kom að hálfu til framkvæmda haustið 1981 með breytingum á úthlutunarreglum.

2. Fjölgun námslána.

Í töflu 1 er lýst þeim tölum sem reiknað er með um árlega fjölgun námslána. Til þess að reyna að einangra áhrif frumvarpsins í útreikningunum er fjölgun sett við lægri mörk þess sem líklegt getur talist, jafnvel þótt verksvið sjóðsins haldist óbreytt að mestu. Þó er rétt að benda á að heildarfjölgun á næstu tíu árum er talin um 34% miðað við óbreytt verksvið og óbreyttar reglur. Með tilliti til þess að árgangar á skólaaldri fara nú yfirleitt ekki stækkandi virðist þessi tala alls ekki út í hött.

Við hana bætist síðan áætluð fjölgun vegna aukinnar aðildar sérskólanema sem nemur samtals 2,7% samkvæmt áætlun Lánasjóðs. Reiknað er með að þessi fjölgun komi til framkvæmda frá áramótum 1980—81 eins og lagt er til í samkomulagi endurskoðunarnefndar.

Ennfremur er reiknað með að eftirspurn eftir námslánum minnki um 5% haustið 1981 þegar nýjar endurgreiðslureglur taka gildi samkvæmt frumvarpinu ef að lögum verður. Hinar nýju reglur verða mun strangari en áður var og er hér m. a. stuðst við hliðstæða reynslu frá árunum kringum 1976 þegar núgildandi lög voru sett.

3. Hækkun meðaláns.

Samkvæmt frumvarpinu og öðrum niðurstöðum endurskoðunarnefndar hækkar meðallán hvers árs af nokkrum tilgreindum orsökum sem hér segir:

— Lánshlutfall af reiknaðri fjárþörf hækkar úr 85% í 90% haustið 1980 (þegar komið til framkvæmda), síðan í 95% haustið 1981 og í 100% haustið 1982.
— Umreikningur á tekjum námsmanns, áður en þær koma til frádráttar í námsláni, er tekinn upp frá ársbyrjun 1981 og veldur hækkun meðaláns um 7,3%.
— Aðild námsmanna að lífeyrissjóði veldur 6% hækkun meðaláns frá haustinu 1983.

Áhrifum þessara atriða, ásamt fyrrgreindri fjölgun, á heildarfjárþörf til veittra lána er lýst í Töflu 2.

Samanlagt fela þessi atriði í sér hækkun meðaláns úr 1,65 m. kr.[1]) skólaárið 1979—1980 í 2,2 m. kr. frá og með skólaárinu 1983—84, hvort tveggja reiknað á föstu verðlagi miðs árs 1980 (sbr. Töflu 3). Hækkunin er því u. þ. b. 33%.

4. Fjöldi endurgreiðenda.

Hér er komið að einum vandasamasta þætti líkansins. Fyrst og fremst þarf að meta hversu margir ljúka eða hætta námi á hverju ári og eiga því, skv. lögum og reglum, að byrja að endurgreiða lán sín þremur árum síðar. Í líkaninu er reynt að tryggja eðlilegt samræmi milli fjölda veittra lána á undangengnum árum og fjölda í hverjum endurgreiðsluárgangi eins og hann er skilgreindur hér á undan. Niðurstaðan er sýnd í Töflu 3.

5. Meðalskuld endurgreiðenda.

Þessi þáttur er einnig allvandasamur í meðförum en tengist að sjálfsögðu við meðallán hvers árs þegar til lengri tíma er litið. Hér er m. a. stuðst við þá niðurstöðu Friðriks Más Baldurssonar að meðalskuld endurgreiðsluárgangsins frá 1978 hafi verið u. þ. b. 3,7 m. kr. á verðlagi miðs árs 1980. Tölur líkansins eru sýndar í Töflu 3.

Þegar jafnvægi kemst á í líkaninu eftir 1990 er ljóst að heildarskuld hvers endurgreiðsluárgangs hlýtur að verða jöfn veittum lánum hvers árs. Þetta er einmitt eitt af þeim samræmisatriðum sem setja líkaninu skorður og stuðla þannig að því að heildarmyndin verður tiltölulega traustari en einstakar tölur.

6. Endurgreiðslur hvers árgangs.

Þegar meðalskuld hvers endurgreiðsluárgangs hefur verið sett á blað er hægt að reikna

1) Ath.: Allar fjárhæðir tilgreindar í **gkr.**

skv. tölvuforritum Friðriks Más hvernig endurgreiðslur árgangsins skila sér eftir árum, í prósentum af upphaflegri heildarskuld. Margföldun með heildarskuld skv. líkaninu gefur síðan árlega endurgreiðslu árgangsins í krónum í þau 30 ár sem endurgreiðslur hans standa yfir.

Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir að árgangarnir sem ljúka/hætta á árunum 1982 og 83 greiði 3,5% af framreiknuðum tekjum fyrra árs en síðari árgangar greiði 3,75%. Í reynd verður þetta mál ekki svona einfalt skv. ákvæðum til bráðabirgða í frumvarpinu en gera má ráð fyrir að þessi nálgun sé fullnægjandi í því samhengi sem hér um ræðir.

Hvað snertir þá 5 árganga sem ljúka námi 1976-81 meðan núverandi reglur eru í gildi, þá er gert ráð fyrir að árlegar endurgreiðslur þeirra vaxi upp í 660 m. kr. á árunum til ársins 1984 en lækki síðan smám saman uns þeim lýkur eftir 20 ár eða á tímabilinu 2000-2003.

Ekki hefur verið annað fært en að reikna með því að allir endurgreiðsluárgangar eftir 1981 hafi alfarið tekið lán skv. nýjum lögum, í stað þess að lán þeirra eru í reynd að hluta til skv. núverandi kerfi. Af þessu stafar nokkur skekkja en ekki er víst að hún sé til baga miðað við ónákvæmni líkansins að öðru leyti.

7. Endurgreiðslur í heild.

Eftir að fundnar hafa verið krónutölur um endurgreiðslur hvers árgangs á hverju ári er auðvelt að leggja saman endurgreiðslur hvers árs. Niðurstöður þeirrar samlagningar eru sýndar í Töflu 4, ásamt veittum lánum sama árs til samanburðar. Með frádrætti fæst þá nettófjárþörf Lánasjóðs vegna eiginlegra námslána. Taflan nær allt fram til ársins 2023 þegar áhrif hins nýja kerfis verða að fullu gengin fram. Eins og fyrr segir ber ekki að taka einstakar tölur í þessari töflu of bókstaflega heldur er henni fyrst og fremst ætlað að gefa hugmynd um þróunina í grófum dráttum. Einnig er rétt að minna á að dálkar töflunnar eru tengdir innbyrðis þannig að hugsanlegar breytingar á einum þeirra hafa áhrif á hina.

Tafla 1. Líkan um fjölgun námslána 1980-1990.

Fjölgun milli skólaára		Fjölgun milli almanaksára
	%	
79-80		
	5	1980
80-81		5
	5	1981
81-82		4,5
	4	1982
82-83		4
	4	1983
83-84		3,5
	3	1984
84-85		3
	3	1985
85-86		2,5
	2	1986
86-87		2
	2	1987
87-88		1,5
	1	1988
88-89		1
	1	1989
89-90		0,5
		1990

Taflan sýnir þá fjölgun sem lögð er til grundvallar í líkaninu og miðast m. a. við óbreytt lög og reglur. Að auki er gert ráð fyrir 2,7% fjölgun frá ársbyrjun 1981 vegna aukinnar aðildar sérskólanema. Þá er í líkaninu reiknað með 5% fækkun lána skólaárið 1981-82 þegar strangari endurgreiðslureglur taka gildi skv. frumvarpinu.
Heildarfjölgunin sem taflan sýnir nemur 34,3% frá skólaárinu 79-80 til skólaársins 89—90.

Tafla 2. Áætlun um veitt lán skv. frumvarpinu, fylgigögnum þess og líkani um fjölgun.

Skólaár		Almanaksár	
		1980	5,9 Gkr.
79–80	5,6 Gkr.		85▸90 vor, 90▸95% haust
	85▸90%		Fjölgun 5%
	Fjölgun 5%		Sérskólar 2,7%
	Sérskólar 1,4%		Umreikn. tekna 7,3%
	Umreikn. tekna 3,6%		Fækkun v/breytinga 2,5%
80–81	6,5 Gkr.	1981	7,0 Gkr.
	90▸95%		90▸95% vor, 95▸100% haust
	Fjölgun 5%		Fjölgun 4,5%
	Fækkun 5% v/breytinga		Fækkun v/breytinga 2,5%
	Sérskólar 1,3%	1982	7,5 Gkr.
	Umreikn. tekna 3,7%		95▸100% vor
81–82	7,3 Gkr.		Fjölgun 4%
	95▸100%		Lífeyrissjóður haust 3%
	Fjölgun 4%	1983	8,3 Gkr.
82–83	7,9 Gkr.		Fjölgun 3,5%
	Fjölgun 4%		Lífeyrissjóður vor 3%
	Lífeyrissjóður 6%	1984	8,7 Gkr.
83–84	8,8 Gkr.		Fjölgun 3%
	Fjölgun 3%	1985	9,1 Gkr.
84–85	9,0 Gkr.		2,5%
	Fjölgun 3%	1986	9,4 Gkr.
85–86	9,3 Gkr.		2%
	2%	1987	9,5 Gkr.
86–87	9,5 Gkr.		1,5%
	2%	1988	9,7 Gkr.
87–88	9,7 Gkr.		1%
	1%	1989	9,8 Gkr.
88–89	9,8 Gkr.		0,5%
	1%	1990	9,9 Gkr.
89–90	9,9 Gkr.		

1 Gkr. = 1 milljarður = 1 þúsund milljónir króna (verðlag í júní 1980).
Námundun („rounding off") talna er samræmd.

Ath.: Fjárhæðir í þús. gkr.

Tafla 3. Helstu grundvallartölur í líkani um endurgreiðslur.

Skólaár	Fjöldi veittra lána	Meðallán verðlag 06.80 Mkr.	Heildarlán, sama verðlag Gkr.	Fjöldi í árgangi sem lýkur/ hættir	Meðalskuld þeirra Mkr.	Heildarskuld árgangs Gkr.
75–76	3098	1,42	4,41	1100	3,7	4,1
76–77	2915	1,31	4,17	1100	3,7	4,1
77–78	2829	1,37	3,87	1100	3,7	4,1
78–79	3162	1,59	5,03	1200	3,9	4,7
79–80	3393	1,65	5,60	1200	4,1	4,9
80–81	3500	1,8	6,3	1300	4,6	6,0
81–82	3700	2,0	7,4	1400	5,0	7,0
82–83	3800	2,1	8,0	1500	5,2	7,8
83–84	3900	2,2	8,6	1500	5,4	8,1
84–85	4100	–	9,0	1500	5,6	8,4
85–86	4200	–	9,2	1600	5,6	9,0
86–87	4300	–	9,5	1600	5,8	9,3
87–88	4400	–	9,7	1600	–	–
88–89	4400	–	9,7	1600	–	–
89–90	4500	–	9,9	1600	–	–
90–91	–	–	–	1700	–	9,9

Eftir skólaárið 1990–91 breytast tölurnar ekki.

Nákvæmni líkansins gefur ekki tilefni til að reikna með fleiri en tveimur tölustöfum.

Um fjölgun og meðallán fram í tímann fer skv. töflum 1 og 2. Heildarlán á ári fæst með margföldun. Þrír síðustu dálkarnir fást út frá hinum þremur með mati þar sem reynt er eftir föngum að gæta samræmis og samhengis. Talan 3,7 m. kr. um meðalskuld endurgreiðsluárgangsins frá 1977–78 er tekin skv. athugun Friðriks Más Baldurssonar.

Ath.: Allar tölur í töflunni miðast við gamlar krónur á verðlagi í júní 1980 eða svo.

1 Gkr. = 1 milljarður gkr.

1 Mkr. = 1 milljón gkr.

Tafla 4. Niðurstaða líkansins um fjárþörf LÍN vegna námslána.

Ár	Veitt lán Gkr.	Endur-greiðslur Gkr.	Mis-munur Gkr.	Ár	Veitt lán Gkr.	Endur-greiðslur Gkr.	Mis-munur Gkr.
76	4,3			2000	9,9	6,0	3,9
7	4,1			1	–	6,1	3,8
8	4,5			2	–	6,2	3,7
9	5,3			3	–	6,3	3,6
80	5,9	0,1	5,8	4	–	6,3	3,6
1	7,0	0,2	6,8	5	–	6,5	3,4
2	7,6	0,4	7,2	6	–	6,7	3,2
3	8,3	0,5	7,8	7	–	6,8	3,1
4	8,9	0,7	8,2	8	–	7,0	2,9
5	9,1	1,0	8,1	9	–	7,1	2,8
6	9,4	1,4	8,0	2010	–	7,3	2,6
7	9,5	1,9	7,6	11	–	7,4	2,5
8	9,7	2,3	7,4	12	–	7,5	2,4
9	9,8	2,7	7,1	13	–	7,6	2,3
90	9,9	3,1	6,8	14	–	7,7	2,2
1	–	3,5	6,4	15	–	7,8	2,1
2	–	3,9	6,0	16	–	–	–
3	–	4,2	5,7	17	–	–	–
4	–	4,5	5,4	18	–	–	–
5	–	4,8	5,1	19	–	–	–
6	–	5,1	4,8	20	–	–	–
7	–	5,3	4,6	1	–	–	–
8	–	5,6	4,3	2	–	7,9	2,0
9	–	5,8	4,1	3	–	–	–

Krónutölur miðast við verðlag á miðju ári 1980.

Nd. 193. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. m. a. á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem samþykktar voru í Ed.

Alþingi, 14. des. 1981.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Guðmundur J. Guðmundsson.

Sþ. 194. Þingsályktun [154. mál]

um samúð og stuðning við pólsku þjóðina.

(Afgreidd frá Sþ. 14. des.)

Samhljóða þskj. 191.

Sþ. 195. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá Guðmundi J. Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Ólafi Ragnari Grímssyni.

Við 4. gr. 10 333. Nýr liður:
0113 Skipaverkstöð í Reykjavík kr. 2500

Nd. 196. Frumvarp til laga [156. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

Á eftir 12. tl. 2. gr. laganna komi nýr töluliður, nr. 13, er hljóði svo:

Aðföng (hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þ. m. t. flutningatæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu (viðgerðir og verktöku), sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu samkvæmt almennu mati notenda viðkomandi vöru. Samkvæmt skilningi þessa töluliðar merkir orðið gjöld í tollskrá toll, söluskatt, vörugjald og jöfnunargjald eftir því sem við á.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti og samtök iðnaðarins.

2. gr.

12. tl. 3. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá svohljóðandi greinargerð:

„Á 100. löggjafarþinginu 1978—1979 fluttu alþingismennirnir Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Ingvar Gíslason og Kjartan Ólafsson frumvarp til laga um breytingu á lögum um tollskrá o. fl., sem var samhljóða þessu frumvarpi. Fjárhags- og

viðskiptanefnd neðri deildar fjallaði þá ítarlega um málið og varð sammála um svohljóðandi nefndarálit:

„Nefndin hefur rætt frumvarpið og fékk til fundar við sig ráðuneytisstjórann í fjármálaráðuneytinu og veitti hann ýmsar upplýsingar.

Tilgangur frumvarpsins er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu, sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná. Efni frumvarpsins er nánast samhljóða niðurstöðu samstarfsnefndar um iðnaðarmál, en sú nefnd hefur starfað á vegum iðnaðarráðuneytis. Flutningsmenn frumvarpsins eru þingmenn úr öllum þingflokkum. Því sýnist viðtæk samstaða vera um efni frumvarpsins.

Þar sem nefndinni er ljóst, að ýmsir framkvæmdaörðugleikar muni verða við framkvæmd slíks ákvæðis í lögum, eins og frumvarpsgreinin er orðuð, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, sem sjái um að frumvarp verði samið um þetta efni og flutt á næsta þingi, þar sem því verði best tryggð örugg framkvæmd málsins".

Á þessa tillögu fjárhags- og viðskiptanefndar féllst neðri deild Alþingis.

Frumvarp það, sem ríkisstjórninni var falið að semja, hefur aldrei verið lagt fyrir Alþingi og er málið enn þá óleyst. Endurskoðun sú á auglýsingu nr. 284/1978 um niðurfellingu og endurgreiðslu tolls og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sem gerð var um s. l. áramót, náði ekki heldur að koma þessum málum í það horf, sem upphaflega frumvarpið stefndi að.

Samtök iðnaðarins hafa mjög kvartað yfir framkvæmd þessara mála og bent á, að íslenskur iðnaður þurfi enn að greiða ýmis aðflutningsgjöld af aðföngum sínum þrátt fyrir að aðlögunartímanum að EFTA og samningnum við EBE sé nú lokið fyrir rúmu ári. Flutningsmenn frumvarpsins nú telja því eðlilegt að málið sé tekið upp á nýjan leik á Alþingi.

Tilgangur frumvarpsins.

Tilgangur frumvarpsins er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda (tollur, söluskattur, vörugjald, jöfnunargjald) af aðföngum (hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þ. m. t. flutningatæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu (viðgerðir og verktöku), sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu samkvæmt almennu mati notenda viðkomandi vöru.

Í 3. gr. laga um tollskrá, nr. 120/1976, er fjallað um undanþágu- og lækkunarheimildir. Þar segir í 12. tl. að fjármálaráðuneytinu sé heimilt:

„Að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkv. ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins."

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi grein breytist og hún flytjist í 2. gr., sem ber yfirskriftina „Tollfrjáls innflutningur", og verði þar 13. tl.

Upplýsinga um þetta mál var aflað hjá Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna.

Túlkun og framkvæmd núgildandi skipunar.

Á aðlögunartímanum vegna inngöngunnar í EFTA voru aðflutningsgjöld af aðföngum samkeppnisiðnaðar smám saman felld niður að mestu. Var þetta í fyrsta lagi gert með beinni niðurfellingu aðflutningsgjalda í tollskrá af þeim tollskrárnúmerum, sem aðföng iðnaðar féllu undir, og í öðru lagi með heimildarákvæðum í tollskrá og fjárlögum.

Enn eru þó mörg dæmi um að fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisiðnaði er gert að greiða aðflutningsgjöld af aðföngum sínum og veldur þar eftirfarandi mestu:

1. Aðföngin falla í svokölluð blönduð tollskrárnúmer, þ. e. aðföng iðnaðar falla í tollskrárnúmer, sem að verulegu leyti innifela vöru til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Hefur því ekki verið talið fært að fella niður toll í viðkomandi tollskrárnúmerum vegna tekjusjónarmiða ríkissjóðs.
2. Túlkun fjármálaráðuneytisins á 12. tl. 3. gr., bæði hvað snertir gildissvið aðfanga og skilgreiningu samkeppnisiðnaðar, er of þröng til að tölulíðurinn nái því að heimila niðurfellingu allra aðflutningsgjalda til samkeppnisiðnaðar. Túlkun fjármálaráðuneytisins hefur verið birt í auglýsingu um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, nú síðast auglýsingu nr. 8 frá 2. janúar 1981.

Með þessu frumvarpi næðist það endanlega markmið, sem að hefur verið stefnt, að fella niður að fullu aðflutningsgjöld af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem eiga í samkeppni við innflutning eða selja vörur á erlendan markað.

Í áliti Samstarfsnefndar um iðnþróun, sem er fylgiskjal með þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um iðnaðarstefnu, kemur fram mikill stuðningur við þetta frumvarp og formaður nefndarinnar hefur lýst yfir stuðningi við efni frumvarpsins. Í áliti Samstarfsnefndarinnar á bls. 64 segir m. a.: „Sá þáttur aðbúnaðarmálanna, sem verið hefur hvað umdeildastur, er álagning aðflutningsgjalda af fjárfestingarvörum og rekstrarvörum iðnaðar í samkeppni við tollfrjálsan innflutning. Afnám aðflutningsgjalda af samkeppnisiðnaði hefur þótt sjálfsagt réttlætismál, en gætt hefur vaxandi íhaldssemi hjá fjármálaráðuneyti og tollayfirvöldum í túlkun þeirra laga og reglna, sem þar um ræðir. Veldur framkvæmd tollalaga í þessu tilfelli stöðugum erfiðleikum og verða iðnfyrirtæki enn að greiða allháar upphæðir til hins opinbera fyrir vörur sem ættu að vera undanþegnar slíkum gjöldum."

Á þingskjölum 312, 313 og 314 eru stjórnarfrumvörp um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, steinullarverksmiðju og stálbræðslu. Í öllum frumvörpunum er að finna eftirfarandi ákvæði:

„Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar."

Þegar ríkisstjórnin fær lagaheimild til að geta tekið þátt í iðnrekstri þykir henni nauðsynlegt að fá niðurfellingu gjalda. Viðhorf ríkisstjórnarinnar er eðlilegt miðað við núverandi lagaákvæði og framkvæmd tollskrárlaga. En af hverju þurfa opinber og hálfopinber fyrirtæki að láta setja sérstök lög fyrir sig? Væri ekki ráð að láta sömu lög ganga yfir allan iðnað? Það er tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps.

Hér á eftir eru birt sem fylgiskjöl bréf, sem skýra framkvæmd tollskrárlaga og auglýsingar fjármálaráðuneytisins nr. 8/1981.

Einstök dæmi um núverandi skipan.

Eftirfarandi upptalning gefur hugmynd um núverandi aðflutningsgjöld af ýmsum aðföngum iðnaðar. Í I eru mismunandi flutningatæki og í II eru örfá dæmi um önnur aðföng:

I. Flutningatæki

Heiti:	Tollnr.	Tollur %	Vörugj. %	Sölusk. %	Jöfn.gj. %
1. Gaffallyftari (sjálfknúinn)	87.07.11	18	1)	25.85	
2. Gaffallyftari (handknúinn)	84.22.79	35	24	25.85	
3. Heyblásarar	84.22.31	6/2		25.85	3
4. Aðrir blásarar (fyrir ull og pappír)	84.22.39	35	24	25.85	
5. Handvagnar	87.14.31	30		25.85	
6. Vörulyftur	84.22.41	40	24	25.85	
II. Önnur dæmi					
1. Kókosfeiti	15.12.03	15[2])		25.85	
2. Síróp	17.02.03	70	24	25.85	
3. Rakajöfnunarkerfi	84.12.00	11/2	24	25.85	3
4. Álþynnur	76.04.00	0		25.85	
5. Tölvur o. þ. h.	84.53.10/60	7	24	25.85	
6. Kælieimarar	84.15.42	35	24	25.85	
7. Ölkassar	39.07.11	11/4		25.85	3
8. Gosdrykkjaflöskur	70.10.01	0		25.85	

1) Fellt niður skv. ákv. fjármálaráðherra, dags. 1. október 1978.

2) Tollur felldur niður til sælgætis-, kex- og brauðgerðar með sérstakri auglýsingu nr. 577, dags. 24. nóv. 1980.

Þáttur í tæknivæðingu og lækkun vöruverðs.

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um nauðsyn framleiðniaukningar á Íslandi. Margir eru hræddir við notkun þessa orðs, þar sem þeir telja framleiðniaukningu hafa í för með sér ómannúðlega meðferð vinnuafls og framleiðslu framleiðslunnar vegna. Hér er um mikinn misskilning að ræða, þar sem framleiðniaukning getur og á að hafa í för með sér aukin lífsgæði, hærri laun og bætt vinnuskilyrði.

Eitt af þeim atriðum, sem hér á landi hafa staðið í vegi fyrir aukinni framleiðni, eru há aðflutningsgjöld á tækjum til flutninga innan verksmiðja. Afleiðing þessa er sú, að vörur eru fluttar til með handafli eða á annan frumstæðan hátt, sem krefst verulegrar áreynslu af hálfu starfsmanna. Með nútíma flutningatækjum, svo sem lyfturum, færiböndum og hlaupaköttum, má auðvelda þessa flutninga til muna. Minnkað líkamlegt álag á starfsmenn bætir vinnuaðstöðuna og starfsmenn eyða meiri tíma við framleiðslu og við það eykst framleiðnin.

Af þessu er ljóst að rétt er að hvetja fyrirtæki til að koma sér upp nútíma flutningskerfum, en það má gera með niðurfellingu aðflutningsgjalda á slík tæki. Enn fremur má benda á að niðurfelling aðflutningsgjalda hlýtur að lækka vöruverðið og kemur því neytendum til góða.

Með sama hætti er mikilvægt að hvetja fyrirtæki til að hagnýta sér tölvur. Á örfáum árum hafa tölvur rutt sér til rúms í atvinnulífi víða um heim, og nú er svo komið að tölvunotkun skiptir sköpum í rekstri margra fyrirtækja. Íslensk fyrirtæki verða að nýta sér tölvutæknina í sífellt ríkari mæli á næstu árum og hlýtur niðurfelling aðflutningsgjalda af tölvum að vera verulegur hvati í þá átt.

Tekjutap ríkissjóðs.

Erfitt er að áætla hugsanlegt tap ríkissjóðs, ef frumvarpið nær fram að ganga. Talnalegar upplýsingar um innflutning eftir tollskrárnúmerum eru fyrir hendi, en þau aðföng, sem hér um ræðir, falla undir tollskrárnúmer, sem að verulegu leyti innifela vörur til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Af þessum sökum er torvelt að fá upplýsingar um innflutt aðföng til iðnaðar í þessum tollskrárnúmerum, en það talnaefni verður að liggja fyrir, ef unnt á að vera að reikna út tekjutap ríkissjóðs.

Þegar litið er yfir þá vöruflokka, sem þetta frumvarp snertir, er ljóst að ríkissjóður missir ekki stóran spón úr aski sínum, þótt hann verði af þessum tekjum. Bæði er um tiltölulega fá tollskrárnúmer að ræða og lítinn innflutning aðfanga til iðnaðar í hverju tilviki. Þessi aðflutningsgjöld skipta ríkissjóð því óverulegu máli, en þar sem þau leggjast mjög ójafnt á iðnaðarfyrirtæki geta þau bitnað illa á einstökum fyrirtækjum og iðngreinum. Þá má ennfremur benda á að öflun þessara tekna hefur kostað ótaldar vinnustundir starfsmanna ráðuneyta og fyrirtækja á s. l. árum. Loks má einnig minna á að með niðurfellingu aðflutningsgjaldanna samkv. þessu frumvarpi er einungis verið að stíga lokaskref á þeirri braut sem mörkuð var með inngöngunni í EFTA."

Fylgiskjal I.

Hr. Sigurgeir Jónsson
Fjármálaráðuneytið 27.01.1981
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Fyrir hönd Kassagerðar Reykjavíkur hf. fer Félag íslenskra iðnrekenda fram á, að felld verði niður aðflutningsgjöld (tollur, vörugjald og söluskattur eftir því sem við á) af varahlutum o. fl. skv. meðfylgjandi listum.

Óskað er eftir niðurfellingu á:

1. Varahlutum í rafmótor er knýr bylgjuvél fyrirtækisins sem í eru framleiddir bylgjupappakassar, m. a. utan um fisk.
2. Varahlutum í prentvél fyrirtækisins er prentar og stansar öskjur fyrir frystan fisk.
3. Framleiðsluteljara fyrir vél er brýtur og límir umbúðir.

Eins og yður er kunnugt, er Kassagerð Reykjavíkur hf. einn stærsti framleiðandi hér á landi á alls konar umbúðum úr pappa. Verulegur hluti framleiðslunnar eru umbúðir utan um frystan fisk til útflutnings.

Jafnframt er rétt að benda á, að aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af þeim vélum, sem hér er verið að kaupa varahluti í. Enn fremur, að engin aðflutningsgjöld eru á sams konar innfluttri vöru og fyrirtækið framleiðir.

F.Í.I. fer því fram á, að ráðuneytið felli niður aðflutningsgjöld að upphæð kr. 100 188 er skiptist:

Tollur, samt.	kr.	13 356.00
Vörugjald, samt.	—	37 178.00
Söluskattur, samt.	—	49 654.00
Samtals	kr.	100 188.00

Virðingarfyllst,
Félag íslenskra iðnrekenda
Þórarinn Gunnarsson,
skrifstofustjóri.

Fylgiskjal II.

Félag íslenskra iðnrekenda
Pósthólf 1407, Reykjavík.

Ráðuneytið hefur haft til athugunar erindi félagsins, dags. 27. janúar sl., þar sem þess er farið á leit, að aðflutningsgjöld og söluskattur verði felld niður vegna innflutnings Kassagerðar Reykjavíkur hf. á nánar tilgreindum vara- og vélahlutum.

Til svars erindinu tekur ráðuneytið fram, að eins og félaginu er kunnugt um gaf ráðuneytið út um síðast liðin áramót auglýsingu nr. 8/1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða söluskatts af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. hjálagt eintak af sérprentun hennar. Með útgáfu auglýsingar þessarar var af ráðuneytisins hálfu tekin ákvörðun um nánari framkvæmd heimildarákvæða þeirra sem er að finna í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og lið 4.1 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1981. Samkvæmt 1. gr. auglýsingarinnar, sbr. 4. gr., nær niðurfelling eða endurgreiðsla gjalda einungis til þeirra véla, tækja, vélahluta og varahluta, sem flokkast undir eitthvert þeirra tollskrárnúmera sem þar eru upp talin, og er eigi gert ráð fyrir að undanþágur séu veittar varðandi vörur sem eigi uppfylla þetta skilyrði. Með því að hér umrædd vara fellur eigi undir 1. gr. nefndrar auglýsingar telur ráðuneytið sér eigi fært að óbreyttum reglum að verða við fram kominni beiðni félagsins sem hér með er synjað.

Afrit af bréfi þessu er sent Kassagerð Reykjavíkur hf.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.
Sigurgeir Jónsson

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
Reykjavík

Ísafirði, 3.3. 1981.

Málefni: Umsókn um niðurfellingu aðflutningsgjalda af þróunarkerfi.

Hér með er þess farið á leit, að aðflutningsgjöld af þróunarkerfi fyrir örtölvur verði felld niður.

Umrætt kerfi hefur verið pantað og vísast til hjálagðra upplýsinga.

Oss er kunnugt um að aðflutningsgjöld voru felld niður af hliðstæðu kerfi, er Kúlulegasalan h.f. flutti inn til sömu nota.

Virðingarfyllst,
pr. pr. Póllinn hf.

Ásgeir Erling Gunnarsson.

Fylgiskjal IV.

Póllinn h.f.
Pósthólf 91
400 Ísafjörður.

11. mars 1981.

Ráðuneytið hefur móttekið erindi fyrirtækisins, dags. 3. mars s.l., þar sem þess er farið á leit, að aðflutningsgjöld og söluskattur verði felld niður vegna innflutnings fyrirtækisins á svonefndu þróunarkerfi fyrir örtölvur.

Til svars erindinu tekur ráðuneytið fram, að um síðast liðin áramót gaf ráðuneytið út auglýsingu nr. 8/1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða söluskatts af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. hjálagt eintak af sérprentun hennar. Með útgáfu auglýsingar þessarar hefur ráðuneytið tekið ákvörð-

un um nánari framkvæmd heimildarákvæða þeirra sem er að finna í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og lið 4.1 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1981. Samkvæmt 1. gr. auglýsingarinnar, sbr. 4. gr., nær niðurfelling eða endurgreiðsla gjalda einungis til þeirra véla, tækja, vélahluta og varahluta, sem flokkast undir eitthvert þeirra tollskrárnúmera sem þar eru upp talin, og er eigi gert ráð fyrir að undanþágur séu veittar varðandi vörur sem eigi uppfylla þetta skilyrði. Með því að hér umrædd vara fellur eigi undir 1. gr. nefndrar auglýsingar telur ráðuneytið sér eigi fært að óbreyttum reglum að verða við fram kominni beiðni fyrirtækisins sem hér með er synjað.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.
Sigurgeir Jónsson

Fylgiskjal V.

Hr. fjármálaráðherra
Ragnar Arnalds
Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

02.04.1981

Félag íslenskra iðnrekenda mótmælir hér með harðlega synjun ráðuneytisins á niðurfellingu aðflutningsgjalda af aðföngum til fyrirtækjanna Pólsins hf. á Ísafirði og Kassagerðar Reykjavíkur hf., sem fram kemur í meðfylgjandi ljósriti.

Þegar auglýsing um aðflutningsgjöld af aðföngum til iðnaðar nr. 8/1981 var gefin út, var í fréttatilkynningu ríkisstjórnarinnar talið að í auglýsingunni fælust miklar hagsbætur fyrir iðnaðinn. Ljóst er hins vegar af bréfum ráðuneytisins varðandi mál Pólsins hf. og Kassagerðar Reykjavíkur hf., að túlkun ráðuneytisins á heimildarákvæðum þeim, sem er að finna í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., hefur verið þrengd til muna. Þá er einnig nauðsynlegt að vekja athygli á því, að eftir því sem okkur er tjáð mun ráðuneytið hafa fellt niður aðflutningsgjöld af hliðstæðu þróunarkerfi og Póllinn hf. er að flytja inn, þegar annað fyrirtæki átti í hlut.

Félag íslenskra iðnrekenda fer þess hér með á leit við yður, hr. fjármálaráðherra, að synjun ráðuneytisins á framangreindum málum verði dregin til baka nú þegar og þess í stað verði umrædd niðurfelling aðflutningsgjalda heimiluð.

Virðingarfyllst,
Félag íslenskra iðnrekenda,
Valur Valsson,
framkvæmdastjóri.

Sþ. 197. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um ár aldraðra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir um tillöguna frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Öldrunarráði Íslands. Nefndin mælir með breytingum, sem tillaga verður flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. des. 1981

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Halldór Blöndal, frsm.
Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.	Sigurður Óskarsson.	Guðm. G. Þórarinsson.
	Páll Pétursson.	

Sþ. 198. Breytingartillaga [20. mál]

við till. til þál. um ár aldraðra.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að tileinka árið 1982 málefnum aldraðra. Alþingi skal kjósa 7 manna nefnd til að vinna að framgangi þeirra og skal hún eiga samvinnu við stjórnskipaða nefnd, sem vinnur að lagasetningu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Skulu þessir aðilar marka frambúðarstefnu í þessum málum og meta þá þörf, sem er á brýnum úrbótum í einstökum byggðarlögum eða fyrir landið í heild og að vinna að undirbúningi fjáröflunar og framkvæmda á þessu sviði. Sérstaklega skal lögð áhersla á samvinnu og þátttöku þeirra samtaka, sem láta sig mannúðar- og menningarmál varða.

Í samræmi við ályktun þessa skal hin þingkjörna nefnd í samráði við sveitarstjórnir og hagsmunaaðila koma á fót undirnefndum til starfa innan landshluta, kjördæma, heilsugæslusvæða eða einstakra sveitarfélaga.

Nd. 199. Frumvarp til laga [157. mál]

um breyting á lögum nr. 40/1969, um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

Flm.: Albert Guðmundsson, Matthías Bjarnason, Eggert Haukdal, Sighvatur Björgvinsson, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Bankar þeir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1982 greiða ríkissjóði 60% af nettó-heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 60% af nettó-þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum

sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi svo sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skattur á gjaldeyrisviðskipti var innleiddur með lagasetningu árið 1958 og kom til framkvæmda árið 1960 og var þá 50% af mismun á kaup- og sölugengi erlends gjaldeyris svo og 50% af þóknun af erlendum viðskiptum. Frá og með 1. janúar 1969 var gjaldið hækkað í 60%.

Á þeim árum, sem gjaldeyrisskatturinn var innleiddur, var eiginlegt sölugengi ekki til á erlendum gjaldeyri, heldur voru auk skráðs sölugengis yfirfærslugjöld, mismunandi eftir greiðslum og vöruflokkum.

Þessi lagasetning var nýlunda og raunar fráleit ráðstöfun að taka ákveðna prósentu af innkomnum tekjum vegna þjónustu án nokkurs tillits til þess, hversu háar fjárhæðir viðkomandi þjónusta kostaði gjaldeyrisbankana.

Stjórnendur gjaldeyrisbankanna hafa allt frá fyrstu tíð mótmælt þessari skattlagningu á gjaldeyrisviðskipti og farið fram á að hún yrði afnumin eða þá að skattstofninn yrði nettóhagnaður af gjaldeyrisviðskiptum, en ekki brúttótekjur eins og nú er, en engin leiðrétting hefur fengist.

Þessi mótmæli hafa verið rökstudd með greinargerðum um afkomu gjaldeyrisviðskipta. Í skýrslu um þetta efni, sem Útvegsbankinn sendi bæði forsætis- og viðskiptaráðherra 22. ágúst 1980, kom fram, að skatturinn nam 520 millj. gkr. á ári og að honum greiddum vantaði 180 millj. gkr. á það, að bankinn hefði fyrir kostnaði af starfseminni. Allar fyrri kannanir hafa leitt til neikvæðrar niðurstöðu.

Lengur verður ekki unað við þessa skattlagningu og er frumvarp þetta því flutt.

Meðan bankarnir almennt greiða ekki meiri skatt en nú er til ríkisins telja flutningsmenn þó sanngjarnt, að gjaldeyrisbankarnir greiði a. m. k. fyrst um sinn einhvern skatt af gjaldeyrisviðskiptum til ríkissjóðs, að því leyti sem þeir hafi hagnað af þessum viðskiptum.

Breytingin er í því fólgin, eins og fram kemur í sjálfu frumvarpinu, að gjaldeyrisbönkunum beri að greiða í ríkissjóð 60% af nettó-heildartekjum sínum vegna gjaldeyrisviðskipta, þ. e. a. s. af heildartekjum að frádregnum kostnaði.

Rétt er að taka fram, að stjórnvöld ákveða einhliða upphæð þóknunar og gjaldtöku vegna erlendra viðskipta. Stjórnir gjaldeyrisbankanna geta því ekki bætt sér upp skattinn með hækkun.

Fylgiskjal I.

Útvegsbanki Íslands

Hagdeild 14. des. 1981

Áætlun um tap á gjaldeyrisviðskiptum 1981

(í þús. kr.)

Tekjur af gjaldeyrissölu	13 420
Aðrar tekjur (vaxtamunur v/endurl. erlends lánsfjár, ábyrgðar-provision ofl.)	6 830
Heildartekjur	20 250
÷ Rekstrarkostnaður (24.8% af heildarkostnaði)	15 150
Mismunur tekna og rekstrarkostnaðar	5 100
÷ Greitt ríkissjóði (60% af 13 420)	8 050
Nettótap	2 950

Fylgiskjal II.

Útvegsbanki Íslands

Hagdeild 14. des. 1981

Gjöld til ríkissjóðs vegna gjaldeyrisviðskipta 1960-1981

(í þús. kr.).

Ár	Verðlag hvers árs*	Verðlag ársins 1981
1960	36	2 986
1961	45	3 513
1962	64	4 457
1963	64	4 110
1964	72	3 897
1965	73	3 601
1966	82	3 588
1967	89	3 733
1968	82	3 066
1969	127	3 892
1970	189	5 056
1971	194	4 715
1972	287	6 190
1973	355	6 339
1974	413	5 139
1975	754	6 290
1976	888	5 676
1977	1 169	5 755
1978	1 882	6 392
1979	3 160	7 455
1980	5 173	7 744
1981 áætlað	8 050	8 050
	23 248	111 644

*Miðað við lánskjaravísitölu.

Sþ. 200. Fyrirspurn [158. mál]

til iðnaðarráðherra um iðnað á Vestfjörðum.

Frá Sigurgeiri Bóassyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum sem samþykkt var á Alþingi 19. maí síðastliðinn?

Sþ. 201. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 161 [Fjárlög 1982].

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni og Sighvati Björgvinssyni.

Við 19. lið. — Við 4. gr. 02 610 Héraðsskólar.	kr.
a. Fyrir „5 250 000“ kemur	5 750 000
b. Sundurliðun	
2. Núpur.	
Fyrir „300 000“ kemur	550 000
3. Reykjanes.	
Fyrir „150 000“ kemur	400 000

Sþ. 202. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Guðmundi J. Guðmundssyni.

Við 4. gr. 07 954 Vinnueftirlit ríkisins.	Kr.
20 Laun.	
Fyrir „3 521 700“ komi	3 900 000
2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „1 000 000“ komi	3 400 000
6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „27 700“ komi	600 000
0 Sértekjur.	
Fyrir „4 744 400“ komi	7 927 500

Sþ. 203. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 og við brtt. á þskj. 161.

	Kr.
I. Frá *fjárveitinganefnd.*	
1. Við brtt. 161,20.b.l. — Við 4. gr. 02 792 Bygging grunnskóla o. fl. Liðurinn orðist svo (leiðrétting):	
1. Hólabrekkuskóli, 1. og 2. áf.	1 199 000
2. Við brtt. 161,20.b.175. — Við 4. gr. 02 792 Bygging grunnskóla o. fl. Liðurinn orðist svo (leiðrétting):	
175. Breiðdalshreppur, skóli	350 000
3. Við brtt. 161,29. — Við 4. gr. 02 999 0124 Safnastofnun Austurlands. Tillagan orðist svo (leiðrétting):	
Fyrir „100 000“ kemur	400 000
II. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur* og *Karli Steinari Guðnasyni.*	
Við 4. gr. 07 981 Vinnumál. Nýr liður:	
0138 Stofnkostnaður vegna kannana á launakjörum kvenna og karla	300 000

Nd. 204. Frumvarp til laga [159. mál]

um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig iðnfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðið iðnfræðingur hafa þeir einir hér á landi sem lokið hafa fullnaðarprófi í iðnfræði frá Tækniskóla Íslands eða hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

Engum má veita leyfi það sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar nema hann hafi lokið sambærilegu námi og iðnfræðingar frá Tækniskóla Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar má veita mönnum sem starfað hafa sem iðnfræðingar eigi skemur en sex ár leyfi til þess að kalla sig iðnfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim sem þar greinir.

2. gr.

Áður en leyfi skv. 1. gr. er veitt skal leita álits Iðnfræðingafélags Íslands.

Réttur til að kalla sig iðnfræðing skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. gildir frá þeim tíma er iðnfræðingur lauk fullnaðarprófi í grein sinni.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 5 000,00. Sektirnar renna í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram að ósk Iðnfræðingafélags Íslands um lögvernd starfsheitisins iðnfræðingur. Gert er ráð fyrir því að vernd starfsheitisins geti gilt bæði um þá sem lokið hafa námi frá Tækniskóla Íslands og sambærilegu námi erlendis.

Iðnfræðingar frá Tækniskóla Íslands eru þeir sem, auk sveinsprófs í löggiltri iðngrein, hafa lokið 2½ árs námi í raftækni, véltækni eða byggingatækni.

Heitið „iðnfræðingur" var upphaflega lögverndað með lögum nr. 24/1937 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga. Lögvernd þess féll hins vegar niður með lögum nr. 44/1963, er starfsheitið „tæknifræðingur" kom í staðinn. Með lögum nr. 73/1968 var síðan lögverndað heitið „byggingafræðingur", en það skyldi ná til þeirra sem áður nefndust iðnfræðingar og lokið höfðu byggingafræðinámi.

Þar sem heitið „iðnfræðingur" er ekki lengur lögverndað starfsheiti ákvað Iðntæknafélag Íslands í október 1980 að fella niður starfsheitið „iðntæknir" og taka þess í stað upp starfsheitið „iðnfræðingur" fyrir félagsmenn sína. Hefur félagið nú óskað eftir lögvernd á því heiti. Leitað hefur verið til Tæknifræðingafélags Íslands og Byggingafræðingafélags Íslands og hafa félögin ekki hreyft andmælum við notkun iðnfræðinga á starfsheitinu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að iðnfræðingar sem uppfylla menntunarskilyrði laganna, hafi einir rétt til að nota starfsheitið iðnfræðingur.

Iðnfræðinám erlendis er að sjálfsögðu mjög misjafnt og er tilgangur þessa frumvarps að tryggja að starfsheitið iðnfræðingur verði ekki notað af öðrum en þeim sem uppfylla viss lágmarksskilyrði hvað varðar menntun.

Engin sérréttindi til ákveðinna starfa felast í lögvernd starfsheitisins.

Lögverndaðum starfsheitum hefur farið fjölgandi hérlendis á síðustu árum. Ýmist er um það að ræða að sækja þurfi um leyfi ráðherra eða starfsheitin hljóti sjálfkrafa vernd eftir tiltekið nám. Af dæmum um hið fyrrnefnda má nefna lögvernd heitanna: læknir sbr. lög nr. 47/1932, ljósmóðir frá öðrum skóla en Ljósmæðraskóla Íslands sbr. lög nr. 17/1933, verkfræðingur og arkitekt sbr. lög nr. 24/1937, sjúkraþjálfari sbr. lög nr. 31/1962, lyfjafræðingur sbr. lög nr. 31/1963, tæknifræðingur sbr. lög nr. 44/1963, byggingafræðingur sbr. lög nr. 73/1968, hjúkrunarkona og hjúkrunarmaður sbr. lög nr. 8/1974, félagsráðgjafi sbr. lög nr. 41/1975, sálfræðingur sbr. lög nr. 40/1976, iðjuþjálfi sbr. lög nr. 75/1977, þroskaþjálfi sbr. lög nr. 18/1978, meinatæknir sbr. lög nr. 99/1980, viðskiptafræðingur og hagfræðingur frá öðrum skóla en Háskóla Íslands sbr. lög nr. 27/1981. Af dæmum um starfsheiti sem hljóta sjálfkrafa vernd má nefna: starfsheiti handiðnaðarmanna sbr. lög nr. 42/1978, ljósmæður frá Ljósmæðraskóla Íslands sbr. lög nr. 17/1933, viðskiptafræðingar og hagfræðingar frá Háskóla Íslands sbr. lög nr. 27/1981 og vélfræðingar sbr. lög nr. 6/1981.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skilyrði þess, að nota megi starfsheitið iðnfræðingur, þ. e. fullnaðarpróf í iðnfræði frá Tækniskóla Íslands eða leyfi ráðherra.

Í 2. mgr. koma fram skilyrði þess, að veita megi leyfi skv. 1. mgr., þ. e. að umsækjandi hafi lokið sambærilegu námi og iðnfræðingar frá Tækniskóla Íslands.

Með 3. mgr. er lagt til að þeir sem starfað hafa sem iðnfræðingar í sex ár eða lengur eigi þess kost að öðlast leyfi til að nota það starfsheiti án þess að uppfylla prófskilyrði 2. mgr.

Um 2. gr.

Kveðið er á um að leita skuli álits Iðnfræðingafélags Íslands áður en leyfi skv. 1. gr. er veitt, enda oft matsatriði hvort nám erlendis uppfylli skilyrði laganna.

Í 2. mgr. segir að réttur til að kalla sig iðnfræðing, skv. 1. gr. gildi frá þeim tíma er leyfishafi lauk fullnaðarprófi í greininni. Er þessu ákvæði ætlað að tryggja, að iðnfræðingar geti óhindrað notað starfsheiti sitt frá próftöku þar til leyfi er gefið út.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 205. Nefndarálit [59. mál]

um frv. til laga um breyt. á lyfjalögum, nr. 49/1978.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að leggja til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem samþykkt var í efri deild.

Alþingi, 15. des. 1981.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Guðmundur G. Þórarinsson.
Pálmi Jónsson.	Matthías Bjarnason.	Magnús H. Magnússon.
	Pétur Sigurðsson.	

Ed. 206. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem á því voru gerðar í Nd.

Alþingi, 15. des. 1981.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Egill Jónsson.	Guðm. Karlsson.	Gunnar Thoroddsen.
	Kjartan Jóhannsson.	

Nd. 207. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Efnahagsaðgerðir núverandi ríkisstjórnar hafa frá byrjun verið handahófskenndar og ekkert verið gert nema fyrir nokkra daga eða vikur í senn.

Þetta frv. er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 28. ágúst s. l. í kjölfar gengisfellingar sem gerð var tveimur dögum áður. Á meðan frv. þetta er til afgreiðslu á Alþingi hefur önnur gengisbreyting átt sér stað sem gert hefur að verkum að þurft hefur að breyta frv. í samræmi við það. Einstakir ráðherrar eru þegar farnir að gefa út yfirlýsingar um að þörf sé á einni gengislækkuninni til viðbótar.

Þetta frv., eins og það liggur fyrir, felur í sér þrjú meginatriði:

1) Ráðstöfun á hluta gengismunar útfluttra sjávarafurða, sem framleiddar voru fyrir 1. sept. s. l., og ríkisstjórninni gefið sjálfdæmi um hvort gengismunur á einstökum afurðum sé gerður upptækur eða ekki.
2) Eignaupptaka á endurgreiðslu Seðlabanka Íslands af gengisuppfærslu endurkeyptra afurða- og rekstrarlána. Meginhluti þessarar endurgreiðslu, sem mun vera 36,2 millj. króna, á ekki að renna til þeirra deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem eiga þessar endurgreiðslur, heldur eru bein fyrirmæli í frv. um að allt að 29 millj. króna skuli greiddar til freðfiskdeildar sjóðsins. Með þessu er gengið þvert á þá stefnu sem lá til grundvallar setningu laganna um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Það hefur verið ófrávíkjanleg skoðun stjórnar sjóðsins og stjórnvalda, að hver deild sjóðsins sé sjálfstæð og fjármunir ekki færðir milli deilda eins og nú er ákveðið að gera.
3) Í 2. gr. frv. er fjármálaráðherra heimilað að ábyrgjast lán að fjárhæð 42 milljónir króna handa Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og verður ekki séð annað en að ríkissjóður verði að greiða þetta lán þegar metnir eru þeir skilmálar sem settir eru fyrir ábyrgð ríkissjóðs.

   Með slíkum lántökum sem þessari er verið að taka upp hreint uppbótakerfi sem lagt er á almenning að greiða í hækkunum skatta.

Við ráðstöfun gengishagnaðar á undanförnum árum hefur gengishagnaði að hluta til verið ráðstafað til að lækka skuldir útgerðarinnar og jafnframt komið til móts við sjómenn í félagsmálum þeirra eins og framlög til lífeyrissjóða og orlofsheimila. Nú er ekki á þetta minnst og er það illa farið.

Á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar í morgun mætti Ísólfur Sigurðsson, fulltrúi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og lagði fram upplýsingar um stöðu sjóðsins eftir deildum og afurðum, sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni höfðu óskað eftir að fá í hendur.

Samkvæmt þessu yfirliti var innstæða í freðfiskdeild 1/1'80 35 155 þús. kr., 1/1'81 28 280 þús. kr. og 1/10'81 — 1 114 þús. kr. Breyting frá 1/1'80 til 1/10'81 er því ÷34 041 þús. kr. hvað þessa deild varðar.

Í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja var innstæða 1/1'80 27 691 þús. kr., 1/1'81 7 644 þús. kr. og 1/10'81 696 þús. kr.

Aðeins ein deild sjóðsins hefur verulega aukið innstæðu sína, en það er skreiðardeildin sem nú á 43 700 þús. kr., enda hefur verð á þessum afurðum verið með eindæmum hátt á s. l. árum.

Þegar litið er á stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins í heild var innstæða 1/1'80 103 898 þús. kr., 1/1'81 74 592 þús. kr. og 1/10'81 75 424 þús. kr. Með öðrum orðum hefur hann rýrnað um 28 474 þús. kr. frá því sem hann var í ársbyrjun 1980, en við eðlilegar aðstæður hefði innstæða sjóðsins átt að minnsta kosti að tvöfaldast. Fylgir hér með yfirlit Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Hvað viðkemur lántöku Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. 2. gr. frv. tökum við undir sjónarmið Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í bréfi þess þar sem segir: „Sambandsstjórn telur, að með lántökuheimild þessari sé farið inn á braut, sem ekki einasta gengur þvert á efni og markmið laga um sjóðinn, heldur sé jafnframt verið að halda uppi fölsku gengi með því að skuldbinda sjávarútveginn og þar með sjómenn inn í óvissu framtíðarinnar."

Það er ámælisvert hvernig stjórnvöld hafa farið með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og í góðæri er farið að fikta með millifærslur.

Við erum andvígir þessum aðgerðum og teljum að með þeim sé verið að lögleiða nýtt uppbótakerfi og markvisst stefnt að því að eyðileggja Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Alþingi, 14. des. 1981.

Matthías Bjarnason, frsm. Sighvatur Björgvinsson. Matthías Á. Mathiesen.

Albert Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

Upplýsingar fyrir fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar Alþingis teknar saman 13. desember 1981.

Staða sjóðsins eftir deildum og afurðum þ. 1./1. '80, 1./1. '81 og 1. 10. '81, allar upphæðir í þús. n. kr.

Deildir fyrir frystar fiskafurðir:	1./1. '80		1./1. '81		1./10. '81		br. frá 1./1. '80 til 1./10. '81	
Freðfiskur	18 628		÷2 297		÷28 509		÷47 137	
Humar	7 617		12 654		14 100		+6 483	
Hörpudiskur	2 874		7 894		11 023		+8 149	
Rækja	6 036		10 029		4 500		÷1 536	
		35 155		28 280		1 114		÷34 041
Deild fyrir saltfiskafurðir:								
Óverkaður saltfiskur	27 351		16 560		24 755		÷2 596	
Söltuð ufsaflök	1 675		2 500		3 500		+1 825	
Verkaður saltfiskur	÷44		8		9		+53	
		28 982		19 068		28 264		÷718
Deild fyrir saltsíldarafurðir:								
Saltsíld		734		1 476		1 650		+916
Deild fyrir skreiðarafurðir:								
Skreið		11 336		18 124		43 700		+32 364
Deild fyrir afurðir síldar- og fiskmjölsv.:								
Loðnumjöl og -lýsi	22 992		1 492		÷1 474		÷24 466	
Fiskmjöl	3 613		4 129		1 000		÷2 613	
Kolmunna- og spærlingsmjöl	393		322		270		÷123	
Síldarmjöl og -lýsi	693		1 701		900		+207	
		27 691		7 644		696		÷26 995
Samtals:		103 898		74 592		75 424		÷28 474

Ath.: Staðan pr. 1./10. '81 er að mestu byggð á áætlun, ef undan eru skildar eftirtaldar afurðir: Freðfiskur, humar og loðnumjöl og -lýsi. En tölur fyrir þessar afurðir liggja nú endanlega fyrir.
Í stöðunni pr. 1./10. '81 er tekið tillit til áætlaðs gengismunar v/ákv. um br. á gengi ísl. kr., sbr. bráðabirgðalög frá 28./8. '81, og er skiptingin þannig:

	Þús. kr.
Óv. saltfiskur	6 000
Skreið	17 000
Hörpudiskur	23
Samtals:	23 023

Sþ. 208. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 og við brtt. á þskj. 161.

Frá Vilmundi Gylfasyni og Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Kr.

1. Við brtt. 161.1. — Við 4. gr. 00 201 0103 Skrifstofu- og alþingiskostnaður.
   Fyrir „19 121 100“ kemur 18 821 100
2. Við 4. gr. 00 201 0103 Skrifstofu- og alþingiskostnaður. Nýr liður:
   0111 Til beins útvarps frá Alþingi 300 000

Nd. 209. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59 frá 28. maí 1969, með síðari breytingum.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

50. gr. laga nr. 59/1969 orðist svo:

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga þegar far tekur höfn, þar sem vara verður affermd. Heimilt er að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum skv. ákvæðum laga þessara. Greiðslustaður er hjá tollstjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis, þar sem höfn sú er, er far var affermt.

Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda af vörum, sem látnar hafa verið í tollvörugeymslu, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1960, nema gjaldfrestur hafi verið veittur skv. lögum þessum.

2. gr.

53. gr. laga nr. 59/1969, sbr. lög nr. 31/1979, orðist svo:

Fjármálaráðherra getur heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest tolla og annarra aðflutningsgjalda, samkvæmt umsókn frá innflytjanda, sbr. 50. gr. Slíkan frest má veita fyrirtækjum, sem stunda innflutningsverslun að aðalatvinnu, þar á meðal flutningamiðlurum og umboðsmönum innflutningsfyrirtækja. Þá skal og heimilt að láta þennan rétt ná til iðnfyrirtækja vegna innflutnings á vélbúnaði, tækjum og hráefni.

Í umsókn skal greina frá þeim efnum, sem eru forsendur þess að meta hvort umsækjandi verði talinn uppfylla skilyrði þess að hljóta greiðslufrest.

Skilyrði fyrir greiðslufresti er að umsækjandi setji tryggingu fyrir aðflutningsgjöldum. Slík ábyrgð getur verið í formi bankaábyrgðar, tryggingа (ábyrgð) frá vátryggingarfélagi, sem viðurkenningu hefur hlotið eftir þeim reglum, sem hér gilda, eða aðrar þær ábyrgðir, sem tollstjórar meta gildar. Krafa um tryggingu fellur þó niður að loknum 6 mánuðum frá því greiðslufrestur hófst hafi innflytjandi ekki lent í vanskilum með greiðslu aðflutningsgjaldanna.

Upphaf greiðslufrests miðast við lok komumánaðar flutningsfars (skips eða flugvélar) og er gjalddagi, sem jafnframt er eindagi, eigi skemur en 45 dögum eftir lok komumánaðarins. Með sama hætti er heimilað að miða upphaf greiðslufrests við lok úttektarmánaðar tollvöru úr tollvörugeymslu. Séu lok greiðslufrests á frídaga helgidegi verður gjalddaginn næsti virkur dagur. Fjárhæðir, sem greiðast með gíróseðli, teljast greiddar á réttum tíma séu þær stimplaðar greiðslustimpli í síðasta lagi á gjalddaga í lögsagnarumdæmi viðkomandi tollstjóra. Sé greiðsla send í pósti, verður umslagið að vera póststimplað í síðasta lagi á gjalddaga, einnig í lögsagnarumdæmi viðkomandi tollstjóra.

Veittan greiðslufrest má afturkalla hvenær sem er. Skal afturköllun vera rökstudd. Verði vanefndir á skilyrðum greiðslufrests, er tollstjóra heimilt að synja um áframhaldandi úttekt gegn greiðslufresti um lengri eða skemmri tíma.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um greiðslufrest aðflutningsgjalda skv. grein þessari svo og 50. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var, ásamt tveimur öðrum frumvörpum um tollamál, flutt í tveimur síðustu þingum. Flutningsmenn voru þeir sömu og flytja þau nú. Enda þótt frumvörpin væru rædd og hlytu góðar undirtektir vannst ekki tími til afgreiðslu, enda var þá gefið í skyn að ríkisstjórnin væri að undirbúa frumvarp til laga um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum sem hún hygðist leggja fyrir þingið á næstunni, þar sem efni þessara frumvarpa yrði tekið til meðferðar.

Með bréfi, dags. 3. apríl 1981, skipaði fjármálaráðherra nefnd sem var falið það verkefni að gera tillögur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Lagt var fyrir nefndina að hafa hliðsjón af áliti tollanefndar frá ágúst 1978. Jafnframt var lagt fyrir nefndina að skila störfum eigi síðar en í ágúst sama ár.

Nefndin mun hafa unnið ötullega og skilað til fjármálaráðherra í lok sept. s. l. uppkasti að frumvarpi til laga um gjaldfrest á aðflutningsgjöldum ásamt drögum að reglugerð um sama efni. Í tillögum nefndarinnar mun hafa verið gert ráð fyrir því, að frumvarpið yrði samþykkt fyrir næstu áramót, tæki gildi 1. jan. 1982 og kæmi að fullu til framkvæmda 1. okt. 1982.

Nú er liðið fast að jólum og engin merki þess sjáanleg, að ríkisstjórnin hyggist leggja frumvarpið fram, hvað þá að það hljóti afgreiðslu innan þess tíma, sem að var stefnt. Engum blandast hugur um nauðsyn þess, að þetta mál hljóti viðeigandi afgreiðslu, enda hafa þær tvær stjórnskipuðu nefndirnar, sem hafa fjallað um málið, skilað einróma álitsgerðum hvor um sig og báðar mælt með því, að gjaldfresti á aðflutningsgjöldum verði komið á.

Það er því skoðun flutningsmanna, að ekki verði lengur beðið eftir frumvarpi ríkisstjórnarinnar, og er frumvarp þetta því nú flutt í þriðja sinn. Með upphaflegu frumvarpi fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Á árinu 1977 skipaði þáverandi fjármálaráðherra, Matthías Á. Mathiesen, nefnd manna til þess að endurskoða lög og reglur um tollheimtu og tolleftirlit. Nefndina skipuðu þeir Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi, Björn Hermannsson tollstjóri, Júlíus Sæberg Ólafsson framkvæmdastjóri, Hjalti Pálsson framkvæmdastjóri og Ásgeir Pétursson sýslumaður, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, en Þorsteinn Geirsson, skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins, var ritari nefndarinnar.

Í umfangsmiklu starfi nefndarinnar var leitað álits fjölda aðila, auk þess sem Rekstrarstofan (J. Ingimar Hansson og Gunnar H. Guðmundsson) gerði yfirgripsmikla úttekt á tollamálum fyrir nefndina.

Í álitsgerð, sem nefndin skilaði í ágúst 1978, leggur hún einróma til við fjármálaráðherra að upp verði tekinn hér á landi greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum (tollkrít).

Stjórnvöld hafa enn ekki flutt frumvarp á grundvelli þessa ítarlega nefndarálits og hafa flutningsmenn þessa frumvarps því ákveðið að flytja kjarna þess, þ. e. hugmyndirnar um tollkrít, sem sérstaka breyting á tollalögunum, en ljóst er að tollalöggjöfin í heild þarfnast breytinga til endurbóta og samræmis við nútímahætti í viðskiptalífinu og opinberri stjórnsýslu. Tekið er fram að ofangreind nefnd á ekki aðild að frumvarpi þessu, þótt efni þess sé byggt á tillögum hennar.

Síðan nefndarálitið kom fram hefur talsvert verið rætt um tollkrít, nauðsyn hennar og hagkvæmni. Fram kom í nefndarálitinu að beinn sparnaður fyrir þjóðarbúið yrði um þrír milljarðar á núverandi verðlagi, samkvæmt útreikningum Rekstrarstofunnar.

Hér er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir alla landsmenn og brýnt að Alþingi taki afstöðu til lagabreytinga sem kveða á um almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Þannig yrði stuðlað að sparnaði, hagræði og lægra vöruverði neytendum, flutningsaðilum svo og hinu opinbera til hagsbóta.

Hér á eftir er getið ýmissa atriða úr nefndaráliti tollanefndar frá ágúst 1978 og greinargerðar Rekstrarstofunnar um tollamál og tölur reiknaðar til núgildandi

verðlags af Rekstrarstofunni. Óskað hefur verið eftir því, að nefndarálitið verði sent alþingismönnum.

Í upphafi vann nefndin að því að kynna og skilgreina þá þætti, sem koma við sögu varnings til landsins, geymslu hans, meðferð, skjalakerfi og greiðslu aðflutningsgjaldanna. Leitað var upplýsinga um heildarkostnað, sem yrði við upptöku nýrra starfshátta, og væntanlegan sparnað.

Kostnaður vegna meðferðar á vörum og skjalakerfi myndast einkum þannig:

a) Vegna uppskipunar, geymslu og flutnings varnings til innflytjenda og millifærslu milli geymslna.
b) Vegna skjalakerfis, útfyllingar umsókna, ferða í tollskrifstofur og banka og þátttöku í endanlegri afgreiðslu skjala þar.

Eftir frumathugun og síðar að fengnum margháttuðum upplýsingum frá opinberum aðilum, innflytjendum og þá sérstaklega sérfræðilegri rannsókn Rekstrarstofunnar virtist nefndarmönnum að tollkrít gæti haft áhrif til lækkunar á alla fyrrgreinda kostnaðarþætti.

Eftir allítarlega könnun var nefndin sammála um það að eðlilegt væri að fremur yrði stefnt að setningu löggjafar um tollkrít en að leysa úr því efni með stjórnvaldserindi.

Alþingi hefði við setningu síðustu löggjafar um tollamál ákveðið að meginreglan skyldi vera sú, að tollar skyldu staðgreiddir við afhendingu varnings, en nú mætti telja vafasamt að taka svo mikilvæga ákvörðun í formi reglugerðarsetningar einnar og þyrftu ítarlegri lagafyrirmæli til að koma.

Rétt er að hafa í huga að ákvarða verður hverjir það séu, sem geti fengið heimild til að njóta tollkrítar. Nefndin var á einu máli um það að ekki komi til álita að aðrir fái tollkrít en þeir, sem stunda innflutning sem aðalvinnu, þ. e. innflutningsfyrirtæki. Komi þó að vísu ekki til greina að einskorða allan innflutning við innflutningsfyrirtækin ein. Það verði að gera ráð fyrir því, að einstaklingar eða leikmenn, sem taka þátt í innflutningi, hafi frjálsar hendur í því hér eftir sem hingað til.

Álitið er að tollkrít yrði til þess að innflytjendur næðu hraðari veltu í sölu varnings, en við það ættu þeir léttara um vik að mæta þeim skuldbindingum, sem þeir hafa tekið á sig og kæmu til er gjaldfrestur væri útrunninn.

Þegar rætt var um tímamörk tollkrítar voru nefndarmenn sammála um að tollkrít nái til allra aðflutningsgjalda og upphafstími tollkrítar miðist við komudag skips.

Fram kom að fulltrúar atvinnustéttanna í nefndinni, þeir Júlíus S. Ólafsson og Hjalti Pálsson, töldu að taka yrði tillit til þess, að oft bærust innflutningsskjöl eftir komu skips, og því yrði gjaldfrestur að vera rýmri.

Eftir ítarlegar umræður um það, hversu langur gjaldfrestur skyldi vera, má segja að nefndarmenn hafi komist að samkomulagi um að leggja til að hann skyldi vera 60 dagar frá komudegi skips.

Þá var tekið til umræðu hvort greiða skyldi vexti af leyfilegri tollkrít, meðan lánstími stendur, eða ekki, og urðu menn sammála um það, að ekki væri rétt að krefja um vexti af tollkrítinni sjálfri, en hins vegar bæri að sjálfsögðu að greiða dráttarvexti af hugsanlegum vanskilum svo og ef ekki væri framvísað skjölum fyrr en hinum almenna gjaldfresti væri lokið.

Þá leggja nefndarmenn til að innflytjandi verði annaðhvort að hafa tollkrít á öllum innflutningi sínum eða engum. Telja þeir þetta veigamikið atriði, sem ekki ætti að víkja frá. Ella væri hætt við ýmsum flækjum og töfum, sem gengju í berhögg við ætlaðar umbætur, þó svo að e. t. v. þurfi að gera undantekningu frá þessu á aðlögunartíma.

Þrátt fyrir þetta álit nefndarinnar hafa margir innflytjendur látið þá skoðun í ljós, að slík ákvæði gætu verið vafasöm og líkleg til að fæla marga frá því að notfæra sér hugsanlegan gjaldfrest. Benda þeir á árstíðabundna vöru, sem kemur of

seint án þess að innflytjandi fái þar nokkru um ráðið eða ef röskun kemst á reglubundnar vörusendingar vegna verkfalla eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika, sem innflytjandi ræður ekki við. Virðast þeir flestir á einu máli um nauðsyn á valfrelsi innflytjandans varðandi gjaldfrest vegna einstakra vörusendinga, þó þannig að sé gjaldfrestsheimildin ekki nýtt innan fyrrgreinds frests (3. mgr. 53. gr.) verði hann ekki veittur síðar fyrir þá vörusendingu.

Nefndin taldi í samræmi við álit J. Ingimars Hanssonar, að unnt væri að taka upp tollkrít án þess að gerðar væru breytingar á útleysingu vöru, aðrar en þær, að tollurinn er lánaður í ákveðinn tíma. Slíkt hefði eingöngu áhrif á geymslutíma vöru.

Er þá rétt að taka tillit til þessara atriða:

1) Styttist geymslutími vöru hjá farmflytjanda fæst ódýrari geymsla og meðferð. Erfitt er að spá, hve mikil sú stytting yrði. Gert er ráð fyrir einni viku.
2) Lækkun yrði á vaxtakostnaði, ef heildarbirgðir vöru í landinu minnkuðu. Gert er ráð fyrir einnar viku styttri geymslutíma.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Rekstrarstofan aflaði, er kostnaður við tollmeðferð vöru 9% af cif-verði og tollum. Er þá gert ráð fyrir vaxtakostnaði 3—4% og uppskipun og meðferð í vöruskemmum 3—4%, eða um 100 000 kr. á sendingu, miðað við 3 000 000 kr. meðalsendingu. Pappírskerfið kostar 1.5%, þ. e. bæði hjá opinberum aðilum og einkaaðilum, eða um 35 000 kr. á sendingu.

Hér skiptir einna mestu máli hve geymslutími vöru, áður en hún er seld, styttist við upptöku tollkrítar. Enginn vafi er á því að umtalsverðum sparnaði má koma á í sambandi við bætt vinnubrögð og pappírskerfið.

Þá er ljóst að geymsla á hafnarbakka er mun dýrari en hjá kaupmönnum. Af því er pappírskerfið varðar ætti tollkrít að geta sparað innflytjendum vinnu og tafir við ferðir til tollyfirvalda.

Skv. skýrslu Rekstrarstofunnar er sparnaður af því að varan stöðvist einni viku skemur í hafnarskemmum talinn nema um 1 600—1 700 millj. kr. vegna vaxta og ca. 150 millj. kr. vegna minni tjónaáhættu.

Jafnhliða tollkrítinni má koma á ýmsum breytingum til að stytta þann tíma sem afgreiðsla þessara mála tekur í banka og í tolli. Slíkar breytingar gætu einnig leitt til sparnaðar við meðferð innflutningsskjala.

Hér er þess að geta, að heildartími til útleysingar á vöru er um það bil ein vika að jafnaði. Af þeim tíma tekur meðferð í tolli um það bil tvo daga, en mikill meiri hluti skjala er þó afgreiddur á einum degi.

Ljóst er að þá töf, sem tollmeðferðin veldur á afhendingu vörunnar, má stytta með tilteknum aðgerðum:

1) Afnám bankastimplunar gerir bankameðferð og tollmeðferð óháða hvora annarri og gerir innflytjendum kleift að flýta útleysingu. Sé bankastimplun haldið, er hægt að flýta meðferð mála samhliða vinnu við bankameðferð og tollmeðferð. Til er vísir að slíku kerfi í formi innlagningar tollskjala án bankastimplunar. Það kostar að vísu fleiri heimsóknir innflutningsaðila í tollinn. Þeim mætti þó fækka án flókinna kerfisbreytinga.

2) Unnt væri að leyfa afhendingu vöru að lokinni styttri yfirferð í tolli. Það mætti breyta framkvæmd vöruskoðunar þannig að hún færi fram óháð skjalameðferð eða við afhendingu vöru.

Með óháðri vinnu í tolli og banka aukast líkur innflytjenda á því að geta skipulagt ferðir, skjöl og skilríki þannig að starfsemi styttist. Með heimild til þess að afhenda vöru að lokinni styttri skoðun í tolli má komast af með eina heimsókn innflytjanda vegna hvers tollskjals. Í skýrslu Rekstrarstofunnar kemur fram að með óháðri vinnu í banka og tolli muni innflytjendur spara um kr. 5 000 við meðferð hverrar sendingar og við skemmri yfirferð í tolli um kr. 3 000 á sendingu. Árlegur sparnaður yrði þá um 900—1000 millj. kr. Auk þessa ávinn-

ings gætu innflytjendur flýtt útleysingu vöru a. m. k. um tvo daga, ef banka- og tollmeðferð eru framkvæmdar samtímis eða ef framkvæmd tollmeðferðar er breytt þannig að afhending vöru er gerð óháðari tollmeðferð.

Hafnarstjórn Reykjavíkur ritaði nefndinni bréf hinn 23. febrúar 1978. Í bréfinu er vakin athygli á því, að vörur liggja á hafnarsvæðum í innflutningshöfnum hérlendis fimm til sex sinnum lengur en í höfnum nágrannalanda. Segir síðan í bréfinu að þessi langi geymslutími krefjist þess, að geymslurými á hafnarsvæðum sé hlutfallslega miklu stærra hérlendis en í erlendum höfnum. Þrátt fyrir aukningu á geymslurými á síðustu árum hefur ekki tekist að mæta þessum þörfum og með nútímatækni fara vandamálin vaxandi. Afleiðingarnar eru að vörurnar eru geymdar í óhentugum geymslum, jafnvel úti, geymslukostnaður verður óhæfilega hár og skemmdir tíðar. Enn fremur hefur skortur á geymslurými áhrif til seinkunar á afgreiðslu skipa og dregur þar með úr eðlilegri afkastagetu hafnarmannvirkja.

Hér er að sjálfsögðu um þýðingarmikið atriði í þjóðhagslegum skilningi að ræða, enda þótt ljóst sé að skipafélögin reyna eftir megni að láta það ekki trufla skipaferðir þótt mikið sé í hafnarskemmum. Afköstum er haldið uppi með því að flytja vörurnar í aðrar skemmur. Athugun á þessum milliflutningum milli skemma leiddi í ljós að um 11% vöru var flutt á milli skemma. Ekki verður önnur ályktun af þessu dregin en sú, að þessi háttur hefur hugsanlega tvöfaldað meðhöndlunarkostnaðinn samanborið við aðra vöru. Telja má að unnt sé að spara þennan kostnað með vikustyttingu á geymslutíma vörunnar í hafnarskemmum.

Það liggur í augum uppi að þjóðhagslega er núverandi ástand mjög óhagkvæmt. Hér er um mjög dýr mannvirki að ræða, þ. e. a. s. hafnirnar, og það verður að ætlast til þess að þau skili fyllstu afköstum áður en framkvæmdir hefjast við smíði nýrra hafnarmannvirkja. Enda þótt ríkissjóður leggi ekki fram fjármagn til hafnargerðar í Reykjavík, er hér um mjög mikilvægt atriði í þjóðarbúskapnum að ræða sökum þess hve flutningsstarfsemi, þar með talin upp- og útskipun og geymsla á varningi, er stór þáttur í þjóðarframleiðslunni. Aukin afköst og bætt nýting hafnarsvæða og hafnarbakka er því þjóðhagslegt markmið, sem ber að stefna að. Er einmitt alveg sérstaklega á þetta bent í bréfi Gunnars B. Guðmundssonar hafnarstjóra í Reykjavík.

Fram kom í nefndinni, að framanritaðar forsendur, sem mæla með tollkrít, geti vissulega haft áhrif á hagkvæmari innkaup til landsins og þar með lækkað verð innfluttrar vöru, auk beins og óbeins sparnaðar aðila og áhrifa þess á kostnað, vöruverð og verðbólgu.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til að breyta 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969 þannig að heimilt verði að veita gjaldfrest á aðflutningsgjöldum (tollkrít) til þess að koma við æskilegri hagræðingu í innflutningi og lækkun vöruverðs.

Um 2. gr.

Í 53. gr. eru settar fram grundvallarreglur um framkvæmd ákvæða 1. gr., en um einstök atriði verði nánar kveðið á í reglugerð er fjármálaráðherra setur.

Nd. 210. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59 frá 28. maí 1969, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Árni Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

a) Í upptalningu í 2. mgr. bætist:

2. Grundartangi.
11. Reyðarfjörður.
12. Höfn í Hornafirði.
Röð annarra aðaltollhafna breytist til samræmis.

b) Úr upptalningu í 4. mgr. falli niður:

16. Reyðarfjörður.
19. Höfn í Hornafirði.
Röð annara tollhafna breytist til samræmis.

2. gr.

3. málsliður 1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvald og stjórnanda fars, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

3. gr.

1. málsliður 4. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollgæslunnar, sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld og stjórnanda fars, hvar í höfn skipið skuli leggjast.

4. gr.

Í 1. mgr. 23. gr. laganna falli niður orðin „og færa í það, hvaða vörusendingar eru affermdar í hverri höfn“.

5. gr.

Úr 26. gr. laganna falli 3. mgr. niður.

6. gr.

37. gr. laganna breytist svo:

a) 8. mgr. orðist svo:

Geymsluhafi hefur haldsrétt í vörunni fyrir kröfu sinni um greiðslugjald. Haldsrétturinn útilokar þó ekki að tollstjóri geti selt vöruna á opinberu uppboði, og skulu þá tollur og önnur opinber gjöld, svo og geymslugjald, greiðast af uppboðsandvirðinu í réttu hlutfalli við kröfuupphæðir.

b) 9. mgr. falli niður.

7. gr.

Úr 1. málslið 38. gr. laganna falli niður orðið „sérstöku“ og orðin „í hvert sinn“.

8. gr.

39. gr. laganna hljóði svo:

Stjórnendum farartækja, sem flytja ótollafgreiddar vörur, er óheimilt að fá þær til geymslu eða umsjár öðrum en tollgæslunni eða þeim, sem hefur umráð viðurkenndrar vörugeymslu samkvæmt 37. gr., nema leyfi viðkomandi tollstjóra komi til. Má hann setja þau skilyrði fyrir leyfinu, sem nauðsynleg eru til þess að tryggilega sé með vöruna farið.

9. gr.

Í 2. mgr. 40. gr. laganna komi í stað orðsins „þaðan“ orðin: úr vörslu þess aðila.

10. gr.

42. gr. laganna hljóði svo:

Þegar lokið er flokkun innfluttrar vöru eftir losun úr farartæki ber útgerðarmanni eða afgreiðslumanni að afhenda viðkomandi tollyfirvaldi eða umboðsmanni þess skrá um allar sýnilegar vantanir og skemmdir, sem komið hafa í ljós við flokkun varanna. Sé vara geymd óflokkuð í gámum eða á annan hátt, ber að geta þess. Tollyfirvald lætur þegar fara fram rannsókn á vöruvöntun og skemmdum, eftir því sem við verður komið.

11. gr.

Úr 49. gr. laganna falli 3. mgr. niður.

12. gr.

Úr 1. mgr. 52. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, falli niður orðin „stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja“.

13. gr.

Úr 54. gr. laganna falli 2. málsliður 1. mgr. niður.

14. gr.

55. gr. laganna hljóði svo:

Ef vöru vantar úr aðkomufari, skal draga verðmæti þess, sem vantar, frá tollverði vörusendingar, enda hafi viðkomandi tollyfirvaldi verið tilkynnt um vöntun, hafi hún komið í ljós við flokkun, sbr. 42. gr.

Þá skal einnig lækka tollverð vara vegna vöntunar, þótt hún hafi ekki komið í ljós við flokkun, ef svo stendur á að vöruvöntun verður ekki ráðin af útliti ytri umbúða vörunnar eða varan hefur verið geymd óflokkuð. Skilyrði þess, að tollverð sé lækkað, er það, að krafa berist innan ákveðins frests, sem fjármálaráðuneytið setur, og að vöntunin sé sönnuð með vottorði tryggingarfélags eða á annan hátt, sem tollyfirvald metur gilt.

15. gr.

56. gr. laganna hljóði svo:

Hafi vara orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörugeymslu innflytjanda, farmflytjanda eða tollvörugeymslu, skal lækka tollverð hennar eða endurgreiða toll vegna hennar sem svarar til þeirrar verðrýrnunar sem orðið hefur á vörunni, enda sé hún sönnuð með framvísun tjónauppgjörs tryggingarfélags, farmflytjanda eða farmsendanda.

16. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

a) Úr 2. tölulið falli niður orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutn-

ingur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi".

b) Úr 3. tölulið falli niður orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum".

c) Nýr 4. töluliður hljóði svo:

Nú er vara send til útlanda til viðgerðar á kostnað framleiðanda, sem tekið hefur ábyrgð á vörunni, og skal þá ekki heimta toll af vörunni þegar hún er flutt inn aftur eftir að viðgerð er lokið, hvort sem um sama hlut er að ræða, viðgerðan, eða annan hlut ógallaðan, sem kemur í hans stað, enda séu færðar sönnur á að viðgerðin hafi verið ókeypis og ábyrgðin innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

17. gr.

Úr 59. gr. laganna, sbr. lög nr. 2/1970, falli niður í niðurlagi 4. mgr. orðin „og getur eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila".

18. gr.

Úr 68. gr. laganna falli niður orðin „stöðvun tollafgreiðslu til hans, svo og".

19. gr.

Úr 1. mgr. 69. gr. laganna, sbr. lög nr. 66/1973, falli niður orðin „eða skrá um talningu á vörum".

20. gr.

Í 3. mgr. 72. gr. laganna komi í stað orðanna „ef ástæða er til að ætla" orðin: ef færðar eru sönnur á.

21. gr.

Í 73. gr. laganna bætist ný 2. mgr. er hljóði svo:

Skilyrði þess, að framangreindum viðurlögum sé beitt, er að tilvikið falli undir ákvæði 3. mgr. 72. gr.

22. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var, ásamt tveimur öðrum frumvörpum um tollamál, flutt á tveimur síðustu þingum. Flutningsmenn voru þeir sömu og flytja það nú. Enda þótt frumvörpin væru rædd og hlytu góðar undirtektir vannst ekki tími til afgreiðslu, enda var þá gefið í skyn að ríkisstjórnin væri að undirbúa frumvarp til laga um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum sem hún hygðist leggja fyrir þingið á næstunni, þar yrði efni þessara frumvarpa tekið til meðferðar.

Þar sem flutningsmenn telja að ekki verði lengur beðið eftir frumkvæði ríkisstjórnarinnar er frumvarp þetta nú flutt í þriðja sinn. Með upphaflegu frumvarpi fylgdi svofelld greinargerð:

Í tengslum við þetta frumvarp eru flutt tvö frumvörp. Annað er einnig til breytinga á lögum um tollheimtu og tolleftirlit og hitt er frumvarp til laga um svokallaða „tollkrít". Í því frumvarpi er gert ráð fyrir verulegum breytingum á 50. og 53. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, þannig að fjármálaráðherra geti heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest tolla og annarra aðflutningsgjalda.

Samtök þeirra, sem stunda innflutning, og farmflytjendur hafa um nokkurt skeið sýnt mikinn áhuga á greiðari og ódýrari innflutningsverslun. Á viðskiptaþingi Verslunarráðs Íslands, sem haldið var í apríl 1979, voru tollamál sérstakur liður á

dagskrá. Var þar samþykkt að vinna að framgangi tillagna um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit þar sem að því væri stefnt að:

1. Aðskilja vöruskoðun, tollafgreiðslu og meðferð tollskjala annars vegar og flutning vörunnar hins vegar, þannig að vöru megi flytja beint frá skipi í vörugeymslu innflytjanda.
2. Gera tollyfirvöldum mögulegt að taka upp reikningsviðskipti við innflytjendur að því er varðar innheimtu aðflutningsgjalda.
3. Kostnaður við tollheimtu og tolleftirlit sé borinn af ríkissjóði, eins og við aðra löggæslu, enda nýtur hann teknanna, auk þess sem stjórnvöld ákveða umfang eftirlitsins. Með því er stefnt að aukinni hagræðingu í störfum tollgæslunnar.

Sparnaður og hagræðing í kjölfar þessara breytinga, ef þær ná fram að ganga, er augljós. Nægir í því sambandi að vísa til álits tollanefndar frá 15. ágúst 1978.

Eins og fyrr segir, er ein helsta breytingin til að innleiða gjaldfrest á aðflutningsgjöldum breyting á 50. og 53. gr. laganna. Á þingskjali 72 er ítarleg greinargerð með þeim breytingum. Gjaldfrestur á aðflutningsgjöldum gerir hins vegar nauðsynlegar ýmsar breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit til aðlögunar nýrri skipan á uppgjöri aðflutningsgjalda. Eru þær nauðsynlegu breytingar settar fram í þessu frumvarpi. Jafnframt eru gerðar breytingar til einföldunar og til samræmis breyttum viðskiptaháttum, sem auka enn á þann hag fyrir þjóðarbúið, sem gjaldfrestur á aðflutningsgjöldum er. Hins vegar eru ekki gerðar tillögur um breytingar sem leiði til þess, að kostnaður vegna tollgæslu verði borinn af ríkissjóði frekar en nú er. Kanna þarf nánar þann útgjaldaauka sem slíkt skapar fyrir ríkissjóð. Einnig þykir rétt að kanna ítarlega hvaða reglur gilda um greiðslu kostnaðar vegna tollgæslu í nágrannalöndum okkar. Sennilegt er þó, að slík breyting leiði til sparnaðar við tollgæslu og lækkunar vöruverðs, því að ætla má að umfang tollgæslunnar ráðist þá frekar af aðstæðum hverju sinni og einfaldari og hagkvæmari leiða verði yfirleitt leitað. Ósennilegt er, að kostnaður ríkissjóðs af tollgæslunni aukist verulega við slíka breytingu. Heildarkostnaður við tollgæsluna ætti hins vegar að lækka. Ekki þykir þó rétt að setja fram tillögur um slíkar breytingar fyrr en að undangenginni ítarlegri könnun.

Frumvarp þetta ber að skoða sem framlag flutningsmanna til þeirra mikilvægu umræðna, sem nú fara fram um gjaldfrest á aðflutningsgjöldum. Fjölmörg atriði þarf að kanna, en æskilegt er að málinu verði hraðað eftir föngum.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Eftir að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga tók til starfa eru afgreidd þar á viku hverri mörg skip, sem koma þangað beint frá útlöndum og sigla aftur án viðkomu á öðrum höfnum. Þá munu vera uppi ráðagerðir um að koma á fót tollvörugeymslu á Reyðarfirði og er forsenda þess, að þar sé aðaltollhöfn. Höfn í Hornafirði er í örum vexti sem útgerðar- og viðskiptamiðstöð, en sem stendur er engin aðaltollhöfn á svæðinu frá Eskifirði til Vestmannaeyja. Þessar breytingar eru því æskilegar vegna breyttra flutningaleiða.

Um 2. gr.

Óvarlegt sýnist að tollgæslumenn geti án nokkurs samráðs við stjórnanda fars ákveðið losunarstað skips í höfn, þar sem slíkt getur valdið miklum aukakostnaði fyrir útgerðina.

Um 3. gr.

Sjá athugasemd við 2. gr.

Um 4. gr.

Við nútímaaðstæður er algerlega útilokað fyrir „stjórnanda fars“ að fylgjast nákvæmlega með losun og færa inn í farmskrá, hvaða sendingar eru losaðar á hverjum stað.

Um 5. gr.

Telja verður fullnægjandi þá skýrslu, sem ákveðin er í 42. gr. laganna, enda hefur annars ekki verið krafist til þessa, þar sem flutningur í vörugámum gerir slíka talningu óframkvæmanlega jafnhliða affermingu.

Um 6. gr.

a) Óeðlilegt er, að ríkissjóður hafi algjöran forgang við skiptingu uppboðsandvirðis. Skipafélögin og flugfélögin verða fyrir milljóna tjóni árlega vegna þessa ákvæðis, þegar uppboðsandvirði hrekkur ekki fyrir meiru en tollum og öðrum opinberum gjöldum.
b) Það leiðir af breytingu á 8. mgr., sbr. a-lið, að fella 9. mgr. niður.

Um 7. gr.

Breytingin tengist gjaldfresti á aðflutningsgjöldum og miðar að því að heimila tollyfirvöldum að gefa leyfi til beins heimflutnings vöru.

Um 8. gr.

Sjá aths. við 7. gr.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er hjá farmflytjendum, einkum hjá skipafélögum, að flytja vörur milli geymslusvæða sinna, ýmist vegna öryggis, eðlis vöru eða rúmleysis. Tollstjóri fær í raun ekki nákvæmar upplýsingar um geymslustað í byrjun, nema á hvers vegum vara er geymd, og því ekki rökrétt að hann þurfi að leyfa slíka tilfærslu hverju sinni.

Um 10. gr.

Þessi breyting er til samræmis við breytta starfshætti og flutningaaðferðir. Vegna vinnuhraða er útilokað að gera slíka skrá þegar að lokinni losun heldur verður að miða við flokkun, sem fram fer jafnhliða og í framhaldi af losun. Þá er orðið algengt að vörur séu fluttar í gámum og oft geymdar í þeim til afhendingar. Er því útilokað við flokkun eftir losun að segja til um, hvort eitthvað er athugavert við ástand eða magn vöru, sem þannig er geymd.

Um 11. gr.

Þessi breyting er gerð vegna gjaldfrests á aðflutningsgjöldum, þar sem nákvæm skoðun fer e. t. v. ekki fram við afhendingu og upplýsingar um að vara hafi glatast koma fram síðar. Einnig er eðlilegt að sömu reglur gildi um flutning innanlands og milli landa og óréttlátt að innheimta toll af vöru sem „glatast hefur eða farist í flutningi innanlands“.

Um 12. gr.

Stöðvun tollafgreiðslu er harkaleg aðgerð, sem getur riðið fyrirtækjum að fullu. Ákvæðin um dráttarvexti og dagsektir ættu að vera fullnægjandi.

Um 13. gr.

Breytinguna leiðir af gjaldfresti á aðflutningsgjöldum. Er lagt til að vörur, sem afhentar eru án þess að tollur sé greiddur (gjaldfrestur veittur fyrir aðflutningsgjöldum), séu ekki veðhæfar fyrir aðflutningsgjöldum, enda væri sala þá óheimil og gjaldfrestur kæmi ekki að haldi, heldur séu veð tekin í öðrum eignum skuldara.

Um 14. gr.

Í núgildandi lögum er aðeins veitt heimild til að lækka tollverð vöru vegna vöntunar. Er lagt til að það sé skýrt orðað, að innflytjanda beri ekki að greiða toll af vöru sem hann aldrei fær, enda er svo almennt ekki gert, ef vöntunin hefur verið staðreynd, sbr. 42. gr. Vegna breyttra flutningaaðferða með gámum getur verið að vöruvöntun komi ekki fram fyrr en síðar, og þarf að breyta greininni til að ná til slíkra sannanlegra tilvika.

Um 15. gr.

Breytingin stafar að nokkru af gjaldfresti á aðflutningsgjöldum og miðar að því, að tollur lækki sem svarar skemmdum í öllum tilfellum, hvar svo sem varan **skemmist. Virðist eðlilegt að líta svo á, að vara, sem sannanlega skemmist áður en** til sölu kemur, hafi að því marki ekki verið flutt inn og skipti þá ekki máli hvort hún skemmist í geymslum innflytjanda eða skipafélags.

Um 16. gr.

a) Nú er krafist fullnægjandi tryggingar á aðflutningsgjöldum fyrir endursendar vörur þar til þær eru sannanlega komnar til útlanda eða útflutningur þeirra **nægjanlega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum. Þetta ákvæði er bæði ósann**gjarnt og óþarft og hefur valdið þeim, sem þurft hafa að endursenda vörur, verulegum óþægindum og kostnaði. Önnur lagaákvæði tryggja, að „viðtakandi" fær þessa vöru aldrei í sína vörslu án þess að áður hafi verið gengið frá greiðslu aðflutningsgjalda. Er því óþarft að krefjast tryggingar í slíkum tilvikum, frekar en um aðrar vörur sem eru í vörslu farmflytjanda, þar til aðflutningsgjöld hafa verið greidd. Er því lagt til að þetta tryggingarákvæði verði fellt niður.

b) Í þessum tölulið er veitt heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af gölluðum vélum, sem endursendar eru til útlanda. Í niðurlagi greinarinnar eru þó einstakir hlutar úr gölluðum vélum undanskildir. Gallaður hluti úr vél getur hæglega verið verulegur hluti af heildarverðmæti vélarinnar. Sé um stórar vélar að ræða, t. d. rafstöðvar, prentvélar o. fl., er fráleitt að þurfa að senda alla **vélina utan á ný til þess að fá notið þessa ákvæðis um endurgreiðslu aðflutnings**gjalda, ef unnt er að senda gallaða hlutann sérstaklega. Er því lagt til að þessi takmörkun verði felld niður.

c) Þessum tölulið er ætlað að koma í veg fyrir tvítollun af vörum, sem sendar eru til viðgerðar á kostnað seljanda. Eru fyrst og fremst höfð í huga nákvæmnistæki, sem vandkvæði eru á að gera við hérlendis og seljandi hefur selt með ákveðinni ábyrgð. Tillit til þessarar ábyrgðar hefur að sjálfsögðu verið tekið í upphaflegu verði vörunnar og tollur þar með greiddur af ábyrgðinni í upphaflegu tollverði. Eigi að greiða toll á ný af ókeypis viðgerð er um tvítollun að ræða.

Um 17. gr.

Lagt er til að heimild tollyfirvalda í lögum nr. 2/1970 til að rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti í þeim tilvikum, sem þar er um að ræða, verði felld niður. Virðist eðlilegt að það sé verksvið dómstóla að úrskurða hvort slík rannsókn skuli framkvæmd.

Um 18. gr.

Framlagning skjala getur verið ómöguleg og útvegun sönnunargagna getur tekið langan tíma. Dagsektir eru nægjanlegt aðhald til þess að skjölum, sem unnt er að afla, sé skilað. Stöðvun tollafgreiðslu er óeðlileg refsing í slíkum tilvikum og getur **valdið þriðja aðila tjóni, t. d. erlendum seljanda, þótt hann eigi enga aðild að málinu.**

Um 19. gr.

Sjá athugasemd við 5. gr.

Um 20. gr.

Orðin „ástæða til að ætla“ eru teygjanlegt hugtak og því lagt til að greinilegar sé komist að orði.

Um 21. gr.

Rétt þykir að vitneskju leigusala um ólögmæta notkun fars af leigutaka þurfi til að ákvæðum um upptöku fars verði beitt.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 211. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Árni Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Í 2. gr. laganna hljóði nýr 13. tl. svo:

Vara sem flutt er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda uppfylli innflytjandi kröfur tollyfirvalda varðandi varðveislu hennar og flutning.

2. gr.

Á 3. gr. laganna verði svofelldar breytingar:

a) 1. tl. falli niður og breytast nr. annarra tl. til samræmis.

b) 1. tl. (áður 2. tl.) hljóði svo:

Að fella niður eða lækka hlutfallslega gjöld af vöru, sem hefur horfið, eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, innflytjanda eða tollvörugeymslu, enda sé hvarfið, eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki sök viðtakanda vörunnar. Sé um algjöra eyðileggingu að ræða skal vörunni fleygt.

c) 10. tl. (áður 11. tl.) b. hljóði svo:

Af vöru og hráefni eða efnivöru vegna vöru, sem flutt er út til sölu á erlendum markaði. Umbúðir skulu teljast vara í þessu sambandi.

Útflytjandi skal afhenda tollyfirvöldum kröfu sína um endurgreiðslu skv. þessum lið, þegar viðkomandi vara er flutt út. Enn fremur skal hann leggja fram þau vottorð, sem tollyfirvöld krefjast varðandi efnissamsetningu vörunnar. Rannsóknastofnanir atvinnuveganna og Háskóli Íslands skulu teljast fullgildir til útgáfu slíkra vottorða.

3. gr.

Á eftir orðunum „þó ekki lægri verðtoll en 5%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: Ef um er að ræða muni sem sendir hafa verið til viðgerðar á göllum, sem seljandi ber ábyrgð á, skal ekki krafist tolls, hvort sem sami munur kemur aftur viðgerður eða annar samskonar munur ógallaður kemur í hans stað, enda séu færðar sönnur á, að viðgerðin hafi verið ókeypis og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

4. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna hljóði svo:

Nú verður skemmd eða rýrnun á vöru á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörslu tollyfirvalda eða í viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda, innflytjanda eða í tollvörugeymslu og innflytjandi á sannanlega ekki sök á skemmdinni eða rýrnuninni, og skal þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar verðrýrnun hennar.

5. gr.

18. gr. laganna breytist svo:

a) Úr 2. tl. 2. mgr. falli niður orðin „og enn fremur með hvaða fari sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands".

b) Úr 12. tl. 2. mgr. falli niður orðin, „að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur sem eru í sendingu með tilgreindu fari".

c) 5. mgr. falli niður.

6. gr.

Úr 1. mgr. 19. gr. laganna falli niður orðin „viðurkenningu (kvittun) viðskiptabanka um greiðslu eða tryggingu kröfu samkvæmt sölu- eða vörureikningi".

7. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Úr niðurlagi 23. gr. laganna falli niður orðin „og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila".

9. gr.

Á 35. gr. laganna verði þessar breytingar:

a) Aftan við 1. mgr. bætist: Hafi úrskurður fjármálaráðherra um flutning vöru milli tollskrárnúmera í för með sér breytingu á upphæð aðflutningsgjalda, þá tekur sú breyting, að því er snertir aðflutningsgjöldin, ekki gildi fyrr en a. m. k. tveimur mánuðum eftir að breytingin hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði.

b) 2. mgr. orðist þannig:

Fjármálaráðherra skipar sérstaka nefnd og felur henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar. Nefndarmenn skulu hafa yfir að ráða haldgóðri vöruþekkingu og vera óháðir tollyfirvöldum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var, ásamt tveimur öðrum frumvörpum um tollamál, flutt á tveimur síðustu þingum. Flutningsmenn voru þeir sömu og flytja þau nú. Enda þótt frumvörpin væru rædd og hlytu góðar undirtektir vannst ekki tími til afgreiðslu, enda var þá gefið í skyn að ríkisstjórnin væri að undirbúa frumvarp til laga um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum sem hún hyggðist leggja fyrir þingið á næstunni, þar yrði efni þessara frumvarpa tekið til meðferðar.

Þar sem flutningsmenn telja að ekki verði lengur beðið eftir frumkvæði ríkisstjórnarinnar er frumvarp þetta nú flutt í þriðja sinn. Með upphaflegu frumvarpi fylgdi svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við tvö önnur frumvörp um breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit.

Megintilgangur frumvarpsins er að samræma ákvæði tollskrárlaga þeim tillögum, sem þar eru bornar fram, auk fleiri atriða. Vísast til greinargerða þeirra tillagna um rökstuðning, sem í flestum tilvikum á einnig við um þetta frumvarp, auk þess sem gerð er grein fyrir breytingartillögum við einstakar greinar.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til að gera að skyldu sams konar heimildarákvæði og er í 3. gr. Ef vara er flutt hingað til lands og ætlunin er að flytja hana úr landi aftur, virðist ástæðulaust að heimta toll af henni. Sennilegt er að íslenskir innflytjendur gætu endurútflutt vörur, t. d. til Færeyja og Grænlands, og ástæðulaust að tollalög komi í veg fyrir slíkt, ef það er mögulegt.

Um 2. gr.

a) 1. tl. laganna er óþarfur, ef breytingin á 1. gr. nær fram að ganga.

b) Breytingin er til samræmis við gjaldfrest á aðflutningsgjöldum. Lagt er til að 2. tl. breytist til samræmis við þá hugsun, að tollur skuli alltaf lækka að tiltölu við skemmdir, hvar svo sem varan skemmist, ef það gerist áður en vara er seld. Vara getur skemmst og verðmæti þar með rýrnað án þess að um eyðileggingu sé að ræða. Í þeim tilvikum er hlutfallsleg lækkun gjalda sanngjörn. Sé vara flutt beint frá flutningatæki í vörugeymslu innflytjanda getur verið að skemmdir komi ekki strax í ljós. Er því lagt til að sama verði látið gilda um geymslu innflytjanda og nú gildir um geymslur tollyfirvalda og farmflytjenda, um þau atriði er snerta skemmdir á vöru sem enn hefur ekki verið seld af innflytjanda þegar skemmdir komu í ljós.

5787—6107	Kristín Teitsdóttir	6 000
5791—6265	Kristín Vigfúsdóttir	6 000
5904—4214	Kristjana V. Hannesdóttir	6 000
5837—6027	Kristján Albertsson	7 500
5848—3443	Kristján Einarsson	6 000
5855—2399	Kristján Guðmundsson	6 000
5930—3473	Kristlaug Tryggvadóttir	6 000
5942—5064	Kristmundur Kr. Meldal	6 000
6000—4498	Lára Sigurjónsdóttir	6 000

		Kr.
6174—7168	Lovísa Magnea Ólafsdóttir	6 000
6086—5388	Lýður Jónsson	6 000
6203—6818	Magdalena Guðlaugsdóttir	6 000
6255—0228	Magnús Gestsson	6 000
6256—6213	Magnús V. Guðbrandsson	6 000
6265—6069	Magnús Ingimundarson	6 000
6357—0168	Margrét Gísladóttir	6 000
6359—1610	Margrét Guðmundsdóttir	6 000
6463—3805	María Markan	7 500
6645—8520	Njáll Friðbjörnsson	6 000
6694—4263	Oddur Búason	6 000
6819—8255	Ólafía Egilsdóttir	6 000
6745—6548	Ólafur Bjarnason	6 000
6746—5490	Ólafur Björnsson	6 000
6776—0719	Ólafur Magnússon	6 000
6793—9816	Ólafur Tryggvason	7 500
7025—6673	Páll Scheving	6 000
7033—9927	Páll Vilhjálmsson	6 000
7100—1288	Pétur Jónsson	6 000
7156—8156	Ragnar Benediktsson	6 000
7195—3475	Ragnheiður Böðvarsdóttir	6 000
7394—6298	Rósamunda Jónsdóttir	6 000
7425—8336	Runólfur Guðmundsson	6 000
7470—6282	Salvör Jörundsdóttir	6 000
7503—3036	Sesselja Jónsdóttir	6 000
7584—1787	Signý Gunnarsdóttir	6 000
7604—0352	Sigríður Böðvarsdóttir	6 000
7608—1352	Sigríður Einarsdóttir	7 500
7618—9021	Sigríður Guðjónsdóttir	6 000
7637—2632	Sigríður Jónsdóttir	6 000
7659—3493	Sigríður Sigfinnsdóttir	6 000
7678—5058	Sigríður Þórðardóttir	6 000
7728—7477	Sigrún Sigurjónsdóttir	6 000
7818—1605	Sigurborg Hallbjarnardóttir	6 000
7844—6676	Sigurður Björnsson	6 000
7852—0116	Sigurður Erlendsson	6 000
7857—7959	Sigurður Greipsson	9 000
7877—8369	Sigurður Jónsson	6 000
7883—5745	Sigurður Lárusson	6 000
7952—3488	Sigurjón Einarsson	6 000
8068—4118	Sigurveig Ólafsdóttir	6 000
8183—5551	Skúli Skúlason frá Odda	9 000
8227—9393	Snæbjörn J. Thoroddsen	6 000
8474—2864	Steinunn Guðmundsdóttir	6 000
8496—5030	Steinunn Þorgilsdóttir	6 000
8530—7428	Sturla Jónsson	6 000
8757—8283	Sveinn Pálsson	6 000
8849—4059	Sölvi Ásgeirsson	6 000
8857—4230	Sörli Hjálmarsson	6 000

		Kr.	Kr.
9041—1292	Valborg Emilsdóttir	6 000	
9160—8332	Valves Kárason	6 000	
9194—0922	Vigdís Andrésdóttir	6 000	
9440—6919	Þorbjörg Einarsdóttir	6 000	
9443—9973	Þorbjörg Guðmundsdóttir	6 000	
9663—0417	Þorkell Kristjánsson	6 000	
9746—0388	Þorsteinn Jónasson	6 000	
9376—7071	Þóra Guðmundsdóttir	6 000	
9505—5168	Þórður Benediktsson	9 000	
9860—4820	Þuríður Guðjónsdóttir	6 000	
9861—1959	Þuríður Guðnadóttir	6 000	
			1 017 500

10. Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur (09 384).

0310—8023	Anna Ármannsdóttir	6 000
0339—1922	Anna Helgadóttir	6 000
0344—1458	Anna G. Ingólfsdóttir	6 000
0370—0321	Anna Sigfúsdóttir	6 000
0379—4458	Anna Þuríður Sæmundardóttir	6 000
0579—0069	Arnþrúður Daníelsdóttir	6 000
0157—5880	Ágústa M. Hafberg	6 000
0162—3648	Ágústa Jónsdóttir	7 500
0552—8887	Árný Stígsdóttir	6 000
0714—8143	Áslaug Gunnlaugsdóttir	6 000
0767—4236	Ásta Halldórsdóttir	6 000
0779—2026	Ásta Ólafsdóttir	6 000
1387—8218	Borghildur Thorarensen	7 500
1437—5864	Bryndís Þórarinsdóttir	6 000
1523—7456	Dagbjört Guðjónsdóttir	6 000
1949—7364	Elín Einarsdóttir	7 500
1955—0834	Elín Guðjónsdóttir	6 000
1999—9513	Elínborg Bogadóttir	6 000
2038—3712	Elísabet Kemp	6 000
1701—6911	Eufemía Ólafsdóttir	10 000
2357—0130	Fjóla Sigmundsdóttir	10 000
2393—6755	Fríða Hlíðdal	13 000
2960—9314	Guðlaug Jósefsdóttir	6 000
3159—0612	Guðný Halldórsdóttir	6 000
3174—6817	Guðný Sigurðardóttir	6 000
3180—8006	Guðný Vigfúsdóttir	6 000
3307—2368	Guðrún Sveinsdóttir	6 000
3615—2028	Halldóra Eiríksdóttir	6 000
3642—6365	Halldóra Þórðardóttir	6 000
3898—9995	Helga Friðbjarnardóttir	6 000
3912—9272	Helga Ingimundardóttir	6 000
4243—1672	Hlíf Magnúsdóttir	6 000

		Kr.
4263—3860	Hólmfríður S. Björnsdóttir	6 000
4281—8372	Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	6 000
4384—7627	Hróðný Einarsdóttir	10 000
4413—8298	Hulda Þ. Björnæs	7 500
4415—4277	Hulda Davíðsdóttir	6 000
4598—4435	Ingibjörg Eyjólfsdóttir	7 500
4619—9022	Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	7 500
4621—8558	Ingibjörg Karlsdóttir	9 000
4750—2330	Ingunn Hlíðar	6 000
4792—8478	Ingveldur Ólafsdóttir	6 000
5060—6228	Jóhanna Vigfúsdóttir	6 000
5273—7915	Jónasína E. Hallgrímsdóttir	6 000
5297—0938	Jónína Ásmundsdóttir	6 000
5306—8812	Jónína Gissurardóttir	6 000
5452—9406	Karen Louise Jónsson	6 000
5563—5498	Katrín Ingibergsdóttir	6 000
5751—2458	Kristín Helgadóttir	6 000
5780—5765	Kristín Sigurðardóttir	6 000
5910—1382	Kristjana Káradóttir	6 000
5982—8401	Lára Bjarnadóttir	6 000
6002—0418	Lára Svansdóttir	6 000
6004—1296	Lára M. Vigfúsdóttir	7 500
6040—7355	Laufey Karlsdóttir	6 000
6090—9288	Lilja H. Arndal	7 500
6105—3042	Lilja Jörundsdóttir	6 000
6107—8649	Lilja Magnúsdóttir	6 000
6114—5486	Lilja Steinsen	12 000
6083—9204	Lydia Pálsdóttir	9 000
6200—8946	Magdalena Ásgeirsdóttir	6 000
6226—6368	Magnea Magnúsdóttir	6 000
6340—5418	Margrét Árnadóttir	6 000
6346—7545	Margrét Björnsdóttir	6 000
6351—1374	Margrét Eyjólfsdóttir	6 000
6568—5035	Melitta Urbancic	6 000
6598—2218	Nanna Guðmundsdóttir	6 000
6598—2269	Nanna Guðmundsdóttir	6 000
6720—9532	Ólafía Finnbogadóttir	6 000
6982—6261	Pálína Jóhannsdóttir	6 000
7210—4897	Ragnheiður Konráðsdóttir	6 000
7271—7066	Rannveig Gunnarsdóttir	6 000
7373—7869	Rósa Guðnadóttir	6 000
7436—3121	Rut Hermanns Hansen	6 000
7592—3678	Sigríður Árnadóttir	6 000
7592—3457	Sigríður Árnadóttir	12 000
7601—9088	Sigríður Björnsdóttir	6 000
7616—4916	Sigríður Gísladóttir	6 000
7620—0807	Sigríður Guðmundsdóttir	6 000
7642—5906	Sigríður Kristjánsdóttir	6 000
7676—6827	Sigríður Vilhjálmsdóttir	6 000

		Kr.	Kr.
7733—3118	Sigrún Thorarensen	10 000	
7995—7380	Sigurlaug Þ. Johnson	6 000	
8187—8528	Skúlína Guðmundsdóttir	6 000	
8469—5157	Steinunn P. Eyjólfsson	6 000	
8494—3088	Steinunn Tómasdóttir	6 000	
8511—1744	Steinþóra Einarsdóttir	6 000	
8720—5886	Sveindís Hansdóttir	6 000	
8876—5958	Theodóra Hávarðardóttir	7 500	
8923—4034	Tove Engilberts	10 000	
9451—8334	Þorbjörg Leifs	6 000	
9784—8068	Þórunn Jónsdóttir	6 000	
			610 500

11. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 0103).

1.	Akranes	1 000 000
2.	Borgarnes	1 300 000
3.	Ólafsvík	500 000
4.	Grundarfjörður	2 800 000
5.	Stykkishólmur	1 000 000
6.	Örlygshöfn	400 000
7.	Patreksfjörður	400 000
8.	Tálknafjörður	1 900 000
9.	Flateyri	800 000
10.	Súgandafjörður	1 700 000
11.	Ísafjörður	1 200 000
12.	Bolungarvík	1 500 000
13.	Norðurfjörður	400 000
14.	Hólmavík	1 800 000
15.	Hvammstangi	1 000 000
16.	Blönduós	1 100 000
17.	Sauðárkrókur	900 000
18.	Hofsós	1 000 000
19.	Siglufjörður	1 700 000
20.	Ólafsfjörður	2 000 000
21.	Dalvík	1 400 000
22.	Akureyri	2 300 000
23.	Svalbarðseyri	300 000
24.	Grenivík	700 000
25.	Grímsey	900 000
26.	Húsavík	1 100 000
27.	Hallbjarnarstaðakrókur	300 000
28.	Raufarhöfn	1 450 000
29.	Þórshöfn	100 000
30.	Vopnafjörður	700 000
31.	Borgarfjörður eystri	300 000
32.	Seyðisfjörður	200 000
33.	Neskaupstaður	900 000
34.	Eskifjörður	400 000
35.	Fáskrúðsfjörður	1 100 000

	Kr.	Kr.
36. Stöðvarfjörður	300 000	
37. Breiðdalsvík	500 000	
38. Djúpivogur	700 000	
39. Höfn í Hornafirði	3 300 000	
40. Dyrhólaey	300 000	
41. Stokkseyri	200 000	
42. Eyrarbakki	900 000	
43. Sandgerði	2 100 000	
44. Garður	500 000	
45. Vogar	500 000	
46. Hafnarfjörður	3 000 000	
		48 850 000

12. Sjóvarnargarðar (10 333 0108).

1. Akranes	50 000	
2. Árskógssandur	10 000	
3. Bolungarvík	50 000	
4. Búðardalur	50 000	
5. Flateyri	50 000	
6. Garðskagi	50 000	
7. Gerðar	50 000	
8. Grenivík	50 000	
9. Hjalteyri	50 000	
10. Húsavík	50 000	
11. Hvaleyri	50 000	
12. Miðneshreppur	50 000	
13. Ólafsvík	50 000	
14. Reykjanes, rannsóknir	75 000	
15. Seltjarnarnes	50 000	
16. Stokkseyri	50 000	
17. Vogar	50 000	
		835 000

13. Hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar (10 33 0112).

1. Akranes	2 000 000	
2. Stykkishólmur	600 000	
3. Ísafjörður	2 000 000	
4. Skagaströnd	2 000 000	
5. Húsavík	500 000	
6. Vestmannaeyjar	4 000 000	
7. Garðabær	4 400 000	
		15 500 000

14. Framkvæmdir í flugmálum (10 4716).

1. Reykjavík	2 680 000
2. Vestmannaeyjar	800 000
3. Kirkjubæjarklaustur	40 000
4. Vík í Mýrdal	200 000
5. Selfoss	300 000

	Kr.	Kr.
6. Sjúkraflugvellir í Suðurlandskjördæmi	200 000	
7. Rif	510 000	
8. Stykkishólmur	710 000	
9. Grundarfjörður	620 000	
10. Búðardalur	600 000	
11. Húsafell	50 000	
12. Stóri-Kroppur	100 000	
13. Sjúkraflugvellir í Vesturlandskjördæmi	150 000	
14. Ísafjörður	1 230 000	
15. Bolungarvík	250 000	
16. Suðureyri	1 080 000	
17. Flateyri	160 000	
18. Þingeyri	460 000	
19. Bíldudalur	670 000	
20. Patreksfjörður	510 000	
21. Hólmavík	500 000	
22. Gjögur	1 065 000	
23. Sjúkraflugvellir í Vestfjarðakjördæmi	250 000	
24. Blönduós	110 000	
25. Hvammstangi	60 000	
26. Sauðárkrókur	1 825 000	
27. Siglufjörður	900 000	
28. Sjúkraflugvellir í Norðurlandskjörd. vestra	100 000	
29. Akureyri	2 330 000	
30. Ólafsfjörður	660 000	
31. Húsavík	1 410 000	
32. Kópasker	1 150 000	
33. Þórshöfn	710 000	
34. Raufarhöfn	360 000	
35. Grímsey	300 000	
36. Sjúkraflugvellir í Norðurlandskjörd. eystra	100 000	
37. Egilsstaðir	850 000	
38. Bakkafjörður	250 000	
39. Borgarfjörður eystri	760 000	
40. Vopnafjörður	350 000	
41. Norðfjörður	560 000	
42. Breiðdalsvík	1 070 000	
43. Djúpivogur	600 000	
44. Hornafjörður	2 110 000	
45. Sjúkraflugvellir í Austurlandskjördæmi	200 000	
46. Leiðarflugþjónusta	2 400 000	
47. Ýmis verkefni	600 000	
48. Óráðstafað	200 000	
		33 100 000

15. Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunar (30 101 983).

1. Sjálfvirkar símstöðvar	5 760 000
2. Línukerfi fyrir símnotendur:	
3.1. Í bæjum og kauptúnum	10 000 000

	Kr.	Kr.
2.2. Símasjálfsalar	2 350 000	
3. Landsímasambönd:		
3.1. Jarðsímaleiðir	1 200 000	
3.2. Fjölsímar	9 710 000	
3.3. Radíóleiðir	8 215 000	
4. Radíósendistöðvar	8 300 000	
5. Húsbyggingar	14 065 000	
6. Bifreiðar og vinnuvélar	3 000 000	
7. Tölvubúnaður á póstgíróstofu	400 000	
		63 000 000
Fjárfesting í sveitum 1982 skv. lögum nr. 32/1981.		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1. Nýjar stöðvar	1 505 000	
1.2. Stækkanir á eldri stöðvum	4 275 000	
2. Jarðsímar	20 330 000	
3. Fjölsímar	2 790 000	
4. Radíóleiðir	3 200 000	
5. Húsbyggingar	2 110 000	
		34 210 000

Fjárfesting, sundurliðun:

1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1. Stækkanir á eldri sjálfvirkum símstöðvum:		
a. Varmá	1 440 000	
b. Akranes	210 000	
c. Bolungarvík	210 000	
d. Þingeyri	140 000	
e. Skagaströnd	150 000	
f. Sauðárkrókur	120 000	
g. Hofsós	50 000	
h. Reykjavík	2 710 000	
i. Dalvík	50 000	
j. Reykjahlíð	50 000	
k. Breiðdalsvík	50 000	
l. Laugarvatn	50 000	
m. Hella	80 000	
n. Vík	130 000	
o. Óskilgreint og ófyrirséð	320 000	
		5 760 000
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1. Í bæjum og kauptúnum:		
a. Reykjavíkursvæðið	5 400 000	
b. Umdæmi I	2 200 000	
c. Umdæmi II	500 000	
d. Umdæmi III	1 400 000	
e. Umdæmi IV	500 000	
		10 000 000
2.2. Símasjálfsalar		2 350 000

	Kr.	Kr.
3. Landssímasambönd:		
3.1. Jarðsímaleiðir:		
a. Borgarfjörður eystri	600 000	
b. Suðureyri	600 000	
		1 200 000
3.2. Fjölsímaleiðir:		
a. Breiðdalsvík-Stöðvarfj.-Reyðarfjörður	2 218 000	
b. A.-Hún.-Egilsst.-Hvolsvöllur	684 000	
c. Reyðarfj.-Eskifj.-Neskaupstaður	2 100 000	
d. Reykjavík-Reyðarfjörður	630 000	
e. Egilsstaðir-Reyðarfjörður	1 303 000	
f. Akureyri-Dalvík	660 000	
g. Hólmavík-Hvammstangi-Laugarb.	1 424 000	
h. Ýmis ófyrirséður búnaður	691 000	
		9 710 000
3.3. Radíóleiðir:		
a. Suðurlandsörbylgja	2 970 000	
b. Gaumkerfi	1 500 000	
c. Hafnarnes — Reyðarfjörður	3 095 000	
d. Streiti — Breiðdalsvík	650 000	
		8 215 000
4. Radíósendistöðvar:		
a. Bílasími	4 000 000	
b. Reykjavík — Radíó	1 950 000	
c. Metrabylgja — skip	1 550 000	
d. Faststillt viðtæki	800 000	
		8 300 000
5. Húsbyggingar:		
a. Múlastöð	7 315 000	
b. Varmahlíð	2 170 000	
c. Kirkjubæjarklaustur	2 450 000	
d. Akureyri	1 200 000	
e. Ísafjörður, birgðahús	500 000	
f. Fáskrúðsfjörður, tækjahús	200 000	
g. Birgðastöðin Jörfa	230 000	
		14 065 000

16. Almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1982 (31 321 983).

Virkjanir:		
Lagarfoss		1 500 000
Stofnlínur:		
Búrfell — Flúðir	600 000	
Ljósafoss — Hveragerði	8 100 000	
Hveragerði — Þorlákshöfn	500 000	
Ólafsvík — Rif — Hellissandur	1 450 000	

	Kr.	Kr.
Sauðárkrókur — Hofsós	1 000 000	
Akureyri — Dalvík	6 430 000	
Laxá — Lindarbrekka	10 860 000	
Hólar — dreifilína	730 000	
Athuganir, endurbætur o. fl.	1 450 000	
		31 120 000
Aðveitustöðvar:		
Hella	6 530 000	
Flúðir	301 000	
Hveragerði	9 520 000	
Vatnshamrar	4 838 000	
Ólafsvík	1 240 000	
Hvammstangi	245 000	
Laxárvatn	559 000	
Sauðárkrókur	4 318 000	
Hofsós	245 000	
Grenivík	232 000	
Laxárvirkjun	1 485 000	
Lindarbrekka	222 000	
Raufarhöfn	84 000	
Brúarland	2 978 000	
Eskifjörður	349 000	
Stuðlar	131 000	
Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík	1 581 000	
Varaspennir	3 961 000	
Verk færð 1982	1 721 000	
		40 540 000
Geymsluhús o. fl.		2 000 000
Innanbæjarkerfi		44 000 000
Vélar og tæki		4 000 000
Dísilstöðvar		1 500 000
Almennar framkvæmdir samtals		124 660 000
Fjáröflun:		
Heimtaugargjöld	6 000 000	
Lántökur samkvæmt lánsfjáráætlun	118 660 000	
		124 660 000

Nd. 213. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Undirritaðir nefndarmenn, meiri hl. nefndarinnar, mæla með samþykkt frv. eins og það kom frá efri deild.

Birgir Ísl. Gunnarsson og Jósef H. Þorgeirsson skila séráliti.

Alþingi, 16. des. 1981.

Skúli Alexandersson, form., frsm. | Magnús H. Magnússon, fundaskr., með fyrirvara. | Guðm. G. Þórarinsson, með fyrirvara.

Páll Pétursson. Pálmi Jónsson.

Nd. 214. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir verðjöfnunargjaldi af raforku eins og það hefur verið lagt á. Teljum við skattheimtu af raforkusölu orðna meiri en góðu hófi gegnir, en slík skattheimta kemur ekki síst illa við íslenskan iðnað. Raforkukostnaður er mikill þáttur í rekstrarkostnaði margra iðnfyrirtækja. Þessi skattlagning skerðir samkeppnisaðstöðu þeirra gagnvart iðnaði annarra landa, sem íslenskur iðnaður þarf að keppa við.

Ýmis fleiri rök mæla gegn verðjöfnunargjaldinu, og benda má á að Samband ísl. rafveitna hefur eindregið lagst gegn þessu gjaldi.

Gjald þetta hefur verið framlengt frá ári til árs og hefur farið hækkandi á undanförnum árum. Á síðasta ári var það ákvæði sett í lögin um verðjöfnunargjaldið, að ráðherra var heimilað að lækka það með reglugerð úr 19% í 16% frá 1. júlí 1981. Við erum óánægðir með að ekki skuli hafa reynst mögulegt að nota þessa heimild á árinu.

Í hvert sinn, sem gjald þetta hefur verið framlengt, hafa fylgt yfirlýsingar um að leysa eigi fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins á annan hátt, en lítið orðið úr framkvæmdum. Nú ætti að vera betri grundvöllur til þess en nokkru sinni fyrr, þar sem mjög hefur dregið úr þeim mikla kostnaði, sem fylgt hefur mikilli raforkuframleiðslu með dísilkeyrslu. Lagning orkuflutningslína til Orkubús Vestfjarða og norður og austur um land hefur breytt fjárhagsstöðu Orkubúsins og RARIK.

Með því að bæta fjárhagsstöðu RARIK mætti tryggja eðlilega jöfnun á raforkuverði og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækisins. Þar sem enn hefur ekki verið gerð gangskör að því að leysa fjárhagsvanda RARIK, þrátt fyrir margar yfirlýsingar þar um, viljum við ekki nú stofna fjárhag RARIK og Orkubús Vestfjarða í óvissu, enda aðeins nokkrir dagar þar til heimildir til núverandi verðjöfnunargjalds renna út. Við viljum því ekki greiða atkvæði gegn frumvarpinu, en viljum láta þessi sjónarmið koma fram.

Alþingi, 16. des. 1981.

Jósef H. Þorgeirsson, frsm. | Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ed. 215. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til laga um iðnráðgjafa.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það var afgreitt frá Nd.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Stefán Jónsson og Gunnar Thoroddsen.

Alþingi, 16. des. 1981.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Egill Jónsson. Stefán Guðmundsson.

Nd. 216. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið í hendur skriflegar umsagnir dómsmálaráðuneytis, Hagstofu Íslands og lagadeildar Háskóla Íslands. Einnig mættu á fundum nefndarinnar til viðræðna Jón G. Tómasson borgarlögmaður, Gunnar G. Schram prófessor og Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri.

Nefndin telur að orðin „nema gild ástæða sé til annars" í niðurlagi 1. gr. frumvarpsins eigi við um það tilvik ef námsmaður var hjá foreldrum sínum, t. d. í Reykjavík, þegar hann fór utan til náms, og þá sé eðlilegt að staðsetning hans fylgi breyttu lögheimili foreldra hans, ef þau hafa síðan t. d. flutt til Kópavogs.

Enn fremur telur nefndin að tilkynning sú, sem um getur í 3. gr. frumvarpsins, verði að vera með sannanlegum hætti.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 17. des. 1981.

Ólafur Þ. Þórðarson, form. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Eggert Haukdal. Garðar Sigurðsson, með fyrirvara. Friðrik Sophusson.
Vilmundur Gylfason.

Ed. 217. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum nr. 120 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan, Davíð Aðalsteinsson, Salome Þorkelsdóttir, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Við 37. tl. 3. gr. bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:

Að fella niður gjöld af öryggis- og hjálpartækjum fyrir sjón- og heyrnarskerta. Fjármálaráðuneytið skal hafa samráð um framkvæmdina við augndeild Landakotsspítala og Tryggingastofnun ríkisins, sé um tæki fyrir sjónskerta að ræða, og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, sé um heyrnarskerta að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

37. töluliður 3. gr. tollskrárlaga lýtur eingöngu að vissum hjálpartækjum blindra og er þar með skilyrðum.

Flutningsmönnum þykir rétt að útvíkka þennan tölulið, þessa heimild, alveg sér í lagi með tilliti til heyrnarskertra og hjálpartækja þeirra. Er það gert m. a. að sérstakri beiðni þeirra sem gerst þekkja hér til og best vinna hér að.

Við flm. vitnum hér til stuðnings frumvarpinu í ágæta greinargerð frá Ingimar Sigurðssyni deildarstjóra í heilbrigðisráðuneytinu, sem jafnframt er formaður stjórnar Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands:

„Þeir sem búa við sjón- eða heyrnarskerðingu þurfa á ýmiss konar sérbúnaði að halda. Mjög er misjafnt á hvern hátt hið opinbera tekur þátt í kostnaði vegna slíkra tækja, allt frá fullum til engra greiðslna. Sé um að ræða hjálpartæki fyrir sjónskerta fer um slíkar greiðslur samkv. almannatryggingalögum, nr. 67/1971, með síðari breytingum, þ. e. a. s. tryggingaráð tekur ákvörðun um þátttöku hins opinbera í kostnaði vegna slíkra tækja. Sé hins vegar um að ræða hjálpartæki fyrir heyrnarskerta fer um greiðslur hins opinbera skv. lögum nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, en skv. þeim skal ráðherra setja reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði við útvegun þeirra. Í reynd hefur eingöngu verið tekin afstaða til þátttöku ríkisins varðandi heyrnartæki. Önnur hjálpartæki fyrir heyrnarskerta eru greidd af Tryggingastofnun ríkisins að höfðu samráði við Heyrnar- og talmeinastöðina á sama hátt og greinir frá um hjálpartæki fyrir sjónskerta, séu þau á annað borð greidd á einhvern hátt.

Þrátt fyrir það að hið opinbera standi undir verulegum kostnaði vegna nefndra hjálpartækja er kostnaður notenda í mörgum tilvikum talsverður. Má hér sem dæmi nefna, að sérhönnuð vekjaraklukka með vibrator fyrir heyrnarskerta, sem kostar d.kr. 440, kostar hér með öllum álagningum kr. 1 464. Engum blandast þó hugur um að slík tæki eru heyrnarskertum nauðsynlegri en venjuleg vekjaraklukka velheyrandi. Fyrir því verður að teljast óeðlilegt, að hið opinbera hafi tekjur af slíkri fötlun sem sjón- og heyrnarskerðing er.

Verulegur fjöldi þarf á slíkum öryggis- og hjálpartækjum að halda og má sem dæmi nefna að um 3000 menn voru skoðaðir á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands fyrra misseri yfirstandandi árs og úthlutað var tæpum 1000 tækjum. Er hér um verulega aukningu að ræða frá fyrra ári, en eigi að síður er langur biðlisti við stofnunina.

Lagt er til að fjármálaráðuneytið setji nánari reglur um framkvæmdina að höfðu samráði við augndeild Landakotsspítala, Tryggingastofnun ríkisins og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, eftir því hvort um er að ræða tæki fyrir sjónskerta eða heyrnarskerta. Fyrst og fremst

þarf að setja reglur um þau tæki, sem falla eiga hér undir, og verður að tryggja samráð við þá aðila, er annast þessi mál, til þess að tryggja að um misnotkun verði ekki að ræða. Í reynd þyrfti að leita samþykkis þessara aðila í hverju tilviki. Enn fremur þyrfti að setja reglur um það, í hvaða tilvikum beita ætti þessari niðurfellingarheimild, en það yrði í þeim tilvikum þar sem menn verða að standa sjálfir straum af kostnaði við útvegun slíkra tækja, ýmist að öllu leyti eða að hluta til. Þar sem ríkið sjálft tekur þegar verulegan þátt í kostnaði við útvegun slíkra tækja og greiðir þar með í eigin vasa bæði aðflutningsgjöld og söluskatt yrði hér ekki um verulega tekjuskerðingu að ræða fyrir ríkið, nema í þeim tilvikum þar sem ákveðið yrði að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af gleraugum og efni til þeirra, en í fyllsta máta er ósanngjarnt að þeir, sem þurfa á slíkum tækjum að halda, greiði aðflutningsgjöld og söluskatt eins og um munaðarvarning sé að ræða, sérstaklega þegar haft er í huga að hið opinbera tekur engan þátt í kostnaði við útvegun þeirra nema í undantekningartilvikum.

Væri við hæfi að koma nefndri niðurfellingarheimild í lög áður en ár fatlaðra líður í aldanna skaut."

Við þetta hafa flm. engu að bæta.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Ed. 218. Lög [69. mál]

um breytingu á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.)

Samhljóða þskj. 158.

Sþ. 219. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um innlendan lífefnaiðnað.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Stefán Guðmundsson, Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Þórarinn Sigurjónsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að komið verði á fót öflugum innlendum lífefnaiðnaði.

Í því sambandi beiti ríkisstjórnin sér fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Með markvissri rannsóknaáætlun verði leitað svara við því, hvaða lyf, lyfjahráefni, hormóna og lífhvata geti verið hagkvæmt að vinna úr innyflum fiska, hvala og sláturdýra, sem til falla hérlendis.
2. Framleiðsla þeirra lyfja, lyfjahráefna, hormóna og lífhvata, sem rannsóknir sýna að hagkvæm sé, verði hafin jafnóðum og niðurstöður liggja fyrir.

Greinargerð.

Á Íslandi fellur til mikið magn innyfla úr fiskum, hvölum og sláturdýrum, sem landsmönnum verður að nánast engum verðmætum. Hráefni þetta er verðmætt í lyfjaiðnaði, þ. e. við framleiðslu lyfja, lyfjahráefna og lífhvata. Lífefnaiðnaður er ört vaxandi víða um heim, og má í því sambandi sérstaklega benda á framleiðslu lífhvata til notkunar í iðnaði. Nýlegar kannanir benda til að framleiðsla lífhvata muni aukast um 8% á ári fram til 1985 í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Þetta er á sama tíma og samdráttur virðist vera í mörgum efnaiðnaði í heiminum.

Íslendingar ættu að geta átt mikla möguleika á þessu sviði. Þeir eru fiskframleiðendur á heimsmælikvarða. Innyfli þorsks, svo dæmi séu nefnd, nema um 15% af heildarþunga fisksins. Hráefni fellur því til hér í miklum mæli. Lífefnaiðnaður er léttur sérhæfður iðnaður, sem nýtir innlent hráefni og sérmenntaða starfskrafta. Íslendingar ættu því að geta verið vel samkeppnisfærir í þessum iðnaði.

Lífefnaiðnaður.

Lífefnaiðnað má skilgreina sem framleiðslu verðmætra lífrænna efna, sem unnin eru beint eða óbeint úr lífverum, t. d. gerlum eða líffærum dýra. Framleiðslu efna með aðstoð lífhvata, sem unnir eru úr ýmsum lífverum, má einnig telja lífefnaiðnað.

Við lífefnaiðnað þarf þekkingu á sviði lífefnafræði og efnaverkfræði og nú í vaxandi mæli í örverufræði og erfðafræði.

Hráefni þessa iðnaðar eru oft verðlitlar aukaafurðir landbúnaðar, iðnaðar og sjávarútvegs.

Lífhvataframleiðsla virðist eiga mjög bjarta framtíð.

Lífhvatar eða ensím eru eggjahvítuefni (prótein) sem auka hraða efnahvarfa í frumum og hvata svo til öll efnahvörf frumunnar. Lífhvatar framkvæma efnabreytingar hraðar og við lægra hitastig og þrýsting en venjulegar aðferðir efnaiðnaðarins. Lífhvatar geta því minnkað orkuþörf við margvíslegan efnaiðnað.

Í skýrslu frá L. Hepner & Associates í London kemur fram, að lífhvataframleiðsla muni aukast mjög á næstu árum. Er talið að heildarmarkaður verði milli 500 og 600 m. $ árið 1985 í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Er þá eingöngu miðað við lítt hreinsaða lífhvata (bulk industrial enzymes) með tiltölulega lágt innihald af hreinu ensím próteini eða 1—3% af heildarþunga.

Fram kemur að nú ráða 8 fyrirtæki yfir 90% af heildarframleiðslunni og eru 5 þeirra í Vestur-Evrópu. Tvö stærstu fyrirtækin, Gist-Brocades í Hollandi og Novo Industri í Danmörku, ráða yfir um 60% framleiðslunnar. 16 gerðir lífhvata eru um 99% af heildarframleiðslunni. Spurningar hafa vaknað um hvort núverandi framleiðendur geti annað þeirri vaxandi eftirspurn eftir lífhvötum sem fyrirsjáanleg er.

Álit nefndar frá 1974.

Árið 1973 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til þess að kanna grundvöll fyrir framleiðslu lyfjaefna hérlendis úr innlendu hráefni.

Helstu niðurstöður nefndarinnar varðandi lífefnaiðnað voru eftirfarandi:

1. Nefndin telur að lífefnaiðnaður eigi almennt mjög bjarta framtíð, og benda allar líkur til ört vaxandi markaða fyrir framleiðslu þessa iðnaðar á næstu áratugum.
2. Nýjar greinar lífefnaiðnaðar eru í mótun, eins og ensímiðnaður, og eru miklar vonir bundnar þessum tækninýjungum.
3. Mikið magn innlendra hráefna hentugt fyrir lífefnaiðnað er fyrir hendi. Hráefni þessi eru innyfli fiska, hvala og sláturdýra.
4. Unnt er að vinna ensíma, hormóna o. m. fl. úr þessu hráefni og senda síðan úrganginn til mjölvinnslu eins og verið hefur venja.
5. Rannsóknir á efnamagni í hráefnum, framleiðslukostnaði o. þ. h. eru forsenda þess, að unnt verði að kanna frekar grundvöll fyrir framleiðslu lyfja- og annarra lífefna úr íslensku hráefni.
6. Nefndin telur nauðsynlegt, að ráða hæfa starfsmenn til að sinna þessum rannsóknum. Rannsóknir þessar geta farið fram hjá Raunvísindastofnun háskólans og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og notað aðstöðu og tækjabúnað þessara stofnana.

Úr grein Jóns Braga Bjarnasonar um lífefnaiðnað.

Íslensk hráefni til lífefnaiðnaðar.

Aukaafurðir fiskiðnaðar:

Þær afurðir, sem hugsanlega mundu verða notaðar, sem hráefni til lífefnaiðnaðar, eru fyrst og fremst **innyflin, roð og lifrarvefur.** Bein (hausar og hryggir) eru að miklu leyti steinefni (kalsíumfosföt) og fremur gildisrýr prótein og því verðlítil hráefni að því að best verður séð. **Úr þorski, sem veiðist á vetrarvertíð, eru innyflin að jafnaði um 15% af heildarþunga fisksins. Í öðrum bolfisktegundum er þetta hlutfall svolítið frábrugðið, t. d. lægra í ýsu en yfirleitt hærra í ufsa. Innyflunum má yfirleitt skipta í þrjá nokkuð jafna hluta, þegar ekkert æti er í mögum fiskanna, þ. e. lifur, hrogn (eða svil) og slóg.** Segja má að helmingur þessa, þ. e. **lifrin og hrognin sé þegar frátekinn til matvælaframleiðslu.**

Slóginu má aftur skipta í þrennt, þ. e. maga, skúflanga og garnir, hvert um sig 1.6—1.7% af þunga fisksins upp úr sjó.

Aukaafurðir frá sláturhúsum:

Þær sláturafurðir, sem hugsanlega mundu henta til lífefnavinnslu, eru ýmis **innyfli og kirtlar.**

Víða erlendis eru ýmsir kirtlar þýðingarmiklar aukaafurðir frá sláturhúsum, t. d. **skjaldkirtill og kölkungur (parathyroid) til skjaldkirtilshormónavinnslu, bris vegna insúlíns og ensíma og sæðiskirtlar til prostaglandínaframleiðslu.** Fyrir nokkrum árum var safnað litlu magni (500 kg árið 1969) af sæðiskirtlum úr lambhrútum.

Eftirfarandi upplýsingar um þyngd ýmissa líffæra úr kindum eru hafðar eftir Sigurði Sigurðssyni dýralækni, Keldum. Sumar þeirra ber þó að taka sem grófar viðmiðunartölur:

Garnir (tómar)	1 000 g	úr 500 þús. fjár 500 000 kg.
Gallblaðra	40 g	úr 500 þús. fjár 20 000 kg.
Briskirtill	45 g	úr 500 þús. fjár 22 500 kg.
Skjaldkirtill	2.2 g	(Eyðileggst við núverandi slátrunaraðgerðir).
Nýrnahettur (Adrenals)	8 g	(Eyðileggst við núverandi slátrunaraðgerðir).
Blöðruhálskirtlar	30 g	úr 250 þús. fjár 7 500 kg.
Eistu	300 g	úr 250 þús. fjár 75 000 kg.
Hóstareitill (Thymus)	40—50 g	úr 500 þús. fjár 22 500 kg.
Eggjastokkar	10 g	úr 250 þús. fjár 2 500 kg.

Hvalafurðir:

Hér við land eru veiddir um **400 hvalir árlega.** Fara þeir að langmestu leyti til mjöl- og lýsisframleiðslu. Vera má, að eitthvað af innyflum hvalsins séu forvitnileg hráefni fyrir lífefnaiðnað eða lyfjaframleiðslu, en óneitanlega ríkir nú nokkur óvissa um framtíð hvalveiða.

Mögulegar framleiðsluvörur.

Framleiðsla á sterólum:

Fyrir allmörgum árum (fyrir 1950) var nokkur áhugi **hérlendis á söfnun og sölu svilja** með það fyrir augum að vinna úr þeim **chólesteról,** sem þá var í allháu verði (um 15.00 $/kg). (Þórður Þorbjarnarson og Hörður Jónsson, Ásrit Fiskifræðifélags Íslands,

1944—1946). **Heildarmagn steróla er um 2.5% af þurrefni sviljanna,** en svilin innihalda um 85% vatn að meðaltali. Samkvæmt því **ættu að fást 3—4 kg af hreinum sterólum úr 1 tonni af sviljum.** Líklegt er, að í sviljafeitinni séu ýmsir verðmiklir sterólar og hormónar. Ekki er ólíklegt að nota mætti kynkirtla úr lambhrútum og hvölum til sterólaframleiðslu á svipaðan hátt og svilin.

Chólínsýrur úr galli:

Í fiskgalli eru um 5% af svonefndum chólínsýrum, en sennilega voru kaupendur fiskgallsins á árunum 1951—53 einkum að sækjast eftir þeim til framleiðslu á **cortisóni. Vitað er að sumar afleiður chólínsýru eru mjög dýrar, t. d. mun chenódeoxýchólínsýra kosta ca. 700 kr/kg.**

Ensím úr meltingarfærum:

Eins og gefur að skilja er mikið af ensímum í meltingarfærum fiska. Nauðsynlegt er að finna hve mikið er **af próteinkljúfandi ensímum (pepsíni, trypsíni og fleirum)** í meltingarfærum þorsksins. Hann lifir á próteinauðugri fæðu og ætti að hafa gnægð slíkra ensíma. Svipuðu máli gegnir um meltingarfæri annarra botnfiska. Þá þyrfti jafnframt að **kanna aðferðir til þess að einangra og hreinsa hin einstöku próteinkljúfandi ensím úr þorski** og fleiri mikilvægum fisktegundum.

Nýting á fiskroði:

Fyrir allmörgum árum var reynt hérlendis að **nýta roð og vinna úr því, eins konar forstig að matarlími** (Dr. Þórður Þorbjarnarson, óbirtar skýrslur). Þessi framleiðsla varð aldrei að veruleika og þótti ekki svara kostnaði. Svipuðu máli gegnir um **vinnslu gúaníns úr síldarhreistri,** sem hér var reynd.

Aðferðin til hreinsunar síldarhreisturs og framleiðslu gúanínkrystalla (perlumóður) er í stórum dráttum þekkt og einföld, en gæti haft vaxandi þýðingu eftir því sem síldveiðar heims dragast saman, en kynnu að glæðast hér við land.

Roð af roðfiskum og þó sérstaklega steinbít var notað í stórum stíl erlendis til límframleiðslu og í prentiðnaði fyrir um aldarfjórðungi. Þá voru flutt út söltuð roð (steinbítsroð) í tilraunaskyni, en þrátt fyrir tiltölulega gott verð varð lítið úr viðskiptum.

Kítín og xanthín úr rækju- og humarúrgangi:

Árlega falla til a. m. k. **5000 tonn af rækju- og humarúrgangi** frá vinnslustöðvum í landi auk þess sem fleygt er í sjóinn af humarbátum. **Litarefnið í rækjuskelinni, cantaxanthín (astaxanthín), sem er sama eðlis og litarefnið í holdi laxa, bleikju og annarra vatnafiska, er framleitt og selt til blöndunar í fiskafóður víða erlendis.**

Kítín er aðalefnið í skel þessara krabbadýra, oftast ca. helmingur þurrefnismagns rækjuúrgangs. Kítín nýtist landdýrum ekki sem fóður, **en líkur benda til að það megi brjóta niður með ensímum þannig að það verði nýtanlegt.** Einnig hafa verið gerðar tilraunir með vinnslu kítínsýru úr rækjuskel fyrir efnaiðnað í Bandaríkjunum.

„Hýdrólýsöt" úr slógi:

Undanfarin ár hefur verið vaxandi áhugi fyrir framleiðslu á svokölluðum „hýdrólýsötum" úr fiskúrgangi. T. d. munu sumir togarar frá Vestur-Evrópu hafa búnað um borð til **að melta slógið með ensímum og kljúfa próteinin niður í amínósýrur og peptíð,** en slík blanda er þá gjarnan kölluð **„próteinhýdrólýsat".** Það virðast engir sérstakir annmarkar á slíkri framleiðslu hérlendis, þar sem fá má nóg af nýju slógi yfir vetrarvertíð.

Rannsóknir:

Til þess að unnt verði að kanna grundvöll lífefnaiðnaðar á Íslandi er nauðsynlegt að mæla magn verðmætra efna í hráefninu. Nákvæmar upplýsingar um magn efna í hráefnum okkar eru ekki fyrir hendi, en hins vegar eru fyrir hendi upplýsingar um söluverð vinnanlegra efna.

Dæmi um verðlag vinnanlegra efna:

Sterólar úr sviljum: 2,5% af þurrefni svilja eru sterólar, úr 5000 tonnum af sviljum má vinna 15—20 tonn af sterólum. Hér eru einnig á ferðinni verðmætir hormónar, og ef reiknað er með hormónamagni um 1% af sterólamagninu, þá fást nær 200 kg. Verð þessara hormóna er misjafnt, t. d. kostar testósterón 200 kr/gramm, androsterón 700 kr/gramm og estradíól 1000 kr/gramm.

Vinnsla ensíma:

Unnt væri að vinna pepsín úr kútmögum, hvalsmögum og vömbum sláturdýra. Verð á pepsíni er um 40 kr/gramm.

Úr skúflöngum og briskirtlum má vinna fleiri meltingarensím, t. d. trypsín. Verð á trypsíni og öðrum slíkum ensímum fer eftir hreinleika, er það frá 1200 kr/kg til 8 þús. kr/kg.

Magn þessara efna, sem vinnanleg eru, úr íslensku hráefni, er væntanlega tugir, ef ekki hundruð kg af þessum verðmiklu efnum.

Er því tímabært **að rannsaka hráefnið** og kanna hvort við getum ekki hagnýtt okkur þessa þróun og breytt okkar verðlitlu aukaafurðum í verðmeiri útflutningsframleiðslu.

Rannsóknir þessar geta farið fram í **Efnafræðistofu Raunvísindadeildar háskólans** og í **Raunvísindastofnun fiskiðnaðarins.** Nauðsyn er að fá á fjárlögum stöður rannsóknarmanna við þessar stofnanir sem sérhæfðu sig í þessum verkefnum. Einnig væri æskilegt að geta hvatt íslenska námsmenn til að **sérhæfa sig í ensímverkfræði og tæknilegri hagnýtingu gerla og annarra örvera.** Til þess að slíkt sé unnt þarf að skapa aðstöðu og stöðuheimildir til þessara starfa.

Rannsóknir tengdar lífefnaiðnði.

Inngangur:

Undanfarin ár hafa rannsóknir tengdar lífefnaiðnaði verið stundaðar á efnafræðistofu Raunvísindastofnunar háskólans. Aðstaða til slíkra rannsókna er nú að verða allgóð á stofnunni og nokkurt lið vísindamanna og verkfræðinga þegar til staðar í landinu eða á leiðinni heim frá námi innan tíðar. Hins vegar skortir enn fjárveitingu til þess að ráða rannsóknarfólk og sérfræðinga til starfans. Rannsóknirnar hafa því hingað til farið fram með aðstoð lausráðins fólks, og hefur í því sambandi notið aðstoðar ýmissa aðila, svo sem Vísindasjóðs, Fiskimálasjóðs, Síldarútvegsnefndar og fleiri. Miða rannsóknir þessar fyrst og fremst að því að kanna það hráefni sem fellur til hér á landi, sérstaklega í landbúnaði og sjávarútvegi. Í öðru lagi miða þær að því að rannsaka þá framleiðsluvöru, sem úr hráefninu fæst, sérstaklega ef um hráefni úr sjávarútvegi er að ræða, þar sem slík vara er oft lítt þekkt.

Nú verður greint frá nokkrum niðurstöðum tengdum lífefnaiðnaði, sem unnar hafa verið við Raunvísindastofnun háskólans.

Heparin-vinnsla.

Eiginleikar heparins að **hefta storknun blóðs** hafa verið þekktir í yfir 60 ár. Það hefur náð útbreiðslu og vinsældum sem lyfjaefni vegna þessara eiginleika, og með árunum hafa einnig fundist fleiri notkunarmöguleikar fyrir þetta efni. Það er þó aðallega notað sem

andstorknunarefni við skurðaðgerðir og við skyndilegum blóðtappa. Heparin hefur þann kost að vera „náttúrulegt“ efni, það er mjög fljótvirkt og brotnar fljótt niður í líkamanum. Það hefur einnig fáar hliðarverkanir, sem hefta notkun þess. **Eftirspurn eftir heparini sem lyfjaefni hefur farið vaxandi með árunum og verð farið frekar hækkandi.**

Eins og með mörg önnur lyfjaefni er heparin það flókin sameind (bygging þess er enn ekki að fullu þekkt), að ekki er unnt að framleiða það úr einfaldari efnum. Það verður því að einangra heparin úr lífrænum úrgangi og **finnst það í mestu magni í lungum og görnum sláturdýra.** Vinnsla þess og hreinsun hefur þróast með árunum og eru til tugir einkaleyfa á framleiðslu heparins. (Um nánari upplýsingar um eiginleika og framleiðslu heparins er vitnað í skýrslu frá Raunvísindastofnun háskólans um frumrannsóknir á vinnslu heparins hér á landi).

Hér á landi fellur til talsvert magn sláturúrgangs, sem mætti vinna heparin úr. Er þar til að nefna **lungu og garnir sauðfjár, nautgripa og hvala. Lítið af þessum innyflum er nýtt nema þá einna helst sauðfjárgarnirnar,** en það kemur ekki að sök, nema síður sé, því að **heparinið er aðallega í garnslímunni, sem er hreinsuð af áður en garnirnar eru unnar. Er talið að heildarmagn vinnanlegs heparins sé um 27 milljarða eininga.** Verð fullunnins heparins er nokkuð mismunandi, en svo dæmi sé tekið er meðalverð ameríska efnaframleiðandans Sigma Chemical Company um **$100.00 per milljón einingar** ($64—135 eftir hreinleika), **þannig að allt það magn, sem talið er vinnanlegt, mætti meta á um 2.7 millj. Bandaríkjadala eða rúmlega 1 milljarð** ísl. króna (des. 1979). Taka skal þó fram, að ekki yrði hagkvæmt að vinna allt þetta magn, en þetta sýnir þó að hér er um verulegar upphæðir að ræða. Endanlegt verð fer að sjálfsögðu einnig eftir því, að hvaða marki heparinið er hreinsað hér.

Markmið rannsókna á vinnslu heparins, sem farið hafa fram á efnafræðistofu Raunvísindastofnunar háskólans, hafa einkum miðað að því að **kanna magn heparins í hráefni** því, sem fellur til hér á landi, og að kanna vinnsluaðferð sem félli sem best að þessu hráefni. Raunvísindastofnunin hefur gefið út þrjár skýrslur, sem fjalla um vinnslu heparins. Í þeirri fyrstu er lýst frumathugunum, sem gerðar voru á íslensku hráefni árið 1976. Niðurstöður þessara athugana lofuðu góðu og leiddu m. a. í ljós að **mikið magn af heparini væri að finna í sauðfjárlungum og görnum.** Vísuðu þær veginn til frekari athugana á vinnslu heparins úr því hráefni, sem á Íslandi fellur til í mestu magni og auðveldast virðist að vinna, þ. e. garnaslímu úr sauðfé. Þessar athuganir miðuðu aðallega að því að aðlaga vinnsluaðferðina að þessu hráefni, auk endurvinnslu helstu efna, sem notuð eru í vinnslunni. Markmiðið var m. a. að finna lágmarksmagn þeirra efna, sem nota þarf við vinnsluna, þar eð það getur skipt sköpum varðandi hagkvæmni hennar.

Þá var gerð **frumáætlun að verksmiðju er vinna mundi heparin úr garnaslímu.** Þar var reynt að meta magn hráefnis, stærð vinnslueiningarinnar og hugsanlega tækjauppsetningu.

Talið er að fáanlegt hráefni til vinnslu á heparini geti numið a. m. k. **500 tonnum af garnaslímu árlega. Úr því ættu að fást um 10 000 milljón einingar af heparini.**

Stofnkostnaður vinnslueiningar, er ynni þetta magn, er áætlaður 850 000 kr. Er þá aðeins tekið tillit til tækjakostnaðar og uppsetningar tækjanna.

Rekstrarkostnaður er metinn á tvo vegu. Annar kosturinn tekur tillit til **hráefnisverðs (2 kr/kg af garnaslímu),** og er þá talið að verð heparinsins þurfi að vera **250 kr/milljón einingar.** Hinn kosturinn gerir ráð fyrir engum hráefniskostnaði og er samsvarandi verð 140 kr/milljón einingar. Hreinleiki þessa heparins er um ein/mg. **Heildsöluverðmæti framleiðslunnar væri því um það bil 2 milljónir á ári.**

Þetta sýnir að afkoman getur stjórnast að verulegu leyti af því, hvort eða hvaða hráefniskostnaður er tekinn inn í dæmið. Til samanburðar má geta þess, **að núverandi kostnaður á hverja görn er 4 kr.**

Það, sem eðlilegast er að gera næst, er að kanna **hvort ekki finnst einhver aðili hér innanlands sem hefði áhuga á þessu verkefni.** Nærtækast væri fyrir Sláturfélag Suðurlands að taka þessa vinnslu að sér, það hefur sýnt þessu mestan áhuga. Samband ísl. samvinnufélaga kæmi einnig til greina. Ekki er raunhæft að Háskóli Íslands eða stofnanir tengdar honum geri frekar að í málinu þar sem hönnunin er komin af frumstiginu. **Nú liggur fyrir fastmótuð vinnsluaðferð og gerð hefur verið tillaga um uppsetningu tækja í vinnslurás.** Einnig hefur verið gerð frummarkaðskönnun, sem leitt hefur í ljós, að einn aðili, Lövens Kemiske Fabrik í Danmörku, hefur áhuga á samstarfi.

Eðlilegt er, að sá aðili, sem hugsanlega tæki að sér þessa vinnslu, sæi um áframhaldið, þ. e. frekari hönnun á vinnslurás, frekari markaðskönnun (eins og nú liggur fyrir, beinar könnunarviðræður við L.K.F.) og í beinu framhaldi af því ítarlega úttekt á hagkvæmni þessarar vinnslu.

Vinnsla ensíma úr fiskúrgangi.

Athugun á meltingarensímum úr líffærum þorsks hófust sumarið 1974. Var þá meðal annars athuguð virkni **próteolýtískra ensíma** í hinum ýmsu líffærum þorsks, þ. e. **skúfum, maga, svilum, görnum og milta.** Eins og við mátti búast fannst **mest virkni tryptískra ensíma í görnum og skúfum,** en **magn peptískra ensíma var mest í maga og milta.** Þessar athuganir þóttu lofa svo góðu, að sumarið 1978 var hafist handa við einangrun og hreinsun á tryptískum ensímum úr görnum og skúfum þorsks. Árið 1979 var einnig hafist handa við **einangrun og hreinsun á carboxypeptidösum úr sömu líffærum.**

Gera má ráð fyrir að heildarbotnfiskafli Íslendinga sé um 500 þús. tonn árlega. Má þá reikna með því, **að um 10% af heildarþunga botnfiskafla tapist með slógi, sem fleygt er fyrir borð úti á sjó.** Það er því ljóst, að miklum verðmætum er fleygt, þar sem vinna má mörg verðmæt efni úr slóginu. Ekki verða öll þau efni eða efnasambönd talin upp hér, heldur **fjallað lítillega um notagildi próteolýtískra ensíma,** sem mikið er af í fiski, þar sem hann lifir á mjög próteinauðugri fæðu, en þau eru notuð í margs konar iðnaði, eins og eftirfarandi upptalning ber með sér.

Í leðuriðnaði: Notuð til þess að fjarlægja hár og trefjar af húðum og mýkja leðrið. Notkun leður- og fóðuriðnaðar er um 10% af heildarnotkun próteolýtískra ensíma í iðnaði.

Í matvælaiðnaðinum: Þar á meðal mjólkur- og kjötiðnaði, bjór-, osta- og vínframleiðslu og fiskiðnaði.

Í lyfjaiðnaði: Notuð við hreinsun sára og til þess að bæta skort í meltingarensímum.

Í þvottaiðnaðinum: Mikill hluti óhreininda í fötum eru prótein, sem próteolýtísk ensím kljúfa niður og gera vatnsleysanleg, þannig að þau nást úr þvottinum.

Í fóðuriðnaði: Niðurstöður danskra tilrauna benda til þess, að alifuglar nýti fóður mun betur ef blanda meltingarensíma er gefin ásamt fóðrinu.

Markaðurinn fyrir ensím er gífurlega stór og stærstur er hann fyrir próteolýtísk ensím. Árið 1973 var sá markaður metinn á meira en 500 milljónir danskra króna, en önnur ensím, sem einnig eru að miklu leyti unnin úr brisinu, á um það bil 100 millj. d. kr. **Ekki er nokkur vafi á því, að verðgildi ensímmarkaðarins hefur aukist mjög á undanförnum árum og mun gera það enn um sinn, því að notagildi ensíma fer sífellt vaxandi.**

Stefnumörkun — markviss vinnubrögð.

Ljóst er af þeim rannsóknum, sem þegar hafa farið fram, að Íslendingar ættu að geta haslað sér völl á sviði lífefnaiðnaðar.

Nauðsynlegt er að gera markvissa rannsóknaáætlun og vinna að framgangi málsins með föstum ákveðnum skrefum.

Í okkar þjóðlífi er nú mikið rætt um orkufrekan iðnað. Verulegum fjármunum er varið í hagkvæmniathuganir á ýmsum kostum stóriðju. Hér er í flestum tilvikum um að ræða iðnað þar sem hráefni er flutt til landsins og fullunna varan út.

Mikil nauðsyn er að auka framleiðslu landsmanna með orkufrekum iðnaði. En við megum ekki láta okkur sjást yfir nærtæka möguleika eins og lífefnaiðnað úr innlendu hráefni. Innyflum fisks og sláturdýra er að mestu hent. Við erum fiskframleiðendur á heimsmælikvarða.

Þessi verðlitlu hráefni eru grundvöllur að öflugum lífefnaiðnaði.

Það, sem vantar, er stefnumörkun á þessu sviði og markviss vinnubrögð, þá mun árangurinn ekki láta á sér standa.

Sþ. 220. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 19. desember 1981 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 20. janúar 1982.

Ed. 221. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „allt að 604 970 þús. kr.“ í 1. málslið komi orðin: allt að 660 970 þús. kr.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „allt að 15 000 þús. kr.“ komi orðin: allt að 18 000 þús. kr.
3. Við 9. gr. Í stað orðanna „144 000 þús. kr.“ í 1. málslið komi orðin: allt að 254 000 þús. kr.
4. 10. gr. orðist svo:

   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga, nr. 58/1967, um að hitaveita verði þjóðhagslega hagkvæm, áður en lán til hitaveituframkvæmda eru veitt.

5. Við 18. gr. Í stað orðanna „9 000 þús. kr.“ komi orðin: 9 832 þús. kr.
6. Við 20. gr. Í stað orðanna „26 730 þús. kr.“ komi orðin: 28 140 þús. kr.
7. Við 21. gr. Í stað orðanna „4 245 þús. kr.“ komi orðin: 5 130 þús. kr.
8. 29. gr. orðist svo, (jafnframt verði núverandi 29. gr. frumvarpsins 30. gr. þess):

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði og sjóðum þeim, sem um er rætt í 1. mgr., skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal ekki minna en 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Fyrir 16. janúar skal hver lífeyrissjóður skila fjármálaráðuneytinu áætlun um ráðstöfunarfé sitt á árinu og af hvaða aðilum hann hyggst kaupa skuldabréf skv. 1. mgr., hvort tveggja sundurliðað eftir mánuðum. Að því marki, sem áform lífeyrissjóðanna í heild um kaup af einstökum aðilum samrýmast ekki lánsfjáráætlun, skal ráðuneytið eiga viðræður við sjóðina og í því skyni að ná samkomulagi um aðra kauptilhögun og ganga frá endanlegri áætlun sinni um kaup lífeyrissjóðanna að loknum þeim viðræðum.

Skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna skal dreift á árið í sem nánustu samræmi við það sem ráðstöfunarfé sjóðanna fellur til, og skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um tímasetningu kaupanna innan ársins.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð lánstíma og lánskjör skuldabréfa sem lífeyrissjóðir kaupa skv. þessari grein. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið sérstaka ívilnun í kjörum þeirra skuldabréfa sem keypt eru á tilskildum tíma.

Í janúar skal hver lífeyrissjóður senda fjármálaráðuneytinu skilagrein yfir ráðstöfunarfé liðins árs. Svo fljótt sem verða má eftir lok reikningsársins, þó eigi síðar en 1. júlí, skulu lífeyrissjóðir láta fjármálaráðuneytinu í té staðfesta ársreikninga sína. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd þessarar greinar, þ. á m. hvernig skilgreina skuli ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

Ed. 222. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og rætt við fulltrúa frá Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun, samtökum banka, sparisjóða og lífeyrissjóða, Húsnæðisstofnun og Framkvæmdastofnun. Auk þess hafa nefndinni borist erindi og umsagnir frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Landsvirkjun, Íslenska járnblendifélaginu, iðnaðarráðuneytinu, samgönguráðuneytinu, Kísiliðjunni, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Vita- og hafnamálastjórn, stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, Sementsverksmiðju ríkisins, Ríkisskip, Iðnþróunarsjóði, Bjargráðasjóði, Áburðarverksmiðju ríkisins. Einnig hefur nefndin fengið margvísleg gögn frá fjármálaráðuneytinu og notið aðstoðar embættismanna ráðuneytisins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Í breytingartillögunum er gerð tillaga um nýja grein, sem fjallar um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum, og hefur orðalag greinarinnar mótast í viðræðum við fulltrúa sjóðanna. Einnig eru í breytingartillögunum hækkanir á 1. og 9. gr. frv., sem miðast við lækkaða áætlun á tekjum vegna kaupa lífeyrissjóðanna og lánveitingar vegna skuldbindinga Byggðasjóðs og ýmissa annarra atriða. Nánar verður gerð grein fyrir þessum breytingartillögum í framsöguræðu.

Alþingi, 16. des. 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Gunnar Thoroddsen.

Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 223. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frv. til lánsfjárlaga til athugunar. Það var sent til umsagnar fljótlega eftir þingbyrjun, en vinna í nefndinni ekki hafin fyrr en fimmtudaginn 10. des. s. l. Þá kom í ljós að ríkisstjórnin æskti afgreiðslu þess. Nefndin hélt síðan fundi á föstudagsmorgun og á laugardag. Veigamiklar tillögur komu fram frá fylgismönnum ríkisstjórnarinnar um ákvæði í frv. sem forráðamenn lífeyrissjóðanna töldu eignaupptöku og varða við stjórnarskrá. Nær allur tími nefndarinnar fór því í að ræða við fulltrúa lífeyrissjóðanna, en sáralítill tími hefur gefist til að kanna og ræða að öðru leyti svo veigamikil mál sem frv. til lánsfjárlaga er hverju sinni.

Nefndarálitinu fylgja bréf frá forráðamönnum lífeyrissjóðanna ásamt áformaðri breytingartillögu stjórnarliða. Á fylgiskjali I er bréf Sambands almennra lífeyrissjóða þar sem mótmælt er áformum um að 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna verði ráðstafað með lánsfjáráætlun svo sem tekið var fram í skýrslunni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982. Á fskj. II er bréf frá Verslunarráði Íslands þar sem mótmælt er lögboðinni ráðstöfun fjár lífeyrissjóða. Á fskj. III er ályktun frá Landssambandi lífeyrissjóða. Í því er mótmælt hækkun lögbindingar úr 40 í 45% af ráðstöfunarfé þeirra. Á fskj. IV er tillaga sem lögð var fram í fjárhags- og viðskiptanefnd samþykkt af þingflokkum Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins svo og öðrum fylgismönnum ríkisstjórnarinnar að sögn formanns nefndarinnar. Á fskj. nr. V er svo bréf frá Sambandi almennra lífeyrissjóða þar sem fyrirhugaðri tillögu meiri hl. nefndarinnar er harðlega mótmælt. Og breytingartillaga frá Landssambandi lífeyrissjóða er á fskj. VII. Endanleg niðurstaða þessa eina máls, sem fékk góða efnislega meðferð í nefndinni, er tillaga sem birtist á þingskjali við 2. umr., en í þeirri tillögu er komið til móts við forráðamenn lífeyrissjóðanna.

Þeir, sem komu á fundi nefndarinnar frá hálfu lífeyrissjóðanna, voru: Guðmundur H. Garðarsson, Bjarni Þórðarson, Pétur Blöndal, Hrafn Magnússon, Hermann Þorsteinsson og Benedikt Davíðsson.

I. Nokkur aðalatriði frv. að lánsfjárlögum 1982 og forsendur þess:

1. **Forsendur frv.** eru að 33% verðbreyting verði milli áranna 1981 og 1982, en það þýðir 25—27% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka. Þetta er sama grundvallarforsenda og „reiknitala" fjárlagafrv. Frá því hún var ákveðin hefur orðið 4.25% meiri launahækkun flestra launþega en þá var reiknað með. Augljóst er að verðbólga umfram þessa forsendu hefur miklu meiri röskun í för með sér en gerist um fjárlög. Í lánsfjárlögum er kveðið á um ákveðna krónutölu til tiltekinna verkáfanga. Verði verðbólga umfram forsendur þarf því annað tveggja að koma til niðurskurður framkvæmda eða meiri lántaka. Seðlabanki Íslands segir í bréfi til nefndarinnar að verðbólgustig nú sé 50%, og Þjóðhagsstofnun spáir 55% verðbólgu á næsta ári.
2. **Innlend fjáröflun** er augljóslega í lausu lofti og stórlega ofmetin skv. frv. T. d. er ætlunin að selja spariskírteini á næsta ári fyrir 150 millj. kr., en salan í ár er 43 millj. kr. Úr lífeyrissjóðum er ætlað að afla 460 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, húsnæðismálasjóða, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en í ár var þessi fjáröflun 1. nóv. 227 millj. kr. Þá hafa engar upplýsingar komið fram um álagningu byggðalínugjalds sem afla átti 40 millj. kr.
3. **Erlend fjáröflun** er aukin um 176.7 millj. kr. frá frv., en hún var ærin fyrir þegar haft er í huga að orkuframkvæmdir dragast saman milli 40 og 50% að magni til á árinu. Skuldastaða erlendra lána í árslok er áætluð af Seðlabankanum 39% og hefur aldrei verið hærri í sögu þjóðarinnar.
4. **Algjör óvissa er um fjármögnun Framkvæmdasjóðs** á næsta ári í kjölfar þess, að hann skorti í ár helming þess fjármagns úr lífeyrissjóðum, sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir, eða 63 millj. kr. af 123. Þetta hefur í för með sér fyrirsjáanlegan fjárskort atvinnuvegasjóðanna, og áframhaldandi samdrátt í fjármunamyndun í atvinnulífinu.

5. **Fjármögnun húsnæðismálasjóðanna er vonlaus** skv. lánsfjáráætluninni. Þeim er ætlað að afla frá lífeyrissjóðakerfinu 297 millj. kr. á næsta ári, en höfðu fengið þaðan 110 millj. kr. á yfirstandandi ári hinn 1. nóv. s. l. Skyldusparnaðurinn er auk þess ofáætlaður ef marka má reynsluna í ár, en hún er sú að nær ekkert fæst nettó inn af skyldusparnaðarfé. Lausaskuld Byggingarsjóðsins við Seðlabankann um áramót verður 40 millj. kr. í fyrsta sinni í sögu húsnæðismálastjórnar, sem kemur til frádráttar því fé sem er til ráðstöfunar á næsta ári.
6. **Íbúðum byggðum á vegum einstaklinga hlýtur að fækka enn** á næsta ári fjórða árið í röð vegna fjárskorts sjóðsins, ef þessar ráðagerðir ná fram að ganga, en stjórn hans gerði ráð fyrir nálægt 50 millj. kr. meira ráðstöfunarfé skv. áætlun sinni en gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Áætlun húsnæðismálastjórnar hefði tryggt 1175 frumlán til íbúðabygginga. Þessi lán voru 1883 árið 1978 og 1665 árið 1980. Ekki liggur fyrir hvernig stofnunin hyggst haga niðurskurði lána í samræmi við þetta.
7. **Fjölmargir lausir endar eru í áætluninni** um ýmsa opinbera fjármögnun, t. d. vegna Landsvirkjunar, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Járnblendiverksmiðju, Skipaútgerðar ríkisins, svo nokkuð sé nefnt.
8. **Erlend lántaka til þess að fjármagna rekstrartap ríkisfyrirtækja og undirstöðuatvinnugreina** setur vægast sagt óyndislegan svip á þetta frv. til lánsfjárlaga og þá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar sem því fylgir.

   Engar forsendur eru fyrir því að afgreiða lánsfjárfrumvarp með þeim annmörkum, sem hér hafa verið taldir. Frumvarpið til lánsfjárlaga og sú áætlun, sem því fylgir, einkennast af óraunsæi í innlendri fjáröflun, mikilli erlendri skuldasöfnun og mörgum óleystum vandamálum sem eru einfaldlega skilin eftir vitandi vits af hálfu stjórnarsinna. Með afgreiðslu frumvarpsins er því hvorki verið að marka stefnu, né taka ákvarðanir um hvernig staðið skuli að málum, heldur einungis verið að reyna að fullnægja misskildum sjálfsmetnaði. Þessari frumvarpsmynd er greinilega ekki ætlunin að framfylgja. Ber hún því sama bráðabirgðabragð og aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Meiri hluti nefndarinnar er andvígur þessum vinnubrögðum og þeim leikaraskap sem í þeim felst. Meiri hluti nefndarinnar er andvígur þessu frumvarpi eins og það hér birtist.

II. Lánsfjáráætlun 1981:

Fjárhags- og viðskiptanefnd barst eftirfarandi greinargerð frá fjármálaráðuneytinu um framkvæmd lánsfjáráætlunar 1981 að því er varðar A- og B-hluta ríkissjóðs. Lánsfjárlög voru samþykkt á Alþingi seint s. l. vor og verður því að telja með miklum ólíkindum hversu miklar viðbætur og frávik eru frá lögunum að þessu leyti.

Yfirlit um stöðu lánsfjáráætlunar frá endurlánum ríkisins.

	Lánsfjáráætlun 1981. Staða 20.11.81 (Þús. kr.)				
	Áætlun	Viðbætur	Alls	Staða 20.11.81	Mism.
Fjáröflun:					
1. Sala spariskírt. og happdrættisbr.	90 000		90 000	32 679	57 321
2. Innheimtufé spariskírteina	90 000			90 000	
Annað innlent fjármagn:					
3. Frá innlánsstofnunum	52 000	165 977	715 937	53 913	
4. Frá lífeyrissjóðum	56 000			46 899	102 158
Frá Framkvæmdasjóði	20 100				
5. Erlent lánsfé	331 860			372 671	
Breytt reikningsst. við Seðlab. (bætt staða = –)				39 257	
	639 960	165 977	805 937	635 419	159 479
Ráðstöfun:					
A-hluti fjárlaga:					
Vegagerð	130 150	–	130 150	110 050	20 100
6. Lán til Járnblendifél.	14 000	16 153	30 153	30 153	–
7. V. lána v. Kröfluvirkjunar	36 450	33 238	69 688	55 010	14 678
Aðrar A-hluta framkv.	47 590	–	47 590	37 020	10 570
A-hluti samtals	228 190	49 391	277 581	232 233	45 348
B-hluti fjárlaga:					
Byggðasjóður	31 500	–	31 500	–	31500
Landakaup kaupst. og kaupt.	3 000	–	3 000	–	3 000
Lánasj. ísl. námsmanna	33 000	–	33 000	33 000	–
Ríkisútvarpið	4 000	–	4 000	3 500	500
8. Lagmetisiðjan Siglósíld	1 000	2 400	3 400	3 400	–
Skipaútgerð ríkisins	24 000	–	24 000	12 300	11 700
Rarik, alm. framkv.	83 080	–	83 080	82 680	400
9. ” Byggðalínur	52 100	15 480	67 580	67 590	– 10
10. ” Kröfluvirkjun	33 640	3 000	36 640	36 300	340
11. „ stofnkostn. virkjana	–	37 400	37 400	37 400	–
12. Byggingarsj. Listasafns Íslands	–	4 000	4 000	4 000	–
13. Sjóefnavinnsla	–	4 000	4 000	–	4 000
Jarðvarmav. ríkisins	8 000	–	8 000	8 000	–
Virkjunarrannsóknir	8 000	–	8 000	–	8 000
Grænfóðurverksmiðjur	2 700	–	2 700	–	2 700

	Áætlun	Viðbætur	Alls	Staða 20.11.81	Mism.
14. Orkusj. v. byggðalína	38 400	35 706	74 106	41 050	33 056
" v. hitaveitulána	7 500	–	7 500	7 500	–
" v. jarðhitaleitar	11 000	–	11 000	10 500	500
Landssmiðjan	3 000	–	3 000	3 000	–
Póstur og sími	8 000	–	8 000	(8 000)	–
B-hluti samtals	351 920	101 986	453 906	350 220	95 686
A- og B-hluti samtals	580 110	151 377	731 487	582 453	141 034
Fyrirtæki m. eignaraðild ríkissj.:					
15. Orkubú Vestfjarða	27 200	5 600	32 800	32 800	–
16. Kísiliðjan	2 000	3 000	5 000	1 905	3 095
Samtals	29 200	8 600	37 800	34 705	3 095
Bæjar- og sveitarfélög:					
17. Hitaveita Hóla	800	633	1 433	800	633
Hitaveita Hellu	2 400	–	2 400	–	2 400
18. Hitaveita Seyðisfjarðar	2 600	1 600	4 200	4 200	–
Hitaveita, Höfn, Hornafirði	–	1 500	1 500	1 500	–
Hitaveita Siglufjarðar	1 400	–	1 400	–	1 400
Hitaveita Suðureyrar	250	250	500	500	–
Hitaveita Blönduóss	700	–	700	700	–
Hitaveita Egilsstaða	2 500	–	2 500	–	2 500
Annað	5 000	–	5 000	1 100	3 900
Bæjarsjóður Vestmannaeyja	5 200	–	5 200	2 500	2 700
19. Ýmislegt	9 800	1 850	11 650	10 000	1 650
Samtals	30 650	6 000	36 650	21 300	15 350
Kostnaður	–	–		– 3 099	
Alls	639 960	165 977	805 937	635 419	159 479

1. **Yfirlit yfir lánsfjáráætlun 1981 20. nóvember.**

Ríkisábyrgðarsjóður, sem annast endurlán ríkissjóðs, hefur tekið saman það yfirlit um stöðu lánsfjáráætlunar er hér fylgir. Eins og fram kemur á því yfirliti er um að ræða A- og B-hluta fjárlaga auk fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs, svo og sveitarfélög sem endurlán ríkissjóðs annast lántökur fyrir.

1.1 Niðurstöðutala áætlunar er 639 960 000 kr. og útskýrist þannig (tölur í þús. kr.):

1. Lánsfjáráætlun 1981 A- og B-hluti		626 940
2. Járnblendifélag	+	14 000
3. Kísiliðja	+	2 000
4. Orkubú Vestfjarða	+	27 200
5. Áburðarverksmiðja ríkisins	–	35 000

6.	Póstur og sími	− 4 600
7.	Ýmis sveitarfélög	+ 30 650
8.	A-hluti Tryggingastofnunar	− 30 000
9.	Hækkun v/hafnargerða og skipasmiðja	+ 770
10.	Hækkun á vegagerð	+ 8 000
	Samtals áætlun sem unnið er með	639 960

1. Sjá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981, bls. 9.
2. Fært undir liðnum fyrirtæki með eignaraðild ríkisins í lánsfjáráætlun 1981.
3. Sbr. 6. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1981, lög nr. 13 frá 28. 04. 81.
4. Talan skiptist þannig að 15 000 þús. kr. eru ætlaðar til raforkuframkvæmda og 12 200 þús. kr. til fjarvarmaveitna. Í lánsfjáráætlun fært undir liðinn „fyrirtæki með eignaraðild ríkisins".
5. Gert var ráð fyrir þessari lántöku undir B-hluta lið lánsfjáráætlunar, en Áburðarverksmiðjan annast sjálf þessa lántöku. Því er hún tekin út úr þessu yfirliti.
6. Lántökur Pósts og síma skv. lánsfjáráætlun áttu að vera 4 600 þús. kr. í vörukaupalán og 8 000 þús. kr. í framkvæmdir á Austurlandi. Síðar var ákveðið að 4 600 þús. kr. vegna vörukaupa færu ekki gegnum endurlán ríkissjóðs. Sá hluti er því tekinn hér út. Líkur eru á að svo verði einnig um framangreindar 8 000 þús. kr. til framkvæmda á Austurlandi.
7. Í lánsfjáráætlun, liður 3 sveitarfélög eru lántökur vegna hitaveitna áætlaðar 188 300 þús. kr. Skv. 7. og 8. gr. lánsfjárlaga hækkar þessi liður í 213 900 þús. kr. Af þessu eru svokallaðar „stórar hitaveitur", sem annast lántökur sínar sjálfar, með 183 250 þús. kr. Mismunurinn, 30 650 þús. kr., kemur til viðbótar hjá endurlánum ríkissjóðs.
8. Breyting á lausaskuldum ríkissjóðs við Tryggingastofnun sem ekki fara um endurlán ríkissjóðs.
9. Samkvæmt ákvörðun Alþingis.
10. Samkvæmt ákvörðun Alþingis.

1.2. Um einstaka liði í yfirliti endurlána ríkissjóðs.

Fjáröflun:

1. Sala spariskírteina og happdrættisbréfa hefur ekki gengið vel. Af þeim 90 000 þús. kr., sem áætlað var að selja fyrir, er einungis búið að selja bréf að upphæð 32 679 þús. kr. Vöntun er tilfinnanleg eða 57 321 þús. kr. Væntanlega má rekja minnkandi áhuga á spariskírteinum og happdrættisbréfum til nýrra verðtryggðra sparnaðarforma sem bjóða upp á minni bindingu. Virðist sem það atriði vegi þyngra en þau góðu kjör sem boðin eru á spariskírteinum.
2. Innheimtufé spariskírteina. Eins og yfirlitið ber með sér hefur áætlun verið náð. Hugsanlegt er að þessi liður fari í 110 000 þús. kr., en á því verður að hafa allan fyrirvara.
3. Líkur eru á að fé frá innlánsstofnunum hækki um 6 000 þús. kr.
4. Um fjármagn frá lífeyrissjóðunum almennt er fjallað sérstaklega á öðrum stað í þessari skýrslu, en sá hluti, sem hér er til umfjöllunar, þ. e. þeir sjóðir sem kaupa af endurlánum ríkissjóðs, en þar er aðallega um að ræða „opinberu sjóðina" ásamt Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, hafa staðið það vel við sínar kaupskyldur að kaup á árinu gætu hækkað um liðlega 5 000 þús. kr. Minnt er þó á að skv. lánsfjáráætlun áttu þessi kaup að nema 60 000 þús. kr. sem síðan voru lækkuð í 56 000 í meðförum framkvæmdavaldsins.
5. Með hliðsjón af þeirri vöntun, sem fram kemur á ýmsum liðum innlendrar fjáröflunar, hefur orðið að auka erlendar lántökur og eru þær nú þegar komnar í 372 671 þús. kr. í stað 331 860 þús. kr.

Ráðstöfun:

6. Járnblendifélag. Skv. heimildum í 6. tölulið 3. gr. laga um Járnblendiverksmiðju í Hvalfirði þurfti ríkissjóður að standa skil á 55% af hluthafaláni eða samtals 30 153 þús. kr. Af þessari upphæð voru 14 000 þús. kr. inni á lánsfjárlögum, en eigi varð ljóst fyrr en í lok september að greiða þyrfti hluthafalánið að fullu á þessu ári og eru 16 153 þús. kr. sú upphæð sem á vantaði.
7. Krófluvirkjun: Vísað er til athugasemda við 26. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.
8. Siglósíld: Vísað er til athugasemda við 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982, þ. e. 8. málsgrein.
9. Byggðalínur: Sjá athugasemdir við 26. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982.
10. Krófluvirkjun: Vísað er til 3. málsgreinar í athugasemdum um 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982.
11. Stofnkostnaður virkjana, viðbót að upphæð 37 400 þús. kr. Þessi lántaka á rætur að rekja til nýsettra laga um raforkuver.
12. Byggingarsjóður Listasafns Íslands: Vísað er til 7. málsgreinar í athugasemdum um 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982.
13. Sjóefnavinnsla: Vísað er til nýsettra laga um sjóefnavinnslu.
14. Orkusjóður v/byggðalína: Vísað er til 26. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir 1982.
15. Orkubú Vestfjarða: Vísað er til 4. mgr. 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982.
16. Kísiliðja: Vísað er til bréfs ráðuneytisins til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis frá desember 1981.
17. Hitaveita Hóla: Lán þetta kemur til lækkunar á liðnum „annað" á lánsfjáráætlun 1981.
18. Hitaveita Seyðisfjarðar og Hafnar í Hornafirði: Viðbót er samtals 3 100 þús. kr. Um er að ræða lántöku sem var áætluð 1980 vegna fjarvarmaveitna sem RARIK sá um að reisa.
19. Ýmislegt: Vísað er til athugasemda í 6. mgr. 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982, en umframgreiðslur á þessum lið stafa af því, að breyting á lánskjörum ýmissa hitaveitna og rafmagnsveitna var ekki þar í jafnríkum mæli og áætlað hafði verið.

2. **Yfirlit yfir sölu verðtryggðra skuldabréfa fjárfestingarlánasjóða og endurlána ríkissjóðs til lífeyrissjóða.**

2.1.

M.kr.	Lánsfjár-áætlun	Janúar-nóvember	Frávik
Framkvæmdasjóður	123	56	− 67
Byggingarsjóður ríkisins	153	105	− 48
Byggingarsjóður verkamanna	14	5	− 9
Stofnlánadeild landbúnaðarins	6	9	+ 3
Iðnlánasjóður	–	–	
Veðdeild Iðnaðarbankans	0	24	+ 24
Verslunarlánasjóður	0	21	+ 21
Stofnlánadeild samvinnufélaga	0	12	+ 12
Samtals fjárfestingarlánasj.	296	232	− 64
Endurlán ríkissjóðs	60	52	− 8
Samtals	356	284	− 72

Sérstök athygli er vakin á því að þó að þetta yfirlit sýni vöntun upp á 72 millj. kr., þá er vöntun hjá þeim sjóðum, sem Alþingi með samþykkt lánsfjárlaga gerði ráð fyrir að fengju fé frá lífeyrissjóðunum, mun meiri eða 129 millj. kr. Þetta stafar af því, að fjárfestingarlánasjóðir, sem ekki áttu að fá fé beint frá lífeyrissjóðunum, hafa selt þeim skuldabréf fyrir andvirði 57 millj. kr. og stundum með betri kjörum en Byggingarsjóður ríkisins, Framkvæmdasjóður og ríkissjóður hafa treyst sér til að bjóða. Eiga hér hlut að máli sjóðir, sem ríkissjóður á stjórnaraðild að.

Þá fer hér á eftir bréf frá Framkvæmdasjóði um framkvæmd lánsfjárlaga og lánsfjáráætlunar 1981:

Reykjavík, 1. desember 1981

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
Alþingi.

Vegna bréfs fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis, dags. 25. nóvember s. l., varðandi áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands 1982 og framkvæmd áætlunar um fjáröflun og útlán ársins 1981 skal eftirfarandi tekið fram:

1) Áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir árið 1982 fylgir hér með. Áætlunin var samþykkt af stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins 22. september s. l. og var hún um 28. gr. frumvarps til lánsfjárlaga 1982.

   Niðurstöðutala áætlunar Framkvæmdasjóðs er 434 millj. kr. þegar með hafa verið teknir tveir liðir samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar. Annars vegar er fyrirhuguð lánveiting til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 20 millj. kr. Er þetta sams konar lánveiting og á yfirstandandi ári, 17 millj. kr., og 30 millj. kr. 1980, með ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lánsfjárlögum. Hins vegar er um að ræða lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum, 10 millj. kr., en fjárútvegun í þessu skyni byggist á bráðabirgðaákvæðum laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ætlunin er að veita fyrirtækjum lán til endurbóta á vinnuaðstöðu starfsfólks og til aukins öryggis á vinnustöðum, en ákveðið mun síðar hver annast muni hinar einstöku lánveitingar, en um umsóknir mun fjallað af Vinnueftirliti ríkisins.

2) Framkvæmd fjáröflunarþáttar útlánaáætlunar Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1981 hefur reynst mjög erfið og einn veigamikill þáttur hefur brugðist verulega, en það eru skuldabréfakaup lífeyrissjóða. Af áætluðum kaupum sjóðanna af Framkvæmdasjóði, 123 millj. kr., er útlit fyrir að einungis um 60 millj. kr. muni fást á árinu og mun því vanta um 63 millj. kr. á fjáröflun samkvæmt lánsfjáráætlun. Um mál þetta er nánar fjallað í orðsendingu til fjármálaráðherra, dags. 20. nóvember s. l. Eftir viðræður við fjármálaráðherra um lausn þessa máls er niðurstaða þessi:
   a) Framkvæmdasjóður taki erlent lán að jafnvirði 25 millj. kr. Er það lágmarksfjárhæð til lausnar máli þessu.
   b) Framkvæmdasjóður dragi nokkuð úr fyrirhuguðum lánum til stofnlánasjóða með samþykki viðkomandi sjóða.
   c) Skuldabréfakaup banka af Framkvæmdasjóði verði aukin til hins ýtrasta í desembermánuði.
   d) Sjóðstaða Framkvæmdasjóðs um áramót verði í lágmarki.

Með framangreindum hætti á að reynast mögulegt að ljúka afgreiðslu útlánaáætlunar yfirstandandi árs án teljandi vandkvæða fyrir þá, sem fé er ætlað.

Virðingarfyllst,
FRAMKVÆMDASJÓÐUR ÍSLANDS
Sverrir Hermannsson, Guðmundur B. Ólafsson.

III. Innlend lánsfjáröflun 1982.

Innlend fjáröflun skiptist fyrst og fremst í þrjá meginþætti skv. lánsfjáráætlun: 1) úr lífeyrissjóðum, 2) úr bankakerfi, 3) með spariskírteinasölu ríkissjóðs, og raunar er í fjórða lagi gert ráð fyrir álagningu byggðalínugjalds, en engar upplýsingar liggja fyrir um það nú.

1. **Lífeyrissjóðir:**

Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða er áætlað 1 180 millj. kr. á næsta ári. Fallið var frá því að lögbinda 45% ráðstöfun þess. Aftur á móti er gert ráð fyrir að 40% af þessu fjármagni verði verðtryggt með kaupum úr Framkvæmdasjóði, húsnæðismálasjóðunum, öðrum fjárfestingarlánasjóðum og ríkissjóði, þ. e. a. s. 472 millj. kr.

Fyrir 1980 voru tveir fyrrgreindu aðilarnir einir um hituna á þessum fjármagnsmarkaði. Í fyrra áformaði ríkissjóður að lífeyrissjóðirnir keyptu af honum bréf fyrir 60 millj. kr. Í reynd urðu þetta aðeins 11.8 millj. kr. Á þessu ári hefur á hinn bóginn ríkissjóður náð því fé úr lífeyrissjóðum sem hann gerði ráð fyrir, á sama tíma sem yfir 100 millj. kr. skortir á mark lánsfjárlaga hjá Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði ríkisins. Á næsta ári er svo ætlunin skv. lánsfjáráætlun að Byggingarsjóður verkamanna bætist í hópinn á þessum lánamarkaði og afli 111 millj. kr., en hann hefur lítið látið að sér kveða fram til þessa.

Ráðgert er að afla fjár úr lífeyrissjóðum, sem hér segir:

	1982 m.kr.	1981 (jan.—nóv.) í reynd	Hækkun m.kr.	%
Framkvæmdasjóður	110	56	54	
Byggingarsj. ríkisins	187	105	82	
Byggingarsj. verkamanna	111	5	106	
Stofnlánad. landb.	9	9	0	
Ríkissjóður	55	52	3	
	472	227	245	108%

Þetta er örugglega óraunsætt, svo ekki sé meira sagt.

Allt fram til þess að fleiri opinberir aðilar en Byggingarsjóður ríkisins og Framkvæmdasjóður tóku að keppa á þessum lánsfjármarkaði stóðust áætlanir merkilega vel svo sem neðangreind tafla sýnir:

Lán lífeyrissjóða til fjárfestingarlánasjóða og ríkissjóðs.

M.kr.	1976		1977		1978		1979		1980	
	Lánsfjár-áætlun	Reynd	Lánsfjár-áætlun	Reynd	Lánsfjár-áætlun	Reynd	Lánsfjár-áætlun	Reynd	Lánsfjár-áætlun	Reynd
Framkvæmdasjóður	14,4	7,4	15,4	12,9	46,0	30,7	57,5	52,8	77,0	71,2
Byggingarsjóður ríkisins	5,6	9,7	11,3	9,8	5,0	15,6	27,6	40,9	73,0	80,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins ..	0,7	1,5	2,1	3,1	3,5	4,4	2,5	7,4	4,6	9,5
Veðdeild Búnaðarbankans	0,5	0,6	0,7	1,0	–	–	–	–	–	–
Iðnlánasjóður	–	–	–	–	–	2,5	–	3,5	–	4,5
Veðdeild Iðnaðarbanka	0,4	0,3	0,5	0,8	1,0	1,0	1,0	2,3	–	7,8
Verslunarlánasjóður	0,9	1,0	1,4	1,6	2,0	3,6	3,0	7,4	–	13,4
Stofnlánadeild samvinnufélaga ..	0,2	0,1	0,1	1,7	0,9	4,9	2,1	9,4	–	11,0
Samtals	22,7	20,6	31,5	30,9	58,4	62,7	93,7	123,7	154,6	197,4
Endurlán ríkissjóðs	–	–	–	–	–	–	–	–	60,0	11,8
Alls	22,7	20,6	31,5	30,9	58,4	62,7	93,7	123,7	214,6	209,2

2. **Bankakerfið:**

Á fundi fjárhags- og viðskiptanefnda komu bankastjórar viðskiptabanka, sparisjóða og fulltrúar Seðlabanka. Þeir voru sammála um að bankakerfið hefði „siglt kjörleiði" fyrstu mánuði ársins, en síðar inn í þoku og úr því greindi menn á hvort það væri enn inni í þokunni eða að sigla í strand.

Úr bankakerfinu hefur verið aflað með samkomulagi 7% af innlánsaukningu til þess að fjármagna lánsfjáráætlun, þ. e. a. s. 4% hafa runnið til Framkvæmdasjóðs og 3% til ríkissjóðs í formi skuldabréfakaupa. Ekki virðist ástæða til að ætla að í bankakerfinu verði gott til fanga í þessu efni. Hér á eftir fer lýsing Seðlabanka Íslands á þróun peningamála undanfarið:

Útlán:

Svo nefndar séu tölur um aukningu heildarútlána, þá var hún um 58% á árinu 1980, 53% á tólf mánuðum til marsloka, en 72% á tólf mánuðum til loka októbermánaðar. Líklega stafar þessi breyting að verulegu leyti af því, hve rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækja er léleg, einkum í útflutnings- og samkeppnisgreinum. En eftir mitt ár jókst almenn lánsfjáreftirspurn, að líkindum einnig vegna ótta við væntanlegar gengisbreytingar og verðlagshækkanir. Raunvextir hafa verið of lágir til að viðhalda jafnvægi á peningamarkaði, enda eru nú horfur á að verðbólgustig sé nálægt 50%, en fyrir 3 mánuðum var það metið 40,2%.

Þótt þannig megi skýra stóraukna lánsfjáreftirspurn er ekki að sama skapi ljóst hvers vegna innlánsstofnanir hafa látið undan þessum þrýstingi. Útlánaaukningin hefur tvímælalaust verið meiri en efni stóðu til, eins og lausafjárstaðan, og þá einkum yfirdráttur á viðskiptareikninga, sýnir. E. t. v. stafar þetta af því, að útlánaþróun er að einhverju leyti þvinguð af ytri aðstæðum, ekki síst þar sem verðtrygging lána hefur farið í vöxt. Eftirfarandi tafla sýnir hlutdeild verðtryggðra lána og annarra skuldabréfa í heildarútlánum.

Tafla 2.
Hlutfallsleg skipting útlána.

	31. október 1979	31. október 1980	31. október 1981
Bankar og sparisjóðir			
Verðtryggð lán	–	5.4	16.6
Önnur skuldabréf	32.7	32.2	27.8
Önnur lán	67.3	62.4	55.6
Samtals	100,0	100,0	100,0
Viðskiptabankar			
Verðtryggð lán	–	4.4	14.6
Önnur skuldabréf	30.3	29.7	26.1
Önnur lán	69.7	65.9	59.3
Samtals	100.0	100.0	100.0
Sparisjóðir			
Verðtryggð lán	–	13.4	30.9
Önnur skuldabréf	51.8	51.9	40.5
Önnur lán	48.2	34.7	28.6
Samtals	100.0	100.0	100.0

Vegna vaxtabreytinga hefur hlutdeild skuldabréfalána aukist verulega á síðustu tveimur árum, t. d. úr 33 í 44% hjá viðskiptabönkum og úr 52% í 71% hjá sparisjóðum, eins og taflan sýnir. Mikil áhersla hefur verið lögð á að veita verðtryggð lán til samræmis við aukningu verðtryggðra innlána. Við slíka endurskipulagningu útlána er eðlilegt að lausafjárstaða versni um sinn, þar sem lánstími þessara lána er lengri en annarra og endurgreiðslur falla með meiri þunga á síðari hluta lánstímans en hinn fyrri. Vegna verðtryggingar og geymslu verðbótaþáttar skuldabréfalána á sér stað sjálfvirk hækkun útlána án þess að um nýjar lánveitingar sé að ræða. Á 12 mánuðum til októberloka má ætla að útlán banka og sparisjóða hafi hækkað um 500 millj. kr. af þessum ástæðum, en það er rúmur fimmtungur þeirrar 2331 millj. kr. aukningar heildarútlána sem varð á tímabilinu. Sambærileg tala fyrir næsta 12 mánaða tímabil á undan var um 200 millj. kr. af 1196 millj. kr. aukningu heildarútlána eða tæp 17%. Líklegt er að innlánsstofnanir hafi verið illa búnar undir svo öra breytingu sem orðið hefur í þessum efnum, en þó er rétt að hafa í huga að sjálfvirk hækkun lána hefur að einhverju leyti komið í stað nýrra lána sem lánþegar hefðu sótt um.

Tafla 3.

Í millj. kr.	Verðtryggð innlán		Verðtryggð útlán	
	Staða 31/10/81	Hreyfing janúar—október 1981	Staða 31/10/81	Hreyfing janúar—október 1981
Viðskiptabankar	667	+640	717	+529
Sparisjóðir	132	+123	206	+140
Samtals	799	+763	923	+669

Að óbreyttri þróun stefnir nú í um 75% aukningu almennra útlána innlánsstofnana (þaklána). Aukning heildarútlána stefnir þó ekki svo hátt, heldur í um 68%, þar sem aukning endurseldra lána hefur verið mun minni en almennra lána. Meðfylgjandi áætlun sýnir lægri tölur, enda er nú áformað að draga úr útlánaaukningu til áramóta, sbr. fréttatilkynningu Seðlabankans nr. 42/1981.

Innlán:

Aukning heildarinnlána með áföllnum vöxtum, skoðuð á hverju tólf mánaða tímabili, hefur verið yfir 70% á þessu ári, og náði hæst 78% í lok ágústmánaðar. Næstu tvo mánuði dró heldur úr aukningunni og til októberloka nam hún um 73%. Á síðustu mánuðum fyrra árs jukust innlán mjög mikið, m. a. vegna mikilla gjaldeyriskaupa bankanna, og er vart við því að búast, að hliðstæð aukning verði nú. Yfir árið í heild má þó reikna með að heildarinnlán aukist um nálægt 70%.

Tafla 4.

Hlutfallsskipting innlána innlánsstofnana.

(Einstök innlánsform með áætluðum vöxtum).

	31. október 1979	31. október 1980	31. október 1981
Verðtryggð innlán	–	0.6	13.3
Önnur bundin innlán	34.8	34.7	19.8
Almenn spariinnlán	44.7	45.0	48.0
Veltiinnlán	20.5	19.7	18.9
	100.0	100.0	100.0

Innlánaaukning hefur verið svipuð í öllum þrem flokkunum, þ. e. bundnum spariinnlánum, almennum spariinnlánum og veltiinnlánum. Þó varð nokkur aukning almennra innlána á kostnað bundinna á miðju ári þegar afnumin var binding gamalla sparibóka (6 mánaða, 12 mánaða og 10 ára). Innan bundinna innlána hefur orðið veruleg tilfærsla eftir að binditími verðtryggðra innlána styttist í 6 mánuði. Eru verðtryggð innlán nú orðin rúm 13% heildarinnlána, en hlutdeild annarra bundinna innlána hefur lækkað í 20% heildarinnlána í októberlok 1981 úr 35% ári fyrr.

Endurkaup:

Nokkuð hefur dregið úr aukningu endurkaupa á þessu ári. Árið 1980 jukust þau um 69%, en á tólf mánuðum til októberloka nam aukningin 53,7%. Mestu munar um birgðalækkun landbúnaðarafurða. Líklega mun enn draga úr aukningu endurkaupa til áramóta og er reiknað með að aukningin á árinu verði um 44%.

Tafla 5.

Endurkaup Seðlabanka.

	Staða í m.kr. 31/10 1981	Hreyfingar á 12 mánuðum í m.kr. (% í sviga) til 31/10 1980	til 31/10 1981	til 31/10 1981 (Áætlun)
Landbúnaður	302	93 (63.3)	62 (25.8)	110 (35.6)
Sjávarútvegur	771	171 (60.0)	315 (69.1)	225 (45.9)
Iðnaður	188	45 (88.2)	92 (95.8)	95 (90.5)
Annað	1	26	−28	−20
	1262	335 (68.9)	441 (53.7)	440 (44.4)

Önnur lán Seðlabanka:

Það sem af er árinu hefur framvinda ríkisfjármála vakið vonir um að það takist að ná markmiði fjárlaga um greiðsluafgang ríkissjóðs og lækkun skulda hans við Seðlabankann. Á hinn bóginn hefur komið fram mikil fjárvöntun vegna opinberra framkvæmda og sjóða. Ekki er fullljóst hvernig sá vandi verður leystur, en unnið er að athugun í því máli. Enn fremur hefur verið farið fram á mjög mikla fyrirgreiðslu Seðlabankans vegna fjárhagsvanda atvinnuveganna, og hefur sú fyrirgreiðsla ýmist verið veitt eða er til afgreiðslu á næstunni og mun óhjákvæmilega hafa veruleg áhrif á ástandið í peningamálum.

Í meðfylgjandi peningamálaáætlun hefur verið miðað við að erlendar lántökur árið 1981 aukist um 150 millj. kr. (og gjaldeyrisstaða batni um sömu fjárhæð) frá því sem áætlað hafði verið. Að auki er nú reiknað með auknu útstreymi frá Seðlabanka v/Verðjöfnunarsjóðs (12 millj. kr.), Byggingarsjóðs ríkisins (40 millj. kr.) og Byggðasjóðs (40 millj. kr. v/frystihúsa).

16. desember 1981

3) **Spariskírteinasala:**

Gert er ráð fyrir sölu á spariskírteinum ríkissjóðs í ár sem næmi 90 millj. kr., en um 1/3 hefur selst. Samt sem áður er í lánsfjáráætlun gengið út frá því að afla fjár 1982 með spariskírteinasölu. Óþarft er að fjölyrða um slíka áætlunargerð, en ástæðan til dræmrar sölu þessara skírteina eru m. a. verðtryggðir 6 mánaða innlánsreikningar bankanna, sem komu til á s. l. ári.

Hér fer á eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þennan fjáröflunarþátt:

Áætlanir um sölu spariskírteina og skuldabréfakaup lífeyrissjóða á árinu 1982.

Sala spariskírteina.

Fram að yfirstandandi ári var unnt að áætla sölu spariskírteina með nokkurri nákvæmni, enda var eftirspurn lengst af mun meiri en talið var rétt að anna með bréfaútgáfu. Þetta hefur breyst mjög, annars vegar við kaupskyldu lífeyrissjóða á sérstökum bréfum, og kaupa þeir þá frekar þau bréf, og hins vegar með opnun verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum.

Á þessu ári var áformað að selja skírteini fyrir 90 m.kr., en aðeins hefur verið selt fyrir 38 m.kr., auk 5 m.kr. happdrættisbréfa, alls 43 m.kr., og ekki horfur á verulegum fjörkipp fyrir áramót. Þetta gerist þrátt fyrir innlausn eldri bréfa um 60 m.kr., en upplýst er, að mjög lítið var tekið af nýjum bréfum í stað eldri við innlausn.

Frumáætlun Seðlabanka var, að á árinu 1982 gætu selst spariskírteini fyrir 120 m.kr. Hins vegar mun innlausn væntanlega nema sömu fjárhæð. Með hliðsjón af því, svo og væntanlegu hertu söluátaki, hneigðist fjármálaráðuneytið til þess að áætla 150 m.kr. sölu. Síðan hefur komið í ljós mun óhagstæðari reynsla en áður var gert ráð fyrir, svo sem að framan greinir. Er nú til nánari athugunar, hvernig unnt muni að örva sölu spariskírteina að mun, svo að komist verði nærri settu marki.

IV. **Erlend lánsfjáröflun:**

Erlendar lántökur hafa verið ískyggilega miklar undanfarin ár. Auðvitað hafa erlend lán verið tekin að hluta til framkvæmda sem skila arði. Þjóðarbúið er því betur í stakk búið til þess að mæta aukinni greiðslubyrði af þeim. Þetta getur verið og er oftast réttlætanlegt, en því miður sýna dæmin síðustu ár, að þessu er oft ekki þannig varið. Nú eru tekin erlend lán til þess að fjármagna taprekstur ríkisfyrirtækja og skv. breytingartillögum meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar við þetta frv. er bætt við lánsfjáráætlun 50 milljóna króna erlendu láni til handa Byggðasjóði til þess að veita hallærislán til undirstöðuframleiðslugreinar þjóðarbúsins, sjávarútvegs, og svo er einnig um iðnað. Erlend lántaka til opinberra þarfa hefur einnig verið með ýmsu marki brennd. En hún hefur þrefaldast að raungildi til A- og B-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja undanfarin ár eða síðan 1979. Erlend lán eru t. d. tekin til að framlengja erlend lán og borga afborganir og vexti vegna ýmissa framkvæmda í landinu; byggðalína, Kröfluvirkjunar og jafnvel fyrirtækja Landsvirkjunar, Hitaveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitu Reykjavíkur o. s. frv.

Nú er búist við stórfelldum samdrætti á næsta ári í stóriðju, stórvirkjunum og hitaveituframkvæmdum, en samt verður erlend lántaka mikil, og í árslok verður greiðslubyrði meiri eða 18% af útflutningstekjum og skuldastaðan verri — 39% þjóðarframleiðslu að mati Seðlabankans — heldur en nokkru sinni fyrr í sögunni. Samsvarandi tölur 1977 voru 13.7% og 31.6%.

Staða erlendra lána hefur verið og er áætluð þannig í lok viðkomandi ára, greiðslubyrði af útflutningstekjum og skuldastaða í % af þjóðarframleiðslu eru einnig sýnd (uppl. Seðlabanka Íslands):

	Staða í m.kr.	Í árslok í m$	Greiðslubyrði % af útfl.tekjum	Skuldastaða % þjóðarframl.
1977	1 343	632	13.7%	31.6%
1978	2 361	743	13.1%	33.8%
1979	3 313	849	12.8%	34.6%
1980	5 917	950	14.1%	35.2%
1981	7 500	1 152	16—17%	37%
1982	10 600	1 320	18%	39% (skv. lánsfjáráætlun)

Frá 1968 hafa löng erlend lán nær tvöfaldast í Bandaríkjadollurum skv. þessari töflu, eða hækkað um 78% tæp á aðeins fjórum árum miðað við áform um lántöku í lánsfjáráætlun 1982, og eru þó ekki kurl komin til grafar þegar þessar upplýsingar lágu fyrir.

Um erlendar lántökur Íslendinga sagði Jóhannes Nordal í grein í Fjármálatíðindum 1980, en þá var skuldabyrðin 35% af þjóðarframleiðslu:

„Þótt greiðslubyrðin af þessum skuldum hafi hingað til reynst viðráðanleg, hljóta svo miklar erlendar skuldir að hafa í för með sér verulega áhættu ef á móti blæs í efnahagsmálum eða ef skyndilegar breytingar verða á erlendum lánsmörkuðum."

Hafi þessi varnaðarorð verið gild á þessum tíma, þá eru þau það svo sannarlega tæpum tveimur árum síðar, sbr. framangreinda þróun, samdrátt í stóriðjuframkvæmdum og orkuframkvæmdum og vegna þeirrar óvissu sem er fram undan innanlands og utan í efnahagsmálum. Þjóðhagsstofnun endurmat fyrir skömmu þjóðhagsáætlun og gerði spá um útflutningsframleiðslu 1982 og horfurnar í utanríkisviðskiptum. Viðskiptajöfnuður var jákvæður 1978 um 7 170 gamlar milljónir á þágildandi verðlagi, en snarversnaði á árunum 1979 og 1980. Þá var hann óhagstæður um 38.3 milljarða gamalla króna bæði árin. Útlit var fyrir nokkurn bata á yfirstandandi ári vegna samdráttar í stórframkvæmdum, mikils afla og útflutnings, en nú eru horfur taldar verri af ýmsum orsökum.

Þær miklu erlendu lántökur, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, eru sérstaklega ískyggilegar vegna þess, hversu illa horfir um sinn um okkar útflutningsframleiðslu og viðskiptajöfnuð. Hér fer á eftir orðrétt skýrsla Þjóðhagsstofnunar, sem send var fjárhags- og viðskiptanefnd, dagsett 9. des. 1981, spá um útflutningsframleiðslu 1982.

Spá um útflutningsframleiðslu 1982.

Í Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 er sett fram spá um rúmlega 4% aukningu útflutningsframleiðslu á árinu 1982. Í þessari spá var miðað við nokkurn veginn óbreyttan afla frá þessu ári, en um 2% aukningu á framleiðsluverðmæti sjávarafurða á föstu verðlagi. Enn fremur var gert ráð fyrir, að álverksmiðjan og járnblendiverksmiðjan gætu starfað með fullum afköstum á árinu, en markaðsástand var þó talið ótryggt. Á þessum forsendum var talið að útflutningsframleiðslan í heild gæti aukist um rúmlega 4% og útflutningur um rúmlega 3%.

Frá því þessi spá var gerð hafa horfur versnað að því er varðar ál- og kísiljárnmarkað, og einnig ríkir nú mikil óvissa um framhald loðnuveiða á næstu árum. Nú er útlit fyrir að framleiðslan á kísiljárni á næsta ári verði einungis um 44 þúsund tonn, en afkastageta er 55 þúsund tonn. Ástæða þessa samdráttar er minnkandi notkun á kísiljárni í heiminum vegna almenns efnahagssamdráttar. Í spám alþjóðastofnana um mitt ár var talið, að hagvöxtur í heiminum færi að glæðast á ný seint á þessu ári eða í byrjun næsta árs. Sú hefur þó ekki orðið raunin á. Nú eru horfur á, að hagvöxtur nái sér ekki á strik í helstu iðnríkjum fyrr en seint á næsta ári eða jafnvel ekki fyrr en á árinu 1983. Þetta mun meðal annars hafa áhrif á markað fyrir ál og kísiljárn auk þess sem það mun hafa margvísleg áhrif á íslenska þjóðarbúskapinn. Í spá um útflutningsframleiðslu 1982 er þannig varla unnt að reikna með því, að álverksmiðjan starfi með fullum afköstum á næsta ári, þótt framleiðslan gæti orðið svipuð eða heldur meiri en á þessu ári. Álbirgðir hafa aukist á þessu ári og líklegt að þær vaxi enn á næsta ári.

Í þjóðhagsáætluninni var meðal annars gert ráð fyrir svipuðum loðnuafla á næsta ári og á þessu ári, enda þá útlit fyrir að unnt yrði að veiða þann kvóta, sem ákveðinn var í sumar, og að kvótinn á næsta ári yrði a. m. k. ekki minni. Síðustu mælingar á loðnustofninum hafa hins vegar kollvarpað þessum forsendum. Alger óvissa ríkir nú um loðnuveiðar á næsta ári. Er því einungis unnt að taka dæmi til þess að gefa hugmynd um afleiðingar af verulegum samdrætti loðnuveiða. Sé til dæmis miðað við að einungis verði veidd um 50 þúsund tonn af loðnu í vetur (samanborið við 150 þúsund á s. l. vetri), fyrst og fremst til frystingar og hrognatöku,

og aflinn á næstu haustvertíð verði aðeins helmingur af aflanum í haust eða um 250 þúsund tonn, þá jafngildir það 5% samdrætti sjávarafurðaframleiðslunnar í heild. Þessi minnkun loðnuveiða mundi sennilega með einum eða öðrum hætti leiða til aukinnar sóknar í aðra fiskstofna, fyrst og fremst þorsk, sem þá kæmi niður á annarri útgerð, ef takmarka á heildaraflann. Hér verður einnig að líta til þess, að karfi hefur nú um skeið verið ofveiddur að áliti fiskifræðinga og gæti því þurft að draga úr þeim veiðum. Þegar á allt þetta er litið, virðist nú líklegast, að sjávarafurðaframleiðslan dragist saman á næsta ári í stað þess að í þjóðhagsáætlun var reiknað með 2% aukningu. Sé tekið dæmi af 3—4% minni framleiðslu 1982 en 1981, þá mundi útflutningsframleiðslan í heild dragast saman um nálægt 1½% miðað við það sem áður var sagt um ál og kísiljárn. Í þjóðhagsáætlun var reiknað með rúmlega 4% vexti útflutningsframleiðslunnar. Í þessu dæmi yrðu útflutningstekjur því 5—6% minni en í fyrri áætlun eða um 500 milljónum króna minni. Þetta mundi vafalaust að einhverju leyti hafa þau áhrif, að innflutningur yrði minni en ella. Þó er ljóst, að á þessum breyttu forsendum stefnir í viðskiptahalla á næsta ári, einnig í ljósi þess að viðskiptahallinn á þessu ári verður talsvert meiri en áður var reiknað með. Þessi samdráttur útflutningsframleiðslunnar mundi einnig leiða til þess, að öðru óbreyttu, að þjóðarframleiðslan yrði minni en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun.

V. Framkvæmdasjóður — stofnlánasjóðir atvinnuveganna — húsnæðismálasjóðir.

Hér að framan hefur verið sýnt fram á hve fjáröflun til sjóðakerfisins er hæpin svo ekki sé dýpra tekið í árinni, og er raunar sýnilegt að allt stefnir í að ekki verði unnt að standa við skuldbindingar Framkvæmdasjóðs við atvinnuvegasjóðina eins og í ár og þaðan af síður lánveitingar úr húsnæðissjóðunum, einkum Byggingarsjóði ríkisins.

1. Framkvæmdasjóður — lánveitingar til atvinnuvegasjóða o. fl.

Hér fylgir á eftir áætlun Framkvæmdasjóðs um fjáröflun og lánveitingar 1982. Þessari áætlun hefur nú verið breytt þannig að fjáröflun frá lífeyrissjóðum lækkar í 110 millj. kr. vegna ákvörðunar um að falla frá lögbindingu 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, en erlendar lántökur hækka aftur á móti um 60 millj. kr.

Áætlun um fjáröflun og lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands árið 1982.

Fjáröflun:	Millj. kr.
Eigið ráðstöfunarfé F. Í.	30
Lán frá innlendum bönkum (4%)	70
Lán frá lífeyrissjóðum	170
Erlend lán	164
	434

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs 1982:

Stofnlánadeild landbúnaðarins	54
Fiskveiðasjóður	165
Iðnlánasjóður	85
Lánasjóður sveitarfélaga	55
Ferðamálasjóður	12

Verslunarlánasjóður	9
Stofnlánadeild samvinnufélaga	9
Landflutningasjóður	3
Útflutningslánasjóður	5
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	10
Bein útlán Framkvæmdasjóðs	7
Framleiðsluráð landbúnaðarins	20
	434

2. **Húsnæðismálasjóðir:**

Byggingarsjóður ríkisins gerði áætlun í ágúst í sumar um fjárþörf til sjóðsins. **Hún var 47 millj. kr. hærri en lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir.** Samt sem áður rúmast einungis eftirgreindar lánveitingar til nýbygginga innan ramma áætlunar húsnæðismálastjórnar.

1175 frumlán	62.9 millj. kr.
viðbótarlán	97.3 millj. kr.
	160.2 millj. kr.

Sjá skýrslu Húsnæðisstofnunar á fskj. VII.

Sé borin saman sú niðurskorna fjáröflun, sem er í lánsfjáráætlun, og tekið tillit til yfirdráttar skuldar hjá Seðlabankanum um áramót kemur eftirfarandi í ljós:

	Fjáröflun í raun nóv. 1981 m.kr.	Áætlun 1982 m.kr.	Hækkun
Ríkissjóður	43.0	57.2	
Skyldusparnaður	2.4	25.0	
Lífeyrissjóðir	105.0	187.0	
Atvinnuvegasj.	24.7	52.4	
	175.1	331.6	89.5%

Fjáröflunin er skv. þessu fremur óraunsæ.

Vandi Byggingarsjóðs ríkisins er því þrenns konar:

1) Fjárþörf vegna skuldar við Seðlabanka Íslands í ársbyrjun 1982	40.0 millj. kr.
2) Að áætlun um að fjármagnsinnstreymi standist sem gæti numið	150.0 millj. kr.
3) Niðurskurður frá áætlun Húsnæðisstofnunar	47.0 millj. kr.

Heildarvandi 237.0 millj. kr.

Litlar líkur eru á að þessi heildarvandi verði leystur, en það er nauðsynlegt til þess að unnt verði að standa við að lána einungis 1175 frumlán 1982 til íbúðabygginga á vegum einstaklinga.

Hér fer á eftir yfirlit um útlán Byggingarsjóðs ríkisins undanfarin ár, en hún sýnir glöggt þann mikla samdrátt sem orðið hefur í veitingu lána til nýrra íbúðabygginga:

Byggingarsjóður ríkisins.
Fjöldi íbúða vegna veittra lána árin 1978—1981.

	1978	1979	1980	1981 (áætlað)
Nýbyggingar (1. hluti)	1883	1687	1665	1075
Eldri íbúðir	1897	2408	2044	2150
Íbúðir fyrir aldraða og öryrkja (konverteringar)	106	314	57	6
Viðbyggingar og endurbætur				105
Heilsuspillandi húsnæði	43	49	46	19
Einstaklingar með sérþarfir				71
Orkusparandi breytingar				104
Ýmsir framkvæmdaaðilar (konverteringar)	177	188	242	60
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga (konverteringar)	91	126	145	102
Verkamannabústaðir (konverteringar)	81	32	202	36
Framkvæmdaíbúðir (konverteringar)		50		
Samtals fjöldi íbúða	4 278	4 854	4 401	3 728

Athugasemdir.

Nýbyggingar: Fokheldar íbúðir 1. október til 30. september.

Eldri íbúðir: Umsóknir innkomnar 1. júlí til 30. júní.

Íbúðir fyrir aldraða og öryrkja: Auk þessara 6 íbúða á árinu 1981 eru í gangi samningar vegna 72 íbúða.

Ýmsir framkvæmdaaðilar: Auk þessara 60 íbúða á árinu 1981 eru í gangi samningar vegna 348 íbúða.

Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga: Auk þessara 102 íbúða eru í gangi samningar vegna 160 íbúða.

Það skal tekið fram, að Húsnæðisstofnun hefur ekki treyst sér til að láta fjárhags- og viðskiptanefnd í té neinar nýjar áætlanir um útlán Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1982.

VI. Þróun fjármunamyndunar.

Fjármunamyndun í atvinnuvegum, stóriðju og orkuframkvæmdum dregst stórlega saman í ár og á næsta ári skv. skýrslum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar, sem fylgja þessu frv. Sama er að segja um byggingar íbúðarhúsnæðis, fjárfesting í þeim hefur dregist saman ár eftir ár eða um 13.6% að magni til 1979—1981 að báðum árum meðtöldum. Á hinn bóginn er fjárfesting í opinberum byggingum talin hafa aukist á sama tíma um 24.6%, þ. e. a. s. árin 1980—82, skv. spám fjárfestingaráætlunar fyrir næsta ár.

Þessar staðreyndir segja sína sögu um stjórnarstefnuna í landinu. Virkjun við Hrauneyjafoss, stækkun álversins og járnblendiverksmiðju voru hafnar þegar ríkisstjórnin tók við. Þessar framkvæmdir drógust saman í ár um 3.2% og er spáð að þær dragist saman á næsta ári um 43.5% að magni til. Sömu sögu er að segja um hitaveituframkvæmdir. Þær jukust undanfarin ár, en dragast saman í ár um 3.7% og á næsta ári um 31.5% skv. spá fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstjórnarinnar.

Magn fjármunamyndunar í atvinnuvegunum er talið dragast saman um 8.1% í ár og aftur á næsta ári um 9.1%.

Framangreindar staðreyndir um þróun fjármunamyndunar í landinu koma fram á eftirfarandi yfirliti (uppl. úr fjárfestingar- og lánsfjáráætlunarskýrslum):

Magnbreytingar fjármunamyndunar % frá fyrra ári:

	1978	1979	1980	Spá 1981	Spá 1982
Opinberar byggingar	− 10.9%	− 10.1%	+ 6.1%	+ 9.7%	+ 6.8%
Íbúðarhús	− 0.8%	− 5.0%	− 3.0%	− 5.0%	0
Stóriðja og stórvirkjanir	+ 2.4%	+ 12.9%	+ 20.0%	− 3.2%	− 43.5%
Hitaveitur		+ 2.6%	+ 17.7%	− 3.7%	− 31.5%
Atvinnuvegir alls	− 4.3%	0	+ 5.8%	− 8.1%	− 9.1%

Lokaorð.

Svo sem fram kemur í þessu nefndaráliti felur þetta frv. í sér óraunsæi í innlendri fjáröflun, stórauknar erlendar lántökur, m. a. til þess að fjármagna taprekstur ríkisfyrirtækja og atvinnuvega í góðæri.

Það einkennist af bráðabirgðaúrlausnum og frestun efnahagsvandamála sem hrannast upp. Sumt er látið reka hreinlega á reiðanum, svo sem fjáröflun til almenna húsnæðismálakerfisins sem augljóslega er í rúst, og fjármögnun atvinnuvegasjóðanna stefnt í fullkomna tvísýnu.

Alvarlegust er erlend skuldasöfnun samtímis stórfelldum samdrætti í framkvæmdum sem gætu staðið undir aukinni greiðslubyrði erlendra lána. Þessari stefnu frv. erum við andvígir.

Alþingi, 17. des. 1981.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson. Kjartan Jóhannsson.

Fylgiskjal I.

Samband almennra lífeyrissjóða.

Ólafur Ragnar Grímsson
Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deild Alþingis.

Reykjavík, 30. nóvember 1981.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 25. nóvember s. l., er yður sent hér með ljósrit af bréfi, dags. 28. október s. l., til Ragnars Arnalds, fjármálaráðherra, þar sem mótmælt er áformum stjórnvalda, að hækka skyldukaup lífeyrissjóðanna á verðtryggðum skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða úr 40% í 45% af ráðstöfunarfé sjóðanna.

Auk þess er yður send starfsskýrsla SAL, sem lögð var fram á aðalfundi sambandsins 19. nóvember s. l. Í starfsskýrslunni koma fram upplýsingar um starfsemi sjóðanna á yfirstandandi ári og þátttöku þeirra í fjármögnun lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Með bestu kveðjum,
Samband almennra lífeyrissjóða
Hrafn Magnússon.

Hr. Ragnar Arnalds fjármálaráðherra
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 1981.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1982 er þess getið, að áformað sé að leita eftir hækkun lánshlutfalls lífeyrissjóðanna til opinberra þarfa, úr 40% af ráðstöfunarfé, svo sem nú er lögskylt, upp í 45%.

Samband almennra lífeyrissjóða vísar í bréf til yðar, dags. 6. maí 1980, þar sem mótmælt er mjög eindregið skyldukaupum lífeyrissjóða á skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða.

Samband almennra lífeyrissjóða vill enn einu sinni lýsa yfir fyllstu andstöðu sinni við að lögbinda slíka meðferð á fjármagni lífeyrissjóðanna.

Meðaltalshámarkslán SAL-sjóðanna er nú í október almennt innan við 70 000 kr. á sjóðfélaga. Telja verður að hér sé um svo lága lánsfjárhæð að ræða, að frekari skyldukaup lífeyrissjóðanna lækki þetta hámarkslán enn meira. Auk þess er vert að geta þess, að lífeyrisgreiðslur SAL-sjóðanna aukast mun meira en almennar verðlagshækkanir og hefur slíkt að sjálfsögðu í för með sér minni möguleika aðildarsjóða SAL að veita sjóðfélögum sínum viðunandi lífeyrissjóðslán.

Því hlýtur SAL að mótmæla sérstaklega áformum stjórnvalda, að hækka nú skyldukaupin úr 40% í 45% af ráðstöfunarfé sjóðanna.

Virðingarfyllst
Samband almennra lífeyrissjóða
Hrafn Magnússon.

Fylgiskjal II.

Fjárhags- og viðskiptanefndir
efri og neðri deildar Alþingis.

12. nóvember 1981.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 er sagt, að ráðgert sé að auka enn skyldu lífeyrissjóðanna til að afhenda ráðstöfunarfé sitt til opinberra þarfa úr 40% af ráðstöfunarfé í 45%. Af þessu tilefni vill framkvæmdastjórn Verslunarráðs Íslands ítreka eftirfarandi:

Í ályktun sinni til fjárhags- og viðskiptanefnda Alþingis, dags. 13. maí 1980, og umsögn um frumvarp til lánsfjárlaga, dags. 4. mars 1981, mótmælti framkvæmdastjórn Verslunarráðsins harðlega tillögum um lögboðna ráðstöfun fjár lífeyrissjóða. Var bent á, að hér ætti sér stað bein upptaka fjár, sem fæli í sér brot á 67. grein stjórnarskrárinnar. Var skorað á Alþingi að leiða ekki í lög slík afskipti af málefnum lífeyrissjóðanna. Þó að Alþingi hafi ekki sinnt áskorun ráðsins og annarra á síðastliðnum árum, hlýtur Verslunarráðið að ítreka hörð mótmæli sín gegn þessari valdbeitingu og skora á Alþingi enn á ný að fella frekar niður slík ákvæði úr lögum í stað þess að lögleiða auknar skerðingar á ráðstöfunarrétti lífeyrissjóðanna á eigin fé.

Með hliðsjón af almennum mannréttindum ætti öllum að vera ljóst, að þeim, sem standa að hinum einstöku lífeyrissjóðum, á að vera í sjálfsvald sett, hvernig þeir ráðstafa fjármagni því, sem þeir hafa til umráða. Kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum hins opinbera eiga að fara fram á frjálsum grundvelli, án valdbeitingar.

Þessu til viðbótar skal bent á það hér, að í þessum millifærslum milli lífeyrissjóða og fjármagnsskömmtunarstofnana hins opinbera felst umtalsverður kostnaður, sem numið getur um 2—6%. Einnig er full þörf að mótmæla sérstaklega, að opinberir aðilar yfirbjóði ávöxtun-

arkjör á lánamarkaðnum og sníði atvinnulífinu jafnframt svo þröngan stakk afkomulega með verðmyndunarhöftum, rangri gengisskráningu og skattlagningu, að einkaaðilar eru mjög illa settir að keppa við opinbera aðila um lánsfé.

Með virðingu,
Verslunarráð Íslands
Árni Árnason,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal III.

Landssamband lífeyrissjóða
Suðurlandsbraut 6,
Reykjavík.

26. okt. 1981.

Ályktun.

Í lánsfjáráætlun, sem núna liggur fyrir Alþingi, segir að áformað sé að leita eftir hækkun á kaupskyldu lífeyrissjóða hjá opinberum sjóðum og fjárfestingarsjóðum úr 40% í 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Landssamband lífeyrissjóða mótmælir þessum áformum og þykir þegar nóg að gert, og bendir í því sambandi á fyrri mótmæli sín. Með þessu er ætlunin að skerða enn frekar frjálsan ráðstöfunarrétt fólksins í lífeyrissjóðunum yfir fjármagni sjóðanna og mun það óhjákvæmilega koma niður á getu sjóðanna til þess að lána sjóðfélögum sínum (8,3% minni útlán). Ef hækka á framlag lífeyrissjóðanna í hvert sinn, sem fjár er vant í einhvern opinberan sjóð, endar það með því, að lífeyrissjóðirnir geta ekkert lánað sjóðfélögum sínum. Landssamband lífeyrissjóða hlýtur að mótmæla slíkri þróun.

Vakin skal athygli á því, að ýmsir lífeyrissjóðir hafa að undanförnu keypt skuldabréf af opinberu sjóðunum fyrir meira en 40% af ráðstöfunarfé sínu, og ætti því að vera óþarfi að hækka hlutfallið frá því sem nú er.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að yfir 90% af lánveitingum lífeyrissjóðanna renna til kaupa eða viðhalds á íbúðum skv. könnun sem gerð hefur verið. Því er hér um tilfærslu að ræða, frá frjálsri ráðstöfun sjóðfélaga án skilyrða um tekjur eða fjölskyldustærð, til miðstýringar hins opinbera með ótal skilyrðum og mismun eftir stétt og tekjum. Fjármagnið fer í báðum tilfellum að meginhluta til íbúðarfjárfestingar og ekki er um aukningu á fjármagni til íbúðarframkvæmda að ræða.

Bent hefur verið á betri lánakjör á skuldabréfum hinna opinberu sjóða í samanburði við sjóðfélagalán lífeyrissjóðanna, og fullyrt að þetta muni bæta stöðu sjóðanna í framtíðinni. Þessu er til að svara, að eftir að lán lífeyrissjóðanna urðu almennt verðtryggð kemur þessi munur eingöngu fram í vaxtamun upp á 0,75%. Einnig má benda á að útlán flestra opinberra sjóða eru með lægri vöxtum en skuldabréfin, sem þeir selja, og er ekki vitað til að úttekt hafi farið fram á eignum þeirra og skuldum. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, að skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna ár hvert hafa ætíð verið verulega hærri en afborganir, vextir og verðbætur af fyrri skuldabréfum, en það þýðir, að aldrei hefur raunverulega verið um endurgreiðslu að ræða á lánsfé frá opinberu sjóðunum og vekur það óneitanlega nokkurn óhug.

Fylgiskjal IV.

Breytingartilllaga.

Við frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar, samþykkt af aðilum ríkisstjórnarinnar, lögð fram í fjárhags- og viðskiptanefnd mánudaginn 14. des.

29. gr. frumvarpsins orðist svo (jafnframt verði núverandi 29. gr. frumvarpsins 30. gr. þess):

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki, sem til þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr, er ríkissjóði og sjóðum þeim, sem um er rætt í 1. mgr., skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal ekki minna en 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Við upphaf ársins skulu lífeyrissjóðir skila fjármálaráðuneytinu áætlun um heildarráðstöfunarfé sitt á árinu og hvernig það skiptist á einstaka mánuði ársins. Áætluninni skulu fylgja ráðagerðir lífeyrissjóðs um það, af hvaða aðilum þeir áforma að kaupa skuldabréf til að fullnægja kaupskyldu sinni skv. 1. mgr. Að því marki, sem óskir lífeyrissjóðanna í heild um kaup af einstökum aðilum samrýmast ekki lánsfjáráætlun, skal ráðuneytið eiga viðræður við sjóðina um aðra kauptilhögun og ganga frá endanlegri áætlun um kaup lífeyrissjóða að loknum þeim viðræðum.

Skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna skal dreift á árið í sem nánasta samræmi við það sem ráðstöfunarfé sjóðanna fellur til, og skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um tímasetningu kaupanna innan ársins.

Engum fjárfestingarlánasjóði skv. 1. mgr. er heimilt að selja lífeyrissjóðum skuldabréf umfram þá heildarfjárhæð sem lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir. Þó skal slík sala heimil til þeirra lífeyrissjóða, sem þegar hafa fullnægt kaupskyldu sinni skv. 1. mgr. í samræmi við samkomulag eða úrskurð, sbr. 3. mgr.

Ráðherra skal ákveða lánstíma og lánskjör skuldabréfa, sem lífeyrissjóðir kaupa skv. þessari grein, með reglugerð. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið sérstaka ívilnun í kjörum þeirra skuldabréfa sem keypt eru á tilskildum tíma.

Í janúar ár hvert skal hver lífeyrissjóður senda fjármálaráðuneytinu skilagrein yfir ráðstöfunarfé liðins árs. Svo fljótt sem verða má eftir lok hvers reikningsárs, þó eigi síðar en 1. júlí, skulu lífeyrissjóðir láta fjármálaráðuneytinu í té staðfesta ársreikninga sína. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd þessarar greinar, þ. á m. hvernig skilgreina skuli ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

Fylgiskjal V.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri og neðri deildar Alþingis.

Reykjavík, 15. desember 1981.

Samband almennra lífeyrissjóða hefur kannað uppkast 29. gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Um uppkast þetta skal eftirfarandi tekið fram:

SAL fagnar því að ekki eru lengur uppi áform um aukningu á bindiskyldu í 45% og að í l. mgr. 29. gr. eru sömu ákvæði og verið hafa í eldri lánsfjárlögum.

Í 3. mgr. er kveðið á um, að fjármálaráðuneytið hafi úrskurðarvald, af hvaða fjárfestingarlánasjóðum lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf. Eins og fram hefur komið, bæði í bréfum og viðtölum við fjármálaráðuneyti og fjárhags- og viðskiptanefnd Alþingis, telur SAL slíka bindingu óeðlilega og einungis til þess fallna að skapa óánægju með kaupskyldu lífeyrissjóðanna.

SAL telur æskilegt að í 3. mgr. verði notað sama orðalag og var í 2. gr. reglugerðar nr. 157 frá 4. febrúar 1980, þó með þeim breytingum, sem kveðið er á um í 4. mgr. frumvarpsdraganna.

SAL vill jafnframt mótmæla því orðalagi, sem kemur fram í 5. mgr. Telja verður að það orðalag upphefji algjörlega það, sem fram kemur í 1. mgr.

Enn fremur væri þessi mgr. óþörf, ef upp væri tekið það orðalag í 3. og 4. mgr., sem bent hefur verið á hér að framan, auk þess sem stjórnvöld hafa alla möguleika á stýringu fjármagnsins innan ramma lánsfjárlaga með fjármagnstilfærslum milli einstakra fjárfestingarlánasjóða.

Hvað snertir 6. og 7. mgr. frumvarpsdraganna hefur SAL engar sérstakar athugasemdir fram að færa.

Virðingarfyllst,
Samband almennra lífeyrissjóða
Gunnar S. Björnsson.

Fylgiskjal VI.

Breytingartilllaga.

Við frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1982. Frá Landssambandi lífeyrissjóða.

29. gr. frumvarpsins orðist svo (jafnframt verði núverandi 29. gr. frumvarpsins 30. gr. þess):

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt

lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal ekki minna en 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Fyrir 16. jan. 1982 skal hver lífeyrissjóður skila fjármálaráðuneytinu áætlun um ráðstöfunarfé sitt á árinu og af hvaða aðilum hann hyggst kaupa skuldabréf skv. 1. mgr., hvort tveggja sundurliðað eftir mánuðum. Skuldabréfakaup hvers mánaðar skulu vera í sem nánustu samræmi við ráðstöfunarfé það sem til fellur í mánuðinum.

Nú samrýmast heildarkaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands ekki lánsfjáráætlun og skal þá ráðuneytið leita samkomulags við einstaka lífeyrissjóði um aðra kauptilhögun af framangreindum fjórum aðilum, þannig að skuldabréfakaupin verði í sem mestu samræmi við lánsfjáráætlun.

Ráðherra skal semja við samtök lífeyrissjóðanna um lánskjör skuldabréfa þeirra, sem lífeyrissjóðirnir kaupa af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands, svo og skilgreiningu ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða.

Í janúar skal hver lífeyrissjóður senda fjármálaráðuneytingu skilagrein yfir ráðstöfunarfé liðins árs. Svo fljótt sem verða má eftir lok reikningsárins, þó eigi síðar en 1. júlí, skulu lífeyrissjóðir láta fjármálaráðuneytinu í té staðfesta ársreikninga sína.

Fylgiskjal VII.

Húsnæðisstofnun ríkisins.

Byggingarsjóður ríkisins
Áætlun húsnæðismálastjórnar 1982 og lánsfjáráætlun 1982.

M. kr. **Innstreymi**	Húsnæðis-málastjórn	Lánsfjár-áætlun	Breyting í %
Ríkissjóður	84,8	57,2	−32,5
Skyldusparnaður (nettó)	20,0	25,0	+25,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	52,4	52,4	
Lífeyrissjóðir	212,0	187,0	−11,8
Afborganir, vextir og vísitala	149,0	149,0	
Tekjur tæknideildar	2,3	3,0	+30,4
Annað	0,5	0,5	
	521,0	474,1	−9,0
Útstreymi			
Rekstrarkostnaður	12,5	7,9	−36,8
Afborganir, vextir og vísitala	88,6	88,6	
Sjóðshækkun	20,0		−100,0
Annað	3,9	3,9	
Lánveitingar 1982	396,0	373,7	−5,6
	521,0	474,1	−9,0

Byggingarsjóður verkamanna
Áætlun húsnæðismálastjórnar 1982 og lánsfjáráætlun 1982.

M. kr. **Innstreymi**	Húsnæðismálastjórn	Lánsfjár-áætlun	Breyting í %
Framlag ríkissjóðs	111,3	111,3	
Framlag sveitarfélaga	28,4	22,8	−19,7
Afborganir, vextir og vísitala	25,3	25,4	+0,4
	165,0	159,5	−3,3
Útstreymi			
Rekstrarkostnaður	2,0	1,2	−40,0
Lánveitingar 1982	336,0	268,3	−20,1
	338,0	269,5	−20,3
Fjárvöntun líf.sj. í lánsfjáráætl.	173,0	110,0	−36,4
Lánveitingar 1982			
Nýir verkamannabústaðir	234,0	176,3	−24,7
Leiguíbúðir sveitarfélaga	52,0	52,0	
Endursöluíbúðir	50,0	40,0	−20,0
	336,0	268,3	−20,1

Byggingarsjóður ríkisins 12. ágúst 1981.
Áætlun húsnæðismálastjórnar 1982.

M. kr.	
Innstreymi	
Ríkissjóður	84,8
Sylduspamaður (nettó)	20,0
Atvinnuleysistryggingasjóður	52,4
Lífeyrissjóðir	212,0
Afborganir, vextir og vísitala	149,0
Tekjur tæknideildar	2,3
Annað	0,5
	521,0
Útstreymi	
Rekstrarkostnaður	12,5
Afborganir, vextir og vísitala	88,6
Sjóðshækkun	20,0
Annað	3,9
Lánveitingar 1982	396,0
	521,0

Lánveitingar 1982

Nýbyggingar (1. + 2. + 3. hluti)	160,2
Eldri íbúðir	122,0
Íbúðir/heimili fyrir aldraða og dagvistarstofnanir	30,0
Viðbyggingar og endurbætur	15,0
Heilsuspillandi húsnæði	8,0
Einstaklingar með sérþarfir	2,5
Orkusparandi breytingar	18,0
Tækninýjungar og rannsóknir	2,0
Ýmsir framkvæmdaaðilar (framkvæmdalán)	24,7
Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga	13,6
	396,0

Skýringar við áætlun húsnæðismálastjórnar 1982.

Ríkissjóður: Markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins eru fallnir niður. Í þessari áætlun er því framlag úr ríkissjóði afgangsstærð. Á árinu 1981 fær Byggingarsjóðurinn **43 m. kr.** samkvæmt fjárlögum. **Síðan hefur verið samþykkt skerðing að fjárhæð 1,1 m. kr. á fjárlagatölunni.**

Skyldusparnaður (nettó): Hann varð **20,4 m. kr.** 1979, en aðeins **18,2 m. kr.** 1980. Hann hefur sætt mikilli gagnrýni á undanförnum árum, fólk hefur því tekið hann út hafi það átt kost á því. Með nýjum lögum um stofnunina, sem tóku gildi hinn 1. júlí 1980, er ávöxtun skyldusparnaðar miklu betri en áður. Þessi nýju kjör hafa verið auglýst, en búast má við að fólk verði lengi að átta sig á breytingunni. Fyrstu 6 mánuði ársins 1981 var skyldusparnaðurinn **negatívur** um **13,8 m. kr.** Sambærileg tala fyrir árið 1980 var – **1,4 m. kr.** Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er hann áætlaður **33,6 m. kr.**, sem stenst ekki. Keyrsla frá veðdeild Landsbanka Íslands vegna júlímánaðar liggur ekki fyrir en gert er ráð fyrir að hann fari að rétta úr kútnum og skili **10 m. kr.** til **15 m. kr.** nettó á árinu 1981.

Atvinnuleysistryggingasjóður: Samkvæmt lauslegri áætlun frá fjárlaga- og hagsýslustofnun verða keypt skuldabréf af Byggingarsjóðnum fyrir **52,4 m. kr.** Undanfarin ár hefur fjárlagatalan hverju sinni ekki komið öll á árinu. Fjárlagatalan fyrir 1981 er **36,4 m. kr.** Þetta er hækkun á milli ára um tæp 44%.

Lífeyrissjóðir: Á árinu 1981 eiga lífeyrissjóðirnir að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir **152,9 m. kr.** Á árinu 1981 er áætlað ráðstöfunarfé sjóðanna um **850 m. kr.** en um **1 180 m. kr.** 1982 samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Þetta er aukning um 38,8% og er gert ráð fyrir að skuldabréfakaupin á árinu 1982 hækki í sama hlutfalli milli ára. Rétt er að benda á það einu sinni enn, að þetta fjármagn er mjög dýrt. Þessi lán eru til 15 ára með 3,25% vöxtum og fullri verðtryggingu. Þetta fjármagn endurlánar Byggingarsjóðurinn síðan að meðaltali til 21 árs með 2% vöxtum og fullri verðtryggingu. **Þar sem markaðir tekjustofnar hafa verið felldir niður versnar staða Byggingarsjóðsins enn frekar.** Breytinga er því þörf fyrr en seinna.

Afborganir, vextir og vísitala (inn): Hér er gert ráð fyrir um 55,9% hækkun milli ára, áætlað um **95,6 m. kr.** 1981. Þessi tekjuliður skilaði um **60,8 m. kr.** 1980 og um **38,7 m. kr.** 1979.

Rekstrarkostnaður: Hann er áætlaður um **7 m. kr.** 1981. Hér er því gert ráð fyrir um 78,6% hækkun, sem stafar af fjölgun starfsfólks og væntanlegri tölvuvæðingu innan stofnunarinnar.

Afborganir, vextir og vísitala (út): Á árinu 1979 greiddi Byggingarsjóðurinn lífeyrissjóðunum um **10 m. kr.**, um **19 m. kr.** 1980 og áætlað um **47 m. kr.** 1981. Á árinu 1982 er gert ráð fyrir að greiða lífeyrissjóðunum um **83,5 m. kr.** á fimm gjalddögum og er þá reiknað með 33%

verðbólgu frá 1. júlí 1981 til júníloka 1982, en það er sú hækkun sem lögð verður til grundvallar við gerð fjárlaga fyrir árið 1982. Greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs eru áætlaðar um **3,5 m. kr.** Einnig er gert ráð fyrir dráttarvöxtum að fjárhæð **1,6 m. kr.**

Sjóðshækkun: Í byrjun janúar 1983 verður Byggingarsjóðurinn að greiða lífeyrissjóðunum verulega fjárhæð í afborganir, vexti og vísitöluálag. Þar sem lítið fjármagn berst Byggingarsjóði í byrjun árs er hér gert ráð fyrir sjóði **upp í** væntanlegar greiðslur. Gera má ráð fyrir að þessar greiðslur í janúar og byrjun febrúar 1983 nemi **70 m. kr.** til **80 m. kr.**

Lánveitingar 1982: Útlán 1981 eru **300 m. kr.** samkvæmt lánsfjáráætlun, hækkun milli ára 32 %. Húsnæðismálastjórn hafði gert ráð fyrir **307 m. kr.** í útlán 1981, sem félagsmálaráðherra staðfesti með fyrirvara. Ef tekið er mið af þeirri áætlun er hækkun milli ára 29%.

Nýbyggingar (1. + 2. + 3. hluti): Gert er ráð fyrir að afgreiða frumlán á árinu 1982 til þeirra, sem gera fokhelt á tímabilinu 1. október 1981 til 30. september 1982. Lánin komi til greiðslu þremur mánuðum frá fokheldismánuði og síðan líði 6 mánuðir milli lánshluta (þrískipt). Samkvæmt lögum og reglugerðum hækka lánin ársfjórðungslega í samræmi við hækkun staðalíbúða (2. og 3. hluti hækka ekki). Á árinu 1981 nema lánin um 17,4% af verði staðalíbúða án tillits til hvenær lánin koma til útborgunar. Hér verður gert ráð fyrir sama hlutfalli. Reiknað er með 33% verðbólgu, það er að meðaltali um 7,39% hækkun í hverjum ársfjórðungi. Fundið er meðallán í hverjum ársfjórðungi og er þá tekið mið af skiptingu á fjölskyldustærðum samkvæmt úrtaki hjá stofnuninni.

Í október/desember 1981 er reiknað með 200 fokheldum íbúðum. Frumlán (1. hluti) vegna þessa ársfjórðungs nema því **9,3 m. kr.**, sbr. ofangreindar forsendur.

Í janúar/mars 1982 er reiknað með 250 fokheldum íbúðum, frumlán að fjárhæð **12,5 m. kr.**

Í apríl/júní 1982 er reiknað með 175 fokheldum íbúðum, frumlán að fjárhæð **9,4 m. kr.**

Í júlí/september 1982 er reiknað með 550 fokheldum íbúðum, frumlán að fjárhæð **31,7 m. kr.**

Samtals nema því frumlán til greiðslu á árinu 1982 **62,9 m. kr.** vegna 1 175 fokheldra íbúða á tímabilinu 1. október 1981 til 30. september 1982. Þetta er svipaður fjöldi íbúða og gert er ráð fyrir að afgreiða á árinu 1981. Á árinu 1980 voru veitt frumlán vegna 1 665 fokheldra íbúða á tímabilinu 1. október 1979 til 30. september 1980. Á árinu 1979 voru veitt frumlán vegna 1 687 fokheldra íbúða á tímabilinu 1. október 1978 til 30. september 1979. Í þessum tölum eru ekki taldar með íbúðir sem framkvæmdalán er veitt til.

Viðbótarlán (2. og 3. hluti) á árinu 1982 nema um **97,3 m. kr.** Samtals nema því frumlán og viðbótarlán á árinu 1982 **160,2 m. kr.**

Eldri íbúðir: Gert er ráð fyrir að þeir, sem sóttu um lán til kaupa á eldri íbúðum á tímabilinu 1. apríl 1981 til 30. júní 1981, fái sín lán afgreidd fyrir n. k. áramót. Á árinu 1982 komi til greiðslu lán til þeirra, sem sækja um á tímabilinu 1. júlí 1981 og til 30. júní 1982, áætluð lán vegna 2 200 íbúða, sem er áætlað um 100 íbúða aukning frá árinu 1981. Á árinu 1980 voru veitt lán vegna 2 044 íbúða og á árinu 1979 voru veitt lán vegna 2 408 íbúða. Lánin hækka ársfjórðungslega í samræmi við hækkun staðalíbúða. Reiknað er með 33% verðbólgu. Þeir, sem kaupa sína fyrstu íbúð, fá að jafnaði hámarkslán, það er helmingur af nýbyggingarláni, og þeir, sem eru að skipta, fá að hámarki 25% til 30% af nýbyggingarláni.

Lán vegna 500 íbúða, umsóknir innkomnar 1. júlí 1981 til 30. september 1981, meðallán per íbúð 49 000 kr., samtals **24,5 m. kr.**

Lán vegna 360 íbúða, umsóknir innkomnar 1. október 1981 til 31. desember 1981, meðallán per íbúð 53 000 kr., samtals **19,1 m. kr.**

Lán vegna 850 íbúða, umsóknir innkomnar 1. janúar 1982 til 31. mars 1982, meðallán per íbúð 57 000 kr., samtals **48,5 m. kr.**

Lán vegna 490 íbúða, umsóknir innkomnar 1. apríl 1982 til 30. júní 1982, meðallán per íbúð 61 000 kr., samtals **29,9 m. kr.**

Samtals nema þessi lán **122 m. kr.** vegna 2 200 íbúða.

Íbúðir/heimili fyrir aldraða og dagvistarstofnanir: Samkvæmt samningum, áætluðum viðbótarlánum vegna hækkunar á lánsrétti og áætluðum lokauppgjörum, hefur þegar verið ráðstafað um **2,5 m. kr.** Fram að gildistöku nýju laganna um stofnunina var aðeins lánað til byggingar íbúða fyrir aldraða. Fjöldinn allur af umsóknum um þessi lán frá sveitarfélögum og félagasamtökum liggur hjá stofnuninni. Á árinu 1981 er aðeins gert ráð fyrir **10 m. kr.** í þennan málaflokk. Nú er reiknað með að þetta fari af stað af fullum krafti.

Viðbyggingar og endurbætur: Fram að gildistöku nýju laganna um stofnunina var lánað til viðbygginga, en lán til endurbóta voru aðeins veitt ellilífeyrisþegum og öryrkjum. Ljóst er að ásókn í lán til meiri háttar endurbóta verður mikil. Stofnunin hefur farið hægt af stað með þennan lánaflokk, en reiknað er með að þessi lánaflokkur verði kominn í fullan gang á árinu 1982. Á árinu 1981 er aðeins gert ráð fyrir **5 m. kr.** í þennan lánaflokk.

Heilsuspillandi húsnæði: Fram að gildistöku nýju laganna var aðeins lánað til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Nú er sveitarfélögunum einnig lánað til að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði. Á árinu 1981 er gert ráð fyrir **5 m. kr.** í þennan lánaflokk.

Einstaklingar með sérþarfir: Á árinu 1981 er gert ráð fyrir **2 m. kr.** í þennan lánaflokk. Þessi lán má veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Þau mega nema allt að 80% af endurbótakostnaði. Ásókn í þessi lán hefur ekki verið mikil.

Orkusparandi breytingar: Þessi lánaflokkur virðist ætla að verða mjög vinsæll. Stofnunin hefur farið hægt af stað með þessi lán. Á árinu 1981 er gert ráð fyrir **12 m. kr.** til þessara framkvæmda.

Tækninýjungar og rannsóknir: Á árinu 1981 eru áætlaðar **2 m. kr.** í þennan lánaflokk.

Ýmsir framkvæmdaaðilar: Samkvæmt þegar gerðum samningum, áætluðum viðbótarlánum vegna hækkunar á lánsrétti og lokauppgjörum hefur þegar verið ráðstafað um **17,2 m. kr.** á árinu 1982. Einnig er gert ráð fyrir nýjum framkvæmdalánum vegna 150 íbúða, lán pr. íbúð 160 000 kr., 70% til útborgunar á 18 mánuðum frá og með maí 1982, til úborgunar 1982 koma **7,5 m. kr.,** samtals því **24,7 m. kr.** á árinu 1982. Í maí 1981 voru samþykkt framkvæmdalán vegna 227 íbúða til greiðslu á 12 til 24 mánuðum.

Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga: Með nýju lögunum um stofnunina verður lánað til byggingar leiguíbúða úr Byggingarsjóði verkamanna. Hins vegar hafði húsnæðismálastjórn gengið frá samningum og lánsloforðum til margra sveitarfélaga um lán úr Byggingarsjóði ríkisins fyrir gildistöku nýju laganna. Samkvæmt þegar gerðum samningum, áætluðum viðbótarlánum og lokauppgjörum, en lánað er allt að 80% af kostnaðarverði íbúðanna, hefur þegar verið ráðstafað um **13,6 m. kr.** á árinu 1982.

Ed. 224. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Við 15. gr. Greinin falli niður.

Ed. 225. Lög [66. mál]

um iðnráðgjafa

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 183.

Nd. 226. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið ráðuneytisstjóra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og skattstjórann í Rreykjavík á sinn fund.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. des. 1981.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason,
Pétur Sigurðsson.	Pálmi Jónsson.	Guðm. G. Þórarinsson.
	Magnús H. Magnússon, með fyrirvara.	

Nd. 227. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 1. gr. hljóði svo:
   1. tl. 2. gr. laganna hljóði svo:
   Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1982 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 200 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 45 000 kr. Þá skal skattstjóri fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, 1/4 af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.
3. Við 2. gr. Aftan við 3. tl. bætist: enda greiði ríkissjóður framlag beint í Framkvæmdasjóð, sbr. 2. tl. 2. gr.

Ed. 228. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá ríkisstjórninni.

Við 22. gr. Greinin falli burt.

Sþ. 229. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá Árna Gunnarssyni, Albert Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Halldóri Blöndal og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Við 4. gr. 02 982 0601 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis.

a.	Fyrir „301 000“ kemur		506 250
b.	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	1. Ásmundur Sveinsson	33 750	
	2. Finnur Jónsson	33 750	
	3. Guðmundur Daníelsson	33 750	
	4. Guðmundur G. Hagalín	33 750	
	5. Halldór Laxness	33 750	
	6. Indriði G. Þorsteinsson	33 750	
	7. Kristmann Guðmundsson	33 750	
	8. María Markan	33 750	
	9. Ólafur Jóhann Sigurðsson	33 750	
	10. Snorri Hjartarson	33 750	
	11. Stefán Íslandi	33 750	
	12. Svavar Guðnason	33 750	
	13. Tómas Guðmundsson	33 750	
	14. Valur Gíslason	33 750	
	15. Þorvaldur Skúlason	33 750	
			506 250

Ed. 230. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

Við 18. gr. Greinin falli burt.

Nd. 231. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Ingólfi Guðnasyni og Albert Guðmundssyni.

3. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal veita ríkisábyrgð fyrir lánum að fjárhæð allt að 42 millj. kr. til þeirrar deildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem tekur til afurða síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til þess að gera þessari deild sjóðsins kleift að standa undir greiðslum vegna verðbóta á loðnuafurðir af framleiðslu tímabilsins 1. október til 31. desember 1981.

Sþ. 232. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá menntamálanefndum beggja deilda (Ingólfi Guðnasyni, Ólafi Ragnari Grímssyni (með fyrirvara), Ólafi G. Einarssyni (með fyrirvara), Salome Þorkelsdóttur (með fyrirvara), Davíð Aðalsteinssyni, Gunnari Thoroddsen, Halldóri Blöndal (með fyrirvara), Þorv. Garðari Kristjánssyni, Jóni Helgasyni, Friðjóni Þórðarsyni, Vilmundi Gylfasyni (með fyrirvara), Karli Steinari Guðnasyni (með fyrirvara), Guðrúnu Helgadóttur (með fyrirvara)).

Við 4. gr. 02. 982 0601 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis.

Fyrir „301 000“ kemur		405 000
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Ásmundur Sveinsson	33 750	
Finnur Jónsson	33 750	
Guðmundur Daníelsson	33 750	
Guðmundur G. Hagalín	33 750	
Halldór Laxness	33 750	
Indriði G. Þorsteinsson	33 750	
Kristmann Guðmundsson	33 750	
María Markan	33 750	
Snorri Hjartarson	33 750	
Tómas Guðmundsson	33 750	
Valur Gíslason	33 750	
Þorvaldur Skúlason	33 750	
		405 000

Sþ. 233. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á hinum einstöku svæðum, svo sem Faxaflóa, Breiðafirði, Ísafjarðardjúpi og til Vestmannaeyja, um Eyjafjörð allt til Grímseyjar og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Enn fremur hefur nefndin fjallað um erindi er borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til rekstrar snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs, þar sem erfitt reynist viðkomandi byggðarlögum að standa straum af þeim kostnaði, er þau verða að bera skv. snjómokstursreglum Vegagerðarinnar. Þrátt fyrir að reglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs fjárframlög til þeirra aðila, sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Nefndinni bárust umsóknir frá 54 aðilum. Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri í samgönguráðuneytinu og Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins mættu á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar, sem komu nefndinni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra störf.

Skal nú gerð grein fyrir hinum einstöku þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, þ. e. flutninga á sjó. Hvort tveggja er, að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns, sem nefndin úthlutar, og svo hitt, að um allt það er lýtur að sjóflutningum hefur nefndin fyllri upplýsingar, þó ýmsir aðrir aðilar, er styrks til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina varðar, og er það mikil breyting til bóta. Í mörgum þessum umsóknum kemur glöggt fram, hve aðstöðumunurinn er mikill hvað kostnað við allar samgöngur varðar, og er nefndinni fullkomlega ljóst að full ástæða væri að hafa þessa styrki verulega hærri til að minnka þennan aðstöðumun. En á hitt ber einnig að líta, að margir munu þeir vera, sem ekki eru betur settir, sem enga umsókn hafa sent.

Átta nýjar umsóknir bárust og varð nefndin við þeim að hluta til.

Akraborg.

Á árinu 1980 varð hagnaður af rekstri Akraborgar 74 millj. kr. Eru þá reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga 358,6 m. kr., en vaxtagjöld og gengismunur 348,7 millj. kr. Ríkisstyrkur það ár var 69,7 millj. kr. Samkvæmt rekstraryfirliti 1/1 til 30/8 1981 er hagnaður án fjármagnskostnaður 1 805 þús. kr., en vaxtagreiðslur 3 607 þús. kr., þar af vanskilavextir til Ríkisábyrgðasjóðs 3 507 þús. kr. Þannig kemur út rekstrarhalli upp á 1,8 millj. kr.

Eitt höfuðvandamál Akraborgar um þessar mundir er aðstaðan í Reykjavík, en mjög erfitt virðist að finna lausn á því máli án þess að það rekist á hagsmuni annarra skipafélaga.

Núverandi fyrirkomulag þrengir mjög að Skipaútgerð ríkisins. Nú eru uppi áform hjá hafnarstjóra Reykjavíkur um að snúa flotbryggjunni, sem Akraborg leggst að. Það leysir þetta vandamál aðeins að hluta, en veldur því, að setja þarf m. a. hliðarskrúfu á Akraborg og kosta þær breytingar 1,3—1,5 millj. kr. Hafnarstjórn virðist treg til að leggja í verulegan

kostnað vegna Akraborgar og kann niðurfelling vörugjalda á sínum tíma að ráða þar nokkru um. Á sínum tíma greiddi ríkissjóður kostnað við að koma upp flotbryggjunni í Reykjavík.

Í lok nóvember s. l. var skuld Akraborgar við Ríkisábyrgðasjóð 12,3 millj. kr., en á árinu hefur Skallagrímur h. f. greitt 1 250 þús. kr. til sjóðsins. Í ársbyrjun var skuldin 8,3 millj. kr. Vonlítið er að þessi skuld verði greidd upp með óbreyttum kjörum. Að mati undirritaðra er mjög brýnt að Alþingi og ríkisstjórn taki um það ákvörðun, hvernig skuldir fyrirtækisins við Ríkisábyrgðasjóð verða gerðar upp.

Baldur.

Áætlunarferðir Baldurs eru nú eingöngu á milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey. Þessar ferðir urðu alls 108 fyrstu 10 mánuði þessa árs. Farþegafjöldi var 6 300 manns og fluttar voru 1 164 bifreiðar.

Breyting varð á rekstri Baldurs þar sem hætt var við áætlunarferðir frá Reykjavík til Breiðafjarðarhafna 1. apríl s. l. Í athugun er að selja Baldur og kaupa nýtt og hagkvæmara skip, því rekstur hans hefur verið mjög erfiður undanfarin ár, og þar virðist engin breyting á.

Búið er að fresta 16 ára flokkunarviðgerð skipsins nokkrum sinnum og liggur ekki fyrir, hvort hægt verður að komast hjá því, að hún verði framkvæmd á næsta ári, en það væri mjög óheppilegt, ef svo færi, að það yrði síðasta rekstrarár skipsins, eins og að er stefnt.

Fagranes.

Samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld til ársloka er gert ráð fyrir að halli verði á rekstrinum að fjárhæð 332 þús. kr., sem svarar til 16% af tekjum fyrirtækisins. Er hér um að ræða mjög versnandi afkomu frá fyrra ári, en þá varð um 99 þús. kr. halli á venjulegri starfsemi fyrirtækisins, áður en tekið var tillit til fjármagnstekna og gjalda.

Aðalástæðan fyrir þessari niðurstöðu er að vegna strands bátsins í lok fyrra árs varð nauðsynlegt að framkvæma kostnaðarsama viðgerð.

Heildarviðgerðarkostnaðurinn varð 400 878 kr. (40 millj. g. kr.), þar af vegna strandsins um 270 000 kr.

Jafnframt reyndist nauðsynlegt að taka bát á leigu til þess að halda uppi nauðsynlegum ferðum og kostaði það útgerðina 80 613 kr.

Enda þótt tekjur bátsins hafi orðið þó nokkru hærri en reiknað var með, einkum vegna aukaferða (sumarferða) með skemmtiferðamenn á Hornstrandir, tókst ekki að grynna á skuldum bátsins á árinu.

Á síðasta ári skipaði ráðuneytið nefnd til þess „að gera tillögur um samræmdar aðgerðir á sviði samgöngumála á Vestfjörðum, m. a. með tilliti til heilsugæslu". Meðal verkefna þessarar nefndar er að taka til athugunar þjónustuhlutverk bátsins og hugsanlega endurnýjun hans.

Ljóst er, að ekki er hægt að gera tillögur um framtíðartilhögun þessarar þjónustu fyrr en nefndin hefur skilað áliti.

Hríseyjarferja.

Eins og kunnugt er var ný ferja tekin í notkun fyrir tveimur árum. Með umsókn um styrk fyrir næsta ár fylgdi rekstraryfirlit fyrir átta mánuði þess árs. Það yfirlit sýnir halla upp á **25 300 kr.** Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var hallinn orðinn um 30 000 kr. í lok nóvember s. l.

Gjaldskrá fyrir ferjubátinn Sævar var hækkuð tvisvar á þessu ári. Í byrjun ársins samþykkti ráðuneytið þá tillögu útgerðar bátsins, að gjöld yrðu tvöfölduð, en jafnframt að gefin yrðu út afsláttarkort handa eyjarbúum (30% lægri gjöld).

Hinn 6. nóv. s. l. heimilaði ráðuneytið 20% hækkun gjaldskrár ferjunnar.

Í ár var veittur stofnstyrkur, sem ganga átti til greiðslu afborgana og vaxta af lánum hjá Framkvæmdasjóði. Fjárhæðin í ár, 996 000 kr., reyndist ekki nógu há, því nú um áramótin eru í vanskilum 273 878,17 kr., sem greiða þarf í byrjun næsta árs, ásamt áætluðum afborgunum og vöxtum á næsta ári.

Um rekstur Drangs 1981.

Til loka október s. l. hafði Drangur flutt 1 182 farþega og 3 536 tonn af vörum. Allt árið í fyrra voru fluttir 1 420 farþegar og 3 527 tonn af vörum.

Samkvæmt áætlun um reksturinn út þetta ár er gert ráð fyrir að hann skili afgangi að fjárhæð 534 800 kr., sem er um 770 þús. kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun ársins, sem gerð var í lok síðasta árs.

Helstu ástæður þessa eru eftirfarandi:

a) Farmgjöld og fargjöld skiluðu verulega meiri tekjum en reiknað var með, eða 921 þús. kr. í stað 558 þús. kr., þ. e. **363 þús. kr.** meiri tekjum.
b) Frestað var viðgerð á skipi og vél og svarar það til **267 þús. kr.** útgjaldaminnkunar.

Á síðasta aðalfundi Drangs var ákveðið að kaupa skip frá Noregi í stað gamla Drangs, sem nú er 22 ára gamall. Með bréfi til samgönguráðuneytisins, dags. 17. f. m., fór fyrirtækið fram á heimild til þessara skipakaupa. Dauðvigt (Dead Weight) þessa nýja skips er 300 tonn, en það mælist 50 brúttótonn. Áhöfn skipsins verður aðeins 4 menn. Það er með skutbrú og bómu með 56 tonna lyftigetu. Farþegarými er fyrir 60 farþega. Kaupverð skipsins er, að viðbættum nauðsynlegum breytingarkostnaði, 8 300 000 Nkr., eða um 11,7 millj. kr.

Samkvæmt kaupsamningi, sem gerður var 30. okt. s. l., með fyrirvara um samþykki stjórnvalda, á kaupverðið að greiðast þannig:

	millj. kr.
a) 20% útborgun við afhendingu (1 660 000 Nkr.)	2,4
b) Lán til 6,5 ára á 8,5% vöxtum, sem tryggt yrði með 1. veðrétti í bátnum (3 500 000 Nkr.)	4,9
c) Lán til 5 ára á 16% vöxtum, sem tryggt yrði með 2. veðrétti (3 140 000 Nkr.)	4,4
Alls	11,7

Hluthafar hafa samþykkt að mæta útborgun með því að auka hlutafé fyrirtækisins í réttum hlutföllum. Með bréfi til ráðuneytisins, dags. 17. f. m., hefur Saltsalan h. f. og Jón Steindórsson, framkvæmdastjóri Drangs h. f., óskað eftir því að kaupa hlut ríkissjóðs í aukningu hlutafjár í félaginu, alls 1,5 millj. kr. Jafnframt hefur komið til tals, að þessir aðilar keyptu fleiri bréf af ríkissjóði.

Með bréfi til fyrirtækisins, dags. 25. f. m., samþykkti samgönguráðuneytið fyrir sitt leyti umrædd skipakaup, „enda fáist nauðsynlegar heimildir til lántöku og að útborgun kaupverðs verði fjármögnuð með hlutafjáraukningu án þátttöku ríkissjóðs."

Framkvæmdastjóri fyrirtækisins hefur óskað eftir því að fá á greiðslutíma lánanna stofnstyrk til að standa undir greiðslum afborgana og vaxta.

Herjólfur.

Upplýsingar úr bókhaldi fyrirtækisins eru aðeins fyrir hendi fyrir hálft þetta ár, þannig að erfitt er um samanburð milli ára. Til grundvallar fjárhagsáætlun eru því lagðar niðurstöður bókhalds félagsins fyrir tvo fyrstu ársfjórðunga 1980.

Í skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins segir svo um forsendur rekstraráætlunar 1982:

„Rekstraráætlun ársins 1982 er þannig unnin, að gjöldin eru framreiknuð til 12 mánaða að viðbættum 10% til nálgunar á verðhækkunum sem verða á árinu. Tekjurnar eru meðhöndlaðar á sama hátt. Rekstraráætlun ársins 1982 er síðan framreiknuð um 33%, en það mun verða sami stuðull og ríkisstjórnin notar við sína fjárlagagerð."

Ekki er tekið tillit til frekari uppbyggingar fyrirtækisins í rekstraráætlun þessari.

Heildargjöld Herjólfs urðu á árinu 1980 7,7 millj. kr. Halli á rekstrinum varð 1,7 millj. kr. Ríkisframlag til rekstrarins var á því ári 2 millj. kr., þannig að um 300 þús. kr. fóru til greiðslu uppsafnaðs halla fyrri ára.

Á þessu ári er rekstrarhalli fyrirtækisins án afskrifta og fjármagnskostnaðar af stofnlánum og til Ríkisábyrgðasjóðs áætlaður 2,5 millj. kr. eða um 47% hærri í krónutölu en á árinu 1980.

Samkvæmt fjárlögum í ár er framlag til rekstrarins 3,4 millj. kr. 900 þús. kr. skila sér þá til greiðslu skulda, sem hallarekstur fyrri ára hefur valdið.

Um næstu áramót næst það markmið, að fjármagnaður hefur verið skuldahali síðustu ára með framlögum úr ríkissjóði. En þrátt fyrir það er veltufjárstaða fyrirtækisins afar slæm, enda þótt skuld við Ríkisábyrgðasjóð sé ekki meðtalin.

Að lokum skal hér farið nokkrum orðum um skuldir fyrirtækisins við Ríkisábyrgðasjóð.

Skuldin nam 36,6 millj. kr. í lok nóvember s. l. og hafði þá hækkað úr rúmum 20 millj. kr. á árinu.

Sem fyrr er það mat undirritaðra, að Alþingi og ríkisstjórn verði að taka ákvörðun um hvernig gera eigi upp áfallnar skuldir fyrirtækisins við Ríkisábyrgðasjóð og hvernig standa eigi að greiðslu afborgana og vaxta á næstu árum.

Mjóafjarðarbátur.

Bátur þessi fer tvær ferðir í viku milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar, og einnig tvær ferðir að Dalatanga þegar landleiðin er ófær, sem er að jafnaði í 4—6 mánuði á ári.

Nýr bátur var keyptur árið 1978 og er mestur hluti kaupverðs enn ógreiddur. Bátur þessi er eina samgöngutækið við Mjóafjörð mestan hluta ársins.

Málefni annarra flóabáta verða ekki rakin hér, enda er um að ræða smáar upphæðir er til þeirra fara, en þeir eru Dýrafjarðarbátur, Langeyjarnesbátur og Mýrabátur.

Við umfjöllun málsins kom fram, að æskilegt væri að samgönguráðuneytið reyndi að fylgjast með því, hvernig þeir fjármunir nýtast þeim byggðarlögum, sem fá fjárframlag eftir tillögum nefndarinnar, til að fá vísbendingu um, hvort þeir fjármunir mundu geta komið að meiri notum eftir öðrum leiðum.

Mjög ítarlega var fjallað um hverja umsókn og náðist full samstaða um hverja fjárveitingu í nefndinni.

Samkvæmt greinargerð þeirri, er nefndarálitið greinir, leggur samvinnunefnd samgöngumála til að á fjárlögum 1982 verði veittar samtals 17 296 000 kr., sem skiptast svo sem lagt er til á þingskjali 234.

Alþingi, 17. des. 1981.

Stefán Valgeirsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Eiður Guðnason, form. Ed.-nefndar.	Alexander Stefánsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Egill Jónsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Skúli Alexandersson.	Halldór Blöndal.
Sigurður Óskarsson.	Árni Gunnarsson.	Jón Helgason.
Stefán Guðmundsson.	Friðjón Þórðarson.	Lárus Jónsson.
Stefán Jónsson.	Guðm. Karlsson.	

Sþ. 234. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 4. gr. 10 321 0103 Flóabátar og vöruflutningar.

	Kr.	Kr.
a. Fyrir „12 483 000“ kemur		17 296 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Flóabátar og vöruflutningar (10 321 0103).		
a. Flutningar á landi:		
1. Til vetrarsamgangna í Breiðavíkurhreppi	20 000	
2. Til vetrarsamgangna í Dalahéraði	30 000	
3. Snjóbifreið í A.-Barðastrandarsýslu	10 000	
4. Til mjólkurflutninga í V.-Barðastrandarsýslu	40 000	
5. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	20 000	
6. Til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi	15 000	
7. Til vetrarsamgangna í Auðkúluhr., V.-Ísafj.	20 000	
8. Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand	20 000	
9. Snjóbifreið í Önundarfirði	8 000	
10. Snjóbifreið um Botnsheiði	20 000	
Stofnstyrkur	30 000	
11. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi	110 000	
12. Til vetrarsamgangna í Álftafirði, N.-Ísaf	20 000	
13. Til vöruflutninga í Árneshreppi	80 000	
14. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	30 000	
15. Snjóbifreið á Hólmavík	14 000	
16. Snjóbifreið í Austur-Húnavatnssýslu	7 000	
17. Snjóbifreið í Skagafirði	14 000	
18. Til vetrarsamgangna í Haganes- og Holtshr.	20 000	
19. Grímsey, vegna vetrarsamgangna og flugs	80 000	
20. Til vetrarsamgangna í Ólafsfirði	15 000	
Stofnstyrkur	30 000	
21. Til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði	8 000	
22. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	20 000	
23. Snjóbifreiðar á Akureyri	14 000	
24. Flugbjörgunarsveitin, Akureyri	12 000	
25. Snjóbifreið í Hálshreppi, S.-Þing.	14 000	
26. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	30 000	
27. Snjóbifreið Öxarfjörður-Kópasker	16 000	
28. Til vetrarsamgangna á Bakkafjörð	15 000	
29. Til vetrarsamgangna á Vopnafirði	27 000	
30. Til vetrarsamgangna í Borgarfjörð eystra	38 000	
31. Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	11 000	
Stofnstyrkur	20 000	
32. Til vetrarsamgangna á Jökuldal	20 000	
33. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	14 000	
34. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	140 000	

	Kr.	Kr.
35. Snjóbifreið á Oddsskarði	130 000	
Stofnstyrkur	20 000	
36. Snjóbifreið á Fagradal	20 000	
Stofnstyrkur	15 000	
37. Snjóbifreið, Stöðvarfjörður, Egilsstaðaflugv.	20 000	
38. Til vetrarsamgangna á Breiðdalsvík	15 000	
39. Til vetrarsamgangna Djúpivogur-Hornafjörður	40 000	
Stofnstyrkur	40 000	
40. Svínafell í Nesjum	14 000	
41. Til vöruflutninga á Suðurlandi	120 000	
		1 486 000

b. Flóabátar:	Kr.	Kr.	Kr.
1. Akraborg, til rekstrar	1 000 000		
Stofnstyrkur	800 000		
		1 800 000	
2. Baldur		2 800 000	
3. Langeyjarnesbátur		16 000	
4. Mýrabátur		1 000	
5. Fagranes		2 200 000	
6. Dýrafjarðarbátur		13 000	
7. Hríseyjarferja, til rekstrar	400 000		
Stofnstyrkur	1 160 000		
		1 560 000	
8. Drangur, til rekstrar	1 500 000		
Stofnstyrkur	1 400 000		
		2 900 000	
9. Mjóafjarðarbátur		420 000	
10. Herjólfur		4 100 000	
			15 810 000
			17 296 000

Sþ. 235. Nefndarálit [115. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Nefndin telur að í samkomulagi milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landsgrunnsmál frá 28. maí 1980 og samkomulagi því, sem hér liggur nú fyrir til staðfestingar, sé gætt þeirra sjónarmiða, sem fram komu í yfirlýsingu Jóns Þorlákssonar forsætisráðherra árið 1927: „að áskilja íslenskum ríkisborgurum jafnan rétt á við borgara hvaða annars ríkis sem er".

Nefndin fjallaði sérstaklega um mengunarvarnir, en um þær er m. a. fjallað í 9. gr. samkomulagsins, auk þess sem ákvæði um þau efni í samkomulaginu frá 1980 gilda áfram. Hæstv. utanríkisráðherra komst svo að orði í framsögu fyrir þingsályktunartillögunni:

„Telji annar aðilinn að reglur hins um öryggisráðstafanir og umhverfisvernd veiti ekki nægilega vernd má að undangengnum viðræðum vísa málinu til sáttanefndar. Ekki skal hefja eða halda áfram rannsóknum eða vinnslu á svæðinu fyrr en tillögur sáttanefndarinnar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji, þ. e. a. s. ekki nema óhjákvæmilegra aðgerða sé þörf, t. d. til að fyrirbyggja enn alvarlegri mengunarhættu."

Samkvæmt 9. gr. samningsins hafa íslensk stjórnvöld heimild til að stöðva framkvæmdir á svæðinu ef þær stofna lífríki hafsins í hættu. Í vinsamlegum samskiptum grannríkja er slíkt tryggingarákvæði vitnisburður um að hvorugur aðilinn mun standa að framkvæmdum, sem hinn er andvígur.

Alþingi, 17. des. 1981.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Albert Guðmundsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.	Benedikt Gröndal.	Halldór Ásgrímsson.

Nd. 236. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá Magnúsi H. Magnússyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Karvel Pálmasyni.

1. 1. gr. hljóði svo:
   1. tl. 2. gr. laganna hljóði svo:
   Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1982 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 1.5% á álagðan tekju- og eignarskatt þeirra, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 45 000 kr. Þá skal skattstjóri fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Enn fremur skal leggja 1.5% á álagðan tekju- og eignarskatt félaga á árinu 1982 og skulu tekjur af því renna með sama hætti til sjóðsins. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekju- og eignarskatt.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra jafnóðum innheimtum tekjum sjóðsins sem hlutfalli af innheimtum tekju- og eignarskatti á hverjum tíma.

Nd. 237. Frumvarp til laga [42. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl. (Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

Samhljóða þskj. 146 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal veita ríkisábyrgð fyrir lánum að fjárhæð allt að 42 millj. kr. til þeirrar deildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem tekur til afurða síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til þess að gera þessari deild sjóðsins kleift að standa undir greiðslum vegna verðbóta á loðnuafurðir af framleiðslu tímabilsins 1. október til 31. desember 1981.

Nd. 238. Lög [75. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 78.

Nd. 239. Lög [59. mál]

um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 167.

Nd. 240. Lög [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 152.

Sþ. 241. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

I. Frá *Albert Guðmundssyni.*
   1. Við 4. gr. 02 989 0110 Ólympíunefnd.
      Fyrir „75 000“ kemur 100 000
   2. Við 4. gr. 06 301 0125 Hið íslenska biblíufélag.
      Fyrir „115 000“ kemur 400 000
   3. Við 4. gr. 09 0103 Til blaðanna o. s. frv.
      Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Þorv. Garðari Kristjánssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Halldóri Blöndal, Jósef H. Þorgeirssyni, Karvel Pálmasyni, Salome Þorkelsdóttur, Sigurði Óskarssyni og Sverri Hermannssyni.*
   1. Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður 0112 Sveitarafvæðing.
      Fyrir „2 700 000“ kemur 21 000 000
      Til vara:
      Fyrir „2 700 000“ kemur 15 500 000
   2. Við 4. gr. 12 202 Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar.
      Fyrir „30 000 000“ kemur 50 000 000

III. Frá *Pétri Sigurðssyni* og *Magnúsi H. Magnússyni.*
   Við 6. gr. Nýr liður (4.9) orðist svo:
   Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af búnaði til hjúkrunarheimila sem í byggingu verða á ári aldraðra 1982.

Ed. 242. Frumvarp til lánsfjárlaga [55. mál]

fyrir árið 1982.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

Samhljóða þskj. 58 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 660 970 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 152 000 þús. kr.

5. gr. hljóðar svo:

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að 18 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1982 að fjárhæð 254 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður mun jafnframt annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðs og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

10. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga, nr. 58/1967, um að hitaveita verði þjóðhagslega hagkvæm, áður en lán til hitaveitufram kvæmda eru veitt.

13. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1982 eigi fara fram úr 25 960 þús. kr.

Heimilt er sjávarútvegsráðherra að ákveða, að framlag ríkissjóðs renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

18. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1982 eigi fara fram úr 9 832 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1982 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

20.—29. gr. hljóða svo:

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 28 140 þús. kr. á árinu 1982.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 5 130 þús. kr.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulg ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 3 000 þús. kr. af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs að viðbættum 330 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóðs skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 10 000 þús. kr.

III KAFLI

24. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

25. gr.

1. mgr. 29. gr. laga nr. 13/1981 orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

26. gr.

6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981 orðist svo:

Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.

27. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 er nemi allt að 42 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

28. gr.

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði og sjóðum þeim, sem um er rætt í 1. mgr., skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal ekki minna en 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Fyrir 16. janúar skal hver lífeyrissjóður skila fjármálaráðuneytinu áætlun um ráðstöfunarfé sitt á árinu og af hvaða aðilum hann hyggst kaupa skuldabréf skv. 1. mgr., hvort tveggja sundurliðað eftir mánuðum. Að því marki, sem áform lífeyrissjóðanna í heild um kaup af einstökum aðilum samrýmast ekki lánsfjáráætlun, skal ráðuneytið eiga viðræður við sjóðina í því skyni að ná samkomulagi um aðra kauptilhögun og ganga frá endanlegri áætlun sinni um kaup lífeyrissjóðanna að loknum þeim viðræðum.

Skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna skal dreift á árið í sem nánustu samræmi við það sem ráðstöfunarfé sjóðanna fellur til, og skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um tímasetningu kaupanna innan ársins.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 243. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá fjárveitinganefnd.

	Kr.
1. Við 4. gr. 00 101 Embætti forseta Íslands 4 Viðhald.	
Fyrir „128 800“ kemur	478 800
2. Við 4. gr. 01 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd 4 Viðhald.	
Fyrir „80 000“ kemur	280 000
3. Við 4. gr. 02 201 Háskóli Íslands.	
a. 0101 Yfirstjórn.	
Fyrir „5 277 300“ kemur	5 454 300
b. 0102 Guðfræðideild.	
Fyrir „1 381 200“ kemur	1 399 200
c. 0103 Læknadeild.	
Fyrir „15 192 600“ kemur	15 452 400
d. 0104 Tannlæknadeild.	
Fyrir „3 265 200“ kemur	3 416 200
e. 0105 Lyfjafræði lyfsala.	
Fyrir „1 001 300“ kemur	1 089 600
f. 0108 Heimspekideild.	
Fyrir „8 689 400“ kemur	8 950 600
g. 0109 Verkfræðideild.	
Fyrir „21 891 900“ kemur	22 457 200
h. 0110 Háskólabókasafn.	
Fyrir „2 453 700“ kemur	2 577 700
i. 0112 Rekstur fasteigna.	
Fyrir „8 255 500“ kemur	8 555 600
j. 0113 Sameiginleg útgjöld.	
Fyrir „4 857 900“ kemur	5 586 900
k. 0114 Félagsvísindadeild.	
Fyrir „3 753 800“ kemur	4 080 100
4. Við 4. gr. 02 205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „1 038 400“ kemur	1 138 400
5. Við 4. gr. 02 358 Framhaldsskólinn í Neskaupstað 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „137 000“ kemur	837 000
6. Við 4. gr. 02 516 Iðnskólar, almennt 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
a. Fyrir „1 750 000“ kemur	2 250 000
b. Reykjavík.	
Fyrir „900 000“ kemur	1 400 000

	Kr.
7. Við 4. gr. 02 563 0103 Aðrir tónlistarskólar.	
Fyrir „14 433 100“ kemur	15 433 100
8. Við 4. gr. 02 580 Samvinnuskólinn 20 Laun.	
Fyrir „1 860 500“ kemur	1 910 500
9. Við 4. gr. 02 710 Grunnskólar, Reykjanesi 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „4 243 200“ kemur	4 414 200
10. Við 4. gr. 02 730 Grunnskólar, Vesturlandi 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „3 246 400“ kemur	3 377 400
11. Við 4. gr. 02 740 Grunnskólar, Vestfjörðum 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „1 862 500“ kemur	1 937 500
12 Við 4. gr. 02 750 Grunnskólar, Norðurlandi vestra 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „3 371 800“ kemur	3 507 800
13. Við 4. gr. 02 760 Grunnskólar, Norðurlandi eystra 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „3 549 300“ kemur	3 692 300
14. Við 4. gr. 02 770 Grunnskólar, Austurlandi 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „2 270 200“ kemur	2 361 200
15. Við 4. gr. 02 780 Grunnsk lar, Suðurlandi 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „6 302 100“ kemur	6 555 100
16. Við 4. gr. 02 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög.	
a. Fyrir „66 319 000“ kemur	65 619 000
b. Liður 160 Neskaupstaður, gagnfræðaskóli falli niður.	
17. Við 4. gr. 02 797 Stofnanir afbrigðilegra barna.	
a. 0102 Öskjuhlíðarskólinn.	
Fyrir „8 636 700“ kemur	8 986 100
b. 0104 Þjálfunarskólar.	
Fyrir „7 482 600“ kemur	8 160 400
18. Við 4. gr. 02 881 Nýr liður:	
0117 Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	200 000
19. Við 4. gr. 02 931 0102 Þjóðgarðurinn Skaftafelli.	
Fyrir „437 200“ kemur	447 200
20. Við 4. gr. 02 982 0841 Íslenska tónverkamiðstöðin.	
Fyrir „50 000“ kemur	150 000
21. Við 4. gr. 02 985 Félagsheimilasjóður.	
Fyrir „4 145 000“ kemur	7 290 000
22. Við 4. gr. 02 989 0110 Ólympíunefnd.	
Fyrir „75 000“ kemur	100 000
23. Við 4. gr. 02 999 0307 Eyðing vargfugls.	
Fyrir „15 000“ kemur	30 000
24. Við 4. gr. 03 101 0107 Liðurinn orðist svo:	
0107 Kvikmyndir og myndbönd fyrir sendiráð til landkynningar	100 000
25. Við 4. gr. 04 201 Nýr liður:	
0131 Hlunnindaráðunautur	75 000
26. Við 4. gr. 04 206 2002 Stóra-Ármót.	
Fyrir „50 000“ kemur	190 000
27. Við 4. gr. 04 246 Veiðimálaskrifstofan 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „873 000“ kemur	973 000

		Kr.
28.	Við 4. gr. 04 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins.	
	Fyrir „15 160 000“ kemur	16 660 000
29.	Við 4. gr. 04 288 0101 Jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur.	
	Fyrir „29 100 000“ kemur	31 100 000
30.	Við 4. gr. 04 291 Til búfjárræktar skv. lögum nr. 31/1973 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.	
	Fyrir „2 790 000“ kemur	2 990 000
31.	Við 4. gr. 04 299 0121 Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu.	
	Fyrir „26 600“ kemur	50 000
32.	Við 4. gr. 04 502 Bændaskólinn Hólum.	
	a. 2 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „740 000“ kemur	940 000
	b. 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „1 930 000“ kemur	2 130 000
33.	Við 4. gr. 06 Nýr liður:	
	209 Dómhús í Reykjavík.	
	6 Gjaldfærður stofnkostnaður 100 000	
	Gjöld samtals	100 000
	Við 4. gr. 06 215 Sýslumaður Búðardal, 0101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „843 500“ kemur	1 243 500
34.	Við 4. gr. 06 251 Landhelgisgæslan.	
	a. 0102 Ægir v/s.	
	Fyrir „9 458 700“ kemur	10 673 400
	b. 0103 Óðinn v/s.	
	Fyrir „9 371 700“ kemur	6 757 900
	c. 0104 Þór v/s.	
	Fyrir „5 365 800“ kemur	5 717 000
	d. 0106 Fluggæsla.	
	Fyrir „11 217 200“ kemur	12 128 200
	e. 0109 Týr v/s.	
	Fyrir „9 203 200“ kemur	10 054 900
35.	Við 4. gr. 06 252 0101 Bifreiðaeftirlit.	
	Fyrir „11 504 000“ kemur	13 004 000
36.	Við 4. gr. 06 253 Almannavarnir ríkisins 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „537 000“ kemur	771 000
37.	Við 4. gr. 06 283 0104 Ríkisfangelsi og vinnuhæli, bygging.	
	Fyrir „150 000“ kemur	2 150 000
38.	Við 4. gr. 06 301 0125 Hið íslenska biblíufélag.	
	Fyrir „115 000“ kemur	315 000
39.	Við 4. gr. 06 301 0141 Dómprófastsembættið í Reykjavík.	
	Fyrir „28 000“ kemur	43 000
40.	Við 4. gr. 06 301 0202 Tónskóli þjóðkirkjunnar.	
	Fyrir „102 200“ kemur	232 200
41.	Við 4. gr. 06 371 Kirkjubyggingasjóður.	
	Fyrir „400 000“ kemur	820 000
42.	Við 4. gr. 07 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta.	
	Fyrir „6 174 000“ kemur	7 174 000
43.	Við 4. gr. 07 999 0122 Leigjendasamtökin.	
	Fyrir „20 000“kemur	40 000

	Kr.	Kr.
44. Við 4. gr. 08 101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 20 Laun.		
Fyrir „2 987 800“ kemur		3 137 800
45. Við 4. gr. 08 371 Landspítalinn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.		
a. Fyrir „32 818 000“ kemur		38 117 000
b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Landspítalinn, fjárfestingar (08 371 6).		
1. Geðdeild	10 700 000	
2. Símstöð	67 000	
3. Sumargjöf	1 350 000	
4. Bygging vegna krabbameinslækninga	4 000 000	
5. Sjúkramóttaka og tengingar	2 100 000	
6. Tækjakaup	2 700 000	
7. Stjórn og eftirlit	500 000	
		21 417 000
46. Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl.		
a. 29 Hvolsvöllur.		
Fyrir „1 630 000“ kemur		1 530 000
b. 30. Selfoss.		
Fyrir „3 000 000“ kemur		2 900 000
c. Læknisbústaðir 4 Vík í Mýrdal.		
Fyrir „200 000“ kemur		400 000
47. Við 4. gr. 08 381 0304 Viðhald skv. lögum nr. 57/1978.		
Fyrir „11 520 000“ kemur		23 520 000
48. Við 4. gr. 08 381 0306 Heilsuverndarstöðvar, styrkur.		
Fyrir „4 079 200“ kemur		3 079 200
49. Við 4. gr. 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.		
a. Fyrir „1 007 500“ kemur		1 016 500
b. 3301—6581 Guðrún Á. Símonar		9 000
50. Við 4. gr. 09 989 Vegna launa- og verðlagsmála.		
a. Laun.		
Fyrir „270 000 000“ kemur		295 000 000
b. 94 Til einstaklinga og samtaka.		
Fyrir „140 000 000“ kemur		125 000 000
51. Við 4. gr. 10 211. Liðurinn orðist svo.		
211 Vegagerð ríkisins:		
20 Laun	85 000 000	
2 Önnur rekstrargjöld	7 100 000	
4 Viðhald	173 500 000	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	260 730 000	
90 Yfirfærslur:		
91 Til fyrirtækja í B-hluta	4 300 000	
92 Til sveitarfélaga	62 500 000	
94 Til einstaklinga og samtaka	200 000	
Gjöld samtals		593 330 000
Viðfangsefni:		
0201 Stjórn og undirbúningur	28 300 000	
0223 Viðhald	201 800 000	
0203 Til nýrra framkvæmda	287 830 000	

		Kr.	Kr.
0204	Til fjallvega o. fl.	6 600 000	
0206	Til sýsluvegasjóða	19 500 000	
0207	Til þéttbýlisvega	43 000 000	
0208	Til véla- og áhaldahúsa	4 300 000	
0209	Til tilrauna	1 800 000	
0211	Til að greiða fyrir vetrarsamgöngum	200 000	
	Gjöld samtals		593 330 000

52. Við 4. gr. 10 333 0112 Hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar.
a. Fyrir „15 500 000“ kemur 17 000 000
b. Nýr liður: 8 Reykjavík 1 500 000
53. Við 4. gr. 10 651 Ferðamálaráð 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.
Fyrir „330 000“ kemur 1 330 000
54. Við 4. gr. 10 391 Siglingamálastofnun ríkisins 20 Laun 5 029 400
55. Við 4. gr. 11 299 Nýr liður:
0127 Iðnráðgjafar 700 000
56. Við 4. gr. 11 301 Orkustofnun 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „20 500 000“ kemur 22 000 000
57. Við 4. gr. 11 371 0111 Hólsfjallabæir.
Fyrir „300 000“ kemur 450 000
58. Við 4. gr. 11 399 0103 Setlagarannsóknir.
Fyrir „300 000“ kemur 600 000
59. Við 6. gr. Nýir eða breyttir liðir:

3.4 Að leggja fram, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis, hlutafé í félagið „Stoð hf“, sem fæst við smíði gervilima og hjálpartækja.

3.5 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er bæjarsjóður Neskaupstaðar tekur vegna kaupa á tækjum og búnaði til Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

3.6 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er bæjarsjóður Akureyrar tekur vegna kaupa á tækjum og búnaði til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

3.7 Að taka erlent lán eða ábyrgjast lán vegna Áhaldahúss Vitamálastofnunar til kaupa á fleka til borunar og sprenginga fyrir dýpkanir í höfnum.

3.8 Að ábyrgjast lán, er flóabáturinn Drangur hf. hyggst taka til skipakaupa, allt að 60% af matsverði skipsins.

3.9 Að veita ríkisábyrgð fyrir láni sem áformað er að taka vegna byggingar skips fyrir Skipaútgerð ríkisins.

3.10 Að afla Bjargráðasjóði láns til að endurlána bændum vegna afurðatjóns af völdum kals og uppskerubrests.

4.2 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til stofnlína fyrir 132 kV spennu og hærri svo og af rafbúnaði í tilheyrandi útivirki og aðveitustöðvar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.4 Að endurgreiða eða fella niður stimpilgjald af afsölum vegna kaupa á M/S Snæfugli SU-20 og togara, er Útgerðarfélag N-Þingeyinga hf. hefur samið um kaup á í Noregi, og vegna kaupa á M/S Guðbjörgu ÍS-46, og að endurgreiða eða fella niður stimpilgjald af afsölum vegna kaupa á skipunum Ísleifi VE-63, Helgu Jó VE-41, Má SH-127 og Sunnutindi SU-52, sem samið hefur verið um kaup á, og að endurgreiða eða fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem sannanlega eru útgefin vegna kaupa á framangreindum skipum, er séu að upphæð jafnvirði hálfu kaupverði skipanna.

4.5 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði og efni til mengunarvarna, sem sett er upp að kröfu Siglingamálastofnunar:
a) Fleytibúnaður til þess að ná upp olíu, sem flýtur á sjó.
b) Flotgirðingar til að hefta útbreiðslu olíu, sem flýtur á sjó.
c) Svokölluð dreifiefni, sem eru sérstaklega gerð til að sundra olíuflekk, sem flýtur á sjó (koma í veg fyrir að olíu reki á land og vernda fuglalíf á sjó).

4.6 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eldsneytisstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

4.7 Að endurgreiða söluskatt af innfluttum sjúkrabifreiðum í tollskrárnúmeri 87 02 43 svo og af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Enn fremur að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérbúnaði og tækjum í bifreiðar sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.9 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjarskiptatækjum sem leitar- og björgunarsveitir flytja til landsins til uppbyggingar á nýju fjarskiptakerfi fyrir metra- og millibylgju (VHF og SSB). Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.11 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld, sérstakt tímabundið vörugjald og/eða sölugjald af efni, vélum og tækjum til byggingar saltpéturssýruverksmiðju, svo og af endurnýjunarkostnaði rafgreina í vetnisverksmiðju við Áburðarverksmiðju ríkisins. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4.12 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum og búnaði fyrir tilraunaverksmiðju Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

4.15 Að endurgreiða sölugjald af orgelum fyrir söfnuði: a. Stærri-Árskógskirkju, b. Reyniskirkju, c. Heydalakirkju, d. Aðventista í Reykjavík, e. Kapellu Háskóla Íslands, f. Sjónarhæðar, Akureyri.

4.16 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérhönnuðu tæki til ferða jafnt á sjó og landi, m. a. ætluðu til björgunarstarfa á svæðum þar sem algjör skortur er á hafnaraðstöðu.

4.17 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjálfvirkum símstöðvum, sem fluttar eru inn á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar.

4.18 Að fella niður stimpilgjöld af afsölum vegna kaupa á nýjum og ónotuðum skipum sem keypt kunna að vera af innlendum eða erlendum aðilum.

4.19 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að vera gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán vegna kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar vegna kaupa á þeim skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.

4.20 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af rannsóknarsmásjá fyrir Náttúrugripasafnið í Neskaupstað.

4.21 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af snjótroðurum, sem Húsavíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður og Dalvíkurkaupstaður munu festa kaup á.

4.22 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vatnshreinsitækjum fyrir Akraneskaupstað.

4.23 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af bifreið er Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi hefur fengið að gjöf.

4.24 Að endurgreiða innflutningsgjöld af tækjum, sem flutt eru inn til **aukningar á** dreifikerfi sjónvarps, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytis.

5.26 Að selja gamla prestseturhúsið á Bíldudal og verja andvirði þess til greiðslu á húseign, sem keypt hefur verið þar.
5.27 Að selja prestseturshús nr. 10 við Ásgötu, Raufarhöfn, og verja andvirði þess til kaupa á annarri húseign þar.
5.28 Að selja húseignirnar Hörðuvelli 1, íbúð á I. hæð Hörðuvöllum 6 og Hrísholt 8, Selfossi, og verja andvirði þeirra til kaupa á skrifstofuhúsnæði og lögreglustöð á Selfossi svo og að taka lán til nefndra kaupa.
5.29 Að selja fasteignina Hellisbraut 16, Reykhólum, ásamt 1350 m² lóð.
5.30 Að selja jörðina Breiðuvík í Vestur-Barðastrandarsýslu og verja andvirði hennar til kaupa á jörðinni Smáratúni í Fljótshlíð í Rangárvallasýslu og taka jafnframt nauðsynleg lán til þeirra kaupa.
5.31 Að selja fasteignina Njálsgötu 30, sem er sameign Skógræktar ríkisins og Hallgrímskirkju, og verja hluta Skógræktarinnar af andvirðinu til byggingarframkvæmda í Haukadal.
5.32 Að selja flugskýli á Egilsstaðaflugvelli.
5.33 Að selja hluta lands símstöðvarinnar Brúar í Hrútafirði.
5.34 Að afsala spildu úr landi jarðarinnar Kambsness, Laxárdalshreppi, Dalasýslu, sbr. samning flugmálastjórnar frá því í september 1981.
5.35 Að selja læknisbústað á Reykhólum og verja andvirði til byggingar læknismóttöku þar.
5.36 Að selja fasteignina Suðurgötu 8 í Hafnarfirði og verja andvirði til byggingar eða kaupa á húsnæði fyrir embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði svo og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
5.37 Að kaupa kennarabústað fyrir starfsemi Reykjaskóla.
5.38 Að kaupa, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis, handa Landshöfn Keflavík—Njarðvík, uppfyllingu í eigu Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf., enda náist samningar um kaupverð og greiðsluskilmála.
5.39 Að selja Bjart m/s og verja andvirði skipsins til smíði á nýju skipi vegna þróunaraðstoðar við Grænhöfðaeyjar og taka lán að því marki sem á skortir til skipasmíðarinnar.
6.12 Að taka lán vegna framkvæmda við Hitaveitu Reykjahlíðar í samræmi við yfirlýsingar iðnaðarráðuneytisins frá 1. júlí 1975.
7.7 Að semja við Útvegsbanka Íslands, Ísafirði, bæjarstjórn Ísafjarðar o. fl. um hönnun stjórnsýsluhúss á Ísafirði.
7.8 Að semja við hreppsnefnd Laxárdalshrepps í Dalasýslu og fleiri um hönnun stjórnsýsluhúss í Búðardal.
7.9 Að verja allt að 100 þús. kr. til þess að greiða kostnað við undirbúning byggingar eða kaupa á húsnæði til vistunar fólks í öryggisgæslu, að fengnum tillögum heilbrigðismála- og dómsmálaráðherra.
7.10 Að bæta tjón á vatnsveitu í Skútustaðahreppi af völdum náttúruhamfara, í samræmi við reglur um bætur vegna hliðstæðra tjóna, og taka lán í því sambandi, ef þörf krefur.
7.11 Að semja við Herjólf hf. og Skallagrím hf. um vanskil fyrirtækjanna hjá Ríkisábyrgðasjóði, m. a. niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta að hluta, með þeim skilyrðum sem talin eru nauðsynleg.
7.12 Að fella niður allt að 5 millj. kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar, að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.

Ed. 244. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggja undirritaðir nefndarmenn til að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Davíð Aðalsteinsson. Guðm. Bjarnason.

Gunnar Thoroddsen.

Ed. 245. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Davíð Aðalsteinsson. Lárus Jónsson.

Guðm. Bjarnason. Ey. Kon. Jónsson. Gunnar Thoroddsen.

Ed. 246. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45/1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Ey. Kon. Jónsson, frsm. Lárus Jónsson.

Gunnar Thoroddsen. Guðm. Bjarnason.

Sþ. 247. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Kr.
1. Við 3. gr. 0 210 Aðflutningsgjöld.	
a. Fyrir „998 400 000“ kemur	1 004 700 000
b. Fyrir „49 900 000“ kemur	50 200 000
2. Við 3. gr. 0 250 Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.	
Fyrir „2 900 000“ kemur	7 900 000
3. Við 3. gr. 2010 Vextir.	
Fyrir „87 000 000“ kemur	95 000 000
4. Við 4. gr. 241 0112 Grænfóðurverksmiðjur.	
Fyrir „1 777 000“ kemur	727 000
5. Við 5. gr. 24 238 Fóðuriðjan Ólafsdal.	
a. Nýr liður:	
012 Framlög ríkissjóðs	300 000
b. 983 Fjárfestingar.	
Fyrir „405 600“ kemur	705 600
c. Nýr liður:	
Ráðstöfun eigin fjár	300 000
6. Við 5. gr. 24 241 Grænfóðurverksmiðja, Saltvík í S.-Þing.	
a. 012 Framlög ríkissjóðs.	
Liðurinn fellur niður.	
b. 983 Fjárfestingar.	
Fyrir „2 750 000“ kemur	5 000 000
c. 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
Liðurinn fellur niður.	
d. Nýr liður:	
Annað	3 000 000
7. Við 5. gr. 26 251 Landhelgissjóður.	
a. 27 Vextir.	
Fyrir „851 800“ kemur	2 691 800
b. 019 Aðrar tekjur.	
Fyrir „600 000“ kemur	703 600
c. 981 Afborgun lána.	
Fyrir „5 646 800“ kemur	7 179 800
d. Nýr liður:	
996 Annað	3 269 400
8. Við 5. gr. 26 371 Kirkjubyggingasjóður.	
a. 982 Veitt lán.	
Fyrir „446 000“ kemur	866 000
b. 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „386 000“ kemur	806 000
9. Við 5. gr. 31 231 Sementsverksmiðja ríkisins.	
a. 983 Fjárfestingar.	
Fyrir „3 000 000“ kemur	11 000 000
b. 992 Tekin lán.	
Fyrir „10 000 000“ kemur	18 000 000

10. Við 5. gr. 31 321 Rafmagnsveitur ríkisins. Kr.
    a. 983 Fjárfestingar. Nýr liður:
    Vararaforka fyrir landið 10 000 000
    b. 992 Tekin lán.
    Fyrir „118 610 000“ kemur 128 660 000

Nd. 248. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum er fram koma á sérstöku þskj.

Alþingi, 18. des. 1981.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Matthías Á. Mathiesen.
Ingólfur Guðnason, fundaskr.
Sighvatur Björgvinsson.
Albert Guðmundsson, með fyrirvara.
Matthías Bjarnason.
Guðm. J. Guðmundsson.

Nd. 249. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:

32.-40. gr. laganna verði 33.-41. gr. þeirra, jafnframt því sem ný grein, er verði 32. gr. laganna, orðist svo:

Ráðherra skal heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra húsa og húshluta sem flokkast skv. 1. gr. í tnr. 44.23.01, 44.23.04, 44.23.09, 73.21.03, 73.21.09. og 76.08.00.

Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði sambærilegra mannvirkja eða mannvirkjahluta sem framleiddir eru hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lögð eru á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast undir önnur tollskrárnúmer 1. gr. laganna en innflutt mannvirki og mannvirkjahlutar. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæð mannvirki eða mannvirkjahluta á sama eða svipuðu byggingar- eða framleiðslustigi þessara vara hér á landi. Við ákvörðun jöfnunarálags skal auk þeirra atriða, sem að framan getur, taka tillit til gerðar mannvirkis og mannvirkjahluta og skal heimilt að flokka vörur þessar í mannvirkjaflokka og ákveða jöfnunarálag fyrir hvern flokk fyrir sig.

Ráðherra skal heimilt, þegar innflutt mannvirki eða mannvirkjahlutar teljast í verulegum atriðum að efni eða gerð frábrugðin þeim mannvirkjum eða mannvirkjahlutum sem framleiddir eru hér á landi, að ákveða að jöfnunarálag skuli lagt á tollverð

þeirra hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu nefndra innflutningsvara.

Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls skv. 1. gr. af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd jöfnunarálags fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða byggingarkostnað samkvæmt þessari grein.

2. 2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1982.

Nd. 250. Lög [83. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 86.

Sþ. 251. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 og við brtt. á þskj. 243.

I. Frá *Eiði Guðnasyni, Albert Guðmundssyni, Árna Gunnarssyni, Kjartani Jóhannssyni, Magnúsi H. Magnússyni og Sighvati Björgvinssyni.*
Við 4. gr. 02 989 Nýr liður: Kr.
0103 Sérstök afreksviðurkenning til sérsambanda og íþróttafélaga skv. ákvörðun Alþingis 1 000 000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 4. gr. 02 999. Nýr liður:
0323 Minningarstofa Bjarna Þorsteinssonar, Siglufirði, stofnkostnaður 85 000

III. Frá *Eiði Guðnasyni.*
Við 4. gr. 03 101 Utanríkisráðuneytið 0107. Liðurinn orðist svo:
0107 Kvikmyndir og myndbönd fyrir sendiráðin og ræðismenn til landkynningar 160 200

IV. Frá *Kjartani Jóhannssyni, Geir Hallgrímssyni, Steingrími Hermannssyni* og *Svavari Gestssyni.*
Við 4. gr. 03 399 Ýmis utanríkismál. Nýr liður:
0107 Aðstoð við pólsku þjóðina 1 000 000

V. Frá *Agli Jónssyni.* Kr.
1. Við 4. gr. 04 288 0103 Nýjar búgreinar og hagræðing.
Fyrir „9 716 000“ kemur 24 619 000
2. Við 4. gr. 04 291 Tið búfjárræktar skv. lögum nr. 31/1973 93
Til fyrirtækja og atvinnuvega.
Fyrir „2 790 000“ kemur 4 790 000

VI. Frá *Magnúsi H. Magnússyni.*
Við 4. gr. 07 271 Húsnæðisstofnun ríkisins.
Fyrir „57 200 000“ kemur 187 200 000

VII. Frá *Karli Steinari Guðnasyni* og *Guðmundi J. Guðmundssyni.*
Við 4. gr. 07 954 Vinnueftirlit ríkisins.
20 Laun
Fyrir „3 521 700“ kemur 3 900 000
2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „1 000 000“ kemur 3 400 000
6 Gjaldfærður stofnkostnaður
Fyrir „27 700“ kemur 600 000
0 Sértekjur.
Fyrir „4 744 000“ kemur 7 927 500

VIII. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur, Árna Gunnarssyni, Magnúsi H. Magnússyni, Vilmundi Gylfasyni* og *Eiði Guðnasyni.*
Við 4. gr. 07 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta.
a. 0103 Sværðisstjórnir.
Fyrir „562 000“ kemur 1 000 000
b. 0104 Sambýli.
Fyrir „764 000“ kemur 2 000 000
c. 0105 Verndaðir vinnustaðir.
Fyrir „450 000“ kemur 1 000 000

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 243.42. Liðurinn orðist svo:
Við 4. gr. 07 977 Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta.
a. 0104 Sambýli.
Fyrir „764 000“ kemur 1 164 000
b. 0105 Verndaðir vinnustaðir.
Fyrir „450 000“ kemur 650 000
c. 0107 Leiktækjasöfn.
Fyrir „123 000“ kemur 223 000
d. 0108 Vonarland.
Fyrir „875 000“ kemur 1 075 000
e. 0109 Kostnaður skv. 15. gr.
Fyrir „607 000“ kemur 707 000

X. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur* og *Karli Steinari Guðnasyni.* Kr.
Við 4. gr. 07 981 Vinnumál. Nýr liður:
0138 Stofnkostnaður vegna kannana á launakjörum kvenna og karla 200 000

XI. Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur,* og *Árna Gunnarssyni, Magnúsi H. Magnússyni, Vilmundi Gylfasyni* og *Eiði Guðnasyni.*
Við 4. gr. 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.
Fyrir „2 137 900 000" kemur (þar af 2 millj. kr. sjúkratryggingabætur vegna hópskoðana Krabbameinsfélagsins) 2 139 900 000

XII. Frá *Matthíasi Bjarnasyni.*
Við 4. gr. 08 399 0109 Krabbameinsfélag Íslands.
Fyrir „1 700 000" kemur 2 700 000

XIII. Frá *Karvel Pálmasyni* og *Sighvati Björgvinssyni.*
Við 4. gr. 12 202. Liðurinn orðist svo:
202 Til jöfnunar orkuverðs skv. nánari ákvörðun Alþingis.
90 Yfirfærslur:
94 Til einstaklinga og samtaka 188 900
Gjöld samtals 188 900

XIV. Frá *Matthíasi Bjarnasyni, Sverri Hermannssyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni* og *Guðmundi Karlssyni.*
Við 4. gr. 12. Nýr liður:
203 **Til jöfnunar orkuverðs:**
90 Yfirfærslur:
94 Til einstaklinga og samtaka 70 000 000
Gjöld samtals 70 000 000

XV. Frá *meiri hl. fjárveitinganefndar.*
1. Við 5. gr. 23 111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.
a. 983 Fjárfestingar.
Fyrir „200 000" kemur 1 000 000
b. Nýr liður:
992 Tekin lán 800 000
2. Við 5. gr. 30 211 Vegagerð ríkisins, áhaldahús.
a. 012 Framlög ríkissjóðs.
Fyrir „4 250 000" kemur 4 300 000
b. 983 Fjárfestingar.
Fyrir „40 806 500" kemur 40 856 500
c. 995 Ráðstöfun eigin fjár.
Fyrir „31 250 000" kemur 31 300 000

XVI. Frá *Eiði Guðnasyni.*
Við 5. gr. 31 321 Rafmagnsveitur ríkisins 983 Fjárfestingar.
Á eftir liðnum Ólafsvík—Rif—Hellissandur komi:
Vogaskeið—Stykkishólmur 2 200 000

XVII. Frá *Eiði Guðnasyni, Árna Gunnarssyni* og *Benedikt Gröndal.*
Við 6. gr. Nýir liðir:
4.25 Að endurgreiða Ríkisútvarpinu söluskatt af augýsingum.
4.26 Að fella niður aðflutningsgjöld af tækjum og búnaði til endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps.

XVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 6. gr. Nýr liður:
7.13 Að láta með samþykki fjárveitinganefndar Alþingis hreinsa höfnina í Flatey á Skjálfanda.

Ed. 252. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Tímabundið vörugjald var hækkað haustið 1979, í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar, í aðalatriðum úr 18% í 24%. Hér er því á ferðinni hluti þeirra geigvænlegu skattahækkana sem vinstri stjórnin og núverandi ríkisstjórn bera ábyrgð á. Þessi hækkun ein leggur 107 millj. nýkróna (10.7 milljarða g.kr.) á almenning á árinu 1982. Allir nýir skattar og skattahækkanir á ábyrgð þessara ríkisstjórna frá hausti 1978 auka álögur á almenning sem nemur 931 millj. nýkróna (93.1 milljarði g.kr.) á næsta ári, sbr. nefndarálit sjálfstæðismanna með frv. til fjárlaga. Þetta jafngildir 20 þús. kr. viðbótarálögum beinna og óbeinna skatta á hverja 5 manna fjölskyldu á árinu 1982 (2 millj. g.kr.). Þessu til viðbótar var fyrir skömmu heimiluð hækkun útsvara til sveitarfélaga. Áætla má, að sú skattahækkun nemi 150 millj. kr. á næsta ári. Á sama tíma hafa þjóðartekjur á mann nánast staðið í stað og kaupmáttur taxtakaups og ellilífeyris minnkað um allt að 10%.

Þeirri stefnu í skatta- og efnahagsmálum, sem hefur þrengt svo að almenningi í góðæri, erum við andvígir og leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. des. 1981.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Lárus Jónsson.

Ed. 253. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Tímabundið vörugjald átti aðeins að standa mjög takmarkaðan tíma og fyrirheit hafa verið gefin um að afnema það. En í þess stað er nú einu sinni enn lagt til að það verði framlengt allt árið 1982. Þessu er ég andvígur og legg því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. des. 1981.

Kjartan Jóhannsson.

Sþ. 254. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1982.

Frá fjármálaráðherra.

Nýr liður bætist við 6. gr. og orðist svo:

Að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð gegn þeim tryggingum sem fjármálaráðherra metur gildar, á láni sem nemur allt að 1,6 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum og tekið er til eins árs í því skyni að mæta rekstrarhalla, ef verður á flugi félagsins milli Luxemborgar og Bandaríkjanna frá 1. október 1981 til 30. september 1982. Ríkissjóði er jafnframt heimilt að standa undir vöxtum af láni þessu.

Lendingargjöld, leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, svo og tekju- og eignarskatt og launaskatt og önnur gjöld ber félaginu að greiða á réttum gjalddögum, en þann hluta þessara gjalda sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins fær félagið endurgreiddan við skuldauppgjör, sbr. 3. mgr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983 skal tillaga gerð um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjöri þessa láns með hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins á ofangreindri flugleið umrætt tímabil, að teknu tilliti til þeirrar endurgreiðslu sem um er rætt í 2. mgr., og miðað við þær tekjur sem telja má að ríkissjóður hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið.

Nd. 255. Frumvarp til laga [166. mál]

um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. desember 1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

1. gr. 1. málsgr. orðist þannig:

Barn öðlast íslenskt ríkisfang við fæðingu

1. ef það er skilgetið og faðir þess eða móðir er íslenskur ríkisborgari,
2. ef það er óskilgetið og móðir þess er íslenskur ríkisborgari.

2. gr.

Inn í lögin bætist ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Erlent barn sem með leyfi íslenskra stjórnvalda hefur verið ættleitt af hjónum, sem bæði eru íslenskir ríkisborgarar, eða af einstaklingi, sem er íslenskur ríkisborgari, og sem ásamt ættleiðendum (ættleiðanda) á lögheimili hér á landi, öðlast íslenskt ríkisfang ef ættleiðendur (ættleiðandi) tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, áður en barnið nær 7 ára aldri. Öflun ríkisfangs samkvæmt þessari grein fær gildi er staðfesting á því er gefin út.

3. gr.

3. grein 1. málsgr. orðist þannig:

Útlendingur, sem átt hefur lögheimili hér á landi samfleytt frá því að hann náði 16 ára aldri og að auki hefur búið hér áður eigi skemur en 5 ár samanlagt, öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, eftir að hann hefur náð 21 árs aldri, en innan fullnaðs 23 ára aldurs. Eigi hann hvergi ríkisfang eða sanni, að hann muni missa erlends ríkisfangs síns er hann öðlast íslenskt ríkisfang, getur hann gefið yfirlýsingu þessa, þegar hann er fullra 18 ára, enda hafi hann, þegar yfirlýsingin er gefin, átt lögheimili hér á landi síðustu 5 árin og að auki búið hér áður eigi skemur en 5 ár samanlagt.

4. gr.

5. grein orðist þannig:

Fái einhver ríkisfang, samkvæmt 3. og 4. gr., og öðlast þá jafnframt skilgetin ógift börn hans undir 18 ára aldri, sem búsett eru hér á landi, ríkisfangið. Þetta nær þó eigi til barna, sem eftir hjúskaparslit foreldranna eða skilnað þeirra að borði og sæng eru falin forráðum hins foreldrisins.

Ákvæði 1. málsliðs 1. málsgreinar gildir með sama hætti um samband óskilgetins barns og móður þess, nema faðir þess sé útlendingur og hann hafi forráð barnsins.

5. gr.

7. grein 4. tölul. fellur niður.

6. gr.

8. grein 2. málsgr. orðist þannig:

Nú missir einhver íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein, og missa þá einnig börn hans íslensks ríkisfangs, sem þau hafa öðlast á grundvelli ríkisfangs hans, nema þau við það verði ríkisfangslaus.

7. gr.

Á eftir 1. málsgr. 9. grein kemur ný málsgr., svohljóðandi:

Eigi verður þeim neitað um að verða leystur undan þegnskyldu, sem er erlendur ríkisborgari og á lögheimili erlendis.

8. gr.

Inn í lögin bætist ný grein, 9. grein a, svohljóðandi:

Ákveða má með samningi við önnur ríki, að ákvæði 2. og 3. málsgreinar komi til framkvæmda.Orðið samningsríki í þessari grein á við það eða þau ríki, sem slíkur samningur er gerður við.

Íslenskur ríkisborgari, sem við fæðingu hefur einnig orðið ríkisborgari í samningsríki, missir íslensks ríkisfangs er hann nær aldursmarki, sem ákveðið er í samningnum, og má ekki vera lægra en 19 ár og ekki hærra en 22 ár, hafi hann síðustu 5 árin átt lögheimili í því samningsríki.

Missi einhver ríkisfangs samkvæmt 2. málsgrein missa einnig börn hans ríkisfangsins, ef þau leiða það af ríkisfangi hans, nema þau verði við það ríkisfangslaus.

Sá sem misst hefur íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein og hefur æ síðan verið ríkisborgari í samningsríki, öðlast ríkisfang að nýju, ef hann tilkynnir dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda hafi hann þá fengið að nýju lögheimili hér á landi. Akvæðin í 2. málsl. 4. greinar og í 5. grein eiga hér við með samsvarandi hætti.

9. gr.

Inn í lögin bætist ný grein, 9. grein b, svohljóðandi:

Ákveða má, með samningi við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð, að eitt eða fleiri ákvæðanna í A.—C. hér á eftir, skuli fá gildi. Orðin norrænt samningsríki í greininni eiga við það eða þau ríki, sem gerður er við slíkur samningur.

A. Þegar beitt er 3. grein skal meta lögheimili í norrænu samningsríki til 16 ára aldurs til jafns við lögheimili hér á landi. Þó skal sá, sem hlut á að máli, hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 5 árin, þegar yfirlýsing er gefin.

Þegar beitt er 4. grein skal meta lögheimili í norrænu samningsríki til 12 ára aldurs til jafns við lögheimili hér á landi.

Þegar beitt er 8. grein skal meta lögheimili í norrænu samningsríki í minnst 7 ár til jafns við lögheimili hér á landi.

B. Ríkisborgari í norrænu samningsríki, sem

1. hefur öðlast ríkisborgararétt þar með öðrum hætti en með lögum eða samsvarandi hætti,
2. hefur náð 18 ára aldri,
3. hefur átt lögheimili hér á landi síðustu 7 árin, og
4. hefur ekki á því tímabili verið dæmdur til refsivistar eða til að sæta öryggisgæslu eða hælisvist samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðherra skriflega þá ósk sína. Ákvæði 5. greinar eiga hér við.

Sá sem misst hefur íslensks ríkisfangs, og hefur síðan óslitið verið ríkisborgari í norrænu samningsríki, öðlast ríkisfang að nýju með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda hafi hann þá fengið lögheimili hér á landi. Ákvæði 5. greinar eiga hér við.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1982.

Barn, sem er fætt 1. júlí 1964 eða síðar, og hefði öðlast íslenskt ríkisfang, ef ákvæði 1. greinar 1. málsgr. 1. tölul. hefðu verið í gildi við fæðingu barnsins, fær íslenskt ríkisfang er móðir þess gefur um það skriflega yfirlýsingu til dómsmálaráðuneytisins eigi síðar en 30. júní 1985, og þó því aðeins að móðirin sé íslenskur ríkisborgari, þegar yfirlýsingin er gefin, og barnið þá innan 18 ára aldurs. Til 31. desember 1982 má þó gefa slíka yfirlýsingu, þó að barn, sem fætt er á tímabilinu 1. júlí—31. desember 1964 sé orðið 18 ára, þá er yfirlýsingin er gefin. Barn, sem orðið er 15 ára þegar yfirlýsingin er gefin, þarf að lýsa samþykki sínu, svo að hún sé gild.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þá er núgildandi lög um íslenskan ríkisborgararétt voru sett 1952, voru þau að innihaldi nánast samhljóða nýsettum (1950) lögum í skandinavísku löndunum þremur (Finnland bættist fyrst við 1968), með þeirri undantekningu, að ekki þótti rétt að lögfesta hér ákvæði 10. greinar laga hinna landanna, sem fjallaði um sérstöðu Norðurlandaborgara, gagnkvæmt, að því er öflun ríkisfangs varðar vegna fæðingar og dvalar ásamt ríkisborgararétti í hinu landinu, sbr. um þetta greinargerð með lagafrumvarpi 1952 (þskj. 31 A-237). Frá 1952 til 1968 var lögunum um ríkisborgararétt hvorki breytt hér á landi né á öðrum Norðurlöndum. — 1968 var ríkisborgaralögum skandinavísku landanna breytt (samkvæmt ábendingu í Sam. Þj. — samningi um að draga úr ríkisfangsleysi) á þá lund, að linað var á kröfum 3. greinar laganna um að fæðing og dvöl til a. m. k. 18 ára aldurs sé forsenda öflunar ríkisfangs samkvæmt 1. málsgr. þeirrar greinar (ríkisfang með einhl. yfirlýsingu). Einnig var gerð smábreyting á 8. gr., fyrirvari vegna ríkisfangsleysis. — Ekki var þá hróflað við íslensku lögunum.

Það samstarf um setningu samsvarandi laga um ríkisborgararétt, sem skandinavísku löndin tóku upp 1946, og lauk með lagasetningunni 1950, átti sér vissulega fordæmishefð, bæði fyrir aldamót, er komið var á samstæðri löggjöf á þessu sviði á árunum 1888—98, svo og milli heimsstyrjaldanna er breytingar voru gerðar með samsvarandi hætti eftir sameiginlegan undirbúning. Áhuginn gekk jafnvel svo langt, eftir síðari heimsstyrjöldina, að talfært var, hvort ekki bæri að stefna að sameiginlegum ríkisborgararétti á Norðurlöndum. Þegar oki stríðsáranna var létt af, var samhugur mikill með mönnum á Norðurlöndum, svo ekki þurfti að undra, að hinar „rómantísku" hugsjónir 19. aldarinnar gætu aftur skotið upp kollinum. Breytingar þær, sem endurskoðunin á ríkisborgaralöggjöfinni 1946—1949 leiddi til 1950 í Skandinavíu og 1952 á Íslandi, urðu ekki víðtækar. Þýðingarmesta breytingin sem gerð var, varðaði aðskilnað á ríkisfangsöflun eiginmanns og eiginkonu, þ. e. að hvort fyrir sig fengi ríkisfangið sjálfstætt, en ekki svo sem var í lögum, að ríkisborgararéttur eiginkonu fylgdi ríkisborgararétti eiginmanns. Þessara viðhorfa gætti fyrst í löggjöf í Bandaríkjum Norður-Ameríku 1922. Á Norðurlöndum höfðu einkum kvennasamtök hvatt til slíkra

breytinga á ríkisborgaralögum. Aðrar helstu breytingar á skandinavísku lögunum 1950 voru 1) heimild til endurheimtu ríkisfangs með einhliða yfirlýsingu fyrir þá, sem fæddir voru í landinu og höfðu átt lögheimili þar til 18 ára aldurs en höfðu eftir að hafa misst ríkisfangið, aftur átt lögheimili í landinu í 2 ár, og 2) áðurgreind samningsheimild um sérstöðu Norðurlandabúa með skyldum hætti.

Nýrra viðhorfa fór enn að gæta, eftir umfjöllun Sameinuðu þjóðanna, sem áður er getið, um ráðstafanir til að draga úr ríkisfangsleysi sem eftir umbyltingar stríðsins var orðið umfangsmeira úrlausnarefni en nokkru sinni fyrr.

Árið 1970 gerði Norðurlandaráð tvær samþykktir varðandi endurskoðun á ríkisborgaralögum á Norðurlöndum. Önnur varðaði ríkisfangsstöðu barna (einkum þegar faðir hjónabandsbarns væri útlendingur og barn fengi ekki ríkisfang innlendrar móður). Hin samþykktin var almennt um jafnstöðu kvenna og karla við öflun ríkisfangs með stjórnvaldsaðgerð (naturalisation). Það síðarnefnda hefur ekki beina þýðingu hér á landi, þar sem „naturalisation" er ekki beitt í íslenskri ríkisfangslöggjöf, sbr. stjórnarskrárákvæði (eins og í Danmörku). Að vísu er ríkisfangsöflun með einhliða yfirlýsingu svipaðs eðlis og „naturalisation". Eftir gerð samþykkta Norðurlandaráðs starfaði embættismannanefnd (frá innanríkisráðuneytunum í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, en dómsmálaráðuneytinu í Noregi); tillögur komu 1976 (NU 1976:9) en fengu lítinn hljómgrunn (þóttu ganga of skammt). Í millitíð hafði Evrópuráð (1973) gert samþykkt um að bætt yrði réttarstaða barna í „blönduðum" hjónaböndum að því er ríkisfang varðar. Önnur og ítarlegri samþykkt var gerð í Evrópuráði 1977. Einnig má geta þess, að orðin var breyting á ríkisfangslögum V-Þýskalands 1974, á grundvelli úrskurðar stjórnlagadómstóls, um það að það væri brot á stjórnarskrárákvæðum um jafnstöðu karla og kvenna að ríkisfang hjónabandsbarna réðist sérstaklega af ríkisfangi föður. Í Danmörku var borið fram frumvarp 1972 (af stjórnarandstöðu) sem ekki fékk framgang, en var sama efnis og þau lög um breytingu á lögum um ríkisborgararétt, sem lögfest voru 1978, eftir framkomnar hvatningar á fjölþjóðavettvangi sbr. framanritað. Síðan voru einnig sett lög í Noregi og Svíþjóð, með sama efni. Fjalla þessi lög fyrst og fremst um ríkisfang barna í „blönduðum" hjónaböndum, þ. e. að þau fái við fæðingu og í upphafi með yfirlýsingu með afturvirkni, ríkisfang innlendrar móður, þótt þau jafnhliða haldi ríkisfangi erlends föður. Úr vandamálum tvöfalds ríkisfangs, sem óhjákvæmilega koma í auknum mæli upp við þessar aðstæður, er leyst með reglum um ákvörðunartöku eftir samræmdum reglum um lausn á þessu atriði á aldrinum 19—22 ára.

Eitt ákvæði í dönsku lögunum 1978 taka Norðmenn og Svíar ekki upp eins og Danir, en það er að ættleiðingu inna 7 ára aldurs á barni, sem er erlendur ríkisborgari, fylgi réttur, dönskum ættleiðendum þess til handa, að lýsa það til þess aldursmarks danskan ríkisborgara. Slík verkun ættleiðingar er í löggjöf Bretlands, Frakklands, V-Þýskalands, Hollands og Belgíu.

Sýnt þykir, að þjóðfélagsþróun hefur skapað þau viðhorf til breyttrar löggjafar, sem greint hefur verið frá hér að framan. Þykir einsýnt að tímabært sé að koma á hér á landi samsvarandi breytingum á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Hefur frumvarp um það efni því verið samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Rétt þykir að telja hér upp þær lagabreytingar sem í frumvarpinu felast. Síðan verður gerð ítarlegri grein fyrir einstökum atriðum um hverja frumvarpsgrein. Á það skal bent, að í frumvarpinu og greinargerðinni eru jöfnum höndum notuð orðin „ríkisborgararéttur" og „ríkisfang", og hafa sem augljóst er sömu merkingu, en málblær ræður notkuninni. Fer um það með sama hætti í gildandi lögum. Þá skal vakin athygli á því, að sá kostur er tekinn, að merkja nýjar greinar með sömu tölum og fyrir eru og viðbótarbókstöfum, til þess að raska ekki, umfram nauðsyn, samsvörun sem fyrir er í greinatölum í hinum norrænu lögum um ríkisborgararétt.

Breytingar þær, sem frumvarpi þessu er fyrst og fremst ætlað að ná fram, á gildandi lögum um íslenskan ríkisborgararétt (nr. 100 23. desember 1952), eru þessar:

1. Eftir gildistöku frumvarpsins, ef að lögum verður, kemst á jafnstaða með körlum og konum, í því efni, að börn giftra foreldra leiða ríkisfang sitt jafnt frá móður sem föður. Segja má að þetta atriði hafi verið helsta kveikjan að gerð lagafrumvarpsins.
2. Jafnframt leiðir gildistökuákvæði í frumvarpinu, um afturvirkni framangreindrar reglu í afmarkaðan tíma, til þess að börn íslenskrar móður, sem eru fædd á síðustu 18 árunum fyrir gildistöku laganna, fá íslenskt ríkisfang ef hún gefur skriflega yfirlýsingu um þá ósk innan tiltekins tíma. Auk þess að gefa framangreindri reglu afturvirkni er þetta ákvæði til þess fallið, í sumum tilfellum, að börn íslenskrar móður, sem ekki eiga ríkisfang með henni, en e. t. v. fjarlægt ríkisfang föður síns, geti með eðlilegum hætti notið ríkisfangs í heimalandi sínu. Þannig mun hafa háttað til um allmikinn fjölda barna á öðrum Norðurlöndum, og þar mun þessi regla væntanlega teljast annar höfuðtilgangur frumvarpsins. Þessa eru trúlega mun færri dæmi hér á landi.
3. Þá er tekin upp reglan eftir fyrirmynd dönsku laganna, um heimild ættleiðenda til að lýsa ættleitt erlent barn, undir 7 ára aldri, íslenskan ríkisborgara.
4. Tekin er upp í frumvarpið sú lagaregla, sem önnur Norðurlönd tóku upp 1968, samkvæmt tilmælum í alþjóðasamningi um að draga úr ríkisfangsleysi, með þeim tilteknu löggjafarráðstöfunum.
5. Loks er tekin inn í frumvarpið sú lagaregla, sem ekki var tekin upp hér á landi 1952, en gilt hefur milli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar frá 1950, að dvöl í einhverju hinna ríkjanna jafngildi, með ákveðnum hætti, dvöl í heimalandi, við öflun ríkisfangs.

Nánar verður gerð grein fyrir því hér á eftir, í athugasemdum við hverja einstaka grein, í hverju breyting er fólgin og rök fyrir henni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með breytingu þessarar greinar á 1. gr. gildandi laga um íslenskan ríkisborgararétt er komið á þeirri jafnstöðu karls og konu að skilgetið barn þeirra leiði jafnt ríkisfang sitt af ríkisfangi móður sem föður. Breytingin er í því fólgin, að í 1. tölulið 1. greinar gildandi laga segir að barn öðlist íslenskt ríkisfang við fæðingu „ef það er skilgetið og faðir þess er íslenskur ríkisborgari". Ríkisfang móður skiptir þá ekki máli. — Hið breytta orðalag er „faðir þess eða móðir".

Niður er felldur, samkvæmt frumvarpinu, 2. töluliður gildandi laga. Í honum felst undantekningarregla um að skilgetið barn leiði ríkisfang frá móður sinni við sérstakar aðstæður. Þessarar undantekningarreglu er ekki lengur þörf, þegar barnið allavega leiðir ríkisfang sitt frá móður.

3. töluliður gildandi lagagreinar verður 2. töluliður, en breytist ekki. Segja má að þar með skorti nokkuð á „jafnréttið" á hinn veginn, þar sem faðir óskilgetins barns fær ekki sína réttarstöðu bætta. Það þarf væntanlega ekki verulegra útskýringa við, að það er öllu flóknara mál að móta nothæfa reglu um að óskilgetið barn leiði ríkisfang frá föður sínum við fæðingu. M. a. er engan veginn víst hvenær formlega er úr faðerni skorið að lögum, né að það verði yfirleitt upplýst.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um nýja grein, 2. grein a, sem bætist inn í lögin og varðar ríkisfangsöflun erlendra barna, sem ættleidd eru af hjónum, sem bæði eru íslenskir ríkisborgarar eða af einstaklingi, sem er íslenskur ríkisborgari. — Á undanförnum árum hefur Alþingi, eftir að ættleiðingar á erlendum börnum fóru að tíðkast í mjög auknum mæli, verið mjög frjálslynt í veitingu ríkisborgararéttar eftir umsókn ættleiðenda. Með tilliti til þess, svo og þess, að í

lögum allmargra landa er slík regla komin á, þykir hentugt að taka hér upp þá sömu lagareglu um þetta efni, sem komin er í dönsk lög svo sem áður getur. — Athygli er vakin á því, að öflun ríkisfangsins verður ekki sjálfkrafa við ættleiðinguna. Er með því móti unnt að draga úr því að hið erlenda ríkisfang barns haldist, þrátt fyrir veitingu ríkisfangsins, sem fyrst tekur gildi er staðfesting er gefin út. Lagaástæður í fyrra heimalandi geta valdið því, að þessi háttur geri niðurfellingu fyrra ríkisfangs mögulega.

Um 3. gr.

Breyting sú, sem með þessari grein er gerð á 1. málsgr. 3. gr. gildandi laga miðar að því, að taka upp reglu sem Sameinuðu þjóða samningur frá 1961 (29. nóv.) um að draga úr ríkisfangsleysi skuldbindur þær þjóðir, sem undirrita hann til að slaka á lagareglum um rétt til að áskilja sér ríkisfang með einhliða yfirlýsingu þannig að ekki er áskilin fæðing og óslitið lögheimili til 21 árs eða 18 ára aldurs svo sem í Norðurlandalögunum frá 1950 og 1952. Eftir sem áður eru dvalarkröfurnar strangar þ. e. alls 10 ár áður en yfirlýsing er gefin, en hún verður ekki gefin fyrr en við 18 ára aldur og fyrir 23 ára aldur.

Um 4. gr.

Breyting þessarar greinar á 5. grein gildandi laga fjallar um með hverjum hætti barn fylgi ríkisfangi foreldris, sem aflar sér íslensks ríkisfangs. Er breytingin samræmd hinum nýju reglum um að skilgetið barn öðlist ríkisfang jafnt með móður sem föður. Raunar einfaldast greinin, þar sem 2. og 3. töluliður gildandi lagagreinar verða óþarfir.

Um 5. gr.

Vegna hinnar nýju reglu um að barn leiði ríkisfang sitt jafnt af ríkisfangi móður sem föður verður regla 4. töluliðs 7. greinar gildandi laga óþörf, þar sem reglur 3. töluliðs nægja við þá lagastöðu. Er 4. töluliður því felldur niður.

Um 6. gr.

Breytingin á 2. málsgr. 8. greinar, um að bæta við orðunum: „nema þau við það verði ríkisfangslaus“ er gerð til að fullnægja bendingum í fyrrnefndum Sam.-þj. samningi til að draga úr ríkisfangsleysi. Atriðið hefur ekki mikla raunhæfa þýðingu, þar eð tilvikið mundi sjaldan koma fyrir.

Um 7. gr.

Málsgrein sú, sem hér er bætt við, er tekin upp í samræmi við samþykkt Evrópuráðs frá 1977, þar sem m. a. eru tilmæli um að tekið verði slíkt ákvæði í lög ríkjanna um ríkisborgararétt, til þess að tryggja, vegna aukins fjölda þeirra, sem hafa ríkisborgararétt í tveimur ríkjum, sbr. það sem áður er sagt um það efni, að þeir, sem þannig er ástatt um, eigi rétt á að fá sig leysta undan ríkisfangi í öðru ríkinu.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig, svo sem þau í næstu grein hér á undan, tekin upp í samræmi við tilmæli í Evrópuráðssamþykktinni frá 1977 (nr. 13) um ríkisborgararétt hjónabandsbarna. Þar sem ákvæði þessarar málsgreinar eru sett ákveðin mörk með kröfunni um lögheimili síðustu 5 árin í dvalarríkinu, til þess að ákvæðin séu virk, skal bent á, að þar sem hér er um sjálfkrafa missi ríkisfangs að ræða, þykir þörf á skýrum og fremur þröngum mörkum, en að sjálfsögðu á hlutaðeigandi þann rétt, sem honum er tryggður samkvæmt næstu grein hér á undan, með viðbótarákvæði við 9. grein laganna.

Ákvæði 3. og 4. málsgreinar þarfnast ekki frekari skýringa. Þau eru í samræmi við aðrar reglur laganna um fylgni barna við ríkisfang foreldra og heimild til endurheimtu ríkisfangs við búsetu í landinu að nýju.

Um 9. gr.

Með þessari grein eru tekin upp þau ákvæði, sem ekki þótti rétt að taka upp 1952, um gagnkvæman rýmri rétt Norðurlandabúa, sbr. það sem áður var sagt um það efni. Það er ljóst að breytingar þær, sem orðið hafa á ríkisborgaralöggjöf og viðhorfum til slíkra ákvæða, sem um ræðir í 3. grein hér að framan, gera að verkum að þau ákvæði, sem um 1950 þóttu nýstárleg eru það engan veginn lengur, miðað við breytingar samkvæmt 3. grein, sem upp voru teknar 1968 í Skandinavíu. Varð þá raunar að gera breytingar á innihaldi þessarar greinar hjá skandinavísku ríkjunum til þess að ákvæðin yrðu ekki, í neinum efnum, jafnvel þrengri en ákvæðin í 3. grein gagnvart öðrum útlendingum.

Um 10. gr.

Í þessari grein er, auk ákvæðisins um gildistöku laganna, ákvæði um að heimila að barn móður, sem er íslenskur ríkisborgari, geti fengið ríkisborgararétt er móðirin lýsir því yfir með þeim tiltekna hætti, og innan þeirra tímamarka sem þar greinir. Á það skal bent að móðirin verður að vera íslenskur ríkisborgari bæði við fæðingu barnsins og þegar yfirlýsingin er gefin, en ekki skiptir máli hvort hún hafi verið það allan tímann þar á milli. Afskipti föður af yfirlýsingunni er ekkert atriði um gildi hennar. Heldur ekki þarf hjónaband þeirra að vera við lýði. Það er ekki skilyrði að hún hafi forráð barnsins. Búseta í landinu er yfirlýsing er gefin er hvorki skilyrði um móðurina eða barnið. Hins vegar er skrifleg yfirlýsing barnsins gildisskilyrði, ef það er orðið 15 ára þegar móðirin gefur sína yfirlýsingu. Það mun eftir því sem vitað er um löggjöf annarra landa um ríkisborgararétt, yfirleitt ekki valda missi barnsins á ríkisborgararétti þess með föðurnum þótt yfirlýsing samkvæmt ofanrituðu sé gefin um íslenskan ríkisborgararétt þess, og það ekki heldur þótt það á aldrinum 15—18 ára lýsi sjálft samþykki sínu um öflun íslensks ríkisfangs.

Ed. 256. Lög [96. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 99.

Ed. 257. Lög [100. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð).

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 103.

Ed. 258. Lög [101. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 104.

Nd. 259. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

1. gr.

32.—40. gr. laganna verði 33.—41. gr. þeirra, jafnframt því sem ný grein, er verði 32. gr. laganna, orðist svo:

Ráðherra skal heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra húsa og húshluta sem flokkast skv. 1. gr. í tnr. 44.23.01, 44.23.04, 44.23.09, 73.21.01, 73.21.03, 73.21.09 og 76.08.00.

Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði sambærilegra mannvirkja eða mannvirkjahluta sem framleiddir eru hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lögð eru á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast undir önnur tollskrárnúmer 1. gr. laganna en innflutt mannvirki og mannvirkjahluta. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæð mannvirki eða mannvirkjahluta á sama eða svipuðu byggingar- eða framleiðslustigi þessara vara hér á landi. Við ákvörðun jöfnunarálags skal auk þeirra atriða, sem að framan getur, taka tillit til gerðar mannvirkis og mannvirkjahluta og skal heimilt að flokka vörur þessar í mannvirkjaflokka og ákveða jöfnunarálag fyrir hvern flokk fyrir sig.

Ráðherra skal heimilt, þegar innflutt mannvirki eða mannvirkjahlutar teljast í verulegum atriðum að efni eða gerð frábrugðin þeim mannvirkjum eða mannvirkjahlutum, sem framleiddir eru hér á landi, að ákveða að jöfnunarálag skuli lagt á tollverð þeirra hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu nefndra innflutningsvara.

Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls skv. 1. gr. af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd jöfnunarálags fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða byggingarkostnað samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1982.

Nd. 260. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

1. gr.

1. tl. 2. gr. laganna hljóði svo:

Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1982 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 200 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 45 000 kr. Þá skal skattstjóri fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðist svo:

Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, 1/4 af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.

3. gr.

5. gr. laganna hljóði svo:

Hlutverk sjóðsins er:

1. að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a), b) og d)
2. að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði c) og d)
3. að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a) og b), enda greiði ríkissjóður framlag beint í Framkvæmdasjóð, sbr. 2. tl. 2. gr.
4. að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a), b), c) og d).

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir skv. 1. gr.

Um framkvæmdir skv. þessari grein fer skv. lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 261. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

1. mgr. 14. greinar hljóði svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi, og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

2. gr.

2. mgr. 17. greinar hljóði svo:

Hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 45 053 á mánuði.

3. gr.

Í 4. mgr. 45. greinar komi:

„18 ára“ í stað „17 ára“.

4. gr.

73. grein hljóði svo:

Foreldri, sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 19. gr. barnalaga nr. 9/1981, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur skv. úrskurði innan þeirra marka, er 14. gr. setur um fjárhæð meðlags og aldur barna.

Á sama hátt getur barnsmóðir fengið skv. yfirvaldsúrskurði greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

a. Framfærslueyri í allt að 3 mánuði skv. 25. gr. 1. mgr. barnalaga nr. 9/1981.
b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að 9 mánuði skv. 25. gr. 2. mgr. barnalaga.
c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 26. gr. 1. mgr. barnalaga.

Þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ. e. a. s. eftir að dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð, getur móðir fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka, er 14. gr. setur.

Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri eftir því, sem við getur átt.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður eða vottorð um höfðun barnsfaðernismáls berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

5. gr.

Ný grein, 74. gr., hljóði svo:

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 73. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1. og 2. mgr. 73. gr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Skiladagar vegna óinnheimtra skulda skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 3. mgr. 73. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Barnalög nr. 9 15. apríl 1981 taka gildi 1. janúar 1982. Í þeim lögum eru nokkur ákvæði, er snerta lög um almannatryggingar.

Má þar fyrst nefna upphaf 17. gr. barnalaga þar sem segir að framfærsluskyldu ljúki, er barn verður 18 ára.

Þótt barnalögin mæli fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, verður að telja eðlilegt að breyta aldursmörkum 14. og 17. gr. laga nr. 67/1971 til samræmis við barnalög. Því er hér lagt til að svo verði gert. Að öðru leyti eru nefndar greinar samhljóða núgildandi ákvæðum.

Þá eru í barnalögum ýmis nýmæli, er leggja auknar fyrirgreiðsluskyldur á Tryggingastofnun ríkisins:

1. Í 19. gr. er heimilað að úrskurða um **sérstök framlög** vegna tiltekinna útgjalda og í 30. gr. 2. mgr. segir að foreldri (eða eftir atvikum framfærandi skv. 31. gr.) eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um slíkar greiðslur.
2. Í 25. gr. 1. mgr. er heimilað að úrskurða föður til að greiða **framfærslueyri** í allt að 3 mánuði og í 30. gr. 1. mgr. segir að um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna þessa framfærslueyris fari svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971.
3. Í 2. mgr. 25. gr. er heimilað að úrskurða barnsföður til að greiða móður mánaðarlegan **hjúkrunar- og framfærslustyrk** í allt að 9 mánuði. Í 2. mgr. 30. gr. segir svo að barnsmóðir eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur þessar.
4. Loks er í 26. gr. 1. mgr. ákveðið að úrskurða skuli barnsföður til að greiða kostnað af **meðgöngu og fæðingu,** þegar 3. mgr. 15. gr. á við. Í 2. mgr. 30. gr. er barnsmóður veittur aðgangur að Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur þessar.

Núgildandi ákvæði almannatryggingalaga taka eingöngu til greiðslu meðlags, þ. e. a. s. framfærslueyris barns, sem skýrt er kveðið á um í 23. gr. barnalaga að „tilheyrir barni". Slíkar greiðslur falla undir 73. gr. núgildandi laga um almannatryggingar og aðrar ekki.

Hinn 1. janúar 1981 tóku gildi lög nr. 47/1980 um fæðingarorlof. Jafnframt var þá numin úr gildi 74. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 um greiðsluskyldu Tryggingastofnunar ríkisins, skv. úrskurði, á barnsfararkostnaði ógiftrar móður, sem fella varð niður vinnu og missti tekjur vegna barnsburðar. Með tilkomu almenns fæðingarorlofs var talið að bættur væri slíkur tekjumissir móður.

Nú er ljóst, að með samþykkt 25. gr. 1. mgr. barnalaga ætlast löggjafinn til þess, að svipuð fyrirgreiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins stofnist á ný, þótt svo illa hafi til tekist, að ekki er það sagt berum orðum í 30. gr. barnalaganna, heldur er þar vísað í 73. gr. almannatryggingalaga. En eins og áður sagði getur sú grein, óbreytt, engan veginn heimilað greiðslu framfærslueyris, hvað þá verið grundvöllur að endurheimtu slíkra greiðslna.

Um aðrar greiðslur skv. V. kafla barnalaga, (barnsfararkostnað o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu) má segja að 30. gr. 7. mgr. barnalaga sé tæmandi fyrirgreiðslu- og endurkröfuheimild fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Eðlilegast er þó, að sjálf löggjöfin um almannatryggingar sé á hverjum tíma tæmandi heimild um skyldur og réttindi á þessu sviði. Má því segja að ýmis ákvæði barnalaga, t. d. 29.—31. gr. hafi átt meira erindi í lög um almannatryggingar en barnalög.

Með það sjónarmið í huga, að nauðsynlegt sé að fulls samræmis gæti í ákvæðum almannatryggingalaga og annarra lagaákvæða, er leggja skyldur á Tryggingastofnun ríkisins, er þetta frumvarp samið og flutt. Því er lagt til að ný 73. gr. taki til allrar fyrirgreiðslu stofnunarinnar skv. IV. og V. kafla barnalaga og í samræmi við VI. kafla sömu laga. Þá er lagt til að reglur um endurkröfu á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga f. h. framfærsluskylds foreldris og framfærslusveitar, og á hendur ríkissjóði þar sem það á við, komi í sérstaka grein, 74. gr. Í þeirri grein kemur það fram berum orðum, að allar greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna ákvæða barnalaga og 73. gr. almannatryggingalaga skuli vera endurheimtanlegar framvegis sem hingað til hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga og hjá ríkissjóði.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur metið kostnaðarauka ríkissjóðs af framangreindum breytingum þannig:

1. Í fyrstu grein er lagt til að barnalífeyrir verði greiddur að 18 ára aldri í stað 17 ára aldurs í gildandi lögum. Hér er um beinan kostnaðarauka að ræða, sem áætlast um 1,4 m. kr. á ári.
2. Varðandi aðra grein er kostnaðarauki um 75 þús. kr. á ári.
3. Þriðja grein er varðandi sjúkradagpeninga, sem greiddir eru vegna barna sem eru á framfæri bótaþega. Lagt er til að aldursmörk verði hækkuð úr 17 ára í 18 ár. Engin skipting er til um það hversu stór hluti sjúkradagpeninga hafi verið greiddur vegna barna á framfæri bótaþega og verður því ekki reynt að áætla þann kostnaðarauka, sem óhjákvæmilega fylgir þessari grein.
4. Fjórða og fimmta grein þessa frumvarps leiða ekki til kostnaðarauka. Hér er einungis verið að samræma lög um almannatryggingar og barnalög nr. 9/1981, enda eðlilegt að sjálf lögin um almannatryggingar séu tæmandi heimild um skyldur og réttindi á þessu sviði.
5. **Niðurstöður**

   Í áætlun hér að framan er alls staðar gengið út frá jafnri skiptingu milli aldurshópa. Líklegt er þó að eldri aldurshóparnir séu minni, bæði vegna dauða og þess að færri eru á framfæri foreldra. Á móti kemur svo að aldurshóparnir 1961—1975 voru við fæðingu mun stærri en yngri aldurshópar.

   Kostnaðarauki vegna 1. og 2. greinar er samtals um 1.5. m. kr. Ekki er unnt að áætla kostnaðarauka vegna 3. greinar vegna skorts á upplýsingum, en þessi breyting mun hafa aukinn kostnað í för með sér.

   Kostnaðarauki vegna 4. og 5. greinar er enginn.

   Breytingar þær, er þar um ræðir, hafa leitt til kostnaðarauka (ef einhver hefur orðið) við samþykkt barnalaga nr. 9/1981.

   Einstakar greinar teljast skýrðar með framansögðu.

Nd. # 262. Frumvarp til laga [168. mál]

um dýralækna.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I. KAFLI
Yfirstjórn, læknisleyfi, dýralæknaskipun.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála, sem varða starfandi dýralækna, dýralækningar og heilsufar húsdýra. Honum til ráðuneytis skal starfa yfirdýralæknir með búsetu í Reykjavík.

2. gr.

Þeir einir eru taldir dýralæknar í lögum þessum, sem lokið hafa prófi við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum (landbúnaðarráðuneyti) og hlotið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðherra að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem landbúnaðarráðherra setur á hverjum tíma.

3. gr.

Til að öðlast leyfi til dýralækninga hér á landi, skal umsækjandi hafa starfað við dýralækningar undir handleiðslu reynds héraðsdýralæknis hér á landi í tvo mánuði hið skemmsta að loknu kandidatsprófi. Hann skal hafa kynnt sér rækilega þau lög og reglur, sem lúta að störfum dýralækna og lyfjamálum hér á landi. Skal yfirdýralæknir eða aðrir, sem hann kveður til, sannprófa þekkingu umsækjanda á þessum sviðum samkvæmt nánari reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur. Þeir einir geta hlotið leyfi til að stunda dýralækningar, sem eru íslenskir ríkisborgarar og eru lögráða.

Landbúnaðarráðherra getur veitt mönnum, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, tímabundið lækningaleyfi, þegar sérstaklega stendur á, enda uppfylli þeir skilyrði 2. og 3. gr. og hafi að dómi yfirdýralæknis nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

Ákvæði laga þessara um veitingu læknisleyfis til handa dýralæknum ná ekki til þeirra, sem þegar hafa fengið slíkt leyfi.

Landbúnaðarráðuneytið skal birta í Lögbirtingablaðinu nöfn þeirra, sem hlotið hafa heimild til dýralækninga.

4. gr.

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1) Hafnarfjarðarumdæmi: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Gullbringusýsla, Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Bessastaðahreppur.
2) Reykjavíkurumdæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur.
3) Akranesumdæmi: Akranes, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur.
4) Borgarfjarðarumdæmi: Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur.

5) Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla nema Hvítársíðuhreppur.
6) Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Flateyjarhreppur.
7) Dalaumdæmi: Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla að undanteknum Múlahreppi og Flateyjarhreppi.
8) Barðastrandarumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla, Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu.
9) Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvík, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslur.
10) Strandaumdæmi: Strandasýsla.
11) Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.
12) Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
13) Skagafjarðarumdæmi: Sauðárkrókur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Rípurhreppur.
14) Hofsósumdæmi: Hofsóshreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur, Holtshreppur, Akrahreppur, Siglufjörður.
15) Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Hríseyjarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur.
16) Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.
17) Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímseyjarhreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur.
18) Þingeyjarumdæmi vestra: Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur vestan Fljótsheiðar.
19) Þingeyjarþingsumdæmi eystra: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Keldunesshreppur.
20) Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur.
21) Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiðahreppur í Suður-Múlasýslu, Seyðisfjörður.
22) Austurlandsumdæmi syðra: Búðahreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur.
23) Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarhreppur, Helgustaðahreppur, Eskifjörður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur.
24) Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.
25) Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Skaftártunguhreppur, Álftavershreppur.
26) Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur.
27) Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolshreppur, Rangárvallahreppur austan Eystri-Rangár.
28) Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur.
29) Hreppaumdæmi: Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur.
30) Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur.
31) Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoss, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur, Vestmannaeyjar.

Skipting héraðsdýralæknisumdæma skv. þessari grein kemur til framkvæmda eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77 1981 gera ráð fyrir.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður hvar héraðsdýralæknar skuli hafa aðsetur og starfsaðstöðu, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Þar sem ekki er embættisbústaður, er ráðherra heimilt að láta byggja sérstaka embættisaðstöðu.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða, að tveir (eða fleiri) héraðsdýralæknar hafi aðsetur á sama stað, ef það er hentugra að dómi yfirdýralæknis.

Við veitingu embætta dýralækna í þjónustu ríkisins skal viðkomandi ráðherra leita álits yfirdýralæknis og nefndar 3ja manna, sem kosin er af Dýralæknafélagi Íslands úr hópi meðlima félagsins. Að öðru jöfnu skal sá umsækjandi sitja fyrir, sem lengstan hefur starfsaldur, en einnig skal taka tillit til sérmenntunar, svo og starfstíma í afskekktum og rýrum héruðum.

Heimilt er að ráða tvo dýralækna án fasts læknisaðseturs til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis, þegar sérstakar annir eða vanda ber að höndum í einstökum umdæmum eða til aðstoðar yfirdýralækni við sérstök verkefni. Um starf og starfstilhögun þessara manna skal ákveða nánar í sérstöku erindisbréfi.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu starfa þrír sérfræðingar, sem lokið hafa dýralæknisprófi og síðan aflað sér ýtarlegrar sérþekkingar með framhaldsnámi og störfum.

II. KAFLI

Skyldur dýralækna.

6. gr.

Yfirdýralæknir skal vera ríkisstjórn til ráðuneytis um dýralæknamál og annast yfirumsjón með öllu, sem varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn varnaraðgerða gegn smitsjúkdómum húsdýra, innflutningi og útflutningi lifandi dýra og hvers konar búfjárafurða, að því er varðar sóttvarnir, heilbrigði og hollustuhætti og segja fyrir um nauðsynlega vottorðagjöf í því sambandi. Honum ber að fylgjast með heilsufari húsdýra í viðskiptalöndum Íslands, svo sem við verður komið.

Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og þeirra dýralækna annarra, sem læknisstörfum sinna, sem og dýrahjúkrunarmanna. Ber þessum aðilum að láta í té nauðsynlegar upplýsingar varðandi starfsemi sína, ef þess er krafist.

7. gr.

Héraðsdýralæknar skulu, hver í sínu umdæmi, vinna að bættu heilsufari búpenings og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu leitast við að fræða dýraeigendur um þau ráð, sem tiltæk eru til varnar sjúkdómum, og beita þekkingu sinni og reynslu til þess að lækna sjúk dýr, þegar þeir eru til kvaddir.

Héraðsdýralæknar skulu vera á verði gegn því, að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjársjúdóma. Þeir skulu leitast við í störfum sínum að girða fyrir hættu, sem fólki getur stafað af sjúkum dýrum og neyslu spilltra og mengaðra búfjárafurða.

Dýralæknar skulu gegna störfum sínum og skyldum með árvekni, halda þekkingu sinni sem best við og gæta fyllstu vandvirkni og samviskusemi í öllum dýralæknisstörfum.

Dýralæknar skulu vanda svo sem kostur er allar skýrslur, umsagnir og vottorð og skrá þar eingöngu það, sem þeir vita fullar sönnur á, hvort sem vottorðin eru ætluð til leiðbeininga eða sem sönnunargagn í tilteknu máli.

Dýralæknar skulu forðast að baka dýraeigendum óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum.

Héraðsdýralæknar eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum þegar þess er leitað, nema þeir séu sjúkir eða hindraðir af aðkallandi embættisstörfum.

Nú er héraðsdýralæknis vitjað úr öðru dýralæknisumdæmi í mjög brýnni nauðsyn, þegar ekki næst til viðkomandi héraðsdýralæknis, til dæmis vegna ófærðar, og ber honum þá skylda til að sinna vitjunarbeiðni, ef hann getur komið því við.

Héraðsdýralækni er skylt að svara fyrirspurnum í síma og veita upplýsingar varðandi sjúkdóma í dýrum, þegar þess er óskað.

Yfirdýralæknir setur héraðsdýralæknum erindisbréf, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýralækna.

Enginn dýralæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Þriggja manna nefnd, skipuð yfirdýralækni, forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum og fulltrúa, er stjórn Dýralæknafélags Íslands tilnefnir, skal setja reglur um nám og menntun, sem metin er nægileg til sérfræðingsviðurkenningar, og meta hæfni umsækjanda og störf.

8. gr.

Nú hyggst dýralæknir hefja starf við dýralækningar á eigin vegum eða á vegum félagssamtaka. Skal hann þá tilkynna það bréflega yfirdýralækni og viðkomandi héraðsdýralækni með rúmum fyrirvara og gera grein fyrir fyrirhuguðum störfum og starfsaðstöðu.

Yfirdýralæknir setur þeim, sem þannig starfa, nánari reglur um skýrsluhald varðandi dýrasjúkdóma, læknisaðgerðir og önnur störf. Yfirdýralæknir getur einnig kvatt þá, sem starfa við dýralækningar á þennan hátt, til þess að taka þátt í vörnum gegn smitsjúkdómum og vaktaþjónustu í umdæminu, ef héraðsdýralæknir óskar þess.

Nú óska einstaklingar eða félög að koma á fót rannsóknaaðstöðu eða sjúkraskýli (spítala) fyrir sjúk dýr, og skal þá senda um það umsókn til landbúnaðarráðuneytisins. Er ráðuneytinu rétt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að setja sérstakar reglur um slíka starfsemi, útbúnað, húsnæði o. s. frv.

9. gr.

Forseti Íslands skipar yfirdýralækni og héraðsdýralækna. Dýralæknár í þjónustu ríkisins taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna.

Héraðsdýralæknar skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Dýralæknafélags Íslands. Er þeim óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín heldur en greint er í gildandi gjaldskrá. Aðrir dýralæknar mega ekki taka hærri þóknun fyrir læknisstörf en sanngjarnt er, miðað við hve vandasöm og tímafrek aðgerðin er.

Þegar nauðsyn krefur, er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi gegn allt að hálfum byrjunarlaunum þess umdæmis.

Héraðsdýralæknar skulu skipuleggja orlofstöku og útvega staðgengil í samráði við yfirdýralækni. Skal staðgengill hafa skyldur og njóta réttinda sem héraðsdýralæknir samkvæmt lögum þessum, meðan hann gegnir störfum, enda sé hann settur af landbúnaðarráðuneyti í starfið.

Skylt er héraðsdýralækni að veita staðgengli aðgang að síma, ef hann óskar þess. Um dvalarkostnað staðgengils og verkefnaskiptingu (eftirlitsstörf, lyfjasölu o. þ. h.) fer samkvæmt samkomulagi dýralæknanna hverju sinni.

Dýralæknisnema, sem ekki hefur lokið námi að fullu, má fela að gegna héraðsdýralæknisumdæmi um stundarsakir, ef yfirdýralæknir mælir með því, enda sé ekki til-

tækur dýralæknir til starfsins. Einnig má fela dýralæknisnema tiltekin störf á starfssviði dýralækna um stundarsakir, og hefur hann þá læknisleyfi á meðan hann gegnir þeim.

10. gr.

Héraðsdýralæknar stunda almennar dýralækningar, hver í sínu umdæmi. Þeir annast sölu lyfja handa dýrum eða ávísa þeim, ef betur hentar. Ekki er öðrum en dýralæknum heimilt að ávísa lyfjum handa dýrum. Héraðsdýralæknum er heimilt að kaupa lyf handa dýrum í lyfjabúðum, lyfjaheildverslunum og hjá lyfjaframleiðendum.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum selur og framleiðir undir stjórn sérmenntaðs dýralæknis ónæmislyf handa húsdýrum. Óheimilt er að flytja inn ónæmisefni hvers konar handa húsdýrum nema að fenginni skriflegri heimild yfirdýralæknis.

Lyfjaverslun ríkisins og Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum annast útvegun ónæmisefna frá útlöndum þegar þörf krefur. Nánar skal kveða á um innflutning slíkra lyfja í reglugerð.

III. KAFLI

Um smitnæma sjúkdóma, læknisaðgerðir og eftirlitsstörf.

11. gr.

Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í húsdýrum eða villtum dýrum, eða grunur um slíkan sjúkdóm í umdæmi héraðsdýralæknis, skal hann þegar í stað gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón, sem af honum getur leitt. Hann skal án tafar tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir, sem þurfa þykir. Læknisaðgerðir á dýrum höldnum smitsjúkdómum skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum.

Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum, ef ætla verður að aðgerðin muni baka dýrinu verulega þjáningu. Skal við slíkar aðgerðir nota svefn- eða deyfilyf, eftir því sem við á. Dýralæknum einum er heimilt að gefa dýrum lyf, sem eru sérstaklega varasöm eða hættuleg. Skal kveða nánar á um notkun slíkra lyfja í reglugerð.

Landbúnaðarráðherra setur reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um meðferð helstu smitsjúkdóma húsdýra og varnir gegn þeim.

12. gr.

Héraðsdýralæknar annast heilbrigðiseftirlit með sláturgripum og sláturfé, þar með taldir alifuglar, og afurðum þeirra, eftir því sem aðstæður leyfa.

Þegar héraðsdýralæknar geta ekki sjálfir annað eftirliti þessu, að dómi yfirdýralæknis, er heimilt að ráða aðra dýralækna við þetta heilbrigðiseftirlit. Ef ekki er völ á dýralækni eða dýralæknisefni til starfsins, skulu læknisefni eða aðrir, sem lokið hafa sérstöku námskeiði í heilbrigðisskoðun sláturafurða, annast eftirlit undir stjórn og leiðbeiningum viðkomandi héraðsdýralæknis.

Landbúnaðarráðherra setur reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturdýrum og afurðum þeirra, meðferð afurða, flutning og geymslu, útbúnað, vinnutilhögun og þrifnað í sláturhúsum, kjötfrystihúsum og kjötvinnslustöðvum.

Dýralæknar skulu í lok hvers árs gefa yfirlitsskýrslu um heilbrigðiseftirlit þetta og senda yfirdýralækni fyrir 15. febrúar næsta árs.

13. gr.

Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu nautgripa og þrifnaði í fjósum, þar sem framleidd er sölumjólk. Þeir skulu leitast við með leiðbeiningum og á annan hátt að bæta þrifnað og hollustuhætti hjá framleiðendum sölumjólkur.

Stjórnvöld setja reglur um framkvæmd þessa eftirlits og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda. Heimilt er að áfrýja ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun mjólkur þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð.

Héraðsdýralæknar skulu halda skýrslur um þetta eftirlit, samkvæmt nánari fyrirsögn yfirdýralæknis. Mjólkurbú skulu hafa greiðan aðgang að skýrslum héraðsdýralækna, ef þess er óskað.

Héraðsdýralæknar skulu árlega vinna úr gögnum þessum yfirlitsskýrslu um heilbrigði mjólkurkúa og þrifnað í fjósum, sem framleiða sölumjólk. Skal hún send yfirdýralækni fyrir 1. ágúst árið eftir.

Héraðsdýralæknar skulu hafa reglulegt eftirlit með hreinlæti og þrifnaði mjólkurstöðva í umdæmi sínu og sjá um, að starfsemi öll sé í samræmi við gildandi reglur. Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og skýrsluhald, er það varðar.

14. gr.

Dýralæknar skulu færa dagbækur um heilsufar, sjúkdóma og læknisaðgerðir á húsdýrum. Úr þeim gögnum skal mánaðarlega gera skýrslu um smitsjúkdóma og senda yfirdýralækni jafnóðum.

Dýralæknar skulu einnig um hver áramót gera yfirlitsskýrslur um heilsufar, sjúkdóma og læknisaðgerðir á liðnu ári og senda yfirdýralækni fyrir 15. febrúar.

Nú vanrækir dýralæknir að gera og senda fyrirskipaðar skýrslur á réttum tíma, án þess að lögmæt forföll, svo sem veikindi, banni að mati yfirdýralæknis, og er þá heimilt, ef áminning ber ekki árangur, að ákveða í reglugerð lögtakskræfar dagsektir fyrir hvern dag sem vanrækt er að senda lögboðnar skýrslur. Dagsektir þessar skulu renna í vísindasjóð Dýralæknafélags Íslands.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Allir dýralæknar, sem læknisstörfum sinna, skulu háðir eftirliti yfirdýralæknis.

Ef yfirdýralæknir verður þess var, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, vanrækir skyldur sínar og störf eða brýtur alvarlega í bága við fyrirmæli, sem dýralæknum ber að starfa eftir, skal yfirdýralæknir áminna hann um að bæta ráð sitt.

Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi, þá ber yfirdýralækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi sé sviptur lækningaleyfi um tiltekinn tíma.

Ef ástæða þykir til, er yfirdýralækni rétt að krefjast ítarlegra upplýsinga um notkun fíkni- og eiturlyfja til dýralækninga samkvæmt nánari reglum, sem um það verða settar.

Nú telur yfirdýralæknir, að dýralæknir, sem lækningaleyfi hefur, hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þær kröfur, sem gerðar voru, er honum var veitt læknisleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri heilsu, eiturlyfjanotkunar eða drykkjuskaparóreglu, sem gerir hann óhæfan eða hættulegan við störf sín, þá skýri hann ráðherra frá því. Ráðherra leitar álits læknaráðs um málið. Má svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi, ef læknaráð telur nauðsynlegt, en skjóta má sakborningur máli sínu til dómstólanna.

16. gr.

Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknir. Þó er honum heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma, læknavakt, orlof o. s. frv. sem og

birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum. Hvers konar auglýsingar á lyfjum og læknisáhöldum til dýralækninga eru bannaðar nema í ritum ætluðum dýralæknum einum.

Á sama hátt eru bannaðar gyllandi umsagnir um sjúkrahús, sjúkraskýli og sjúkrastofur ætlaðar dýrum og sérstakan lækningamátt tiltekinna tegunda dýrafóðurs eða fóðurblandna.

17. gr.

Í afskekktum umdæmum, þar sem umsvif eru lítil og samgöngur erfiðar, er heimilt að greiða staðaruppbót allt að hálfum byrjunarlaunum í umdæminu. Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar greinar skulu sett í reglugerð.

Heimilt er að greiða héraðsdýralæknum símastyrk skv. ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins og að auki leigu vegna embættisaðstöðu til þeirra, sem eigi njóta embættisbústaða.

Þeir dýralæknar, sem búa í húsnæði í eigu ríkisins, skulu undirrita sérstakan leigusamning, þar sem kveðið er á um tryggingar, leiguupphæð, skyldur leigutaka og leigusala og annað er máli skiptir.

18. gr.

Þegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til þess að starfa sem héraðsdýralæknir næstu þrjú ár.

Í þessu skyni skal gera ráð fyrir sérstakri upphæð á fjárlögum til bifreiðakaupa fyrir nýja héraðsdýralækna. Landbúnaðarráðherra setur reglur um fjárreiður sjóðs þessa.

Heimilt er að sjá hverju dýralæknisumdæmi fyrir sérstökum læknisáhöldum og tækjum, samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og stéttarfélags dýralækna. Héraðsdýralæknum ber að gæta og varðveita áhaldasafn þetta á óaðfinnanlegan hátt og skila í hendur eftirmanna sinna.

Fyrir hver fimm ár, sem héraðsdýralæknir eða annar dýralæknir í þjónustu ríkisins hefur gegnt störfum, á hann rétt á allt að 3ja mánaða leyfi frá störfum með fullum launum til endurmenntunar eða sérstakrar starfsþjálfunar. Skal leyfið skipulagt í samráði við yfirdýralækni. Þeir, sem nýta þessi réttindi, skulu gera yfirdýralækni skriflega grein fyrir náminu og starfsþjálfuninni. Að öðru leyti gilda kjarasamningar á hverjum tíma um framkvæmd þessa atriðis.

19. gr.

Þegar dýralæknir er kvaddur til vitjana á eigin farkosti á fleiri en einn stað í sömu akstursleið, ber honum að aka sem beinasta og greiðasta leið til þeirra, sem vitjana hafa óskað. Þegar þannig stendur á, skal jafna greiðslu fyrir ferðakostnað niður á þá, sem vitjana hafa óskað hverju sinni.

Nú er héraðsdýralæknis vitjað í brýnni nauðsyn um langan veg frá heimili hans, þ. e. vegalengd, sem er yfir 40 km. Greiðir þá sá, sem vitjunar beiðist, ferðakostnað fyrir 40 km akstur frá heimili dýralæknis, en það sem umfram er greiðist af opinberu fé. Landbúnaðarráðherra setur reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 77/1981 um dýralækna, svo og lög nr. 123 frá 27. desember 1935 um geldingu húsdýra.

Þrátt fyrir ákvæði þessara laga halda lög nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og síðari breytingar á þeim lögum fullu gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landbúnaðarráðherra Pálmi Jónsson skipaði með bréfi 1. júlí 1981 þriggja manna nefnd til að endurskoða lög nr. 31/1970 um dýralækna.

Í nefnd þessari áttu sæti frú Ragnheiður Árnadóttir deildarstjóri, formaður, Jón Guðbrandsson, héraðsdýralæknir og Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir.

Nefndarskipun þessi var gerð í samræmi við yfirlýsingu landbúnaðarráðherra á fundi landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis á liðnu vori, samanber nefndarálit landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dagsett 20. apríl 1981 — 213. mál.

Þó að lög um dýralækna séu ekki nema 11 ára gömul, hafa verið gerðar á þeim breytingar hvað eftir annað eða alls 7 sinnum. Flestar þessar breytingar varða dýralæknaskipan og eru til komnar vegna tilmæla bændasamtaka, sem óskað hafa eftir fleiri héraðsdýralæknum og þar með betri þjónustu.

Nýlega hafa enn borist samþykktir búnaðarsambanda, þar sem óskað er eftir fleiri héraðsdýralæknaumdæmum en nú er gert ráð fyrir.

Nefndin hefur við samning frumvarps þessa haft í huga þessar samþykktir bænda, sem fram eru komnar vegna þess að bændur telja sig ekki fá nægа dýralæknisþjónustu eða vera afskiptir þessari þjónustu.

Auk þess hefur nefndin tekið að nokkru mið af óskum Dýralæknafélags Íslands og annarra aðila, er mál þessi varða.

Rétt er að vekja athygli á því, að störf dýralækna hafa breyst allverulega síðasta áratuginn samstiga breyttum búskaparháttum. Um leið og búin hafa stækkað, hefur fólki sem við þau vinnur fækkað og annríki aukist. Gripir eru nú fóðraðir til fyllstu afurða meira en áður tíðkaðist og eru því kvillasamari.

Bændur leita því meira til dýralækna en áður og gera nú minna að því að reyna sjálfir að lækna gripi sína. Þó að með þessu frumvarpi sé gert ráð fyrir nokkurri fjölgun héraðsdýralækna, er nefndinni ljóst að seint verður svo frá þessum málum gengið að ekki verði ýmsir bæir nokkuð útundan varðandi dýralæknaþjónustu. Kemur þar hvort tveggja til, strjálbýli og erfiðar samgöngur.

Ástæða er til að gera eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að landbúnaðarráðherra hafi yfirstjórn mála, sem varða dýralækna og heilsufar húsdýra, dýralækningar og annað, sem miðar að því að vernda heilsu húsdýra. Þótti ástæða til að kveða skýrt á um þetta efni svo ekki leiki vafi á því, að dýraspítali, sjúkraskýli, varúðarráðstafanir ýmiss konar, þar á meðal hömlur á innflutningi dýra, fóðurvara o. s. frv., heyrðu undir landbúnaðarráðuneytið.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar er að mestu samhljóða gildandi lagaákvæðum.

Um 3. gr.

Grein þessi fjallar um leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi og hvaða skilyrðum skuli fullnægt í því efni.

Vegna þess að kennsla í dýralækningum fer ekki fram hér á landi eru kandidatar, sem heim koma að loknu námi, ókunnir íslenskum staðháttum, ýmissi sérstöðu hér á landi, að því er varðar húsdýrasjúkdóma, og þeim reglum og lögum, sem lúta að störfum dýralækna hér á landi.

Því er gert ráð fyrir að menn, sem óska eftir leyfi til dýralækninga, skuli hafa starfað undir handleiðslu héraðsdýralæknis að minnsta kosti í tvo mánuði. Jafnframt er gert ráð fyrir, að könnun sé gerð á því, hvort umsækjandi hafi kynnt sér reglur þær sem lúta að dýralækningum.

Ákvæði um málakunnáttu þeirra sem fá leyfi til dýralækninga eru hliðstæð ákvæðum sem gilda um þetta efni á Norðurlöndum, og ætti ekki að þurfa frekari skýringar, jafn sjálfsagt og nauðsynlegt sem það er.

Um 4. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir sex nýjum héraðsdýralæknisumdæmum. Er þar tekin upp skipting á þeim þremur umdæmum, sem á liðnum vetri voru til umræðu á Alþingi í formi þriggja lagafrumvarpa: þ. e. Austurlandsumdæmi nyrðra sem gert er ráð fyrir að skipt verði í Austurlandsumdæmi nyrðra og Norðfjarðarumdæmi; Þingeyjarþingsumdæmi, er skiptist í Þingeyjarþingsumdæmi vestra og Þingeyjarþingsumdæmi eystra og Laugarásumdæmi, er verði skipt í Laugarásumdæmi og Hreppaumdæmi.

Tillögur nefndarinnar um skiptingu þessara þriggja umdæma eru í stórum dráttum þær sömu og gerðar voru í framannefndum lagafrumvörpum.

Að auki er lagt til í þessari grein, að eftirtöldum umdæmum verði skipt: Skagafjarðarumdæmi verði skipt í Skagafjarðarumdæmi og Hofsósumdæmi, Borgarfjarðarumdæmi verði skipt í Borgarfjarðarumdæmi og Akranesumdæmi og Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi verði skipt í Reykjavíkurumdæmi og Hafnarfjarðarumdæmi.

Öll þau sex umdæmi, sem hér er gert ráð fyrir að skipt verði, hafa það sameiginlegt, að þau eru hvort tveggja víðáttumikil og gripamörg, sum auk þess mjög erfið yfirferðar á vetrum.

Við skiptingu þessara umdæma hefur verið haft samráð við viðkomandi héraðsdýralækna og bændur, sem þar eru gagnkunnugir. Ber kunnugum saman um það, að það sé ofætlun einum dýralækni í þessum umdæmum að veita viðhlítandi þjónustu og anna því heilbrigðiseftirliti og öðrum störfum, sem krafist er af héraðsdýralæknum. Eins og áður er getið, hafa búnaðarsambönd einnig ályktað um nauðsyn á því að umdæmum þessum verði skipt, og talar það sínu máli um það á hvern hátt bændur líta á mál þessi.

Hins vegar ætti síðasta málsgrein þessarar greinar að taka af allan vafa um það, að ekki er til þess ætlast, að breytingar þessar eigi sér allar stað í einu, heldur kæmu ákvæði um ný umdæmi til framkvæmda á nokkrum árum. Annað myndi valda óæskilegri röskun og tilfærslum milli embætta.

Um 5. gr.

Svo getur hagað til, að hentugra sé af ýmsum ástæðum að tveir dýralæknar sitji á sama stað (Akureyri). Því er talið rétt að hafa heimild til þess í lögum.

Óskir hafa komið fram um það frá Dýralæknafélagi Íslands, að leitað yrði umsagnar sérstakrar nefndar, þegar störf dýralækna í þjónustu ríkisins eru veitt. Var talið eðlilegt að verða við þeim tilmælum. Umsögn slíkrar nefndar er þó að sjálfsögðu ekki bindandi. Ennfremur eru í þessari grein ákvæði um, að mið skuli tekið af starfsaldri, fyrri störfum og sérmenntun umsækjenda, og ef um héraðsdýralæknisstörf er að ræða, hvort umsækjandi hafi þjónað rýrum héruðum.

Eftir því sem dýralæknum fjölgar, verður örðugra að útvega staðgengla í lögboðnum orlofum eða ef dýralæknar forfallast vegna veikinda. Því er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að heimilt sé að ráða tvo dýralækna án fasts aðseturs, faranddýralækna, sem hlaupið geta í skörðin, þegar þörf krefur, og jafnframt verið til aðstoðar yfirdýralækni, þegar svo ber undir.

Gert er ráð fyrir, að við Tilraunastöð Háskólans að Keldum, sem einkum sinnir rannsóknum og öðrum verkefnum á sviði dýrasjúkdóma, starfi þrír dýralæknar, sem aflað hafi sér sérþekkingar að loknu háskólaprófi.

Nú eru aðeins tveir af átta sérfræðingum Tilraunastöðvarinnar að Keldum dýralæknar með tilskilda framhaldsmenntun. Ákvæði um að þrír dýralæknar með sérfræðiþekkingu skuli, er tímar líða, starfa við stofnunina, er sett hér vegna þess að eðlilegast þykir, að rannsóknir á búfjársjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum séu meira í höndum dýralækna en verið hefur. Ákvæðið miðar hins vegar ekki að því að fjölga sérfræðingum við þessa stofnun nú þegar, heldur við það að halda æskilegu hlutfalli dýralækna innan stofnunarinnar.

6. gr.

Hér er kveðið nokkru nánar á um ýmis störf yfirdýralæknis í samræmi við þá reynslu, sem skapast hefur á undanförnum árum, heldur en gert er í gildandi löggjöf.

Um 7. gr.

Þessi grein hefur að geyma ýmis ákvæði um skyldur héraðsdýralækna og annarra dýralækna og er í meginatriðum samhljóða ákvæðum sem er að finna í 4. og 6. grein núgildandi laga um dýralækna. Þó eru ákvæði þessarar greinar um margt ítarlegri svo sem varðandi vottorðagerð, óþarfa kostnað við dýralækningar, skyldur um læknisvitjanir, sé um aðkallandi sjúkdómstilfelli að ræða.

Nefndin telur að reynslan hafi sýnt, að nauðsynlegt sé að binda ákvæði um þessi atriði í lögum.

Þá er í þessari grein að finna ákvæði varðandi sérfræðiviðurkenningu á sviði dýralækninga. Það gerist algengara með hverju ári að starfsmenn í ýmsum stéttum nefni sig sérfræðinga, og hefur það óspart verið notað í launabaráttu innan starfshópa. Þar sem menn geta unnið sér rétt til sérfræðiviðurkenningar á sviði dýralækninga eigi síður en á öðrum sviðum, þótti rétt að fella ákvæði um þetta atriði inn í lögin og tryggja þar með, að rétt og sanngjarnlega verði að málum staðið, þegar til kastanna kemur.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, en sett vegna þess að þegar hefur verið komið á fót dýraspítala, og fyrirsjáanlegt er að dýralæknar muni hefja störf á eigin spýtur á næstu árum eða á vegum félagssamtaka. Er talið sjálfsagt að slík starfsemi lúti eftirliti yfirdýralæknis, eftir því sem nauðsyn og ástæða er talin til, og að dýrahjúkrunarstöðvum og dýraspítölum séu settar starfsreglur.

Um 9. gr.

Þessi grein hefur að geyma svipuð ákvæði og nú er að finna í 5. gr. gildandi laga um dýralækna, en auk þess er lögð áhersla á að dýralæknar, sem ekki eru í þjónustu ríkisins, selji störf sín hóflegu verði.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um það, að auk almennra dýralækninga skuli héraðsdýralæknar annast sölu lyfja fyrir dýr eða ávísa þeim. Jafnframt er í þessari grein að finna nýtt ákvæði, sem kveður svo á, að dýralæknum einum sé heimilt að ávísa lyfjum handa dýrum. Virðist jafn óeðlilegt að læknar ávísi lyfjum handa dýrum og dýralæknar ávísi lyfjum handa mönnum.

Í þessari grein er einnig að finna ákvæði um framleiðslu ónæmisefna á Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Ákvæði um þetta efni var áður fest í lögum nr. 30/1963 um lyfjasölu, en féll niður af vangá við breytingu á þeim lögum. Til að hafa fullkomna stjórn á innflutningi ónæmisefna, eru sett ákvæði um heimild yfirdýralæknis hverju sinni. Er þetta að nokkru í samræmi við ákvæði, sem gilda um ónæmisefni handa mönnum, en ónæmisefni hafa nokkra sérstöðu meðal lyfja og því nauðsynlegt að um þau gildi aðrar reglur, eins og löggjafarvaldið hefur þegar viðurkennt, sbr. lög nr. 38/1978.

Um 11. gr. og 12. gr.

Þessar greinar eru að mestu samhljóða ákvæðum 7. og 8. gr. þeirra laga sem nú gilda. Þó eru í 11. gr. ákvæði um að aðgerðir, sem ætla má að valdi dýrinu verulegum sársauka eða þjáningu, skuli eingöngu framkvæmdar af dýralækni. Ákvæði þessi eru svipuð gildandi ákvæðum í lögum um dýravernd nr. 21/1957.

Þá eru einnig tekin upp ákvæði um sérstaklega hættuleg og varasöm lyf handa dýrum, sem dýralæknar verða sjálfir að gefa. Ákvæði þetta er talið nauðsynlegt, bæði vegna þess að þessi

flokkur lyfja getur verið mjög varasamur í meðförum, en einnig vegna þess, að verkanir þeirra geta haft alvarlegar afleiðingar, sé eigi hárrétt með farið.

Um 13. gr.

13. gr. frumvarpsins er að mestu samhljóða 9. gr. gildandi laga. Þó er þar kveðið ítarlegar á um einstök atriði og áhersla lögð á leiðbeiningaþátt þessa starfs.

Öll meðferð mjólkur í fjósum og mjólkurhúsum er vandasöm. Gæði mjólkurafurða eru að verulegu leyti undir því komin, hvernig hráefnið er, sem til búanna berst. Því verður seint nægilega vel vandað til mjaltastarfa og meðferðar mjólkur, og síst má þar skorta fullkomna leiðbeiningaþjónustu.

Kröfur, sem rísa kunna á grundvelli þessara laga, fyrnast á einu ári frá því móttakandi kvittar fyrir móttöku vörunnar, eða á einu ári og tveimur mánuðum frá því að vara var afhent til flutnings, sé ekki um kvittun móttakanda að ræða.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 18. mars 1980 skipaði samgönguráðherra þriggja manna nefnd „til að semja reglur um vöruflutninga á landi og tillögur að frumvarpi til laga um það efni, ef nefndin kemst að raun um, að slík lagasetning sé nauðsynleg".

Í nefndina voru skipaðir Ólafur S. Valdimarsson, skrifstofustjóri, sem jafnframt var skipaður formaður, Jónas Þór Steinarsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. stórkaupmanna, og Stefán Pálsson, hrl., framkvæmdastjóri Landvara.

Frv. er flutt óbreytt frá tillögum nefndarinnar, ef frá eru taldar nokkrar minni háttar lagfæringar, en því fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Tildrögin að starfi nefndarinnar voru þau, að hér á landi finnast engin lög eða reglugerðir um flutningssamninga og ábyrgð viðkomandi aðila við vöruflutninga á landi og tæpast hefur nokkur sú venja skapast í þessum málum, að til lagaígildis teljist. Sú óvissa, sem þannig hefur ríkt um þessi mál, hefur oft á tíðum valdið deilum, svo að þeir aðilar, sem þessa þjónustu veita og nota, óskuðu eftir, að settar yrðu fastmótaðar reglur í þessu efni.

Fljótlega kom í ljós í starfi nefndarinnar, að slíkar reglur yrðu ekki settar nema í lagaformi. Tillögur þær að frumvarpi, sem hér liggja fyrir, eru samdar á grundvelli tillagna frá Landvara og Fél. ísl. stórkaupmanna, sem aftur eru byggðar á reglum um flutningssamninga og flutningsábyrgð annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt hefur verið höfð til hliðsjónar norsk og dönsk löggjöf, sem jöfnum höndum fjallar um landflutninga innanlands og milli landa. Loks hefur nefndin í tillögum sínum leitast við að fella þær að sérstökum aðstæðum hér á landi, þar sem þess er þörf.

Á það skal bent, að tillögurnar eru eingöngu miðaðar við flutninga innanlands, en að svo komnu máli a. m. k. eru ekki horfur á, að vörur verði fermdar hér til útflutnings á bifreiðar, sem síðan yrðu fluttar sjóleiðis til annarra landa. Um vöruflutninga á bifreiðum milli landa er í gildi sérstakur milliríkjasamningur frá árinu 1956 (Convention on the Contract for the International Carriage of Goods by Road (CMR)), en Ísland er ekki aðili að honum.

Tillögum þeim sem liggja fyrir er skipt í eftirfarandi kafla:

I. Gildissvið
II. Flutningssamningur
III. Ábyrgð flytjanda
IV. Ábyrgð sendanda
V. Ábyrgð móttakanda
VI. Ýmis ákvæði

Kaflaskiptin sýna í stuttu máli um hvaða atriði tillögurnar fjalla, en kaflinn um flutningssamningana er þeirra lengstur og ýtarlegastur.

Telur nefndin að með þeim tillögum sem hún leggur hér fram, ættu þau deilumál ekki að þurfa að koma upp meðal aðila, sem ekki mætti leysa með stoð í þessum tillögum ef að lögum verða, eða öðrum gildandi lögum."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lögunum er ætlað að gilda um vöruflutninga á landi með bifreiðum, fyrst og fremst um þá skipulagsbundnu vöruflutninga, sem fram fara á milli landshluta eða byggðarlaga. Þeim er ekki ætlað að gilda um vörusendingar, sem hafa upphafs- og ákvörðunarstað innan sama bæjarfélags eða kaupstaðar.

Einkenni þessara flutninga eru þau, að flytjandi eða vöruafgreiðsla hans tekur á móti mismunandi stórum vörusendingum til flutnings frá mörgum aðilum og er mjög mismunandi hvað flutt er í sömu ferð fyrir marga aðila.

Tekið er fram, að lögin nái einungis til þeirra flutninga, sem eru gegn gjaldi, því að ástæðulaust þykir að setja lög um þau tilvik, er menn af greiðasemi taka vörur til flutnings án endurgjalds.

Um 2.—3. gr.

Lögin fjalla um réttarsamband sendanda, flytjanda og móttakanda á meðan varan er í umsjá flytjanda og eru greinar þessar settar til þess að taka af öll tvímæli um það, að ekki skipti máli hvers konar bifreið eða tæki tengd við bifreið flytjandinn notar. Í 2. grein núgildandi umferðarlaga nr. 40/1968 með áorðnum breytingum eru skilgreiningar á merkingu orðanna ökutæki, vélknúið ökutæki, bifreið, tengivagn, festivagn og tengitæki, og vísast til þeirra ákvæða um nánari skilgreiningu.

Um 4.—5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um þá meginreglu, að sendandi útfylli fylgibréf með vörusendingu á þar til gerð eyðublöð. Tekið er fram að flytjanda beri að útvega slík eyðublöð, en ekki er talin ástæða til þess að fjalla um það í lagagreininni, hvort flytjandi áskilur sér sérstakt endurgjald fyrir hvert eyðublað eða hvort flytjandi lætur kostnaðinn við gerð eyðublaðanna falla undir heildarflutningskostnaðinn.

Upplýsingar þær, sem upp eru taldar í greininni og skrá skal í fylgibréf eru í samræmi við það sem nú tíðkast í nágrannalöndum okkar og notað hefur verið að hluta hér.

Um 7.—8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Grein þessi fjallar um rannsóknarskyldu flytjanda, er hann tekur við vöru. Flytjanda ber að kanna, hvort merking vörunnar, fjöldi eininga og þess háttar sé í samræmi við upplýsingar í fylgibréfi. Sömuleiðis ber flytjanda að athuga ástand umbúða og gera athugasemdir við þær, ef hann telur tilefni til. Ekki er ætlast til þess að flytjandi rannsaki innihald vörusendingar, heldur einungis að hann beri sjáanlegt ástand sendingarinnar og merkingar saman við fylgibréf og upplýsingar í því. Telji flytjandi ástæðu til þess að gera athugasemdir, þá ber honum að skrá fyrirvara þar um í fylgibréfi.

Um 10. gr.

Grein þessari er sérstaklega ætlað að ná til þeirra tilvika, er varan hefur hættulega eiginleika, svo sem bruna eða sprengihættu eða hætta sé á því, að varan skemmi út frá sér, enda sé um að ræða eiginleika, sem ekki er hægt að ætlast til að flytjanda sé kunnugt um eða að umbúðir eða merking vörunnar bendi ekki til slíkra eiginleika. Ákvæði greinar þessarar er í samræmi við ákvæði IV. kafla.

Um. 11.—14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

2. mgr. greinar þessarar á sérstaklega við það tilvik, að í ljós komi eftir móttöku vörunnar, að um meira vörumagn sé að ræða en um getur í fylgibréfi, og þá eðlilegt, að sendandi beri ábyrgð á hinni röngu tilgreiningu.

Ekki eru allar vörusendingar vigtaðar við móttöku og þykir því rétt að taka af öll tvímæli um, að röng tilgreining á vörumagni sé á ábyrgð sendanda. Er þetta í samræmi við ákvæði 21. gr.

Um 16. gr.

Óvissa ríkir um það, hvernig flutningsábyrgð er nú háttað. Hafa margir flytjendur eftirfarandi fyrirvara prentaðan á fylgibréf sin:

„FLUTNINGSÁKVÆÐI. Þar er vér berum ekki ábyrgð á flutningum eða geymslu skal sendanda á það bent að vátryggja vöruna. Sé varan ekki sótt innan mánaðar áskilur afgreiðslan sér rétt til þess að selja vöruna fyrir áföllnum kostnaði. TRYGGIÐ VÖRUNA".

Margir sendendur hafa mótmælt þessum fyrirvara flytjenda.

Fyrir hefur komið að vara hefur glatast hjá flytjanda, og hefur hann þá borið fyrir sig ofannefndan fyrirvara. Málaferli hafa risið af þessum sökum, en ekki hefur ennþá verið að fullu skorið úr því fyrir Hæstarétti, hvort ofannefndur fyrirvari fær staðist. Grein þessi leysir úr þeim vafa, sem ríkt hefur um ábyrgð flytjanda og kveður á um þá meginreglu, að flytjandi beri ábyrgð á tjóni vöru, svo og hvarfi hennar meðan varan er í hans umsjá, þó með þeim undantekningum, sem getið er um í síðari greinum.

Um 17. gr.

Grein þessi fjallar um þau tilvik, er undanþiggja flytjanda ábyrgð skv. 16. grein. Tilvik þau, sem upp eru talin í stafliðum a—c eru í samræmi við almennar bótareglur og þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Grein þessi kveður á um, að verðmæti glataðrar vöru skuli ákvarðast af verðgildi hennar á því tímamarki, er sendandi afhendir flytjanda vöruna. Skaðabætur takmarkast þó af þeirri takmörkun ábyrgðar, sem um getur í 19. grein.

Í 2. mgr. þessarar greinar er kveðið á um, að auk verðmætis glataðrar vöru skuli flytjandi bæta útlagðan kostnað flutningskaupanda, svo sem flutningskostnað og annan sannanlegan kostnað.

Um 19. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir að hámark skaðabóta skv. 18. gr. á hvert brúttókílógramm sé kr. 150.00 er lög þessi taka gildi hinn 1. júní 1982, sbr. 30. gr. Slík takmörkun ábyrgðar er nauðsynleg og algeng. Fjárhæð þessi er ákveðin m. a. með hliðsjón af ábyrgð í loftflutningum (mars 1980 u. þ. b. 130—140 kr. á hvert kg).

Semjendur frumvarpsins telja nauðsynlegt, að fjárhæð þessi breytist í samræmi við verðlag. Koma helst tvær aðferðir til greina. Önnur er sú að kveða á um það í lögunum, að ráðherra ákvarði hámarksupphæð hverju sinni í reglugerð, en hin aðferðin er sú að miða breytingar á hámarksupphæðinni við einhvern stuðul er fylgir breytingum á verðlagi. Frumvarpssemjendur telja fyrri aðferðina óheppilega, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess að ekki er gert ráð fyrir því í lögunum að nánari útfærsla þeirra verði gerð með reglugerð.

Sú leið hefur verið valin í frumvarpi þessu að láta hámarksupphæðina breytast í samræmi við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu, eins og hún er ákvörðuð hverju sinni af Hagstofu Íslands.

Um 20. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir því, að sé verðmæti vöru tilgreint hærra en kveðið er á um í 19. grein, gildi það verðmæti við ákvörðun bóta, enda komi þá til hærra flutningsgjald. Hér er um tryggingaratriði að ræða og hækkun flutningsgjaldsins yrði þá eins konar tryggingariðgjald vegna aukinnar ábyrgðar.

Um 21. gr.

Grein þessi fjallar um ábyrgð sendanda vegna þeirra upplýsinga sem hann tilgreinir í fylgibréfi eða vegna merkinga hans á vöru. Þetta er í samræmi við e-lið 17. greinar.

Um 22. gr.

Grein þessi gerir sendanda ábyrgan fyrir tjóni, sem vörusending hans kann að valda á mönnum, efni eð annarri vöru vegna þess að umbúðir eru lélegar eða ófullnægjandi. Sendandi er þó undanþeginn ábyrgð, ef ófullnægjandi ástand vörunnar eða umbúðanna er sýnilegt, þegar flytjandi tekur við vörunni til flutnings án þess að gera fyrirvara, sbr. 9. gr.

Um 23. gr.

Ákvæði greinar þessarar er í samræmi við ákvæði 10. greinar og 22. greinar.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir þeirri skyldu móttakanda að sækja vöru eins fljótt og verða má eftir að honum er kunnugt um að varan sé tilbúin til afhendingar á ákvörðunarstað. Ekki er kveðið á um neinn dagafjölda í lögum þessum er líða má frá því að móttakandi veit um vöru á ákvörðunarstað og þar til flytjanda er heimilt að endursenda vöruna. Eins og gert er ráð fyrir í 11. grein hefur sendandi umráðarétt yfir vörunni á meðan á flutningi stendur og er því til þess ætlast, að flytjandi leiti fyrirmæla sendanda á sama hátt og um getur í 14. grein, sbr. 13. grein.

Um 26. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir haldsrétti flytjanda í vörunni, þangað til hann hefur fengið kostnað sinn greiddan, og er þetta í samræmi við almennar reglur.

Um 27. gr.

Með grein þessari er ríkari skoðunarskylda lögð á móttakanda þeirrar vöru, sem hætt er við skemmdum.

Um 28.—30. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 275. Tillaga til þingsályktunar [171. mál]

um staðfestingu viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Spánar.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild Spánar sem undirritaður var í Brussel 10. desember 1981. Viðbótarsamningurinn er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á fundi Norður-Atlantshafsráðsins í Brussel hinn 10. desember 1981 var undirritaður viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild Spánar. Viðbótarsamningurinn er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin fram á heimild Alþingis til þess að Ísland staðfesti viðbótarsamninginn.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR
við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Spánar.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Washington 4. apríl 1949

hafa fullvissað sig um að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við það að Spánn gerist aðili að samningnum

og hafa því orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins skal við gildistöku viðbótarsamnings þessa bjóða, fyrir hönd allra samningsaðila, ríkisstjórn Spánar að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Í samræmi við 10. gr. samningsins verður Spánn aðili þann dag er Spánn afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku aðildarskjal sitt.

PROTOCOL
to the North Atlantic Treaty on the Accession of Spain

The Parties to the North Atlantic Treaty, signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of Spain to that Treaty,

Agree as follows:

Article I

Upon the entry into force of this Protocol, the Secretary General of the North Atlantic Treaty Organization shall, on behalf of all the Parties, communicate to the Government of Spain an invitation to accede to the North Atlantic Treaty. In accordance with Article 10 of the Treaty, Spain shall become a Party on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America.

2. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal ganga í gildi er allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um samþykki sitt á honum. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal skýra öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins frá því hvenær henni berst hver einstök slík tilkynning, svo og frá því hvenær viðbótarsamningur þessi tekur gildi.

3. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda ríkisstjórnum allra aðila Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa neðanskráðir fulltrúar með umboði skrifað undir viðbótarsamning þennan.

Lagður fram til undirritunar í Brussel 10. desember 1981.

Article II

The present Protocol shall enter into force when each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified the Government of the United States of America of its acceptance thereof. The Government of the United States of America shall inform all the Parties to the North Atlantic Treaty of the date of the receipt of each such notification and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of all the Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the Plenipotentiaries designated hereunder have signed the present Protocol.

Open for signature in Brussels on December 10, 1981.

Nd. 276. Frumvarp til laga [172. mál]

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 7,0% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976, draga 1,0% olíugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1982 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar 1982 en ein forsenda þeirrar ákvörðunar, sem tekin var með samþykki allra fulltrúa í yfirnefnd Verðlagsráðs var, að olíugjald yrði 7% á árinu 1982. Meginefni frumvarpsins er því að lækka olíugjald til fiskiskipa utan skipta úr 7,5% í 7% og framlengja það þannig til ársloka 1982. Lög um 7,5% tímabundið olíugjald runnu út um síðastliðin áramót.

Olíugjald utan skipta var tekið upp með lögum í mars 1979. Gjaldið var í fyrstu 2,5% af skiptaverði og fór hæst í 12% en var síðan lækkað aftur. Frá október 1980 til síðustu áramóta var gjaldið 7,5% af skiptaverði.

Á árinu 1978, fyrir olíuverðshækkunina 1979 og 1980, var olíukostnaður skipa á botnfiskveiðum um 12,5% af heildartekjum. Á árinu 1979 hækkaði hlutfall olíukostnaðar í 16,2% af heildartekjum (án olíugjalds) og á árinu 1980 var hlutfallið 18,2%. Ætla má, að á fyrstu mánuðum þessa árs verði olíukostnaður um 19,5% af heildartekjum (án olíugjalds).

Ákvæði einstakra greina frumvarpsins eru óbreytt frá því sem gilti á árinu 1981 að öðru leyti en því að gjaldið lækkar úr 7,5% í 7% af skiptaverði, eins og áður sagði.

Ed. 277. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 2 1. febrúar 1980 um breyting á lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og breyting á lögum nr. 81 21. desember 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau, ásamt öðrum gildandi breytingum, inn í lög nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og gefa lögin út þannig breytt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1982 nema 3,575%.

Tekjur af gjaldinu skiptast sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs, áhafnadeildar	32,3%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:	
a) Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	30,8%
b) Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	4,6%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:	
a) Til Fiskveiðasjóðs	27,7%
b) Til Fiskimálasjóðs	1,2%
4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1,6%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,9%
6. Til samtaka sjómanna	0,9%
Samtals:	100,0%

Ákvæði til bráðabirgða II.

Í stað orðanna „til 31. desember 1981" í niðurlagi 3. gr. laga nr. 81 21. desember 1981, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl., komi orðin: til 1. maí 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 2 1. febrúar 1980 var útflutningsgjald af sjávarafurðum ákveðið 5,5% af fob-verðmæti útflutnings í stað 6% áður.

Gildistökuákvæði sömu laga, 5. greinin, er svohljóðandi: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru á árunum 1980 og 1981".

Ein af forsendum fiskverðsákvörðunar nú er, að útflutningsgjald af sjávarafurðum verði áfram 5,5% af fob-verðmæti útflutnings. Því ber nauðsyn til að fella niður seinni hluta 5. gr. nefndra laga, þannig að útflutningsgjald af sjávarafurðum hækki ekki í 6% heldur verði óbreytt, þ. e. 5,5% á árinu 1982.

Um 2. gr.

Frá því lögin nr. 5 13. febrúar 1976 voru sett hafa verið gerðar á þeim ýmsar breytingar og auk þess sett tímabundin ákvæði til bráðabirgða, sem nú eru flest úr gildi fallin.

Til hagræðis og aukins skýrleika er því þörf á að gefa lögin út að nýju í heild.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Þegar verð á loðnu til bræðslu frá 1. október 1981 til síðustu áramóta var ákveðið af yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, var ein af forsendum verðákvörðunar, að útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi, sem framleitt yrði á tímabilinu, lækkaði úr 5,5% í 3,575%. Þegar loðnuveiðar voru stöðvaðar í desember síðastliðnum áður en tekist hafði að ná þeim heildarkvóta, sem settur hafði verið, var þeim skipum, sem ekki höfðu enn veitt upp í helming kvótans, veitt leyfi til þess að ná því marki. Þar sem hér er í raun um að ræða framhald á haustvertíðinni, þykir eðlilegt, að ekki sé hróflað við þessari forsendu verðákvörðunarinnar frá því í október síðastliðnum og lækkun útflutningsgjaldsins taki því til framleiðslu fyrstu fjögurra mánaða þessa árs.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæði til bráðabirgða I hér að framan er gert ráð fyrir, að ákvæði um lækkun útflutningsgjalda á loðnumjöli og -lýsi gildi til loka apríl 1982. Þar sem önnur forsenda loðnuverðsákvörðunar frá október síðastliðnum var, að veitt yrði ríkisábyrgð fyrir lánum til síldar- og fiskimjölsdeildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna framleiðslu á haustvertíð 1981, þykir rétt að framlengja þau tímamörk, sem tilgreind voru í 1. nr. 81/1981, til samræmis við það sem gildir skv. ákvæði til bráðabirgða I. Eftir sem áður verður ríkisábyrgðin takmörkuð við fjárhæðina 42 milljónir króna.

Sþ. 278. Fyrirspurn [174. mál]

til utanríkisráðherra um afstöðu ríkisstjórnarinnar til einræðisstjórnarinnar í Tyrklandi.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Hefur íslenska ríkisstjórnin beitt áhrifum sínum innan Atlantshafsbandalagsins til þess að mótmæla einræðisstjórn og mannréttindabrotum í öðru bandalagsríki, Tyrklandi?

Nd. 279. Frumvarp til laga [175. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Við 30. gr., kafla E, bætist nýr töluliður, 4, er orðist svo:

4. Viðhald, fasteignagjöld og iðgjald af húseigendatryggingu á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við setningu tekjuskattslaganna var sú stefna mörkuð, að rekstrarkostnaður við íbúð viðkomandi skyldi ekki frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Síðan hefur verið horfið frá þessu varðandi leiguhúsnæði, þannig að húsaleiga er nú frádráttarbær að hálfu. Þetta hefur skapað misræmi, ekki síst ef jafnframt er haft í huga að verulegu opinberu fé og vaxandi er á ári hverju varið til byggingar leiguhúsnæðis. Á sama tíma hefur hlutur húsbyggjenda versnað svo, að einungis kjarkmenn ráðast í að reisa sér þak yfir höfuðið eins og nú er komið.

Ekki þarf að tíunda, hversu mikið er í húfi fyrir samfélagið að íbúðarhúsnæði sé sómasamlega haldið við. Á þessu hefur verið alvarlegur misbrestur varðandi hvers konar hús í opinberri eigu, íbúðarhús sem önnur. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, stuðlar að því, að einstaklingarnir haldi íbúðarhúsum sínum áfram vel við og séu forsjármönnum ríkiseigna til eftirdæmis hér eftir sem hingað til. Frumvarpið stuðlar m. ö. o. að varðveislu verðmæta, sem ekki veitir af á þessum síðustu tímum, um leið og það horfir til réttlætis. Þar sem þetta hvort tveggja fer saman er þess að vænta, að málið nái fram að ganga á hinu háa Alþingi.

Ed. 280. Frumvarp til laga [176. mál]

um hagkvæmni í stærð og endurnýjun skipastólsins.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Á hverju ári frá og með 1984 skulu viðbætur og endurnýjun fiskiskipa nema að hámarki 50% af meðaltali úrfalls tveggja næstliðinna ára, mældu í brúttórúmlestum. Úrfall telst í þessu sambandi ef skip er afmáð af skipaskrá, og viðbætur og endurnýjun teljast nýsmíði fiskiskipa innanlands og erlendis og kaup á fiskiskipum erlendis frá.

Opinberar lánastofnanir og gjaldeyrisyfirvöld skulu að höfðu samráði sín á milli sjá svo um að veitt lánsloforð og gjaldeyrisyfirfærslur á hverju ári til nýsmíða og kaupa á fiskiskipum séu innan ofangreindra marka um viðbætur og endurnýjun.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og gilda til ársloka 1986.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1982 og 1983 skulu engin lánsloforð veitt né heimildir til erlendrar lántöku til innflutnings á fiskiskipum. Á árunum 1982 og 1983 skulu lánsloforð vegna nýsmíða fiskiskipa innanlands svara að hámarki til smíði 1200 rúmlesta hvort ár.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á undanförnum árum ítrekað bent á þá lífskjaraskerðingu, sem felst í stækkun fiskiskipastólsins við núverandi aðstæður. Í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar var innflutningur fiskiskipa stöðvaður fyrir frumkvæði Alþýðuflokksins. Núverandi sjávarútvegsráðherra hleypti hins vegar af stað nýrri innflutningsskriðu. Það frumvarp, sem hér er flutt, var áður flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Með samþykkt þess væri mörkuð ákveðin stefna í stærð og endurnýjun skipastólsins. Þær viðbætur við fiskiskipastólinn, sem hafa verið samþykktar síðan frumvarpið var síðast flutt, sanna betur en nokkuð annað nauðsyn þess, að löggjafinn móti heildarstefnu í þessum málum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eins og nú standa sakir er beitt víðtæku skömmtunarkerfi til þess að hafa hemil á heildarafla helstu nytjafiska. Togurum eru bannaðar þorskveiðar þriðjung úr árinu. Bátaflotinn býr við takmarkanir á þorskveiðum, síldveiðum og loðnuveiðum. Af þessu er augljóst að fiskiskipastóllinn er of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna. Þegar heildarveiðin og þar með heildartekjur eru takmarkaðar er augljóst að sérhver viðbót við flotann minnkar afla og tekjur allra hinna sem fyrir eru. Viðbótin við flotann þýðir að minna kemur í hvern hlut jafnframt því sem kostnaður vex. Viðbótin rýrir þannig kjör sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar allrar.

Á sama hátt þýðir minnkun flotans við þessar aðstæður að meira kemur í hvern hlut og hagur sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar batnar.

Flestum ætti að vera þessi sannindi ljós, enda má segja að nauðsyn þess að hafa hemil á stærð skipastólsins njóti nú orðið almenns skilnings og þá ekki síst meðal sjómanna, útgerðarmanna og annarra þeirra sem starfa í sjávarútvegi. Engu að síður hefur nú á ný verið hleypt af stað skriðu innflutnings sem eykur stærð skipastólsins.

Ýmsir hafa undrast það, að sífellt skuli vera ásókn í ný fiskiskip, þótt afkoma sé léleg og erfitt að sjá rekstrargrundvöll fyrir ýmis þau skip sem í flotann bætist. Skýringin á þessu er

vafalaust sú, að útgerðaraðilar byggja það á reynslunni, að stjórnvöld hlaupi undir bagga þegar í harðbakka slær.

Á hinn bóginn er vert að leggja áherslu á að hver einstakur útgerðaraðili keppist vitaskuld við að ná sem mestu í sinn hlut án tillits til þess, að aukin aflabrögð hans eru á kostnað allra annarra í greininni, þegar heildarafli er takmarkaður. Þetta er að ýmsu leyti eðlilegt, en birtist m. a. í ásókn í ný skip. En einmitt það, að málum skuli svona háttað, leggur stjórnvöldum ríkar skyldur á herðar. Einmitt af þessum sökum verða stjórnvöld að tryggja hæfilega stærð skipastólsins og hindra ofvöxt hans. Fiskveiðistefna án strangrar takmörkunar á stærð skipastólsins er markleysa.

Jafnframt því að stefna að hagkvæmri stærð skipastólsins verður að vinna að því, að fiskiskipin séu vel búin og veiti góðan aðbúnað. Eðlileg framþróun og endurnýjun verður að eiga sér stað. Þótt togaraflotinn sé tiltölulega nýr er ljóst að bátaflotinn er að ýmsu leyti úr sér genginn og þarfnast endurnýjunar og endurbóta.

Að slíkri þróun er eðlilegt að stefna, en það verður þó að gerast innan þeirra marka að heildarskipastóllinn vaxi ekki, heldur verði úr honum dregið.

Engin leið er til önnur til þess að draga úr stærð fiskiskipastólsins en að sjá til þess, að meiri sóknarþungi hverfi úr rekstri en það sem við bætist vegna endurnýjunar. Nærtækasta og jafnframt átakaminnsta leiðin er að setja sér að viðbætur og endurnýjun fari ekki fram úr tilteknu hlutfalli af úrfalli úr flotanum. Með þessu frumvarpi er sú stefna mörkuð. Margir mundu sjálfsagt óska þess, að örar miðaði en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og færa má fyrir því margvísleg rök. Engu að síður mundi með samþykkt frumvarpsins miða til réttrar áttar í stað þess að nú stefnir í öfuga átt. Þetta frumvarp er flutt til þess að vilji löggjafans komi fram og þá ekki síst með hliðsjón af því, hve hörmulega til hefur tekist hjá núverandi ríkisstjórn í þessum efnum.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að almenna reglan verði sú, að endurnýjun skipastólsins megi ekki á neinu ári fara fram úr 50% af meðaltali úrfalls tveggja næstliðinna ára mældu í brúttórúmlestum. Með tilliti til þróunarinnar síðustu misseri er þó gert ráð fyrir að á árunum 1982 og 1983 verði gert algjört hlé á innflutningi fiskiskipa og innlendar smíðar takmarkaðar.

Í frumvarpinu er hins vegar ekki kveðið á um í hvers konar skipum sú endurnýjun, sem frumvarpið heimilar, eigi sér stað. Talið er eðlilegt að ríkisstjórnin, lánasjóðir og aðilar í sjávarútvegi marki stefnuna að því leytinu.

Gert er ráð fyrir að lög þessi gildi til ársloka 1986.

Ed. 281. Frumvarp til laga [177. mál]

um breytingu á lögum nr. 87 frá 24. des. 1971, um orlof.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vera vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi. Laugardagar, sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi af þeim Gunnari Má Kristóferssyni og Karli Steinari Guðnasyni, en varð eigi útrætt.

Þegar orlofslög voru sett af Alþingi á árinu 1942, var lagt til grundvallar að hver sá, sem lögin tóku til, skyldi fá jafnmarga virka daga í orlofi og hann hafði unnið marga almanaksmánuði næsta orlofsár á undan.

Samkvæmt gildandi lögum um orlof er aðalreglan sú, að orlof er 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð.

Við setningu laganna 1942 var vinnuvika verkafólks yfirleitt 48 klst. í dagvinnu, unnin á 6 virkum dögum, mánudegi til og með laugardegi. Á þeim tíma var því næsta eðlilegt, miðað við regluna um einn orlofsdag fyrir hvern unninn mánuð, að allir virkir dagar vinnuvikunnar teldust til orlofsdaga. Frídagar, sem til falla á orlofstímabili, og helgidagar, hafa ávallt verið utan orlofs.

Almenn vinnuvika verkafólks hefur verið stytt í áföngum frá 1942 og er nú 40 klst. í dagvinnu, sbr. lög nr. 88 24. desember 1971, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. 2. gr. nefndra laga er sú meginstefna mörkuð, að vinna skuli 8 dagvinnustundir á degi hverjum frá mánudegi til og með föstudegi, og í 4. mgr. sömu greinar er ákveðið að næturvinna taki við strax eftir dagvinnulok á föstudögum, þ. e. þegar lokið er lögbundinni vinnuviku. Fimm daga vinnuvika er því staðreynd hjá meginþorra verkafólks, unnin á mánudegi til og með föstudegi. Laugardagar eru þannig í reynd frídagar hjá öllu verkafólki öðru en því, sem vinnur afbrigðilegan vinnutíma, en það fólk fær þá jafnan annan vikudag sem frídag í stað laugardagsins.

Í samræmi við þá þróun, sem hér hefur verið rakin, hlýtur það að teljast réttlætismál, að til orlofsdaga teljist einvörðungu þeir fimm vinnudagar í viku hverri, sem dagvinnuskylda fellur á, þ. e. mánudagur til og með föstudegi, en hvorki laugardagur, sunnudagur né aðrir frí- eða helgidagar, sem til falla á orlofstímabili.

Þessi eðlilega og sjálfsagða leiðrétting hefur þó ekki átt sér stað, því samkvæmt gildandi lögum um orlof eru laugardagar taldir til orlofsdaga gagnstætt öðrum viðteknum frídögum. Í nokkrum tilfellum hafa þó stéttarfélög fengið fram leiðréttingu í þessum efnum með því að taka upp í kjarasamninga sína ákvæði um, að laugardagar skuli ekki teljast með orlofi fremur en aðrir frídagar.

Þessi mismunandi tilhögun um ákvörðun orlofsdaga skapar óviðunandi misrétti milli starfshópa, jafnvel á einum og sama vinnustað. Úrelt lagaákvæði, sem ekki eru í samræmi við þá þróun vinnutímans sem átt hefur sér stað, mega ekki standa í vegi fyrir því, að jafnrétti komist á hvað lengd orlofstímans snertir.

Orlofslögin voru á sínum tíma sett til þess að tryggja verkafólki lágmarkshvíld frá störfum og þá höfð í huga vinnuverndarsjónarmið. Á þeim tæplega 40 árum, sem lögin hafa verið í gildi, hefur lágmarksorlof lengst úr 2 í 4 vikur, en er nú mun styttra hér á landi en víðast í nálægum löndum þar sem almennt orlof er 5—6 vikur (25—30 vinnudaga á ári).

Enda þótt flutningsmenn þessa frumvarps telji fyllilega tímabært að lengja lágmarksorlof hér á landi til samræmis við þá þróun, sem átt hefur sér stað og að var vikið hér að framan, er ekki í þessu frumvarpi gerð tillaga um slíkt, m. a. vegna þess að það er skoðun flm., að áður þurfi að ráða bót á misrétti, se nú á sér stað, svo og að finna leiðir til þess að auka orlofsgreiðslur, sem nú eru að dómi flm. of lágar hér á landi og tryggja engan veginn efnahagslegt öryggi verkafólks á orlofstímanum.

Með frumvarpi þessu er einungis leitast við að leiðrétta augljóst ranglæti og samræma orlofsrétt verkafólks þeirri þróun vinnuvikunnar, sem almennt hefur átt sér stað á þeim tíma er liðinn er frá því er gildandi lagaregla var upp tekin, jafnframt því sem leiðrétt verði það misrétti, sem nú viðgengst milli starfsstétta hvað lengd orlofsins snertir.

Nd. 282. Frumvarp til laga [178. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Jón Ingi Ingvarsson.

1. gr.

4. tölul. 66. gr. laganna orðist svo:
Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 14 ára og eldri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árlega er varið miklum fjármunum af opinberu fé til menntunar barna og ungmenna. Foreldrar kosta einnig miklu til menntunar barna sinna. Það ræður miklu um þeirra kostnað hvort hægt er að ljúka grunnskólaprófi innan sveitar eða hvort senda þarf börnin langan veg til náms í efstu bekkjum grunnskólans.

Samkvæmt lögum þurfa nemendur í efstu bekkjum grunnskóla að vera minnst 12 í árgangi að meðaltali svo skóli eigi rétt á að hafa efstu bekkina. Með því að safna þessum nemendum saman og hafa fleiri nemendur saman í bekk sparar hið opinbera. Þetta leiðir aftur á móti til stóraukinna útgjalda foreldra og leiðir oft til búferlaflutninga. Einnig er vitað að lægra hlutfall nemenda fer til framhaldsmenntunar frá þessum svæðum og meira um það að nemendur þar ljúki ekki grunnskólanámi.

Það, sem hér er lagt til, er aðeins skref í réttlætisátt. Með bættum efnahag þjóðarinnar verða vonandi stigin stærri skref. Jafnir menntunarmöguleikar æskunnar eru ekki bara réttlætismál, heldur einnig undirstaða efnahagslegrar velferðar þjóðarinnar.

Sþ. 283. Fyrirspurn [179. mál]

til menntamálaráðherra um Þjóðskjalasafn Íslands.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hvað er að gerast í málum Þjóðskjalasafns Íslands?
2. Hver hafa orðið viðbrögð menntamálaráðuneytis og ráðherra að fengnum niðurstöðum og tillögum skjalavörslunefndar, sem ráðuneytið skipaði í okt. 1980 til að gera tillögur um vörslu og grisjun embættisgagna er Þjóðskjalasafn á samkv. gildandi lögum að veita viðtöku?
3. Má vænta þess, að hreyfing komist á þessi mál á nýbyrjuðu ári, sem er 100 ára afmælisár Þjóðskjalasafns Íslands?

Sþ. 284. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um mótun opinberrar stefnu í íslenskum flugmálum.

Flm.: Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að móta opinbera stefnu í íslenskum flugmálum, er byggist á eftirtöldum grundvallaratriðum:

1. Stefnt skal að því, að grunneining í flugrekstri Íslendinga verði eitt flugfélag, er af Íslands hálfu hafi sérleyfi til alls áætlunarflugs til útlanda. Þetta sama félag hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.
2. Öðrum flugfélögum í innanlandsflugi verði gert kleift, með opinberri aðstoð ef nauðsynlegt reynist, að tengjast neti aðalflugleiða til að halda uppi áætlunarflugi til þeirra staða, er aðalflugleiðirnar ná ekki til. Þessir tveir flokkar flugleiða verði skýrt afmarkaðir.
3. Verðlagning fargjalda á innanlandsflugleiðum verði gerð raunhæf til að tryggja það, að eðlileg endurnýjun flugflota, þjónusta og rekstur geti farið fram og fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna.
4. Ekkert flugfélag skal hafa forgangsrétt til leiguflugs og öllum frjálst að semja við hvaða flugfélag sem er, uppfylli það skilyrði um öryggismál. Þess verði þó ávallt gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug.
5. Stefnt skal að því, að allar viðgerðir og viðhald flugvéla í íslenska flugflotanum fari fram á Íslandi.
6. Framlag ríkissjóðs til flugmála ár hvert samkvæmt fjárlögum nemi eigi lægri fjárhæð en 1.5 af hundraði fjárlaga. Því fé verði varið í samræmi við þá áætlun, sem gerð var 1976 um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, og tilgreindar tölur færðar til verðlags hvers árs.
7. Þegar í stað verði hafnar framkvæmdir við smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli í samræmi við þá stefnumörkun stjórnvalda, að aðskilja beri almenna flugstarfsemi á flugvellinum frá starfsemi varnarliðsins.
8. Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur Reykjavíkur vegna innanlandsflugs. Með það í huga verði hann endurbættur eftir föngum og reist ný flugstöð er öll flugfélög geti haft not af.

Greinargerð.

Það má öllum vera ljóst, að góðar og öruggar flugsamgöngur eru Íslendingum mikilvægari en flest annað. Þetta á bæði við um flugsamgöngur við umheiminn og innanlands. Segja má með fullum rétti, að traustar flugsamgöngur séu íslensku þjóðinni trygging fyrir frelsi hennar og sjálfstæði. En þetta verður ekki að fullu tryggt nema flugið sé að mestu eða öllu leyti í höndum Íslendinga sjálfra, en þó auðvitað innan þeirra marka er alþjóðlegir samningar setja, og er þá átt við gagnkvæma loftferðasamninga.

Til þess að tryggja góðar og öruggar flugsamgöngur til og frá Íslandi, svo og innanlands til frambúðar, verður að vera kleift **að þróa rekstrareiningar í þá stærð, sem nauðsynleg er til að geta sinnt áætlunarflugi allt árið við fullnægjandi öryggi.** Á mælikvarða hinna risavöxnu alþjóðlegu flugfélaga eru íslensk flugfélög örsmá, og mundu þau vafalaust eiga erfitt um vik ef stóru flugfélögin tækju þá ákvörðun að hefja harða samkeppni í Íslandsflugi, sem þau hafa rétt til samkvæmt gildandi tvíhliða loftferðasamningum.

Íslensk stjórnvöld hafa aldrei mótað alhliða flugmálastefnu, sem spannar hið stóra svið millilanda- og innanlandsflugs. Þó hafa stöku ríkisstjórnir og ráðherrar látið vinna allgott starf, er að notum getur komið við mótun alhliða, opinberrar stefnu í flugmálum.

Í málefnasamningi ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens eru nokkur atriði, er snerta samgöngumál almennt og flugmál sérstaklega. Þau atriði verða nú rakin hér:

a) Unnið verði að því að færa viðhald flugvéla í meira mæli inn í landið en nú er.
b) Gerðar verði samgönguáætlanir fyrir landið allt og einstaka landshluta.
c) Lögð verði áhersla á bætt skipulag flutninga innanlands og milli landa.
d) Framkvæmdum við flugvelli og öryggisbúnað þeirra verði hraðað.
e) Í byggðamálum verði unnið að brýnum framkvæmdum í undirstöðuþáttum, svo sem á sviði orkumála, samgangna og fjarskipta.
f) Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allra aðila í ríkisstjórninni.
g) Athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli.

Af þessari upptalningu má ljóst vera, að núverandi ríkisstjórn hefur ekki fremur en aðrar ríkisstjórnir gert tilraun til að móta alhliða flugmálastefnu.

Í desember 1976 var dreift á Alþingi skýrslu sérstakrar nefndar um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, sem lokið var við í nóvember s. á. Skýrsla þessi var síðan lögð fram sem þingskjal 594 og henni fylgt úr hlaði með ræðu samgönguráðherra í sameinuðu þingi hinn 4. maí 1977.

Áminnst skýrsla hefur verið höfð til hliðsjónar hjá flugráði og samgönguráðuneyti við gerð fjárlagatillagna fyrir árin 1977 og 1978.

Ljóst er að ekki er unnt að mæta tillögum flugvallanefndar um fjármagn og framkvæmdahraða, en þar sem í skýrslu hennar eru á glöggan hátt dregnar saman upplýsingar um núverandi ástand íslenskra flugvalla og gerðar tillögur um sem skipulegastar úrbætur í þeim efnum, þá hefur verið talið rétt að leita með tillögu þessari eftir vilja Alþingis um alhliða stefnumörkun þess í uppbyggingu flugvalla og annars þess búnaðar sem nauðsynlegur er til sem öruggastra flugsamgangna hér á landi.

Hinn 2. maí 1978 var síðan afgreidd frá sameinuðu þingi (271. mál) þingsályktunartillaga, er hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því við skiptingu þess fjár, sem árlega er veitt til framkvæmda í flugmálum, að hliðsjón verði höfð í öllum meginatriðum af tillögum **flugvallanefndar frá nóvember** 1976 og að við mat á forgangsröð slíkra framkvæmda verði eftirfarandi einkum haft í huga:

a) Öryggisbúnaður flugvallarins.
b) Aðbúnaður flugfarþega.
c) Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga.
d) Ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaðar.
e) Mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag.
f) Þarfir millilandaflugs."

Það er á valdi hvers og eins þingmanns að meta og vega á hvern hátt þessari þingsályktunartillögu hefur verið fylgt eftir.

Skýringar við einstaka tölulið.

1. tölulið:

Þar segir, að stefnt skuli að því, að grunneining í flugreksri Íslendinga verði eitt flugfélag, er af Íslands hálfu hafi sérleyfi til alls áætlunarflugs til útlanda. Þetta sama félag hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.

Þessi stefna byggist á því grundvallaratriði, að rekstrareiningar nái að þróast í þá stærð, sem nauðsynleg er til að geta sinnt áætlunarflugi allt árið við fullnægjandi öryggi.

Það er öllum mönnum ljóst, sem eitthvað fást við flugmál á Íslandi, að millilandaflugið og aðalflugleiðir innanlands eru ekki til skiptanna, ef unnt á að vera að bjóða öruggar flugsamgöngur. Þetta hefur verið sannað með margvíslegum rökum, sem ekki verður hnekkt. Þá er þessi stefna staðfest er stjórnvöld beita sér fyrir sameiningu Flugfélags Íslands og Loftleiða árið 1973. Í bréfi samgönguráðherra, dags. 25. júní 1973, kemur þessi stefna mjög skýrt fram, en þar segir orðrétt:

„Ráðuneytið vitnar til þess, sem fram hefur komið varðandi réttindi nýs sameinaðs flugfélags, ef stofnað verður, í viðræðum þeim um samvinnu eða sameiningu Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf., sem staðið hafa yfir frá því seint í nóvember s. l. ár, með þátttöku trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, og sem nú eru komnar á lokastig.

Sjónarmið flugfélaganna um þessi atriði eru dregin saman í 6. lið bréfs stjórnarformanns Loftleiða, dags. 30. f. m., til ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins, sem hefur stjórnað umræddum viðræðum.

Ráðuneytinu virðist að einkum sé um eftirgreinda þrjá þætti réttinda til flugstarfsemi að ræða, sem óskað er staðfestingar ráðuneytisins á, að nýtt sameinað félag myndi njóta:

1) Hið sameinaða félag fái einkarétt á öllu áætlunarflugi til útlanda.
2) Hið sameinaða félag fái sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.
3) Hið sameinaða félag fái forgangsrétt til leiguflugs til og frá útlöndum, eftir því sem við verður komið.

Ad. 1:

Ráðuneytið minnir á, að Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. hafa annaðhvort eða bæði allt frá því fyrsta verið tilnefnd af Íslands hálfu til að njóta þeirra réttinda, sem Ísland hefur haft, samkvæmt loftferðasamningum við önnur ríki (designated airlines), hafi félögin viljað starfrækja flug á viðkomandi flugleiðum.

Telur ráðuneytið ekki neina ástæðu til að gera ráð fyrir að breyting verði á þessari stefnu, þótt yfirstjórn félaganna verði sameinuð, nema síður sé. Ráðuneytið minnir á, að opinber stjórnvöld hafa átt frumkvæði að sameiningartilraunum flugfélaganna, og hlýtur rökrétt afleiðing þeirrar stefnu að vera sú, að sameinað flugfélag, eða núverandi flugfélög, sem verða undir þess yfirstjórn, verði tilnefnd til að njóta allra þeirra réttinda til reglubundins áætlunarflugs, á erlendum flugleiðum, sem Ísland hefur samkvæmt loftferðasamningum og það eða þau vilja nýta.

Ad. 2:

Í liðlega 20 ár hefur framkvæmd sérleyfisveitinga til innanlandsflugs verið sú, að Flugfélag Íslands hf. hefur fengið sérleyfi eða flugleyfi án sérleyfis til reglubundins áætlunarflugs á þeim innanlandsleiðum, sem það hefur sótt um. Þannig voru Flugfélagi Íslands hf. síðast veitt, hinn 27. október 1970, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs á 12 flugleiðum innanlands og leyfi til reglubundins áætlunarflugs, án sérleyfis, á 11 öðrum innanlandsleiðum, allt eins og sótt var um af hálfu félagsins 1. september 1970. Leyfi þessi gilda til ársloka 1975, en samkvæmt VII. kafla loftferðalaga, nr. 34/1964, sbr. 85. gr., skal veita slík leyfi „um tiltekinn tíma“ og hefur í framkvæmd verið miðað við fimm ár.

Ekki er sjáanleg nein ástæða til að vænta hér breytinga þótt yfirstjórn Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf. verði sameinuð.

Hins vegar er rétt að benda á, að ráðuneytið hefur veitt eða gefið öðrum flugfélögum fyrirheit um veitingu sérleyfa á nokkrum flugleiðum, sem ekki geta talist með „aðalflugleiðum“, samkvæmt meðmælum heimamanna og flugráðs, enda hefur þá verið um að ræða þjónustu, sem Flugfélag Íslands hf. ekki hafði hug á að starfrækja.

Ad. 3:

Augljóst er, að það er ekki á valdi ráðuneytisins, miðað við gildandi viðskiptahætti, að gefa félaginu fyrirheit um „forgangsrétt" til leiguflugs til eða frá Íslandi, þar sem slíkt flug byggist á samningum flytjanda og skipuleggjanda ferðar.

Í viðræðum við fulltrúa flugfélaganna hefur hins vegar komið fram, að átt sé við, að félagið geti notið umræddra viðskipta „að öðru jöfnu", og mun ráðuneytið að sjálfsögðu stuðla að því, eftir því sem í þess valdi stendur.

Einnig er upplýst, að þess er vænst, að ráðuneytið hagi leyfisveitingum til leiguflugs á þeim leiðum, sem íslensk flugfélög fljúga reglulega, þannig að ekki komi tilfinnanlega við hagsmuni þeirra. Um þetta efni gildir nú reglugerð nr. 107/1972, um komu, brottför og yfirflug flugfara í millilandaflugi yfir íslensk yfirráðasvæði.

Er ráðuneytið reiðubúið til að taka til athugunar óskir nýs sameinaðs flugfélags um breytingar á téðum reglum, til að tryggja rekstursgrundvöll áætlunarflugs til og frá Íslandi.

Ráðuneytið væntir þess að framangreindar skýringar séu fullnægjandi en er að öðru leyti reiðubúið til viðræðna við fulltrúa fyrirhugaðs sameinaðs félags. Þar sem ráðuneytið telur sameiningu félaganna mikilsvert skref til að tryggja samgöngur Íslendinga, bæði innanlands og við önnur lönd, mun það að sjálfsögðu leggja sig fram til að koma til móts við sanngjörn sjónarmið sameinaðs flugfélags, til að tryggja því nægileg viðfangsefni og sem traustastan rekstrargrundvöll.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Hér fer ekki á milli mála, hver grundvallarstefna ráðuneytisins er, enda var efnt til sameiningar félaganna þar eð samkeppni þeirra var talin valda báðum félögunum tjóni og auðvitað þjóðarbúinu í heild. Ástæðurnar eru augljósar og eru auðvitað í fullu gildi enn í dag, þótt svo slysalega hafi tekist til, að núverandi samgönguráðherra hafi efnt til samkeppni flugfélaga, sem forverar hans reyndu að koma í veg fyrir. Nánar verður fjallað um þetta atriði við framsögu málsins.

2. töluliður:

Í 2. tölulið segir, að öðrum flugfélögum verði gert kleift, með opinberri aðstoð ef nauðsyn krefur, að tengjast neti aðalflugleiða til að halda uppi áætlunarflugi til þeirra staða, er aðalflugleiðirnar ná ekki til. Þessir tveir flokkar flugleiða verði skýrt afmarkaðir.

Um þennan lið má segja, að um hann gildi mörg af þeim rökum, er fram koma í skýringum við 1. tölulið. Hér gildir það, að rekstrareiningar í innanlandsflugi geti orðið það stórar að unnt reynist að halda uppi öruggu og reglulegu flugi með góðum flugvélum á fjölförnustu leiðum. Vart þarf að minnast á nauðsyn eðlilegrar endurnýjunar flugflotans, en af ýmsum ástæðum, og þá m. a. rangri verðlagsstefnu, hefur ekki reynst unnt að endurnýja innanlandsflugflotann eins og æskilegt hefði verið.

Um nokkurra ára skeið hafa lítil flugfélög haldið uppi áætlunarflugi innan landsfjórðunga. Forustumenn þeirra félaga hafa sýnt fádæma dugnað og gjörbreytt öllum samgöngum til einangraðra byggðarlaga. Þeir hafa hins vegar fengið lítinn stuðning til að halda rekstrinum gangandi, þegar illa hefur árað. Þetta flug er mikilvægt og lífsnauðsynlegt. Hið opinbera verður að veita þessu flugi meiri stuðning en nú er, en binda svo um hnúta að ekki skarist aðalflugleiðir og þær, sem litlu flugfélögin hafa annast.

3. töluliður:

Í 3. tölulið segir, að verðlagningu fargjalda á innanlandsflugleiðum verði að gera raunhæfa til að tryggja það, að eðlileg endurnýjun flugflota, þjónusta og rekstur geti farið fram og fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna.

Áður hefur verið á það minnst, að röng verðlagsstefna í fargjaldamálum hafi komið í veg fyrir að þessi endurnýjun gæti átt sér stað.

Umtalsverður hallarekstur á innanlandsflugi, svo og öðru flugi, hlýtur fyrr eða síðar að hafa þær afleiðingar, að allt viðhald verður dýrara og óhagkvæmara eftir því sem flugvélarnar verða eldri. Þetta er hættuleg stefna í flugi, þar sem mikið ríður á að flugvélakostur sé sem fullkomnastur og að tafir verði ekki óeðlilega miklar vegna tíðra bilana. Þetta er einnig, að mati flutningsmanna, umtalsvert öryggisatriði.

4. töluliður:

Í 4. tölulið segir, að ekkert flugfélag skuli hafa forgangsrétt til leiguflugs og öllum frjálst að semja við hvaða flugfélag sem er, uppfylli það skilyrði um öryggismál. Þess verði þó ávallt gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug.

Þessi töluliður þarfnast ekki margra skýringa. Í honum er kveðið svo á, að ferðaskrifstofum og öðrum þeim aðilum, sem skipuleggja hópferðir, sé heimilt að semja við hvert það flugfélag, er best kjör býður, svo fremi að flugfélagið uppfylli allar kröfur um öryggisreglur. Þess verði hins vegar gætt, að leiguflug verði aldrei í beinni samkeppni við almennt áætlunarflug.

5. töluliður:

Í 5. tölulið segir, að stefnt skuli að því, að allar viðgerðir og viðhald flugvéla í íslenska flugflotanum fari fram á Íslandi. Nokkrar ríkisstjórnir hafa haft þetta mál á stefnuskrá sinni og íslenskir flugvirkjar hafa barist fyrir framgangi þess. Talsvert hefur miðað áleiðis.

Í september á síðasta ári gerði stjórn og trúnaðarráð Flugvirkjafélags Íslands eftirfarandi ályktun.

„Flugvirkjafélag Íslands hefur barist fyrir undanfarin ár, og eytt til þess mikilli vinnu og fé, að viðhald flugflota Flugleiða, ásamt fylgihlutum, sé unnið hérlendis af Íslendingum. Nú hefur starf þetta loks borið þann árangur, að mikið af þeirri vinnu, er áður var unnin erlendis, er nú gerð hér á landi. Samfara þessu hefur flugvirkjum því verið fjölgað hjá Flugleiðum meðan öðru starfsfólki hefur fækkað.

Núverandi ríkisstjórn á þakkir skilið fyrir mikinn og eindreginn stuðning í máli þessu. Þess vegna væri miður, ef allt þetta væri unnið fyrir gýg, vegna hugsanlegs samdráttar Flugleiða af samkeppnisástæðum. Með fullri virðingu fyrir Arnarflugi hf., þá hefur F.V.F.Í. ekki trú á að það ráði til sín marga flugvirkja, þótt umsvif þess aukist, og má nefna hér að þótt flugkostur Arnarflugs hafi aukist að undanförnu, þá hefur félagsmönnum F.V.F.Í. verið sagt upp störfum þar, og hafa samskipti F.V.F.Í. og Arnarflugs frekar einkennst af erjum en hitt, vegna þessara mála og annarra. Arnarflug rekur nú þrjár stórar flugvélar erlendis og er allt viðhald þeirra og skoðanir í höndum útlendinga og ekki mikið atvinnuskapandi fyrir íslenska flugvirkja. Samt eru vélar þessar skrásettar hérlendis. Það má einnig geta þess, að Íscargo hf. fékk leyfi til áætlunarflugs til Amsterdam, og er það flogið með erlendri leiguflugvél, sem ekki skapar mikla atvinnu fyrir Íslendinga, hvorki flugvirkja né áhafnir.

Að lokum má geta þess, sem flestum er kunnugt, að á sínum tíma beitti þáverandi ríkisstjórn Íslands sér fyrir sameiningu Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf., vegna óraunhæfrar samkeppni þeirra á Evrópumarkaðnum, og fær F.V.F.Í. ekki séð að kakan sú sé frekar til skiptanna í dag, nema síður sé.“

Vart þarf að fara mörgum orðum um þjóðhagslega hagkvæmni þess, að viðhald og eftirlit íslenskra flugvéla fari fram á Íslandi.

6. töluliður:

Í 6. tölulið segir, að framlag ríkissjóðs til flugmála ár hvert samkvæmt fjárlögum nemi eigi lægri fjárhæð en 1.5 af hundraði fjárlaga. Því fé verði varið í samræmi við þá áætlun, sem gerð var 1976 um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, og tilgreindar tölur færðar til verðlags hvers árs.

Við athugun fjárlaga áranna 1968—1981 kemur í ljós, að framlag ríkissjóðs til flugmála sem hlutfall af niðurstöðutölu fjárlaga hvers árs er sem hér segir

1968	0.96%
1969	0.99%
1970	0.80%
1971	0.79%
1972	0.86%
1973	0.70%
1974	**1.06%**
1975	0.92%
1976	0.54%
1977	0.68%
1978	**0.46%**
1979	0.53%
1980	0.55%
1981	0.60%

Athugasemdir:

a) Til gjalda teljast rekstrargjöld (laun, önnur rekstrargjöld, viðhald, vextir og yfirfærslur), afborganir lána og fjárfestingar, bæði fyrir flugmálastjórn samgönguráðuneytis og flugmálastjórn utanríkisráðuneytis (Keflavíkurflugvöllur).

b) Til tekna teljast „seldar vörur og þjónusta" flugmálastjórnar og Keflavíkurflugvallar, „flugvallagjald" og nettó-framlag ríkissjóðs til flugmála. Innheimta „flugvallagjalds" hófst árið 1976, en áætlaðar tekjur af því samkvæmt fjárlögum 1981 samsvara 24% heildarútgjalda flugmálastjórnar það árið.

c) Við ofangreinda úttekt hefur ekki verið tekið tillit til annarra tekna ríkissjóðs, sem tengjast flugferðum, t. d. nettótekna fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli og „gjalds á ferðalög til útlanda". Samkvæmt fjárlögum ársins 1981 eru tekjur ríkissjóðs af þessum tveim liðum hærri en nettó-framlag ríkissjóðs til flugmála.

Að mati sérfróðra manna eru litlar líkur taldar á því, að verulegar framfarir geti orðið við gerð og búnað flugvalla hér á landi á næstu árum, nema umtalsverð hækkun verði á fyrrgreindu hlutfalli, og hefur verið staðnæmst við töluna 1.5% af fjárlögum.

Ekki þarf að rekja það ófremdarástand, sem ríkir á mörgum flugvöllum hér á landi. Aðeins þrír flugvellir á landinu eru malbikaðir, þ. e. Keflavíkur-, Reykjavíkur- og Akureyrarflugvellir. Allir aðrir flugvellir eru malarvellir. Á þessu sviði þarf að gera mikið átak. Öryggistæki á flugvöllum eru í algjöru lágmarki, víðast skortir aðflugsljós og einföldustu tækni, er eykur allt öryggi í áætlunarflugi. Úr þessu þarf að bæta hið skjótasta, og verður það ekki gert nema með verulegu fjárframlagi úr ríkissjóði á næstu árum.

7. töluliður:

Í 7. tölulið segir, að þegar í stað verði hafnar framkvæmdir við smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli í samræmi við þá stefnumörkun stjórnvalda, að aðskilja beri almenna flugstarfsemi á flugvellinum frá starfsemi varnarliðsins.

Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er fyrir löngu úrelt. Þá sæmir það ekki frjálsri og fullvalda þjóð að reka millilandaflug sitt frá miðstöð, sem er á miðju athafnasvæði erlends varnarliðs. Um þennan lið þarf ekki að fara fleiri orðum.

8. töluliður:

Í 8. tölulið er því slegið föstu, að Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur Reykjavíkur vegna innanlandsflugs. Með það í huga verði hann endurbættur eftir föngum og ný flugstöð reist, er öll flugfélög geti haft afnot af.

Oft hefur verið um það rætt, að flytja bæri Reykjavíkurflugvöll og nota flugvallarsvæðið fyrir nýtt íbúðahverfi, og hefur jafnvel verið talað um nýjan miðbæ. Allar þessar hugleiðingar hafa strandað á þeirri einföldu staðreynd, að annar staður er ekki betri fyrir flugvöll í nágrenni Reykjavíkur. Þá yrði kostnaðurinn gífurlegur og eyðilagt það hagræði, sem er að því að hafa flugvöllinn í miðri borginni.

Eins og flug hefur verið rekið frá Reykjavíkurflugvelli hin síðari árin, hefur það hvorki valdið ama né óþægindum. Af þessum ástæðum og mörgum öðrum er brýnt að hefja þegar lagfæringar og endurbætur á Reykjavíkurflugvelli, og síðast en ekki síst að reisa þar nýja flugstöð.

Þessu máli til stuðnings fylgir hér ályktun fundar, sem haldinn var 29. apríl 1981 og fjallaði um framtíð Reykjavíkurflugvallar:

„Ráðstefna Flugmálafélags Íslands, Flugmálastjórnar og Félags íslenskra atvinnuflugmanna, haldinn 29. apríl 1981, ályktar að nú þegar hefjist virkt samstarf flugmálayfirvalda, Reykjavíkurborgar, samtaka sveitarfélaga, flugrekstraraðila og annarra, sem hagsmuna hafa að gæta, um að tryggja framtíð og þróun Reykjavíkurflugvallar á núverandi stað.

Hugmyndir um breytta staðsetningu Reykjavíkurflugvallar eru andstæðar ákvörðunum borgaryfirvalda og samgönguráðuneytisins í aðalskipulagi frá 1976.

Fullyrða má að fyllsta öryggis sé gætt við flugumferð við Reykjavíkurflugvöll í hvívetna.

Annað hentugt flugvallarstæði er ekki til á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Sú staðreynd, að Reykjavíkurflugvöllur er staðsettur í hjarta borgarinnar, skapar umsvif, atvinnu og tekjur fyrir borgina.

Tíðar öruggar ferðir frá dreifbýlinu til Reykjavíkur hafa orðið til þess, að íbúar dreifbýlisins hafa sætt sig við að þurfa að sækja til höfuðborgarinnar hvers konar þjónustu sem ella yrði gerð krafa um að dreift yrði um landið með stórlega auknum kostnaði fyrir ríkið og tekjuskerðingu hjá Reykjavíkurborg.

29. apríl 1981.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna.
Flugmálafélag Íslands.
Flugmálastjórn."

(Á fundinn var boðið fulltrúum frá samgönguráðuneyti, flugráði, flugrekstraraðilum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, bæjarstjórnum nokkurra kaupstaða, borgarráði Reykjavíkur, almannavörnum ríkisins og samgöngunefndum efri og neðri deildar Alþingis).

Nd. 285. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til fundar við sig Hilmar Björgvinsson, deildarstjóra í Tryggingastofnun ríkisins.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Pálmi Jónsson var fjarstaddur.

Alþingi, 25. jan. 1982.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Sigurlaug Bjarnadóttir.
Guðm. G. Þórarinsson.	Magnús H. Magnússon.	Matthías Bjarnason.

Nd. 286. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   1. mgr. 14. greinar hljóði svo:
   Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.
2. 6. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra um réttindi og skyldur til samræmis við barnalög, nr. 9 15. apríl 1981, gilda frá og með 1. janúar 1982.

Nd. 287. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. jan.)

Samhljóða þskj. 261 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 14. greinar hljóði svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

6. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra um réttindi og skyldur til samræmis við barnalög, nr. 9 15. apríl 1981, gilda frá og með 1. janúar 1982.

Sþ. 288. Fyrirspurn [181. mál]

til menntamálaráðherra um efni í íþróttaþáttum sjónvarpsins.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Hve lengi var erlent efni sýnt í íþróttaþáttum sjónvarpsins á árunum 1980 og 1981?
2. Hve lengi var innlent efni sýnt í íþróttaþáttum sjónvarpsins á árunum 1980 og 1981?
3. Hve mikið var greitt fyrir þetta efni, annars vegar erlent, hins vegar innlent?
4. Hvernig skiptist greiðsla fyrir innlent efni milli einstakra íþróttagreina hvort ár um sig?

Nd. 289. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Tollur á vörum í neðangreindum tollskrárnúmerum í 1. gr. laganna lækki úr 80% í 40%:

84.15.10, 84.15.20, 84.18.21, 84.19.10, 84.40.10, 84.40.21, 84.40.50, 84.40.61, 85.06.11, 85.06.20, 85.06.31, 85.12.49 og 85.12.56.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðast liðnu ári var tekin ákvörðun um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að lækka opinber gjöld á ýmsum vörum, m. a. nokkrum rafmagnsheimilistækjum sem í dag eru talin nauðsynleg í heimilishaldi hverrar fjölskyldu. Heimilistæki þau sem ákvörðun um lækkun gjalda tók til voru kæliskápar, þvottavélar, hrærivélar og ryksugur en kaup á þessum tækjum hafa m. a. vegna hárra aðflutningsgjalda verið umtalsverður útgjaldaliður í heimilisrekstri og einkum komið hart niður á yngra fólki við bústofnun.

Til þess að koma í framkvæmd lækkun gjalda af nefndum heimilistækjum var ákveðið að fella þegar niður 24% sérstakt vörugjald og tók sú gjaldalækkun gildi frá og með 1. ágúst s. l.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir enn frekari lækkun gjalda á nefndum rafmagnsheimilistækjum auk nokkurra rafmagnsheimilistækja til viðbótar. Felur frumvarpið í sér lækkun tolla um 50% á kæliskápum, frystikistum, eldhúsviftum, uppþvottavélum, þvottavélum, þurrkurum, strauvélum, ryksugum, viftum, hrærivélum og brauðristum eða lækkun tolla úr 80% í 40% sem felur í sér verulegar hagsbætur fyrir heimilin í landinu.

Verði frumvarp þetta samþykkt er ljóst að ríkissjóður mun verða fyrir nokkru tekjutapi. Má gera ráð fyrir með hliðsjón af innflutningi vara þessara á undanförnum árum að tekjutap vegna þessara breytinga gæti numið um 22 millj. kr. á heilu ári.

Sþ. 290. Skýrsla

frá ríkisstjórninni um aðgerðir í efnahagsmálum.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Breyttar þjóðhagshorfur.

Horfur um ytri skilyrði þjóðarbúsins og aflaverðmæti hafa breyst til hins verra frá því er þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 var lögð fram á Alþingi í október 1981.

Útlit er fyrir, að áfram haldi erfiðleikar í efnahagslífi viðskiptalanda okkar. Þetta ástand heldur niðri verði og dregur úr sölu á ýmsum framleiðsluvörum Íslendinga. Þegar hefur gætt sölutregðu á áli og kísiljárni, og blikur eru á lofti um verðlag og söluhorfur á einum mikilvægasta markaði Íslendinga, Bandaríkjamarkaði.

Þá hefur og orðið brestur í einum mikilvægasta fiskstofni landsmanna, loðnustofninum. Á síðastliðnu hausti var því spáð, að unnt yrði að veiða í ár svipað magn og veitt var á síðasta ári. Útflutningsverðmæti loðnuafurða var í fyrra um 420 millj. kr., eða tæp 8% af verðmæti útfluttra sjávarafurða. Árið áður var þetta hlutfall um 13%. Nú er talið, að ekki verði unnt að veiða nema hluta þess magns, sem gert var ráð fyrir.

Í október s. l. var talið, að útflutningur á árinu 1982 myndi vaxa um 3—4%. Nú eru hins vegar líkur á, að útflutningstekjur Íslendinga vaxi ekki í ár. Þjóðartekjur Íslendinga og þjóðarframleiðsla munu því standa í stað eða jafnvel dragast saman á þessu ári, en það hefur ekki gerst síðan árið 1975.

Vegna þessarar versnandi stöðu í þjóðarbúskapnum og til þess að koma í veg fyrir vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla, ber til þess brýna nauðsyn, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Markmið í efnahagsmálum.

Höfuðmarkmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum verða hin sömu og sett voru fram í efnahagsáætlun frá 31. desember 1980.

Þessi markmið eru:

Öflugt atvinnulíf og næg atvinna fyrir alla landsmenn.

Hjöðnun verðbólgu.

Trygging kaupmáttar.

Á liðnu ári tókst að ná þessum markmiðum.

Langvarandi samdráttur í efnahagslífi víða um heim gerir Íslendingum erfiðara að halda uppi nægri atvinnu. Þetta tókst þó á nýliðnu ári og ríkisstjórnin mun áfram hafa það að leiðarljósi við mörkun efnahagsstefnunnar, að tryggð verði næg atvinna fyrir alla landsmenn. Ríkisstjórnin mun miða aðrar aðgerðir sínar í efnahagsmálum við það, að þessu höfuðmarkmiði verði náð.

Vegna ytri aðstæðna verður torsóttara í ár en í fyrra að ná stórum áfanga í hjöðnun verðbólgu. Á síðasta ári lækkaði verðbólgan eins og að var stefnt úr um 60%, sem hún hafði verið í undanfarin tvö ár, niður í um 40%. Ríkisstjórnin hefur nú að nýju sett sér markmið í efnahagsmálum, sem hún telur raunhæf við núverandi aðstæður í þjóðarbúinu. Stefnt verður að því, að verðbólgan frá upphafi til loka ársins 1982 verði ekki meiri en um 35%, og að hraði verðbólgunnar verði kominn niður í um 30% á síðari hluta ársins.

Á liðnu ári tókst með hjaðnandi verðbólgu að verja kaupmátt ráðstöfunartekna almennings, en án sérstakra aðgerða í upphafi ársins hefði kaupmátturinn rýrnað. Ríkisstjórnin mun einnig á þessu ári leggja áherslu á að verja kaupmátt eins og kostur er.

Nýtt viðmiðunarkerfi.

Ríkisstjórnin mun nú þegar stofna til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi, sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis, sem nú gildir. M. a. verði reynt að finna leið til þess, að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu.

Þá mun ríkisstjórnin hefja viðræður við aðila að verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar um breytingar á skipan þeirra mála, sem stuðlað gætu að hjöðnun verðbólgu, en tryggt um leið afkomu í greinum þessum.

Atvinnumál.

Það er forsenda frekari árangurs í efnahagsmálum og grundvöllur vaxandi þjóðartekna á næstu árum, að atvinnuvegirnir búi við traustan grundvöll. Ríkisstjórnin mun kappkosta að bæta og jafna starfsskilyrði atvinnuveganna og um leið stuðla að hagkvæmari fjárfestingu í atvinnutækjum en verið hefur.

Í þessu skyni hefur verið ákveðið að lækka launaskatt í iðnaði og fiskvinnslu úr 3,5% í 2,5% og stimpilgjöld af afurðalánum úr 1% í 0,3%. Jafnframt verður heimild til álagningar aðstöðugjalds samræmd.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðgerðum til styrktar einstökum iðngreinum, sem eiga í vök að verjast vegna innflutnings á vörum, sem eru seldar á óeðlilega lágu verði vegna opinberra styrktaraðgerða í framleiðslulandinu.

Á næstu mánuðum verður gerð sérstök úttekt á iðnaði og fiskvinnslu með hagræðingu, aukna framleiðni og betri nýtingu fjármuna fyrir augum. Sérstaklega verður endurskoðuð tollheimta af tækjum til atvinnureksturs til þess að bæta möguleika á framleiðniaukningu í þessum greinum.

Með tilliti til þess, að ekki verður hjá því komist, að loðnuflotinn fái í auknum mæli heimild til þorskveiða, verða settar strangari reglur til að koma í veg fyrir frekari stækkun fiskveiðiflotans, án þess þó að stöðva nauðsynlega endurnýjun. Í þessu sambandi verður Úreldingarsjóður fiskiskipa efldur.

Peningamál.

Með sérstökum aðgerðum í peningamálum mun ríkisstjórnin reyna að tryggja, að þessi þáttur efnahagslífsins stuðli að auknu jafnvægi og hjöðnun verðbólgu. Áætlanagerð um peningamál verði notuð í því skyni, að þróun helstu peningastærða miðist við þann ramma, sem efnahagsstefna og markmið ríkisstjórnarinnar myndar.

Aðhald í peningamálum verði aukið með ýmsum ráðstöfunum og látið ná til allra þátta, sem áhrif hafa á þróun útlána og peningamagns. Meðal annars verði sveigjanlegri bindiskyldu beitt í þessu skyni. Lagt verði að innlánsstofnunum að gæta ýtrasta aðhalds í útlánum, þannig að þau verði í samræmi við efnahagsstefnuna.

Unnið verður að því að draga úr fjármagnskostnaði, m. a. með lækkun vaxta í samræmi við hjöðnun verðbólgu.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir nýrri lagasetningu um meðferð hagnaðar Seðlabanka Íslands.

Erlendar lántökur.

Ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr erlendum lántökum. Í því skyni verður leitað samkomulags við viðskiptabankana um aukna þátttöku innlendra lánastofnana í fjármögnun framkvæmda.

Stefnt verður að því að auka innlendan sparnað til þess að draga úr þörf á erlendum lánum. Ýmsir möguleikar verða kannaðir í þessu sambandi, þar á meðal að nota skattalög í auknum mæli til þess að örva sparnað.

Verðlagsmál.

Í verðlagsmálum verður við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu, samkvæmt frumvarpi, sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum. Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag, sem miðar að því að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða. Stuðlað verði að hagkvæmari innkaupum til landsins.

Sveitarstjórnir fái heimild til þess að breyta gjaldskrám fyrirtækja sinna sem nemur hækkun byggingarvísitölu, án sérstaks leyfis frá ríkisvaldinu.

Dregið úr hækkun verðlags.

Ríkisstjórnin mun á næstu mánuðum draga úr hækkun framfærslukostnaðar með lækkun tolla og auknum niðurgreiðslum á búvöru.

Þessar aðgerðir eiga að draga úr ársfjórðungshækkunum verðlags á fyrri hluta ársins um 6%.

Kostnaður við þetta, ásamt lækkun launaskatts og stimpilgjalda, mun verða nálægt 400 millj. kr. Fjár verður aflað með eftirfarandi hætti:

Sparnaður í ríkisrekstri.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir niðurskurði á ríkisútgjöldum og fyrir sparnaði í rekstri ríkisins og stofnana þess. Dregið verður úr útgjöldum ríkisins um 120 millj. kr. í ár.

Önnur fjáröflun.

Það fé, sem ætlað var á fjárlögum til niðurgreiðslna og til þess að mæta óvissum útgjöldum í launa- og kjaramálum, verður notað í þessu skyni.

Lagður verði skattur á banka og sparisjóði.

Lagt verði á sérstakt tollafgreiðslugjald við tollmeðferð vöru, samkvæmt nánari reglum, sem kynntar verða á næstunni. Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, svonefnd tollkrít, verður tekin upp í áföngum frá næstu áramótum að telja, en því fyrirkomulagi er ætlað að stuðla að hagkvæmari innkaupum og almennri hagræðingu í innflutningsverslun. Jafnframt verða gerðar ráðstafanir til þess, að þessi breyting komi ekki niður á íslenskum iðnaði.

Lán til húsbyggjenda.

Ríkisstjórnin mun taka til sérstakrar athugunar vanda þeirra, sem í fyrsta sinn kaupa eða byggja eigið íbúðarhúsnæði. Lán Húsnæðisstofnunar til húsbyggjenda, sem byggja í fyrsta sinn, verða hækkuð, og teknar verða upp viðræður við banka og sparisjóði um lengingu lána húsbyggjenda og íbúðakaupenda með skuldbreytingu svipaðri þeirri, sem framkvæmd var á síðasta ári.

Nd. 291. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur.

Á eftir 1. mgr. 4. gr. komi:

Framlag til menntunar og starfsþjálfunar samkvæmt 17. gr. barnalaga, nr. 9/1981, er þó heimilt að greiða samkvæmt úrskurði til 20 ára aldurs.

Nd. 292. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar, sbr. lög nr. 5 6. apríl 1966 og lög nr. 7 2. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 27. jan. 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Jósef H. Þorgeirsson.	Garðar Sigurðsson.
Friðrik Sophusson.	Eggert Haukdal.	Vilmundur Gylfason.
	Jón Ingi Ingvarsson.	

Nd. 293. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá Halldóri Blöndal.

Inn kemur ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Tollur á vörum í neðanskráðum tollskrárnúmerum í 1. gr. laganna fellur niður:

92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.12.21, 92.12.29.

Ed. 294. Frumvarp til laga [167. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 1. febr.)

Samhljóða þskj. 262 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 14. greinar hljóði svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

4. gr. hljóðar svo:

73. grein hljóði svo:

Foreldri, sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 19. gr. barnalaga, nr. 9/1981, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur skv. úrskurði innan þeirra marka, er 14. gr. setur um fjárhæð meðlags og aldur barna.

Framlag til menntunar og starfsþjálfunar samkvæmt 17. gr. barnalaga, nr. 9/1981, er þó heimilt að greiða samkvæmt úrskurði til 20 ára aldurs.

Á sama hátt getur barnsmóðir fengið skv. yfirvaldsúrskurði greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

a. Framfærslueyri í allt að 3 mánuði skv. 25. gr. 1. mgr. barnalaga nr. 9/1981.
b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að 9 mánuði skv. 25. gr. 2. mgr. barnalaga.
c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 26. gr. 1. mgr. barnalaga.

Þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ. e. a. s. eftir að dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð, getur móðir fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka, er 14. gr. setur.

6. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra um réttindi og skyldur til samræmis við barnalög, nr. 9 15. apríl 1981, gilda frá og með 1. janúar 1982.

Nd. 295. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. tl. E-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:

Enn fremur skal heimilt að draga frá sem vaxtagjöld vexti og gjaldfallnar verðbætur af námslánum sem veitt eru með heimild í lögum um námslán og námsstyrki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að farið sé með verðbætur og vexti af námslánum eins og um lán til húsbygginga eða húsakaupa. Á slíkum frádrætti er ákveðið hámark eins og kunnugt er. Það hámark breytist ekki skv. frv. þótt menn þurfi að greiða samtímis af námslánum og húsalánum.

Flutningsmenn fluttu frumvarp á síðasta þingi og var ákvæði 1. gr. frv. meðal efnis þess frumvarps. Ákveðið var að láta ákvæðið bíða þar til frumvarp um Lánasjóð ísl. námsmanna yrði lagt fram, en það er nú til meðferðar á Alþingi.

Með frumvarpi þessu er viðurkennt að fjárfesting námsmanna í menntun sé ekki í skattalögum metin minna en önnur fjárfesting, því sé rétt og skylt að taka nokkurt tillit til hennar við skattlagningu árin eftir að til hennar er stofnað. Má öllum ljóst vera að námsmaður, sem t. d. treystir á lántökur til að standa straum af útlögðum kostnaði og uppihaldi meðan á námi stendur, er þannig að ráðstafa tekjum er síðar verður aflað og þá m. a. í krafti þeirrar menntunar er hann hefur aflað sér. Þannig er augljóslega margt líkt með fjárfestingu

í menntun og annarri fjárfestingu sem að vissu marki er viðurkennd til frádráttar í lögunum. Þar við bætist að námsmaður, sem leggur út í framhaldsnám eftir tuttugu ára aldur, horfir fram á skemmri starfstíma af þeim sökum.

Í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981 (áður 40/1978), eru heimildir til frádráttar á vöxtum og verðbótum stórlega skertar frá því sem áður var. Þannig eru það nú einungis vextir og verðbætur, er stafa af lánum vegna bygginga eða kaupa á íbúðarhúsnæði, sem koma til frádráttar tekjum. Skv. því falla verðbætur af námslánum nú utan þessarar heimildar. Þá ber að ítreka að ríkisstjórnin hefur lagt fram á þinginu frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, en í því frumvarpi er gert ráð fyrir stórauknum endurgreiðslum, allt í hlutfalli við tekjur á ári hverju. Þannig verða námslánin nú mjög nátengd tekjuskattinum. Þess vegna er augljóst að greiðslubyrði þeirra, er ljúka langskólanámi, á enn eftir að aukast mjög verulega frá því sem nú er, enda eru námslán venjulega endurgreidd með tekjum sem yfirleitt lenda í efsta skattþrepi.

Flutningsmenn telja eðlilegt að koma til móts við þarfir þeirra, sem leggja á sig langt framhaldsnám, ekki síst með hliðsjón af harðari endurgreiðslureglum Lánasjóðs ísl. námsmanna og minnkandi líkum á auka- og sumarvinnuframboði fyrir skólafólk.

Sþ. 296. Fyrirspurn [184. mál]

til viðskiptaráðherra um ný samvinnufélagalög.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

Hvað líður undirbúningi nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd, sem ákveðin var með ályktun Alþingis 29. maí 1980?

Sþ. 297. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um íslenskt efni á myndsnældum.

Flm.: Eiður Guðnason, Benedikt Gröndal, Kjartan Jóhannsson, Vilmundur Gylfason, Karl Steinar Guðnason, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, að upp verði teknar viðræður við eigendur höfundarréttar íslensks efnis, sem flutt hefur verið í Ríkisútvarpinu — sjónvarpi, er hafi það markmið að setja reglur er gefi almenningi kost á að fá íslenskt sjónvarpsefni til láns eða kaups á myndsnældum.

Greinargerð.

Það gerist nú algengara hér á landi að einstaklingar eigi myndbandstæki, sem ýmist eru notuð til að taka upp efni úr dagskrá sjónvarps til síðari skoðunar eða til að sýna aðfengið efni. Í bráðabirgðaskýrslu myndbandanefndar til menntamálaráðherra frá 4. desember 1981 kemur það t. d. fram, að í Grindavík er talið að myndbandstæki séu á 70% heimila og í Siglufirði séu a. m. k. 100 tæki. Erfitt er annars að afla áreiðanlegra upplýsinga um útbreiðslu myndbandstækja, en víst er að hún fer ört vaxandi.

Í þeirri bráðabirgðaskýrslu myndbandanefndar, sem vitnað er til hér að ofan, kemur einnig fram að fyrirtæki, sem leigja út snældur með efni, munu nú vera um 30 talsins og

starfa þau víðs vegar um landið. Mörg þessara fyrirtækja hafa á boðstólum hundruð erlendra kvikmynda og þátta. Það er sameiginlegt með öllum þessum fyrirtækjum, að efni það, sem þau hafa á boðstólum, er eingöngu erlent.

Sú staðreynd, að íslenskir myndbandstækjaeigendur eiga eingöngu völ á erlendu efni frá þessum fyrirtækjum eða leigumiðstöðvum, á rætur að rekja til þess, að engar reglur eru í gildi um það, hver skuli vera hlutur flytjenda og höfunda, ef íslenskt efni stæði til boða á myndsnældum.

Það er skoðun flutningsmanna, að þó margt af því erlenda efni, sem á boðstólum er hjá leigumiðstöðvunum, sé vel boðlegt, þá sé þar einnig að finna töluvert af efni sem varla muni hægt að kalla vandað eða menningarlegt. Til þess að vega upp á móti þessu flóði af erlendu efni, sem hvorki er textað né þýtt, telja flutningsmenn þessarar tillögu nauðsynlegt að settar verði reglur sem geri það kleift, að almenningur eigi þess einnig kost að fá íslenskt efni á myndböndum. Til þess að svo megi verða þarf að semja við höfunda og flytjendur.

Eðlilegast sýndist í þessu sambandi, að Ríkisútvarpið — sjónvarp yrði sá aðili sem fjölfaldaði, eða framleiddi myndsnældur með íslensku efni eftir að samningar hefðu tekist við flytjendur og eigendur höfundarréttar. Mætti síðan sem best hugsa sér að almenningsbókasöfn í landinu yrðu dreifingaraðilar fyrir lánsefni á myndsnældum, en einnig ætti fólki að standa til boða að fá slíkt efni keypt.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Nd. 298. Nefndarálit [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á sameiginlegum fundum beggja deilda.

Á fund nefndanna komu Klemens Tryggvason hagstofustjóri, Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri og Sigurgeir Jónsson deildarstjóri.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur á þskj. 299.

Alþingi, 1. febr. 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Jón Ingi Ingvarsson.	Guðrún Hallgrímsdóttir.

Nd. 299. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. frumvarpsins bætist við eftirfarandi tollskrárnúmer: 84.15.41, 84.18.31, 84.19.31, 84.40.71 og 85.06.50.

Nd. 300. Nefndarálit [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft þetta frv. til umfjöllunar mjög skamman tíma. Á fundi nefndarinnar mættu þeir Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri, Klemens Tryggvason hagstofustjóri og Sigurgeir Jónsson fulltrúi.

Á fundi nefndarinnar kom skýrt fram að ekki er enn hægt að fá upplýsingar um með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst framkvæma þær ráðstafanir sem kynntar hafa verið, þaðan af síður hægt að fá tölulegar upplýsingar hér að lútandi.

Frumvarpið er flutt til þess að ná fram nokkurri lækkun framfærsluvísitölunnar sem reikna skal 1. febr., eða um 0.22%. Það er því liður í áframhaldandi vísitöluleik sem núverandi ríkisstjórn hefur iðkað á tveggja ára æviskeiði til þess eins að ná fram óraunhæfum tölulegum útreikningi á verðbólgu frá upphafi árs til loka.

Þetta sést best á því, að aðeins er um að ræða tillögur um lækkun á þeim heimilistækjum, sem tekin voru með í neysluvörukönnun sem gerð var 1964—65 og lögð var til grundvallar þeim vísitölugrunni sem samþykktur var 1968.

Að okkar dómi er óréttlátt að gera slíkar aðgerðir sem þessar rétt um það bil sem reikna skal út grunn kaupgjaldsvísitölu sem gilda á frá 1. mars til 1. júní, þegar umræddar vörur hafa verið keyptar um tveggja mánaða skeið á hærra verði. Það er tvímælalaust réttur fólks að verðbætur á laun séu ekki skertar í lok tímabilsins. Því væri nær að þessi lækkun, sem frv. gerir fyrir, hefði áhrif á kaupgjaldsvísitölu sem gilda skal frá 1. júní n. k.

Auk þess er ljóst að fyrirætlun ríkisstjórnarinnar er að bæta ríkissjóði tekjutapið og það ríflega þannig að kaupmáttur launa rýrnar enn að frumkvæði núverandi ríkisstjórnar.

Þrátt fyrir þetta munum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni samþykkja þá tollalækkun, sem hér um ræðir, og stöndum að breytingartillögu á sérstöku þingskjali til samræmingar og leiðréttingar. Við áskiljum okkur rétt til þess að standa að eða samþykkja breytingartillögur, sem fram kunna að koma, og með því freista þess að gerð sé nú eða síðar á þessu þingi eðlileg og skynsamleg breyting á lögum um tollskrá, en ekki breytingar sem þáttur í vísitöluleik ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 1. febr. 1982.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Matthías Bjarnason. Albert Guðmundsson.

Nd. 301. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Sú lækkun tolla á nokkrum gerðum rafmagnstækja til heimilsnota, sem í frv. þessu er gerð tillaga um, er ekki niðurstaða af endurskoðun á aðflutningsgjöldum í því skyni að samræma slík gjöld né til þess gerð að lækka kostnað við öflun algengustu heimilistækja, heldur áformuð í því skyni einu að koma í veg fyrir greiðslur verðbóta á laun 1. mars n. k. til þess að vega upp verðhækkanir á almennum neysluvörum, sem þegar hafa orðið. Vöruteg-undirnar, sem lagt er til að lækka tolla á, eru þannig valdar af handahófi út frá þeirri viðmiðun einni, að þær vegi þungt í vísitölu. Ýmsar hliðstæðar vörur verða þannig áfram

hátollavörur, svo sem rafmagnspönnur og önnur slík hitunartæki til heimilisnota, þvottavindur, rafmagnskaffikönnur, rafknúnar grænmetiskvarnir, kaffivélar og aðrar slíkar rafdrifnar eldhúsvélar. Sem dæmi um ósamræmið í aðgerðum þessum og til frekari stuðnings þeirri fullyrðingu, að vísitöluáhrifin af aðgerðum séu mikilvægari ástæða í hugsun ráðherra en breytingar og lagfæringar á aðflutningsgjaldakerfinu, má nefna að daglegar nauðsynjar heimila eru áfram tollaðar sem lúxusvarningur. Þannig eru algengustu kryddvörur áfram með samtals 123% tolli og vörugjaldi, grænmeti með frá 70—111% tolli og vörugjaldi, búsáhöld úr málmi með 80—123% tolli og vörugjaldi, venjuleg hnífapör með 123% tolli og vörugjaldi o. s. frv. Jafnvel algengustu smávörur, eins og skóáburður og eldspýtur, eru tollaðar sem lúxusvara. Er þannig hvorki fyrir að fara samræmi í tillögugerðinni né vilja til þess að létta lúxustolli af algengustu heimilisvöru, heldur er einvörðungu um að ræða viðleitni ríkisstjórnarinnar til að koma í veg fyrir greiðslu verðbóta á laun með því að notfæra sér rangan vísitölugrundvöll til slíkra aðgerða. Til enn frekari áréttingar á þeim tilgangi hefur fram komið í fjárhags- og viðskiptanefnd, að í undirbúningi sé að leggja á tollafgreiðslugjald, sem ætlað er að skila ríkissjóði meiri tekjum en tapast við þessa tollalækkun, en engar frekari upplýsingar eru um það gefnar á þessu stigi málsins, þannig að ljóst er að ríkisstjórnin bíður með aðgerðir þar til vísitöluútreikningur hefur farið fram. M. ö. o. er þannig á máli haldið að hraðað er eins og frekast er kostur þeirri óverulegu tollalækkun, sem hér er um að ræða, svo hún hafi þegar í stað áhrif til lækkunar launa, en mun meiri fjáröflun með sambærilegum hætti mun eigi fram koma fyrr en síðar í mánuðinum, þ. e. eftir að útreikningur vísitölunnar hefur farið fram.

3. minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar telur löngu orðið tímabært að endurskoða frumskóg aðflutningsgjalda og fella niður lúxustolla á almennri nauðsynjavöru. Enda þótt tillagan, sem í frv. er gerð, taki ekki mið af þessu sjónarmiði, eins og sýnt hefur verið fram á, nær tollalækkunin þó til örfárra vörutegunda sem nauðsynlegt er að taka með í slíkri endurskoðun. Út af fyrir sig er sú afgreiðsla jákvæð, þótt hún dugi skammt, og mun undirritaður því ljá henni fylgi sitt, en telur óhjákvæmilegt, að a. m. k. verði gerðar sams konar breytingar á tollameðferð sambærilegra vörutegunda, og gerir tillögu um það í sérstöku þingskjali. Auk tillögu um, að tollar rafknúinna heimilistækja, svo sem rafmagnspanna og slíkra hitunartækja til heimilisnota, kaffikanna, hársnyrtitækja, grænmetiskvarna og sambærilegra eldhústækja, verði lækkaðir með sama hætti og frv. gerir ráð fyrir hvað varðar kæliskápa, frystiskápa, ryksugur o. fl. heimilistæki, sem frv. hefur, þá er einnig lagt til að algengustu búsáhöld heimila og venjuleg hnífapör verði tekin úr lúxustolli og látið nægja að tolla þau með 40% álagi.

Alþingi, 1. febr. 1982.

Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 302. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SighB).

Við 1. gr. bætist eftirfarandi tollskrárnúmer:

73.38.11, 73.38.19, 76.15.10, 82.09.01, 82.14.00, 85.06.39, 85.06.40, 85.07.02, 85.12.30, 85.12.54, 85.12.57, 85.12.59.

Nd. 303. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. febr.)

1. gr.

Tollur á vörum í neðangreindum tollskrárnúmerum í 1. gr. laganna lækki úr 80% í 40%:

84.15.10, 84.15.20, 84.15.41, 84.18.21, 84.18.31, 84.19.10, 84.19.31, 84.40.10, 84.40.21, 84.40.50, 84.40.61, 84.40.71, 85.06.11, 85.06.20, 85.06.31, 85.06.50, 85.12.49 og 85.12.56.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 304. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá Halldóri Blöndal.

Inn kemur ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:

Tollur á vörum í neðanskráðum tollskrárnúmerum í 1. gr. laganna fellur niður:

92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09.

Ed. 305. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda.

Á fund nefndanna komu Klemens Tryggvason hagstofustjóri, Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri og Sigurgeir Jónsson deildarstjóri.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 2. febr. 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Davíð Aðalsteinsson. Guðmundur Bjarnason.

Gunnar Thoroddsen.

Ed. 306. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er löngu orðið tímabært að endurskoða frumskóg aðflutningsgjalda og fella niður lúxustolla af almennri nauðsynjavöru. Það frumvarp, sem hér er flutt, nær einungis til fáeinna vörutegunda og er með því marki brennt að um er að ræða viðleitni ríkisstjórnarinnar til að koma í veg fyrir greiðslu verðbóta á laun og spila á rangan vísitölugrundvöll.

Sést þessi tilgangur best á því, að fyrirhugað er að leggja á sérstakt nýtt tollafgreiðslugjald, sem ætlað er að skili ríkissjóði meiri tekjum en tapast við tollalækkunina. Almenningur á að borga brúsann og vel það.

Fjölmargar algengar neysluvörur verða áfram í lúxustolli. Þannig eru hnífapör með 123% tolli og vörugjaldi, grænmeti ber 70—111% aðflutningsgjöld og svipað gildir um ýmis hreinlætistæki, skóáburð og rakkrem, svo dæmi séu tekin.

Þótt breytingin á tollum skv. fyrirliggjandi frv. sé þannig mjög takmörkuð í eðli sínu nær hún þó til vöruflokka sem nauðsynlegt er að lækka tolla á. Á hinn bóginn er ósamræmi í því, til hvaða heimilistækja breytingin nær. Undirritaður telur óhjákvæmilegt, að samræmi sé í breytingunni, og gerir tillögu um það á sérstöku þingskjali. Leggur undirritaður til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu.

Auk tillögu um, að tollar rafknúinna heimilistækja, svo sem rafmagnspanna og slíkra hitunartækja til heimilisnota, kaffikanna, hársnyrtitækja, grænmetiskvarna og sambærilegra eldhústækja, verði lækkaðir með sama hætti og frv. gerir ráð fyrir hvað varðar kæliskápa, frystiskápa, ryksugur o. fl. heimilistæki, sem frv. hefur, þá er einnig lagt til að algengustu búsáhöld heimila og venjuleg hnífapör verði tekin úr lúxustolli og látið nægja að tolla þau með 40% álagi.

Alþingi, 2. febr. 1982.

Kjartan Jóhannsson.

Ed. 307. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJ).

Við 1. gr. bætist eftirfarandi tollskrárnúmer:

73.38.11, 73.38.19, 76.15.10, 82.09.01, 82.14.00, 85.06.39, 85.06.40, 85.07.02, 85.12.30, 85.12.54, 85.12.57, 85.12.59.

Ed. 308. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar í 20 mínútur milli 1. og 2. umræðu.

Frv. er flutt fyrst og fremst til þess að lækka framfærsluvísitölu um 0.22%. Það er því liður í áframhaldandi vísitöluleik, ef það ekki mistekst vegna ráðleysis ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir þetta munu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkv. með frv. þar sem í því felst örlítil tilslökun á þeirri gífurlegu skattahækkun sem ríkisstjórnin hefur staðið að.

Í Nd. flutti Halldór Blöndal brtt. um lækkun gjalda á hljóðfæri og hljómplötur. Ljóst er að tilgangslaust er að flytja þessa tillögu í Ed., en engu að síður viljum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vekja á henni athygli og sérstaklega að skoða þurfi EFTA-reglur í sambandi við hljómplöturnar.

Alþingi, 2. febr. 1982.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 309. Lög [182. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 2. febr.)

Samhljóða þskj. 303.

Ed. 310. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og breyting á lögum nr. 81 21. des. 1981.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundi í dag og er sammála um að leggja til að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen og Kjartan Jóhannsson.

Alþingi, 2. febr. 1982.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, fundaskr. Geir Gunnarsson.

Egill Jónsson. Guðm. Karlsson.

Sþ. 311. Fyrirspurn [186. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um störf nefndar, sem skipuð var af heilbrigðismálaráðherra til að vinna að gagngerri endurskoðun geðheilbrigðismála.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hverjir voru skipaðir í nefndina?
2. Hefur nefndin lokið störfum?
3. Ef svo er, hverjar voru niðurstöður nefndarinnar?

Nd. 312. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag og samþykkti að standa að afgreiðslu málsins.

Megn óánægja kom fram í nefndinni þar sem nefndarmönnum sýnist þeir standa frammi fyrir orðnum hlut.

Matthías Bjarnason mun skila séráliti til að koma sínum áherslum til skila.

Karvel Pálmason, Halldór Blöndal og Sigurlaug Bjarnadóttir voru fjarstödd þegar frv. var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 3. febr. 1982.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Páll Pétursson. Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 313. Fyrirspurn [187. mál]

til iðnaðarráðherra um framkvæmd orkumálakafla stjórnarsáttmálans.

Frá Jóni Inga Ingvarssyni.

1. Hvað líður framkvæmd ákvæða um verðjöfnun orku?
2. Hvernig standa rannsóknir vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu?

Ed. 314. Frumvarp til laga [188. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 14. janúar 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 6% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar vísast til meðfylgjandi fylgiskjals.

Fylgiskjal

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera nú þegar ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu. Gengisbreytingin, sem fól í sér lækkun á gengi krónunnar um 12%, var nauðsynleg til þess að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna og greiða fyrir ákvörðun fiskverðs. Þykir eðlilegt, að ávinningurinn af gengisbreytingunni sé að hluta til notaður til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Fyrir því eru sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 14. janúar 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 6% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. janúar 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

Ed. 315. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lyfjalögum, nr. 49/1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

1. gr. 2. málsgrein orðist svo:

Lyfjanefnd (sbr. VIII. kafla), lyfjaverðlagsnefnd (sbr. IX. kafla), stjórn lyfsölusjóðs (sbr. X. kafla), Lyfjaeftirlit ríkisins (sbr. XI. kafla), landlæknir og yfirdýralæknir eru ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar um framkvæmd laga þessara.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Vítamín til inntöku teljast ekki lyf, nema magn þeirra (í einingu, g. eða ml., eða dagskammti) sé umfram mörk, er kveða skal nánar á um í reglugerð. Taka skal mið af ákvörðun manneldisráðs (sbr. lög nr. 45/1978) um hver sé sá dagskammtur vítamína, sem ráðlagður er við íslenskar aðstæður. Heimilt er þó að kveða svo á í reglugerð, að ákveðin vítamín teljast ávallt lyf, enda sé talið líklegt, að langvinn neysla geti valdið heilsutjóni. Í reglugerðinni skulu einnig vera ákvæði um skráningargjöld slíkra vörutegunda.

3. gr.

6. gr., 2. málsgrein orðist svo:

Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra um staðla fyrir lyfjaform, gæði og hreinindi lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum.

4. gr.

7. gr. orðist svo:

Fullgerð lyf (lyf tilbúin eða því sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að selja eða afhenda, að þau megi fella undir flokkun 1., 2. og 3. hér á eftir:

1. **Stöðluð forskriftalyf** framleidd af viðurkenndum framleiðanda samkvæmt staðfestri forskrift, sbr. 9. gr. og nefnd gildandi samheiti. Ráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum lyfjanefndar nánari ákvæði um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar þeirra og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftalyfja.
2. **Skráð sérlyf** framleidd af viðurkenndum framleiðanda sbr. 10. gr., og nefnd sérheiti eða í sérstökum tilvikum samheiti. Þau skal skrá á sérlyfjaskrá, er ráðherra gefur út, og selja eða afhenda í órofnum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um skráningu og afskráningu lyfja, um skráningargjöld og árgjöld slíkra lyfja.

3. **Forskriftalyf lækna** framleidd í lyfjabúðum, samkvæmt sérstökum fyrirmælum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrá eða lyfjastöðlum, sbr. 6. gr., enda sé í hvívetna farið eftir gildandi lögum og reglum og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

Um innflutning gildir hið sama og um afhendingu og sölu nema um sé að ræða stöðluð forskriftalyf, sbr. flokk 1, en þó getur ráðherra heimilað slíkan innflutning í einstaka tilvikum að fengnum tillögum lyfjanefndar.

5. gr.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Heimilt er að hafa umsókn um skráningu sérlyfs, ef ekki telst brýn nauðsyn að mati lyfjanefndar að hafa lyfið á sérlyfjaskrá.

6. gr.

14. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Lyfjagerðir skulu framleiða stöðluð forskriftalyf og sérlyf, sbr. 7. gr. 1.—2. tl. Einnig er þeim heimilt að framleiða forskriftalyf lækna handa einstökum sjúklingum. Sé um meira magn að ræða, þarf að koma til heimild ráðherra, enda mæli lyfjanefnd og Lyfjaeftirlit ríkisins með því.

7. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgr., er verði 11. mgr. og hljóði svo:

Ef fyrirtæki eða rannsóknarstofnun fæst eingöngu við framleiðslu á ónæmisefnum handa mönnum eða dýrum, má víkja frá ákvæðum 1. tl. 3. málsgr., enda sé tryggt að mati landlæknis eða yfirdýralæknis, ef um dýralyf er að ræða, og Lyfjaeftirlits ríkisins, að hlutaðeigandi forstöðumaður hafi til að bera nægilega menntun og reynslu til að veita framleiðslunni forstöðu.

8. gr.

15. gr. 3. málsgrein orðist svo:

Um eftirlit með lyfjaávísunum lækna fer samkvæmt ákvæðum 50. gr. 7. töluliðs.

9. gr.

16. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins og landlækni.

10. gr.

26. gr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga, er um ræðir í þessum kafla. Reglugerðin skal einnig kveða nánar á um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna, sbr. 22. gr. Leita skal álits lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar um reglugerð þessa.

11. gr.

27. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar sjö menn í lyfjanefnd til fjögurra ára í senn að fenginni tillögu viðkomandi stéttarfélaga, sem hér segir:

1. Lækni með sérfræðimenntun í lyfjafræði lækna (pharmacology) eða klínískri lyfjafræði (clinical pharmacology).

2. Lyfjafræðing með sérfræðimenntun í lyfjaefnafræði (medicinal chemistry).
3. Lækni, lyfjafræðing eða dýralækni með sérfræðimenntun eða sérþekkingu í eiturefnafræði (toxicology).
4. Lækni með sérfræðimenntun í lyflæknisfræði.
5. Starfandi lyfjafræðing í lyfjabúð.
6. Lækni, sem starfar að heimilislækningum eða er starfandi sérfræðingur í einhverri grein læknisfræði, þar sem notkun lyfja er veigamikill þáttur starfsins.
7. Starfandi lyfsala.

Ráðherra skipar formann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Yfirdýralæknir og einn dýralæknir að fenginni tillögu Dýralæknafélags Íslands taka sæti í nefndinni, þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar. Dýralæknir og varamaður hans skulu einnig skipaðir til fjögurra ára í senn.

Ef eigi fást sérfræðingar, sbr. 1. málsgr., til setu í lyfjanefnd, telst nefndin þó starfhæf, er minnst fimm sitja í henni.

Kveðja skal til sérfróða menn í hinum ýmsu greinum læknisfræði og lyfjafræði lyfsala, ef þurfa þykir.

Nefndarmenn í lyfjanefnd, sem fjalla um skráningu og afskráningu lyfja, mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja, og skulu lyfsali og dýralæknir, ef hann er héraðsdýralæknir, ekki hafa atkvæðisrétt um skráningu og afskráningu lyfja.

Framleiðendur sérlyfja eru skyldugir til að veita lyfjanefnd jafnóðum allar nýjar upplýsingar, er varða ábendingar, frábendingar, skömmtun og hjáverkanir skráðra lyfja og lyfja, sem eru í skráningarmeðferð.

12. gr.

28. gr. 9. töluliður hljóði svo:

Reglugerð um tilraunir með óskráð lyf (klíniskar prófanir), er skilgreini nánar hvernig að slíkum prófunum skuli staðið og taki m. a. til heimildar, framkvæmdar, ábyrgðar og bótaskyldu þeirra, er þær annast.

13. gr.

29. gr., 1. töluliður orðist svo:

1. Tillögur að lyfjastöðlum, sbr. 6. gr.

14. gr.

29. gr. 4. töluliður orðist svo:

Að vera landlækni til ráðuneytis við skráningu hjáverkana lyfja hér á landi, sbr. 54. gr., og upplýsingagjöf til lækna þar að lútandi.

15. gr.

Við 50. gr. bætist nýr töluliður er verði 7. tl., er orðist svo:

7. Að hafa eftirlit með lyfjanotkun og lyfjaávísunum. Lyfjaeftirlitið skal hafa samráð við landlækni (yfirdýralækni, ef um dýralækni er að ræða) varðandi lyfjaávísanir einstakra lækna og lyfjanotkun einstakra sjúklinga.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 49/1978 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú hefur verið starfað eftir gildandi lyfjalögum í rúm 3 ár, en þau leystu af hólmi lyfjasölulög nr. 30/1963 að hluta. Á þeim tíma, sem liðinn er frá gildistöku lyfjalaga, hafa komið í ljós nokkur atriði, sem betur mættu fara, og er þessu frumvarpi ætlað að lagfæra þau.

Veigamestu breytinguna er að finna í 7. gr. þar sem lagt er til, að veita megi undanþágu frá ákvæðum um hver skuli veita lyfjagerðum forstöðu, en í gildandi lögum er krafist sömu menntunar og af handhöfum lyfsöluleyfis.

Aðrar breytingar eru helstar, að lagt er til að lyfjanefndarmenn verði sjö í stað þriggja og með því horfið að verulegu leyti til fyrra fyrirkomulags. Þá eru einnig ákvæði um að setja skuli reglugerð um prófanir á lyfjum, sem m. a. taki til ábyrgðar og bótaskyldu, en slík ákvæði hefur vantað í lögin.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Yfirdýralækni er bætt við í upptalningu þeirra aðila, er ráðherra eru til aðstoðar og ráðuneytis við framkvæmd laga þessara. Hér er um sjálfsagt mál að ræða, því yfirdýralæknir hefur sömu stöðu gagnvart dýralæknum og landlæknir gagnvart læknum, en lög þessi taka jafnt til dýralækna sem lækna.

Um 2. gr.

Hér er gerð tillaga um breytingu frá því, að öll vítamín skuli teljast lyf, ef magn þeirra í hverri mældri einingu er umfram 1.5 venjulegan dagskammt, og skulu mörkin nú nánar ákveðin í reglugerð. Álitamál er hvort rétt sé að gildandi hámark, 1,5 dagskammtur, eigi að gilda ótvírætt fyrir öll vítamín. Með reglugerðinni skapast aukið svigrúm og unnt er að taka afstöðu til hvers einstaks vítamíns. Skráningargjöldin eru nýmæli, en þeim er ætlað að standa straum af kostnaði við mat umsókna og útgáfu skrár, er tekur til þeirra vörutegunda, er falla innan leyfilegra marka téðrar reglugerðar og heimilt er að flytja inn og selja.

Um 3. gr.

Hér er gerð sú breyting frá gildandi lögum að lyfjanefnd gerir nú tillögur til ráðherra um staðla fyrir lyfjaform, í stað þess að ákveða þá. Eðlilegt verður að teljast, að nefnd sem skipuð er af ráðherra geri tillögur til hans, sem hefur umsjá með framkvæmd laganna.

Um 4. gr.

Breyting þessarar greinar felur í sér, að nú þarf leyfi ráðherra til innflutnings staðlaðra forskriftalyfja. Flest þessara lyfja má hæglega framleiða innanlands, enda gert í stórum stíl og er innflutningur þeirra því óþarfur í flestum tilvikum.

Um 5. gr.

Heimildarákvæði þess efnis, að hafna megi skráningu sérlyfs á sérlyfjaskrá, sé ekki talin brýn nauðsyn að hafa það á markaði hérlendis, var í lyfsölulögunum frá 1963, en féll niður við gerð lyfjalaga.

Með ákvæði þetta í lögunum er hægt að hafna skráningu sérlyfs, ef hið virka efni þess er það sama eða svo líkt fáanlegu lyfi, að það sem að skilur getur ekki haft teljandi þýðingu að mati lyfjanefndar, jafnvel þótt lyfið að öllu öðru leyti uppfylli þær kröfur, sem gerðar eru til sérlyfja. Dæmi er þess, að á sérlyfjaskrá séu 5 sérlyf, sem öll innihalda sama virka efnið.

Um 6. gr.

Samkvæmt gildandi lögum, er aðeins lyfjabúðum heimilt að framleiða forskriftalyf lækna, en ella útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimildarákvæði þess efnis, að lyfjagerðum sé heimilt að framleiða þessi lyf, hefur vantað. Í greininni felst sú breyting að lyfjagerðir megi framleiða forskriftalyf lækna, vegna þarfa einstakra sjúklinga, sem lyfjabúðum er um megn að framleiða, t. d. vegna sérhæfðra tækja.

Um 7. gr.

Heimildarákvæði þetta veitir möguleika til undanþágu frá skilyrðum þeim, er forstöðumenn lyfjagerða almennt þurfa að uppfylla, sé um að ræða framleiðslu á ónæmisefnum handa mönnum eða dýrum, og má í þessu sambandi nefna framleiðslu Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.

Um 8. gr.

Sjá athugasemdir við 15. gr. þessa frumvarps.

Um 9. gr

Hér er lagt til, að Lyfjaeftirlit ríkisins sé gert að samráðsaðila ásamt landlækni við gerð reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, sem lyfjanefnd gerir tillögur um, lögum samkvæmt. Hér er um eðlilega ráðstöfun að ræða því lyfjaeftirlitið er sá aðili, sem fylgist með framkvæmd reglugerðarinnar ásamt landlækni.

Um 10. gr.

Í lögunum segir, að ráðherra sé heimilt, að fengnum tillögum lyfjaeftirlits og landlæknis, að kveða nánar á um gerð auglýsinga þeirra, er um ræðir í þessum kafla. Tillaga þessa frumvarps er sú, að inn í sömu reglugerð verði sett ákvæði um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna. Á þessu hefur viljað vera misbrestur, sýnishornum hefur verið ótæpilega dreift, jafnvel af aðilum sem litla eða enga þekkingu hafa á lyfjum.

Um 11. gr.

Með þessari grein er horfið aftur til þess fyrirkomulags, er var fyrir gildistöku laganna, en það er að hafa fleiri menn í lyfjanefnd. Samkvæmt lyfsölulögum voru 6 menn skipaðir í lyfjaskrárnefnd (nú lyfjanefnd), en samkvæmt lyfjalögum aðeins 3 menn. Það er fyrir ítrekaða beiðni lyfjanefndarmanna að tillaga þessi er lögð fram, en þeir telja að eldra fyrirkomulagið hafi gefist mun betur. Jafnframt er gerð tillaga um að 7. nefndarmanninum (heimilislækni) verði bætt við vegna aukinna verkefna nefndarinnar samkvæmt lögunum.

Um 12. gr.

Í lögin hefur vantað ákvæði um framkvæmd tilrauna með ný og/eða óskráð lyf og er greininni ætlað að lagfæra það.

Um 13. gr.

Sjá athugasemdir við 3. gr. þessa frumvarps.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða lagfæringu á misfellu í lögunum, sbr. 54. gr. Eðlilegra er, að einn aðili annist skráningu hjáverkana lyfja hér á landi og það sé landlæknir, sem það geri með aðstoð lyfjanefndar, í stað þess að lyfjanefnd vinni einnig að því, eins og ákvæði gildandi laga segja til um.

Um 15. gr.

Það mælir allt með því, að einn liður í daglegri starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins sé eftirlit með lyfjaávísunum og lyfjanotkun. Lyfjaeftirlitið annast m. a. eftirlit með lyfjaávísunum lækna, er hljóða á eftirritunarskyld lyf, einnig eftirlit með lyfjabúðum, lyfjabúrum sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva o. fl. Verði eftirlitið vart misferlis í lyfjaávísunum einstakra lækna eða lyfjanotkun sjúklinga skal það hafa samráð við landlækni (yfirdýralækni).

Um 16. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Ed. 316. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 8. mgr. og orðist svo:

Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl., eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 30/1981 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 var nýrri málsgrein, 7. mgr. bætt við 11. gr. núgildandi laga og þar bundið í lög að hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur skuli eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum greinarinnar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

Frumvarp til laga þessara var á sínum tíma samið í samráði við samtök sjómanna og í tengslum við kjarasamninga þeirra.

Það er ljóst, og kom reyndar fram í viðræðum við sjómannasamtökin á sínum tíma, að lögskráning er afar ótraust heimild um starfstíma sjómanna. Bæði er hætta á að gögn varðandi lögskráningu sjómanna kunni að hafa farið forgörðum og svo einnig að lögskráningarreglur hafa víða verið brotnar og eru enn. Samt sem áður var gripið til þess að miða starfstíma sjómanns við 180 daga að meðaltali í 25 ár og þess jafnframt getið í greinargerð að lögskráningin væri notuð sem viðmiðun en að öðru leyti þyrfti að taka á málinu með reglugerð.

Þann 17. september 1981 skrifaði Tryggingastofnun ríkisins heilbrigðis- og tryggingaráðherra bréf um þetta málefni en þar segir m. a.: „Frá því að lagasetning þessi varð almenningi kunn, meðal annars af frásögnum fjölmiðla, hafa streymt inn umsóknir frá þeim aðilum er telja sig hafa öðlast bótarétt samkvæmt lögum þessum. Hjá Tryggingastofnuninni skipta þessar umsóknir tugum og sjálfsagt einnig hjá umboðum stofnunarinnar um land allt.

Þar sem fyrrgreind reglugerð um sjálfa framkvæmd laga þessara hefur ekki verið staðfest og gefin út, telur Tryggingastofnunin sér skylt að koma eftirfarandi atriðum á framfæri nú þegar:

1) 2. mgr. 1. gr. gerir ráð fyrir að sjómaður hafi verið lögskráður á skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár.
2) Í ljós hefur komið, að lögskráning sjómanna utan Reykjavíkur hefur verið mjög laus í reipum, svo ekki sé sterkara til orða tekið.
3) Frá heilum landsvæðum fjölmennra verstöðva eru ófullkomin gögn og víða með öllu glötuð, vegna bruna eða ófullnægjandi geymslu, og því útilokað fyrir hlutaðeigandi aðila að sanna veru sína í skiprúmi eða lengd skráningartíma.
4) Orðið „lögskráning á íslenskum skipum" þýðir einnig að þeir sjómenn sem stundað hafa alla sína sjómennsku á opnum eða þilfarsbátum undir 12 brl. hafa aldrei verið skráðir, þar sem það var ekki lagaskylda. Lagaákvæðið að viðkomandi hafi verið skráður á íslenskt skip útilokar ennfremur ýmsa þá sjómenn, sér í lagi skipstjórnarmenn, sem ráðnir hafa verið til starfa, nánast kennslu, fyrir milligöngu hins opinbera t. d. til FAO, til að kenna frumstæðum þjóðum fiskveiðar.
5) Á styrjaldarárunum síðari voru togarasjómenn t. d. afskráðir eftir hverja veiðiferð, þ. e. aðrir en lágmarksmannafli, sem sigla skyldi með aflann. Eigi að síður töldu menn sig ráðna í skiprúm."

Þá segir ennfremur í bréfi Tryggingastofnunarinnar: „Á fundi tryggingaráðs 16. september s. l. var ítarlega rætt um framangreind vandamál og nauðsyn talin á að koma þessum athugasemdum á framfæri nú þegar við hæstvirt ráðuneyti, þ. e. áður en reglugerð verður sett.

Á fundi ráðsins var eftirfarandi bókað: „Fjallað var um ellilífeyri sjómanna, sem starfað hafa á vegum Sameinuðu þjóðanna. Talið eðlilegt að þeir njóti óskertra félagslegra réttinda heima fyrir fyrir slíkan starfstíma. Sama gildir um sjómenn sem starfað hafa á bátum undir þeirri stærð, sem skylt var að lögskrá á, þessu áliti verði komið á framfæri við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið".

Um leið og Tryggingastofnunin leggur áherslu á, að setning reglugerðar um þessi efni verði hraðað svo sem kostur er, þykir skylt að lýsa þeirri skoðun lífeyrisdeildar stofnunarinnar, sem fram kom á fundi tryggingaráðs, að án ljósra ákvæða í reglugerð um framkvæmd, telji deildin ógerlegt að framkvæma lögin".

Nú hefur heilbrigðis- og tryggingaráðherra gefið út reglugerð um fyrirkomulag þessara mála. Þar er aðalreglan, eins og í lögunum, að sjómaður sem er 60 ára að aldri og hefur stundað sjómennsku í 25 ár skal eiga rétt á ellilífeyri ef skilyrðum laga er fullnægt að öðru leyti. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að viðkomandi hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár.

Ef hins vegar kemur í ljós að lögskráning hefur eigi farið fram lögum samkvæmt eða gögn er hana varða eru glötuð, heimilar reglugerðin að heimilt sé eftir atvikum að meta sjóferðabækur og önnur skrifleg sönnunargögn um starfstíma sjómanns.

Ef skriflegri sönnun um starfstíma sjómanns er ekki til að dreifa heimilar reglugerðin að meta til slíkrar sönnunar vitnisburð tveggja valinkunnra manna eða fleiri um starfstíma sjómanns. Slíkur vitnisburður verður að bera með sér hvar, hvenær og hve lengi sjómennska sú var stunduð sem sönnunin nær til.

Með setningu ofangreindrar reglugerðar verður að telja að komið sé til móts við þá sjómenn sem ekki geta sannað lögskráningu þótt lögboðið væri.

Þegar hins vegar er um að ræða sjómenn sem stundað hafa sjómennsku sem ekki er lögskráningarskyld, virðist þurfa lagabreytingu.

Í frumvarpi þessu er nú lagt til að sjómaður sem stundað hefur annað hvort alla sjómennsku sína eða hluta hennar á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl. eða ekki borið skylda til lögskráningar af öðrum ástæðum en hefur engu að síður stundað sjómennsku í 25 ár, eigi rétt á ellilífeyri samkvæmt mati ef hann getur sannað sjómennsku sína með öðrum fullgildum hætti.

Ed. 317. Frumvarp til laga [191. mál]

um Blindrabókasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Hlutverk Blindrabókasafns Íslands er að sjá blindum, sjónskertum og öðrum þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu. Blindrabókasafn Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Blindrabókasafn Íslands annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hljóðbóka og blindraletursbóka með efni skáldverka og fræðirita, þar á meðal námsgagna.

Blindrabókasafn fylgist með nýjungum á sínu sviði og kynnir þær. Safnið skal hafa samstarf við aðila, sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis, svo og þá, sem standa að skipulagningu bókasafnsmála.

Safnið vinnur í nánum tengslum við samtök blindra og sjónskertra.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn fimm manna stjórn Blindrabókasafns og jafnmarga til vara:

a) tvo fulltrúa tilnefnda af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi
b) einn fulltrúa tilnefndan af Félagi íslenskra sérkennara
c) einn fulltrúa tilnefndan af Bókavarðafélagi Íslands
d) einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins

Stjórnin velur úr sínum hópi formann og varaformann. Ráðherra ákveður laun stjórnarinnar.

4. gr.

Stjórn Blindrabókasafns gerir framkvæmdaáætlanir og endurskoðar þær reglulega. Hún staðfestir fjárhagsáætlanir og ber ábyrgð á heildarstarfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar. Hún ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum forstöðumanns Blindrabókasafns og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

5. gr.

Blindrabókasafn skiptist í þrjár deildir, útláns- og upplýsingadeild, námsbókadeild og tæknideild. Að öðru leyti skal starfsskipting stofnunarinnar ákveðin í reglugerð, sbr. 10. gr. Verkefni deilda eru í megindráttum þessi:

a) Útláns- og upplýsingadeild. Þar fer fram flokkun og skráning safnkosts, upplýsingaþjónusta, útlán og kynning á þjónustu Blindrabókasafnsins í heild.
b) Námsbókadeild. Aflar og gefur út námsefni við hæfi blindra og sjónskertra, einkum fyrir nemendur utan grunnskólastigs.
c) Tæknideild. Sér um framleiðslu hljóðbóka og blindraletursbóka, varðveislu frumgagna og viðhald safnkosts og tækja.

6. gr.

Starfsmannafundir, sem haldnir eru mánaðarlega að jafnaði, gera starfsáætlanir og samræma störf deilda. Á þeim eiga sæti allir starfsmenn safnsins, en einungis fastráðnir starfsmenn eiga atkvæðisrétt. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn.

7. gr.

Stjórn Blindrabókasafns skipar fimm manna bókvalsnefnd til tveggja ára í senn. Hlutverk hennar er að móta stefnu í bókvali og gæta jafnvægis milli fræðslu- og skemmtiefnis. Í henni skulu sitja einn bókmenntafræðingur, einn sérkennari, einn fulltrúi Blindrafélagsins og tveir starfsmenn Blindrabókasafns, valdir af starfsmannafundi.

8. gr.

Kostnaður við starfsemi Blindrabókasafns Íslands greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Ef um aðrar tekjur safnsins er að ræða, skal þeim varið í þágu þeirra verkefna, sem lög þessi mæla fyrir um.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið gerir samning við Rithöfundasamband Íslands um rétt til að framleiða og dreifa ritverkum hljóðrituðum og á blindraletri.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð samkvæmt lögum þessum, þar sem nánar er ákveðið um hlutverk og starfsemi Blindrabókasafns. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Blindrafélagið, Bókavarðafélag Íslands, Félag íslenskra sérkennara og Rithöfundasamband Íslands.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. febrúar 1979 skipaði Ragnar Arnalds, þáverandi menntamálaráðherra, þriggja manna nefnd til þess að semja frumvarp um hljóðbókasafnsþjónustu. 19. mars var tveimur fulltrúum bætt við nefndina, og tók hún þá til starfa.

Í nefndina voru skipuð:

Elfa Björk Gunnarsdóttir, borgarbókavörður,
Gísli Helgason, starfsmaður hljóðbókadeildar Blindrafélagsins,
Halldór Rafnar, formaður Blindrafélagsins,
Helga Ólafsdóttir, deildarstjóri í Borgarbókasafni,
Kristín H. Pétursdóttir, bókafulltrúi (formaður).

Nefndin skilaði hinn 28. apríl 1981 frumvarpi því, sem hér er lagt fram, og fylgja því svofelldar athugasemdir:

Um 1. gr.

Meginhlutverk Blindrabókasafns Íslands er að stuðla að því, að blindir, sjónskertir og aðrir þeir, sem ekki geta hagnýtt sér venjulegt prentmál, njóti jafnréttis á við aðra landsmenn hvað varðar almenna bókasafnsþjónustu og skilyrði til náms.

Helstu notendur blindraleturs og hljóðbóka á Íslandi eru eftirfarandi hópar:

I. Blindir og sjónskertir
vegna
a) öldrunarsjúkdóma
b) annarra tegunda augnsjúkdóma

II. Hreyfihamlaðir. Rúmfastir með skerta líkamskrafta

III. Ólæsir. Treglæsir
vegna
a) greindarskerðingar
b) skorts á lestrarfærni (dysphasia, aphasia)
c) skynrænna lestrarörðugleika

Í Evrópulöndum er meðaltalsfjöldi blindra tveir af hverjum þúsund íbúum. Samkvæmt skýrslu, sem gerð hefur verið á vegum landlæknisembættisins af Guðmundi Björnssyni, prófessor í augnlækningum, voru 1. des. 1979 419 einstaklingar á landinu með sjón, sem nemur 6/60 og minni, en það kallast *lögblinda* samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Lögblindir skiptast í tvo undirhópa, þ. e. *alblindir* og *starfsblindir*. Flokkur alblindra spannar þá, sem greina ekkert ljós með hvorugu auga, og einnig þá, sem megna að greina hluti fyrir framan sig, en geta ekki nýtt sjónina. Starfsblindir eru þeir, sem þurfa þjálfun til starfa, er hæfa blindum (geta ekki stundað fyrri störf eftir sjónskerðinguna). Hvorugur þessara hópa getur lesið prentletur. Samkvæmt sömu skýrslu eru hér á landi 43 *hálfblindir* (partial sighted), en það kallast þeir með sjón, sem mælist 6/18 — 6/60. Þessi hópur á mjög erfitt með lestur, en getur þó að einhverju marki notfært sér stækkunargler eða mjög stækkað letur.

Flestir notendur blindraleturs- og hljóðbóka eru úr röðum lögblindra og hálfblindra.

I. Blindir og sjónskertir

Yfirgnæfandi meiri hluti blindra og sjónskertra er aldrað fólk. Reynslan sýnir, að mikill fjöldi fólks, sem komið er yfir sjötugt, les ekki prentað letur sér að fullu gagni, t. d. aðeins fyrirsagnir í blöðum eða bækur með sérlega skýru letri. Algengt er jafnframt, að hjá öldruðu fólki, sem þó getur ekki kallast sjónskert, gæti höfuðverkjar og svima við lestur. Sjónskertir á Íslandi hafa oft notið mjög lítillar skólagöngu vegna sjónskerðingar frá unga aldri og aðeins í fáum tilvikum öðlast starfsmenntun.

Samkvæmt reglugerð um Námsgagnastofnun ríkisins er henni ætlað að hafa á boðstólum námsgögn fyrir blinda og sjónskerta á grunnskólastigi. Blindrabókasafni er ætlað að bæta úr augljósri þörf á námsgögnum fyrir aðra hópa, sbr. athugasemd við 5. gr. frumvarps þessa.

II. Hreyfihamlaðir. Rúmfastir með skerta líkamskrafta

Sumir hreyfihamlaðir eða rúmfastir með skerta líkamskrafta valda ekki prentaðri bók, vegna þess að þeir hafa ekki nægilegan mátt í handleggjum eða stjórn á þeim. Jafnframt þreytast sjúklingar í þessum hópi oft við lestur. Margt af þessu fólki getur notið hljóðbóka.

III Ólæsir. Treglæsir

Greindarskerðing getur verið á því stigi, að menn eru ófærir um að læra að lesa. Engu að síður geta hinir sömu haft ánægju af að hlusta á létt efni. Vegna *heilaskaða,* sem getur verið *meðfæddur* eða *áunninn* (dysphasia, aphasia) getur truflun í talstöðvum heilans valdið því, að menn eiga erfitt með að lesa, þó að þeir skilji vel mælt mál.

Menn, sem eiga við skynræna lestrarörðugleika að stríða, komast mislangt í námi og sumir þeirra mjög skammt vegna þess, hve erfiðlega þeim gengur að tileinka sér texta. Þeir, sem þannig eru fatlaðir, eiga flestir í erfiðleikum með að fylgjast með í sinni grein eða njóta bókmennta.

Ofangreindum hópum geta hljóðbækur auðveldað nám og opnað aðgang að öðrum bókum.

Þrír ofangreindir notendahópar munu njóta skáldverka og fræðirita, en framleiðsla námsgagna mun að mestu ætluð fólki utan grunnskóla til skólanáms, sjálfsmenntunar og þátttöku í fullorðinnafræðslu.

Greinin kveður á um, að Blindrabókasafn skulu heyra undir menntamálaráðuneytið. Samkvæmt því er stofnunin ríkisfyrirtæki, sbr. einnig 8. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Með Blindrabókasafni Íslands er ætlunin að koma upp ríkisstofnun, sem leysi af hólmi Hljóðbókasafn Borgarbókasafns Reykjavíkur og Blindrafélagsins sem þjónustuaðila við blinda og aðra þá, sem ekki geta fært sér í nyt venjulegt prentletur. Jafnframt er ætlunin að víkka þjónustusvið safnsins með því að framleiða blindraletursbækur auk hljóðbóka og með því að framleiða námsgögn auk bóka til listnautnar og afþreyingar. *Framleiðsla, útlán* og *miðlun* hljóðbóka og blindraletursbóka fyrir almenna notendur og til náms *á einum stað* er hagkvæmt bæði að því leyti, að unnt verður að samhæfa gerð þessara tveggja tegunda bóka, og tæki til hljóðbóka- og blindraletursbókagerðar verða samnýtt fyrir ólíka hópa notenda.

Námsgögn fyrir blinda og sjónskerta verða gefin út í því formi, sem hentar best hverju sinni.

Um 3. gr.

Lagt er til, að fimm manna stjórn hafi yfirumsjón með starfsemi Blindrabókasafns.

Gert er ráð fyrir tveimur fulltrúum frá Blindrafélaginu, vegna þess að blindir og sjónskertir eru sá hópur, sem safninu er einkum ætlað að þjóna, og samstarfið við samtök þeirra er því mjög mikilvægt.

Um 4. gr.

Hér er tilgreint hlutverk stjórnar Blindrabókasafns. Gert er ráð fyrir, að stjórnin marki heildarstefnu og geri framkvæmdaáætlanir.

Um 5. gr.

Skilgreining á hlutverki deilda Blindrabókasafns

a) Útláns-og upplýsingadeild. Ætlað að veita alhliða bókasafnsþjónustu á svipaðan hátt og í almenningsbókasöfnum, sbr. lög nr. 50/1976 og reglugerð nr. 138/1978.

Notendur safnsins munu verða einstaklingar og stofnanir. Deildin verður opin á ákveðnum tímum, en einnig verður dreift gögnum til þeirra, sem ekki komast sjálfir til safnsins.

Deildin mun annast útvegun á efni fyrir notendur sína, bæði frá innlendum og erlendum aðilum.

Deildin skal gangast fyrir námskeiðum fyrir upplesara og sjá um kynningu á efni safnsins og fræðslu í notkun safnkosts og tækja.

b) *Námsbókadeild.* Námsgagnastofnun er ætlað að hafa á boðstólum námsgögn fyrir blinda og sjónskerta á grunnskólastigi, en þegar því sleppir, er ekki fyrir hendi nein skipulögð þjónusta af þessu tagi. Eins og nú er háttað, er blindum og sjónskertum, sem vilja stunda framhaldsnám, í raun meinaður aðgangur að íslensku skólakerfi nema því aðeins, að þeir geti sjálfir, hver og einn, aflað sér aðstoðar við að fá námsefni búið í hendur sér. Svo hefur verið, þrátt fyrir lög um, að allir landsmenn skuli njóta jafnréttis við nám. Sama er að segja um þá hópa, er vildu hagnýta sér þær menntastofnanir, sem hafa með höndum fullorðinnafræðslu.

Þar sem gerð námsgagna fyrir blinda og sjónskerta er svo sérhæfð og samrýmist ekki námsgagnagerð fyrir aðra hópa, er nauðsynlegt, að námsgagnaframleiðsla fari fram innan vébanda Blindrabókasafns, þar sem þekking og aðstæður eru fyrir hendi. Prentað námsefni þarf oft að endurvinna til þess að gera það aðgengilegt blindu og sjónskertu fólki. Til þessa þarf starfslið, sem býr yfir sérþekkingu og reynslu jafnt innan hinna ýmsu greina, sem og á tæknisviði, þar sem oft þarf að sameina hljóðbóka- og blindraletursbókagerð í einu og sama verkinu.

c) *Tæknideild.* Í deildinni þarf að vera fyrir hendi: Upptökustúdíó með tilheyrandi búnaði, fjölföldunaraðstaða fyrir kassettur, sérstaklega útbúnar geymslur fyrir frumrit hljóðbóka, og tækjabúnaður til gerðrar blindraletursbóka.

Tæknideild framleiðir eftir óskum frá útláns- og upplýsingadeild og námsgagnadeild og vinnur því í nánum tengslum við þær. Tæknideild sér einnig um viðhald safnkostsins og varðveitir frumgögn.

Um 6. gr.

Greinin miðar að því, að starfsmenn stofnunarinnar stjórni daglegum framkvæmdum og minni hætta verði á stöðnun. Tilgangur með starfsmannafundum er að virkja starfsmenn til ákvarðanatöku og ábyrgðar í þágu stofnunarinnar og tryggja jafnframt, að allir starfsmenn fylgist með starfseminni og hafi yfirsýn yfir hana. Þannig yrði öllum gert kleift að koma hugmyndum sínum á framfæri varðandi rekstur safnsins, fjölbreytilegri sjónarmið, sem byggðust á sérþekkingu og reynslu, kæmu fram.

Starfsmannafundur setur reglur um daglegan rekstur safnsins. Allar breytingar og nýjungar koma fyrir fundi, og einfaldur meirihluti ræður ákvarðanatöku.

Aðalverksvið forstöðumanns er að hrinda í framkvæmd ákvörðunum stjórnar safnsins og starfsmannafunda ásamt því að vera tengiliður milli þessara tveggja aðila. Gert er ráð fyrir, að skrifstofumaður (eða menn) þjóni stofnuninni í heild og sjái m. a. um daglegt bókhald, þannig að sá deildarstjóri, sem gegnir starfi forstöðumanns hverju sinni geti gegnt því jafnframt deildarstjórastarfinu. Forstöðumaður kemur fram fyrir hönd safnsins út á við.

Um 7. gr.

Hlutverk bókvalsnefndar er að marka stefnu í bókvali. Hún starfar eftir sömu grundvallarreglu og almenningsbókasöfnum ber að fara eftir.

Sérstakt tillit ber þó að taka til fötlunar flestra lánþega safnsins, sem hefur í för með sér, að margir þeirra hafa notið ónógrar skólagöngu og verið útilokaðir frá hvers kyns prentmáli, sem aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa daglega fyrir augum. Í safni sem þessu ber sérstaklega að gæta þess, að fyrir hendi sé breitt úrval bóka um ólíka málaflokka og hljóðritaðar fréttir og leiðbeiningar frá helstu stofnunum þjóðfélagsins (lánastofnunum, heilbrigðisstofnunum, tryggingum, o.fl.).

Um 8. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að allur kostnaður við Blindrabókasafn Íslands verði greiddur úr ríkissjóði og ákvarðaður á fjárlögum hverju sinni. Þá er tekið fram í greininni, að tekjum stofnunarinnar megi aðeins verja í þágu þeirra verkefna, sem lögin mæla fyrir um.

Með tekjum stofnunarinnar er átt við hagnað af hugsanlegum verkefnum, sem safnið tekur að sér að vinna og eru ekki einskorðuð við þarfir blindra og sjónskertra, heldur stærri hópa eða einstaklinga. Ennfremur tekjur af sölu á eintökum bóka eða námsgagna til einstaklinga eða stofnana.

Um 9. gr.

Menntamálaráðuneytið gerir samning við rithöfunda og þýðendur og sér um greiðslur til þeirra.

Samningar um framleiðslu bóka á blindraletri eru þegar í höfundalögum, en þarfnast endurskoðunar.

Um 10. og 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VIÐAUKI I

Sögulegt yfirlit um bókagerð fyrir blinda og sjónskerta

Þegar Louis Braille fann upp blindraletrið í París árið 1825, breyttist aðstaða blindra til muna við bóklestur. Áður hafði verið reynt að búa til bækur með upphleyptu prentletri, en þær reyndust mjög fyrirferðarmiklar og seinlesnar. Blindraletrið byggist á 6 punktum, sem raðað er á mismunandi hátt. Letrið er einfalt og auðlært, en sá, sem les með fingrum, nær ekki sama leshraða og sjáandi maður. Blindraletrið hefur hins vegar þann ókost, að bækur með því eru alltaf mjög fyrirferðarmiklar. Enn í dag hefur ekkert leyst blindraletur af hólmi.

Fyrsti Íslendingurinn, sem lærði blindraletur, var Málfríður Jónasdóttir frá Kolmúla við Reyðarfjörð. Hún fór til Danmerkur til náms og hingað til lands barst letrið með henni um 1930. Síðar komu svo sérstakir blindrakennarar, sem kenndu blindraletur við Blindraskólann.

Bókagerð á blindraletri hjá Blindrafélaginu

Fyrst voru blindraletursbækurnar prentaðar á þann hátt, að hver punktur var þrykktur á pappírinn með síl og til þess notaður sérstakur rammi, sem blaðið var sett í. Þessi aðferð er mjög seinvirk, en sumir nota hana enn, ef þeir þurfa að rita niður sér til minnis. Síðar var farið að nota sérstakar blindraritvélar, en með þeim var aðeins hægt að prenta tvö eintök af hverri bók. Árið 1956 batnaði aðstaða til bókagerðar nokkuð með tilkomu sérstaks fjölritara, sem prentaði blindraletur á tvöfalda málmplötu.

Pappírnum er stungið inn á milli og platan pressuð í þvottavindu. Þannig þrýstast punktarnir inn í pappírinn. Þetta er mikil nákvæmnisvinna, en með þessu móti er hægt að taka eins mörg eintök og þörf er á .

Árið 1964 kom svo til landsins nýr fjölritari. Frumritið er nú prentað á pappír, reyndar öðru megin á blaðið. Pappírsblaðið er sett í sérstakan ofn og plastblað sett þar ofan á. Þá er ofninum rennt yfir, og hann hitar plastið upp að vissu marki. Þá þrýstir gufudæla punktunum frá pappírnum upp í plastið. Þessi aðferð er nokkuð seinvirk. Plastið hefur verið nokkuð umdeilt, þeir, sem lesa mjög lengi, verða stamir á fingrunum. Þessi fjölritari er notaður enn þann dag í dag.

Á blindraletri hafa aðallega verið prentaðar námsbækur, en eitthvað er til af öðrum bókmenntum. Blindraleturssafnið er í vörslu Blindrafélagsins, það er óskráð og ekki er vitað um fjölda bókatitla þar. Þar vinnur árið 1980 einn starfsmaður í tímavinnu.

Hljóðbókagerð Blindrafélagsins

Þar sem mikill hluti blindra og sjónskertra missir sjónina á fullorðins aldri, reynist þeim oft erfitt að læra blindraletur, m. a. vegna þess, að næmi í fingurgómum hefur minnkað. Því fóru menn að leita annarra leiða til bókagerðar. Þegar segulbönd voru fundin upp, opnaðist sá möguleiki að lesa bækur inn á þau. Um 1950 fóru önnur norræn lönd en Ísland að hagnýta sér þessa tækni. Hljóðritun bóka hófst hér á landi, þegar Blindrafélaginu var gefið segulbandstæki árið 1957. Einnig var lesið inn á segulbönd fyrir Blindravinafélag Íslands. Lesið var við mjög frumstæð skilyrði, oftast í heimahúsum, og aðeins eitt eintak var til af hverri bók. Sjálfboðaliðar önnuðust lestur. Í fórum Blindrafélagsins var árið 1970 til á þriðja hundrað bóka, hljóðritaðra á þennan hátt.

Þegar Blindrafélagið flutti í nýtt viðbótarhúsnæði 1973—75, var komið þar fyrir upptökuherbergi með tveimur innlestrarklefum. Horfið var frá því að lesa bækur inn á venjulegar opnar segulbandsspólur, en í stað þess var farið að hljóðrita bækur á kassettur. Til þessa voru Blindrafélaginu gefin fullkomin tæki af félögum úr Kiwanis- og Lionshreyfingunni. Fyrst er lesið inn á venjulegt segulband, sem geymt er sem frumrit, og síðan er fjölfaldað af því yfir á kassettur. Á þann hátt má gera eins mörg eintök af hverri bók og þörf er á.

Í febrúar 1976 hóf Blindrafélagið útgáfu hljóðtímarits, sem kallast „Valdar greinar úr dagblöðum og tímaritum". Félagar úr Lionsklúbbnum Niði hafa lesið inn og séð um val á greinum. Einnig er þetta nokkurs konar fréttarit Blindrafélagsins, og með því hefur félaginu tekist að efla tengsl við félagsmenn sína. „Valdar greinar" koma að jafnaði út hálfsmánaðarlega. Tilgangurinn með þeim er fyrst og fremst að veita blindu og sjónskertu fólki yfirlit um það efni, sem er í dagblöðum, en kemur ekki annars staðar fram.

Hljóðbókasafn Blindrafélagsins og Borgarbókasafns

Í kringum árið 1970 fór Borgarbókasafn Reykjavíkurborgar að viða að sér hljóðrituðum sögum frá Ríkisútvarpinu. Jafnframt því voru nokkrar bækur lesnar á þess vegum. Sýnt var, að Blindrafélagið og Borgarbókasafn hefðu hag af því að starfa saman að hljóðbókagerð, og í október 1975 var gerður samningur milli þessara aðila. Borgarbókasafn annast dreifingu bókanna og greiðir laun tæknimanns. Blindrafélagið leggur fram tækjabúnað og húsnæði, en efniskostnaður skiptist á milli þessara aðila. Sérstök deild Borgarbókasafns sér um útlán og þjónar öllu landinu. Rekstrarkostnaður hennar (laun, efniskostnaður o. a.) árið 1980 var 37 millj. g. kr. Áætlaður kostnaður á þessu ári er 520 þús. kr.

Þegar hljóðbókasafn Borgarbókasafns og Blindrafélagsins tók til starfa árið 1975, var komið á samvinnu við Ríkisútvarpið á þann hátt, að þær sögur, sem þar eru lesnar, eru afritaðar hjá Blindrafélaginu og lánaðar út frá hljóðbókasafninu. Um það bil einn þriðji hluti af titlum safnsins munu vera frá Ríkisútvarpinu.

Samningur var gerður við Rithöfundasamband Íslands þess efnis, að Blindrafélaginu og Borgarbókasafni væri heimilt að gera 4 eintök af hverri bók, eitt eintak til geymslu og 3 útlánseintök. Þó verður að leita persónulegs samþykkis hvers og eins rithöfundar, þegar bók er lesin inn. Greiðsla er engin til höfunda, og veldur það margs konar erfiðleikum. Eintökin, sem hljóðrituð eru, eru alltof fá, og það skapar veruleg vandræði í útlánum.

Sjálfboðaliðar sjá um innlestur. Þau 5 ár, sem hljóðbókasafnið hefur starfað, hafa rúmlega 130 manns lesið í upptökuherbergjum Blindrafélagsins. Nauðsynlegt er að veita fé til þess að greiða fyrir innlestur. Þannig væri hægt að auka gæði hans til muna.

Á miðju ári 1980 var fjöldi bókatitla í hljóðbókasafni 700 talsins. Árlega hafa verið hljóðritaðir um 200 titlar.

Fjöldi lánþega er árið 1980 tæplega 400, auk fjölda stofnana, sem hafa innan dyra mikinn fjölda manna, sem notfæra sér þessa þjónustu. Árið 1975 var fjöldi útlána 698, en

árið 1979 voru þau komin upp í 12791. Ekki er hægt að sinna eftirspurn með núverandi bókakosti. Aðeins er lánað þeim, sem teljast sjónskertir eða blindir eða geta ekki hagnýtt sér venjulegar prentaðar bækur vegna annarra orsaka.

Starfsmenn eru árið 1980 þrír, einn við hljóðritun og tveir við útlán. Auk þess vinnur bílstjóri hlutastarf við heimakstur bóka.

VIÐAUKI II

Ákvæði um hljóðbókaþjónustu í Reglugerð um almenningsbókasöfn nr. 138/1978

Í 10. gr. reglugerðarinnar stendur:

„Eitt miðsafn á landinu annast hljóðbókaþjónustu skv. sérstökum samningi við menntamálaráðuneytið. Nú er talið, að þörf sé á því, að slík þjónusta sé veitt víðar, og getur þá menntamálaráðuneytið heimilað slíkt að fenginni umsögn bókafulltrúa og ráðgjafanefndarinnar.

Hljóðbókaþjónusta fer fram í nánu samstarfi við Blindrafélagið, sem getur tilnefnt einn fulltrúa eða fleiri til að vera með í ráðum um framkvæmd þessarar þjónustu, t. d. val á bókum, hljómbandshylkjum, hverjir lesi á hljómbönd, fyrirgreiðslu við blint fólk á þessu sviði, þar sem sérstök ástæða þykir til, o. s. frv.

Kostnaður við þessa þjónustu greiðist af söfnum þeim, sem hagnýta sér hana, að því leyti sem framlög annarra aðila ekki koma til.

Um skiptingu kostnaðar fer eftir samningi menntamálaráðuneytisins og miðsafns þess, sem þjónustu veitir."

Drög að samningi í samræmi við ofangreind reglugerðarákvæði voru gerð snemma árs 1980 og lögð fyrir menntmálaráðuneytið. Þau hafa ekki verið undirrituð.

Ríkisframlag

Hið opinbera hefur veitt Blindrafélaginu og Blindravinafélagi Íslands sameiginlega óverulegar fjárhæðir til prentunar bóka á blindraletri. Árið 1978 fékk Blindrafélagið styrk á fjárlögum til hljóðbókagerðar að upphæð 1.200.000 kr., en næsta ár féll þetta framlag niður. Árið 1980 var farið fram á 15.7 millj. kr. til útgáfu og dreifingar, en aðeins fékkst samþykkt fyrir 4 millj. kr.

VIÐAUKI III

Fyrirkomulag á framleiðslu og dreifingu hljóðbóka í Noregi, Danmörku og Svíþjóð

Noregur

Norges Blindeforenings Lydbibliotek (NBF) framleiðir allar hljóðbækur í Noregi. Blindrasamtökin eiga safnið, en það er þó að miklu leyti rekið fyrir opinbert fjármagn. Nýtt frumvarp lagt fram árið 1980 kveður á um, að ríkið taki alfarið við rekstri safnsins.

Þeir, sem rétt eiga á hljóðbókaþjónustu í Noregi, eru einstaklingar, sem ekki geta lesið venjulegar bækur. Sjónskertir leggja fram sjónvottorð og eru um leið skráðir í blindrasamtökunum. Safnið er opið lánþegum, og þeim eru sendar bækur í pósti. Fatlað fólk, sem ekki er sjónskert, fær einnig þjónustu hjá safninu. Í ráði er að gefa bókasöfnum færi á að kaupa u. þ. b. 10 hljóðbókatitla til að hafa að staðaldri í safni og kynna fyrir nýjum lánþegum.

Námsgögn. Huseby Utdanningssenter for Synshemmede sér um framleiðslu og dreifingu námsgagna upp í 10. skólaár. Auk þess veitir stofnunin nemum í tónlistarnámi og sjúkra-

liðanámi sérstaka þjónustu. Námsbókadeild NBF annast framleiðslu og dreifingu námsgagna til annarra hópa (menntaskóla, háskóla, fullorðinnafræðslu).

Greiðslur til höfunda og lesara. Höfundar fá greitt fyrir höfundarrétt. Verð á ódýrustu útgáfu ritsins er lagt til grundvallar, það er margfaldað með fjölda framleiddra hljóðbókaeintaka, sú upphæð síðan margfölduð með 150%. Þessum samningi hefur nú verið sagt upp.

Lesarar fá greiddar Nkr. 100 fyrir hvern innlesinn tíma í hljóðupptöku. Greiðsla fyrir undirbúning ákvarðast sérstaklega fyrir hverja einstaka bók. Fyrir lestur á band í heimahúsum eru greiddar 35 Nkr. (Tölur frá árinu 1980).

Danmörk

Statens Bibliotek og Trykkeri for Blinde (Sbtb) hefur fram að þessu, með fjárframlögum frá ríki, séð um framleiðslu og dreifingu hljóðbóka til sjónskertra. Safnið heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Jafnframt hefur það þjónað augndeildum sjúkrahúsa.

1972 hóf Bibliotekscentralen (Þjónustumiðstöð bókasafna í Danmörku, Bc), sem er sjálfseignarstofnun, að hljóðrita bækur og selja almenningsbókasöfnum landsins, en þau sjá um þjónustu við þá, sem ekki geta lesið venjulegar bækur.

Skipan framleiðslu og dreifingu hljóðbóka í Danmörku er nú þessi: Bibliotekscentralen heldur uppi þjónustu við almenningsbókasöfnin, sem geta innbyrðis skipt með sér verkum.

Sbtb heldur uppi einstaklingsþjónustu við sjónskerta með póstsendingum.

Námsgögn. Refsnæsskole er heimavistarskóli fyrir sjónskerta á skólaskyldualdri, og sér skólinn sjálfur um framleiðslu alls kennsluefnis. Statens Institut for Blinde og Svagsynede veitir sjónskertu fólki, sem ekki er skólaskylt, bæði kennslu og aðstoð við gerð kennslu. Höfundar fá greitt fyrir verk sín, sem framleidd eru í hljóðbókaformi, og allur upplestur, a. m. k. á vegum Sbtb og Bc, er greiddur.

Svíþjóð

Synskadades Riksförbund (SRF) tók fyrst að sér framleiðslu og dreifingu hljóðbóka í Svíþjóð. Ríkið greiðir allan kostnað.

Safnið hefur fram að þessu þjónað bæði einstaklingum og stofnunum, bæði hvað snertir almennt útlánsefni, fræðslu- og námsefni. Árið 1962 hóf Bibliotekstjänst (Þjónustumiðstöð bókasafna í Svíþjóð, Btj.), útgáfu hljóðbóka, sem seldar eru almenningsbókasöfnum. Sú útgáfa eykst með hverju ári og nær yfir allt útlánsefni, sem hæfir almenningsbókasöfnum. Nokkur lénsbókasöfn, sem eru miðsöfn í lénum Svíþjóðar, hafa á síðustu árum jafnframt hafið hljóðbókaframleiðslu.

Allir þeir, sem ekki geta lesið prentað letur, eiga aðgang að hljóðbókum bókasafna landsins.

Sú þróun að bókasöfnin taki að sér almenna bókaþjónustu við þennan hóp hefur í för með sér, að hlutverk bókasafns SRF hefur breyst og er nú í meginatriðum að vera *lánamiðstöð fyrir bókasöfn* (senda þeim bókabirgðir til einstaklingsútlána) og að vera *sérfræðibókasafn,* sem þjónar sjónskertum í starfi og námi eftir þeirra eigin óskum.

Í stofnuninni eru tvær deildir: námsbókadeild, sem sér um þjónustu við blinda í námi utan grunnskólastigs, og deild fullorðinnafræðslu, sem heldur uppi ýmis konar þjónustu, t. d. við einstaklinga, sem vilja taka þátt í leshópum fyrir sjáandi fólk.

Fólk sem leitar til þessarar deildar, getur keypt kennsluefnið.

Framleiðsla hljóðbóka fer fram hjá fyrirtækinu Tal og punkt, sem rekur starfsemi sína innan vébanda SRF. Tal og punkt er sjálfseignarstofnun og selur hljóðbókasafninu bækur á framleiðsluverði.

Auk tæknimanna eru þar í starfi útgáfustjórar og leiðbeinendur fyrir lesara, sem að sjálfsögðu fá greitt fyrir upplestur. Sömuleiðis heldur Tal og punkt uppi umfangsmiklum rannsóknum á nýjungum, einkanlega tölvutækni, sem gæti auðveldað alla bókagerð (blindraletur, hljóðbækur o. fl.) fyrir sjónskerta.

Höfundar fá greitt fyrir hljóðbækur í Svíþjóð.

VIÐAUKI IV

Nýjungar í bókagerð fyrir blinda og sjónskerta

Eins og áður er getið, hefur ekkert komið fram, sem leyst hefur blindraletur af hólmi. Hins vegar hafa menn þróað nýjar aðferðir til prentunar þess og til þess að minnka fyrirferð bóka á blindraletri.

Nú hefur verið fundið upp tæki, sem prentar blindraletur á venjulega kassettu. Á eina kassettu (C 60) komast fyrir um 400.000 tákn, en það samsvarar fimm þykkum blindraleturs-bókum. Á einni síðu, vélritaðri með blindraletri, í stærðinni DIN A4, komast fyrir 28 línur, og í hverri línu eru um 32 bókstafir. Auk þess hefur prentun blindraleturs verið tölvuvædd, og nú er unnið að því að fullkomna þá tækni enn frekar. Svíar gera nú tilraunir með prentun dagblaða og tímarita á blindraletri, stóru svartletri og með tilbúnu tölvutali með einu og sama forritinu.

Auk þess er komin fram tækni, sem breytir upplýsingum af tölvuskermum yfir á blindraletur og öfugt. Þannig á notagildi blindraleturs eftir að aukast til muna, þegar þessi tækni er orðin almenn, og þannig verður blindu og sjónskertu fólki gert mun auðveldara með að vinna alls kyns störf, sem það var nær útilokað frá áður.

HELSTU HEIMILDIR

Guðmundur Björnsson: Sjóndepra og blinda. Fréttabréf um heilbrigðismál, 1980 (4. tbl.,) s. 7—10.

Helga Ólafsdóttir: Þjónusta bókasafna við sjónskerta í Svíþjóð, Danmörku og Íslandi. B.A. verkefni í bókasafnsfræði, okt. 1976.

De læsehandicappede og bibliotekerne: betænkning/fra et udvalg nedsat af Biblíotekstilsynet og Direktoratet for folkeskolen, folkeoplysning, seminarier m.v. ... — /Ballerup/: Bibliotekscentralens forl., 1979.

Sverige. Handikapputredningen: Kultur åt alla; betänkande. Sthm, 1976. (Sverige. Statens offentliga utredningar, 1976:20).

Utvalget til å utrede omfang, organisasjon og praktisk tilrettelegging av en offentlig bibliotektjeneste for funksjonshemmede i Norge, 1973. Litteratur og bibliotektjeneste for funksjonshemmede; utredning ... Oslo, Universitetsforl., 1976. (Norges offentlige utredninger, 1976: 54).

Nd. 318. Frumvarp til laga [192. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

1. tl. 74. gr. laganna orðist svo:

Allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Fasteignir, sem notaðar eru til íbúðar, skulu sem skattstofn eignarskatts þó ekki hækka meir milli ára en nemur hækkun skattvísitölu. Sé fasteignamatsverð ekki fyrir hendi

skal eignin talin til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum fengnum fyrningum og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr., eða á áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er. Skattstjóri skal áætla fasteignamatsverð í þessu sambandi með hliðsjón af gildandi ákvæðum um fasteignamat.

Eiganda leigulóðar skal talið afgjaldskvaðarverðmæti hennar til eignar, en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamatsverðs og afgjaldskvaðarverðmætis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Meðal skattskyldra eigna, sem eignarskattur er lagður á, eru íbúðir. Allar fasteignir eiga að teljast til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 28 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu, skal miða mat á fasteignum við það „gangverð, sem líklegt er, að þær mundu hafa í kaupum og sölum". Þetta ákvæði hefur leitt til þess, að í sumum sveitarfélögum hefur fasteignamatsverð íbúða hækkað mun meira en nemur hækkun launa venjulegs launafólks, þannig að skattbyrði eignarskatts þyngist stöðugt. Þessi skattbyrði er nú orðin æðimikil, þar sem greitt er 1.2% af eignarskattsstofni umfram fyrstu 150 000 kr. Leigulóðir eru einnig reiknaðar sem eign í þessu sambandi.

Sem dæmi um hækkun fasteignamats umfram laun má nefna eftirfarandi þróun í Reykjavík undanfarin þrjú ár:

Í ársbyrjun 1980 hækkaði fasteignamat í Reykjavík að meðaltali frá árinu áður um 60% á íbúðarhúsnæði og 55% á lóðum. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 45.5% og kauptaxtar launþega um 44.1%.

Í ársbyrjun 1981 hækkaði fasteignamat í Reykjavík um 50% á lóðum og 60% á íbúðarhúsnæði. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 58.5% og kauptaxtar launþega um 50.8%.

Í ársbyrjun 1982 hækkaði fasteignamat á lóðum og íbúðarhúsnæði að meðaltali um 55%. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 50% og kauptaxtar launþega um 48.2%.

Af þessu má sjá, að á þremur s. l. árum hefur fasteignamat íbúðarhúsnæðis og lóða hækkað mun meir í Reykjavík en almennar launatekjur. Eignarskattsbyrðin hefur því aukist að sama skapi.

Nauðsynlegt er að sporna gegn þessari þróun og því er þetta frv. flutt. Það gerir ráð fyrir að fasteignir sem eignarskattsstofn geti ekki hækkað meir milli ára en nemur hækkun skattvísitölu. Sú vísitala er eðlileg viðmiðun, því að hún er notuð af ríkisvaldinu í öðrum skiptum þess við skattborgarana. Hér er að sjálfsögðu undirskilið að einstakar fasteignir hafi ekki verið teknar til mats að nýju vegna breytinga og endurbóta.

Í þessu frv. er ekki tekið á því vandamáli, sem nú fer vaxandi, en það er sá mikli munur sem er á fasteignamati íbúðarhúsa og lóða eftir hverfum innan sama sveitarfélags eða eftir sveitarfélögum vegna þess, hversu matið er mismunandi eftir ætluðu markaðsverði. Felur það í sér mikla mismunun við álagningu eignarskatts og fasteignagjalda.

Nd. 319. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Á árinu 1980 voru þrisvar sinnum sett lög um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, í fyrsta sinn 24. janúar og var þá gjaldið ákveðið 5% miðað við fiskverð, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hinn 10. apríl var gerð breyting á þessum lögum og var þá gjaldið lækkað í 2,5% og látið var í veðri vaka, að ein af ástæðum þess að lækka þetta gjald um helming á miðri vetrarvertíð væri sú, að skráð gasolíuverð á Rotterdam-markaði hafi þá um nokkurt skeið farið lækkandi.

Við sjálfstæðismenn, sem stóðum að nefndaráliti um þetta mál þá, vöruðum við að breyta gjaldinu þann tíma sem eftir var af fiskverðstímabili, því að engin teikn voru á lofti sem gáfu til kynna að olíuverð færi lækkandi á því tímabili, enda kom það á daginn, að breyting varð ekki á olíuverði til lækkunar þetta fiskveiðitímabil.

Síðan er samþykkt enn breyting á þessum lögum 26. nóvember og þá er þetta gjald þrefaldað og verður 7,5%. Það hefur verið óbreytt síðan þangað til nú með þessu frumvarpi, að það er lækkað í 7%.

Eins og hag útgerðar er komið, þá er okkur ljóst að útgerðin þarf meiri tekjur til þess að geta staðið undir rekstri sínum, því að rekstrarvandamál hennar eru mikil og taprekstur sjaldan verið meiri en á síðastliðnu ári. Það sanna best hinar hrikalegu vanskilaskuldir útgerðarinnar.

Við undirritaðir nefndarmenn höfum áður lýst því yfir við afgreiðslu þessa máls, að við teljum að hlut útgerðarinnar af olíuverði eigi að bæta með sameiginlegum aðgerðum, sem nái til allra landsmanna, og höfðum lýst því margoft yfir, að við værum reiðubúnir til samstarfs við sjávarútvegsráðherra um að leysa vanda útgerðarinnar með þeim hætti. Sjávarútvegsráðherra hefur marglýst yfir andstöðu sinni við olíugjaldið og í öllum þeim tilfellum, sem hann hefur mælt fyrir frumvarpi um tímabundið olíugjald, hefur hann lýst því yfir, að hann stefndi að því að afnema það í þessari mynd. En ekkert hefur gerst allan þennan tíma annað en það, að nú lækkar gjaldið um ½%, eða í 7%.

Við lýsum yfir andstöðu okkar við þau vinnubrögð, að það sé ákvarðað í ráðuneyti, hvernig lagasetningu Alþingis skuli háttað. Það er samið um það í samningum milli útgerðar og sjómanna í sambandi við fiskverðshækkun, án þess að hafa minnsta samráð við sjávarútvegsnefndir þingsins, sem þó er í lófa lagið að gera.

Alþingi stendur nú frammi fyrir því, að það er búið að lofa því, að olíugjald til fiskiskipa verði 7%. Alþingi stendur einnig frammi fyrir því, að nýlega eru gerðir kjarasamningar eftir verkfall, sem hefur skaðað þjóðarbúið mikið, og því er svo komið að þingið á engra annarra kosta völ en að láta þetta frumvarp fara hér í gegn á Alþingi og því viljum við ekki leggja stein í götu til framgangs málinu vegna þeirra loforða sem ríkisstjórnin hefur gefið, því að það mundi geta kostað stöðvun fiskiskipaflotans og var nóg gert í þeim efnum á fyrstu vikum þessa árs. Því munum við ekki taka þátt í afgreiðslu málsins. Við teljum að það sé eingöngu á ábyrgð stjórnarflokkanna, en af fyrrgreindum ástæðum munum við ekki greiða atkvæði gegn frv.

Alþingi, 3. febr. 1982.

Matthías Bjarnason, frsm. Pétur Sigurðsson. Halldór Blöndal.

Ed. 320. Frumvarp til laga [193. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ágúst Smári Henrýsson, barn í Reykjavík, f. 26. ágúst 1976 á Íslandi.
2. Bach, Rita Nørgaard, húsmóðir í Borgarnesi, f. 20. febrúar 1943 í Danmörku.
3. Cilia, María Dís, barn í Reykjavík, f. 29. ágúst 1968 á Íslandi.
4. Christiansen, Judith, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. október 1944 í Færeyjum.
5. Einar Magnússon, fulltrúi í Reykjavík, f. 29. september 1928 á Íslandi.
6. Evans, Trausti, barn á Akureyri, f. 27. ágúst 1976 á Íslandi.
7. Favre, Gabriel Christian, kennari í Reykjavík, f. 28. febrúar 1944 í Frakklandi.
8. Guðrún Elíasdóttir, skrifstofustúlka í Keflavík, f. 9. september 1919 á Íslandi.
9. Helgi Már Hannesson, barn í Keflavík, f. 22. janúar 1980 í Guatemala.
10. Júlíus Þór Sigurjónsson, barn í Keflavík, f. 18. febrúar 1981 í Indónesíu.
11. Kelley, Donald Thor, verkamaður á Akureyri, f. 6. júlí 1964 í Bandaríkjunum.
12. Kettler, Ernst Rudolf, kvikmyndatökumaður í Reykjavík, f. 23. febrúar 1942 í Austurríki.
13. Keyser, William Gísli, nemi í Reykjavík, f. á Íslandi 8. júní 1957.
14. Lassen, Helle, húsmóðir í Breiðdalshreppi, f. 2. janúar 1952 í Danmörku.
15. Lindgren, Milda Elvíra, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. október 1912 í Finnlandi.
16. Marlowe, Christopher George, tölvufræðingur á Ísafirði, f. 30. júlí 1951 í Bandaríkjunum.
17. Marlowe, Halldóra Patricia, barn á Ísafirði, f. 21. nóvember 1975 í Bandaríkjunum.
18. Marolwe, María Berglind, barn á Ísafirði, f. 26. janúar 1980 á Íslandi.
19. Mikkelsen, Ann, röntgentæknir í Reykjavík, f. 19. júní 1950 í Danmörku.
20. Münoz, Simeona, ljósmóðir á Akureyri, f. 18. febrúar 1951 í Filipseyjum.
21. Olsen, Johannes Martin, sjómaður í Reykjavík, f. 1. mars 1927 í Færeyjum.
22. Rakel Rós María Njálsdóttir, barn á Seltjarnarnesi, f. 2. janúar 1981 í Guatemala.
23. Singh, Manjit Singh Nand Singh Santa, þjónn í Reykjavík, f. 7. október 1949 í Kenya.
24. Winkel, Jón Ólafur, nemi í Reykjavík, f. 4. maí 1967 í Danmörku.
25. Winkel, Poul Eigil, nemi í Reykjavík, f. 10. júlí 1973 í Danmörku.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn - ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 830 á 99. löggjafarþingi 2. maí 1978.

Ed. 321. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Stefán Jónsson, Stefán Guðmundsson, Eiður Guðnason.

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og hreppum, þar sem fullir 3/4 hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fara fram síðasta laugardag í maímánuði, sem ekki ber upp á hvítasunnuhelgi, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta laugardag júnímánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram til samræmis við breytingar á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, þar sem nú er kveðið svo á að kosningar til Alþingis skuli fara fram á laugardögum.

Sþ. 322. Fyrirspurnir. [195. mál]

I. Til samgönguráðherra um Alþjóðasiglingamálastofnunina.

Frá Stefáni Jónssyni og Pétri Sigurðssyni.

a) Hverjar eru þær samþykktir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem Ísland hefur gerst aðili að?
b) Hverjar þessara samþykkta, sem Ísland er aðili að, eru komnar til framkvæmda hér á landi?

II. Til dómsmálaráðherra um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hefur nefnd, sem gera átti tillögur um hvernig réttindum fólks í óvígðri sambúð verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignar- og erfðaréttar, skilað álitsgerð og tillögum í samræmi við samþykkt þáltill. frá 17. febrúar 1981?
2. Ef svo er: a) Hverjar eru tillögur nefndarinnar? b) Má vænta þess, að tillögur um úrbætur til að tryggja betur réttindi og skyldur fólks í óvígðri sambúð verði lagðar fram á yfirstandandi Alþingi?

Nd. 323. Frumvarp til laga [196. mál]

um Orlofssjóð aldraðra.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Magnús H. Magnússon.

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Orlofssjóður aldraðra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk sjóðsins er eftirfarandi:

a) að styðja með framlögum, lánum og annarri fjárhagslegri fyrirgreiðslu orlofs- og sumardvalarstarfsemi fyrir aldrað fólk, sem skipulögð er af sveitarfélögum, félögum, fyrirtækjum eða öðrum þeim sem félagsmálaráðuneytið viðurkennir;
b) að styðja efnalítið aldrað fólk til þátttöku í slíkri orlofsstarfsemi;
c) að reka orlofsbúðir fyrir aldrað fólk, og skal menntamálaráðuneytið í því sambandi leggja sjóðnum til yfir sumartímann endurgjaldslaust afnot af húsnæði, vélum og tækjum a. m. k. tveggja heimavistarskóla samkvæmt nánara samkomulagi og ríkissjóður greiða laun starfsfólks og þjónustufólks, en Orlofssjóður aldraðra annan rekstrarkostnað.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

a) árlegt framlag úr ríkissjóði eins og það er ákveðið í fjárlögum hverju sinni;
b) frjáls framlög og aðrar tekjur sem til kunna að falla;
c) vaxtatekjur.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um starfsemi sjóðsins og stjórnun hans.

Heimilt er að ákveða með reglugerð að framlag eða lánveiting úr sjóðnum skuli bundin því skilyrði, að framlag eða önnur fjárhagsleg fyrirgreiðsla verði jafnframt veitt af viðkomandi sveitarfélagi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Því fylgdi svofelld greinargerð:

„Tilgangurinn með flutningi frumvarps þessa er að benda á leið til þess að auðvelda öldruðu fólki að njóta þeirrar tilbreytingar, sem orlofsdvöl getur veitt. Er ekki að efa að slík viðleitni er mjög í anda þeirrar stefnu „að bæta lífi við árin", sem hefur nú mikil áhrif í sambandi við velferðarmál aldraðra.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ýmsum velferðarmálum aldraðs fólks á Íslandi hefur minna verið sinnt en skyldi. Aldrað fólk á Íslandi hefur ekki með sér nein samtök til þess að berjast fyrir hagsmunamálum sínum, eins og ýmsir hópar í þjóðfélaginu eru nú mjög farnir að tíðka. Þetta ásamt ýmsu öðru hefur orðið til þess, að þjóðfélagið hefur leitt ýmis vandamál gamla fólksins hjá sér. Lausn sumra þessara vandamála krefst talsverðra fjármuna, svo sem í vistunar- og hjúkrunarmálum aldraðra, en á því sviði ríkir nánast hreint neyðarástand í landinu. Það neyðarástand þekkja þeir best sem afskipti hafa haft af vistunar-

og hjúkrunarmálum gamla fólksins, en margt gamalmennið býr við aðstæður sem ekki verður með orðum lýst. Í miðri þeirri velsæld, sem flestum þegnum íslensks þjóðfélags er búin, er ástandið í vistunar- og hjúkrunarmálum gamla fólksins blettur á samfélaginu sem því miður allt of fáir virðast hafa áhuga á að afmá. Þessi mál eru lítið rædd. Gamla fólkið hefur engin samtök til að fylgja málum sínum eftir; aldraða fólkið á Íslandi er enginn þrýstihópur. Það verður bara að þrauka eins og best það getur við aðstæður sem fullfrískt fólk mundi ekki láta bjóða sér. Er orðið meira en tímabært að þeim málum sé sinnt, og er skylda Alþingis og stjórnvalda að fara nú að snúa sér að málefnum aldraða fólksins, þótt aðrir þjóðfélagsþegnar kunni að hafa hærra um sínar kröfur.

Frumvarpi því, sem hér er flutt, er ekki ætlað að leysa þennan vanda. Samanborið við vandamál þess gamla fólks, sem skortir vistun og hjúkrun við hæfi, er mál það, sem hér er hreyft, smámál. En þó það sé ekki stórt kann það engu að síður að breyta miklu fyrir þá öldruðu Íslendinga sem ekki eiga því að venjast að þjóðfélagið leggi sig í framkróka um að sinna velferðarmálum þeirra.

Til allrar hamingju er margt af öldruðu fólki á Íslandi sem hefur allgóða heilsu, býr ýmist í eigin húsnæði, hjá vandamönnum eða á dvalarheimilum, er vel ferðafært og getur hjálpað sér um flest sjálft. Fyrir margt af þessu fólki vilja dagarnir verða langir og tilbreyting lítil. Efni eru oft af skornum skammti þótt þarfirnar séu ekki miklar.

Sum sveitarfélög og áhugamannafélög reyna að bjóða þessu fólki upp á ýmsa starfsemi til að dreifa huganum, svala athafnaþrá og félagslöngun. Það er þó eðlilega mjög misjafnt hvaða kostir eru á slíku. Meðal vinsælustu starfsemi af þessu tagi eru ýmis ferðalög sem sveitarfélög og áhugaaðilar um velferð gamla fólksins hafa efnt til. Eru þessi ferðalög jafnan vel sótt, fara vel fram og eru þegin með sérstökum þökkum. Eru ferðir þessar með ýmsum hætti, allt frá því, að atvinnubifreiðastjórar, klúbbar eða félagasamtök hafa að venju að bjóða öldruðu fólki í stutta sumarferð því að kostnaðarlausu, og til þess að efna til sérstakra hópferða fyrir aldrað fólk til annarra landa þar sem þjónustan er sérstaklega sniðin við hæfi fullorðinna þátttakenda. Mikil þátttaka og mikil ánægja gamla fólksins með þessi ferðalög sýna best þörfina fyrir slíka þjónustu.

Þjónusta fyrir aldraða af þessu tagi hefur tvíþættu hlutverki að gegna. Í fyrsta lagi er hún ákaflega vinsæl og vel metin af því gamla fólki, sem þjónustunnar nýtur. Hún gefur því færi á kærkominni tilbreytingu, á að blanda geði við annað fólk, á að ferðast og sjá nýtt umhverfi. En slík þjónusta hefur líka annan tilgang sem ekki má vanmeta. Því verður t. d. ekki neitað, að þar sem aldrað fólk býr á heimilum barna sinna fer oft svo, þótt hið aldraða fólk haldi fullri heilsu, að dvöl þess á heimilinu getur verið nokkuð bindandi fyrir heimilisfólkið. Gamalt fólk er ákaflega næmt fyrir slíku og verður fljótt vart, ef því þykir eða hefur grun um að það kunni að vera öðru heimilisfólki byrði. Hefur aldraða fólkið oft miklar áhyggjur af þessu og tekur slíkt mjög nærri sér.

Með því að gefa þessu aldraða fólki, sem hefur góða heilsu og er vel ferðafært, kost á að bregða sér frá í orlof eins og annað fólk gerir, leysir það einnig þennan vanda, sem ekki má vanmeta.

Flutningsmenn frumvarpsins telja mikilvægt að sú starfsemi að velferðarmálum aldraðra, sem unnin hefur verið af sveitarfélögum og áhugamannaaðilum, verði áfram í þeirra hendi, en telja rétt, að ríkisvaldið komi með einhverjum hætti til móts við þessa aðila, sýni skilning og velvilja á starfi þeirra og auðveldi þeim að veita hina mikilsverðu þjónustu í velferðarmálum gamla fólksins. Hér þarf ekki að vera um fjárfrekar aðgerðir að ræða, eins og t. d. framkvæmdir í byggingu dvalarheimila og hjúkrunarheimila hljóta óhjákvæmilega að vera. Er í frumvarpinu lagt til að hafa reglur um slíkan stuðning sem frjálsastar, því að það

verður að vera á mati félagsmálaráðherra og ráðuneytis hans hverju sinni, hvaða starfsemi þurfi og eigi að styðja með slíkum hætti, og á valdi Alþingis, hversu miklu fé eigi að ráðstafa. Áhersla er lögð á að hér er alls ekki lagt til að stofnuð verði nein sjálfvirk úthlutunarstofnun peninga sem menn gætu gengið í að vild, heldur sjóður, sem gæti eftir efnum og ástæðum lagt lið starfi sveitarfélaga, áhugamanna og annarra þeirra aðila sem vilja leggja fram sitt lið til þess að gera líf gamla fólksins ríkara að tilbreytingu.

Þá er einnig í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að unnt sé og heimilt verði, ef ástæður þykja til og áhugi er á, að starfrækja einn eða fleiri af hinum vel búnu heimavistarskólum hins opinbera sem sumardvalarheimili fyrir aldrað fólk. Er í frumvarpinu lagt til að eins konar tilraun verði gerð með starfrækslu slíks orlofsheimilis í tveimur skólum, þar sem menntamálaráðuneytið greiði laun starfsfólks, húsnæðisaðstöðu, ljós, hita og annað slíkt, en Orlofssjóður aldraðra og hugsanlega sveitarfélög eða gamla fólkið sjálft, ef unnt er, annan rekstrarkostnað.

Að sjálfsögðu má fá slíkum aðgerðum af opinberri hálfu annan búning en felst í frumvarpi þessu. Mestu máli skiptir að hugmyndinni, sem hreyft er í frumvarpinu, verði komið til framkvæmda, og eru flutningsmenn frumvarpsins að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að fallast fyrir sitt leyti á allar þær breytingar sem nánari athugun mundi leiða í ljós að æskilegt eða eðlilegt væri að gera á málinu til að tryggja framgang þess.“

Sþ. 324. Fyrirspurnir. [197. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um áhrif viðskiptakjara á verðbætur á laun.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hver hefðu orðið áhrif 51. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 á verðbætur á laun 1. júní, 1. september og 1. desember 1981, ef viðskiptakjörin hefðu verið reiknuð inn í kaupgjaldsvísitöluna?
2. Hver verða áhrif þessarar lagagreinar á kaupgjaldsvísitöluna 1. mars n. k.?

II. Til menntamálaráðherra um endurskoðun á lögum um fuglafriðun.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvenær er þess að vænta, að frv. til laga um fuglafriðun verði lagt fram á Alþingi?
2. Er áformað að flytja á þessu þingi frv. þess efnis, að sektir við brotum á lögum um friðun fugla eða hreindýr ellegar um dýra- og náttúruvernd verði færðar upp til samræmis við breytt gildi krónunnar og ört rýrnandi gjaldmiðil?

Sþ. 325. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um fullgildingu samnings um verndun lax í Norður-Atlantshafi.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um verndun lax í Norður-Atlantshafi sem lagður verður fram til undirritunar í Reykjavík 2. mars 1982. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með þingsályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík 18.—22. janúar 1982 var samþykktur samningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal 1 með þingsályktunartillögu þessari. Hann verður lagður fram til undirritunar í Reykjavík 2. mars 1982 og verður undirritaður fyrir Íslands hönd þann dag. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin fram á heimild Alþingis til fullgildingar af Íslands hálfu að lokinni undirritun.

Aðdragandi að gerð samningsins.

Við útfærslu fiskveiðilögsögu í 200 sjómílur var starfssviði fiskveiðinefnda á Norður-Atlantshafi (ICNAF og NEAFC) breytt þannig að þær fjölluðu aðeins um hafsvæði utan 200 mílna. Var þetta tekið skýrt fram í stofnskrám endurskipulagðra nefnda (NAFO og NEAFC). Þar með voru laxveiðar ekki lengur til umfjöllunar í nefndunum.

Sl. 3 ár hafa því ríki við Norður-Atlantshaf unnið að gerð heildarsamnings um samvinnu í laxamálum. Í upphafi tóku aðeins Bandaríkin, Kanada og Efnahagsbandalag Evrópu þátt í þessum umræðum en frá því 1980 bættist Noregur við og frá því 1981 einnig Ísland, Færeyjar og Svíþjóð.

Á fundum í Osló í maí s. l. og Genf í ágúst s. l. var ákveðið að boða til diplómataráðstefnu til að ganga frá milliríkjasamningi. Norska utanríkisráðuneytinu var falið að undirbúa samningsdrög sem tækju mið af fyrri umræðu.

Erfitt reyndist að ákveða tíma og stað fyrir ráðstefnuna enda tengdust ákvarðanir þar um niðurstöðum tvíhliða viðræðna, umfjöllun um aðild Grænlands að EBE o. fl. Að höfðu samráði við væntanlega þátttakendur átti ríkisstjórn Islands frumkvæði að því að boða til ráðstefnunnar í Reykjavík 18. til 22. janúar 1982.

Þátttakendur í ráðstefnunni voru Bandaríkin, Danmörk fyrir hönd Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Ísland, Kanada, Noregur og Svíþjóð. Um 55 fulltrúar voru á ráðstefnunni.

Í lok ráðstefnunnar 22. janúar 1982 var samningurinn sem hér um ræðir staðfestur. Ennfremur var staðfest lokasamþykkt ráðstefnunnar sem hér fylgir sem fylgiskjal 2. Í henni lýsti ráðstefnan yfir þakklæti við ríkisstjórn Íslands fyrir að boða til ráðstefnunnar, fyrir að láta í té aðstöðu til þess að starf ráðstefnunnar bæri árangur og fyrir þá miklu gestrisni sem hún sýndi.

Meginatriði samningsins

Samningur þessi er rammasamningur um samvinnu hlutaðeigandi aðila um verndun lax á Norður-Atlantshafi. Stofnuð verður alþjóðastofnun, Norður-Atlantshafs laxverndunarstofnunin (North Atlantic Salmon Conservation Organization). Yfirstjórn stofnunarinnar er í höndum ráðs sem í eiga sæti fulltrúar allra samningsaðila. Í stofnuninni verða þrjár svæðisnefndir sem setja reglur um verndun lax á hverju svæði fyrir sig. Í **Norður-Ameríkunefnd** verða Bandaríkin og Kanada. Í **Vestur-Grænlandsnefnd** verða Bandaríkin, Efnahagsbandalag Evrópu og Kanada. Í **Norðaustur-Atlantshafsnefnd** verða Danmörk fyrir hönd Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Auk þess munu Bandaríkin og Kanada eiga takmarkaðan atkvæðisrétt í Norðaustur-Atlantshafsnefndinni og Efnahagsbandalagið í Norður-Ameríkunefndinni.

Í samningnum kemur fram sú meginregla að laxveiðar utan fiskveiðilögsögu eru bannaðar. Auk þess munu veiðar innan fiskveiðilögsögu utan 12 sjómílna (þ. e. milli 12 sjómílna og 200 sjómílna) leyfðar aðeins á tveimur svæðum, annars vegar við Vestur-Grænland að 40 sjómílum frá ströndum, og hins vegar innan fiskveiðilögsögu Færeyja. Sem kunnugt er eru laxveiðar í sjó óheimilar skv. íslenskum lögum og er því ekki hér um kvöð að ræða hvað Ísland varðar.

Einstök atriði samningsins

Í **inngangsorðum** er vitnað til ákvæða hafréttarsáttmálans um fiskstofna sem leita aftur upp í ár (þ. m. t. lax). Ákveðið var að fyrirkomulag sem þar er gert ráð fyrir yrði stefnumarkandi í samskiptum ríkja í þessu máli. Í **1. gr.** er tekið fram að samningurinn fjalli aðeins um laxastofna sem fara út fyrir lögsögu eins ríkis í úthafið eða lögsögu annars ríkis.

Meginregla um bann við veiðum utan 200 mílna er sett fram í **2. gr.** og þau svæði tilgreind þar sem veiðar milli 12 mílna og 200 mílna verða leyfðar.

Skv. **3. gr.** verður alþjóðastofnunin (North Atlantic Salmon Conservation Organization) sett á laggirnar. Aðsetur hennar verður í Edinborg. Ráð stofnunarinnar fer með stjórn hennar. Sem fyrr segir verða þrjár svæðisnefndir: Norður-Ameríkunefnd, Vestur-Grænlandsnefnd og Norðaustur-Atlantshafsnefnd. Í **4. gr.** er sett fram hlutverk ráðs stofnunarinnar og í **5. og 6. gr.** eru ákvæði um starfsfyrirkomulag þess.

Í **7. gr.** er fjallað um hlutverk Norður-Ameríkunefndarinnar og í **8. gr.** um hlutverk hinna svæðisnefndanna tveggja. Í **9. gr.** eru taldir upp þeir þættir sem nefndirnar eiga að taka tillit til í störfum sínum. Í **10. og 11. gr.** er fjallað um aðila að nefndunum og um starfsfyrirkomulag nefndanna.

12. gr. fjallar um skrifstofu stofnunarinnar.

Í **13. gr.** er fjallað um gildistöku stjórnunaraðgerða nefnda. Í **14. gr.** eru samningsaðilar skyldaðir til að gera ráðstafanir til þess að samningnum verði framfylgt.

Í **15. gr.** eru ákvæði um skyldu samningsaðila til að láta í té aflatölur og aðrar upplýsingar sem varða framkvæmd samningsins.

Fjallað er um fjármál stofnunarinnar í **16. gr.**

Í **17.—21. gr.** eru venjuleg lokaákvæði. Í **1. tl. 17. gr.** eru taldir upp þeir aðilar sem undirrita mega samninginn og í **3. tl. 17. gr.** þeir sem mega gerast aðilar. Gildissvið samningsins að því er varðar Efnahagsbandalag Evrópu er sett fram í **18. gr.** Í **19. gr.** eru ákvæði um breytingar á samningnum. **20. gr.** er um uppsögn og **21. gr.** um vörsluaðila samningsins sem verður ráð Efnahagsbandalagsins.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
um verndun lax í Norður-Atlantshafi.

AÐILAR að samningi þessum,

SEM GERA SÉR LJÓST að lax sem kemur upphaflega úr ám í ýmsum ríkjum kemur saman á ákveðnum svæðum í Norður-Atlantshafi,

SEM TAKA TILLIT TIL þjóðaréttar, ákvæða í samningsdrögum þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fiskstofna sem leita aftur upp í ár og annarrar þróunar á alþjóðavettvangi varðandi fiskstofna sem leita aftur upp í ár,

SEM ÓSKA að stuðla að öflun, greiningu og dreifingu vísindalegra upplýsinga um laxastofna í Norður-Atlantshafi,

SEM ÓSKA að stuðla að verndun, endurnýjun, eflingu og skynsamlegri nýtingu laxastofna í Norður-Atlantshafi með alþjóðasamvinnu,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. gr.

1. Samningur þessi tekur til laxastofna sem fara út fyrir fiskveiðilögsögu strandríkja í Norður-Atlantshafi fyrir norðan 36° n.br. á öllum farleiðum þeirra.

2. Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi, kröfur eða skoðanir nokkurs aðila varðandi mörk eða víðáttu fiskveiðilögsögu né hafa áhrif á skoðanir eða afstöðu neins aðila varðandi hafrétt.

2. gr.

1. Laxveiðar eru bannaðar utan fiskveiðilögsögu strandríkja.

2. Innan fiskveiðilögsögu strandríkja eru laxveiðar bannaðar utan 12 sjómílna frá grunnlínum sem breidd landhelgi er mæld frá, nema á eftirtöldum svæðum:

a. á svæði Vestur-Grænlandsnefndarinnar allt að 40 sjómílum frá grunnlínum, og

CONVENTION
for the Conservation of Salmon in the North Atlantic Ocean

THE PARTIES to this Convention,

RECOGNIZING that salmon originating in the rivers of different States intermingle in certain parts of the North Atlantic Ocean,

TAKING INTO ACCOUNT international law, the provisions on anadromous stocks of fish in the Draft Convention of the Third United Nations Conference on the Law of the Sea and other developments in international fora relating to anadromous stocks,

DESIRING to promote the acquisition, analysis and dissemination of scientific information pertaining to salmon stocks in the North Atlantic Ocean,

DESIRING to promote the conservation, restoration, enhancement and rational management of salmon stocks in the North Atlantic Ocean through international co-operation,

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1

1. This Convention applies to the salmon stocks which migrate beyond areas of fisheries jurisdiction of coastal States of the Atlantic Ocean north of 36°N latitude throughout their migratory range.

2. Nothing in this Convention shall affect the rights, claims or views of any Party with regard to the limits or extent of jurisdiction over fisheries, nor shall it prejudice the views or positions of any Party with respect to the law of the sea.

ARTICLE 2

1. Fishing of salmon is prohibited beyond areas of fisheries jurisdiction of coastal States.

2. Within areas of fisheries jurisdiction of coastal States, fishing of salmon is prohibited beyond 12 nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured, except in the following areas:

(a) in the West Greenland Commission area, up to 40 nautical miles from the baselines; and

b. á svæði Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar innan fiskveiðilögsögu Færeyja.

3. Aðilar skulu vekja athygli sérhvers ríkis sem ekki er aðili að samningi þessum á sérhverju máli varðandi aðgerðir skipa þess ríkis sem virðist hafa óheppileg áhrif á verndun, endurnýjun, eflingu eða skynsamlega nýtingu laxastofna sem samningur þessi tekur til eða á framkvæmd samningsins.

3. gr.

1. Hér með er stofnuð alþjóðastofnun sem nefnd skal Norður-Atlantshafs laxverndunarstofnunin, hér á eftir nefnd „stofnunin".

2. Tilgangur stofnunarinnar er að stuðla með samráði og samvinnu að verndun, endurnýjun, eflingu og skynsamlegri nýtingu laxastofna sem samningur þessi tekur til með því að taka mið af bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum.

3. Stofnunin er
a. ráð,
b. þrjár svæðisnefndir:
— Norður-Ameríkunefnd,
— Vestur-Grænlandsnefnd og
— Norðaustur-Atlantshafsnefnd, og
c. framkvæmdastjóri.

4. Svæði nefndanna eru eftirtalin:

a. Norður-Ameríkunefndin: hafsvæði innan fiskveiðilögsögu strandríkja undan austurströnd Norður-Ameríku,

b. Vestur-Grænlandsnefndin: hafsvæði innan fiskveiðilögsögu undan strönd Vestur-Grænlands vestan línu sem dregin er eftir 44° v.l. suður að 59° n.br., þaðan í austur að 42° v.l. og þaðan í suður, og

c. Norðaustur-Atlantshafsnefndin: hafsvæði austan línu þeirrar er greinir í lið b.

5. Stofnunin skal vera lögaðili og njóta á landssvæðum aðilanna og í samskiptum sínum við aðrar alþjóðastofnanir þeirrar réttarstöðu er nauðsynleg kann að vera til að hún geti innt störf sín af höndum og náð tilgangi sínum. Friðhelgi og sérréttindi sem stofnunin, embættismenn hennar og starfslið og fulltrúar aðilanna skulu njóta á landssvæði ríkis skulu ákveðin með samningi milli stofnunarinnar og viðkomandi ríkis.

6. Hin opinberu tungumál stofnunarinnar skulu vera enska og franska.

(b) in the North-East Atlantic Commission area, within the area of fisheries jurisdiction of the Faroe Islands.

3. The Parties shall invite the attention of any State not a Party to this Convention to any matter relating to the activities of the vessels of that State which appears to affect adversely the conservation, restoration, enhancement or rational management of salmon stocks subject to this Convention or the implementation of the Convention.

ARTICLE 3

1. There is hereby established an international organization that shall be known as the North Atlantic Salmon Conservation Organization, hereinafter referred to as the "Organization".

2. The objective of the Organization shall be to contribute through consultation and co-operation to the conservation, restoration,enhancement and rational management of salmon stocks subject to this Convention, taking into account the best scientific evidence available to it.

3. The Organization shall consist of:
(a) a Council,
(b) three regional Commissions:
— a North American Commission,
— a West Greenland Commission and
— a North-East Atlantic Commission, and
(c) a Secretary.

4. The areas of the Commissions shall be as follows:

(a) North American Commission: maritime waters within areas of fisheries jurisdiction of coastal States off the east coast of North America;

(b) West Greenland Commission: maritime waters within the area of fisheries jurisdiction off the coast of West Greenland west of a line drawn along 44°W longitude south to 59°N latitude, thence due east to 42°W longitude and thence due south; and

(c) North-East Atlantic Commission: maritime waters east of the line referred to in subparagraph (b).

5. The Organization shall have legal personality and shall enjoy in the territories of the Parties and in its relations with other international organizations such legal capacity as may be necessary to perform its functions and achieve its ends. The immunities and privileges which the Organization, its officers and staff and representatives of the Parties shall enjoy in the territory of a State shall be subject to agreement between the Organization and the State concerned.

6. The official languages of the Organization shall be English and French.

7. Skrifstofa stofnunarinnar skal vera í Edinborg, eða á öðrum þeim stað sem ráðið kann að ákveða.

4. gr.

1. Störf ráðsins skulu vera

a. að vera vettvangur fyrir könnun, greiningu og skipti á upplýsingum meðal aðilanna um mál sem varða laxastofna sem samningur þessi tekur til og um árangur við að ná tilgangi stofnunarinnar,

b. að vera vettvangur fyrir samráð og samvinnu um mál sem varða laxastofna í Norður-Atlantshafi utan svæða nefndanna,

c. að auðvelda samræmingu í störfum nefndanna og að samræma frumkvæði aðilanna samkvæmt 3. tl. 2. gr.,

d. að koma á starfstilhögun við Alþjóðahafrannsóknaráðið og aðrar fiskveiði- og vísindastofnanir eftir því sem við á,

e. að gera tillögur til aðilanna, Alþjóðahafrannsóknaráðsins eða annarra fiskveiði- og vísindastofnana eftir því sem við á um að takast á hendur vísindarannsóknir,

f. að hafa eftirlit með og samræma stjórnunarmál, fjárhagsmál og önnur mál innan stofnunarinnar, þar með talin samskipti milli stofnana hennar,

g. að samræma samskipti stofnunarinnar út á við, og

h. að inna af höndum önnur þau störf sem því eru falin í samningi þessum.

2. Ráðið getur gert tillögur til aðilanna og nefndanna um mál sem varða laxastofna sem samningur þessi tekur til, þar með talda framkvæmd laga og reglugerða. Þó skal enga tillögu gera um stjórnun laxveiða innan fiskveiðilögsögu aðila.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. getur ráðið, að sérstakri beiðni nefndar, gert tillögur sem beint er til þeirrar nefndar um stjórnunaraðgerðir sem nefndin kann að gera tillögu um samkvæmt samningi þessum.

5. gr.

1. Sérhver aðili skal eiga sæti í ráðinu og má tilnefna í ráðið allt að þremur fulltrúum sem mega

7. The office of the Organization shall be at Edinburgh or at such other place as the Council may decide.

ARTICLE 4

1. The functions of the Council shall be:

(a) to provide a forum for the study, analysis and exchange of information among the Parties on matters concerning the salmon stocks subject to this Convention, and on the achievement of the objective of the Convention;

(b) to provide a forum for consultation and co-operation on matters concerning the salmon stocks in the North Atlantic Ocean beyond Commission areas;

(c) to facilitate the co-ordination of the activities of the Commissions and to co-ordinate the initiatives of the Parties under article 2, paragraph 3;

(d) to establish working arrangements with the International Council for the Exploration of the Sea and other appropriate fisheries and scientific organizations;

(e) to make recommendations to the Parties, the International Council for the Exploration of the Sea or other appropriate fisheries and scientific organizations concerning the undertaking of scientific research;

(f) to supervise and co-ordinate the administrative, financial and other internal affairs of the Organization, including the relations among its constituent bodies;

(g) to co-ordinate the external relations of the Organization; and

(h) to perform such other functions as are conferred on it by this Convention.

2. The Council shall have the authority to make recommendations to the Parties and the Commissions on matters concerning salmon stocks subject to this Convention, including the enforcement of laws and regulations, provided that no recommendation shall be made concerning the management of salmon harvests within the area of fisheries jurisdiction of a Party.

3. Notwithstanding paragraph 2, upon the specific request of a Commission, the Council shall have the authority to make recommendations to that Commission on regulatory measures which the Commission may propose pursuant to this Convention.

ARTICLE 5

1. Each Party shall be a member of the Council and may appoint to the Council not more than

hafa með sér á fundum þess sérfræðinga og ráðunauta.

2. Ráðið kýs sér forseta og varaforseta til tveggja ára. Þá má endurkjósa, en þeir mega ekki gegna embætti lengur en fjögur ár í röð í hvoru embætti. Forsetinn og varaforsetinn skulu ekki vera fulltrúar sama aðila.

3. Forseti ráðsins er aðalfulltrúi stofnunarinnar.

4. Forsetinn boðar til reglulegs ársfundar ráðsins og nefndanna á þeim tíma og stað sem ráðið ákveður.

5. Að beiðni eins aðila sem studdur er af öðrum aðila skal forsetinn boða til funda í ráðinu annarra en ársfunda, á þeim tíma og stað sem hann ákveður.

6. Ráðið skal leggja ársskýrslu um störf stofnunarinnar fyrir aðilana.

three representatives who may be accompanied at its meetings by experts and advisers.

2. The Council shall elect a President and Vice-President who shall serve for two years. They shall be eligible for re-election, provided that they not serve for more than four years in succession in each office. The President and Vice-President shall not be representatives of the same Party.

3. The President of the Council shall be the principal representative of the Organization.

4. The President shall convene a regular annual meeting of the Council and the Commissions at a time and place determined by the Council.

5. Upon the request of a Party with the concurrence of another Party the President shall call meetings of the Council other than annual meetings at such time and place as the President may determine.

6. The Council shall submit to the Parties an annual report of the activities of the Organization.

6. gr.

1. Ráðið setur sér fundarsköp.

2. Sérhver aðili ráðsins fer með eitt atkvæði á fundum þess.

3. Sé ekki öðruvísi ákveðið skulu ákvarðanir ráðsins teknar með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði með eða á móti. Atkvæðagreiðsla skal ekki fara fram nema tveir þriðju aðila séu viðstaddir.

ARTICLE 6

1. The Council shall adopt its rules of procedure.

2. Each member of the Council shall have one vote in its proceedings.

3. Except where otherwise provided, decisions of the Council shall be taken by a three-quarters majority of the votes of the members present and casting an affirmative or negative vote. No vote shall be taken unless two thirds of the members are present.

7. gr.

1. Störf Norður-Ameríkunefndarinnar með tilliti til svæðis hennar skulu vera

a. að vera vettvangur fyrir samráð og samvinnu milli nefndaraðilanna

i. um mál sem tengjast því að minnka veiðar innan fiskveiðilögsögu eins nefndaraðila á laxi sem kemur upphaflega úr ám annars aðila, og

ii. í þeim tilvikum þegar aðgerðir sem einn nefndaraðili tekst á hendur eða hyggst takast á hendur hafa áhrif á lax sem kemur upphaflega úr ám annars nefndaraðila, til dæmis vegna líffræðilegra samskipta,

b. að gera tillögur um stjórnunaraðgerðir varðandi laxveiðar í lögsögu nefndaraðila þar sem aflinn hefur þýðingu fyrir hinn nefndaraðilann sem á ár þær sem sá lax kemur upphaflega úr, og skal stefnt að því að minnka þennan afla,

c. að gera tillögur um stjórnunaraðgerðir varðandi laxveiðar í lögsögu aðila þar sem aflinn hefur

ARTICLE 7

1. The functions of the North American Commission with regard to its area shall be:

(a) to provide a forum for consultation and co-operation between the members:

(i) on matters related to minimizing catches in the area of fisheries jurisdiction of one member of salmon originating in the rivers of another Party, and

(ii) in cases where activities undertaken or proposed by one member affect salmon originating in the rivers of the other member because, for example, of biological interactions;

(b) to propose regulatory measures for salmon fisheries under the jurisdiction of a member which harvest amounts of salmon significant to the other member in whose rivers that salmon originates, in order to minimize such harvests;

(c) to propose regulatory measures for salmon fisheries under the jurisdiction of a member which

þýðingu fyrir annan aðila sem á ár þær sem sá lax kemur upphaflega úr,

d. að gera tillögur til ráðsins um að takast á hendur vísindarannsóknir.

2. Hvor nefndaraðili skal með tilliti til skipa sinna og fiskveiðilögsögu sinnar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr því að lax sem upphaflega kemur úr ám hins nefndaraðilans veiðist sem aukaafli við aðrar veiðar.

3. Mynstri laxveiða á svæði Norður-Ameríkunefndarinnar skal ekki breyta þannig að það leiði til þess að veiðar hefjist eða aflaaukning verði á þeim laxi sem upphaflega kemur úr ám annars aðila nema með samþykki hans.

harvest amounts of salmon significant to another Party in whose rivers that salmon originates; and

(d) to make recommendations to the Council concerning the undertaking of scientific research.

2. Each member shall, with respect to its vessels and the area under its fisheries jurisdiction, take the measures necessary to minimize bycatches of salmon originating in the rivers of the other member.

3. Fishing patterns in salmon in the North American Commission area shall not be altered in a manner which results in the initiation of fishing or increase in catches of salmon originating in the rivers of another Party, except with the consent of the latter.

8. gr.

Störf Vestur-Grænlandsnefndarinnar og Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar með tilliti til svæða þeirra hvorrar um sig skulu vera

a. að vera vettvangur fyrir samráð og samvinnu meðal nefndaraðilanna varðandi verndun, endurnýjun, eflingu og skynsamlega nýtingu laxastofna sem samningur þessi tekur til,

b. að gera tillögur um stjórnunaraðgerðir varðandi veiðar innan fiskveiðilögsögu nefndaraðila á laxi sem upphaflega kemur úr ám annarra aðila, og

c. að gera tillögur til ráðsins um að takast á hendur vísindarannsóknir.

ARTICLE 8

The functions of the West Greenland Commission and the North-East Atlantic Commission with regard to their respective areas shall be:

(a) to provide a forum for consultation and cooperation among the members concerning the conservation, restoration, enhancement and rational management of salmon stocks subject to this Convention;

(b) to propose regulatory measures for fishing in the area of fisheries jurisdiction of a member of salmon originating in the rivers of other Parties; and

(c) to make recommendations to the Council concerning the undertaking of scientific research.

9. gr.

Við framkvæmd starfa þeirra er greinir í 7. og 8. gr. skal nefnd taka tillit til

a. bestu tiltækra upplýsinga, þar á meðal ráða frá Alþjóðahafrannsóknaráðinu og öðrum vísindastofnunum eftir því sem við á,

b. ráðstafana sem gerðar hafa verið og annarra atriða, bæði innan og utan svæðis nefndarinnar, sem áhrif hafa á viðkomandi laxastofna,

c. viðleitni upphafsríkis til þess að koma í framkvæmd og framfylgja ráðstöfunum til verndunar, endurnýjunar, eflingar og skynsamlegrar nýtingar laxastofna í ám sínum og innan fiskveiðilögsögu sinnar, þar á meðal ráðstöfunum þeim er greinir í 15. gr. 5. tl. b,

d. að hvaða marki viðkomandi laxastofnar taka fæðu innan fiskveiðilögsögu aðilanna hvers um sig,

e. samanburðar á áhrifum veiða á laxi á mismunandi stöðum á farleiðum hans,

ARTICLE 9

In exercising the functions set out in articles 7 and 8, a Commission shall take into account:

(a) the best available information, including advice from the International Council for the Exploration of the Sea and other appropriate scientific organizations;

(b) measures taken and other factors, both inside and outside the Commission area, that affect the salmon stocks concerned;

(c) the efforts of States of origin to implement and enforce measures for the conservation, restoration, enhancement and rational management of salmon stocks in their rivers and areas of fisheries jurisdiction, including measures referred to in article 15, paragraph 5 (b);

(d) the extent to which the salmon stocks concerned feed in the areas of fisheries jurisdiction of the respective Parties;

(e) the relative effects of harvesting salmon at different stages of their migration routes;

f. framlaga aðila annarra en upphafsríkja til verndunar laxastofna sem koma í fiskveiðilögsögu þeirra með því að þeir takmarki veiðar sínar á þessum stofnum eða með öðrum ráðstöfunum, og

g. hagsmuna samfélaga sem eru sérstaklega háð laxveiðum.

(f) the contribution of Parties other than States of origin to the conservation of salmon stocks which migrate into their areas of fisheries jurisdiction by limiting their catches of such stocks or by other measures; and

(g) the interests of communities which are particularly dependent on salmon fisheries.

10. gr.

1. Aðilar skulu eiga sæti í nefndunum sem hér segir:

a. Norður-Ameríkunefndinni: Bandaríkin og Kanada.

b. Vestur-Grænlandsnefndinni: Bandaríkin, Efnahagsbandalag Evrópu og Kanada.

c. Norðaustur-Atlantshafsnefndinni: Danmörk fyrir hönd Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Ísland, Noregur og Svíþjóð.

2. Á fyrsta fundi sínum skal ráðið endurskoða og má með samhljóða atkvæðum breyta nefndarskipan Vestur-Grænlandsnefndarinnar.

3. Aðili sem ekki er nefndur í 1. tl. b má að beiðni hans og með samhljóða ákvörðun ráðsins taka sæti í Vestur-Grænlandsnefndinni eða Norðaustur-Atlantshafsnefndinni ef um er að ræða upphafsríki verulegs magns af laxi sem finnst á svæði nefndarinnar sem um ræðir eða hann á fiskveiðilögsögu á því svæði.

4. Aðilar mega vera áheyrnarfulltrúar við umræður í nefnd sem þeir eiga ekki sæti í.

5. Sérhver nefndaraðili má tilnefna í nefnd allt að þremur fulltrúum sem mega hafa með sér á fundum hennar sérfræðinga og ráðunauta.

6. Sérhver nefnd kýs sér formann og varaformann til tveggja ára. Þá má endurkjósa, en þeir mega ekki gegna embætti lengur en fjögur ár í röð í hvoru embætti. Formaðurinn og varaformaðurinn skulu ekki vera fulltrúar sama aðila.

7. Að beiðni eins nefndaraðila sem studdur er af öðrum nefndaraðila skal formaðurinn boða til funda í nefndinni annarra en ársfunda, á þeim tíma og stað sem hann ákveður.

8. Sérhver nefnd skal gefa ráðinu reglulega skýrslu um störf sín.

ARTICLE 10

1. The Parties shall be members of the Commissions as follows:

(a) North American Commission: Canada and the United States of America;

(b) West Greenland Commission: Canada, the European Economic Community and the United States of America;

(c) North-East Atlantic Commission: Denmark in respect of the Faroe Islands, the European Economic Community, Iceland, Norway and Sweden.

2. At its first meeting the Council shall review and may by unanimous vote modify the membership of the West Greenland Commission.

3. A Party not mentioned in paragraph 1 (b) may, at its request and upon the unanimous decision of the Council, become a member of the West Greenland Commission or the North-East Atlantic Commission if it is a State of origin for significant quantities of salmon occurring in the respective Commission area or if it exercises fisheries jurisdiction in that area.

4. Parties may participate as observers in the deliberations of a Commission of which they are not members.

5. Each member may appoint to a Commission not more than three representatives who may be accompanied at its meetings by experts and advisers.

6. Each Commission shall elect a Chairman and Vice-Chairman who shall serve for two years. They shall be eligible for re-election, provided that they not serve for more than four years in succession in each office. The Chairman and Vice-Chairman shall not be representatives of the same member.

7. Upon the request of a member of a Commission with the concurrence of another member the Chairman shall call meetings of the Commission other than annual meetings at such time and place as the Chairman may determine.

8. Each Commission shall, on a timely basis, make a report of its activities to the Council.

11. gr.

1. Sérhver nefnd setur sér fundarsköp.

2. Sérhver nefndaraðili fer með eitt atkvæði á fundum nefndar. Auk þess skal Efnahagsbandalag Evrópu að því er varðar Norður-Ameríkunefndina eiga rétt á að leggja fram og greiða atkvæði um tillögur um stjórnunaraðgerðir varðandi laxastofna sem koma upphaflega frá þeim landssvæðum sem greinir í 18. gr. Að því er varðar Norðaustur-Atlantshafsnefndina skulu Bandaríkin og Kanada hvort um sig eiga rétt á að leggja fram og greiða atkvæði um tillögur um stjórnunaraðgerðir varðandi laxastofna sem koma upphaflega úr ám í Bandaríkjunum og Kanada eftir því sem við á og finnast undan Austur-Grænlandi.

3. Ákvarðanir nefndar skulu hljóta samhljóða atkvæði þeirra sem viðstaddir eru og greiða atkvæði með eða á móti. Engin atkvæðagreiðsla skal fara fram nema tveir þriðju þeirra sem rétt eiga á að greiða atkvæði um viðkomandi mál séu viðstaddir.

12. gr.

1. Ráðið tilnefnir framkvæmdastjóra sem skal vera æðsti embættismaður stofnunarinnar í stjórnunarmálum.

2. Störf framkvæmdastjóra eru

a. að annast stjórnunarstörf fyrir stofnunina,

b. að safna og dreifa tölfræðilegum upplýsingum og skýrslum varðandi laxastofna sem samningur þessi tekur til, og

c. að framkvæma þau störf sem leiðir af öðrum ákvæðum samnings þessa eða ráðið kann að ákveða.

3. Ráðið ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og starfsliðs.

4. Framkvæmdastjóri skipar starfslið í samræmi við starfsmannaskipan sem ráðið ákveður. Starfsliðið er ábyrgt gagnvart framkvæmdastjóra en ráðið hefur almenna umsjón með starfsliðinu.

13. gr.

1. Framkvæmdastjórinn skal án óhæfilegrar tafar tilkynna nefndaraðilum um stjórnunaraðgerðir sem viðkomandi nefnd leggur til.

2. Stjórnunaraðgerð sem nefnd leggur til samkvæmt 7. gr. 1. tl. b eða c eða 8. gr. b skal vera bindandi fyrir aðila hennar að 60 dögum liðnum frá þeim degi sem tiltekinn er í tilkynningu framkvæmdastjórans eða, ákveði nefndin einhvern dag síðar, þá frá þeim degi, sbr. þó 3. tl.

ARTICLE 11

1. Each Commission shall adopt its rules of procedure.

2. Each member of a Commission shall have one vote in its proceedings. In addition, in the case of the North American Commission, the European Economic Community shall have the right to submit and vote on proposals for regulatory measures concerning salmon stocks originating in the territories referred to in article 18. In the case of the North-East Atlantic Commission, Canada and the United States of America shall each have the right to submit and vote on proposals for regulatory measures concerning salmon stocks originating in the rivers of Canada or the United States of America, respectively, and occurring off East Greenland.

3. Decisions of a Commission shall be taken by the unanimous vote of those present and casting an affirmative or negative vote. No vote shall be taken unless two thirds of those entitled to vote on the matter concerned are present.

ARTICLE 12

1. The Council shall appoint a Secretary, who shall be the chief administrative officer of the Organization.

2. The functions of the Secretary shall be:

(a) to provide administrative services to the Organization;

(b) to compile and disseminate statistics and reports concerning the salmon stocks subject to this Convention; and

(c) to perform such functions as follow from other provisions of this Convention or as the Council may determine.

3. The Council shall determine the conditions of employment of the Secretary and staff.

4. The Secretary shall appoint the staff in accordance with staffing requirements approved by the Council. The staff shall be responsible to the Secretary, subject to the general supervision of the Council.

ARTICLE 13

1. The Secretary shall, without undue delay, notify the members of a Commission of any regulatory measure proposed by that Commission.

2. Subject to paragraph 3, a regulatory measure proposed by a Commission under article 7, paragraph 1(b) or (c), or article 8, subparagraph (b), shall become binding on its members 60 days after the date specified in the Secretary's notification or, if a later date is determined by the Commission, on such date.

Alþt. 1981. A. (104. löggjafarþing). 200

3. Nú ætti stjórnunaraðgerð að gilda innan fiskveiðilögsögu nefndaraðila og má hann þá mótmæla henni innan 60 daga frá þeim degi sem tiltekinn er í tilkynningu framkvæmdastjórans. Í því tilviki verður stjórnunaraðgerðin ekki bindandi fyrir neinn nefndaraðila. Nefndaraðili sem hefur borið fram mótmæli má hvenær sem er afturkalla þau. Þrjátíu dögum eftir að öll mótmæli hafa verið afturkölluð skal stjórnunaraðgerðin verða bindandi, sbr. þó 2. tl.

4. Nú gildir stjórnunaraðgerð innan fiskveiðilögsögu nefndaraðila og getur hann þá að ári liðnu frá þeim degi sem stjórnunaraðgerðin varð bindandi sagt henni upp með skriflegri tilkynningu til framkvæmdastjórans. Framkvæmdastjórinn skal þegar í stað tilkynna hinum nefndaraðilunum um uppsögnina. Stjórnunaraðgerðin verður ekki lengur bindandi fyrir neinn nefndaraðilanna að liðnum 60 dögum frá þeim degi sem framkvæmdastjóranum barst tilkynning um uppsögn eða, hafi nefndaraðili tilgreint einhvern dag síðar, þá frá þeim degi.

5. Nefnd má gera tillögu um neyðarstjórnunaraðgerð sem taka skal gildi áður en 60 daga tímabilinu sem greinir í 2. tl. lýkur. Nefndaraðilar skulu leitast við eftir megni að framfylgja aðgerðinni nema nefndaraðili beri fram mótmæli innan 30 daga frá því að nefndin gerði tillögu um hana.

14. gr.

1. Sérhver aðili skal tryggja að hafist verði handa um þær aðgerðir, þar með talið að hæfileg viðurlög liggi við brotum, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að ákvæði samnings þessa verði virk og að þeim stjórnunaraðgerðum sem eru bindandi fyrir hann samkvæmt 13. gr. sé framfylgt.

2. Sérhver aðili skal senda ráðinu árlega greinargerð um þær aðgerðir sem hann hefur tekist á hendur samkvæmt 1. tl. Greinargerðina skal senda framkvæmdastjóranum eigi síðar en 60 dögum fyrir ársfund ráðsins.

15. gr.

1. Sérhver aðili skal láta ráðinu í té á þeim tímum sem það kann að ákveða tiltækar aflatölur varðandi þá laxastofna sem samningur þessi tekur til sem veiddir eru í ám hans og innan fiskveiðilögsögu hans.

2. Sérhver aðili skal safna og láta ráðinu í té aðrar þær tölfræðilegu upplýsingar sem það þarfnast um laxastofna sem samningur þessi tekur til í ám hans og innan fiskveiðilögsögu hans. Ráðið

3. Any member in whose area of fisheries jurisdiction a regulatory measure would apply may, within 60 days of the date specified in the Secretary's notification, lodge an objection to it. In this case the regulatory measure shall not become binding on any member. A member which has lodged an objection may at any time withdraw it. Thirty days after all objections are withdrawn the regulatory measure shall become binding, subject to paragraph 2.

4. After the expiration of one year from the date on which a regulatory measure becomes binding, any member in whose area of fisheries jurisdiction the regulatory measure applies may denounce it by written notice to the Secretary. The Secretary shall immediately inform the other members of such denunciation. The regulatory measure shall cease to be binding on all members 60 days after the date of receipt by the Secretary of the notice of denunciation or, if a later date is indicated by the member, on such date.

5. A Commission may propose an emergency regulatory measure having effect prior to the expiration of the 60-day period referred to in paragraph 2. The members shall make best efforts to implement the measure, unless there is an objection by a member within 30 days after the Commission has proposed it.

ARTICLE 14

1. Each Party shall ensure that such action is taken, including the imposition of adequate penalties for violations, as may be necessary to make effective the provisions of this Convention and to implement regulatory measures which become binding on it under article 13.

2. Each Party shall transmit to the Council an annual statement of the actions it has taken pursuant to paragraph 1. Such statement shall be sent to the Secretary not later than 60 days before the annual meeting of the Council.

ARTICLE 15

1. Each Party shall provide to the Council available catch statistics for salmon stocks subject to this Convention taken in its rivers and area of fisheries jurisdiction at such intervals as the Council may determine.

2. Each Party shall compile and provide to the Council such other statistics for salmon stocks subject to this Convention in its rivers and area of fisheries jurisdiction as required by the Council.

skal ákveða með samhljóða atkvæðum umfang og form slíkra tölfræðilegra upplýsinga og á hvaða tímum þær skulu látnar í té.

3. Sérhver aðili skal láta ráðinu í té aðrar tiltækar vísindalegar og tölfræðilegar upplýsingar sem það þarfnast vegna samnings þessa.

4. Að beiðni ráðsins skal sérhver aðili láta ráðinu í té endurrit af lögum, reglugerðum og áætlunum sem í gildi eru eða, þegar það á við, samantekt þeirra varðandi verndun, endurnýjun, eflingu og skynsamlega nýtingu laxastofna sem samningur þessi tekur til í ám hans og innan fiskveiðilögsögu hans.

5. Sérhver aðili skal tilkynna ráðinu á hverju ári um

a. setningu eða niðurfellingu, frá því síðasta tilkynning var send, á lögum, reglugerðum og áætlunum varðandi verndun, endurnýjun, eflingu og skynsamlega nýtingu laxastofna sem samningur þessi tekur til í ám sínum og innan fiskveiðilögsögu sinnar,

b. skuldbindingar ábyrgra stjórnvalda um að setja eða halda í gildi um tiltekinn tíma á landsvæðum sínum eða innan fiskveiðilögsögu sinnar ráðstöfunum varðandi verndun, endurnýjun, eflingu og skynsamlega nýtingu laxastofna sem samningur þessi tekur til, og

c. atriði á landssvæði hans eða innan fiskveiðilögsögu hans sem gætu haft veruleg áhrif á stærð laxastofna sem samningur þessi tekur til.

6. Tilkynningar þær er um getur í 5. tl. a skal senda framkvæmdastjóranum eigi síðar en 60 dögum fyrir ársfund ráðsins. Tilkynningar þær er um getur í 5. tl. b og c skal senda framkvæmdastjóranum svo fljótt sem henta þykir.

16. gr.

1. Ráðið skal samþykkja fjárhagsáætlun fyrir stofnunina. Framkvæmdastjórinn skal senda drög að fjárhagsáætlun til aðilanna ásamt áætlun um framlög eigi síðar en 60 dögum fyrir fund ráðsins þar sem fjárhagsáætlunin verður tekin til athugunar.

2. Ráðið ákveður árleg framlög hvers aðila samkvæmt eftirfarandi reglum

a. 30% fjárhagsáætlunarinnar skiptist jafnt milli aðilanna, og

b. 70% fjárhagsáætlunarinnar skiptist milli aðilanna í hlutfalli við veiðar þeirra á laxi sem samn-

The Council shall decide by unanimous vote the scope and form of such statistics and the intervals at which they shall be provided.

3. Each Party shall provide the Council with any other available scientific and statistical information which it requires for the purposes of this Convention.

4. Upon the request of the Council each Party shall provide to the Council copies of laws, regulations and programmes in force or, where appropriate, summaries thereof, relating to the conservation, restoration, enhancement and rational management of salmon stocks subject to this Convention in its rivers and area of fisheries jurisdiction.

5. Each year each Party shall notify the Council of:

(a) the adoption or repeal since its last notification of laws, regulations and programmes relating to the conservation, restoration, enhancement and rational management of salmon stocks subject to this Convention in its rivers and area of fisheries jurisdiction;

(b) any commitments by the responsible authorities concerning the adoption or maintenance in force for specified periods of time within its territory or area of fisheries jurisdiction of measures relating to the conservation, restoration, enhancement and rational management of salmon stocks subject to this Convention; and

(c) factors within its territory and area of fisheries jurisdiction which may significantly affect the abundance of salmon stocks subject to this Convention.

6. The notifications referred to in paragraph 5 (a) shall be sent to the Secretary not later than 60 days before the annual meeting of the Council. The notifications referred to in paragraph 5 (b) and (c) shall be sent to the Secretary as soon as practicable.

ARTICLE 16

1. The Council shall adopt an annual budget for the Organization. The Secretary shall transmit a draft budget to the Parties, together with a schedule of contributions, not later than 60 days before the meeting of the Council at which the budget is to be considered.

2. The Council shall determine the annual contribution of each Party according to the following formula:

(a) 30% of the budget shall be divided equally among the Parties; and

(b) 70% of the budget shall be divided among the Parties in proportion to their nominal catches

ingur þessi tekur til á almanaksárinu sem lýkur eigi síðar en 18 mánuðum og eigi fyrr en 6 mánuðum fyrir upphaf fjárhagsársins og er þá miðað við afla upp úr sjó.

3. Framkvæmdastjórinn skal tilkynna hverjum aðila upphæð framlags hans. Framlög skal greiða eigi síðar en fjórum mánuðum eftir dagsetningu tilkynningarinnar.

4. Framlög skulu greiðast í mynt þess ríkis þar sem skrifstofa stofnunarinnar er staðsett nema ráðið ákveði annað.

5. Framlag aðila sem samningur þessi hefur öðlast gildi gagnvart á fjárhagsárinu skal fyrir það ár vera hluti af ársframlaginu í hlutfalli við fjölda heilla mánaða sem eftir eru af árinu frá gildistökudegi gagnvart þeim aðila.

6. Hafi aðili ekki staðið skil á framlögum sínum tvö ár í röð skal hann ekki eiga rétt á að greiða atkvæði samkvæmt samningi þessum fyrr en hann hefur fullnægt skyldum sínum, nema ráðið ákveði annað.

7. Fjármál stofnunarinnar skulu endurskoðuð árlega af endurskoðendum utan stofnunarinnar sem ráðið velur.

of salmon subject to this Convention in the calendar year ending not more than 18 months and not less than 6 months before the beginning of the financial year.

3. The Secretary shall notify each Party of its contribution. Contributions shall be paid not later than four months after the date of such notification.

4. Contributions shall be payable in the currency of the State in which the office of the Organization is located, unless the Council decides otherwise.

5. The contribution of a Party for which this Convention has entered into force during the course of a financial year shall for that year be a part of the annual contribution proportional to the number of complete months remaining in the year from the date of entry into force for that Party.

6. A Party which has not paid its contributions for two consecutive years shall not be entitled to vote under this Convention until it has fulfilled its obligations, unless the Council decides otherwise.

7. The financial affairs of the Organization shall be audited annually by external auditors to be selected by the Council.

17. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Reykjavík frá 2. mars til 31. ágúst 1982 fyrir Bandaríkin, Danmörk fyrir hönd Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Ísland, Kanada, Noreg og Svíþjóð.

2. Samning þennan skal fullgilda eða samþykkja.

3. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir þá aðila sem greinir í 1. tl. og, með samþykki ráðsins, fyrir önnur ríki sem eiga fiskveiðilögsögu í Norður-Atlantshafi eða eru upphafsríki fyrir laxastofna sem samningur þessi tekur til.

4. Skjölum um fullgildingu, samþykki eða aðild skal komið til varðveislu hjá vörsluaðila.

5. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að fjórir aðilar hafa komið skjölum um fullgildingu, samþykki eða aðild til varðveislu að því tilskildu að meðal aðilanna fjögurra séu tveir nefndaraðilar hverrar nefndar og að minnsta kosti annar af nefndaraðilunum tveimur í hverri nefnd eigi fiskveiðilögsögu á svæði nefndarinnar.

6. Gagnvart sérhverjum aðila sem fullgildir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum

ARTICLE 17

1. This Convention shall be open for signature at Reykjavík from 2 March to 31 August 1982 by Canada, Denmark in respect of the Faroe Islands, the European Economic Community, Iceland, Norway, Sweden and the United States of America.

2. This Convention shall be subject to ratification or approval.

3. This Convention shall be open for accession by the parties referred to in paragraph 1 and, subject to the approval of the Council, by any other State that exercises fisheries jurisdiction in the North Atlantic Ocean or is a State of origin for salmon stocks subject to this Convention.

4. Instruments of ratification, approval or accession shall be deposited with the Depositary.

5. This Convention shall enter into force on the first day of the month following the deposit of instruments of ratification, approval or accession by four Parties, provided that among the four Parties are two members of each Commission and that at least one of the two members of each Commission exercises fisheries jurisdiction in the Commission area.

6. For each Party ratifying, approving or acceding to this Convention after the deposit of the

eftir að nauðsynlegum skjölum um fullgildingu, samþykki eða aðild samkvæmt 5. tl. hefur verið komið til varðveislu skal hann öðlast gildi á gildistökudegi samningsins eða á þeim degi sem skjalinu um fullgildingu, samþykki eða aðild var komið til varðveislu, hvor sem síðar er.

7. Vörsluaðili skal tilkynna þeim aðilum sem undirritað hafa og þeim sem gerst hafa aðilar um að skjölum um fullgildingu, samþykki og aðild hafi verið komið til varðveislu og skal tilkynna þeim sem undirritað hafa um dagsetninguna og um aðila þá sem samningur þessi gildir fyrir.

8. Vörsluaðilinn skal boða til fyrsta fundar ráðsins og nefndanna eins fljótt og henta þykir eftir gildistöku samnings þessa.

requisite instruments of ratification, approval or accession under paragraph 5, it shall enter into force on the date of entry into force of the Convention or on the date of deposit of the instrument of ratification, approval or accession, whichever is the later.

7. The Depositary shall inform the signatories and acceding Parties of the deposit of all instruments of ratification, approval and accession and shall notify the signatories of the date and the Parties in respect of which this Convention enters into force.

8. The Depositary shall call the first meeting of the Council and the Commissions as soon as practicable after the entry into force of this Convention.

18. gr.

Samningur þessi skal gilda, að því er varðar Efnahagsbandalag Evrópu, á þeim landssvæðum þar sem samningurinn um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu gildir og samkvæmt þeim skilmálum er í þeim samningi greinir.

ARTICLE 18

This Convention shall apply, insofar as the European Economic Community is concerned, to the territories in which the Treaty establishing the European Economic Community is applied and under the conditions laid down in that Treaty.

19. gr.

1. Sérhver aðili má gera tillögu um breytingu á samningi þessum sem ráðið skal taka til athugunar. Tillögu um breytingu skal senda framkvæmdastjóranum eigi síðar en 90 dögum fyrir fund þann sem hún skal tekin til athugunar á. Framkvæmdastjórinn skal þegar í stað senda breytingartillöguna til aðilanna.

2. Til þess að breyting hljóti samþykki í ráðinu þarf samhljóða atkvæði þeirra aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði með eða á móti. Framkvæmdastjórinn skal senda texta samþykktrar breytingar til vörsluaðilans sem skal þegar í stað tilkynna aðilunum um hann.

3. Breyting skal taka gildi gagnvart öllum aðilunum 30 dögum eftir þann dag sem tiltekinn er í tilkynningunni um að vörsluaðilinn hafi veitt skjölum um fullgildingu eða samþykki móttöku frá öllum aðilum.

4. Aðili sem verður bundinn af samningi þessum eftir að breyting hefur tekið gildi í samræmi við 3. tl. skal talinn aðili að samningnum eins og honum hefur verið breytt.

5. Vörsluaðilinn skal þegar í stað tilkynna öllum aðilunum um móttöku skjala um fullgildingu eða samþykki og um gildistöku breytinga.

ARTICLE 19

1. Any Party may propose amendments to this Convention to be considered by the Council. A proposed amendment shall be sent to the Secretary not later than 90 days before the meeting at which it is proposed to be considered. The Secretary shall immediately transmit the proposed amendment to the Parties.

2. The adoption of an amendment by the Council shall require the unanimous vote of the Parties present and casting an affirmative or negative vote. The text of an amendment so adopted shall be transmitted by the Secretary to the Depositary which shall immediately notify the Parties thereof.

3. An amendment shall enter into force for all Parties 30 days after the date specified in the notification by the Depositary of receipt from all Parties of instruments of ratification or approval.

4. A Party which becomes bound by this Convention after an amendment has entered into force in accordance with paragraph 3 shall be considered as a Party to the Convention as amended.

5. The Depositary shall immediately notify all Parties of the receipt of instruments of ratification or approval and the entry into force of amendments.

20. gr.

1. Sérhver aðili má segja samningi þessum upp miðað við 31. desember ár hvert með tilkynningu til vörsluaðilans fyrir eða hinn 30. júní næst á undan. Vörsluaðilinn skal þegar í stað tilkynna hinum aðilunum um uppsögnina.

2. Sérhver annar aðili má segja samningi þessum upp miðað við hinn sama 31. desember með því að tilkynna vörsluaðilanum innan 30 daga frá þeim degi sem vörsluaðilinn tilkynnti aðilunum um uppsögn samkvæmt 1. tl.

21. gr.

1. Frumriti samnings þessa skal komið til varðveislu hjá ráði Evrópubandalaganna, nefnt í samningnum „vörsluaðilinn", sem skal senda staðfest endurrit af honum til allra þeirra sem hafa undirritað og gerst aðilar að honum.

2. Vörsluaðilinn skal skrásetja samning þennan í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

LAGÐUR FRAM TIL UNDIRRITUNAR í Reykjavík 2. mars 1982, í einu eintaki, á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir.

ARTICLE 20

1. Any Party may denounce this Convention with effect from 31 December of any year by giving notice to the Depositary on or before the preceding 30 June. The Depositary shall immediately inform the other Parties of such denunciation.

2. Any other Party may denounce this Convention with effect from the same 31 December by giving notice to the Depositary within 30 days of the date on which the Depositary informed the Parties of a denunciation under paragraph 1.

ARTICLE 21

1. The original of this Convention shall be deposited with the Council of the European Communities, referred to in the Convention as the "Depositary", which shall transmit certified copies thereof to all signatories and acceding Parties.

2. The Depositary shall register this Convention in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

OPENED FOR SIGNATURE at Reykjavík on 2 March 1982, in a single original, in the English and French languages, both texts being equally authoritative.

Fylgiskjal 2.

LOKASAMÞYKKT
Alþjóðaráðstefnu um verndun lax í Norður-Atlantshafi.
Reykjavík, 18.—22. janúar 1982.

Alþjóðaráðstefna var haldin í Reykjavík dagana 18.—22. janúar 1982 til að semja texta samnings um verndun lax í Norður-Atlantshafi.

Ríkisstjórn Íslands boðaði til ráðstefnunnar.

Eftirtaldir aðilar áttu fulltrúa á ráðstefnunni: Bandaríkin, Danmörk fyrir hönd Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Ísland, Kanada, Noregur og Svíþjóð.

Ráðstefnan kaus Guðmund Eiríksson (Íslandi) formann og Janus A. W. Paludan sendiherra (Danmörku fyrir hönd Færeyja) og Larry L. Snead (Bandaríkjunum) varaformenn.

Ráðstefnan samþykkti trúnaðarbréf þeirra fulltrúa sem þátt tóku í ráðstefnunni.

Á grundvelli viðræðnanna samþykkti ráðstefnan samning um verndun lax í Norður-Atlantshafi með atkvæðum eftirtalinna aðila: Bandaríkjanna, Danmerkur fyrir hönd Færeyja, Efnahagsbandalags Evrópu, Íslands, Kanada og Noregs. Texti samningsins er viðauki við lokasamþykkt þessa.

Ráðstefnan var ásátt um að samningurinn tæki ekki til Eystrasalts eins og það er skilgreint í samningnum frá 13. desember 1973 um fiskveiðar og verndun lifandi auðlinda í Eystrasalti og sundunum.

Vörsluaðili skal útbúa franskan texta samningsins sem aðilar þeir sem þátt tóku í samþykkt samningsins skulu fallast á.

Samningurinn skal liggja frammi til undirritunar í Reykjavík 2. mars til 31. ágúst 1982.

Ráðstefnan lét í ljós þakklæti sitt við ríkisstjórn Íslands fyrir að boða til ráðstefnunnar, fyrir að láta í té aðstöðu til þess að starf ráðstefnunnar bæri árangur og fyrir þá miklu gestrisni sem hún sýndi.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúarnir undirritað þessa lokasamþykkt.

Gjört í Reykjavík 22. janúar 1982 í einu eintaki á ensku. Frumritinu skal komið í vörslu hjá ráði Evrópubandalaganna sem mun senda staðfest endurrit af því til þátttakenda á ráðstefnunni.

FORMAÐUR
Guðmundur Eiríksson (sign.)
FYRIR SENDINEFND KANADA
B. Applebaum (sign.)
FYRIR SENDINEFND DANMERKUR
FYRIR HÖND FÆREYJA
J. Paludan (sign.) Árni Ólafsson (sign.)
FYRIR SENDINEFND EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU
M. Marcussen (sign.)
FYRIR SENDINEFND ÍSLANDS
Guðmundur Eiríksson (sign.)
FYRIR SENDINEFND NOREGS
Björn Smörgrav (sign.)
FYRIR SENDINEFND BANDARÍKJANNA
Larry L. Snead (sign.)

Ed. 326. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30/1963.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við frv. bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. gr. komi ekki til framkvæmda fyrr en núverandi lyfsali lætur af störfum.

Alþingi, 3. febr. 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jón Helgason.
Lárus Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Helgi Seljan.

Ed. 327. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingancfnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Alþingi, 10. febr. 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Helgi Seljan.
Salome Þorkelsdóttir.	Lárus Jónsson.	Jón Helgason.

Ed. 328. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingancfnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. febr. 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr., frsm.	Salome Þorkelsdóttir.
Lárus Jónsson.	Helgi Seljan.	Jón Helgason.

Sþ. 329. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um aðgerðir til að efla iðnað og auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu.

Flm.: Matthías Bjarnason, Jóhann Einvarðsson, Árni Gunnarsson, Eggert Haukdal, Guðmundur G. Þórarinsson, Jósef H. Þorgeirsson, Magnús H. Magnússon, Guðmundur Bjarnason, Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefjast nú þegar handa um aðgerðir til að efla innlendan iðnað og styrkja stöðu hans. Aðgerðir þessar hafa það meginmarkmið að tryggja og efla atvinnu í iðnaði, að stuðla að aukinni sölu og markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu, að auka iðnað í hinum dreifðu byggðum landsins, að hvetja til nýrrar innlendrar framleiðslu og bæta afkomu vaxtarmöguleika íslensks iðnaðar.

Greinargerð.

Íslenskur iðnaður á nú í vök að verjast. Rekstrarskilyrði hans á síðasta ári reyndust mjög erfið og kom þar margt til. Gengisþróunin átti þó sennilega stærstan hlut í versnandi

stöðu iðnaðarins. Eins og kunnugt er selja íslensk iðnfyrirtæki meginhluta útflutningsframleiðslu sinnar á Evrópumörkuðum og höfuðkeppinautur inn á heimamarkaði er evrópsk iðnaðarframleiðsla. Á árinu 1981 hækkaði verð evrópskra gjaldmiðla mjög lítið hér á landi, en innlendir kostnaðarliðir hækkuðu um 50% á árinu.

Allar tölulegar upplýsingar benda til þess, að undanfarin ár hafi hægt og sígandi hallað undan fæti fyrir iðnaðinum, en jafnframt að síðasta ár hafi orðið honum sýnu erfiðast. Eftirfarandi dæmi eru um þessa þróun:

1. Markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu hefur lækkað verulega. Markaðshlutdeildarkönnun Hagstofu Íslands og F. Í. I., sem mælir hlutdeild nokkurra neysluvöruflokka, bendir til þess, að hlutdeild innlendrar framleiðslu hafi minnkað verulega á milli áranna 1980 og 1981.
2. Talið er, að nú starfi rúmlega 28 þúsund manns í framleiðslu- og þjónustuiðnaði, þegar fiskiðnaður er undanskilinn, eða um 28% allra starfandi manna í landinu. Viðgangur iðnaðar er því mikilvægur frá sjónarmiði atvinnuöryggis. Samdráttur í iðnaðarframleiðslu og minnkandi markaðshlutdeild innlends iðnaðar dregur úr atvinnumöguleikum í iðnaði. Samkvæmt hagsveifluvog Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna virðist nokkurs samdráttar í atvinnu þegar farið að gæta. Á það er að líta, að breytingar á atvinnu í iðnaði gerast tiltölulega hægt, en ekki í stórum stökkum. Þegar dregur úr iðnaðarframleiðslu dregur smám saman úr atvinnu í iðnaði, og á sama hátt tekur það langan tíma að vinna aftur upp glötuð atvinnutækifæri í þessari grein. Þess vegna er afar þýðingarmikið að koma í veg fyrir samdrátt.
3. Afkoma iðnaðarins hefur rýrnað ár frá ári að undanförnu. Búist er við að útflutningsiðnaðurinn hafi verið rekinn með miklu tapi á síðasta ári, og samkv. gögnum Þjóðhagsstofnunar er hallinn allt að 19% sem hlutfall af tekjum, fyrir síðustu gengisfellingu. Léleg afkoma dregur fljótt dilk á eftir sér. Fjárfestingargeta fyrirtækjanna dvínar við rýrða afkomu og nauðsynleg endurnýjun framleiðslutækja og uppbygging nýrra greina verður illmöguleg. Slæm afkoma iðnfyrirtækja í dag hefur því ekki einungis skammtímaáhrif, heldur dregur úr frekari iðnþróun í landinu.
4. Slæm afkoma iðnfyrirtækja og aðrir erfiðleikar í rekstri hefðu væntanlega haft afdrifaríkar afleiðingar á síðasta ári hefði ekki komið til stóraukin fyrirgreiðsla innlánsstofnana. Á síðasta ári munu heildarútlán innlánsstofnana til iðnfyrirtækja hafa aukist um tæp 80%, sem er töluvert umfram verðbólgu, Slík þróun getur gengið til skamms tíma og í neyð, en dylur raunverulegan vanda fyrirtækjanna og er hættuleg til lengdar.
5. Undanfarinn áratug hefur ullarvöruiðnaður verið í örum vexti og hefur mikilvægi erlendra markaða einkennt þá þróun, þar eð um 60% framleiðslunnar eru til útflutnings. Á s. l. ári nam útflutningur ullarvara 237 millj. kr. eða um 3½% heildarútflutnings landsmanna. Gengisþróunin á árinu 1981 hafði verulég áhrif á afkomu ullariðnaðar. Samkv. mati Þjóðhagsstofnunar reyndist tap ullar-, prjóna- og fataiðnaðar nema rúmlega 12% af tekjum í byrjun þessa árs. Gengisbreytingin 14. janúar hefur að nokkru bætt þessa stöðu, en ljóst er að frekari aðgerða er þörf eigi atvinna þeirra u. þ. b. 1000 manna, sem í ullariðnaði starfa, að vera tryggð til frambúðar.
6. Íslenskur skipaiðnaður á nú í vök að verjast vegna þess að almennt er álitið að fiskiskipastóllinn sé orðinn of stór. Hins vegar er staðreynd að mikil endurnýjunarþörf er til staðar og mun hún fara vaxandi á komandi árum.

Í stað þess að draga þessa endurnýjun úr hófi fram og bíða eftir að hún gerist með innflutningsholskeflu, eins og reyndin hefur oftast orðið, ætti að stefna að hægfara endurnýjun og nýta þá miklu möguleika sem eru til uppbyggingar íslensks skipaiðnaðar. Athuganir hafa sýnt að kostnaður við nýsmíðar, breytingar og viðhaldsverkefni, sem

framkvæmd eru af innlendum skipasmíðastöðvum, er sambærilegur við það sem almennt gerist erlendis. Að svo miklu leyti sem um mismun á endanlegu verði hefur verið að ræða liggur hann einkum í miklum fjármagnskostnaði á smíðatíma hjá íslensku stöðvunum. Til þess að skipaiðnaðurinn geti boðið útvegsmönnum sem ódýrust skip þyrfti að tryggja honum sambærilega rekstrarlánafyrirgreiðslu og sjávarútvegur og framleiðsluiðnaðurinn búa nú við.

7. Á undanförnum árum hefur innlendur húsgagnaiðnaður farið halloka fyrir innflutningi húsgagna. Samkv. athugunum Landssambands iðnaðarmanna lækkaði markaðshlutdeild innlendra húsgagnaframleiðenda úr 90% árið 1975 í 70% árið 1977 og var kominn niður í um 50% árið 1979. Innflutningur húsgagna og innréttinga jókst gífurlega á árunum 1980 og 1981, og benda fyririiggjandi tölur til þess, að hlutur innlendra framleiðenda húsgagna sé nú kominn niður í 30—35%. Starfsmönnum við húsgagnasmíði fækkaði um 30% frá árinu 1974 til 1979 eða um 200 manns. Einsýnt er að enn frekari fækkun verður í þessari iðngrein, ef ekkert verður aðhafst.
8. Mikilvægt er að reynt verði í ríkari mæli en hingað til að færa inn í landið framleiðslustarfsemi sem nú er unnin erlendis fyrir Íslendinga. Sem dæmi má nefna umbúðaiðnaðinn. Um árabil hefur mikill hluti allra mjólkurumbúða verið framleiddur erlendis, þótt hér innanlands sé til staðar þekking og framleiðslugeta til að annast þetta verkefni. Um langt árabil hefur ríkissjóður greitt niður verð mjólkur í landinu og varið til þess miklum fjárhæðum. Með hliðsjón af því er ekki óeðlilegt að ríkisvaldið beiti sér fyrir því sérstaklega, að innlend iðnaðarstarfsemi verði efld á þessu sviði.
9. Prentiðnaðurinn er annað dæmi um grein sem átt hefur í vök að verjast í samkeppni við erlenda aðila. Á seinni árum hefur töluverð prentun, sem áður var unnin innanlands, verið send í vinnslu erlendis. Innanlands er til staðar framleiðslugeta og þekking sem í flestum tilvikum gerir vinnslu erlendis ónauðsynlega. Vinna þarf markvisst að því að færa alla slíka prentun til landsins á nýjan leik.

Sú þróun, sem hér hefur verið lýst, gerir það brýnt, að gripið verði nú þegar til virkra aðgerða. Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja að nauðsynlegt sé að setja iðnaðarstefnu til langs tíma, hins vegar sé jafnframt þörf sérstakra skjótra aðgerða vegna mjög erfiðrar stöðu iðnaðarins um þessar mundir. Telja flutningsmenn að stjórnvöld geti nú þegar gripið til ýmissa aðgerða sem geta létt róðurinn þannig að unnt verði að snúa þróuninni við og auka innlenda framleiðslustarfsemi á nýjan leik. Í þessu sambandi telja flutningsmenn að kanna þurfi nú þegar möguleika á:

a) Niðurfellingu ýmissa opinberra gjalda til lækkunar á kostnaði.
b) Endurskoðun á orkuverði innlendri framleiðslu í hag.
c) Sérstakt átak verði gert til að nýta opinber innkaup til eflingar innlendrar framleiðslu.
d) Að breyta lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti á þann hátt, að þau örvi útflutning og lækki tilkostnað við hann.
e) Að fella niður aðflutningsgjöld á öllum vélum og tækjum og þá sérstaklega að því er varðar framleiðniaukandi tæki, svo sem á tölvum.
f) Sérstök athugun verði á því gerð, hvaða áhrif styrktar- og stuðningsaðgerðir við iðnað í helstu viðskiptalöndum okkar hafa á samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja og á hvern hátt eigi að mæta þeim vanda.
g) Gert verði átak í því að hvetja til að hafin verði framleiðsla innanlands á vörum, sem nú eru eingöngu innfluttar.

Flutningsmenn telja að með skjótum viðbrögðum stjórnvalda á ofantöldum sviðum megi rétta verulega stöðu íslensks iðnaðar og tryggja þar með atvinnuöryggi í landinu. Til að tryggja sem best framkvæmd þessara tillagna væri eðlilegt að stjórnvöld hefðu um það samvinnu við samtök iðnaðarins í landinu.

Sþ. 330. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Salome Þorkelsdóttir, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig best verði staðið að eflingu listiðnaðar og listrænnar iðnhönnunar á Íslandi. Skal nefndin m. a. fjalla um eftirtalin atriði:

1. Hvernig opinberir aðilar í samvinnu við einstaklinga, félög og fyrirtæki geti best örvað listiðnað og listhönnun á íslenskum iðnaðarvörum.
2. Hvernig staðið verði að því að safna heimildum um þróun listiðnaðar og listhönnunar á Íslandi þannig að hér geti myndast vísir að listiðnaðarsafni.
3. Hvernig unnt sé að fjölga sýningartækifærum fyrir íslenskan listiðnað erlendis.
4. Hvernig haga beri samstarfi við aðila sem vinna að sömu markmiðum hjá nágrannaþjóðum okkar, einkum á Norðurlöndum.

Nefndin skal enn fremur taka til athugunar önnur þau atriði, sem stuðlað geta að markmiði því sem tillaga þessi fjallar um, og gera tillögur um þau.

Greinargerð.

Í flestum menningarlöndum hefur um langt árabil verið unnið að markvissum viðgangi listiðnaðar og hönnunar iðnaðarframleiðslu. Hér hefur verið um hvetjandi og samræmandi starfsemi að ræða, jafnframt því að mikil áhersla hefur verið lögð á hvers konar kynningu á vel hönnuðum vörum. Listiðnaður hefur verið talinn eðlilegur tengiliður milli hinnar frjálsu myndlistar og iðnhönnunar sem er aðhæfð notagildi, þ. e. þörfum neytandans og tækni framleiðsluiðnaðarins. Það er löngu viðurkennt að án góðrar og kunnáttusamlegrar hönnunar eiga iðnaðarvörur erfitt uppdráttar á markaðnum, og ekki verður deilt um það menningarlega gildi sem góður listiðnaður hefur fyrir hverja þjóð.

Ef litið er til þeirra landa, sem næst okkur standa að menningu, má benda á að allt frá miðri 19. öld hefur verið unnið markvisst að þróun listiðnaðar og iðnhönnunar og skipulagt starf til hvatningar og kynningar farið fram. Má í þessu sambandi benda á Svíþjóð en þar var fyrsta félagið í þessu skyni á Norðurlöndum stofnað árið 1845 (Svenska Slöjdforeningen, nú Svensk Form). Í Finnlandi var stofnað til sambærilegs félags 1875, en í Danmörku og Noregi fljótlega eftir aldamótin.

Þó að þessi félög hafi fyrst orðið til fyrir tilstuðlan einstaklinga og rekin fyrir framlög frá einstaklingum og fyrirtækjum hafa þau, er fram liðu stundir, þróast þannig að opinber fjárframlög eru nú lögð starfsemi þeirra til grundvallar og starfsemin í beinum tengslum við opinbera aðila.

Sú vakning í listiðnaði, sem varð á Norðurlöndum fyrir og um aldamótin 1900, barst ekki til Íslands fyrr en löngu síðar eða rétt fyrir upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar, en engin veruleg framþróun í listiðnaði og iðnhönnun varð hér fyrr en eftir 1950.

Listiðnaður og iðnhönnun tengjast mörgum þáttum stjórnsýslu, t. d. á sviði menningarmála, iðnaðar og viðskipta. Kann það að vera ein meginástæðan fyrir því, hve erfitt hefur verið að marka farveg og samræma markmið í þessu sambandi.

Góð hönnun felur í sér viðhald og vakningu menningarverðmæta. Hún varðar allt hið manngerða umhverfi og nytjahluti.

Góð hönnun er viðurkennd sem einn af meginþáttum í iðnaðarframleiðslu hvað varðar söluhæfni og líftíma markaðsvöru.

Góð hönnun, hvort sem er listiðnaður eða iðnhönnun, hefur hlutverki að gegna til kynningar á menningu og tæknikunnáttu þjóða og hefur þannig gegnt umtalsverðu hlutverki í sambandi við opnun markaða og viðskiptasambanda þjóða í milli.

Hér á landi hefur skort verulega á að um skipulega og markvissa stefnumótun hafi verið að ræða á þessu sviði.

Einstök „átök" hafa þó verið gerð í þessu sambandi, en öll tímabundin og án stærra samhengis. Litlu fé hefur verið varið til þessara mála af hinu opinbera og hending ráðið hvert því hefur verið veitt, eins og eðlilegt verður að teljast við ríkjandi kringumstæður.

Nokkur félög eru starfandi á þessu sviði. Má þar nefna Félag ísl. teiknara, Félag húsgagna- og innanhúsarkitekta, Textilfélagið og Leirlistafélagið.

Árið 1972 var félagið Listiðn stofnað og var því ætlað að vera nokkurs konar samnefnari hinna mörgu greina hönnuða, en af einhverjum ástæðum hefur því ekki tekist að halda uppi stöðugri starfsemi.

Þannig má segja að hver vinni í sínu horni án samvinnu eða nokkurra heildarmarkmiða er nýtist til fulls, t. d. í sambandi við þróun hönnunar fyrir iðnaðinn eða til áhrifa á gæðamat neytenda, en í skjóli þessa hefur t. d. innflutningur á miðlungs iðnaðarvörum, sem hægt væri að framleiða betri innanlands, náð undirtökum á allt of mörgum sviðum.

Nokkrar sýningar á íslenskri listiðn hafa verið haldnar erlendis, ekki síst á s. l. ári, og hafa þær vakið athygli. Fylgja þarf þeim eftir með viðskipti fyrir augum.

Vitað er að Norðurlandaþjóðirnar, Danir, Finnar, Norðmenn og Svíar, hafa um langt árabil haft með sér samvinnu í sambandi við kynningu á listiðnaði og iðnhönnun víða um heim.

Kynningar af þessu tagi flokkast undir menningarlegar kynningar, en er engu að síður ætlað að opna augu manna á viðkomandi markaðssvæðum fyrir háþróaðri framleiðslu þjóðanna á sviði nytjalistar. Vitað er að hluti þessarar starfsemi er kostaður eða styrktur verulega af framlögum úr Norræna menningarsjóðnum. Vegna ástæðna hér hefur Ísland ekki átt aðild að samstarfi þessu, en vitað er að slíkir möguleikar eru fyrir hendi svo fremi að hér sé til einhver sá aðili er geti fylgt slíku samstarfi eftir.

Í sambandi við menningarkynningu Norðurlandanna í Bandaríkjunum á þessu ári, Scandinavia Today 82, hefur Ísland í fyrsta sinn átt aðild að undirbúningi slíkrar sameiginlegrar sýningar á sviði listiðnaðar. Í því sambandi hefur berlega komið í ljós hve illa við erum í stakk búin hvað varðar geymd heimilda eða stefnumarkandi verka á sviði listiðnaðar. Jafnframt hefur komið fram mikill velvilji frá hinum Norðurlöndunum í þessu sambandi hvað varðar frekara samstarf.

Það er löngu tímabært að hér verði komið á fót hvetjandi starfsemi á þessu sviði, er tryggi markvissari viðleitni í þá átt að kynna íslenskan listiðnað og iðnhönnun bæði innanlands og utan, stuðla að varðveislu vel hannaðra hluta, fylgjast með því, sem gert er erlendis á þessu sviði, og miðla því. Í þessu tilliti vísast til greinargerðar um eflingu iðnhönnunar á Íslandi eftir Gest Ólafsson, Stefán Snæbjörnsson og Þóri Einarsson frá árinu 1970, en sú greinargerð er enn í fullu gildi. Birtist hún hér með sem fylgiskjal. Reynslan hefur þó leitt í ljós að eðlilegt er að fella listiðnað inn í þessa mynd og umsvif eru ekki slík að ástæða sé til að greina í sundur þessa tvo náskyldu og reyndar samtvinnuðu þætti.

Fylgiskjal.

EFLING IÐNHÖNNUNAR Á ÍSLANDI

Greinargerð samin að tilhlutan Iðnþróunarráðs.
Eftir Gest Ólafsson, Stefán Snæbjörnsson og Þóri Einarsson.

I. Niðurstöður í stuttu máli.

Skipulögð iðnhönnunarstarfsemi á Íslandi er tímabær og aðkallandi. Hún er undirstaða þess, að heimamarkaðsiðnaðurinn, sem er aðallega neyzluvöruiðnaður, geti með útflutningi stuðlað að frekari iðnþróun.

Iðnhönnun er sérstakt aðgerðasvið fyrirtækja. Það verður að tengjast öðrum aðgerðasviðum, ekki aðeins framleiðslu og vöruþróun, heldur einnig markaðsathugunum og sölustarfsemi.

1. Hönnunarstofnun.

Til að efla iðnhönnun á Íslandi er nauðsynlegt að koma á fót stofnun, sem gegni því hlutverki að bæta hönnun iðnaðarframleiðslu. Skilyrði þess, að góðs árangurs sé að vænta af starfsemi slíkrar stofnunar, er, að samvinna takist milli allra þeirra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta á þessu sviði.

Helztu starfssvið hönnunarstofnunar eru eftirfarandi:

1.1 Ráðgefandi starfsemi:

a) meta framleiðsluvörur og veita góðri vöru viðurkenningu,
b) aðstoða fyrirtæki og einstaklinga og koma á sambandi milli fyrirtækja og hönnuða.

1.2 Kynningarstarfsemi:

a) sýna vel hannaðar framleiðsluvörur,
b) halda hönnunarskrá (design index),
c) aðstoða framleiðendur við sýningar og kynningu á vel hannaðri vöru, sé þess óskað,
d) gangast fyrir samkeppni um hönnuð iðnaðarverkefni.

1.3 Fræðslustarfsemi:

a) standa að námskeiðum, fyrirlestrum og útbreiðslustarfsemi um iðnhönnun,
b) hafa samvinnu við skóla og aðrar menntastofnanir svo og fagfélög um miðlun upplýsinga til þessara aðila,
c) kynna iðnhönnun og gildi hennar í fjölmiðlum.

Reynsla og aðstæður munu þó að sjálfsögðu hafa áhrif á þá áherzlu, sem lögð verður á einstaka starfsþætti, er tímar líða.

2. Fyrstu aðgerðir.

Fyrsti vísir að hönnunarstofnun yrði að skipa hönnunarnefnd, t. d. 5 manna frá samtökum og ríkisvaldi, sem hefði á sínum vegum ráðunaut. Hlutverk þessara aðila yrði að veita fyrirtækjum og samtökum ýmsa aðstoð og fylgja eftir frekari aðgerðum ríkisvalds og samtaka til eflingar iðnhönnun.

Fyrstu aðgerðir þurfa að vera fjárveiting á fjárlögum 1970 til iðnhönnunarmála. Þarf upphæðin að hrökkva fyrir launum hönnunarráðunauts og starfsaðstöðu fyrir hann. Er sú upphæð áætluð 600 þús. kr.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir tillögum þessum.

II. Hvað er iðnhönnun?

Með hönnun er átt við formsköpun eða innri og ytri gerð hlutar og endanlegt útlit hans. Hugtakið getur náð til listiðnaðar, handiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar. Með hugtakinu iðnhönnun er merkingin þrengd og látin ná til formsköpunar, lita, efnisvals og útlits á afurðum verksmiðjuiðnaðar, bæði neyzluvörum og fjárfestingarvörum svo og umbúðagerð.

Með iðnhönnun er leitazt við að gefa framleiðsluvörunni það form, sem hentar notkunartilgangi hennar, samræmist eðli hráefnis og framleiðslutækni. Iðnhönnun er þar með eitt af aðgerðasviðum iðnfyrirtækis, sem tengd eru saman í kerfi.

Fræðilega lítur kerfið þannig út, að framleiðslan grundvallast á markaðsathugunum, góðri hönnun, beztu tækniþekkingu og undirstöðum rannsókna og vöruþróunar. Síðan tekur við markaðsfærslan, sem fólgin er í umbúðum, auglýsingum, útstillingu, sölu og frekari þjónustu. Það er einnig mikilvægt, að sú þekking, sem ávinnst við markaðsrannsóknir og markaðsfærslu, komist fljótt og skilmerkilega í hendur hönnuða, framleiðenda og annarra kunnáttumanna og að samvinna sé sem bezt á milli þeirra. Skilningur á gildi iðnhönnunar þarf því einnig að vera hjá öðrum kunnáttumönnum, sem fást við framleiðslu og dreifingu vörunnar. Hönnuðir þurfa að búa yfir fagurfræðilegri þekkingu, mótunar- og tjáningargetu og þekkja þá möguleika, sem hráefni og framleiðslutækni hafa að bjóða. Auk þess þurfa þeir að fylgjast með smekk þjóðfélagshópa og breytingum markaða.

Af þessari fræðilegu mynd sést, að iðnhönnun grípur inn á flest aðgerðasvið fyrirtækja. Sérstaklega ber að leggja áherzlu á, að hinar öru breytingar í framleiðslutækni og hráefnum skapa stöðugt ný hönnunar- og tæknivandamál, sem krefjast úrlausna.

III. Þáttur iðnhönnunar í iðnþróun.

Óþarft er að rekja í smáatriðum nauðsyn á frekari iðnþróun. Þær kröfur eru gerðar til iðnaðarins, að hann taki aukinn þátt í gjaldeyrisöflun með því að flytja út afurðir sínar. Einnig er honum ætlað að leggja meira af mörkum til hagvaxtar með því að taka við vaxandi fjölda vinnufærra manna á næstu áratugum og greiða þeim hærri laun. Nýjar útflutningsgreinar, eins og stóriðja, fullnægja þessum kröfum. Fyrir heimsmarkaðsiðnaðinn verður getan til útflutnings mælikvarði á samkeppnishæfni svo og mikilvægi hans fyrir frekari iðnþróun. Við tilraunir til útflutnings mæta íslenzkar vörur vörum frá iðnaðarlöndum með langa iðnhönnunarþróun að baki. Við samanburð, sem þannig fæst, kemur í ljós, að iðnhönnun er stór þáttur í markaðshæfni iðnaðarvarnings.

Verður ekki annað séð en að meðvituð og skipulögð iðnhönnunarstarfsemi sé sú meginuppspretta, sem geti gefið núverandi heimamarkaðsiðnaði varanlegan samkeppnismátt erlendis og á heimamarkaði. Ekki er unnt að keppa við magn og verð stóru iðnaðarþjóðanna. Til þess eru yfirburðir fjöldaframleiðslu of augljósir. Þá er gæðasviðið eitt eftir til að hasla sér völl á. Með góðri hönnun, úrvals hráefnum og vinnslugæðum má skapa vöru, sem er svo sérstæð, að hún standi aðeins í ófullkominni samkeppni við staðalvöru fjöldaframleiðslunnar.

Þá ber þess að geta, að smekkur fólks færist nær því að vera alþjóðlegur vegna áhrifa frá fjölmiðlunartækjum, svo að samkeppni, þar sem iðnhönnunargæði ráða úrslitum, byrjar á heimamarkaði.

Með vaxandi velmegun iðnaðarþjóða og þjóðfélagshópa er auknum kaupmætti varið til kaupa á gæðavörum. Er því unnt að finna vaxandi markaði fyrir vörutegundir, þar sem magn er ekki mikið, verð í hærra lagi, en hönnunargæði mikil.

Þessi vaxtar- og þróunartækifæri, sem hér hefur verið sýnt fram á, hafa flestar smærri iðnaðarþjóðir notfært sér, og er fordæmi þeirra vissulega eftirbreytnivert.

IV. Þróun hönnunarmála erlendis.

Margar þjóðir, jafnvel þær, sem lengi hafa framleitt eftirsóttar iðnaðarvörur, hafa að undanförnu lagt á það höfuðáherzlu að sérhæfa fólk í iðnhönnun og öðrum þeim greinum, sem stuðlað geta að bættri framleiðslu og þar með aukinni samkeppnishæfni. Þá hafa opinberir aðilar í þessum löndum gefið gott fordæmi með því að leggja áherzlu á bætta hönnun í öllum framkvæmdum á þeirra vegum og myndað þannig grundvöll fyrir framleiðslu á vel hönnuðum vörum.

Ýmsar þjóðir hafa einnig lagt kapp á að hvetja framleiðendur og aðra, sem þátt eiga í framleiðslu og vörudreifingu, til að samræma starfsemi sína og færa sér í nyt kosti góðrar hönnunar. Hafa þessar þjóðir lagt megináherzlu á að stórbæta menntun og menntunaraðstöðu allra þeirra, sem fást við hönnun, framleiðslu og sölu iðnvarnings, og komið á nánara samstarfi milli menntakerfis og þarfa iðnaðar.

Einn liðurinn í slíkri starfsemi hefur verið að koma á fót stofnunum (design centres), sem hafa slíka hvetjandi starfsemi með höndum. Má í þessu sambandi nefna lönd eins og Bandaríkin, England, Rússland, Danmörku, Noreg, Svíþjóð, Finnland, Þýzkaland, Belgíu og Sviss. Ef íslenzkur iðnvarningur á að geta staðizt samkeppni við iðnvarning annarra þjóða, er æskilegt, að við beinum þróun hönnunarmála á Íslandi í svipaðan farveg og þær þjóðir hafa gert, sem við komum til með að eiga í samkeppni við. Á sama hátt og þær hafa stóraukið iðntækni- og hönnunarmenntun, þurfum við einnig að efla og halda við þekkingu allra þeirra, sem fást við framleiðslu og sölu iðnvarnings, til að koma í veg fyrir, að stöðnun eigi sér stað. Íslendingum er jafnframt nauðsyn að bera iðnaðarframleiðslu sína stöðugt saman við framleiðslu þessara þjóða.

V. Íslenzkar aðstæður og möguleikar til útflutnings.

Erfitt er að gera sér grein fyrir möguleikum á útflutningi íslenzkrar iðnaðarframleiðslu. Til þess þarf rannsókn og mat sérhæfðra manna, bæði á sviði markaðsrannsókna og iðnhönnunar, á staðháttum og ástandi hér heima og möguleikum erlendis. Framleiðslutækni í íslenzkum iðnaði er á mörgum sviðum á háu stigi, en minna hefur verið skeytt um markaðsrannsóknir, hönnun vörunnar og umbúðir, auglýsingar og samhæfingu ofangreindra atriða. Með bættri hönnun má auka söluhæfni ýmissar framleiðslu, sem nú kemur frá íslenzkum iðnfyrirtækjum. Margir framleiðendur hafa að sjálfsögðu komið auga á nauðsyn þessa og leitazt við að gefa vörum sínum séreinkenni. Raunhæfs árangurs er þó ekki að vænta, nema samstarf sé haft við sérþjálfaða kunnáttumenn.

VI. Tillögur nefndarinnar.

1. Menntunarmál.

Til þess að bæta úr brýnustu þörf á hönnuðum fyrir iðnaðarframleiðslu eru nú þegar á Íslandi ýmsar stéttir hönnuða, en þó ekki sérhæfðra nema í tiltölulega fáum greinum, og hafa þeir ekki að neinu marki starfað sem hönnuðir fyrir iðnaðarframleiðslu (hér má nefna t. d. arkitekta, innanhúss- og húsgagnaarkitekta og hönnuði á sviði leirkera, auglýsinga og vefnaðar). Til greina kæmi að fá hingað sérhæfða erlenda hönnuði, en leggja yrði áherzlu á, að þeir störfuðu í samvinnu við íslenzka hönnuði að lausn verkefna. Námsstyrki til náms og sérhæfingar í iðnhönnun þyrfti einnig að miða við núverandi og mögulegar þarfir iðnaðarins. Leggja þarf á það áherzlu, að hönnunarmenntun, hvort sem hún fer fram í landinu sjálfu eða erlendis, sé miðuð við ströngustu kröfur, sem gerðar verða til slíkrar menntunar. Styrkir til náms í iðnhönnun þurfa fyrst og fremst að vera veittir til náms við þá skóla, sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar á sviði iðnhönnunar.

Æskilegt er, að fræðsla um hönnun verði liður í hinu almenna menntakerfi vel hannaðrar vöru, en jákvætt viðhorf neytenda á heimamarkaði er grundvöllur fyrir framleiðslu og útflutningi vel hannaðrar vöru. Með tilliti til þessa er ástæða til að endurskoða handavinnu-

kennslu og teiknikennslu í skólum. Einnig er ástæða til að endurskoða kennslufyrirkomulag skóla, sem mennta iðnaðarmenn, tæknimenn og hönnuði, til að koma á nánari tengslum milli þarfa iðnaðar á hönnuðum og menntunar þeirra.

Leita mætti til hæfustu manna erlendis til aðstoðar við námstilhögun og skipulagningu námsskrár. Raunhæfum árangri verður samt ekki náð, nema áhugi almennings á þessum efnum sé jafnframt vakinn. Í þessu skyni gegna fjölmiðlunartæki, dagblöð, tímarit, hljóðvarp og sjónvarp, þýðingarmiklu hlutverki. Ráðstefnur ýmissa hagsmunahópa, t. d. hönnuða, framleiðenda, verzlunarmanna, iðnaðarmanna og kennara, stuðla einnig að meiri skilningi og áhuga á hlutverki hönnunar. Samhæfing þessa starfs er mikilvægi og yrði eitt af verkefnum hönnunarstofnunar.

2. Hönnunarstofnun.

Til að varanlegur árangur náist um bætta hönnun iðnvarnings, ber að stefna að því að koma á fót stofnun, sem sameini og leiðbeini hlutaðeigandi aðilum. Slík stofnun myndi á ýmsan hátt stuðla að og hvetja til bættrar hönnunar og þar með vöruvöndunar íslenzks iðnvarnings. Ekki er óeðlilegt að hugsa sér, að slík starfsemi yrði með svipuðum hætti og þekkist í þeim löndum, sem áður eru nefnd, og að hönnunarstofnun (design centre) yrði, er tímar líða, burðarás þessarar starfsemi. Markmið slíkrar stofnunar yrði að stuðla að góðri hönnun í öllum greinum iðnaðarframleiðslu með sýningum, jákvæðri gagnrýni og leiðbeiningarstarfi. Áherzla yrði lögð á að gera bæði framleiðendum og neytendum ljóst mikilvægi góðrar hönnunar og hvetja til aukins samstarfs þessara aðila.

2.1 Ráðgefandi starfsemi.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum í starfsemi slíkrar stofnunar.

a) Mat á framleiðsluvörum.

Þýðingarmikill liður í starfsemi hönnunarstofnunar er að meta framleiðsluvörur og veita viðurkenningu í þeim tilfellum, þar sem hönnun vörunnar hefur tekizt vel. Mat þetta færi fram í tilkvaddri dómnefnd, sem legði jafnframt grundvöll að þeim hönnunarkröfum, sem öll starfsemi hönnunarstofnunar byggist á.

b) Aðstoð við fyrirtæki.

Stofnun þessi myndi aðstoða við að koma á sambandi milli fyrirtækja, hönnuða og annarra tæknimanna. Stofnunin héldi skrá yfir hönnuði og aðra tæknimenn, sem gætu stuðlað að lausn ýmissa vandamála iðnfyrirtækja. Á sama hátt myndi stofnunin leitast við að koma á framfæri athyglisverðum tillögum um iðnaðarframleiðslu, þar sem oft er vandkvæðum bundið fyrir hönnuði að þreifa fyrir sér um framleiðslu hugverka sinna.

2.2 Kynningarstarfsemi.

a) *Sýningarsvæði (design centre).*

Stofnunin stendi að því að koma upp sýningarsal, þar sem stöðugt væru til sýnis þær íslenzkar framleiðsluvörur, sem uppfylltu kröfur um góða hönnun og verið er að framleiða. Hér gæfist tækifæri til að skoða úrval íslenzkrar iðnaðarframleiðslu á einum stað. Erlendir og innlendir kaupendur fengju hér gott yfirlit yfir gæði og útlit þeirra vörutegunda, sem framleiddar eru.

b) *Hönnunarskrá (design index).*

Í beinu sambandi við sýningarsvæðið væri hönnunarskrá, þar sem skráðar væru allar upplýsingar um framleiðsluvörur, sem hlotið hafa viðurkenningu, framleiðendur þeirra og annað, sem máli skiptir. Hér mætti einnig finna upplýsingar um vörur, sem vegna stærðar

eða annarra aðstæðna væru ekki á sýningarsvæðinu. Hönnunarstofnunin hefði milligöngu um að koma á sambandi milli hugsanlegra kaupenda og framleiðenda.

c) *Ýmis aðstoð við framleiðendur.*
Stofnunin aðstoðaði framleiðendur, kaupmenn og aðra aðila við að koma upp sýningu og annarri kynningu á vöru, sem hlotið hefur viðurkenningu, væri þess óskað.

d) *Samkeppni.*
Stofnunin hefði forgöngu um samkeppni á sviði iðnhönnunar og hvetti til nýsköpunar framleiðsluvöru. Mætti fyrst í stað hugsa sér árlega samkeppni, þar sem kveðið væri á um, að verðlaunum væri varið til náms eða rannsókna á sviði iðnhönnunar.

2.3 *Fræðslustarfsemi.*
a) *Námskeið.*
Það yrði mikilvægur þáttur í starfsemi hönnunarstofnunar að gangast fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og annarri útbreiðslustarfsemi bæði fyrir hönnuði, framleiðendur og þá, sem annast vörudreifingu.

b) *Samband við menntastofnanir.*
Höfð yrði samvinna við skóla og aðrar menntastofnanir svo og fagfélög um miðlun upplýsinga til þessara aðila.

c) *Söfnun heimilda.*
Komið yrði upp safni heimilda, bóka, mynda og jafnvel úrvali muna, nýrra og gamalla, til að nota við fræðslu um iðnhönnun.

d) *Fjölmiðlar.*
Haldið yrði uppi fræðslu og kynningu um iðnhönnun í fjölmiðlum.

3. Fyrstu aðgerðir.

Ljóst er, að hönnunarstofnun með margþætta starfsemi á sér langan aðdraganda, sem vanda verður til. Hins vegar verður strax að fást við aðkallandi iðnhönnunarvandamál einstakra iðnaðargreina.

Nefndin gerir því eftirfarandi tillögur um fyrstu aðgerðir:

1. Skipuð verði iðnhönnunarnefnd til að sinna fyrst í stað hinum tvíþættu vandamálum, sem krefjast úrlausnar. Nefndin verði síðar stjórnarnefnd hönnunarstofnunar. Nefndin verði skipuð fulltrúum frá hagsmunasamtökum iðnaðarins, FÍI, LI og SÍS, iðnaðarráðuneytinu og Iðnaðarmálastofnun Íslands.
2. Nefndin ráði sér starfsmann á ráðunautagrundvelli.
3. Í fjárlögum 1970 verði varið 600 þús. kr. til að standa straum af kostnaði þessarar fyrstu starfsemi. Er þá átt við laun ráðunauts og nefndarinnar ásamt starfsaðstöðu. Einnig ber að nefna útgjöld vegna upplýsinga- og fræðslustarfsemi. Síðar yrðu gerðar tillögur um breiðari fjárhagsgrundvöll.

Nefndarmenn hafa reynt að gera sér nokkru nánari grein fyrir störfum hönnunarnefndarinnar fyrst í stað og vilja koma eftirfarandi hugmyndum á framfæri:

— Til frekari úttektar á núverandi ástandi hönnunarmála kemur til greina að fá hingað erlenda sérfræðinga, t. d. á vegum tækniaðstoðar OECD. Yrðu slíkir sérfræðingar einnig til ráðuneytis um aðgerðir. Í þessu sambandi má vitna til þeirrar aðferðar, sem Írar viðhöfðu við úttektar- og aðgerðakönnun á iðnhönnunarmálum, sbr. eftirfarandi greinargerð.

— Efnt verði til sýninga á erlendum vörum, sem einnig eru framleiddar hér, til að bæta hönnunarsmekk neytenda og framleiðenda.
— Nefndin tryggi með ábendingum og ráðleggingum, að opinberir aðilar gefi fordæmi um notkun góðrar hönnunar. Þurfa allar framkvæmdir og framleiðsla hins opinbera, s. s. opinberar byggingar, skrifstofur, rit, frímerki og mynt, að vera sem bezt hannaðar.
— Virkja þarf sem flesta aðila og samtök til almennrar kynningar á iðnhönnun.
— Stuðning þarf að veita iðnaðarfyrirtækjum með því að gefa þeim kost á ráðleggingum og annast fyrir þau milligöngu um útvegun á hönnuðum og skipa dómnefndir til gæðamats.

Sþ. 331. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um málefni El Salvador.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson, Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að lýsa yfir samúð Íslendinga með þjóðinni í El Salvador í þeim hörmungum ógnarstjórnar, ofbeldis og kúgunar, sem hún má þola, og beinir því jafnframt til utanríkisráðherra, að Ísland beiti áhrifum sínum eftir megni fyrir pólitískri lausn deilumála í landinu og þá sérstaklega fyrir því, að Bandaríkjastjórn láti af hernaðarstuðningi sínum við ríkisstjórn landsins sem situr í skjóli hervalds.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin í El Salvador ber ábyrgð á einhverjum mestu fjöldamorðum síðari ára.

Samkvæmt heimildum frá fulltrúa kirkju- og mannréttindasamtaka hafa tugþúsundir manna verið myrtar á kerfisbundinn hátt í landinu á síðustu tveimur árum. Frá 15. október 1979 til ársloka 1980 hefur mannréttindanefndin í El Salvador skráð 34 123 morð í landinu. Mannréttindasamtök og kirkjuleiðtogar halda því fram, að langflest þessara morða séu framin af dauðasveitum og öryggissveitum stjórnvalda. Sýnt hefur verið fram á tengsl milli herforingjastjórnarinnar í landinu og ýmissa hópa hægri öfgamanna sem vinna þessi óhæfuverk. Fórnarlömbin eru oft óbreyttir borgarar. Ógn á hendur almenningi í landinu, handahófskennd morð á saklausu fólki eru skipulögð til þess að hræða og vekja ótta meðal hugsanlegra stjórnarandstæðinga.

Talið er að um hálf milljón þjóðarinnar í El Salvador sé nú landflótta. Þetta er tíundi hver landsmaður. Talið er að tugir manna séu pyntaðir og drepnir á degi hverjum eins og sakir standa. Á þessum lista yfir þá, sem lífið láta, má m. a. s. finna fjölda barna.

Fullyrða má að núverandi ríkisstjórn í El Salvador sé eingöngu við völd vegna stuðnings Bandaríkjastjórnar. Landið hlaut milljónir dollara á síðasta ári í efnahags- og hernaðarstuðning frá Bandaríkjunum. Nýverið hefur Bandaríkjastjórn ákveðið að veita El Salvadorstjórninni 65 millj. dollara í aðstoð, þar af 55 millj. í hernaðaraðstoð.

Það er engin tilviljun að samlíkingin við Víetnam heyrist nú æ oftar nefnd í sambandi við þessa atburði.

Fjöldi ábyrgra ríkisstjórna víða um heim hefur reynt að hafa áhrif á stjórnvöld í Bandaríkjunum og fá þau til að breyta stefnu sinni í þessum heimshluta. Alþjóðasamband jafnaðarmanna hefur ítrekað vakið athygli á þessu ástandi. Í því sambandi er rétt að benda sérstaklega á yfirlýsingu utanríkisráðherra Mexíkó og Frakklands þar sem fram kemur

ótvíræður stuðningur við frelsisöflin í El Salvador. Ógnarstjórn og þjáningum verður að linna í El Salvador.

Hvorugur deiluaðila getur vænst þess að vinna fullan hernaðarsigur í átökunum sem nú eiga sér stað. Hernaðarleg lausn er ekki til, einungis pólitísk og félagsleg lausn.

Samkvæmt þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er flutt, er lögð áhersla á að Ísland beiti sér hvarvetna eftir mætti fyrir pólitískri lausn deilumála í El Salvador. Jafnframt er ályktað að Ísland beiti áhrifum sínum til þess að hvetja Bandaríkjastjórn sérstaklega til þess að láta af hernaðarstuðningi sínum við ríkisstjórnina í El Salvador.

Nd. 332. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til laga um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leitað umsagnar biskups og Prestafélags Íslands um frumvarpið.

Umsagnaraðilar hafa tjáð sig fylgjandi frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Niður falli orðin „svo og eflingu kristni og auknum trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar".

Friðjón Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. febr. 1982.

Ingólfur Guðnason, form., frsm. Ólafur G. Einarsson, fundaskr. Vilmundur Gylfason.

Halldór Blöndal. Guðrún Helgadóttir.

Ed. 333. Frumvarp til laga [202. mál]

um breyting á lögum nr. 64 frá 16. des. 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist: Bráðabirgðalög skal auk þess kynna með fréttatilkynningum til hljóðvarps, sjónvarps og dagblaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Löggjafarstarf á Alþingi á sér stað fyrir opnum tjöldum, — í allra áheyrn. Bráðabirgðalög eru samþykkt á lokuðum ríkisstjórnarfundum, þar sem hvorki almenningur né fjölmiðlar eiga þess kost að fylgjast með ákvörðunum.

Í umræðum utan dagskrár á Alþingi 11. febrúar kom í ljós að við útgáfu bráðabirgðalaga 14. janúar s. l. varð misbrestur á því, að almenningi og fjölmiðlum væri kynnt efni laganna.

Þetta frumvarp er flutt til að taka af öll tvímæli um að ríkisstjórninni ber skylda til að kynna efni bráðabirgðalaga með því að senda fréttatilkynningar til fjölmiðla.

Ed. 334. Frumvarp til laga [203. mál]

um breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54 6. apríl 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Innheimtustofnunin getur tekið að sér, gegn greiðslu, hverskonar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi. Stofnunin getur enn fremur, að beiðni ráðuneyta, með sama hætti tekið að sér innheimtu meðlagsskulda erlendra ríkisborgara búsettra hér á landi og meðlög, sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði á 2. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga, eru til komnar vegna beiðni félagsmálaráðuneytisins um að lögunum verði breytt þannig, að stofnunin hefði heimild til að taka að sér innheimtu fyrir ráðuneytið á meðlagsskuldum erlendra ríkisborgara, sem búsettir eru hér á landi. Enn fremur hefur dómsmálaráðuneytið óskað eftir að tekin verði upp í lögin heimild til handa stofnuninni til að annast innheimtu á meðlögum greiddum erlendis fyrir íslenska ríkisborgara.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga hefur einróma samþykkt fyrir sitt leyti að framangreind breyting verði gerð á lögunum.

Nd. 335. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og breyt. á lögum nr. 81 21. des. 1981.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi og leggur til að það verði samþykkt.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.
Karvel Pálmason og Páll Pétursson voru fjarstaddir.
Pétur Sigurðsson boðaði veikindaforföll.

Alþingi, 15. febr. 1982.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Halldór Blöndal. Matthías Bjarnason.

Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 336. Fyrirspurnir. [204. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um vistun ósakhæfra afbrotamanna.

Frá Árna Gunnarssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað margir geðveikir afbrotamenn hafa verið metnir ósakhæfir, en ekki dæmdir í öryggisgæslu?
2. Eru mál öryggisgæslufanga endurskoðuð reglulega, eins og lög gera ráð fyrir?
3. Hefur dómsmálaráðherra reynt að fá ósakhæfan geðsjúkling, sem lengi hefur dvalið í fangelsi, innlagðan á geðsjúkrahús til meðhöndlunar og aðhlynningar?
4. Hvar fer geðrannsókn á afbrotamönnum fram og hvaða aðilar bera kostnaðinn af rannsókninni?
5. Hversu oft hefur ákvæði 62. gr. refsilaga verið beitt um vistun ósakhæfra manna á viðeigandi stofnun?
6. a) Til hvaða stofnana hefur verið leitað þegar slíkur úrskurður liggur fyrir?
   b) Hafa stofnanir, sem til hefur verið leitað, synjað um slíka vistun?
   c) Ef svo er, geta yfirmenn heilbrigðisstofnana gengið í berhögg við úrskurð dómstólanna?

II. Til sjávarútvegsráðherra um tilraunageymi til veiðarfærarannsókna.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

Hafa farið fram athuganir á uppsetningu tilraunageymis til veiðarfærarannsókna samkvæmt ályktun Alþingis frá 7. maí 1981?

Ef svo er:

I. Hver verður þá framgangur málsins?
II. Hver er kostnaðaráætlun framkvæmda?
III. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður?

Nd. 337. Frumvarp til laga [205. mál]

um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

I KAFLI

Tollafgreiðslugjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Skal gjaldið annars vegar vera hlutfall af tollverði innfluttrar vöru en hins vegar tiltekin fjárhæð fyrir hverja tollafgreiðslu eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Tollafgreiðslugjald skal nema 1% af tollverði vöru eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt þessari málsgrein, sbr. 2. mgr. 2. gr., eru þó eftirtaldir vöruflokkar:

1. Vörur sem falla undir I—IV flokk 1. gr. tollskrárlaga og ætlaðar eru til manneldis.
2. Vörur sem við tollafgreiðslu eru undanþegnar tolli samkvæmt ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) eða samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, sbr. 1. gr. tollskrárlaga.
3. Aðföng til innlendrar framleiðslu, þ. e. hráefni, efnivörur og vélar og varahlutir sem eru toll- og vörugjaldsfrjáls við innflutning samkvæmt ákvæðum tollskrárlaga og laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.
4. Flugvélaeldsneyti, gasolía og brennsluolía.
5. Skip, flugvélar og varahlutir til þeirra.

Nú nemur tollafgreiðslugjald, ákveðið skv. 2. mgr. þessarar greinar, lægri fjárhæð en tollafgreiðslugjald eins og það er ákveðið skv. 5. mgr. og skal þá greiða tollafgreiðslugjald af viðkomandi vörusendingu samkvæmt ákvæðum 5. mgr. þessarar greinar.

Séu í vörusendingu vörur sem ýmist eru gjaldskyldar skv. 2. eða 5. mgr. skal tollverð þeirra vara sem gjaldskyldar eru skv. 2. mgr. lagt til grundvallar við ákvörðun tollafgreiðslugjaldsins, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Ráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð að fyrir afgreiðslu á hverri aðflutningsskýrslu vegna innflutnings vöru sem undanþegin er gjaldi skv. 2. mgr. skuli greiða 200 kr. tollafgreiðslugjald, en sé tollverð vörusendingar innan við 5 000 kr. skuli gjaldið þó vera 50 kr. Fjárhæðir í þessari málsgrein eru grunnfjárhæðir. Ráðherra er heimilt að hækka þær allt að því að þær hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93/1975. Grunnfjárhæðir eru miðaðar við byggingarvísitölu 909 stig hinn 1. janúar 1982.

2. gr.

Tollafgreiðslugjald skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og skulu um innheimtu og lögvernd gjaldsins gilda ákvæði laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum. Þó skal, þegar heimild er veitt til þess að setja vörur í tollvörugeymslu, greiða gjald skv. 1. gr. af vörusendingunni í heild þegar tollafgreiðsla vegna fyrstu úttektar úr tollvörugeymslu á sér stað.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæða þessa kafla, þ. á m. hvaða vörur skuli undanþegnar gjaldskyldu skv. 2. mgr. 1. gr. svo og að gjald skv. 5. mgr. sömu greinar skuli falla niður sé tollverð vörusendingar innan tiltekinna marka.

II KAFLI

Um breyting á lögum nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 um breyting á þeim lögum.

3. gr.

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Þó er heimilt að ákveða að greiða skuli 2½% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum í fiskverkun og í iðnaði (útflutnings- og samkeppnisiðnaði), samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af skatti þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

4. gr.

2. og 3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Skattskyldan nær til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt og skattskyld eru skv. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, þar með talið reiknað endurgjald.

Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum. Enn fremur tekjur sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með taldar tekjur hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða.

5. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Launaskattur greiðist ársfjórðungslega innan 15 daga eftir lok hvers ársfjórðungs af þeim launum sem greidd eru fyrir þann ársfjórðung, sbr. þó 5. gr., og er eindagi mánuði síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Skattinn ber launagreiðanda, ótilkvöddum, að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík til tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Viðurlög vegna vanskila á launaskatti skulu vera sem hér segir:

1. 25% álag á vangreiddan launaskatt hafi eigi verið staðið í skilum á eindaga.
2. Til viðbótar álagi skv. 1. tl. skal greiða dráttarvexti af vangreiddum launaskatti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun til annarra á hverju þriggja mánaða tímabili en 35 000 kr. er heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á því uppgjörstímabili þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 150 000 kr. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 150 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári, eins og um uppgjör fyrir síðasta ársfjórðung væri að ræða.

Ríkisskattstjóri lætur gera eyðublöð fyrir greinargerð um greiðslu launaskatts samkvæmt þessari grein. Skattstjórar skulu dreifa eyðublöðum þessum til gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt skv. 1. mgr. þessarar greinar, svo tímanlega að þau séu komin í hendur þeirra fyrir gjalddaga. Auk þess skulu eyðublöðin jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti skv. 1. og 3. mgr. þessarar greinar þó að honum hafi ekki borist eyðublað frá skattstjóra skv. 4. mgr.

6. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skattstjóri ákveður árlega launaskatt sem hér segir:

a) Launaskatt af reiknuðu endurgjaldi sem manni með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ber að telja sér, maka sínum og börnum til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
b) Launaskatt af launum sem ekki eru greidd í peningum, svo sem ef laun eru greidd í fríu fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum.

7. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Innheimtumenn ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóri, skulu mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum um launaskattsgreiðslur sem þeim hafa borist í síðastliðnum mánuði.

Skattstjórar skulu kanna launaskattsskil þeirra sem greiða eiga launaskatt skv. 3. gr., m. a. með samanburði við skattframtöl, launaframtöl og launamiða og önnur gögn sem fyrir hendi eru.

Komi í ljós að aðili sem greiða átti launaskatt skv. 3. gr. hafi vanrækt greiðslu hans að hluta eða öllu leyti eða ekki skilað greinargerð, sbr. 8. gr., skal skattstjóri ákvarða launaskattinn ásamt álagi og dráttarvöxtum sem á eru fallnir, sbr. 2. mgr. 3. gr., og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

8. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Að lokinni ákvörðun launaskatts skv. 4. gr. laga þessara skulu skattstjórar semja skrá um alla þá sem greiða eiga launaskatt samkvæmt þeirri grein og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

Gjalddagi launaskatts, sem skattstjóri ákvarðar skv. 4. gr., er 15. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar til gjaldanda og eindagi mánuði síðar.

9. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði VIII—XIV kafla laga nr. 75/1981 gilda eftir því sem við getur átt um launaskatt samkvæmt þessum lögum, þ. á m. um kærufresti, úrskurði á kærum, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi.

10. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skylt er hverjum þeim sem innir af hendi greiðslur sem eru skattskyldar samkvæmt lögum þessum að senda skattstjórum sérstaka greinargerð, launaframtal, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður innan þess frests sem settur er um skil launaskýrslna, sbr. 92. gr. laga nr. 75/1981.

11. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi, sem ýmist skal greiða af 3½%, 2½% eða engan launaskatt skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Af launaskattsskyldum greiðslum fyrir yfirstjórn og af öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal ávallt greiða 3½%, sbr. 1. mgr. 1. gr. Þó skal einungis greiða 2½%, sbr. 2. mgr. 1. gr., af því hlutfalli umræddra greiðslna sem er á milli heildargreiðslna og greiðslna skv. 2. mgr. 1. gr., áður en umræddar greiðslur eru meðtaldar.

Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldinu eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi skal skattstjóri áætla skiptinguna.

12. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Innheimtu launaskatts og viðurlaga sem ákvarðast skv. 4. og 5. gr., sbr. 6. gr. þessara laga, annast sömu aðilar og greinir í 1. mgr. 3. gr. þessara laga. Ákvæði 114. gr. laga nr. 75/1981 um ábyrgð á skattgreiðslum og lögtaksrétt skulu gilda um innheimtu launaskatts.

13. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Launaskattur telst rekstrarkostnaður skv. 1. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981 að því leyti sem hann er ákvarðaður af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

14. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um þær iðngreinar er 2. mgr. 1. gr. þessara laga tekur til, og hverjir skuli gera skil á launaskatti þegar um er að ræða ákvæðisvinnu eða verktakasamninga o. þ. h.

III KAFLI

Um breyting á lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980 um breyting á þeim lögum.

15. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna (sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1980) orðist svo:

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa vegna afurðalána með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal greiða 3 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.

IV KAFLI

Um breyting á lögum nr. 26/1981 um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

16. gr.

Innflutningsgjald, 40% og 32%, skv. 1. gr. laganna skal lækka á tímabilinu 1. mars til 1. desember 1982 svo sem hér segir:

a. 40% innflutningsgjald skal lækka í 32% hinn 1. mars 1982, 24% hinn 1. júní 1982, 16% hinn 1. september 1982 og 8% hinn 1. desember 1982.
b. 32% innflutningsgjald skal lækka í 24% hinn 1. mars 1982, 18% hinn 1. júní 1982, 12% hinn 1. september 1982 og 6% hinn 1. desember 1982.

17. gr.

Í stað orðanna „til 1. mars 1982“ í 7. gr. laganna komi: til 1. mars 1983.

Gildistaka o. fl.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1982. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál II kafla þeirra inn í lög nr. 14/1965 um launaskatt með síðari breytingum og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Hafi innflytjandi afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað áður en lög þessi öðlast gildi skal varan tollafgreidd án greiðslu skv. I kafla laga þessara, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 9. mars 1982.

Af vörum sem ótollafgreiddar eru í tollvörugeymslu við gildistöku laga þessara skal greiða tollafgreiðslugjald skv. 1. gr. Greiða skal gjaldið í heild þegar tollafgreiðsla vegna fyrstu úttektar þeirra úr tollvörugeymslu eftir gildistöku laganna fer fram.

Gjöld skv. I kafla laga þessara skal einnig greiða af vörum þeim sem gjaldskyldar verða samkvæmt honum og með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir gildistökudag laga þessara gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. maí 1982.

II

Við ákvörðun launaskatts fyrir gjaldárið 1982 vegna launaskattsskyldra launa á árinu 1981 skulu gilda ákvæði laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 um breyting á þeim lögum.

Vegna launaskattsskyldra launa á árinu 1982 fram að gildistöku þessara laga skal greiða launaskatt skv. 1. og 2. gr. laga nr. 14/1965, sbr. lög nr. 65/1977.

Verði vanskil á greiðslu launaskatts vegna launaskattsskyldra launa á 1. ársfjórðungi 1982 skal gjaldandi sæta viðurlögum skv. 5. gr. þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í skýrslu frá ríkisstjórninni um aðgerðir í efnahagsmálum, sem lögð var fyrir Alþingi hinn 28. janúar s. l., voru marghátttaðar aðgerðir boðaðar í efnahagsmálum. Meðal ráðstafana sem boðað var að gripið yrði til á næstu mánuðum er 6% niðurfærsla verðlags með

lækkun tolla og hækkun niðurgreiðslna á búvörum. Fyrsti áfangi hefur þegar komið til framkvæmda, m. a. með lækkun tolla um helming á ýmsum rafmagnsheimilistækjum, og var frumvarp um þetta efni lagt fram á Alþingi 1. febrúar og afgreitt sem lög daginn eftir.

Kostnaður ríkissjóðs við þessar niðurfærsluaðgerðir á árinu 1982 er áætlaður 350—360 millj. kr., þar af er reiknað með að aukning niðurgreiðslna 1. febrúar s. l. kosti um 165 millj. kr. á árinu og lækkun tolla um 23 millj. kr. Frekari aukning niðurgreiðslna mun verða 1. mars, 1. maí og 1. júní n. k. samkvæmt nánari ákvörðun sem tekin verður síðar. Fjármunir í þessu skyni eru fengnir með eftirfarandi hætti: Útgjöld fjárlaga fyrir árið 1982 eru lækkuð um 120 millj. kr., skattur er lagður á starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem mun nema um 45—50 millj. kr. Það sem á vantar, 180—190 millj. kr., er fengið af fjárlögum, þ. e. um 30—35 millj. kr. af niðurgreiðslufé og 125 millj. kr. af liðnum 09-989-94 — Vegna launa og verðlagsmála. Það sem á vantar jafnast að mestu upp með breytingum á tekjuöflun ríkissjóðs, sbr. hér að neðan.

Auk ofangreindra aðgerða í efnahagsmálum var því lýst yfir, að ríkisstjórnin myndi stuðla að nokkrum breytingum á tekjuöflun ríkissjóðs. Eru breytingarnar einkum fólgnar í gjaldalækkun til hagsbóta fyrir útflutningsatvinnuvegina með lækkun launaskatts og stimpilgjalda, en jafnframt er að því stefnt að leggja á sérstakt tollafgreiðslugjald til að mæta þeim tekjumissi sem ríkissjóður verður fyrir vegna fyrrnefndra gjaldalækkana.

Breytingar sem verða á tekjuöflun ríkissjóðs, ef frumvarp þetta verður samþykkt, eru á heilu ári þessar:

Tollafgreiðslugjald	+54 millj. kr.
Launaskattur	−30 millj. kr.
Stimpilgjald	−20 millj. kr.
Innflutningsgjald á sælgæti og kex	+ 8 millj. kr.
	+12 millj. kr.

Hækkun eða lækkun tekna ríkissjóðs á þessu ári er að sjálfsögðu talsvert minni og veltur á því hvenær lögin taka gildi.

Í I kafla frumvarps þessa er fjallað um tollafgreiðslugjald. II kafli þess fjallar um breytingar á lögum um launaskatt, III kafli um breytingar á lögum um stimpilgjald og IV kafli um breytingar á lögum um sérstakt innflutningsgjald á sælgæti og kex. Hins vegar er gert ráð fyrir að sjálfstæð löggjöf verði sett um skatt á banka og sparisjóði og verða frumvörp þar að lútandi lögð fyrir Alþingi á næstunni.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstaka kafla og greinar.

Athugasemdir við I kafla.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er lagt til að tekið verði upp tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Er gert ráð fyrir að gjaldið verði tvenns konar og greiðist annað hvort sem hlutfall af tollverði innfluttrar vöru eða sem tiltekin fjárhæð fyrir hverja tollafgreiðslu.

Gert er ráð fyrir skv. 2. mgr. að 1% tollafgreiðslugjald verði almennt lagt á innfluttar vörur. Gjaldstofninn skal vera tollverð viðkomandi vörusendingar, en við ákvörðun þess er gert ráð fyrir að farið verði eftir sömu reglum og gilda um tollverð samkvæmt ákvæðum núgildandi tollskrárlaga, sbr. einkum 5.—7. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að nokkrir vöruflokkar verði undanþegnir hinu almenna 1% tollafgreiðslugjaldi en í þess stað verði heimilt að innheimta af vörum þessum tiltekna fjárhæð sem nánar er kveðið á um í 5. mgr.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði sem ætlað er að tryggja samræmda gjaldtöku, þannig að tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á vöru sem ákvæði 2. mgr. eiga efnislega við verði ekki lægra en tollafgreiðslugjald eins og það er ákveðið samkvæmt 5. mgr., þ. e. eftir atvikum 50 kr. eða 200 kr.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að þegar vörusendingar eru blandaðar skuli ákvörðun gjaldsins ætíð fara eftir fyrirmælum 2. mgr., þó þannig, að gjaldið verði aldrei lægra en kveðið er á um í 5. mgr.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að af vörum þeim sem undanþegnar verða 1% tollafgreiðslugjaldi verði heimilt að innheimta tollafgreiðslugjald fyrir afgreiðslu á hverri aðflutningsskýrslu yfir slíkar vörur. Lagt er til að gjaldið verði 200 kr. vegna tollmeðferðar á vörusendingum sem eru að tollverði 5 000 kr. eða meira en 50 kr. gjald verði innheimt af verðminni vörusendingum. Þar sem um heimildarákvæði er að ræða er hugsanlegt að ekki verði strax lagt gjald á vörur sem nefndar eru í 2. tl. 1. gr. (fríverslunarvörur), fyrr en að nánar athuguðu máli með hliðsjón af samningum Íslands við EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu.

Til þess að tryggja raungildi tekna af gjaldi þessu er lagt til að ráðherra verði heimilt að hækka fjárhæðir þær sem hér um ræðir í réttu hlutfalli við hækkun sem verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um innheimtu og lögvernd tollafgreiðslugjaldsins og er gert ráð fyrir að í þeim efnum gildi þar að lútandi ákvæði laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. t. d. 54. gr. þeirra laga. Þó er gert ráð fyrir að þegar vörur eru settar í tollvörugeymslu skuli gjald ekki greiðast fyrr en við fyrstu úttekt úr tollvörugeymslu, en þá ber að greiða það af vörusendingunni í heild sinni, sbr. einnig 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða I.

Gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um framkvæmd ákvæða I kafla í reglugerð og hvaða vörur skuli undanþegnar tollafgreiðslugjaldi skv. 2. mgr. 1. gr. Getur ráðherra ákveðið að undanþága frá gjaldskyldu ráðist af flokkun vara í tollskrárnúmer skv. 1. gr. tollskrárlaga.

Ljóst er að ýmis álitamál geta komið upp varðandi gjaldskyldu samkvæmt 1. gr. og er því tekin upp í greinina heimild til handa ráðherra til að undanþiggja einstaka vörusendingu gjaldskyldu, sbr. 5. mgr., ef sérstakar ástæður verða taldar fyrir hendi, tollverð vörusendingar er innan tiltekinna marka eða heimiluð er afhending verðlausra sendinga án skýrslugjafar.

Athugasemdir við II kafla.

Breytingar á lögum um launaskatt sem hér eru lagðar til voru boðaðar í skýrslu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum sem forsætisráðherra flutti á Alþingi 28. jan. s. l. Stefnt er að lækkun launaskatts á útflutnings- og samkeppnisiðnaði og fiskverkun úr 3,5% í 2,5%. Jafnframt þessari breytingu er tillaga gerð um nokkrar aðrar breytingar á lögunum. Lúta þær einkum að því að heimilt verði að innheimta dráttarvexti af vangreiddum launaskatti auk þess sem kveðið er á um virkara eftirlit skattstjóra með skilum hans.

Launaskattur var fyrst lagður á samkvæmt lögum nr. 14 frá 15. mars 1965 og var hann 1% og runnu allar tekjur hans sem stofnfjárframlag í Byggingarsjóð ríkisins. Með lögum nr. 94/1970 var skatthlutfallið hækkað í 2½% og rann viðbótin í ríkissjóð, en frá 1. apríl 1974 hefur skatthlutfallið verið 3½%, sbr. lög nr. 10/1974.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um almenna skyldu launagreiðanda til að greiða 3½% launaskatt, sbr. einnig ákvæði 1. gr. laga nr. 65/1977. Undanþágan í 1. mgr. 1. gr. gildandi laga er nú í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimila megi tilteknum iðngreinum, þ. e. a. s. útflutnings- og samkeppnisiðnaði, að greiða lækkað launaskattshlutfall eða 2½%.

Gert er ráð fyrir að ákveðið verði með reglugerð hvaða greinar útflutnings- og samkeppnisiðnaðar falli undir ákvæði um lækkun launaskatts.

Launaskattsákvörðun samkvæmt gildandi lögum hefur verið auðveld í framkvæmd. Stofn skattsins hefur verið skattgreiðendum ljós og eftirlit skattstjóra auðvelt þar sem undanþágur eru skýrar. Nauðsynlegt er að framkvæmd laganna verði áfram sem auðveldust og ekki verði lagðar á launagreiðendur og skattyfirvöld meiri skyldur en nauðsynlegt er til að finna launaskattsstofn. Það er því mikilvægt að heil atvinnugrein falli í sama gjaldflokk launaskatts nema um mjög skýrt afmarkaða starfsemi sé að ræða innan hennar.

Um 4. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 2. gr. gildandi laga en með hliðsjón af lögum um tekjuskatt og eignarskatt er tekinn af allur vafi um það að greiðsla er því aðeins launaskattsskyld að hún falli undir 1. tl. A-liðar 7. gr. skattalaganna.

Í 2. mgr. þessarar greinar eru ákvæði um hvaða laun og þóknanir eru undanþegnar greiðslu launaskatts þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins. Sambærileg undanþáguákvæði er að finna í 1. gr. gildandi laga, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og í 3. mgr. 2. gr. þeirra. Laun við landbúnaðarstörf hafa verið undanþegin frá fyrstu tíð laganna en laun sjómanna af fiskveiðum síðan 1973.

Um 5. gr.

1. mgr. er efnislega óbreytt frá ákvæðum 3. gr. gildandi laga um launaskatt. Skv. 2. mgr. er lagt til að tekinn verði upp dráttarvaxtareikningur á vanskil auk viðurlagaákvæða sem eru í gildandi lögum. Dráttarvextir, er verði hinir sömu og Seðlabankinn ákveður á hverjum tíma, reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Í 3. mgr. er tvenns konar undanþága frá greiðslu launaskatts ársfjórðungslega. Annars vegar mega launagreiðendur, sem eigi greiða hærri láun til annarra en 35 000 kr. á uppgjörstímabili, fresta greiðslu launaskatts til þess uppgjörstímabils er launagreiðslur þeirra fara yfir 150 000 kr. en eftir það greiða þeir á hverju þriggja mánaða tímabili á árinu. Hins vegar mega þeir, sem ná ekki að greiða 150 000 kr. til annarra á árinu, greiða launaskatt með uppgjöri fyrir síðasta ársfjórðung.

4. og 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins eru sömu ákvæði og eru í a- og b-liðum 4. gr. gildandi laga sem kveða á um að skattstjóri ákvarði launaskatt á þá menn sem eru með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo og á maka þeirra og börn starfi þau að atvinnurekstrinum. Stofn að launaskatti þessara aðila verður reiknað endurgjald sem viðkomandi aðila ber að reikna sér til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 59. gr. sömu laga.

Enn fremur ber skattstjóra að ákvarða launaskatt af launum sem greidd eru í öðrum verðmætum en peningum, svo sem fríu fæði, húsnæði, afnotum af bifreið eða öðrum hlunnindum.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er kveðið á um mánaðarleg skil innheimtumanna á greinargerðum launaskattsgreiðenda og um eftirlitsskyldu skattstjóra og aðgerðir við vangreiðslu skattsins.

Ekki er gert ráð fyrir eftirliti með launaskattsskilum eftir hvert greiðslutímabil eins og er með söluskatt, en slíkt eftirlit krefst aukins mannafla. Með aukinni tölvunotkun verður þó unnt að koma á nokkru eftirliti með skilum aðilja og beita ákvæðum laga um bókhaldseftirlit komi í ljós að fyrirtæki, sem ætla má að greiði laun, geri ekki skil á skattinum. Skattstjóri getur þá á grundvelli slíkrar skoðunar ákvarðað launaskattinn fyrir hvert einstakt uppgjörstímabil á árinu. Slíka ákvörðun skal hann tilkynna innheimtumanni og gjaldanda þegar í stað.

Samkvæmt 3. mgr. ákvarðar skattstjóri launaskattinn ásamt viðurlögum sem á eru fallin komi í ljós að um vangreiðslu hans að hluta eða öllu leyti hafi verið að ræða eða skili launagreiðandi ekki lögboðinni greinargerð skv. 10. gr. frumvarpsins, þ. e. launaframtali eða launamiðum. Innheimtumaður skal ákveða dráttarvexti fyrir það tímabil er líður frá ákvörðun skattstjóra um fjárhæð dráttarvaxta til greiðsludags.

Um 8. gr.

Ákvörðun launaskatts skv. 6. gr. frumvarpsins verður eðli sínu samkvæmt í tengslum við yfirferð skattframtala og endurskoðun skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi gjaldandans, maka hans og barna. Þar sem álagning þessi fer ekki í þinggjaldaskrá þarf hún þó ekki að birtast jafnhliða álagningu þinggjalda. Gjalddagi launaskatts samkvæmt þessari grein, sbr. 6. gr. frumvarpsins, verður 15. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar til gjaldanda en eindagi verður mánuði síðar.

Um 9. gr.

Réttarfarsleg ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda varðandi þennan skatt eftir því sem við á og er þar einkum um að ræða að gjaldandi geti kært launaskatt, hvort sem hann er ákvarðaður skv. 6. eða 7. gr. frumvarpsins, sbr. 8. gr. þess, telji hann fjárhæð launaskattsins eigi rétt ákvarðaða.

Um 10. gr.

Í þessari grein er lögboðið að launagreiðendur sendi skattstjóra innan þess frests sem settur er um skil launaskýrslna, sbr. 92. gr. laga um tekju- og eignarskatt, sundurliðaða greinargerð um launagreiðslur á árinu, þ. e. launaframtal og launamiða.

Um 11. gr.

Í þessari grein er annars vegar kveðið á um hvernig skuli bókfæra launagreiðslur hjá þeim sem reka fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi og ber að greiða 3,5% af vissum þáttum, 2,5% af öðrum og/eða engan launaskatt af hluta, og hins vegar að skipta skuli þeim greiðslum sem ekki verða beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, t. d. yfirstjórn, í sömu hlutföllum og eru á milli heildargreiðslna sem skipta skal í bókhaldi.

Um 12. gr.

Grein þessi samsvarar 9. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Grein þessi samsvarar 11. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Grein þessi samsvarar 12. gr. gildandi laga.

Athugasemdir við III kafla.

Um 15. gr.

Núgildandi ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. 7. gr. laga nr. 82/1980, er svohljóðandi:

„Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 10 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra slíkra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 3 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs."

Samkvæmt þessu er gerður greinarmunur á því hvort viðkomandi skuldabréf og tryggingarbréf ber vexti og er tryggt með veði eða ekki. Í fyrra tilvikinu skal innheimta 1% stimpilgjald en í hinu síðara 0,3%.

Þar sem skuldabréf vegna afurðalána (framleiðslulána) bera nú ávallt vexti og eru tryggð með veði hefur það leitt til þess að þau hafa verið stimpluð með 1% stimpilgjaldi í samræmi við fyrri hluta 2. mgr. 24. gr. og af sömu ástæðu hefur ekki verið unnt að beita niðurlagsákvæði 2. mgr. 24. gr. sem kveður á um 0,3% stimpilgjald.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að stimpilgjald af skuldabréfum og tryggingarbréfum vegna afurðalána með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar skuli vera 0,3%, hvort sem skuldin ber vexti eða ekki.

Athugasemdir við IV kafla.

Í september 1980 var gripið til sérstakra ráðstafana vegna verulega aukins innflutnings á sælgæti og kexi sem hafði í för með sér mikinn samdrátt í innlendri framleiðslu þessara vara. Var fyrirsjáanlegt að samdráttur þessi myndi leiða til stöðvunar atvinnurekstrar í þessum iðngreinum ef ekkert yrði að gert og því ákveðið að höfðu samráði við EFTA að leggja sérstakt tímabundið innflutningsgjald á innflutt sælgæti og kex, en heimilt er samkvæmt samningnum við EBE að leggja gjaldið á. Gjaldtaka þessi var ákveðin til eins árs eða til 1. mars 1982, sbr. 4. gr. laga nr. 26/1981.

Á þeim tíma er gjaldtaka þessi hefur staðið hefur markvisst verið unnið að því af hálfu iðnaðarráðuneytisins og viðkomandi hagsmunasamtaka iðnaðarins að styrkja stöðu innlendra framleiðenda þessara vara með ýmiss konar framleiðniaukandi aðgerðum. Aðgerðir þessar hafa allar miðað í þá átt að bæta stöðu fyrirtækjanna til þess að mæta þeirri samkeppni sem leiðir af fríverslunarsamstarfinu. Ljóst er þó að tími sá frá því að tollar og höft á innflutning voru felld niður 1980 hefur reynst of skammur. Hefur því að höfðu samráði við samstarfsaðila Íslands innan EFTA verið ákveðið að lengja vernd nefndra iðngreina um eitt ár eða til 1. mars 1983, þannig, að innflutningsgjaldið verði lækkað í áföngum og falli að lokum niður.

Í 16. og 17. gr. frumvarps þessa er kveðið nánar á um með hverjum hætti innflutningsgjaldið skuli lækka svo og framlengingu gildistíma laga nr. 26/1981 til 1. mars 1983.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I

Ákvæði þetta er sambærilegt sams konar ákvæðum og gilt hafa við fyrri breytingar á tollskrárlögum. Hliðstætt ákvæði er að finna í 2. mgr. að því er varðar vörur í tollvörugeymslu.

Um ákvæði til bráðabirgða II

Þar sem lækkun launaskattshlutfalls skv. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fyrst til framkvæmda fyrir lok 1. ársfjórðungs 1982 þarf að taka af allan vafa um hvernig ákvarða skuli launaskatt fyrir það tímabil, verði frumvarpið að lögum. Sama á við um ákvæði um viðurlög.

Ákvörðun launaskatts skv. 5. og 6. gr. gildandi laga, sem skattstjóra ber að taka, og innheimta skattsins á gjaldárinu 1982 verður óbreytt frá gildandi lögum.

Ed. 338. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á lyfsölulögum nr. 30/1963.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. febr.)

1. gr.

7. gr., 1. mgr. orðist svo:

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum, lyfsölusjóði og Háskóla Íslands, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum, enda uppfylli þeir skilyrði 1. mgr. 9. gr.

Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

2. mgr. 7. gr. verður 3. mgr. 7. gr. o. s. frv.

2. gr.

Aftan við orðin „Forstöðumaður slíkra lyfjabúða“ í 2. mgr. 9. gr. komi: „svo og forstöðumaður lyfjabúðar Háskóla Íslands“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. gr. komi ekki til framkvæmda fyrr en núverandi lyfsali lætur af atörfum.

Ed. 339. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er um sérstök tillaga.

Alþingi, 16. febr. 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson, frsm.
Lárus Jónsson.	Guðm. Bjarnason.	

Ed. 340. Breytingartillaga [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. frv. orðist svo:

37. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að fella niður eða endurgreiða gjöld af segulbandstækjum og segulböndum fyrir sjónskert fólk svo og af stöfum, úrum og öðrum öryggis- og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa sjón- og/eða heyrnarskertra. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd heimildarákvæðis þessa í samráði við augndeild Landakotsspítala og Tryggingastofnun ríkisins, sé um tæki fyrir sjónskerta að ræða, og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, sé um tæki fyrir heyrnarskerta að ræða.

Sþ. 341. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um smærri hlutafélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar eftirtalinna aðila: Lögmannafélags Íslands, Ríkisskattstjóra, Félags íslenskra iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Verslunarráðs Íslands og Alþýðusambands Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu, sem flutt verður tillaga um á sérstöku þingskjali.

Steinþór Gestsson og Guðrún Helgadóttir voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. febr. 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form. Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. Halldór Blöndal, frsm.

Páll Pétursson. Guðm. G. Þórarinsson.

Sþ. 342. Breytingartillaga [12. mál]

við till. til þál. um smærri hlutafélög.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög um hlutafélög með hliðsjón af réttarstöðu smærri hlutafélaga.

Sþ. 343. Nefndarálit [98. mál]

um till. til þál. um eflingu almannavarna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur átt fund með Almannavarnaráði ríkisins og heimsótt aðalstöðvar ráðsins og bækistöð þess í Mosfellssveit. Jafnframt hefur nefndin kynnt sér umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi hjálparsveita skáta, Almannavörnum ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands og útvarpsráði.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu, sem flutt verður tillaga um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi voru Guðrún Helgadóttir og Steinþór Gestsson.

Alþingi, 16. febr. 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. Halldór Blöndal.

Guðm. G. Þórarinsson. Páll Pétursson.

Sþ. 344. Breytingartillaga [98. mál]

við till. til þál. um eflingu almannavarna.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu.

Ed. 345. Frumvarp til laga [206. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Með jarðhitasvæði er í lögum átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Jarðhitasvæði skiptast í háhitasvæði og lághitasvæði. Jarðhitasvæði telst háhitasvæði í lögum þessum, ef innan þess finnst 200°C hiti ofan 1000 metra dýpis. Önnur jarðhitasvæði nefnast lághitasvæði.

Meðal háhitasvæða eru þessi svæði: Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingarfjöll, Hveravellir, Mýrdalsjökull, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotnar, Kverkfjöll, Askja, Fremrinámar, Námafjall, Krafla, Þeistareykir og önnur jarðhitasvæði með sömu eiginleikum.

Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum sem í lögum þessum greinir.

Ríkisstjórnin lætur með rannsóknum ákveða mörk háhitasvæða Íslands. Meðan sú rannsókn fer fram skal Orkustofnun gera ríkisstjórninni grein fyrir því árlega, hver séu þekkt háhitasvæði á landinu og hvaða svæði eru líkleg háhitasvæði en óvissa ríkir um.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og hvera og náttúrlegs jarðhita á yfirborði landareignar á háhitasvæði.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hveri og annan náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði, eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. ákvæði þessa kafla og VII. kafla laganna. Hann hefur rétt til að stífla frárennsli frá jarðhitasvæðum, hlaða bakka eða garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, ef ekki stafar hætta af eða veruleg óþægindi eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Landeiganda er einnig rétt að bora á landareign sinni á lághitasvæði eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ríkið hefur rétt til að láta rannsaka eða leyfa rannsókn á jarðhita með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur að leyfa mönnum þeim, er ríkið eða leyfishafi gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag.

Leyfi, er ráðherra veitir öðrum til rannsókna á jarðhita, skal bundið þeim skilyrðum, að Orkustofnum eigi kost á að fylgjast með rannsókninni og leyfishafi láti ráðherra í té, að rannsókn lokinni, skýrslu um niðurstöður hennar.

3. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði þarf leyfi Alþingis. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til minni háttar vinnslu jarðhita á háhitasvæði til þarfa býla og annarra notenda, er á háhitasvæði kunna að vera eða í næsta nágrenni við það, þó ekki yfir 50 kg/sek. hámarksafköst á hverjum stað og því aðeins að sú vinnsla torveldi ekki aðra nýtingu háhitasvæðis síðar að dómi Orkustofnunar. Í leyfi skal greina þau skilyrði, sem leyfi er háð, svo og gjald fyrir vinnsluna sem renni í Orkusjóð.

Sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki sveitarfélaganna, sem keypt hafa sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu jarðhita á háhitasvæði fyrir gildistöku þessara laga, halda rétti sínum óskertum.

Þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skulu hafa forgangsrétt til vinnsluleyfis á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 15 ára frá gildistöku laganna.

Nú æskir sveitarfélag eða samtök þeirra, eða fyrirtæki í eigu sveitarfélaga, eftir vinnsluleyfi á háhitasvæði í eigu ríkisins og skal þá ríkinu heimilt að veita slíkt leyfi án sérstaks leyfisgjalds.

Umsóknir um leyfi til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði og til stækkunar leyfðs jarðhitavers skulu sendar til ráðherra ásamt þeim upplýsingum sem ráðherra krefst.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði og byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, skal hafa rétt til vinnslu þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis.

Sá, sem borað hefur eftir jarðhita á háhitasvæði, en ekki byrjað vinnslu hans við gildistöku laga þessara, á ekki rétt til frekari borunar eða hagnýtingar jarðhitans nema til komi leyfi skv. 1. mgr., en ríkinu er skylt að greiða honum verðmæti borunarinnar ef þess er óskað og hún hefur verið framkvæmd árið 1965 eða síðar, enda verði borholurnar þá eign ríkisins.

Komi í ljós að við borun eftir jarðhita á háhitasvæði hefur dregið úr magni þess jarðhita, er áður kom úr hverum, eða öðrum náttúrlegum jarðhita á yfirborði landareignar, skal sá, sem lætur bora, greiða landeiganda bætur fyrir varmamissinn eftir mati, ef samkomulag næst ekki. Sama gildir ef dregur úr magni þess jarðhita á háhitasvæði sem byrjað var að vinna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 6. mgr.

4. gr.

Upphaf 16. gr. laganna orðist svo:

Nú er jarðhiti á lághitasvæði tekinn eignarnámi eða leyfi veitt til borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði, og eru þá landeigendur...

5. gr.

Á eftir 2. mgr. 49. gr. laganna komi ný mgr., svohljóðandi:

Skylt er að tilkynna Orkustofnun allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra og leita úrskurðar hennar um hvort borstaður er á háhitasvæði eða ekki.

6. gr.

Á eftir staflið d í 1. mgr. 68. gr. laganna komi nýr liður, svohljóðandi:

e. Gjöld fyrir leyfi til vinnslu jarðhita skv. 15. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið felur í sér þá stefnumörkun, að orka sú, sem fólgin er í háhitasvæðum, sé sameign þjóðarinnar.

Samkvæmt frv. þessu yrði djúphiti á háhitasvæðum almannaeign. Jarðvarmi á lághitasvæðum og yfirborðshiti yrði hvarvetna háður einstaklingsrétti landeigenda.

Alþýðuflokkurinn hefur lengi haft á stefnuskrá sinni að landið, gögn þess og gæði, væru sameign þjóðarinnar. Þingmenn flokksins hafa oft áður verið meðal flutningsmanna lagafrumvarpa um almannaeign á jarðhita. Það frumvarp, sem hér er flutt, er í stórum dráttum samhljóða fyrri frv. um þetta efni. Sú veigamikla breyting er þó hér gerð frá fyrri frumvörpum, að sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki þeirra, sem keypt hafa sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu hans fyrir gildistöku laganna, haldi rétti sínum óskertum.

Eftirfarandi greinargerð víkur frá greinargerð fyrri frumvarpa um þetta efni, að því er rétt sveitarfélaga varðar og nokkur önnur atriði til samræmis við ný viðhorf og aukna þekkingu:

I.

Í lagafrumvarpi þessu er greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Allur jarðhiti á lághitasvæðum, svo og hverir og annar náttúrlegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæða, er háður einstaklingsrétti landeiganda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna eða keypt sér rétt til vinnslu, hafa þann rétt óskertan áfram.

Óheimilt er að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Fyrra slysið varð við England fyrir skömmu er björgunarbátur fórst með allri áhöfn, en hún vann að björgun skipverja á skipi sem var að reka upp í klettótta strönd Suður-Englands við Landsend, þar sem það fórst með allri áhöfn.

Hið síðara var hið hörmulega slys er belgíski togarinn Pelagus fórst við Heimaey í Vestmannaeyjum og með honum tveir skipverjar ásamt tveim heimamönnum sem unnu að björgun skipbrotsmanna.

Þegar slíkir og skyldir atburðir gerast spyrja menn hver hin tryggingarlega staða björgunarmanna sé undir slíkum kringumstæðum. Það er löngu vitað að störf björgunarmanna eru oft og tíðum hættuleg, unnin við hin verstu skilyrði og setja þeir, sem þar eiga hlut að máli, líf sitt iðulega í hættu.

Eins og er munu flestar skipulagðar björgunarsveitir kaupa mönnum sínum tryggingu og greiða fyrir af ráðstöfunarfé sínu.

Umráðafé sveitanna til rekstrar og tækjakaupa er að langmestu leyti fengið að ýmsum söfnunarleiðum, en til viðbótar veitir Alþingi þeim nokkurn styrk til tækjakaupa, sem er um leið hvatning og óbein viðurkenning til þessara aðila fyrir fórnfúst starf þeirra.

Í lögum um ýmis hættustörf eru ákvæði þess efnis, að verði maður fyrir meiðslum eða tjóni á hann rétt á bótum. Nokkur hluti björgunarsveita fellur undir slík ákvæði, aðrir ekki.

Flutningsmenn telja tímabært að viðurkenna mikilvægi þeirra starfa, sem björgunar-, hjálpar- og leitarsveitir landsmanna og aðrir, sem til eru kallaðir, inna af hendi í þágu slysavarna og björgunarstarfa.

Viðlagatrygging tryggir gegn tjónum sem verða vegna náttúruhamfara. Í langflestum tilfellum eru björgunarmenn kallaðir til undir slíkum kringumstæðum.

Flutningsmenn telja eðlilegt að athuga hvort slíkri tryggingu verði ekki best fyrir komið á vegum Viðlagatryggingar Íslands.

Nd. 355. Frumvarp til laga [211. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

A.

Í stað orðsins „samkeppnisnefndar“ í 1. mgr. 3. gr. laganna komi orðin: þriggja manna nefndar.

B.

Á eftir 3. mgr. 3. gr. laganna komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:

Verðlagsstjóri er formaður þriggja manna nefndar. Viðskiptaráðherra skipar aðra nefndarmenn, annan skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og hinn skv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands.

Varaformaður þriggja manna nefndar er varaverðlagsstjóri. Aðrir varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 4. mgr. greinar þessarar. Nefndarmenn skulu skipaðir til sama tíma og verðlagsráðsmenn.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð getur fjallað um öll þau mál er lög þessi taka til og er ákvörðunarvald skv. lögunum í höndum ráðsins. Þriggja manna nefndin undirbýr mál sem lögð skulu fyrir verðlagsráð. Nefndinni er jafnframt heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál sem þurfa skjótrar úrlausnar við. Ef slíkar ákvarðanir hljóta eigi samþykki verðlagsráðs á næsta fundi ráðsins falla þær sjálfkrafa úr gildi. Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið þriggja manna nefndinni og verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.

3. gr.

A.

Í stað orðsins „samkeppnisnefnd“ í 1. ml. 2. og 3. mgr. 14. gr., 2. mgr. 16. gr., 2. mgr., 3. mgr. og 1. ml. 4. mgr. 19. gr., 1. mgr. 24. gr., 1. ml. 1. mgr. og 1. og 2. ml. 3. mgr. 25. gr., 38. gr., 1. ml. 3. mgr. 43. gr. og 48. gr. laganna komi orðið: verðlagsráð. Í stað orðsins „samkeppnisnefndar“ í 1. mgr. 51. gr. komi: þriggja manna nefndar.

B.

Orðið „samkeppnisnefndar“ verði fellt niður úr 46. gr., og orðin „og samkeppnisnefndar“ úr 1. ml. 2. mgr. og 4. mgr. 47. gr. laganna.

C.

18. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð getur ákveðið að verði og álagningu, sem ákveðin hefur verið af markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki breyta án leyfis ráðsins.

D.

Síðasti ml. 4. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur verðlagsráð beitt ákvæðum 8. gr.

E.

2. mgr. 21. gr. falli niður.

4. gr.

8. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 13/1979, orðist svo:

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram. Verðlagsráð getur tekið ákvarðanir um breytingar á þessum samþykktum og þegar samkeppni er að mati ráðsins nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag, getur það fellt verðlagningu á vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum.

Nú hafa verðlagsákvæði verið afnumin og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir. Nú er samkeppni takmörkuð að mati verðlagsráðs á sviði þar sem verðlagning er ekki undir verðlagsákvæðum, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, og getur þá ráðið ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki sem um ræðir í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Setningu annarra reglna um verðlagningu og viðskiptakjör sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

5. gr.

A.

Við 45. gr. laganna bætist tvær nýjar mgr.:

Þeim aðilum sem flytja inn vörur til endursölu er skylt að senda verðlagsstofnun verðútreikninga yfir þær vörur sem þeir flytja inn og skulu útreikningar hafa borist stofnuninni eigi síðar en 15 dögum eftir að vara er tollafgreidd. Verðlagsstofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

Óheimilt er að hefja sölu á vöru sem er háð verðlagsákvæðum fyrr en söluverð hennar hefur verið staðfest af verðlagsstofnun. Einnig er óheimilt að hefja sölu á öðrum vörum fyrr en verðútreikningur er kominn til verðlagsstofnunar.

B.

Við 53. gr. laganna bætist ný mgr. sem orðist svo:

Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum 4. mgr. 45. gr. um skil á verðútreikningum til verðlagsstofnunar, ef liðnir eru 15 dagar frá tollafgreiðslu vara sem skylt er að skila verðútreikningum fyrir, og skyldunni hefur ekki verið fullnægt.

6. gr.

Orðin „5 000 — 20 000 kr.“ í 1. mgr. 49. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella texta þeirra inn í lög nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum sem lögð var fyrir Alþingi í síðasta mánuði segir m. a. um verðlagsmál: „Í verðlagsmálum verður við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu, samkvæmt frumvarpi, sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum. Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag, sem miðar að því að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða“. Með frumvarpi því sem hér liggur fyrir er lagt til að þessari fyrirætlan ríkisstjórnarinnar verði hrint í framkvæmd með breytingum á lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979. Jafnframt er lagt til að nokkrar aðrar breytingar verði gerðar á lögunum þar sem framkvæmd þeirra hefur leitt í ljós nokkra agnúa sem æskilegt er að nema burt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að samkeppnisnefnd verði lögð niður en verðlagsráð taki við störfum nefndarinnar. Þykir þessi breyting æskileg þar sem hætta er á að verksvið þessara tveggja aðila á sviði stjórnsýslunnar skarist. Breytingin mun einnig horfa til einföldunar og vinnusparnaðar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að sett verði á fót þriggja manna nefnd sem hafi með höndum undirbúning þeirra mála sem leggja skal fyrir verðlagsráð. Með breytingunni er ætlunin að tryggja bæði vandaðri og hraðari málsmeðferð hjá ráðinu. Skv. frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir að nefndin geti tekið ákvarðanir um einstök mál er heyra undir verðlagsráð þegar ekki er unnt að bíða með ákvörðun til næsta fundar í ráðinu. Ákvarðanir þessar eru þó einungis til bráðabirgða. Vegna verksviðs nefndarinnar þykir rétt að verðlagsstjóri sé þar í forsæti og að hagsmunasamtök vinnumarkaðarins eigi þar sinn hvorn fulltrúann.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar er miða að því að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu. Er að því stefnt að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða.

Skv. frumvarpsgreininni mun verðlagsráð geta fellt verðlagningu á vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum þegar samkeppni er nægileg að mati ráðsins til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Öðlast slíkar ákvarðanir gildi án þess að samþykki ríkisstjórnar þurfi að koma til eins og ráð er fyrir gert í gildandi lögum. Í greininni er enn fremur kveðið svo á að verðlagsráð geti gripið til ákveðinna aðhaldsaðgerða, þ. á m. hámarksverðs og hámarksálagningar, ef samkeppni er takmörkuð eða önnur tilgreind skilyrði eru til staðar á sviði þar sem verðlagning er frjáls.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að sett verði ný ákvæði um verðútreikninga í því skyni að auðvelda verðgæslu. Útreikningar þessir eru grundvallargagn við verðlagningu innfluttra vara. Má t. d. benda á að villa í verðútreikningi hjá innflytjanda getur hæglega komið fram í rangri verðlagningu í smásölu og væri villan til hækkunar yrðu neytendur að greiða hærra verð. Greinin á að tryggja að verðlagsstofnun fái verðútreikninga fljótt í hendur til athugunar. Einnig ætti greinin að auðvelda verðlagsstofnun að koma fram málum fyrir dómstólum vegna vanskila á verðútreikningum. Loks er kveðið skýrar á um það en áður hvenær brot er felst í vanskilum á verðútreikningum til verðlagsstofnunar telst fullframið.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að hámarks- og lágmarksfjárhæðir dagsekta sem verðlagsráð getur lagt á þá er vanrækja að láta í té nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laganna verði afnumdar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. 356. Breytingartillaga [205. mál]

við frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Þó skal aðeins greiða 2.5% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum í fiskverkun og iðnaði.

Sþ. 357. Nefndarálit [171. mál]

um till. til þál. um staðfestingu viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Spánar.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið, og leggur meiri hl. til, að þáltill. verði samþykkt.

Alþingi, 15. febr. 1982.

Geir Hallgrímsson, form.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Benedikt Gröndal, frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Albert Guðmundsson.	Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 358. Þingsályktun [98. mál]

um eflingu almannavarna.

(Afgreidd frá Sþ. 18. febr.)

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu.

Nd. 359. Lög [173. mál]

um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og breyting á lögum nr. 81 21. des. 1981.

(Afgreidd frá Nd. 18. febr.)

Samhljóða þskj. 277.

Ed. 360. Frumvarp til laga [212. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1965 um landgræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

19. gr. laganna orðist þannig:

Í hverri sýslu og hverjum kaupstað skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa nefndirnar til fjögurra ára í senn. Í sýslum landsins skal áður leitað tillagna viðkomandi búnaðarsambands. Nefndin kýs sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslu ríkisins að 2/3 hlutum og viðkomandi sýslusjóði eða bæjarsjóði að 1/3 hluta.

2. gr.

Við 23. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef gróðri er svo komið að skjótra verndaraðgerða telst þörf, að mati gróðureftirlits Landgræðslu ríkisins, getur landbúnaðarráðuneytið, að höfðu samráði við sveitarstjórn þá, sem hlut á að máli, ákvarðað tímabundna takmörkun á beitarálagi þar til fullnægjandi gróðurverndaraðgerðir, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, hafa verið gerðar eða ítala er komin til framkvæmda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á s. l. ári starfaði nefnd manna að gerð nýrrar landgræðsluáætlunar og liggur hún fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir m. a.:

„Ein meginforsenda fyrir árangri í landgræðslu og gróðurvernd er, að búfjárbeit verði innan þeirra marka, sem beitarþol og ástand gróðurs leyfir.

Samkvæmt lögum um landgræðslu er gróðureftirlit eitt af verkefnum Landgræðslu ríkisins og skal unnið gegn ofnýtingu gróðurs og hvers konar skemmdum á gróðurlendi. Fram að þessu hefur á vegum Landgræðslunnar hvorki verið unnt að sinna gróðureftirliti né beitarstjórnun sem skyldi, enda ekki fengist heimild til að ráða menn til þeirra starfa.

Nefndin er þess fullviss, að ástand gróðurs á hálendi og sums staðar á láglendi sé þannig, að fylgjast verði nánar með honum og hafa meiri stjórn á nýtingu gróðursins en aðstaða hefur verið til. Tillögur nefndarinnar byggjast m. a. á því, að gróðureftirlitsmaður hefji störf hið fyrsta hjá Landgræðslu ríkisins.

Með aukinni beitarstjórnun vinnst margt, m. a. endurnýjun gróðurs og meiri hagkvæmni við landgræðslu og búskap. Til að ná markvissum árangri í beitarstjórn, þarf hún að byggjast á rannsóknum á beitarþoli og ástandi gróðurs á hverjum tíma.

Samkvæmt lögum um landgræðslu skulu gróðurverndarnefndir starfa í hverri sýslu landsins. Sumar þessara gróðurverndarnefnda hafa orðið til verulegs gagns við að koma meðferð og nýtingu afréttarlanda í það horf sem hæfir, en aðrar eru lítt virkar, þannig að þörf er á að efla starf þeirra og hlut búnaðarsambandanna.

Nefndin telur nauðsynlegt, að gróðurverndarnefndir starfi einnig í öllum kaupstöðum og hafi nána samvinnu við gróðureftirlit Landgræðslu ríkisins.

Til þessa hefur ítölu aðeins verið komið á í einum afrétti. Unnið er að gerð ítölu fyrir nokkra hreppa og hefur það verk staðið lengi, einkum vegna skorts á grunnkortum af láglendi.

Nefndin leggur áherslu á, að svo fljótt sem ástæður leyfa verði komið á ítölu fyrir landið allt, en meðan þeim áfanga er ekki náð, verði heimilt að takmarka tímabundið beitarálag á svæðum, sem teljast ofsetin að mati gróðureftirlitsmanns. Heimildir til slíks eru ekki fullnægjandi í núgildandi löggjöf og leggur nefndin til, að lög nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. og lög nr. 17/1965 um landgræðslu verði endurskoðuð og samræmd með tilliti til þess."

Á grundvelli þessarar niðurstöðu nefndarinnar eru framanskráðar tillögur um breytingu á lögum nr. 17/1965 um landgræðslu gerðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Skv. gildandi lögum eiga gróðurverndarnefndir að starfa í hverri sýslu landsins. Ástæða er til að ætla að með því að skipa gróðurverndarnefndir í öllum kaupstöðum landsins, verði hægt að efla gróðurverndarstarf til muna.

Um 2. gr.

Fái greinin lagagildi verður mun fljótvirkara og auðveldara að grípa til gróðurverndaraðgerða, þar sem gróðurskemmdir hafa átt sér stað eða vofa yfir. Slíkum aðgerðum væri þá hægt að beita tímabundið í heimalöndum sem afréttum, ef þörf krefur, þar til betri skipan fæst með aðgerðum viðkomandi gróðurverndarnefnda og Landgræðslu ríkisins eða gerð ítölu.

Sþ. 361. Fyrirspurnir. [213. mál]

I. Til félagsmálaráðherra varðandi framkvæmd laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. a) Á hvern hátt hefur Húsnæðisstofnun ríkisins framkvæmt ákvæði VI. kafla laganna, að því er varðar tækninýjungar og rannsóknir í byggingariðnaði?
   b) Hvernig hefur verið staðið að opinberri samkeppni um gerð uppdrátta að húsum, fylgst með og kynntar tækninýjungar sem stuðlað gætu að lækkun byggingarkostnaðar?
2. a) Hversu háar fjárhæðir hefur stofnunin veitt í lánum eða styrkjum vegna tækninýjunga í byggingariðnaði s. l. tvö ár?
   b) Hvaða aðilar hafa fengið þau lán eða styrki?

II. Til menntamálaráðherra um áhrif tölvuvæðingar í skólakerfi landsins.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 21. maí 1981, um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins?

Ed. 362. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar, sbr. lög nr. 5 6. apríl 1966 og lög nr. 7 2. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eyjólfur Konráð Jónsson og Egill Jónsson.

Alþingi, 23. febr. 1982.

Eiður Guðnason, form., frsm. — Jón Helgason. — Stefán Guðmundsson.

Salome Þorkelsdóttir. — Stefán Jónsson.

Ed. 363. Breytingartillaga [170. mál]

við frv. til l. um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

Frá samgöngunefnd.

24. gr. orðist svo:

Nú hefur vara, sem um getur í 23. gr., verið afhent til flutnings án þess að flytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika hennar, og er honum þá heimilt að skilja vöruna eftir, þar sem hann er staddur, og gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana með þeim hætti að ekki valdi öðrum tjóni, enda er hann þá ekki skaðabótaskyldur. Þess skal ávallt gætt í slíkum tilvikum, að sendandi verði fyrir sem minnstum skaða.

Nd. 364. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á allmörgum fundum. Til fundar við nefndina komu fulltrúar fjármálaráðuneytisins, Verslunarráðs Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga, Félags ísl. iðnrekenda, Tollvörugeymslunnar hf. og Klemens Tryggvason hagstofustjóri.

Minni hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum er fram koma á þskj. 365.

Alþingi, 23. febr. 1982.

Halldór Ásgrímsson, frsm., form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðrún Hallgrímsdóttir.

Nd. 365. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Tollafgreiðslugjald skv. 1. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og skulu m. a. um innheimtu og lögvernd gjaldsins gilda ákvæði laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o. fl., laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.
2. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Þó er heimilt að ákveða að greiða skuli 2½% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.
3. 1., 2. og 3. málsgr. 5. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Gjalddagar launaskatts eru fimm, sbr. þó 6. gr. Gjalddagi vegna launa, sem greidd eru fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars, er 15. apríl, fyrir mánuðina apríl og maí 15. júní, fyrir mánuðina júní og júlí 15. ágúst, fyrir mánuðina ágúst, september og október 15. nóvember og fyrir mánuðina nóvember og desember 15. janúar. Eindagi er mánuði eftir gjalddag. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Skattinn ber launagreiðanda, ótilkvöddum, að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
   Sé launaskattur ekki greiddur fyrir eindaga skal greiða dráttarvexti af því sem vangreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.
   Þeim gjaldendum, sem eigi greiða hærri laun til annarra á mánuði en 15 000 kr., er heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á því uppgjörstímabili þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 150 000 kr. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 150 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um

uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða. Fjárhæðir í þessari málsgrein eru grunnfjárhæðir. Ráðherra er heimilt að hækka þær allt að því að þær hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem verða kann á vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1981. Grunnfjárhæðir eru miðaðar við framfærsluvísitöluna 144 stig hinn 1. febrúar 1982.

4. Orðin „álagi og“ í 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins falli niður.
5. Í stað orðsins „viðurlaga“ í 12. gr. frumvarpsins komi orðið: dráttarvaxta.
6. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I falli brott.
7. Í stað orðanna „sæta viðurlögum“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II komi: greiða dráttarvexti.

Ed. 366. Frumvarp til laga [214. mál]

um framhaldsskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi.

2. gr.

Nám á framhaldsskólastigi, sem kostað er af almannafé, lýtur samræmdu skipulagi samkvæmt lögum þessum. Framhaldsskólar er samnefni þeirra skóla sem undir lög þessi falla en einstakar skólastofnanir geta borið sérstakt nafn, t. d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki.

II. KAFLI

Markmið.

3. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að veita menntun, er sé á hverjum tíma markvís undirbúningur starfs eða frekara náms og stuðli jafnframt að alhliða þroska nemandans sem einstaklings og þátttakanda í lýðræðissamfélagi.

III. KAFLI

Inngönguskilyrði.

4. gr.

Allir sem lokið hafa námi í grunnskóla eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkskröfur í einstökum greinum til inngöngu í tiltekna námsáfanga. Öll slík skilyrði skulu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi greinar.

Á því ári sem nemandi verður 19 ára getur hann hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum skv. þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun, þar sem hennar er krafist.

IV. KAFLI
Námsskipan.

5. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi nám. Námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi. Í reglugerð skal kveða á um hvar á námsbraut slík námslok geti verið og um markmið námsins á hverju stigi.

6. gr.

Í samræmi við hlutverk framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám með hliðsjón af markmiðum brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins. Auk skyldunámsefnis skal á hverri námsbraut gefa kost á frjálsum valgreinum.

7. gr.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til framhaldsnáms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Með sama hætti skulu og markaðar sem greiðastar leiðir milli námsbrauta.

8. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem skulu metnir til eininga eftir umfangi námsefnisins. Leitast skal við að skipuleggja innihald og kennslu hvers áfanga þannig að hann nýtist sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Þó skal þess gætt að taka tillit til innra samhengis viðkomandi námsgreinar og mismunandi áherslu á ólíkum námsbrautum. Námsbrautir myndast með skipulögðu samvali námsáfanga, sbr. einnig 5. gr.

Námsbrautum er skipað á námssvið með hliðsjón af skyldleika sérnáms sem stuðlar að sameiginlegu grunnnámi fyrir allar brautir sviðsins. Námssviðin eru tengd með sameiginlegum kjarna undirstöðugreina. Um námssvið og námsbrautir skal mælt í reglugerð.

9. gr.

Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá sem menntamálaráðuneytið setur að höfðu samráði skv. 21. gr., enda hafi verið leitað álits heildarsamtaka kennara og nemenda á framhaldsskólastigi. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga, skal hún metin til eininga svo sem aðrir námsþættir.

10. gr.

Um námsmat, þ. á m. próf og vitnisburði, skal mælt í reglugerð, svo og um almenn skilyrði sem fullnægja þarf til að flytjast milli námsáfanga.

11. gr.

Nemendur sem vegna fötlunar eða frávika frá eðlilegum þroskaferli fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Kennsla þessi getur farið fram við framhaldsskóla, bréfaskóla eða í sérstofnunum.

Nánar skal kveðið á um kennslu þessa í reglugerð.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókna- og tilraunastarf í skólum, námsskrárgerð, samningu námsefnis eftir því sem þörf

krefur og gerð leiðbeininga um námsmat. Ennfremur skal komið á kennslufræðilegu leiðbeiningastarfi. Árleg framkvæmdaáætlun skal fylgja tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

13. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal að jafnaði vera 9 almanaksmánuðir. Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu starfstímans í annir, virkar kennsluvikur og próftíma svo og um fjölda og lengd kennslustunda.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um, að jafnan séu fyrir hendi glöggar upplýsingar um nám á framhaldsskólastigi, svo sem um námsbrautir og námsstaði.

Hverjum framhaldsskóla ber eftir föngum að kynna starfsemi skólans foreldrum og öðrum á skólasvæðinu, svo sem með dreifibréfum, kynningarfundum og skipulögðum skólaheimsóknum, og stuðla þannig að því að almenningur láti skólastarfið til sín taka.

V. KAFLI

Fullorðinsfræðsla.

15. gr.

Stefnt skal að því, að framhaldsskólum verði gert kleift að sinna menntun fullorðinna á þeim námsbrautum sem reglulegt starf skólanna tekur til. Í þessu skyni má heimila skóla að

a) veita þeim sem orðnir eru 19 ára aðgang að einstökum námsáföngum ásamt reglulegum nemendum skólans, sbr. lokamálsgrein 4. gr., og
b) stofna til sérstakra námskeiða, þ. á m. kvöldskóla, til að fullnægja óskum og þörfum þeirra sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans. setja skal í reglugerð nánari ákvæði um nám þetta, þ. á m. um lágmarksfjölda þátttakenda í námshópum og um námstíma er geti verið lengri eða skemmri en í reglulegu námi.

16. gr.

Stefnt skal að því að kennsluaðstaða framhaldsskóla nýtist einnig fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem um getur í 15. gr., þ á m. endurmenntun í ýmsum starfsgreinum. Getur ráðuneytið í samráði við skólanefnd heimilað framhaldsskóla að eiga hlut að skipulagningu og framkvæmd slíkrar starfsemi, sem kynni að verða óskað eftir.

VI. KAFLI

Skólaskipan.

17. gr.

Við skipan námsbrauta á skólastofnanir koma eftirtaldir kostir til greina: Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, skipulagslega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum. Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa skal leitast við að sameina mismunandi námsbrautir í einni skólastofnun en að öðru leyti skal skólaskipan hagað með tilliti til aðstæðna. M. a. verði tekið tillit til hefðbundinna hlutverka þeirra skólastofnana sem fyrir eru.

Í hverjum landshluta skal vera eins fjölbreytt val námsbrauta og við verður komið.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð og sveitarstjórnir hvar starfrækja skuli framhaldsskóla, og til hvaða námsbrauta hver skólastofnun taki. Um fjölgun eða fækkun námsbrauta skal jafnan leita álits skólanefndar, sbr. 23. gr.

19. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur gera áætlun til 5 ára um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og framkvæmdir til að koma þeirri skipan á. Skal áður afla tillagna fræðsluráða fyrir hvert fræðsluumdæmi. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti til næstu fimm ára. Árleg framkvæmdaáætlun skal fylgja tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

20. gr.

Heimilt er að gera samning við stofnun eða fyrirtæki um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Annars vegar getur verið um að ræða samning skóla við fyrirtæki eða stofnun sem samþykktur skal af rekstraraðilum skólans og hins vegar samning milli nemanda og meistara eða fyrirtækis sem staðfestur skal af menntamálaráðuneytinu eða aðila í umboði þess.

Nám sem fer fram utan skóla samkvæmt þessari grein skal ætíð háð eftirliti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

VII. KAFLI

Stjórn og samráðsaðiljar.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til nema öðruvísi sé ákveðið í lögum um einstakar námsstofnanir.

Við framkvæmd laganna ber ráðuneytinu að hafa sem víðtækust samráð við þá aðila í landinu sem hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi og stuðla m. a. á þann hátt að því að sem mest eining geti ríkt um skipulag framhaldsskólastigsins.

Heimilt er ráðuneytinu að skipa sérstakar ráðgjafarnefndir í þessu skyni, t. d. fyrir einstakar námsbrautir eða samstæður skyldra námsbrauta. Nánar skal kveðið á um slíkt samráð í reglugerð.

22. gr.

Fræðsluráð þau sem kjörin eru samkvæmt 11. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, skulu fjalla um málefni framhaldsskóla, hvert í sínu fræðsluumdæmi, eftir því sem við getur átt.

Heimilt er og að fela fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu, sbr. grunnskólalög, verkefni við stjórnun framhaldsskólamálefna í umdæminu.

Í reglugerð skal setja ákvæði um verkefni fræðsluráða skv. þessum lögum, svo og verksvið fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa.

23. gr.

Við framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum skulu starfa skólanefndir er hafi umsjón með rekstrinum af hálfu hlutaðeigandi sveitarfélaga. Standi einungis eitt sveitarfélag að rekstri skólans ásamt ríkinu, kýs sveitarstjórn þess skólanefndina, en séu aðildarsveitarfélög tvö eða fleiri, skal um val fulltrúa í skólanefnd fara eftir ákvæðum í samstarfssamningi sveitarfélaganna. Þegar tveir eða fleiri framhaldsskólar eru reknir á vegum sömu aðila, skal að jafnaði vera sameiginleg skólanefnd fyrir skólana. Heimilt skal þó, með samþykki menntamálaráðuneytisins, að bregða frá þeirri meginreglu.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að skipa skólanefndir við skóla sem reknir eru af ríkinu einu.

Um skólanefndir, verksvið þeirra og starfshætti, skal ákveða nánar í reglugerð.

24. gr.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess, að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

Skólastjóri er oddviti skólastjórnar sem auk hans skal skipuð fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólastjóra, ef hann starfar við skólann. Um skipan skólastjórnar, verksvið hennar, starfstíma og starfshætti, skal nánar kveðið á í reglugerð.

Ráðuneytið getur ákveðið að stuttir áfangar náms á framhaldsskólastigi tengist grunnskóla og jafnframt að um stjórn skólastofnunarinnar í heild fari eftir ákvæðum laga um grunnskóla.

25. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið námsins, námsefni, námstilhögun og námsmat. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

26. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal kveðið á í reglugerð.

VIII. KAFLI

Starfslið.

27. gr.

Störf við framhaldsskóla skiptast í eftirtalda meginþætti:

1. Stjórnun,
   a) yfirstjórn, rekstur
   b) námsstjórn, þ. á m. í einstökum greinum og greinasamstæðum, svo og skipulagning kennslu og eftirlit með verklegri þjálfun.
2. Kennsla.
3. Starfræksla skólasafns.
4. Ráðgjöf,
   a) náms- og starfsráðgjöf,
   b) félagsleg ráðgjöf og sálfræðiþjónusta.
5. Þjónustustarfsemi,
   a) mötuneyti og heimavistir,
   b) heilsugæsla,
   c) húsvarsla, ræsting.

Um fjölda starfsmanna og skipting starfa fer eftir stærð skóla og verksviði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra framhaldsskóla að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og fastra kennara við skólann, sé ekki um nýjan skóla að ræða. Ráðuneytið setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og skólastjóra viðkomandi skóla. Skólastjóri ræður stundakennara og ráðstafar störfum til námsstjórnar. Fólk til starfa sem greidd eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum ræður skólanefnd að fengnum tillögum skólastjóra í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun.

Fela má ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæma, sbr. IX. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla, að annast hliðstæða starfsemi fyrir nemendur framhaldsskóla.

28. gr.

Um skilyrði til að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um embættisgengi kennara og skólastjóra. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun annarra starfsmanna framhaldsskóla. Við setningu þeirra skal þess gætt að réttindi kennara í þessum efnum verði eigi minni en þau eru skv. núgildandi lögum og reglugerðum.

IX. KAFLI
Fjármál.

29. gr.

Þar til sett hefur verið ný löggjöf um skólakostnað fer um fjármál framhaldsskóla eftir ákvæðum núgildandi laga um einstakar skólategundir eða skólastofnanir á framhaldsskólastigi.

X. KAFLI
Reglugerðir, gildistaka laganna og undirbúningur að framkvæmd þeirra.

30. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna. Reglugerð getur tekið til framhaldsskólastigsins í heild eða einstaks námssviðs, námsbrautar, skólagerðar eða skólastofnunar.

Við samningu reglugerða skal m. a. kveðja til fulltrúa frá framhaldsskólum, atvinnulífi og samtökum sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytinu til aðstoðar við samræmingu reglugerðanna skal vera starfshópur er í eigi sæti, auk fulltrúa ráðuneytisins, einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Samtökum kennara á framhaldsskólastigi, samtökum nemenda á framhaldsskólastigi, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins fljótt og við verður komið að dómi menntamálaráðuneytis og eigi síðar en að liðnum 5 árum frá gildistöku.

Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi námsbrautir, skólagerðir eða skólastofnanir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 30. gr., enda hafi Alþingi áður gefist kostur á að marka stefnuna með samþykkt þingsályktunar um meginefni viðkomandi reglugerðar, sbr. lokamálsgrein þessarar greinar. Fjármálaákvæði skulu og halda gildi sínu þar til sett hefur verið ný löggjöf um skólakostnað, sbr. 29. gr.

Lög nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.
Lög nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.
Lög nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands.
Lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands.
Lög nr. 81/1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík.
Lög nr. 6/1971, sbr. lög nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.
Lög nr. 49/1946, sbr. lög nr. 89/1952, um húsmæðrafræðslu.
Lög nr. 53/1975, um hússtjórnarskóla.
Lög nr. 68/1966, sbr. lög nr. 18/1971 og lög nr. 68/1972, um iðnfræðslu. Ákvæði laganna um löggildingu iðngreina, löggildingu iðnmeistara, réttindi og skyldur iðnnema og meistara, námssamninga og meðferð mála er þá varða skulu þó halda gildi sínu þar til sett hefur verið ný löggjöf sem tekur til þessara atriða.
Lög nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands.
Lög nr. 12/1970, um menntaskóla.
Lög nr. 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands.
Lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík.
Lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.
Lög nr. 67/1966, sbr. lög nr. 21/1973 og lög nr. 56/1974, um vélstjóranám.
Lög nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.
15. gr. laga nr. 53/1967, um fávitastofnanir, sbr. lög nr. 12/1977.

Að öðru leyti falla úr gildi lagaákvæði er fara í bága við lög þessi.

Menntamálaráðuneytið skal þegar hefja undirbúning að framkvæmd laganna, m. a. með samningu námsskrár og öðrum ráðstöfunum er miða að samhæfingu máms á framhaldsskólastigi. Getur ráðuneytið í því skyni hlutast til um eða heimilað, að einstakir skólar víki frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, enda sé um að ræða tilhögun sem samrýmist meginstefnu þessara laga.

Á þeim undirbúningstíma sem um ræðir í þessari grein skal menntamálaráðherra flytja Alþingi ár hvert skýrslu um undirbúningsstarfið og kynna þinginu drög að reglugerðum sem á döfinni eru hverju sinni samkvæmt 30. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í fyrstu 5 ára áætlun menntamálaráðuneytisins um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og framkvæmdir til að koma þeirri skipan á, sbr. 12. og 19. gr. laganna, skal lögð sérstök áhersla á uppbyggingu og eflingu verknámsbrauta. Skal miðað við að þær framkvæmdir verði sem lengst komnar þegar lögin í heild koma til framkvæmda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Þegar frumvarp til laga um framhaldsskóla er nú lagt fyrir Alþingi enn á ný, er það **að stofni til** reist á frumvarpi því, sem framhaldsskólanefndin frá 1974 samdi, en á því hafa verið gerðar nokkrar breytingar miðað við upphaflega gerð með hliðsjón af ábendingum sem fram hafa komið. T. d. hefur 21. gr. frv., sem fjallar um yfirstjórn og samráðsaðilja, verið breytt til einföldunar á þeim reglum sem gilda skulu um samráð um framkvæmd laganna. Er nú lagt til, að í stað fjölmenns, fasts framhaldsskólaráðs — sem í reynd gæti orðið stirðbusalegt bákn — komi ákvæði sem skyldi ráðuneytið til þess að hafa sem víðtækust samráð við þá aðilja í landinu sem hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi og stuðla á þann hátt að því að sem mest eining geti ríkt um skipulag framhaldsskólastigsins. Í þessu sambandi er ekki síst haft í huga að heimaaðiljar í héruðum og landshlutum fái sem mest frjálsræði til þess að samræma skólamál sín að eigin frumkvæði, og er það reyndar til áherslu þeirri þróun sem ráðuneytið hefur stuðlað að á undanförnum árum.

Í þessu sambandi ber að hafa hugfast að frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað að stuðla að því að Alþingi setji „rammalöggjöf" sem rúmi frelsi og sveigjanleika án þess að slakað sé á kröfum um nauðsynlega samræmingu framhaldsskólastigsins í heild.

Mikilvæg breyting á frumvarpinu nú er sú að í stað fyrri fjármálakafla kemur ein grein þar sem gert er ráð fyrir, að um fjármál framhaldsskóla fari eftir núgildandi lögum þar til sett hefur verið ný löggjöf um skólakostnað.

II.

Þróun síðustu ára.

Nær fimm ár eru nú liðin frá því að frumvarp til laga um framhaldsskóla var fyrst lagt fyrir Alþingi til kynningar. Síðan hefur frumvarp um þetta efni verið lagt fram þrisvar sinnum, með nokkrum breytingum hverju sinni. Á þeim tíma sem frumvarpið hefur verið á döfinni hefur þörfin á samræmdri löggjöf um framhaldsskólastigið orðið æ brýnni. Þar kemur til hvort tveggja: framkvæmd grunnskólalaganna frá 1974 og sú staðreynd að veruleg þróun hefur átt sér stað á sviði framhaldsskólanáms víða um land, bæði að því er varðar framboð menntunar og starfshætti skóla. Hér á eftir verður drepið á nokkra þætti þeirrar þróunar.

Á miðjum sjöunda áratugnum óx eftirspurn eftir framhaldsnámi mjög mikið. Kom þetta m. a. fram í aukinni aðsókn að menntaskólum. Ekki komst þó nema hluti hvers árgangs þessa leið og aðrir skólar sem völ var á, eins og iðnskólarnir, virtust ekki fullnægja þörfinni.

Til þess að svara eftirspurninni og auka fjölbreytni náms á framhaldsskólastigi voru árið 1969 sett lög um stofnun framhaldsdeilda gagnfræðaskóla. Þær voru starfræktar við milli 30 og 40 gagnfræðaskóla þegar þær urðu flestar. Með stofnun þessara deilda var bryddað upp á nokkrum nýjungum í námi, en meginmarkmið þeirra var að veita nemendum almenna grunnmenntun og búa þá undir áframhaldandi nám í sérskólum og menntaskólum. Var með þessu opnuð leið til náms fyrir stóran hóp nemenda sem höfðu takmarkaða möguleika áður.

Það kom þó brátt í ljós að þessi úrlausn var ekki fullnægjandi og er líklegt að meginorsakirnar hafi verið óljós markmið námsins, ófullkomin námsskrá, ófullnægjandi náms- og kennslugögn svo og illa skilgreind tengsl við sérskólana.

Árið 1966 tók Menntaskólinn við Hamrahlíð til starfa. Segja má að sá skóli hafi markað tímamót í málefnum framhaldsskóla hér á landi. Í skólanum var árið 1972 tekin upp námsskipan sem hefur rutt sér mjög víða til rúms og hefur marga og ótvíræða kosti, en það er svonefnt **áfangakerfi**.

Í skólum sem starfa samkvæmt þessu kerfi, og raunar í fleiri skólum, er námsárinu skipt í tvær **annir** jafnlangar. Öllu námsefni er skipt í skilgreinda **áfanga** og er hver einstakur áfangi kenndur á einni önn. Hver áfangi er metinn til ákveðins fjölda **eininga.** Algengt er að bóklegur áfangi sé kenndur 4 st. á viku og gefur slíkur áfangi 2 einingar. Á hverri önn geta nemendur valið sér áfanga innan tiltekinna marka og eftir ákveðnum reglum. Algengast er að nemendur taki áfanga sem samanlagt gefa 18 einingar á einni önn, en þetta svarar til 36 kennslustunda á viku í bóklegu námi alla önnina. Nemendum er ekki skipt í bekkjardeildir með fastri stundaskrá heldur mynda þeir nemendur sem velja sama áfanga námshóp. Nemandi þarf að ná tiltekinni lágmarkseinkunn í hverjum áfanga til þess að fá hann viðurkenndan. Nái nemandi ekki fullnægjandi árangri í einhverjum áfanga þarf hann aðeins að endurtaka þann áfanga. Er þetta ólíkt því sem var í bekkjarkerfisskólum þar sem nemandi þurfti oft að sitja aftur í bekk ef honum mistókst í einstökum greinum. Í áfangakerfi er mun auðveldara að koma til móts við þarfir nemenda, sérstakar óskir þeirra og mismunandi hæfileika til náms. Nemendur geta að verulegu leyti ráðið námshraða sínum, annaðhvort hraðað því eða lengt námstímann innan hóflegra marka.

Árið 1973 voru samþykkt á Alþingi heimildarlög um stofnun og rekstur fjölbrautaskóla. Hóf Fjölbrautaskólinn í Breiðholti störf á grundvelli þeirra haustið 1975. Starfssvið skólans er mjög víðtækt en hann starfrækir nú nám á þessum námssviðum: almennu bóknámssviði, heilbrigðissviði, hússtjórnarsviði, listasviði, tæknisviði, uppeldissviði og viðskiptasviði. Um lýsingu á einstökum námssviðum vísast til greinargerðar með frumvarpi til laga um framhaldsskóla sem lagt var fram á 98., 99. og 100. löggjafarþingi svo og námsvísis skólans. Skólinn starfar samkvæmt áfangakerfi sem áður er lýst. Vegna þess hvað starfssvið skólans er fjölþætt er óhætt að fullyrða að veruleg reynsla hafi fengist af áfangakerfinu við slíkar aðstæður, fundist hafa lausnir á ýmsum skipulagsvandamálum, auk þess sem önnur hafa skýrst. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti starfar samkvæmt námsvísi sem unninn hefur verið af starfsliði skólans. Þessi námsvísir kom út síðast árið 1979.

Á árunum 1975—'77 voru stofnaðir þrír fjölbrautaskólar til viðbótar, þ. e. Flensborg, fjölbrautaskóli í Hafnarfirði, Fjölbrautaskóli Suðurnesja í Keflavík, sem rekinn er sameiginlega af sveitarfélögum á Suðurnesjum, og Fjölbrautaskólinn á Akranesi. Allir þessir skólar starfa samkvæmt áfangakerfi og eftir sama námsvísi sem var unninn sameiginlega af starfsliði skólanna. Námsvísirinn kom fyrst út 1978 og var síðan endurskoðaður og gefinn út að nýju árið 1980. Allmargir skólar í öðrum landshlutum starfa eftir þessum námsvísi.

Á árinu 1979 voru stofnaðir framhaldsskólar í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki og starfa þeir með svipuðum hætti og þeir sem áður eru nefndir.

Nú hefur verið gengið frá samningi milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um að Ármúlaskóli starfi sem sjálfstæður fjölbrautaskóli skv. heimild í lögum þar að lútandi.

Þá hefur verið gerður samningur milli ríkisins og Neskaupstaðar um stofnun sérstaks framhaldsskóla í Neskaupstað. Skólinn verði kjarnaskóli iðn- og tæknimenntunar á Austurlandi. Jafnframt verði hann hluti samræmds framhaldsskólakerfis á Austurlandi og lúti námsstjórn stjórnunarnefndar framhaldsnáms í fræðsluumdæminu.

Á s. l. sumri var stofnaður fjölbrautaskóli á Selfossi. Gert er ráð fyrir að skólinn sjái um allt nám þar að loknum grunnskóla. Skólinn tekur m. a. við verkefnum Iðnskólans á Selfossi og framhaldsnámi, sem verið hefur við gagnfræðaskólann þar.

Í ágúst s. l. gerðu menntamálaráðuneytið og bæjarstjórn Akureyrar með sér samning um stofnun verkmenntaskóla á Akureyri og eru byggingarframkvæmdir nú hafnar.

Á árunum 1978—'79 skipaði menntamálaráðuneytið tvær nefndir til þess að gera tillögur um skipan framhaldsnáms á Norðurlandi. Meginkjarninn í tillögum nefndanna er sem hér greinir:

1. Lagt er til að kannaðir verði möguleikar á starfrækslu framhaldsnáms á þeim stöðum sem hafa efstu bekki grunnskóla, svo framarlega sem tiltekinn lágmarksfjöldi nemenda er á aðdráttarsvæði skólanna.
2. Lagt er til að á öllum námsstöðunum verði boðið upp á nám í kjarnagreinum og öðrum þeim greinum sem eru sameiginlegar með sem flestum brautum. Auk þess valgreinar, þ. e. greinar sem eru einkennandi fyrir einstakar námsbrautir, eftir því sem aðstæður (nemendafjöldi, kennarar, búnaður) leyfa. Gert er ráð fyrir að skólarnir starfi eftir áfangakerfi og kemur þá ekki að sök þótt nemendur eigi ekki kost á áfanga sem venjulega er kenndur á tilteknu námsári, t. d. fyrsta námsári, ef hann getur lokið fullu námsári miðað við einingafjölda.
3. Lagt er til að skólarnir starfi allir eftir einum og sama námsvísi. Gert er ráð fyrir að nemendur sem hefja nám í skólum sem aðeins starfrækja 1. ár framhaldsnáms, eða 1. og 2. ár, geti óhindrað og án tafa haldið áfram námi og lokið því í stærri skólum sem starfrækja námsbrautir allt til loka.
4. Lagt er til að á öllum námsstöðunum verði lögð áhersla á fullorðinsfræðslu og námskeiðahald hvers konar, bæði á sviði frummenntunar og endurmenntunar, eftir því sem aðstæður leyfa og aðsókn og eftirspurn gefur tilefni til, sbr. V. kafla frumvarpsins.
5. Lagt er til að tekin verði upp náin samvinna allra skóla á Norðurlandi sem halda uppi kennslu á framhaldsskólastigi með það fyrir augum að samræma eftir því sem nauðsynlegt þykir námsframboð í fjórðungnum og gera það sem fjölbreyttast. Í þessu skyni hefur verið komið á fót samstarfsnefnd sem í eiga sæti skólastjórar hlutaðeigandi skóla auk fræðslustjóra.
6. Skólarnir starfi hver um sig sem fullkomlega sjálfstæðar stofnanir og er enginn yfir annan settur að neinu leyti. Samstarfið miðist fyrst og fremst við að veita nemendum eins fullkomna og snurðulausa þjónustu og mögulegt er.

Í júlí 1979 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess að taka saman námsskrá fyrir framhaldsskóla á Norðurlandi, sbr. tölulið 3 hér að framan. Nefndin lauk störfum sumarið 1980 og var námsskráin gefin út í ágúst þ. á. Skólar á Norðurlandi sem starfrækja framhaldsnám á þessu ári starfa að mestu leyti samkvæmt ákvæðum námsskrárinnar.

Það nána samstarf, sem þannig hefur tekist á öllu Norðurlandi milli skólamanna (í víðri merkingu þess orðs), skóla og sveitarfélaga, er staðfesting þess að unnt er að ná samstöðu um samræmt skipulag skólamála í landinu á frjálsum grundvelli innan marka sveigjanlegrar og rúmrar löggjafar.

Hliðstætt samstarf og áður er lýst milli skóla sem starfrækja framhaldsnám hefur verið tekið upp á Austurlandi. Á Vesturlandi er á nokkrum stöðum starfrækt framhaldsnám í tengslum við Fjölbrautaskólann á Akranesi, og samstarfsnefnd vinnur að frekari þróun framhaldsskólamála á svæðinu. Nefna má einnig samvinnu skólanna á Laugarvatni um nám á framhaldsskólastigi.

Eins og fram kemur hér að framan hefur þróunin í málefnum framhaldsskólans verið mjög ör á síðustu árum. Það ber að hafa í huga að það sem gert hefur verið hefur að mestu verið unnið að frumkvæði og af starfsliði hlutaðeigandi skóla. Það horfir mjög til heilla því að nýjungar sem eiga upptök sín í skólunum sjálfum reynast að jafnaði best. Hins vegar hefur þetta leitt til misræmis sem veldur erfiðleikum. Má t. d. nefna mismunandi uppbyggingu sömu námsbrauta sem leiðir til efasemda um réttindi nemenda auk þess sem nemendur eiga á hættu að fá ekki nám sitt viðurkennt ef þeir flytjast milli skóla. Ljóst er að nauðsynlegt er að vanda verulega til námsskrárgerðar en hún er það umfangsmikil að einstökum skólum er um megn að vinna það verk með fullnægjandi hætti. Það er mikilvægt að ekki leiki vafi á um réttindi nemenda til starfa eða áframhaldandi náms.

Haustið 1979 skipaði ráðuneytið starfshópa til þess að taka saman drög að námsskrám í íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði og eðlis- og efnafræði. Skyldi m. a. tekið tillit til mismunandi markmiða og námskrafna á ólíkum námsbrautum. Þá skyldi einnig kanna að hvaða marki unnt er að samræma nám á ólíkum námsbrautum og hvaða lágmarkssamræming er nauðsynleg til þess að nemendur geti flust milli skóla án þess að tefjast í námi. Álit starfshópanna liggja fyrir nú þegar, nema í ensku, en það álit er væntanlegt innan skamms.

Þá er unnið að því að skilgreina námsmarkmið og námsbrautir á uppeldissviði í framhaldsskóla en þetta námssvið er illa afmarkað eins og er og réttindi nemenda ekki nægilega skýr.

Árið 1976 voru samþykkt á Alþingi lög um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Á grundvelli þeirra laga hafa verið mótaðar námsbrautir innan fjölbrautaskólanna sem eru í ýmsu frábrugðnar því námi sem fram fer í Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum. Er nú unnið að því að endurmeta námsskipan á viðskiptasviði í heild, m. a. með tilliti til tengsla við atvinnulífið og inngöngu nemenda í Háskóla Íslands.

Að undanförnu hafa málefni tónlistarfræðslunnar verið í deiglunni og eru starfandi starfshópar á því sviði sem hafa það hlutverk að gera yfirlit um núverandi ástand í tónlistarfræðslu í landinu og og gera tillögur um meginstefnu í málefnum tónlistarfræðslunnar og undirbúa og gera tillögur um námsskrár í tónlistargreinum.

Meðal atriða sem sérstaklega skal fjallað um má nefna: Samræmingu náms og kennslu í tónlistarskólum, námsskrárgerð fyrir hin ýmsu hljóðfæri, samstarf grunnskóla og tónlistarskóla, skipan náms á tónlistarbraut í framhaldsskóla, tengsl og samvinnu kennaradeildar Tónlistarskólans í Reykjavík og Kennaraháskóla Íslands. Þetta starf er komið vel á veg.

Ef þróun framhaldsskólans á síðustu árum er metin með hliðsjón af ákvæðum frumvarpsins kemur í ljós að hún hefur mjög beinst í átt til þeirrar námsskipunar sem gerð er tillaga um í IV. og VI. kafla frumvarpsins. Þó er eftir að vinna mjög mikið að þessum þáttum. Mörg atriði önnur sem varða skólastarfið við þessar breyttu aðstæður svífa nokkuð í lausu lofti og er því mjög brýnt að fá samþykkta heildarlöggjöf um framhaldsskóla.

Í frumvarpinu er lögð veruleg áhersla á það að tryggja sem allra best og víðtækast samstarf allra sem hlut eiga að máli. Þá má benda á að engin ákvæði í frumvarpinu hindra það að einstakir skólar geti starfað áfram með svipuðum hætti og þeir gera nú. Þrátt fyrir skiptingu námsefnis í áfanga geta skólar haldið bekkjarkerfinu ef þeir óska þess. Hins vegar má ætla að hverjum skóla sé styrkur að því að vera í góðum tengslum við aðra skóla á sama stigi.

III.

Megintillögur.

1. Sett verði heildarlöggjöf um samræmdan framhaldsskóla og reglugerðir um einstakar námsbrautir og stofnanir eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast.
2. Öllum sem lokið hafa námi í grunnskóla skal standa til boða eins til fjögurra ára nám, hvort sem stefnt er að sérhæfingu til starfs, almennu námi eða undirbúningi til náms á

háskólastigi. Nemandi sem orðinn er 19 ára getur hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum laganna. Leitast skal við að hafa góða menntunaraðstöðu fyrir alla, hvar sem þeir eru búsettir á landinu.

3. Framhaldsskólinn skal skipulagður sem ein heild, en greinist í nokkur meginnámssvið til hagræðingar, sem hvert um sig greinist í námsbrautir. Nám á hverri námsbraut miðar að almennri menntun og undirbúningi til framhaldsnáms eða sérhæfingu til starfs eftir því hvernig námsáföngum er raðað saman. Námslok geta orðið í námi eftir eitt, tvö, þrjú eða fjögur ár eftir því að hvaða marki er stefnt. Þótt gert sé ráð fyrir skilgreindum námslokum eftir eitt ár eða fleiri, getur hver einstaklingur, sem hættir námi, haldið áfram síðar á sömu námsbraut eða annarri og fengið að fullu viðurkenndar þær einingar sem hann hefur aflað sér.
   Markaðar skulu leiðir til framhaldsnáms af öllum brautum.
4. Nám í framhaldsskóla skal skipulagt í námsáföngum og hver áfangi metinn til eininga skv. nánari reglum. Við ákvörðun námseininga skal telja með nauðsynlega heimavinnu og gildir þetta bæði um verklegt og bóklegt nám. Sömu námseiningu má kenna á mislöngum tíma, allt eftir getu og hæfileikum þeirra nemenda sem hlut eiga að máli. Hver námsáfangi skal hafa fullt gildi þótt nemandi flytjist milli námsbrauta, ef námsáfanginn heyrir til þeirri námsbraut sem skipt er yfir á. Í þessu tilliti geta tveir eða fleiri áfangar verið jafngildir enda þótt innihald þeirra sé ekki nákvæmlega það sama.
5. Lagt er til að framhaldsskólar eigi hlut að fullorðinsfræðslu. Skulu fullorðnir eiga aðgang að reglulegum námsáföngum skólanna og auk þess er gert ráð fyrir að kennsluaðstaða í framhaldsskólum verði nýtt fyrir almenna fræðslustarfsemi.
6. Gefnar skulu út námsskrár og skulu þær marka meginstefnu í námi og þjálfun nemenda hvort heldur námið fer fram í skóla eða á vinnustað. Við gerð námsskrár skal taka mið af nauðsynlegri þekkingu, þjálfun í starfi og/eða undirbúningi til áframhaldandi náms svo og mismunandi námshæfni nemenda. Leitast skal við að tryggja samræmingu náms í sömu námsgrein á mismunandi námsbrautum eftir því sem unnt er en jafnframt nauðsynlega sérhæfingu eftir námsmarkmiðum.
7. Skipan námsbrauta á skólastofnanir skal haga með tilliti til aðstæðna og koma eftirtaldir kostir til greina: Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, stjórnunarlega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum. Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa skal leitast við að sameina mismunandi námssvið eða brautir í einni skólastofnun. Stefnt skal að því að í hverjum landshluta verði eins fjölbreytilegt val námsbrauta og við verður komið. Nýtt verði sem best það skólahúsnæði sem nú er fyrir hendi í landinu.
8. Námsstaður er hver sú stofnun sem sett hefur verið á fót til að annast ákveðna námsþætti innan heildarskipulagsins eða hefur hlotið opinbera viðurkenningu til þess. Auk skóla geta skólaverkstæði og fyrirtæki eða stofnanir verið námsstaðir.
   Skólinn skal vera þungamiðja hverrar námsbrautar og annast fræðilegan undirbúning og menntun, faglega og almenna. Ennfremur skal skólinn hafa umsjón með þeim þáttum námsins sem fara fram utan hans. Skólaverkstæði annast verklega undirbúningsmenntun og þjálfun. Fyrirtæki eða stofnun annast þá verklega þætti námsins sem nátengdastir eru því starfi sem menntunin miðast við og verða ekki aðskildir frá því.
9. Haft skal víðtækt samráð við þá aðila í landinu sem hagsmuna hafa að gæta við framkvæmd laganna. Fræðsluráð þau sem kjörin eru samkvæmt 11. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, skulu fjalla um málefni framhaldsskóla hvert í sínu fræðsluumdæmi auk þess sem menntamálaráðuneytið getur falið fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu verkefni við stjórnun framhaldsskóla í umdæminu.

IV.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um afmörkun framhaldsskólastigsins er hér vísað til laga um skólakerfi, þar sem kveðið er á um skiptingu skólakerfisins í þrjú stig: skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig. Miðað við núverandi skipan spannar framhaldsskólastigið í megindráttum fjögur námsár í skólakerfinu. Á það ber þó að leggja áherslu, að þessi tímamörk geta ekki verið föst, hvorki að því er varðar skipulagslega lengd einstakra námsbrauta né þann tíma sem það tekur einstakan námsmann að leggja að baki leiðina milli grunnskóla og háskóla. Þá er og líklegt að mörkin milli framhaldsskóla og háskóla verði smám saman öllu óskýrari en verið hefur lengst af til þessa.

Um 2. gr.

Hér ber að geta þriggja atriða sem mörkuð er afstaða til í greininni:

1. Lögð er áhersla á að allt nám á framhaldsskólastigi falli inn í samræmt skipulag, sbr. þó 2. lið hér á eftir.
2. Tekið er fram, að ákvæði greinarinnar og þar með frumvarpsins í heild miðist við nám sem kostað er af almannafé. Hvorki er æskilegt né réttmætt að leggja sérstakar skipulagskvaðir á ýmiss konar frjálst nám og fræðslustarfsemi, sem ríki eða sveitarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á, þótt þau kunni að styrkja hana að einhverju marki.
3. Gert er ráð fyrir að samheitið framhaldsskóli verði notað um námsstofnanir á framhaldsskólastigi. Hér koma að sjálfsögðu ýmsir kostir til greina, og meðal þeirra samnefna sem verið hafa í umræðu eru menntaskóli og miðskóli. Bæði þau heiti má þó telja líklegri til að valda **merkingarlegum** misskilningi eða ruglingi en það nafn sem hér er gerð tillaga um og kemur svo sem af sjálfu sér, miðað við lögbundið heiti skólastigsins. Hið sameiginlega tegundarheiti þarf þó ekki að vera því til fyrirstöðu að einstakar skólastofnanir beri sérstakt nafn, t. d. tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki, svo sem segir í greininni, enda er eitt markmið þessa frv. "samræming" á skólastigi en ekki "samruni" skóla.

Um 3. gr.

Hér er leitast við að tjá í sem fæstum orðum meginmarkmið framhaldsskóla og leggja áherslu á að það er spunnið af tveimur þáttum, sem hvorugur má útrýma hinum en eiga helst að vera svo samtvinnaðir, að tæpast verði milli þeirra greint. Skólanum ber að stuðla að hamingju og lífsheill einstaklingsins, og henni verður varla borgið nema hann sé til þess búinn að inna af hendi hlutverk í því samfélagi sem hann á fyrir höndum að lifa í, en framlag hans verður samfélaginu því meira virði sem hann er betur á sig kominn að alhliða þroska.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um það grundvallaratriði, að öllum sem lokið hafa námi í grunnskóla skuli standa opin leið til framhaldsnáms. Þegar rætt er um jafngilda undirstöðumenntun eru m. a. hafðir í huga þeir sem luku skólanámi áður en grunnskólalög komu til framkvæmda, sbr. og lok greinarinnar.

Þótt öllum eigi að standa til boða eitthvert nám á framhaldsskólastigi má gera ráð fyrir, að til inngöngu í tiltekna námsáfanga þurfi nemandi að fullnægja sérstökum skilyrðum til að sýna fram á að hann hafi hlotið nægan undirbúning til að tileinka sér kennsluna. Miklu skiptir, að slík skilyrði séu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi náms, þannig að valkostir nemenda séu ekki þrengdir umfram nauðsyn.

Samkvæmt lokamálsgrein greinarinnar skulu þeir sem orðnir eru 19 ára (eða verða það á árinu) undanþegnir almennum inntökuskilyrðum, svo og hugsanlegum sérkröfum fyrir einstaka námsáfanga við upphaf framhaldsskólastigsins, öðrum en þeim er varða starfsþjálfun,

enda er þá gert ráð fyrir að starfsreynsla og aukinn þroski vegi á móti því sem á kann að skorta um formlega undirbúningsmenntun. Þessi meginregla ætti að stuðla að því að skipulagskostir samræmds framhaldsskóla verði nýttir til að leysa endur- og viðbótarmenntunarþörf fullorðinna, en eðlilegt er að frekari ákvæði um framkvæmd í þeim efnum verði sett í reglugerð, sbr. og V. kafla frumvarpsins.

Um 5.—8. gr.

Í þessum greinum frumvarpsins eru markaðir megindrættir í námsskipan hins samræmda framhaldsskóla. Allt nám skal fara fram innan vébanda tiltekinnar námsbrautar sem stefnir að skilgreindu marki. Skal þá miðað við undirbúning til starfa eða til áframhaldandi náms, ellegar hvort tveggja. Með þessu er að sjálfsögðu ekki dregið úr almennu menntunargildi námsins, sbr. athugasemd við 3. gr. Til grundvallar liggur skipting námsefnisins í námsáfanga, en áföngum er skipað á námsbrautir og námsbrautum á námssvið (8. gr.). Ekki þykir eðlilegt að binda í lögum, hvaða námssvið og námsbrautir skuli koma til greina. Námssviðin eru fyrst og fremst skipulagslegt hugtak sem óþarft er að skorða í löggjöf. Að því er námsbrautirnar sjálfar varðar er hæpið, að upptalning í lögum geti verið tæmandi nema stutt skeið í senn, og væri umhendis ef lagabreytingu þyrfti til í hvert skipti sem ástæða þætti til að stofna til nýrrar námsleiðar. Í fjárlagagerð gefst Alþingi hins vegar jafnan kostur á að hafa úrslitaáhrif á námsframboðið.

Skipting langra námsbrauta í styttri áfanga er mikilvægt atriði, bæði vegna mismunandi áforma nemenda um framhaldsskólanám og til að auðvelda „áfangamenntun“ í þeirri merkingu, að fólk eigi þess kost að bæta við sig námi eftir tímabil í starfi. Í ýmsum starfsgreinum hagar og þannig til, að undirbúningsþarfir eru mismunandi til starfa innan sömu greinar. Miklu skiptir að námsmarkmið hvers „brautaráfanga“ liggi ljóst fyrir, þ. e. hvaða hæfniskröfum sé miðað við að nemendur fullnægi.

Ákvæði 6. greinar eru í nánu samhengi við markmiðslýsingu 3. greinar. Með samhæfingu bóklegs og verklegs náms er átt við hvort tveggja: að námið sé eftir föngum slungið báðum þessum þáttum og að þeir fái stuðning hvor af öðrum í kennslunni. — Svigrúm frjálsra valgreina, sem um ræðir í lok greinarinnar, verður trúlega misjafnt eftir námsbrautum, en áríðandi er að það sé ætíð nokkurt.

Í 7. gr. er vikið að tveimur undirstöðuatriðum sem endurskoðun náms á framhaldsskólastigi beinist að m. a., þ. e. að tryggja að engin námsleið verði blindgata og að auðvelda samgöngur milli brauta á stiginu, en þessi markmið eru hvort öðru tengd. Ljóst er að fyrra markinu, um framhaldsleiðir af öllum brautum, verður tæplega náð án þess að reglur um inngöngu í háskólanám verði teknar til rækilegrar athugunar. Vert er þó að leggja áherslu á, að ekki er kveðið á um að sérhver námsbraut leiði þráðbeint inn í háskóla, heldur að liggja skuli fyrir hvernig áfram verði komist jafnframt því að fyrra nám nýtist eins og efni standa til.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um námsskrá og námsskrárgerð, sem er forsenda þess að samræmdur framhaldsskóli verði meira en nafnið tómt. Lögð er áhersla á að haft sé samráð við þá aðila sem hlut eiga að máli. Jafngildi sambærilegra námsáfanga til viðurkenningar á mismunandi námsbrautum er nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að tryggja greiðar „samgöngur“ milli brauta, sbr. athugasemd við 7. gr.

Um 10. gr.

Ákvæði um námsmat og skilyrði til flutnings milli námsáfanga, þ. á m. milli anna og ára, þykir eðlilegra að hafa í reglugerð en lögum. Benda má á, að aðferðir við námsmat, vitnisburðir eða einkunnir og túlkun þeirra eru mjög til umræðu og athugunar um þessar mundir í mörgum löndum og ekki er ljóst hvaða stefnu þessi mál muni taka á næstunni. Afdráttarlaus lagaákvæði um þetta efni geta hæglega orðið til þess að hamla eðlilegu skólastarfi.

Um 11. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er stefnt að því að tryggja fötluðum og þroskaheftum ungmennum námsmöguleika á framhaldsskólastigi, hliðstætt því sem lög mæla fyrir um á grunnskólastigi. Tilhögun starfseminnar getur orðið með ýmsum hætti eftir aðstæðum. Væntanlega þætti þó æskilegt að hún færi fram innan vébanda framhaldsskólanna sjálfra eða í tengslum við þá eftir því sem framast yrði við komið en undir umsjón og með stuðningi sérhæfðra stofnana. Í sumum tilvikum gæti bréfaskóli komið að góðum notum. Vísir að starfsemi af þessu tæi er þegar fyrir hendi, m. a. á vegum Heyrnleysingjaskólans (sbr. og lög nr. 70/1978) og þeirra aðila sem annast kennslu blindra. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvert nauðsynja- og réttlætismál það er, að þeim sem bagaðir eru af líkamsfötlun eða þroskahömlun séu búin skilyrði til að ná þeim námsmarkmiðum sem hugur þeirra og hæfileikar standa til.

Um 12. gr.

Í þessari grein, sem eins og 11. gr. er að miklum hluta nýmæli, er gert ráð fyrir að uppi verði haldið skipulegu þróunar- og leiðbeiningarstarfi á sviði framhaldsskóla, hliðstæðu því sem kveðið er á um í lögum um grunnskóla fyrir það skólastig. Þótt menntamálaráðuneytinu sé ætlað að hafa forgöngu um þessa starfsemi og bera ábyrgð á að henni sé sinnt, ber að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að mjög verði stuðst við frumkvæði og ábendingar þeirra sem í skólunum starfa eða starfsemi þeirra varðar öðrum fremur. Með ákvæðum um að framkvæmdaáætlun skuli fylgja fjárlagatillögum ár hvert er stefnt að því að Alþingi sé jafnan tryggð yfirsýn um framvindu og þróunarstefnu í starfi framhaldsskóla, auk þess sem slík áætlanagerð ætti að stuðla að markvísum vinnubrögðum.

Um 13. gr.

Í upphafi greinarinnar er kveðið á um þá meginreglu að framhaldsskólar skuli að jafnaði starfa í 9 mánuði ár hvert. Árlegur starfstími á einstökum námsbrautum kann þó að verða nokkuð misjafn, og sama gegnir um kennslumagn. Um þessi atriði þarf að setja skýr ákvæði, a. m. k. um efri og neðri mörk, og virðist eðlilegt að það sé gert í reglugerð.

Um 14. gr.

Í fyrra hluta greinarinnar er kveðið á um skyldu menntamálaráðuneytisins til að sjá fyrir nægum upplýsingum um það nám sem í boði er á framhaldsskólastigi á hverjum tíma, tilhögun þess og markmið. Er þá ekki síst haft í huga að slíkar upplýsingar séu tiltækar unglingum sem eiga fyrir höndum að velja sér námsbraut að loknum grunnskóla. Minna má á, að ráðuneytið hefur nokkur undanfarin ár gefið út fræðslubækling af þessu tæi, sem dreift hefur verið til allra nemenda í 9. bekk grunnskóla („Nám að loknum grunnskóla“).

Seinni málsgreinin lýtur að því að stuðla að tengslum milli framhaldsskólanna og almennings, þ. á m. við aðstandendur þeirra nemenda sem hvern skóla sækja. Er skólunum ætlað nokkurt frumkvæði í þessu efni og stefnt að því að fólki gefist sem bestur kostur á að kynnast því starfi sem fram fer í skólanum og koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Örðugt er að setja bindandi reglur um tilhögun slíkra tengsla, en bent er á nokkrar leiðir sem til greina koma.

Um 15.—16. gr.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um hvernig virkja megi framhaldsskólana til þátttöku í fræðslu fullorðinna, þ. e. menntun fólks sem komið er af venjulegum skólaaldri.

Í 15. gr. ræðir um menntun fullorðinna á þeim sviðum náms sem framhaldsskólum er einkum ætlað að sinna. Auk möguleika samkvæmt 4. gr. á inngöngu í reglulegt nám án þess að fullnægt sé almennum inntökuskilyrðum laganna er hér gert ráð fyrir, að fullorðnir geti með tvennum hætti notið námsframboðs framhaldsskóla: a) Í fyrsta lagi verði unnt að heimila þeim aðgang að einstökum námsáföngum ásamt reglulegum nemendum skólans. Sá möguleiki ætti

að geta komið ýmsum vel sem annaðhvort skortir menntun í einstökum greinum til að ljúka prófi á tiltekinni námsbraut eða hafa af öðrum ástæðum hug á að afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum. b) Í annan stað megi heimila, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, að stofna til sérstakrar kennslu fyrir fullorðna í námsefni framhaldsskóla, þannig að um tíma og tilhögun, þ. á m. námshraða, sé tekið tillit til sérstakra þarfa þeirra. Hér eru m. a. hafðar í huga „öldungadeildir" hliðstæðar þeim sem starfræktar hafa verið við nokkra skóla á síðustu árum. Hafa þar m. a. opnast nýjar leiðir fyrir ýmsa sem stunda vilja nám jafnframt vinnu. Stofnun slíkra deilda eða námskeiða mundi m. a. koma til álita, ef óskir kæmu fram frá nægilegum fjölda fólks til að fullnægt væri skilyrðum reglugerðar um lágmarksstærð námshópa.

Ákvæðum 16. gr. er ætlað að stuðla að því, að sú aðstaða sem fyrir hendi verður í framhaldsskólum, m. a. kennsluhúsnæði og tækjabúnaður, geti komið að notum fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem fellur undir meginhlutverk skólanna sjálfra. Hér er átt við ýmiss konar „frjálst" fræðslustarf, m. a. af því tæi sem víða er stundað í námsflokkum, en einnig endurmenntun sem hentugt kann að vera að tengja framhaldsskóla. Þótt hér yrði um að tefla starfsemi sem félli utan almenns verksviðs viðkomandi framhaldsskóla og færi fram á vegum annarra aðila, er gert ráð fyrir að skólinn geti ef svo ber undir verið virkur aðili að skipulagningu og framkvæmd, að fenginni heimild ráðuneytisins í samráði við skólanefnd.

Um 17. gr.

Í greininni er bent á þrjá mismunandi kosti um tengsl námsbrauta og skólastofnana og gert ráð fyrir að tilhögun ráðist með hliðsjón af aðstæðum. Þó er ætlast til að reynt sé að hafa fleiri brautir en eina í sömu stofnun, þar sem því verður með eðlilegu móti við komið. Er þá einkum haft í huga að raunverulegir valkostir nemenda verði fleiri en ella, en einnig félagslegur ávinningur að samskiptum við nemendur af öðrum brautum, svo og betri skilyrði til hagræðingar í kennslu.

Ákvæði greinarinnar gera m. a. ráð fyrir að núverandi sérskólar og menntaskólar geti starfað áfram, með svipuðu sniði og verið hefur, innan samræmds námskerfis á framhaldsskólastigi.

Lokaákvæði greinarinnar er mikilvægt stefnuatriði, þ. e. að í öllum landshlutum verði gefinn kostur á eins fjölbreytilegu námsframboði og unnt er, sbr. og 8. gr. laga nr. 55/ 1974, um skólakerfi. Í því felst að hagræðingarsjónarmið verði ekki látin einráð við ákvörðun um staðsetningu einstakra námsbrauta, heldur tekið sanngjarnt tillit til möguleika nemenda á að stunda það nám, sem hugur þeirra stendur til, án þess að þurfa að sækja til fjarlægra landshluta.

Um 18.—19. gr.

Hér er ákvörðunarvald um staðsetningu skólastofnana á framhaldsskólastigi og verksvið þeirra falið menntamálaráðuneytinu í samráði við fræðsluráð og sveitarstjórnir sem í hlut eiga hverju sinni. Kemur hér fram sú stefna, sem áréttuð er frekar í síðari greinum frumvarpsins, að ætla fræðsluráðum í fræðsluumdæmum samkvæmt grunnskólalögum veigamikla ábyrgð á og afskipti af málefnum framhaldsskólanna. Er það atriði nánar rætt síðar, sbr. einkum athugasemdir við 22. gr. Frumkvæði að skólahaldi mun að sjálfsögðu oft koma frá sveitarfélögum. Samkv. 18. gr. ber ráðuneytinu að hafa samráð við viðkomandi fræðsluráð áður en það tekur afstöðu til slíks erindis. Samráð við sveitarstjórnir er að öðru leyti sjálfsagður hlutur þegar um verður að ræða rekstraraðild viðkomandi sveitarfélaga.

Ákvæði 18. greinar ber að skoða í samhengi við næstu grein (19. gr.), um gerð áætlana um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi. Kemur þá enn skýrar fram að ætlast er til aðildar heimaaðila að ákvörðun um skipan þessara mála, jafnframt því að Alþingi verði tryggð nauðsynleg yfirsýn í sambandi við ákvörðun fjárveitinga.

Um 20. gr.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir, að verklegu námi geti verið fyrir komið með ýmsu móti, bæði innan vébanda viðkomandi framhaldsskóla og í tengslum við eða á vegum atvinnufyrirtækja og stofnana. Í þessari grein felst heimild til að nýta síðari kostinn, enda sé með samningi um það efni tryggt eðlilegt samstarf við hlutaðeigandi skóla. Undir þetta ákvæði gæti m. a. fallið námssamningur við iðnmeistara, en jafnframt er því ætlað að verða grundvöllur samstarfs skóla og atvinnulífs á ýmsum sviðum starfsmenntunar þar sem slíku skipulögðu samstarfi er nú tæpast til að dreifa.

Í 31. gr. frumvarpsins eru gerðar ráðstafanir til að núverandi ákvæði iðnfræðslulaga um réttindi og skyldur iðnnema og meistara falli ekki brott fyrr en þeim málum hefur verið tryggilega skipað í nýrri löggjöf sem taki m. a. til þessara atriða.

Um 21. gr.

Þessari grein er breytt frá því sem var í upphaflegri gerð frumvarpsins. Kaflafyrirsögnin er nú „Yfirstjórn og samráðsaðiljar". Gert er ráð fyrir — sem eðlilegt er — að yfirstjórn opinberra skólastofnana á framhaldsskólastigi verði að meginreglu í höndum menntamálaráðuneytisins. Undir það ráðuneyti fellur nú langmestur hluti skólakerfisins, en nokkrir sérskólar eru þó á vegum annarra ráðuneyta. Að svo komnu er ekki gerð tillaga um verulega breytingu að þessu leyti þótt færa megi ýmis rök fyrir því að allir opinberir skólar skuli heyra undir menntamálaráðuneytið.

Breytingin á 21. gr. (frá fyrri gerðum frumvarpsins) felst aðallega í því að hugmyndinni um fastskipað og fjölmennt framhaldsskólaráð er hafnað, en í þess stað kemur ákvæði sem leggur ráðuneytinu þá skyldu á herðar að hafa sem víðtækast samráð við þá aðilja í landinu, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við samræmingu framhaldsskólastigsins. Er ekki síst haft í huga eins og áður greinir í almennum athugasemdum við frv., að heimaaðiljar í héruðum og landshlutum fái sem mest frjálsræði innan lagaramma til þess að samræma skólamál sín að eigin frumkvæði.

Önnur ákvæði greinarinnar, sem kváðu á um skipan námssviðsnefnda og námsbrautarnefnda, hafa verið einfölduð til muna. Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytinu sé heimilt að skipa ráðgjafarnefndir, t. d. fyrir sérstakar námsbrautir eða námsbrautasamstæður. Ætla má að slíkra nefnda verði ekki síst þörf í sambandi við ýmsar starfsnámsbrautir til að tryggja nauðsynlegt samstarf við aðilja atvinnulífs á þeim sviðum er námið varðar.

Um 22. gr.

Æskilegt má teljast og eðlilegt að færa ábyrgð á námi á framhaldsskólastigi á hendur sveitarfélaga eða samstarfseininga þeirra að meira marki en nú á sér stað. Þegar frá eru taldir iðnskólar og framhaldsnám við gagnfræðaskóla hafa langflestir framhaldsskólar til skamms tíma verið algerlega á vegum ríkisins, bæði að því er varðar kostnað og stjórnun. Markverð breyting á þessu er að verða með stofnun fjölbrautaskóla á nokkrum stöðum. Má telja þá þróun eðlilega, þar sem ljóst er, að úrkostir um nám að lokinni skólaskyldu og framkvæmd þeirra mála eru nú á tímum atriði sem hverja byggð skipta miklu, jafnvel engu minna en tilhögun skyldunáms. Meðan framkvæmd öll er á vegum ríkisins, er hætt við að áhugi sveitarstjórnarmanna á þessum mikilvægu málum og tækifæri til eðlilegra áhrifa á skipan þeirra verði minni en skyldi. Hins vegar er skólahaldi á framhaldsskólastigi að jafnaði þannig farið, að víðast má gera ráð fyrir, að fleiri en eitt sveitarfélag standi að skólastofnun. Virðist ekki óeðlilegt að leggja fræðsluumdæmin átta til grundvallar, þegar ákveða skal svæðaskiptingu að því er varðar stjórn framhaldsskólamála.

Þau sjónarmið sem nú voru rakin liggja að baki ákvæðum þessarar greinar um hlut fræðsluráða, fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa að málefnum framhaldsskóla, og er ætlast til að um þau verkefni verði nánar mælt í reglugerð. Gera má ráð fyrir, að slík aukning á verksviði

hafi í för með sér þörf á eflingu fræðsluskrifstofa, en ekki virðist sjálfsögð ástæða til að breyta ákvæðum um skipan fræðsluráða af þessu tilefni, enda verður að ætla að við val manna í ráðin verði tekið tillit til breytts starfssviðs.

Um 23. gr.

Greinin fjallar um skólanefndir framhaldsskóla. Að því er varðar skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum er skólanefnd m. a. ætlað að vera tengiliður milli viðkomandi sveitarfélaga og skólans og hafa umsjón með rekstri hans. Standi sveitarfélag eitt sér ásamt ríkinu að rekstri framhaldsskóla kýs viðkomandi sveitarstjórn skólanefndina. Hins vegar er gert ráð fyrir því að séu sveitarfélögin tvö eða fleiri, geri þau með sér samstarfssamning þar sem m. a. sé kveðið á um hvernig haga skuli vali fulltrúa í skólanefndina og þar með fjölda þeirra. Benda má á að skólanefndir af þessu tæi eru nú þegar starfandi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjölbrautaskólann á Akranesi, Fjölbrautaskólann á Selfossi og Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið hafi heimild til að skipa skólanefnd við þá framhaldsskóla sem ríkið rekur að fullu. Hér verður öðru fremur um að ræða ýmiss konar sérhæfða skóla en við slíka skóla hafa löngum starfað sérstakar skólanefndir.

Nánari ákvæði um skólanefndir framhaldsskóla skal setja í reglugerð.

Um 24. gr.

Ákvæði tveggja fyrstu málsgreinanna, um skólastjóra og skólastjórn, eru að efni til í samræmi við þá skipan sem í gildi er, t. d. í menntaskólum. Í síðustu málsgreininni er fjallað um tilvik, þar sem nám á framhaldsskólastigi er í skjóli grunnskóla að því marki, að ekki er ástæða til að stofna til sérstakrar stjórnunareiningar.

Um 25. gr.

Ákvæðin um nemendaráð eru að nokkru sniðin eftir hliðstæðum ákvæðum í lögum nr. 12/1970, um menntaskóla. Hér er það hlutverk nemendaráðanna að koma sjónarmiðum nemenda á framfæri gagnvart skólastjórn þó markað öllu víðtækara en þar er gert.

Um 26. gr.

Greinin kveður á um að gert skuli ráð fyrir almennum kennarafundum innan framhaldsskóla, en um verksvið þeirra skal mæla í reglugerð. Það tíðkaðist nokkuð áður, að í lögum um framhaldsskólastofnanir væri gert ráð fyrir að allir fastir kennarar skólans, ásamt skólastjóra, skipuðu skólastjórn. Á síðari árum hefur fremur verið horfið að þeirri tilhögun skólastjórnar að bæði kennarar og nemendur ættu þar kjörna fulltrúa (sbr. t. d. lög nr. 12/1970, um menntaskóla). Eftir sem áður eiga almennir kennarafundir nauðsynlegu hlutverki að gegna, m. a. sem vettvangur til að fjalla um nýmæli í kennslu- og námsháttum.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru talin meginverkefni sem rækja þarf í framhaldsskólum og miða ber við í ráðningu starfsliðs. Það verður hins vegar mjög mismunandi eftir nemendafjölda skóla, námssviðum og fjölda námsbrauta, hve mikinn mannafla þarf til að vel sé fyrir öllum nauðsynlegum starfsþáttum séð. Er gert ráð fyrir, að reglur um skipan starfa séu settar í reglugerð(um) með tilliti til mismunandi aðstæðna.

Þótt fjöldi starfsmanna og verkaskipting verði mismunandi eftir skólastofnunum, koma flestallir þeir starfsþættir, sem í frumvarpsgreininni eru taldir, við sögu í hverjum framhaldsskóla, nema hvað störf við mötuneyti og heimavistir verða bundin þeim skólum þar sem slík aðstaða er. Ástæða er til að leggja áherslu á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í samræmdum framhaldsskóla.

Í næstsíðustu mgr. greinarinnar eru fyllri ákvæði en voru í fyrstu gerð frumvarpsins um hver háttur skuli hafður á ráðstöfun starfa í framhaldsskólum, m. a. um tillögu- og umsagnaraðila. Meðal nýmæla er að fastir kennarar skóla veiti umsögn um umsækjendur um stöðu skólastjóra sé ekki um nýja skóla að ræða.

Um 28. gr.

Upphafsákvæði greinarinnar er miðað við, að lög hafa verið sett um kröfur sem fullnægja þarf til að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari (sbr. lög nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra). Er þar m. a. að finna ákvæði um menntunarkröfur til kennara í framhaldsskólum. Hér er gert ráð fyrir, að í reglugerð megi kveða á um slíkar kröfur til annarra starfsmanna, svo sem þeirra er annast ýmiss konar ráðgjafarstörf.

Í síðari málsgrein greinarinnar er mælt fyrir um, að í reglugerð verði sett ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Er þá haft í huga að framhaldsskólakennurum verði tryggð hliðstæð aðstaða á þessu sviði og kennurum grunnskóla, og gert ráð fyrir að slík ákvæði taki einnig til annarra starfsmanna er vinna að uppeldislegum verkefnum við framhaldsskóla.

Um 29. gr.

Greinin kemur í stað fjármálaákvæða í fyrri gerðum frumvarpsins. Er nú gert ráð fyrir að ákvæði núgildandi laga um þessi efni, að því er varðar stofnanir á frmhaldsskólastigi, haldi gildi um sinn, eða þar til sett hafa verið ný lög um skólakostnað.

Um 30. gr.

Þess er víða getið í einstökum greinum frumvarpsins, að ætlast sé til að málum verði skipað nánar í reglugerð. Raunar er augljóst að með frumvarpinu er stefnt að rammalöggjöf um framhaldsskólastigið, en af því leiðir, að sitthvað sem nú er kveðið á um í lögum um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir verður ekki fellt inn í slíka heildarlöggjöf. Hvorki verður þó talið nauðsynlegt né æskilegt að í framhaldi af setningu rammalaga verði sett endurskoðuð lög um einstök námssvið eða námsbrautir. Hætt er við, að slík lagasetning mundi fremur stefna í tvísýnu en stuðla að þeirri samhæfingu náms á framhaldsskólastigi sem er eitt meginatriði þessa frumvarps. Til þess er ætlast, að með ákvæðum frumvarpsins sé mörkuð nægilega skýrt sú stefna sem fylgja beri um mótun og starfsemi námsbrauta framhaldsskóla til þess að framkvæmdaatriðum megi skipa nánar með reglugerðum. Svo sem fram kemur í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir, að reglugerðir á grundvelli laganna geti ýmist tekið til ákveðinna efnisþátta er varða framhaldsskólastigið í heild eða fjallað um einstök námssvið eða námsbrautir. Einnig kemur til greina að setja sérstaka reglugerð um tiltekna skólagerð eða einstaka skólastofnun.

Ákvæðum 2. mgr. er ætlað að tryggja að við undirbúning reglugerða verði leitað samráðs við ýmsa aðila sem eðlilegt er að láti starfshætti og rekstur framhaldsskóla til sín taka. Gera má ráð fyrir, að hver einstök reglugerð verði undirbúin af sérstökum starfshópi eða nefnd með fulltrúum þeirra aðila sem efni hennar varðar öðrum fremur, en starfshópi þeim sem um ræðir í greininni er ætlað samræmingarhlutverk eins og þar kemur fram.

Um 31. gr.

Ljóst er, að framkvæmd þeirrar nýskipunar náms á framhaldsskólastigi sem lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir krefst umfangsmikils undirbúnings sem taka mun talsverðan tíma. Gildistökuákvæði frumvarpsins er sniðið með hliðsjón af þessu, þar sem gert er ráð fyrir að allt að fimm ár geti liðið frá samþykkt laganna þar til þau koma til fullrar framkvæmdar.

Í frumvarpsgreininni eru talin lög sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi jafnóðum og hin nýju lög koma til framkvæmda. Er þar um að ræða flest lög sem nú eru í gildi um einstakar

skólagerðir eða námsstofnanir á framhaldsskólastigi. Undantekning eru lög um búnaðarnám, nr. 55/1978, lög um garðyrkjuskóla ríkisins, nr. 91/1936, og löggjöf um listaskóla. Þótt laga nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, sé ekki getið í upptalningunni, er ljóst að endurskoðun á þeim yrði að óbreyttu nauðsynleg í framhaldi af setningu laga um samræmdan framhaldsskóla. Þá er og rétt að vekja athygli á, að áður en ný heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið kemur til framkvæmda þarf að fara fram endurskoðun á ýmsum lögum þar sem ákvæði um atvinnuréttindi eru bundin námi samkvæmt núverandi skipan, sbr. t. d. lög nr. 69/1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að við afnám núgildandi laga um iðnfræðslu verði áfram í gildi ákvæði þeirra laga um löggildingu iðngreina og iðnmeistara og um réttindi og skyldur aðila að námssamningum iðnnema, eða þar til ný löggjöf hefur verið sett um þau efni, sbr. og athugasemd við 20. gr. Enn skal minnt á, að fjármálaákvæði núgildandi laga um skólastofnanir á framhaldsskólastigi halda gildi um sinn, sbr. athugasemdir við 29. gr.

Til að girða fyrir óvissu um stöðu skólastofnana og námsbrauta meðan ný lög eru að komast til framkvæmda er niðurfelling fyrri laga samkvæmt frumvarpsgreininni bundin því í hverju tilviki, að sett hafi verið reglugerðarákvæði um tilsvarandi námsbraut(ir) á grundvelli hinnar nýju löggjafar, að höfðu samráði við Alþingi.

Þótt þannig sé ekki gert ráð fyrir að lögin komi að öllu til framkvæmda í einu vetfangi þarf að vera unnt að hefjast þegar í stað handa um aðgerðir er miði að því að koma á hinni nýju samræmdu skipan. Er því gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fái umboð til að heimila einstökum skólum frávik frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, ef um er að ræða ráðstafanir sem samrýmast meginstefnu hinnar nýju löggjafar.

Í lokamálsgrein greinarinnar er ákvæði um árlega skýrslugjöf menntamálaráðherra til Alþingis um það starf sem unnið er til að koma löggjöfinni í framkvæmd, þ. á m. um undirbúning reglugerða. Með þeim hætti gefst Alþingi kostur á að tjá vilja sinn um mótun framkvæmdarinnar, jafnóðum og henni vindur fram.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Mjög hefur verið um það rætt á undanförnum árum að nauðsyn beri til að bæta og efla aðstöðu verkmenntunar í landinu. Hér er gert ráð fyrir að sérstakt átak á þessu sviði verði forgangsverkefni við undirbúning að framkvæmd löggjafar um samræmdan framhaldsskóla.

Ed. 367. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið umsagnir frá ýmsum aðilum. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur.

Alþingi, 23. febr. 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Jón Helgason.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Davíð Aðalsteinsson.	Karl Steinar Guðnason.

Nd. 368. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er annar þáttur þeirra ráðstafana sem boðaðar voru í skýrslu ríkisstjórnarinnar á þskj. 290.

Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir fást fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar ekki lagðar fram í einu lagi, heldur kýs ríkisstjórnin að leggja bráðabirgðaráðstafanir, sem boðaðar voru, fram í smáskömmtum.

Það er augljóst mál, að með slíkum vinnubrögðum, sem eru afar óvenjuleg, ef ekki einsdæmi, fá alþingismenn alls ekki tækifæri til umfjöllunar um hin þýðingarmestu mál í heild eins og nauðsynlegt er. Hraði nefndarstarfa verður að vera slíkur með tilliti til dagsetninga að þingmönnum gefst nánast enginn tími til skoðunar mála sem ríkisstjórnin hefur sjálf verið að bögglast með um langan tíma og leggur svo fyrir með þeim hætti að jafnvel er spurning um stjórnarskráratriði.

Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum er einn liðurinn í þeim „vísitöluleik", sem ríkisstjórnin hefur frá upphafi stundað. Skömmu eftir að flutt er frv. og samþykkt um tollalækkun, sem þýðir 22 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð og lækkar framfærsluvísitöluna um 0.2—0.3%, er flutt frumvarp um tekjuöflun fyrir ríkissjóð sem nemur að sagt er 54 millj. kr. tekjuaukningu og þurrkar út lækkunaráhrif fyrri ráðstöfunar.

Flutt er frumvarp um breytingu á nokkrum lögum (bandormur), sem hefur inni að halda ákvæði um nýjar skattaálögur með útgáfu reglugerða, þrátt fyrir skýlaus ákvæði stjórnarskrárinnar þar um, tollafgreiðslugjald svo og breytingu á launaskatti skv. væntanlegum reglugerðarákvæðum. Þá sýnist það afar slæm lagasetning þegar gerðar eru í slíku frv. (bandormi) breytingar á hverri einustu grein launaskattslaganna í stað þess að flytja sérstakt frv. þar um.

Tollafgreiðslugjald.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að hægt verði að taka upp hér á landi fyrirkomulag, sem víða tíðkast erlendis, m. a. í nágrannalöndum okkar, að veittur verði greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, sem nefndur hefur verið tollkrít.

Hér er um að ræða mikið hagsmunamál allra landsmanna sem leiðir til sparnaðar, hagræðingar og lægra vöruverðs, neytendum, innflutningsaðilum svo og hinu opinbera til hagsbóta.

Þegar nú hillir undir framgang þessa máls hyggst ríkisstjórnin gera slíka afgreiðslu að sérstökum gjaldstofni, ekki aðeins til að standa straum af þeim kostnaði, sem af því leiðir, heldur gerir þetta að nýjum tekjutolli fyrir ríkissjóð til þess að geta haldið áfram „vísitöluleik" sínum.

Hér er dæminu snúið við. Í stað þess að heimila greiðslufrest á aðflutningsgjöldum til þess að ná fram lækkun á vöruverði er ætlað að leggja á nýjan tekjutoll og þar með hækka vöruverðið, að ekki sé talað um þá mismunun sem gerð er á innflutningi og innlendri framleiðslu skv. frv.

Að ætla að leggja á skatta skv. reglugerð eins og frv. gerir ráð fyrir, þegar ákvæði stjórnarskrárinnar er afar skýrt, „að skattar skulu lagðir á með lögum", er Alþingi ósamboðið.

Að leggja til nýja tolla um leið og því er lýst yfir í greinargerð, að menn hafi enn ekki kannað hvort það sé samrýmanlegt þeim samningum sem við höfum gert við EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu, sýnir hvernig öllum undirbúningi þessa máls er háttað.

Að leggja til nýja tolla án þess að gera nokkra grein fyrir því, hvort slíkt samrýmist þeim tollasamningum sem við höfum gert eða ekki, eru vinnubrögð sem ekki á að þola.

Launaskattur.

Í skýrslu ríkisstjórnarinnar er sagt að launaskattur skuli lækkaður úr 3.5% í 2.5% í iðnaði og fiskvinnslu. Þegar svo frv. er lagt fram kemur í ljós að ekki skal staðið við þá yfirlýsingu að fullu. Dregið er úr vegna „vísitöluleiksins“ og lagt til að það sé gert með reglugerð. Þessu til viðbótar eru svo viðurlög við vanskilum þyngd að mun og sjálfsagt reiknað með þeim tekjuauka þar að ríkissjóður sleppi skaðlaus frá launaskattslækkuninni.

Sjálfsagt er að þeir, sem ekki greiða þá skatta sem þeim ber, greiði dráttarvexti. Það á hins vegar ekki að verða tekjulind fyrir ríkissjóð þegar dregst að greiða launaskattinn hjá atvinnurekstrinum sem allir vita að er afar illa í stakk búinn og hefur verið það að undanförnu, m. a. vegna úrræðaleysis ríkisstjórnarinnar.

Þau viðurlög, sem hér er ætlað að lögfesta, eru ekki í neinu samræmi við önnur viðurlög í landinu þegar um vanskil á fjárkröfum er að ræða.

Það er ljóst, að mismunandi hár launaskattur er mjög varhugaverð skattastefna sem tvímælalaust verður erfið í framkvæmd.

Sjálfsagt hefði verið að ríkisstjórnin legði fram heildstætt frv. um launaskatt sem Alþingi hefði haft tækifæri til að tjá sig um.

Stimpilgjald.

Breyting er lagt til að gerð verði á lögum um stimpilgjald og gjöldin lækkuð vegna atvinnuveganna. Sýnist hér rétt að staðið.

Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að umrætt gjald falli niður hinn 1. mars.

Þegar gjald þetta var lagt á var ljóst að því skyldi ekki ráðstafað til þess að aðstoða iðnaðinn og gera honum kleift að aðlaga sig betur erlendri samkeppni, heldur var því ætlað að renna í ríkissjóð. Það kemur og í ljós að það hefur gerst. Ríkisstjórnin hyggst áfram láta þær tekjur, sem af gjaldinu fást, renna í ríkissjóð í stað þess að veita því til iðnaðarins.

Afstaða nefndarmanna.

Undirritaðir fjárhags- og viðskiptanefndarmenn eru andvígir 1. og 2. gr. frv. Við leggjum til að þessar greinar verði felldar.

Við teljum að greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eigi að nota til þess að ná fram vöruverðslækkun, en ekki verða tilefni fyrir ríkissjóð til nýrrar skattlagningar.

Verði þessar greinar hins vegar samþykktar munum við samþykkja breytingartillögu þá sem minni hluti nefndarinnar flytur við 2. gr. frv. svo og ákvæði til bráðabirgða I. Er þar gert ráð fyrir svipuðum greiðsluhætti og varðandi aðra tolla.

Við 3. gr. flytjum við breytingartillögu á þingskjali 369 og leggjum til í samræmi við það, sem að framan greinir, að launaskattur verði alfarið lækkaður úr 3.5% í 2.5%.

Verði sú tillaga ekki samþykkt er varatillaga okkar að launaskattur lækki á fiskverkun og hvers konar iðnaði úr 3.5% í 2.5%, þ.e. að tillaga Guðmundar G. Þórarinssonar á þskj. 356 verði samþykkt. Dragi þm. tillöguna til baka við 2. umræðu munum við taka hana upp og flytja og er þá miðað við að launaskattur verði 2.5% hjá öllum iðnaði, sem greiðir iðnlánasjóðsgjald, svo og kjöt- og mjólkuriðnaði.

Við styðjum þann hluta breytingartillögu minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar við 5. gr. frv., 1. tl., þar sem lagt er til að 25% álag á vangreiddan launaskatt falli niður, en erum andvígir breytingu á gjalddögum.

Við munum greiða atkvæði með 15. gr. frv., en erum andvígir 16. og 17. gr. frv.

Alþingi, 23. febr. 1982.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Sighvatur Björgvinsson. Matthías Bjarnason.

Albert Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA
Fjárhags- og viðskiptanefnd
Neðri deildar Alþingis.

19.02.1982

Um frumvarp til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Í framhaldi af fundi með fjárhags- og viðskiptanefndum í dag leyfi ég mér að ítreka eftirfarandi sjónarmið:

1. Félag íslenskra iðnrekenda telur að í 5. málsgr. 1. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um gjald fyrir afgreiðslu á hverri aðflutningsskýrslu, felist mikil mismunun, innlendri framleiðslu í óhag. Undantekningarlaust koma erlend aðföng til innlendrar framleiðslustarfsemi í mörgum sendingum og á mörgum aðflutningsskýrslum. Kostnaður vegna sérstaks tollafgreiðslugjalds mun því leggjast mun þyngra á innlendu framleiðsluna en innflutta samkeppnisvöru. Verði ákvæði þessarar málsgreinar framkvæmt eins og það er orðað, er ljóst að hagur margra iðnfyrirtækja af lækkun launaskatts mun hverfa eins og dögg fyrir sólu og samkeppnisstaða innlendu fyrirtækjanna verður verri en áður.
2. 5. málsgr. 1. gr. mun einnig setja fyrirtæki, sem stunda útflutning, í mikinn vanda. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að tollafgreiðslugjald verði endurgreitt við útflutning, en slíkt ákvæði er nauðsynlegt.
3. Í 3. gr. er fjallað um lækkun á launaskatti í fiskverkun og í iðnaði og fagnar F.Í.I. þessu skrefi. Hugtakið útflutnings- og samkeppnisiðnaður hefur hins vegar um árabil verið umdeilt. Lengst af hafa stjórnvöld túlkað hugtakið afar þröngt og hafa samtök iðnaðarins ætíð andmælt þeirri skilgreiningu. Starfsskilyrðanefnd atvinnuveganna, sem lauk störfum nú fyrir skömmu, hefur gert tilraun til að skilgreina hugtakið samkeppnisiðnaður á nýjan hátt. Sýnist okkur þar tekið eðlilegt tillit til allra aðstæðna í dag. Þá bendum við á, að allt frá árinu 1963 hefur iðnlánasjóðsgjald verið lagt á iðnað landsmanna. Er okkur ekki kunnugt um að orðalag iðnlánasjóðslaganna hafi valdið neinum umtalsverðum erfiðleikum varðandi skilgreiningu á hugtakinu iðnaður.
4. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir mjög hertum viðurlögum vegna vanskila á launaskatti. Til viðbótar við 25% álag á vangreiddan launaskatt skal samkvæmt frumvarpinu greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti, sem nú eru 4,5%. Þessi viðurlög eru ekki í samræmi við önnur viðurlög í landinu þegar um vanskil á fjárkröfum er að ræða. Væri eðlilegra að viðurlögin væru annaðhvort 25% álag á vangreiddan launaskatt, eins og verið hefur, eða venjulegir dráttarvextir.

Virðingarfyllst,
FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA
Valur Valsson,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal II.

TOLLVÖRUGEYMSLAN HF.
Fjárhags- og viðskiptanefnd
Alþingis.

Reykjavík, 19. febrúar 1982.

Í framhaldi af fundi með yður í morgun viljum vér taka fram eftirfarandi varðandi frumvarp til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum:

Í 2. gr. frumvarpsins og tölulið I í ákvæðum til bráðabirgða eru ákvæði þess efnis, að þegar heimild er veitt til þess að setja vörur í tollvörugeymslu skuli greiða gjald skv. 1. gr. frumvarpsins af vörusendingunni í heild þegar við tollafgreiðslu fyrstu úttektar úr tollvörugeymslu.

Við þessi ákvæði viljum vér gera þessar athugasemdir:

Tilgangur með rekstri tollvörugeymslna er geymsla á ótollafgreiddum vörum og vörum í eigu erlendra aðila (seljenda eða framleiðenda) og gera skiptingu og úttekt stærri vörusendinga mögulega eftir því sem þörf krefur.

Greiðsla aðflutningsgjalda af vörum, sem teknar eru úr tollvörugeymslu, fer og hefur farið fram við úttekt í samræmi við hverja úttektarbeiðni um hverja einingu.

Hliðstæður háttur er hafður á við almenna tollafgreiðslu utan tollvörugeymslna.

Næði umrædd málsgrein lagafrumvarpsins fram að ganga hefði það í för með sér að gjald af hugsanlega stórri vörusendingu yrði að greiða þegar við fyrstu úttekt, sem hugsanlega væri óverulegur hluti allrar sendingarinnar.

Raunhæft dæmi er geymsla á vélavarahlutum fyrir ýmis atvinnutæki landsmanna, sem einungis eru geymdir í öryggisskyni í tollvörugeymslu, en einmitt í slíkum tilvikum getur fyrsta úttekt jafnvel verið fólgin í mjög verðlitlum einingum miðað við heildarverð allrar sendingarinnar, sem að meginstofni þarf e. t. v. aldrei að leysa út.

Í öðru lagi er það eitt hagræði tollvörugeymslna að vörur þaðan er unnt að endursenda eða afgreiða til annarra landa eða tollfrjálsra svæða án greiðslu aðflutningsgjalda.

Næði frumvarpið fram að ganga óbreytt mundi það valda erfiðleikum bæði fyrir tollvörugeymslur og tollstjóraembættið.

Eins og að framan er getið er það eitt af markmiðum tollvörugeymslna að auðvelda afgreiðslu smærri eininga, þannig að ef fallist yrði á að breyta frumvarpinu á þá leið, að gjaldtaka yrði við úttekt hverrar einingar, mundi þurfa að greiða grunngjald af mörgum úttektum, sem hækka mundi vöruverð óeðlilega mikið.

Niðurstaða vor er því sú að óska eftir því, að umræddu ákvæði frumvarpsins verði breytt á þá leið að tollafgreiðslugjald á vörur í tollvörugeymslu verði greitt við úttekt hverju sinni og án grunngjalds skv. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Vér höfum ekki fjallað um eða tekið afstöðu til gjaldtöku þessarar sem slíkrar.

Virðingarfyllst,
pr. pr. Tollvörugeymslan h. f.
Helgi K. Hjálmsson, framkvæmdastjóri.

Nd. 369. Breytingartillaga [205. mál]

við frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðaltillaga:

3. gr. frv. orðist svo:

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 2.5% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Sþ. 370. Nefndarálit [171. mál]

um till. til þál. um staðfestingu viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Spánar.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Þegar tillagan um aðild Spánar að NATO kom fyrst til umræðu var því lýst yfir að þingmenn Alþýðubandalagsins mundu sitja hjá við afgreiðslu málsins þar eð Alþýðubandalagið væri andvígt þátttöku Íslands í NATO. Hins vegar var áréttuð nauðsyn þess, að Íslendingar kynntu sér meðferð málsins á Spáni og helstu rök þarlendra andstæðinga aðildar að NATO. Í utanríkismálanefnd komu fram upplýsingar um þessi atriði.

Í fulltrúadeild spánska þingsins greiddu 186 þingmenn atkvæði með aðild, en 146 þingmenn voru á móti, og í öldungadeildinni voru 105 með tillögunni, en 60 á móti. Forustumenn sósíalista í spánska þinginu gerðu tillögu um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um aðildina þar eð margt benti til að meiri hluti þjóðarinnar væri andvígur því, að Spánn gengi í NATO. Ríkisstjórnin beitti sér fyrir því, að þessi tillaga um athugun á vilja þjóðarinnar var felld. Skoðanakönnun sýndi þó að um 70% kjósenda voru fylgjandi því, að þjóðaratkvæðagreiðsla skæri úr um aðildina. Í sömu könnun kom fram að 52% Spánverja voru andvígir því, að land þeirra gengi í NATO, en aðeins 18% voru því fylgjandi. Það er því ljóst að yfirgnæfandi meiri hluti Spánverja var bæði andvígur aðildinni að NATO og á móti málsmeðferð ríkisstjórnarinnar. Þjóðinni var meinað að kveða upp sinn dóm. Vilji fólksins fékk ekki að ráða.

Andstæðingar NATO-aðildar á Spáni bentu á að þátttakan í NATO mundi tryggja valdastöðu hersins og þannig grafa undan lýðræðinu í landinu. Spánski herinn var í áratugi burðarás fasismans á Spáni, og nýlega gerðu herforingjar tilraun til að steypa hinu lýðræðislega stjórnkerfi. Herforingjastjórnir hafa lifað góðu lífi innan NATO og yfirstjórn bandalagsins í engu skeytt um það, þótt lýðræðið væri afnumið í aðildarríkjunum. Yfirstjórn NATO hafði náið samstarf við herforingjastjórnina í Grikklandi, enda studdi forusturíki bandalagsins, Bandaríkin, valdatöku grísku herforingjanna á sínum tíma. Á sama hátt hafa Bandaríkin, forusturíki NATO, stutt núverandi herforingjastjórn í Tyrklandi bæði fjárhagslega og hernaðarlega þótt lýðræðið sé nú fótum troðið í Tyrklandi. Þar er starfsemi stjórnmálaflokka bönnuð, forustumenn frjálsra verkalýðsfélaga hafa verið dæmdir til dauða, tugir þúsunda borgara hnepptir í fangelsi vegna stjórnmálaskoðana sinna og pyntaðir þar, starfsemi fjölmiðla og háskóla hefur verið hneppt í fjötra.

Það er því rétt hjá andstæðingum NATO-aðildar á Spáni, sem hafa meirihlutafylgi með þjóðinni, að þátttaka í þessu bandalagi eykur líkurnar á því, að lýðræðinu verði fórnað í þágu valdahagsmuna hersins. Saga NATO, studd dæmum frá Grikklandi, Portúgal og Tyrklandi,

sýnir að forusta bandalagsins metur hernaðarhagsmunina ávallt meira en lýðræðið. Þátttaka í NATO er engin trygging fyrir lýðræði. Sagan hefur þvert á móti sannað að yfirstjórn bandalagsins og forusturíki þess styðja ávallt þá sem fótum troða lýðræðið í aðildarríkjum bandalagsins, svo framarlega sem þeir tryggja hernaðarhagsmuni Bandaríkjanna. NATO er hernaðarbandalag en ekki samfélag lýðræðisríkja.

Alþingi, 23. febr. 1982.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Ed. 371. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum. Til viðtals komu þeir sem unnu að undirbúningi frv. Enn fremur var frumvarpið sent til umsagnar og í umsögnum þeim, sem bárust, var mælt með samþykkt frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Lárus Jónsson og Guðmundur Karlsson.

Alþingi, 23. febr. 1982.

Eiður Guðnason, form. Egill Jónsson, fundaskr. Jón Helgason, frsm.
Stefán Jónsson. Stefán Guðmundsson.

Ed. 372. Frumvarp til laga [215. mál]

um skattskyldu innlánsstofnana.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og Söfnunarsjóður Íslands skulu, með þeim takmörkunum er síðar greinir, skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattskyldan tekur til þessara aðila sem lögaðila samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1981 þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. sömu laga eða ákvæði annarra laga sem kunna að hafa undanþegið einstakar stofnanir opinberum gjöldum og sköttum.

2. gr.

Til skattskyldra tekna og eigna aðila samkvæmt 1. gr. þessara laga teljast þó ekki tekjur og eignir Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Iðnlánasjóðs Íslands, Stofnlánadeildar verslunarfyrirtækja (Verslunarlánasjóðs) og Stofnlánadeildar samvinnufélaga, enda sé fjárhagur þessara sjóða greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana.

3. gr.

Ákvæði 2. málsliðs 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málsliðs 2. mgr. 5. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 um heimild til niðurfærslu útistandandi viðskiptaskulda gilda ekki við ákvörðun á tekjuskatts- og eignarskattsstofni aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Sé sparisjóði slitið, þannig að hann sé algjörlega sameinaður öðrum sparisjóði, ríkisstofnun eða hlutafélagi, þá skulu slitin sjálf ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann aðila sem við tekur og heldur ekki fyrir þann sem slitið var. Við slíkan samruna skal sá aðili, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess sparisjóðs sem slitið var.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1983 vegna tekna á árinu 1982 og eigna í lok þess árs. Ákvæði til bráðabirgða IV kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1982, og skal skattur vegna þess mánaðar greiddur 15. mars ásamt greiðslu vegna febrúar.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Á árinu 1982 skulu aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum þessara laga, framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1982.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1981. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1967 til 1981. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981 fyrir ársbyrjun 1967 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tl. greindrar 32. gr., sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1982 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fast-

eignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981 og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1982 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1983, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

II

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I hefur eignast fyrir árið 1982, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981 um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem aðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1967, eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

III

Aðilar sem skattskyldir eru skv. 1. gr. þessara laga skulu reikna verðbreytingarfærslu samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt í fyrsta sinn vegna ársins 1982 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1981.

IV

Á árinu 1982 skal leggja skatt á aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum er nema skal 0,06% af heildarinnlánum þeirra, svo sem nánar greinir í ákvæði þessu.

Skattur þessi rennur í ríkissjóð.

Stofn til skattsins skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands og 31. gr. laga nr. 13/1979 um breyting á þeim lögum, sbr. ennfremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. desember 1981.

Skatturinn skal innheimtur af Seðlabanka Íslands og greiddur fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjalddagi skattsins er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um skatt þennan eftir því sem við á.

V

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna skulu bankar þeir sem versla með erlendan gjaldeyri greiða ríkissjóði frá gildistöku laga þessara til ársloka 1982 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Á árinu 1983 skulu ofangreind hlutföll lækka í 40%.

Lög þessi og lög nr. 40/1969 skulu tekin til endurskoðunar eigi síðar en í árslok 1983 í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Í frumvarpi þessu er lagt til að viðskiptabankar og sparisjóðir auk Söfnunarsjóðs Íslands verði gerðir skattskyldir samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Eðlilegt þykir að starfsemi þessara stofnana sé skattskyld með sama hætti og starfsemi annarra atvinnufyrirtækja í landinu. Starfsemi banka og sparisjóða mun víðast hvar skattskyld í nágrannalöndum okkar.

Lagt er til að skattskyldan nái til tekna ársins 1982 og eigna í lok þess árs. Álagning samkvæmt þessu frumvarpi fer því fyrst fram á árinu 1983, ef það verður að lögum. Hins vegar er í bráðabirgðaákvæði IV gert ráð fyrir að á þessu ári verði innheimtur sérstakur skattur, er nemi 0,06% af heildarinnlánum þeirra innlánsstofnana sem frumvarpið tekur til. Tekjur ríkissjóðs af skatti þessum eru áætlaðar 50 m. kr. Á móti kemur að í ákvæði til bráðabirgða V er lagt til að hlutfall það sem gjaldeyrisbönkunum er gert að greiða af gengismun og umboðsþóknun skv. 1. gr. laga nr. 40/1969 er á árinu 1982 lækkað úr 60% í 50% og á árinu 1983 í 40%. Tekjutap ríkissjóðs á árinu 1982 er áætlað að nemi um 9 m.kr. vegna þessarar breytingar en um 20 m.kr. á árinu 1983, reiknað á núgildandi verðlagi. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að skylda til þess að greiða tekjuskatt og eignarskatt í ríkissjóð samkvæmt lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt nái til ríkisbankanna þriggja, þeirra fjögurra viðskiptabanka sem starfa undir hlutafélagaformi samkvæmt sérstökum lögum, sparisjóða sem starfa samkvæmt lögum nr. 69/1941 um sparisjóði og ennfremur til Söfnunarsjóðs Íslands, sbr. lög nr. 2/1888.

Samkvæmt núgildandi lögum eru stofnanir þessar undanþegnar skattskyldu með tvennum hætti. Annars vegar samkvæmt 4. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt sem ríkisstofnanir og hins vegar samkvæmt sérstökum ákvæðum er undanþiggja einstakar stofnanir af þessu tagi öllum opinberum gjöldum og sköttum, sbr. eftirtalin ákvæði:

1. mgr. 18. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands.
20. gr. laga nr. 1/1900 um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík.
1. mgr. 18. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands.
18. gr. laga nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands.
11. gr. laga nr. 46/1960 um Verslunarbanka Íslands h. f.
10. gr. laga nr. 113/1951 um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h. f.
11. gr. laga nr. 46/1962 um Samvinnubanka Íslands h. f.
11. gr. laga nr. 71/1970 um Alþýðubankann h. f.
Lokamálsliður 6. gr. laga nr. 2/1888 um Söfnunarsjóð Íslands.
27. gr. laga nr. 69/1941 um sparisjóði.

Hér er þannig lagt til að undanþáguákvæði 4. gr. tekjuskattslaga nái ekki lengur til þessara stofnana og ennfremur að undanþágur hinna einstöku laga frá opinberum gjöldum og sköttum falli niður að því er tekjuskatt og eignarskatt varðar. Greinin gerir ráð fyrir því að stofnanir þessar verði skattlagðar eftir sömu reglum og gilda um lögaðila samkvæmt lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og er þá að sjálfsögðu miðað við þær stofnanir sem hér eiga heimili, sbr. 2. gr. þeirra laga. Má til frekari skýringar nefna að aðilar sem skattskyldir verða, ef frumvarp þetta verður að lögum, munu fá rétt til frádráttar vegna tillaga í varasjóð, sbr. 12. tl. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga, og verða skattlagðir með þeim skatthlutföllum sem um lögaðila gilda, sbr. 72. gr. og 84. gr. sömu laga. Verði frumvarp þetta að lögum gilda að sjálfsögðu öll ákvæði laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt um þá aðila sem grein þessi nær til, eftir því sem við á.

Um 2. gr.

Með frumvarpi þessu er ekki lagt til að fjárfestingarlánasjóðir í eigu hins opinbera verði gerðir skattskyldir. Hér má nefna Framkvæmdasjóð, Byggðasjóð, Lánasjóð sveitarfélaga, Fiskimálasjóð, Fiskiræktarsjóð, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Orkusjóð, Hafnabótasjóð, Ríkisábyrgðasjóð, Bjargráðasjóð, Atvinnuleysistryggingarsjóð, Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Ferðamálasjóð, Fiskveiðasjóð, Iðnrekstrarsjóð og Iðnþróunarsjóð.

Með þessari grein eru tekjur og eignir sjóða sem eru sambærilegir nefndum sjóðum undanþegnar skattlagningu þótt þeir starfi í tengslum við innlánsstofnanir samkvæmt 1. gr. og teljist jafnvel til sérstakra deilda í þeim. Sjóðir þessir eru tæmandi taldir í greininni. Tekjur og eignir annarra deilda innlánsstofnana teljast til skattskyldra tekna og eigna þeirra samkvæmt þessu, enda þótt þær kunni að veita fjárfestingarlán til atvinnugreina. Innlánsstofnanir samkvæmt 1. gr. teljast til skattskyldra aðila samkvæmt lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, verði frumvarp þetta að lögum, og munu því þurfa að láta ársreikninga allra deilda sinna fylgja framtali sínu, sbr. 91. gr. laga nr. 75/1981, jafnvel þótt tekjur og eignir einstakra deilda þeirra teljist ekki til skattskyldra tekna og eigna stofnananna.

Um 3. gr.

Í lögum um tekju- og eignarskatt er heimild til þess að færa niður um 5% útistandandi skuldir sem stofnast hafa vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra var stofnað. Ákvæði þetta gildir almennt ekki um kröfur þær sem aðilar eiga á aðra vegna lánastarfsemi, en til að taka af öll tvímæli er lagt til að það sé berlega tekið fram að ákvæðið gildi ekki um innlánsstofnanir.

Um 4. gr.

Lagt er til að sparisjóðum sé opnuð svipuð heimild til sameiningar við aðra sparisjóði eða aðrar stofnanir sem frumvarp þetta tekur til og sameignarfélög, samvinnufélög og hlutafélög hafa nú skv. 56. og 57. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um heimild ráðherra til setningar reglugerðar, sbr. svipaða heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða I—III

Þar sem frumvarp þetta felur í sér skattlagningu á fyrirtæki sem ekki hafa áður sætt skattlagningu og hafa því ekki hagað bókhaldi sínu og uppgjöri í samræmi við ákvæði skattalaga er nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna þeirra eigna sem þessir aðilar hafa eignast fyrir gildistöku laga þessara. Sama á við um stofn til verðbreytingarfærslu. Ákvæði þessi eru efnislega samhljóða þeim bráðabirgðaákvæðum sem sett voru við gildistöku núgildandi tekjuskattslaga og vísast til þeirra um skýringar.

Þar eð þessar stofnanir hafa ekki verið skattskyldar fram að þessu þykir ekki rétt að taka tillit til afkomu liðinna ára við skattlagningu þeirra nú. Af þeirri ástæðu er þeim t. d. ekki heimil yfirfærsla á rekstrartapi sem kann að hafa myndast á rekstrarárinu 1981 eða fyrr.

Vegna þeirrar aðferðar við kostnaðarfærslu lausafjár sem tíðkast hefur í bókhaldi ýmissa banka þykir rétt að opna möguleika til undanþágu frá skyldu til endurmats þess.

Um ákvæði til bráðabirgða IV

Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum, sem lögð var fyrir Alþingi hinn 28. janúar s. l., var m. a. boðað að skattur yrði lagður á banka og sparisjóði. Með tilliti til sjónarmiða er mæla gegn afturvirkni skattalaga þykir ekki fært að leggja tekju- og eignarskatt á stofnanir þessar fyrr en á árinu 1983 vegna tekna og eigna þeirra á árinu 1982. Engu að síður er nauðsynlegt vegna kostnaðar ríkissjóðs af fyrirhuguðum efnahagsráðstöfunum að afla skatttekna af þessum stofnunum þegar á þessu ári. Í því skyni að komast hjá vandamálum þeim sem upp kunna að koma varðandi lögmæti afturvirkra skattalaga, án þess að skerða tekjumöguleika ríkissjóðs á þessu sviði, er lagt til að á árinu 1982 greiði bankar og sparisjóðir skatt er nemi 0,06% af heildarinnlánum þeirra. Það sem einkum mælir með þessari leið er að stofn sá sem lagt er á er kunnur auk þess sem útreikningur og innheimta hans getur fallið saman við innlánsbindingu Seðlabankans, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961 og reglur Seðlabankans um innlánsbindingu. Í þessu ákvæði er því kveðið svo á að stofn skattsins skuli vera sá sami og ofangreind lög og reglur mæla fyrir um, þ. e. innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar. Seðlabankinn skal innheimta skattinn f. h. ríkissjóðs og skila inn á reikning hans. Að öðru leyti er kveðið svo á að ýmis ákvæði launaskattslaga skuli gilda um innheimtu, viðurlög, ákvörðun skattsins o. fl. eftir því sem við getur átt. Skattur þessi er ekki frádráttarbær frá tekjum ársins 1982 vegna álagningar tekjuskatts 1983.

Um ákvæði til bráðabirgða V

Í ljósi hinnar nýju skattskyldu banka og sparisjóða þykir ekki hjá því komist að draga þegar í stað nokkuð úr gjaldtöku þeirri sem tíðkast hefur af gjaldeyrisbönkunum skv. lögum nr. 40/1969. Er lagt til að gjaldið vegna tekna þeirra af umboðsþóknun og gengismun lækki úr 60% í 50% á þessu ári og í 40% á næsta ári. Þá er og samkvæmt þessu ákvæði mælt svo fyrir að lög þessi skuli endurskoða eigi síðar en í árslok 1983 í ljósi þeirrar reynslu sem þá verður fengin af framkvæmd þeirra. Þykir nauðsynlegt að kveða á um þessa endurskoðun þar sem bankar verða skattskyldir í fyrsta sinn samkvæmt frumvarpi þessu.

Ed. 373. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m. a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast.
   Í öllu starfi hljómsveitarinnar skal kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila aðra sem að skyldum markmiðum vinna, einkum aðra íslenska flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa og stofnanir.
   Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum:
   a) Ríkissjóður 57%.
   b) Ríkisútvarp 25%.
   c) Borgarsjóður Reykjavíkur 18%.
   Efna má til samvinnu á viðskiptagrundvelli milli Sinfóníuhljómsveitarinnar annars vegar og Þjóðleikhússins, Íslensku óperunnar, Íslenska dansflokksins og annarra aðila hins vegar um einstök verkefni eftir því sem tilefni gefast til og önnur starfsemi hljómsveitarinnar leyfir.
   Samningur sé gerður milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar á móti framlagi útvarpsins samkv. þessari grein og sé í samningnum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótast á undanförnum árum.
   Semja má um hlutdeild sveitarfélaga í beinum staðbundnum kostnaði við tónleikahald hljómsveitarinnar utan Reykjavíkur.
   Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi, svo að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greitt af slíkum tekjum hennar.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Hljómsveitarráð skal skipað sjö mönnum, og er einn tilnefndur af fjármálaráðuneytinu, einn af Reykjavíkurborg, einn af Tónskáldafélagi Íslands, einn af Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitarinnar og einn af Ríkisútvarpinu. Þá skal skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík eiga sæti í ráðinu. Menntamálaráðuneytið skipar formann án tilnefningar, og skal hann vera menntaður tónlistarmaður.
   Menntamálaráðuneytið skipar hljómsveitarráð til fjögurra ára í senn og ákveður ráðsmönnum þóknun sem greiðist af rekstrarfé hljómsveitarinnar.
   Hljómsveitarráð fjallar um og leggur fullnaðarsamþykkt á starfs- og rekstraráætlanir hljómsveitarinnar.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Hljómsveitarráð ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn. Endurráðning er heimil.
   Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri hljómsveitarinnar, undirbýr verkefnaval í samvinnu við aðalhljómsveitarstjóra, formann hljómsveitarráðs og aðra þá aðila sem kvaddir kunna að vera til ráðuneytis, og leggur starfs- og rekstraráætlanir fyrir

hljómsveitarráð til umfjöllunar og afgreiðslu. Áætlanir þessar skulu gerðar fyrir eitt ár í senn og liggja fyrir eigi síðar en 1. júní ár hvert fyrir næsta almanaksár.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Hljómsveitarráð ræður hljómsveitarstjóra til tveggja ára í senn og skipar verkum með þeim að fengnum tillögum framkvæmdastjóra.

Hljómsveitarráð ræður hljóðfæraleikara að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, og að undangengnum prófum ef ástæða er til, í minnst 65 stöðugildi. Aðrir hljóðfæraleikarar eru ráðnir eftir því sem viðfangsefni krefjast og innan þeirra marka sem fjárframlög heimila.

Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða fá verk til flutnings hjá tónskáldum.

6. Við 7. gr. Greinin falli niður.
7. Við 8. gr. (sem verður 7. gr.). Í stað orðanna „fjárhagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga“ komi: fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Ed. 374. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. febr. 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.
Karl Steinar Guðnason.	Jón Helgason.	Davíð Aðalsteinsson.

Nd. 375. Breytingartillögur [211. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

Frá Friðrik Sophussyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni, Albert Guðmundssyni og Geir Hallgrímsssyni.

1. 4. gr. frumvarpsins orðist svo:

8. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 13/1979, orðist svo:

Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls. Nú er verðlagning frjáls og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.

Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.

3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

2. Ný grein (5. gr.) komi á eftir 4. gr. og orðist svo:

12. gr. laganna, sbr. 60. gr. laga nr. 13/1979, hljóði svo:

Verðákvarðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.

Nd. 376. Frumvarp til laga [205. mál]

um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. febr.)

Samhljóða þskj. 337 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Tollafgreiðslugjald skv. 1. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og skulu m. a. um innheimtu og lögvernd gjaldsins gilda ákvæði laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o. fl., laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæða þessa kafla, þ. á m. hvaða vörur skuli undanþegnar gjaldskyldu skv. 2. mgr. 1. gr. svo og að gjald skv. 5. mgr. sömu greinar skuli falla niður sé tollverð vörusendingar innan tiltekinna marka.

3. gr. hljóðar svo:

1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977) orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Þó er heimilt að ákveða að greiða skuli 2½% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af skatti þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.

5. gr. hljóðar svo:

3. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagar launaskatts eru fimm, sbr. þó 6. gr. Gjalddagi vegna launa, sem greidd eru fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars, er 15. apríl, fyrir mánuðina apríl og maí 15. júní, fyrir mánuðina júní og júlí 15. ágúst, fyrir mánuðina ágúst, september og október 15. nóvember og fyrir mánuðina nóvember og desember 15. janúar. Eindagi er mánuði eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Skattinn ber launagreiðanda, ótilkvöddum, að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Sé launaskattur ekki greiddur fyrir eindaga skal greiða dráttarvexti af því sem vangreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Þeim gjaldendum, sem eigi greiða hærri laun til annarra á mánuði en 15 000 kr., er heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á því uppgjörstímabili þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 150 000 kr. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 150 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða. Fjárhæðir í þessari málsgrein eru grunnfjárhæðir. Ráðherra er heimilt að hækka þær allt að því að þær hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem verða kann á vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1981. Grunnfjárhæðir eru miðaðar við framfærsluvísitöluna 144 stig hinn 1. febrúar 1982.

Ríkisskattstjóri lætur gera eyðublöð fyrir greinargerð um greiðslu launaskatts samkvæmt þessari grein. Skattstjórar skulu dreifa eyðublöðum þessum til gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt skv. 1. mgr. þessarar greinar, svo tímanlega að þau séu komin í hendur þeirra fyrir gjalddaga. Auk þess skulu eyðublöðin jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti skv. 1. og 3. mgr. þessarar greinar þó að honum hafi ekki borist eyðublað frá skattstjóra skv. 4. mgr.

7. gr. hljóðar svo:

5. gr. laganna orðist svo:

Innheimtumenn ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóri, skulu *mánaðarlega* skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum um launaskattsgreiðslur sem þeim hafa borist í síðastliðnum mánuði.

Skattstjórar skulu kanna launaskattsskil þeirra sem greiða eiga launaskatt skv. 3. gr., m. a. með samanburði við skattframtöl, launaframtöl og launamiða og önnur gögn sem fyrir hendi eru.

Komi í ljós að aðili sem greiða átti launaskatt skv. 3. gr. hafi vanrækt greiðslu hans að hluta eða öllu leyti eða ekki skilað greinargerð, sbr. 8. gr., skal skattstjóri ákvarða launaskattinn ásamt dráttarvöxtum sem á eru fallnir, sbr. 2. mgr. 3. gr., og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

12. gr. hljóðar svo:

10. gr. laganna orðist svo:

Innheimtu launaskatts og dráttarvaxta sem ákvarðast skv. 4. og 5. gr., sbr. 6. gr. þessara laga, annast sömu aðilar og greinir í 1. mgr. 3. gr. þessara laga. Ákvæði 114. gr. laga nr. 75/1981 um ábyrgð á skattgreiðslum og lögtaksrétt skulu gilda um innheimtu launaskatts.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

I

Hafi innflytjandi afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað áður en lög þessi öðlast gildi skal varan tollafgreidd án greiðslu skv. I kafla laga þessara, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 9. mars 1982.

Gjöld skv. I kafla laga þessara skal einnig greiða af vörum þeim sem gjaldskyldar verða samkvæmt honum og með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir gildistökudag laga þessara gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. maí 1982.

II

Við ákvörðun launaskatts fyrir gjaldárið 1982 vegna launaskattsskyldra launa á árinu 1981 skulu gilda ákvæði laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 um breyting á þeim lögum.

Vegna launaskattsskyldra launa á árinu 1982 fram að gildistöku þessara laga skal greiða launaskatt skv. 1. og 2. gr. laga nr. 14/1965, sbr. lög nr. 65/1977.

Verði vanskil á greiðslu launaskatts vegna launaskattsskyldra launa á 1. ársfjórðungi 1982 skal gjaldandi greiða dráttarvexti skv. 5. gr. þessara laga.

Nd. 377. Breytingartillaga [205. mál]

við frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Albert Guðmundssyni, Sighvati Björgvinssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

2. mgr. 3. gr. frv. orðist svo:

Þó er heimilt að ákveða að greiða skuli 2½% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum, sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Enn fremur hjá fyrirtækjum, sem flokkast undir byggingu og viðgerð mannvirkja, sem atvinnurekstur aðila (42 410) og aðila í eigin þágu (42 420), og byggingastarfsemi og viðgerð mannvirkja ót. a. (49 490—497).

Nd. 378. Breytingartillaga [205. mál]

við frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni, Albert Guðmundssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Magnúsi H. Magnússyni.

Á eftir 2. gr. í I. kafla frv. komi ný grein, er verði 3. gr. og orðist svo:

Tollafgreiðslugjald skv. lögum þessum skal ekki innheimt af vörum, sem aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af skv. heimildum í 6. gr. fjárlaga og 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Nd. 379. Frumvarp til laga [216. mál]

um breytingu á ábúðarlögum nr. 64 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Við 2. mgr. 2. greinar bætist svohljóðandi ákvæði:

Jarðanefnd getur einnig undanþegið stéttarfélög byggingarskyldu á jörð ef jörðin er vel fallin til útivistar og orlofsheimili félagsmanna eru þar starfrækt eða áformuð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í janúarmánuði 1981 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd manna til að endurskoða ábúðar- og jarðalög „með tilliti til hagsmuna orlofsbyggða verkalýðsfélaga."

Nefndin fékk við störf sín upplýsingar um, að stéttarfélög, sem eiga jarðir eða stefna að því að eignast jarðir til að gefa félagsmönnum þar kost á orlofsdvöl, telja fyrirmæli ábúðarlaga um að jörðum skuli haldið í ábúð rekast mjög á hagsmuni félagssamtaka við að veita félagsmönnum aðgang að landi til útilífs og orlofsdvalar. Auk þess íþyngi byggingarskylda fjárhagsgetu félagssamtaka, þar sem bæði þurfi að láta fjármagn til framkvæmda ábúenda og greiða andvirði eigna hans í mannvirkjum við brottför af jörðinni.

Ábúðarlög hafa um langa tíð geymt ströng ákvæði um skyldu jarðareigenda að halda jörðum sínum í ábúð, sitji þeir jarðirnar ekki sjálfir.

Í lögum nr. 64/1976 er slakað til muna á hinum ströngu byggingarskylduákvæðum, þar sem jarðanefndum er heimilað að undanþiggja jarðareiganda byggingarskyldu á jörð sinni, ef hún er, að mati nefndarinnar, svo kostarýr til búskapar eða þannig í sveit sett, að nefndin telur ekki fært að hafa búskap þar að aðalatvinnu.

Nefndin varð sammála um að rýmka heimildir, sem jarðanefndum eru veittar, til að undanþiggja jarðareiganda byggingarskyldu, þegar stéttarfélög eiga í hlut og áforma að nota jarðirnar í þágu félagsmanna.

Um 1. gr.

Í greininni felst, að stéttarfélög í merkingu vinnulöggjafar, geta komist hjá þeirri skyldu að byggja jarðir, sem þau eiga, þegar þær losna úr ábúð, sé jörðin talin vel fallin til útilífsnota og orlofshúsabyggða og slík afnot eru áformuð.

Nd. 380. Frumvarp til laga [217. mál]

um breytingu á jarðalögum nr. 65 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

Gera tillögur um úthlutun landsvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða einstaklinga, orlofshúsa stéttarfélaga og til almennrar útivistar, ef sóst er eftir landi í því skyni.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Óski stéttarfélag eftir landi til reksturs orlofshúsa fyrir félagsmenn, er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands, rýri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í janúarmánuði 1981 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða ábúðar- og jarðalög „með tilliti til hagsmuna orlofsbyggða verkalýðsfélaga."

Nefndin kynnti sér eftir föngum hvernig hagsmunir stéttarfélaga varðandi forræði á landi utan þéttbýlis væru skertir, þannig að þörf væri af þeim ástæðum að breyta jarðalögum.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú að gera þær breytingartillögur, sem felast í frumvarpi þessu og eru þess efnis að sérstakt tillit verði tekið til þarfa stéttarfélaga fyrir land til útilífsnota og undir orlofshús vegna félagsmanna.

Um 1. gr.

Í 5. gr. jarðalaga eru talin upp verkefni jarðanefnda. Í 2. tölulið er jarðanefndum auk fyrri verkefna ætlað að gera tillögur um úthlutun lands undir orlofshús stéttarfélaga.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli. Þó að meginstefnan sé, að land sem nýtt er til landbúnaðar megi aðeins taka úr landbúnaðarnotum að fengnu samþykki ráðherra, jarðanefndar og Landnáms ríkisins, getur viðkomandi jarðanefnd heimilað not landbúnaðarlands undir orlofshús stéttarfélaga.

Ed. 381. Frumvarp til laga [170. mál]

um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. febr.)

Samhljóða þskj. 274 með þessari breytingu:

24. gr. hljóðar svo:

Nú hefur vara, sem um getur í 23. gr., verið afhent til flutnings án þess að flytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika hennar, og er honum þá heimilt að skilja vöruna eftir, þar sem hann er staddur, og gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana með þeim hætti að ekki valdi öðrum tjóni, enda er hann þá ekki skaðabótaskyldur. Þess skal ávallt gætt í slíkum tilvikum, að sendandi verði fyrir sem minnstum skaða.

Sþ. 382. Fyrirspurn [218. mál]

til viðskiptaráðherra um verðlagningu olíu.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hver hefur verið þróun olíuverðs á heimsmarkaði (Rotterdam) síðustu 12 mánuði, og hvernig er útlitið á verðlagningu olíu á næstu árum að mati alþjóðlegra stofnana?
2. Hvenær kemur lækkun fram í verði til neytenda hér á landi þegar olíuverð lækkar á heimsmarkaði, og hver er ástæðan fyrir því, að slík lækkun hefur ekki átt sér stað til neytenda hér?

Ed. 383. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mælum við undirritaðir með því að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. febr. 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Davíð Aðalsteinsson. | Guðm. Bjarnason.

Ed. 384. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin samþykkir að mæla með því að frv. verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 25. febr. 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Guðm. Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson. | Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 385. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. frumvarpsins orðist svo:

3. og 4. málsliður 1. tl. 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 27/1979, orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, barnaheimila og leikskóla megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hin ýmsu afhendingarstig þeirra húsa, sem um ræðir í 3. málslið, og taka mið af því, að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

Ed. 386. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á sjö fundum. Til viðræðna við nefndina komu m. a. forseti Hæstaréttar, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, fulltrúar Lögmannafélags Íslands og formaður réttarfarsnefndar.

Það er samdóma álit nefndarmanna, að nauðsyn beri til að endurskoða frumvarp til lögréttulaga sem alloft hefur verið lagt fram á Alþingi, en eigi náð fram að ganga. Telur nefndin eðlilegt að við þá endurskoðun sé þess sérstaklega gætt, að sem flest sjónarmið komi fram.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 25. febr. 1982.

Eiður Guðnason, form., með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Jón Helgason, frsm.
Salome Þorkelsdóttir.	Stefán Jónsson, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson.
	Egill Jónsson.	

Ed. 387. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. gr. falli niður.

Sþ. 388. Tillaga til þingsályktunar [219. mál]

um rannsókn og hagnýtingu surtarbrands á Vestfjörðum.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Matthías Bjarnason, Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin skuli fela Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins rannsókn á surtarbrandi á Vestfjörðum og könnun leiða til nýtingar hans til orkuframleiðslu og iðnaðar.

Skal verkefni þessu hraðað svo sem verða má. Hafa skal samráð við Orkubú Vestfjarða um aðgerðir þessar. Kostnaður við verkið greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Allt frá því að olían hækkaði í verði í október 1973 hafa flest lönd heimsins reynt að finna eldsneyti sem gæti komið í staðinn fyrir olíu.

Augu manna hafa æ meir beinst að kolum. Til er gífurlega mikið af kolum í heiminum, en þar sem olía var mjög ódýr hafði ekki verið lögð nein veruleg áhersla á þróun tækni til nýtingar kola.

Nágrannar okkar, Danir, voru með þeim fyrstu sem fóru að nota kol í stað olíu, enda var löng hefð hjá þeim í notkun kola. Fyrstu viðbrögð þeirra voru að breyta öllum sementsverksmiðjum í kolakyndingu. Nú standa yfir miklar breytingar í Danmörku á þeim rafstöðvum, sem ekki voru kolakyntar, yfir í kolakyndingu. Einnig hafa verið gerðar miklar ráðstafanir til að tryggja innflutning kola.

Aðrar Norðurlandaþjóðir leggja mikla áherslu á þróun kolanýtingar, einkum Finnar, sem hafa þó stór kjarnorkuver. Liður í þessari viðleitni var ráðstefna sem haldin var í Finnlandi í október 1981 á vegum NORDEL um „Fluidized bed" kolakyndingu sem mætti kalla svifbruna-kyndingu.

Þessi tækni er ekki ný af nálinni og hefur verið notuð síðan 1922 í iðnaði, en eftir olíuverðshækkunina var fyrir alvöru farið að þróa þessa tækni. Þessi tækni felst í því, að lofti er blásið inn í ofninn að neðan og eldsneytinu haldið svífandi inni í eldholinu þannig að mjög góður bruni fæst. Saman við er blandað kalksteini sem dregur í sig brennistein úr kolunum, og er þá reykurinn laus við brennistein, sem annars er mjög erfitt og dýrt að losna við með venjulegri kyndingu.

Með „Fluidized bed" tækninni opnaðist ný og áður óþekkt aðferð til að nýta eldsneyti með lægra brunagildi en venjuleg kol, svo sem brúnkol (surtarbrand), mó, sag, viðarkurl o. fl., eins og t. d. Finnar gera.

Nú þegar er hægt að fá keypta á almennum markaði ofna sem gerðir eru til að nýta þessa nýju tækni.

Í Þýskalandi á þessi tækni sér merka sögu, og miklar tilraunir eru gerðar víða um lönd, svo sem í Englandi og Bandaríkjunum.

Athygli vekur að í Kína voru þegar árið 1981 komnir 60 gufukatlar með þessari tækni og eru nú um 10 teknir í notkun árlega. Í Kína eru notuð kol með lágu brennslugildi eða um 9—20 MJ/kg. Surtarbrandurinn liggur á þessu sviði eða í kringum 16 MJ/kg (um 4000 kcal/kg).

Það er stefna okkar Íslendinga að gera okkur sem óháðasta innflutningi orkugjafa. Þess vegna viljum við hagnýta eigin orkulindir. Það gerum við með því að virkja fallvötnin og jarðvarmann. En orkan, sem fæst eftir þessum leiðum, verður ekki af tækni- og hagkvæmniástæðum notuð til allra þarfa. Þannig verður rafmagn ekki enn hagnýtt til rekstrar þurrkara fiskmjöls- og loðnuverksmiðja og Sementsverksmiðjunnar, þó svo að slík notkun sé nú á rannsóknarstigi. Þess vegna á Sementsverksmiðjan ekki annars úrkosta en að taka upp kolanotkun þegar horfið er frá notkun olíu, eins og nú er ákveðið. En með þessari breytingu hjá Sementsverksmiðjunni er ekki um að ræða að hagnýta innlendan orkugjafa í stað erlends. Það er verið að breyta um erlenda orkugjafa.

Það hlýtur að vera nú eitt af stóru verkefnunum í framkvæmd orkumálastefnu okkar að hagnýta innlenda orkugjafa sem eldsneyti. Þar er um að ræða hagnýtingu surtarbrands.

Gísli Júlíusson verkfræðingur flutti erindi á Orkuþingi 1981, þar sem hann vakti athygli á því, hvernig rannsóknum á surtarbrandi hefur verið háttað hér á landi. Rannsóknir þessar hófust þegar um síðustu aldamót. Rannsóknir hafa aðallega beinst að því að finna, hvar surtarbrandslög eru, og að efnasamsetningu brandsins og brennslugildi, en ekki hversu mikill hann er. Þó eru til ágiskanir sem gerðar hafa verið eftir aðstæðum á þeim stöðum þar sem surtarbrandslög hafa fundist.

Vestfirðir hafa sérstöðu í þessum efnum. Þar fyrirfinnast surtarbrandslög víðs vegar. Má þar nefna surtarbrandslögin á Barðaströnd, Patreksfirði, Arnarfirði, Súgandafirði, Bolungarvík, Steingrímsfirði, Hrútafirði og Kollafirði í Strandasýslu. En sá staður, sem athyglin

hefur beinst helst að, er Stálfjall í Vestur-Barðastrandarsýslu. Þar hefur farið fram lauslegt mat og var það gert árið 1917 af sænska verkfræðingnum Ivar Svendberg, sem áleit að þar væru um 180 milljónir tonna af surtarbrandi og mundi það nægja 600 MW rafstöð í 60 ár. Hér er um að ræða álíka mikið uppsett afl og nú er samtals í öllum vatnsaflsvirkjunum landsins.

Áður fyrr, og einkum á heimsstyrjaldarárunum fyrri og síðari, var surtarbrandur nokkuð unninn á Vestfjörðum, svo sem í Súgandafirði, Bolungarvík, Dufansdal og Stálfjalli. Með þeirri tækni, sem þá viðgekkst, þótti þetta eldsneyti of dýrt og erfitt að nálgast það. Með nútímaaðferðum við námugröft og flutningatækni og endurbættum brennsluaðferðum eru viðhorf nú gjörbreytt. Vinnsla surtarbrands gæti nú orðið arðvænleg.

Með tilliti til þessa er þingsályktunartillaga þessi fram borin. Vinda verður bráðan bug að því að kanna hverjir möguleikar kunna að vera hér ónotaðir. Svo miklir hagsmunir eru í húfi að vinna verður markvisst og skipulagsbundið í máli þessu. Þess vegna er lagt til að Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins verði falin rannsókn á surtarbrandi á Vestfjörðum og könnun leiða til nýtingar hans til orkuframleiðslu og iðnaðar. Nú liggur þegar fyrir mikil vitneskja um staðsetningu surtarbrandslaga og brennslugildi surtarbrandsins. Hins vegar er lítið vitað með vissu um magn surtarbrandsins á hinum ýmsu stöðum. Ekki hefur heldur verið rannsökuð aðstaða til vinnslu surtarbrandsins á hinum ýmsu stöðum miðað við nútímaaðferðir við námugröft og flutningatækni. Þá hefur arðsemi af vinnslu surtarbrands ekki verið metin miðað við þær endurbættu brennsluaðferðir sem nú eru fyrir hendi. Allt eru þetta verkefni, sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að unnin verði af Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins. Svo mikils er um vert, að verk þetta verði unnið með þeim hraða sem frekast er unnt, að lagt er til að þessar stofnanir fái sérstakar fjárveitingar úr ríkissjóði til að standa undir kostnaði við þetta viðfangsefni.

Jafnframt því, að á Vestfjörðum eru aðalsurtarbrandssvæði landsins, hafa Vestfirðir einnig þá sérstöðu að hafa yfir að ráða minni orkulindum en aðrir landshlutar í formi vatnsafls og jarðhita. Er því tvöföld ástæða til að leggja sérstaka áherslu á vinnslu surtarbrands á Vestfjörðum. Árangurinn af slíku gæti líka orðið tvíþættur. Annars vegar væri skapaður möguleiki, sem nú er ekki fyrir hendi, til þess að leysa olíuna af hólmi með innlendum orkugjafa í mjög þýðingarmiklum og orkufrekum iðnaði. Hér dugar ekki að auka raforkuframleiðslu í landinu vegna þess að raforkan verður ekki hagnýtt í þessu skyni. Til þess þarf að koma nýr orkugjafi, sem við nú ráðum ekki yfir, en gætum fengið með hagnýtingu surtarbrandsins. Hagnýting slíks nýs orkugjafa hefði í för með sér ómetanlegan hag fyrir efnahagslíf landsins í heild. Hins vegar væri skapaður möguleiki með hagnýtingu surtarbrandsins til stóráataks til eflingar byggð á Vestfjörðum. Grundvöllur fengist fyrir þeirri fjölbreytni í atvinnulífi sem þar skortir mjög á. Þessi hagnýting orkulinda getur skapað beinlínis mjög mikla atvinnu við námugröftinn og flutninga, auk þeirrar almennu atvinnuuppbyggingar sem óbeinlínis hlýtur að leiða af þessari vinnslu. Með slíkri þróun gæti staða Vestfjarða í orkumálum landsins gerbreyst frá því sem nú er. Í stað þess að hafa lítið gildi fyrir orkubúskap þjóðarinnar í heild, þegar einungis er litið á vatnsafl og jarðhita, væru Vestfirðir þýðingarmikill aðili í orkuvinnslu landsins, auk þess að vera með hagnýtanlega orkulind sem ómissandi er, en ekki annars staðar að hafa í landinu eða í miklu minna mæli.

Hér er ekki um neitt hégómamál að ræða. Það má vera ljóst, þegar haft er í huga hve mikil sú orka er sem þarf til þess rekstrar er notar eldsneyti sem orkugjafa. Hér er um að ræða þann rekstur sem nú notar olíu, en surtarbrandur gæti leyst af hólmi. Á árinu 1980 voru flutt inn 171 000 tonn af svartolíu. Þar af munu hafa farið um 100 000 tonn til fiskmjölsverksmiðja, Sementsverksmiðjunnar og Hvalstöðvarinnar. Ef þessir aðilar notuðu surtarbrand yrði gjaldeyrir sparaður að upphæð um 21 millj. dollara eða um 210 millj. kr. Útsöluverð væri um 240 millj. kr. Af surtarbrandi samsvarandi að orkugildi mundi þurfa um



230 000 tonn. Þetta mundi svara til um 900 Gwh. á ári í rafmagni eða sem svarar 210 MW í uppsettu afli, sem er jafnmikið og Hrauneyjafossvirkjun fullbúin.

Hér hefur einungis verið talað um hagnýtingu surtarbrandsins sem eldsneytis. Slík notkun surtarbrands kemur þó til greina í ýmsum fleiri tilvikum en hér hefur verið getið, svo sem til kyndingar hitaveitna sem ekki hafa jarðvarma sem orkugjafa. Þá kann og að geta verið hagkvæmt að framleiða rafmagn með surtarbrandi í raforkuverum á námustað. En auk þess getur surtarbrandurinn orðið hagnýttur til margs konar efnaiðnaðar.

Af þessu má marka hve þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskapnum hagnýting surtarbrandsins gæti orðið fyrir landið í heild og Vestfirði sérstaklega.

Hér fylgir kort gert af Kristjáni Sæmundssyni jarðfræðingi, af surtarbrandi á Vestfjörðum.

Sþ. 389. Þingsályktun [171. mál]

um staðfestingu viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Spánar.

(Afgreidd frá Sþ. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 275.

Sþ. 390. Þingsályktun [12. mál]

um smærri hlutafélög.

(Afgreidd frá Sþ. 25. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög um hlutafélög með hliðsjón af réttarstöðu smærri hlutafélaga.

Ed. 391. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar tvö frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum, að hluta til samhljóða, þ. e. varðandi það atriði að færa kosningar til sveitarstjórna yfir á laugardaga.

Fyrra frv., sem er á þingskjali 321, var flutt af fjórum þm. sem sæti eiga í allshn. Ed., þeim Salome Þorkelsdóttur, Stefáni Jónssyni, Stefáni Guðmundssyni og Eiði Guðnasyni, og fjallar frv. eingöngu um breytingu á 17. gr. sveitarstjórnarlaganna, þ. e. að færa kjördag yfir á laugardaga, til samræmis við lög um kosningar til Alþingis, en sömu flm. fluttu frv. um það efni sem varð að lögum í des. s. l.

Síðar var svo lagt fram á þingskjali 347 stjfrv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961. 1. gr. þess frv. er samhljóða fyrra frv. varðandi breytingu á 17. gr., en einnig er í 2. gr. frv. lögð til breyting á 18. gr. þessara laga.

Með tilliti til þess, að nefndin er sammála um að báðar þessar breytingar nái fram að ganga, er lagt til að afgreiða málið á þann veg að mæla með samþykkt þessa frv., sem felur í sér báðar breytingarnar. Jafnframt flytur nefndin breytingartillögu við 2. gr. frv. á sérstöku þskj.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frv.

Alþingi, 25. febr. 1982.

Eiður Guðnason, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.
Jón Helgason.	Stefán Jónsson.	Stefán Guðmundsson.
	Egill Jónsson.	

Ed. 392. Breytingartillaga [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr. bætist:

Kjörstjórnir í þeim sveitarfélögum, þar sem kosningar fara fram síðasta laugardag í júní, skulu sérstaklega ganga úr skugga um að þeir einstaklingar, sem flutt hafa lögheimili sitt á tímabilinu milli kjördaga, hafi eigi neytt atkvæðisréttar í öðru sveitarfélagi.

Ed. 393. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 25. febr. 1982.

Eiður Guðnason, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.
Jón Helgason.	Stefán Jónsson.	Stefán Guðmundsson.
	Egill Jónsson.	

Ed. 394. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frumvarp innsiglar getuleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Eftir harðvítugar deilur í stjórnarliðinu um efnahagsaðgerðir og mikið yfirlýsingastríð og heitstrengingar, sem stóðu vikum saman, birtist að lokum svonefnd skýrsla ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum. Efnisinnihald reynist rýrt og yfirlýsingarnar því marklausar.

Allar götur síðan hefur ríkisstjórnin burðast við að búta þetta lítilræði niður í sem flest frumvörp og mestan málatilbúnað, eins og hún telji að þessar svonefndu aðgerðir vaxi þá af sjálfu sér. Er nú svo smátt brytjað að efnisinnihald má heita fulltalið í fáeinum orðum.

Efni þessa frumvarps er fyrst og fremst álagning á nýju afbrigði tolla til mótvægis við nýsamþykkta tollalækkun og svo lækkun launaskatts um 1% hjá vissum atvinnugreinum, sem óvissa hefur þó ríkt um hverjar væru a. m. k. allt fram undir þennan dag. Í launaskattsmálum hefur þjóðin horft upp á hin furðulegustu vígaferli stjórnarliða síðustu dagana, sem lyktaði eins og venjulega við uppgjöf framsóknarmanna.

Um hið nýja tollafbrigði er það að segja, að með því á að leggja á almenning tvöfalda til þrefalda þá upphæð, sem tollar voru lækkaðir um hér um daginn. Í skjóli úreltrar vísitölumælingar má launafólk axla þessar byrðar bótalaust, en svona vísitöluleikfimi, sem bitnar á launafólki án þess að sjást í opinberri skýrslugjöf um verðlagsþróun og kaupmátt, er nú sem fyrr ær og kýr Alþýðubandalagsins.

Undirritaðir fjárhags- og viðskiptanefndarmenn eru andvígir 1. og 2. gr. frumvarpsins, sem fjalla um hið nýja tollafbrigði sem upp á að taka með tilheyrandi skriffinnsku. Við 3. gr. frv. flytjum við breytingartillögu á sérstöku þingskjali, þannig að aðstaða í iðnaði verði jöfnuð með tilliti til launaskattsákvæða. Þá eru nefndarmenn andvígir framlengingarákvæðum sérstaks tímabundins innflutningsgjalds skv. 16. og 17. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 25. febr. 1982.

Kjartan Jóhannsson, fundaskr., frsm. Lárus Jónsson. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 395. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Á eftir 2. gr. í I. kafla frv. komi ný grein, er verði 3. gr. og orðist svo:
   Tollafgreiðslugjald skv. lögum þessum skal ekki innheimt af vörum, sem aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af skv. heimildum í 6. gr. fjárlaga og 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.
2. Við 2. mgr. 3. gr. bætist:
   Enn fremur hjá fyrirtækjum, sem flokkast undir byggingu og viðgerð mannvirkja, sem atvinnurekstur aðila (42 410) og aðila í eigin þágu (42 420), og byggingastarfsemi og viðgerð mannvirkja ót. a. (49 490—497).

Ed. 396. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi taka gildi 1. júlí 1982.
Ákvæði 5. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Ed. 397. Lög [205. mál]

um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

(Afgreidd frá Ed. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 376 (sbr. 337).

Ed. 398. Lög [27. mál]

um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.

(Afgreidd frá Ed. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 351.

Ed. 399. Frumvarp til laga [220. mál]

um fóðurverksmiðjur.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

I. KAFLI

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélaga um eignaraðild og rekstur fóðurverksmiðja, sem eru í ríkiseign.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja félagssamtökum eða einstaklingum fóðurverksmiðjur í eigu ríkissjóðs og lána söluverðið með sömu kjörum og jarðakaupalán frá Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Ef um sölu til hlutafélags er að ræða, er ríkisstjórninni heimilt að leggja eignir verksmiðjunnar fram á matsverði sem hlutafé.

Þá er ríkisstjórninni heimilt að selja á leigu fóðurverksmiðjur í eigu ríkissjóðs.

Leigugjald skal ákveðið með samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélaga, sem eigi og reki nýjar fóðurverksmiðjur.

Við staðarval ber að huga að aðstöðu til hráefnisöflunar, orkuöflunar og nálægðar markaða.

Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa menn í stjórn slíkra hlutafélaga að jöfnu í samræmi við hlutafjáreign ríkisins.

II. KAFLI

4. gr.

Ríkisstjórnin starfrækir áfram fóðurverksmiðjur þær, sem nú eru eign ríkissjóðs og ekki verður ráðstafað samkvæmt I. kafla laga þessara, en að því skal stefnt, að við framleiðsluna nýti þær hráefni bæði frá landbúnaði og sjávarútvegi.

5. gr.

Stjórn fóðurverksmiðja ríkisins skal skipuð fimm mönnum og jafn mörgum til vara, sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Ráðherra skipar formann stjórnar, sem að öðru leyti skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórn fóðurverksmiðja ríkisins hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjanna. Hún ræður verksmiðjustjóra við hverja verksmiðju, sem hefur á hendi daglega stjórn.

7. gr.

Stjórn fóðurverksmiðja ríkisins ákveður verð á framleiðsluvörum þeirra, svo og söluskilmála, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið. Við verðákvörðun skal stefnt að því, að reksturinn standi undir öllum kostnaði, þ. á m. vöxtum og afskriftum.

III. KAFLI

8. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn mála, er lög þessi varða og setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

9. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi 4. tl. 28. gr. og 55.—60. gr. 10. kafla laga nr. 45/1971 svo og önnur lagaákvæði, er fara kunna í bága við lög þessi.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér á landi eru nú starfræktar fimm grænfóðurverksmiðjur, sem í frumvarpi þessu eru nefndar fóðurverksmiðjur, og þrjár eru í undirbúningi. Starfræktar verksmiðjur eru að Gunnarsholti á Rangárvöllum, á Stórólfsvelli, að Flatey á Mýrum, í Saurbæ í Dalasýslu og að Brautarholti á Kjalarnesi. Allar eru verksmiðjurnar í ríkiseign nema verksmiðjan að Brautarholti. Í undirbúningi eru verksmiðjur í Hólminum, Skagafirði, að Saltvík, Reykjahreppi, S.-Þing. og í Borgarfirði. Heildarframleiðsla allra grænfóðurverksmiðjanna var árið 1980 12.848 tonn og árið 1981 9.986 tonn.

Áður en gripið var til kjarnfóðurskatts og framleiðslukvóta, var árlegur innflutningur á kjarnfóðri nálægt 70 þús. tonnum. Nokkuð hefur dregið úr innflutningi kjarnfóðurs og nam hann um 60 þús. tonnum árið 1981.

Mikill áhugi hefur verið fyrir því á undanförnum árum að efla innlendan fóðuriðnað til þess að draga úr innflutningi og spara þannig gjaldeyri. Ýmiss konar innlent fóður er nú notað í kjarnfóðurblöndur, t. d. grasmjöl og fiskimjöl. Í grasköggla hefur verið blandað steinefnum, lýsi, fitu frá sláturhúsum og fiskimjöli.

Mikill áhugi er nú á aukinni kornrækt í landinu, a. m. k. á vissum svæðum. Bændur í Landeyjum, sem rækta korn, hafa fengið Stórólfsvallarbúið til að þurrka korn sitt, mala það og blanda grasmjöli. Hefur þessi blanda gefið góða raun að sögn bændanna.

Árlega fellur til í landinu geysimikið magn af ýmiss konar hráefni, sem mætti nota til framleiðslu á fóðri handa búfé. Í þessu sambandi má nefna sláturhúsaúrgang, úrgang frá fiskvinnslustöðvum, mysu o. fl. Sláturhúsið í Borgarnesi og Kaupfélag Eyfirðinga reka þó vinnslustöðvar sem nýta þennan úrgang til framleiðslu á kjöt- og beinamjöli. Úrgangsfita úr þessum sláturhúsum hefur m. a. verið notuð til íblöndunar í grasköggla.

Auk hefðbundinnar framleiðslu á fiskimjöli og beinamjöli hefur á síðustu árum vaknað áhugi á framleiðslu á s. n. meltu úr fiskúrgangi og reyndar ýmsum öðrum lífrænum úrgangi. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafa um nokkurra ára skeið gert tilraunir með fisk- og hvalmeltu með góðum árangri.

Árlega falla til í mjólkurbúum landsins 7 millj. lítra af mysu. Aðeins lítill hluti hennar er nýttur. Hið lága þurrefnisinnihald mysunnar og mikill flutningskostnaður hefur komið í veg fyrir að hún væri notuð til fóðurs nema í mjög litlum mæli. Með nýrri tækni sem ekki krefst jafnmikillar orku og eiming, hefur tekist að framleiða mysuþykkni, sem inniheldur um 20%

þurrefni. Að undanförnu hafa verið gerðar á vegum RALA tilraunir með mysuþykkni með góðum árangri.

Allar þær afurðir, sem hér hafa verið nefndar, má nota í fóðurblöndur fyrir búfé, svo framarlega að farið sé eftir viðurkenndum forskriftum og reglum þar að lútandi. Mikið af þessu hráefni fer í dag forgörðum. Þykir því rétt að víkka verksvið þeirra verksmiðja, sem nú eru reknar og þeirra, sem reistar kunna að verða með aðild ríkisins, umfram það að vinna aðeins úr grasi og grænfóðri.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélaga, sem taki að sér eignaraðild og rekstur þeirra grænfóðurverksmiðja, sem nú eru í ríkiseign. Samkvæmt greininni er ekki gert ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé heimilt að ganga inn í félagsform með ótakmarkaðri ábyrgð. Samkvæmt því verður ríkissjóður ekki aðili að sameignarfélögum, sem kunna að verða stofnuð í því skyni að taka að sér eignaraðild og rekstur áðurnefndra verksmiðja.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. gr. er ríkisstjórninni heimilt að selja grænfóðurverksmiðjur ríkisins. Ekki eru skorður settar við því, hverjum sé heimilt að selja. Jafnframt felast í greininni heimildir til að lána söluverðið með kjörum, sem ætla má að kaupandi ráði við.

Í 2. mgr. er sérstakt ákvæði varðandi sölu til hlutafélags. Samkvæmt þeirri málsgrein er ríkisstjórninni heimilt að leggja eignir verksmiðjunnar fram á matsverði sem hlutafé. Gert er ráð fyrir, að við ákvörðun matsverðs verði fyrst og fremst tekið mið af uppfærðum stofnkostnaði verksmiðjunnar að frádregnum yfirteknum skuldum og sambærilegum afskriftum á fasteignum viðkomandi verksmiðju, sem Fasteignamat ríkisins og Yfirfasteignamatsnefnd byggja á við ákvörðun endurstofnverðs fasteigna.

Þá er samkvæmt greininni heimilt að selja grænfóðurverksmiðjur í eigu ríkisins á leigu. Ekki þykir rétt að binda í lögum hámark eða lágmark slíks leigutíma, heldur verði slíkt samningsatriði.

Um 3. gr.

Samkvæmt greininni er ríkissjóði framvegis ekki ætlað að standa einn að byggingu og rekstri fóðurverksmiðja. Heppilegasta félagsformið fyrir ríkissjóð til að eiga aðild að eign og rekstri fóðurverksmiðja er hlutafélagsform. Slík hlutafélög yrðu væntanlega fyrst og fremst stofnuð með heimaaðilum, þar sem verksmiðja væri áformuð, framkvæmd málsins til styrktar.

Um 4. gr.

Komi ekki til sölu eða leigu þeirra verksmiðja, sem ríkið á nú, er ætlast til að þær verði í áframhaldi reknar þannig, að hráefnis verði víðar aflað en á akurlendum, þannig að framleiðslan hafi sem mest fóðurgildi.

Um 5. gr.

Sérstök stjórn er fyrir hverja ríkisverksmiðju samkvæmt gildandi lögum.

Samkvæmt frumvarpinu er einni yfirstjórn ætlað að fara með málefni allra verksmiðjanna.

Um 6.—10. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Nd. 400. Frumvarp til laga [221. mál]

um búnaðarmálasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Greiða skal gjald af vöru- og leigusölu í landbúnaði og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Gjald þetta, er nefnist hér búnaðarmálasjóðsgjald, skal reiknast í hlutfalli af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma. Tekjur sjóðsins skulu ár hvert skiptast að jöfnu milli búnaðarsambandanna annars vegar og Stéttarsambands bænda hins vegar, er hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum. Búnaðarfélag Íslands skiptir milli búnaðarsambandanna því fé, er fellur í hlut þeirra, með hliðsjón af áætluðu framleiðslumagni héraðanna af gjaldskyldum vörum og leigu.

2. gr.

Vöru- og leigusala í landbúnaði skiptist í 2 gjaldflokka.

Af afurðum þessara búgreina skal greiða 0,25% gjald:

a) Alifugla- og svínarækt.
b) Fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu.

Af afurðum annarra búgreina en áður eru nefndar skal greiða 0,50% gjald, þ. á m.:

a) Nautgripaafurðum úr sláturhúsum, mjólkurbúum og heimaunnum.
b) Sauðfjárafurðum úr sláturhúsum og heimaunnum.
c) Garð- og gróðurhúsaafurðum hvers konar.
d) Afurðum hrossa.
e) Sölu lífgripa, skógarafurðum, hlunnindum o. fl.

Með reglugerð skal ákveða nánar gjaldstofn hverrar búgreinar.

3. gr.

Búnaðarmálasjóðsgjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim, sem kaupa eða taka við vörunum frá framleiðendum sem milliliður að smásöludreifingu og kemur til lækkunar á verði því, sem framleiðendum er ætlað. Þeir framleiðendur, sem selja vöru sína án millilíða til neytenda eða til smásöluaðila, skulu standa skil á gjaldinu. Aldrei má hækka verð vöru eða leigu vegna gjaldsins.

Skylt er viðskiptaaðilum og framleiðendum, sem greiðsluskyldir eru hverju sinni fyrir gjaldi þessu, að gefa innheimtuaðila skýrslu um móttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, svo sem reglugerð mælir fyrir um.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um innheimtu, útreikning, gjalddaga þessa gjalds og önnur atriði, er lög þessi varða, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem annast innheimtu gjaldsins.

Gjald þetta má taka lögtaki.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982. Frá þeim tíma eru felld úr gildi lög nr. 38 frá 15. febr. 1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs og breytingar á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 30. júní 1980 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lagaákvæði um sjóðagjöld landbúnaðarins, sem innheimt eru til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og búnaðarmálasjóðs.

Nefndin hefur skilað áliti og leggur til, að lög um búnaðarmálasjóð frá 15. febr. 1945 verði endursamin til lagfæringar á atriðum sem orðin eru úrelt vegna breytinga á verslunar- og framleiðsluháttum í landbúnaði og nýrra búgreina.

Lög um búnaðarmálasjóð eru höfð til grundvallar við ákvörðun á gjaldstofni við álagningu á gjöldum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Lífeyrissjóðs bænda, sbr. l. nr. 101 frá 28. des. 1970, og til Bjargráðasjóðs, sbr. l. nr. 51 frá 26. maí 1972. Verði þetta frumvarp að lögum, mun það ákveða þennan gjaldstofn, en svo sem frumvarpið ber með sér, veldur það engum teljandi breytingum á gjaldskyldu til umræddra sjóða eða stofnunar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er að meginefni til óbreytt. Tekið er fram að gjaldskylda sé af leigu- og vörusölu í landbúnaði, sem er breytt orðalag frá gildandi lögum. Þá er heimilt að innheimta gjaldið jafnóðum og greiðslur fara fram til bænda, en það er óhjákvæmilegt, þar sem vélabókhald er. Lögin fela í sér ákvörðun um, hvert sé hlutfall búnaðarmálasjóðsgjaldsins, sem hefur verið gert með reglugerðarsetningu fram til þessa. Gjaldið er hið sama og innheimt er í dag eða 0,5% af tilskildum gjaldstofni á aðrar búgreinar en alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt og land- og veiðileigu, en þar er gjaldið helmingi lægra að hlutfalli eða 0,25%.

Um 2. gr.

Orðalag í gildandi lögum er orðið úrelt vegna breyttra vinnslu- og viðskiptahátta með búvöru. Þá er einnig gerð sú breyting að í stað þess að gefin sé heimild til gjaldtöku í búnaðarmálasjóð af afurðum alifugla, svína og hrossa og annarra aukabúgreina, eru þessar afurðir gjaldskyldar á sama hátt og afurðir sauðfjár og nautgripa og garð- og gróðurhúsaframleiðsla.

Um 3. gr.

Efnislega er þessi grein óbreytt frá gildandi lögum. Nánar er kveðið á um innheimtufyrirkomulag og hverjir aðilar eru gjaldskyldir, vegna þeirra breytinga á viðskiptaháttum með landbúnaðarafurðir, sem orðið hafa frá setningu gildandi laga.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 401. Frumvarp til laga [222. mál]

um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:
Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs er nemi 250 þúsund krónum.
2. Gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins, er hér segir:
   a. 1/2% á söluvörur í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu.
   b. 1% á annað sem gjaldskylt er.
   Gjald þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald.
3. Gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara, er nemi 1%. Gjald á vörur, sem ekki eru verðlagðar af sexmannanefnd, skal miða við áætlað heildsöluverð. Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða endurgreiðslu þessa gjalds eða niðurfellingu þess við útflutning afurða, sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur á heildsölustigi skulu standa skil á gjöldunum. Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald skv. 2. tl. þessarar greinar.
   Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.
4. Jöfnunargjald 1%, er skal reikna og innheimta á sama hátt og segir í 3. tl.
5. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri fjárhæð og nemur samanlögðum tekjum skv. 2. og 3. lið þessarar greinar.
6. Vaxtatekjur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum skv. 2., 3. og 4. tl. þessarar greinar og skal innheimta og álagning gjaldanna fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

63. gr. orðist svo:
Stofnunin ber heitið Byggingastofnun landbúnaðarins og starfar undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

3. gr.

68. gr. orðist svo:
Byggingastofnun landbúnaðarins er heimilt að selja þjónustu sína á sanngjörnu verði samkvæmt ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Því fé, sem fæst fyrir selda þjónustu, er stjórn deildarinnar heimilt að ráðstafa að hluta í sjóð, sem hafi það verkefni að styrkja nýjungar í gerð gripahúsa. Styrkveitingar skulu háðar samþykki forstöðumanns byggingastofnunarinnar. Að öðru leyti gangi það upp í rekstur Byggingastofnunar landbúnaðarins.

4. gr.

69. gr. orðist svo:

Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins ræður forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins og skal hann vera arkitekt eða með sambærilega menntun.

Hann skal annast rekstur stofnunarinnar eftir nánari ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að höfðu samráði við landnámsstjórn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 30. júní 1980, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lagaákvæði um sjóðagjöld landbúnaðarins, sem innheimt eru til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og búnaðarmálasjóðs. Tilefni þessarar nefndarskipunar voru tilmæli Framleiðsluráðs landbúnaðarins til landbúnaðarráðherra vegna ágreinings og erfiðleika á innheimtu gjalda af hinum svonefndu aukabúgreinum, einkum alifugla- og svínarækt.

Í nefnd þessa voru skipaðir, að tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Gunnar Guðbjartsson, þáverandi formaður Stéttarsambands bænda, Gísli Andrésson, bóndi og Gunnar Jóhannsson, bóndi. Þá skipaði ráðherra forstöðumann Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Stefán Pálsson, í nefndina og Guðmund Sigþórsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, sem formann. Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda, tók sæti Gunnars Guðbjartssonar í nefndinni í forföllum hans.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga frá hinum ýmsu aðilum til stuðnings störfum sínum og kvatt á fund sinn talsmenn þessara aðila: Félags áhugamanna í fiskrækt, Landssambands veiðifélaga, Landssambands ferðamannabænda, Skógræktar ríkisins og Svínaræktarfélags Íslands.

Að athuguðu máli telur nefndin rétt að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins:

1. Framleiðendagjald lagt á svína- og alifuglarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu verði ½ hins almenna gjalds eða 0,5% í stað 1% af gjaldstofni. Gjald þetta kemur ekki fram í hækkuðu afurðaverði, sbr. l. um búnaðarmálasjóð, og er því tekið af útborgunarverði til framleiðenda. Nefndin gerði athugun á hlutfallslegri samsetningu rekstrarkostnaðar í hinum ýmsu búgreinum, sem leiddi í ljós rök fyrir breytingu frá því sem er í dag, sbr. framanritað.
2. Tekin verði upp heimild fyrir landbúnaðarráðherra til að ákveða endurgreiðslu eða niðurfellingu á neytendagjaldi (1%) og jöfnunargjaldi (1%) af landbúnaðarafurðum, sem fara til sölu á markað erlendis og njóta ekki útflutningsbóta úr ríkissjóði. Þessi gjöld eru lögð við vöruverð við sölu innanlands, en koma til lækkunar því verði, sem greiðist fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir. Til að skerða ekki samkeppnisaðstöðu þeirra búgreina, er byggja framleiðslu sína aðallega á erlendum mörkuðum, er þessi breyting lögð til. Hér má nefna sérstaklega loðdýraafurðir.
3. Vegna úreltra ákvæða um stjórnskipan Byggingastofnunar landbúnaðarins, gerði nefndin, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra, tillögur um breytingar á lögum þar um, til samræmis við núverandi aðstæður.

Nefndin telur ekki að umræddar lækkanir á gjaldi framleiðenda til stofnlánadeildarinnar og undanþáguheimildir frá gjöldum til hennar við útflutning raski að verulegu marki fjárhagsgrundvelli deildarinnar. Á móti munu koma betri skil á gjöldum til deildarinnar frá því sem ella hefði orðið.

Nefndin vekur sérstaka athygli á neikvæðri fjárhagsstöðu deildarinnar áramótin 1980/1981 um 7,6 milljónir króna og því, að deildin átti þá útistandandi 56,8 milljónir króna í lánum með 2—18% ársvöxtum, sem koma til innborgunar allt fram undir næstu aldamót. Verðrýrnun á þessum lánum yrði meginhluti nafnverðs þeirra, takist ekki að stemma stigu við verðbólgunni og staða deildarinnar þeim mun lakari, þar sem á móti þessum lánum standa gengistryggð lán eða vísitölubundin við verðlag. Því leggur nefndin sérstaklega áherslu á, að lögboðið framlag til deildarinnar verði ekki skert á fjárlögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.:

Greinin felur í sér þau nýmæli, að gjald, sem innheimtist af framleiðendum í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu skuli vera 1/2% í stað þess að 1% er innheimt af þessum búgreinum skv. gildandi lögum. Jafnframt, að landbúnaðarráðherra sé heimilt að ákveða endurgreiðslu eða niðurfellingu á gjöldum af búvöru til útflutnings skv. 3. og 4. tölulið.

Að öðru leyti eru ákvæði þessarar greinar efnislega samhljóða núgildandi lögum.

Um 2. gr.:

Eina breytingin, sem er gerð, er að lagt er til að Byggingastofnunin heyri undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Með lögum nr. 68/1973 var reiknað með sérstakri stjórn Stofnlánadeildar eins og segir í 2. gr. þeirra laga. Í reynd hefur Byggingastofnunin heyrt undir þá stjórn.

Um 3. gr.:

Lagt er til, að Byggingastofnunin selji þjónustu sína gegn sanngjörnu gjaldi. En eins og lögin eru í dag er ekki gert ráð fyrir að selja megi þjónustu til að standa undir reksturskostnaði stofnunarinnar. Þetta hefur haft tvennt í för með sér. Annars vegar, að verkbeiðnir eru oft lítið hugsaðar fyrirfram, því enginn aukakostnaður hefur verið því samfara fyrir verkbeiðendur að láta gera nokkrar tillöguteikningar. Því hefur það kallað á lélega nýtingu starfsliðs og einnig hitt að ekki hefur verið ráðist í ráðningu verkfræðings fyrir stofnunina, þar sem ekki hefur verið heimilt að selja þjónustu hans til að standa undir kostnaði. Því hefur á undanförnum árum verið samið við Landnám ríkisins um þjónustu slíks starfskrafts, þar sem sú stofnun hefur heimild til að selja þjónustu sína. Geta má þess að sú þjónusta, sem Landnámið veitir í þessu sambandi, hefur ekki kostað byggjendur nema brot af þeim kostnaði, sem verkfræðiteikningar kosta á frjálsum markaði.

Um 4. gr.:

Gert er ráð fyrir að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins ráði forstöðumann fyrir stofnunina á svipaðan hátt og segir í 3. gr. laga nr. 68/1973 um ráðningu forstöðumanns Stofnlánadeildar. Tæplega getur talist eðlilegt, að ráðherra skipi forstöðumann tæknideildar, þar sem bankastjórar bankans eru ráðnir af bankaráði og forstöðumaður Stofnlánadeildar af stjórn Stofnlánadeildar.

Ed. 402. Breytingartillaga [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá Guðmundi Vésteinssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni.

2. gr. orðist svo:

18. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

a) eru 18 ára þegar kosning fer fram
b) eru íslenskir ríkisborgarar
c) eru ekki sviptir lögræði
d) eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar 2 vikur eru til kjördags.

Sþ. 403. Tillaga til þingsályktunar [223. mál]

um athugun á gerð brúar yfir Hvalfjörð.

Flm.: Guðmundur Vésteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á gerð brúar yfir utanverðan Hvalfjörð.

Greinargerð.

Hvalfjörður hefur um langan aldur verið farartálmi á leið manna milli landshluta. Þótt þjóðleiðin fyrir fjörðinn sé á láglendi verður hún oft ógreiðfær, einkum á vetrum vegna snjóa- og svellalaga. Harðir stormar og misvindar valda og vegfarendum erfiðleikum. Einnig kemur fyrir að aurskriður og snjóflóð falli á veginn og teppi leiðina fyrir Hvalfjörð.

Á síðustu árum hafa verið gerðar verulegar endurbætur á veginum fyrir Hvalfjörð og bundið slitlag lagt á hann að hluta, og ráðgert er að haldið verði áfram með það á næstu árum. Engu að síður má telja víst að leiðin fyrir Hvalfjörð verði ætíð erfið yfirferðar, eins og áður er getið.

Hvalfjörður er umtalsverður krókur fyrir þá sem fara hringveginn milli Reykjaness og Suðurlands annars vegar og Vestur- og Norðurlands hins vegar. Krókurinn fyrir Hvalfjörð lengir þessa leið um fast að 50 km og að því væri augljós ávinningur ef unnt væri að stytta þessa fjölförnu leið sem því nemur.

Ýmsir áhuga- og hugsjónamenn um samgöngubætur hafa á undanförnum árum vakið athygli á hugmyndinni um brú yfir Hvalfjörð og bent á hvernig aðrar þjóðir hafa ráðist í gerð samgöngumannvirkja eins og hér er um að tefla.

Samgöngur um Hvalfjörð hafa oft komið til kasta Alþingis með einum eða öðrum hætti. Má í því sambandi m. a. nefna, að árið 1967 samþykkti Alþingi, fyrir áeggjan bæjarstjórnar

Akraness, að skipuð skyldi svonefnd Hvalfjarðarnefnd, sem vann að athugun á ýmsum samgöngumöguleikum um Hvalfjörð. Skilaði nefndin skýrslu um störf sín í september 1972. Ekki verða niðurstöður nefndarinnar raktar hér í einstökum liðum, en nefndin athugaði m. a. ferjurekstur, varanlegan veg, brýr yfir fjörðinn innanverðan, vegfyllingu út í miðjan fjörð á grynningum í mynni hans og veggöng áfram á botni fjarðarins að norðanverðu frá skerinu Hnausum að Hólabrú. Á þessum slóðum háttar svo til, að breidd Hvalfjarðar er um 4 km, þar af er helmingur leiðarinnar grynningar, en síðan tekur við áll, 30—35 m djúpur, sem er siglingaleiðin út og inn fjörðinn.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að athugun á gerð brúar yfir Hvalfjörð verði fyrst og fremst beint að þessu svæði, enda verður það að teljast einna álitlegast sem brúarstæði.

Á þeim tíma, sem liðinn er frá því Hvalfjarðarnefnd vann að athugunum sínum, hefur margt breyst, enda meira en áratugur síðan. Forsendur fyrir ýmsum atriðum í niðurstöðum hennar hljóta því að hafa raskast verulega. Má í því sambandi benda á eftirfarandi:

FYLGISKJAL



1. Aukin byggð og atvinnuumsvif á svæðinu norðan Hvalfjarðar.
2. Aukin umferð um Hvalfjörð og fjölgun bifreiða landsmanna.
3. Rekstrarkostnaður ökutækja hefur hækkað að mun vegna orkukreppu.
4. Verktækni hefur fleygt fram og Íslendingar hafa öðlast mikilsverða reynslu við gerð meiri háttar samgöngumannvirkja, svo sem brúnna á Skeiðarársandi og brúarinnar yfir Borgarfjörð.

Augljóst er að mörg þýðingarmikil og kostnaðarsöm verkefni í vega- og samgöngumálum bíða enn óleyst um nær allt land og að þeim verður unnið áður en hugsanlega verður ráðist í gerð svo viðamikils brúarmannvirkis yfir Hvalfjörð sem tillaga þessi gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að láta athuga.

Samgöngumál eru mjög mikilvæg þjóð sem býr í stóru og strjálbýlu landi. Þess vegna er brýn ástæða til þess, að vel sé hugað að nýjum og breyttum viðhorfum á því sviði og í tíma sé gefinn gaumur að framtíðarmöguleikum. Það er álit ýmissa aðila, sem láta sig þessi mál varða, að teljast verði tímabært að fram fari fullkomin athugun á hugmyndinni um brú yfir Hvalfjörð. Slík athugun mundi varpa ljósi á tæknilega og fjárhagslega hlið málsins og veita áreiðanlega vitneskju um þjóðhagslegt gildi framkvæmdarinnar.

Nd. 404. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Í efri deild var engin breyting gerð og efnislega var engin breyting gerð í heilbr.- og trn. Nd. Nefndin leggur hins vegar til svofellda

BREYTINGU:

2. gr. hljóði svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67/1971, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Breytingartillaga þessi þarfnast varla skýringar.

Alþingi, 3. mars 1982.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Pálmi Jónsson.	Magnús H. Magnússon.	Guðm. G. Þórarinsson.
	Matthías Bjarnason.	

Sþ. 405. Tillaga til þingsályktunar [224. mál]

um aðgerðir til þess að tryggja eðlilega byggðaþróun í Árneshreppi í Strandasýslu.

Flm.: Matthías Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Sighvatur Björgvinsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi í Strandasýslu og gera kostnaðaráætlun um þessar framkvæmdir og tillögu til fjáröflunar til að standa undir þeim, og verði stefnt að því, að vinna geti hafist vorið 1983.

Þessar aðgerðir verði þær fyrstu af hálfu ríkisvaldsins nú til þess að treysta og efla byggð í nyrsta hreppi Strandasýslu. Kostnaður við þessa hönnun og undirbúning framkvæmda greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Íbúar Árneshrepps hafa frá aldaöðli lifað jöfnum höndum af gæðum lands og sjávar. Jafnan hefur verið harðbýlt og strjálbýlt í þessum hreppi. Gróðursælasta og búsældarlegasta sveitin er Trékyllisvík. Í hreppnum eru allmikil hlunnindi af selveiði og dúntekju, þar veiðist mikið af grásleppu og reki er nokkur.

Á fjórða tug þessarar aldar var reist síldarverksmiðja á Djúpuvík í Árneshreppi, og nokkru síðar var reist önnur síldarverksmiðja á Eyri í Ingólfsfirði og var þá mikið blómaskeið í þessum hreppi. Þessar atvinnugreinar hrundu þegar komið var fram á fimmta áratug þessarar aldar, og hafði það afdrifaríkar afleiðingar fyrir það fólk sem byggði þetta svæði.

Á árinu 1910 voru íbúar Árneshrepps 431, en þeim fjölgaði um 11.1% á næsta áratug og voru 479 árið 1920. Þá verður nokkur breyting næstu árin á eftir, þegar íbúum hreppsins fækkar í 434 á árinu 1930 eða um 9.4%. En með hinni miklu atvinnuuppbyggingu, sem varð á fjórða áratugnum, fjölgar íbúum í hreppnum og á árinu 1940 eru þeir 515, fjölgun um 18.7%. 1950 er farið að síga verulega á ógæfuhliðina því þá er íbúatalan orðin 413, og fækkun verður á áratugnum 1950—1960 um 30.5% eða í 287 íbúa. Á árinu 1970 heldur þessi þróun áfram og fer íbúatalan niður í 216 á árinu 1960, en fæstir eru íbúar í Árneshreppi á árinu 1978, aðeins 168. Síðan hefur heldur fjölgað og íbúar þar á síðastliðnu ári voru 175.

Þeir íbúar hreppsins, sem vildu ekki yfirgefa heimaslóðir sínar, en halda þar áfram byggð, sáu að ekki mátti við svo búið standa, því að á aðalfundi Búnaðarfélags hreppsins, sem haldinn var 17. ágúst 1973, var rætt um framtíðarhorfur byggðarlagsins og þar var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Að undanförnu hefur um langt árabil ríkt óáran og grasleysi í Árneshreppi og búpeningi fækkað mjög og mörg bændabýli farið í eyði. Framkvæmdir hjá þeim, sem hafa þraukað af þetta harðindatímabil, hafa af eðlilegum ástæðum verið litlar, einkum að því er snertir byggingar. Nú þegar árferði batnar og framtíðarvonir glæðast í sambandi við það og grasvöxtur eykst skapast þörf fyrir framkvæmdir í byggingu heygeymslna og peningshúsa. Til þeirrar uppbyggingar í þessum efnum, sem augljós er á næstunni á hverju byggðu býli í hreppnum, skortir bændur getu og fjármagn. Einnig er rík þörf á að þær framkvæmdir, sem ráðist verður í á þessu sviði, verði byggðar og skipulagðar á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til vinnusparnaðar við hirðingu húsa og búfénaðar. Hætt er við að nokkur misbrestur verði á þessu nema skipulega sé að unnið undir eftirliti kunnáttumanna á þessu sviði.

Aðalfundur Búnaðarfélags Árneshrepps, haldinn þann 17. ágúst 1973, leggur því áherslu á að leitað verði eftir fjármagni til þessara framtíðarverkefna með hagstæðari kjörum en nú er völ á til slíkra framkvæmda samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt telur fundurinn brýna nauðsyn á að fengnir séu tæknifróðir menn á þessu sviði til að gera áætlun og

skipuleggja þær framkvæmdir, sem í verður ráðist í náinni framtíð og nauðsynlegar eru, svo og aðrar framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til þess að byggð geti haldist í hreppnum. Vill fundurinn í því sambandi vekja athygli á því, hvort ekki sé ástæða til að tengja bændur í Árneshreppi þeim hugmyndum, sem á dagskrá eru við Inndjúpsáætlun, til að tryggja búsetu og byggð á þeim slóðum."

Síðan ákvað þessi fundur að fela fulltrúum sínum á kjörmannafundi Strandamanna og aðalfundi Búnaðarsambands sýslunnar að vekja athygli þeirra funda á þessum þáttum málsins og vinna að því á annan hátt. Síðan var leitað til Landnáms ríkisins um áætlunargerð og á vegum þess og Búnaðarsambandsins var safnað gögnum um búskaparástand í Árneshreppi.

Vorið 1975 ræðst Búnaðarsamband Strandamanna í kaup á tengimótum, en framkvæmdir drógust þó fram eftir sumri þar sem lánsloforð fékkst ekki frá Stofnlánadeild fyrr. Þegar samstarf helstu stofnana landbúnaðarins komst á, með stofnun áætlunarnefndarinnar, var haldið áfram að vinna að þessum málum á þessum vettvangi. Náðist góður árangur af starfi þeirrar nefndar hvað snertir uppbyggingu á útihúsum og ræktun. Þá kom einnig fram, að ábendingu heimamanna, að í þeirri áætlun þyrfti einnig að felast uppbygging samgöngumála innansveitar, bæði vegagerð og hafnargerð, enn fremur úrbætur í skólamálum og raforkumálum.

Þess ber að geta sem vel er gert. Raflína var lögð norður í Árneshrepp og byggð býli þar tengd raforkukerfinu. Kostnaður við rafmagnslínu í Árneshrepp var sem hér segir á verðlagi hvers árs:

Árneshreppslína:	
Árið 1975	95 000 kr.
Árið 1976	263 000 kr.
Árið 1977	331 000 kr.
Trékyllisheiðarlína (kostnaður á verðlagi ársins):	
Árið 1977	443 000 kr.
Á verðlagi 31/12 1981 (gkr.):	
Árneshreppslína	3 850 000 kr.
Trékyllisheiðarlína	2 109 000 kr.
Samtals	5 959 000 kr.

Allur kostnaður var því um 600 millj. gkr.

Í vegamálum innansveitar hefur verið gert verulegt átak á árunum 1979—1981. Er það gert fyrir atbeina Framkvæmdastofnunar ríkisins hvað fjárútvegun varðar í sambandi við framkvæmdir af svokölluðu jaðarbyggðafé.

Á árinu 1979 var fjárveiting 25 millj. gkr., og þá var hækkaður 1.2 km langur vegarkafli um fjöruna í Norðurfirði og 2.1 km langur kafli um Finnbogastaði.

Á árinu 1980 var fjárveiting 98 millj. gkr. Þar af fóru 33 milljónir til að greiða vexti og afborganir, en lagður var 1.7 km langur kafli milli Kjósarár og Reykjarfjarðarbæjar.

Á árinu 1981 var fjárveiting 200 millj. gkr. Í Munaðarnesveg voru notaðar 0.8 millj. kr., Strandaveg milli Gjögurs og Norðurfjarðar 0.9 millj. kr. 0.3 millj. kr. eru eftir og ætlað að nota það fé í ákveðinn stað á komandi sumri. Á Munaðarnesvegi var styrktur kaflinn frá Strandavegi yfir hálsinn að stað sem nefnist Vetrarbrekka. Þar var versti snjóastaðurinn á veginum og var unnt að lagfæra hann. Kaflinn frá Vetrarbrekku út eftir hlíðinni var lagfærður lítilsháttar með tilliti til sumarumferðar. Skammt fyrir utan Munaðarnes koma oft snjóflóð sem loka veginum. Þar var gerð vetrarbraut neðar þannig að hægt sé að krækja niður fyrir snjóflóðið. Á Strandavegi voru lagfærðir ýmsir staðir, aðallega þó lagður 1 km vegar-

kafli um Mela, kaflinn undir Reykjaneshyrnu styrktur og fyllt í gil sem alltaf kom snjór í. Brekkan upp frá Gjögri var hækkuð með tilliti til snjóa, bætt um grjótvörn á tveimur stöðum.

Kaflinn á milli Gjögurs og Norðurfjarðar er orðinn viðunandi með tilliti til snjóa og góður sem sumarvegur. Þó eru brýrnar á Ávíkurá og Reykjanesá ónýtar. Munaðarnesvegurinn virðist hafa lagast verulega miðað við snjóalög í haust, en auðvitað samt snjóþungur. Vandséð er að úr því verði bætt. S. l. vetur var næstum alltaf hægt að fara á dráttarvél á milli Reykjarfjarðar og Djúpuvíkur, en þó þyrfti að laga smákafla innan við Djúpuvík. Næstu stóru verkefni eru uppbygging vegarins um Bala, eða frá Bjarnarfirði í Veiðileysufjörð.

Þessar upplýsingar eru fengnar frá Vegagerð ríkisins eða umdæmisverkfræðingi hennar á Ísafirði.

Í hafnarmálum hefur sorglega lítið verið gert. Að vísu hefur verið varið smáfjárveitingu til þess að bæta aðstöðu til uppskipunar á Norðurfirði og lítilfjörlegur styrkur veittur til bryggjugerðar í Djúpuvík.

Í Árneshreppi eru í reynd fjórir staðir þar sem er nokkur hafnaraðstaða. Í fyrsta lagi á Eyri við Ingólfsfjörð, en sá staður er nú í eyði. Í öðru lagi í Djúpuvík. Þar er útgerð og þar hefur verið unnið nokkuð við bryggjugerð, en aðallega af einstaklingum í Djúpuvík sem hafa að verulegu leyti kostað þessa framkvæmd. Nauðsyn er að styrkja hana enn frekar og bæta þar aðstöðu. Á Gjögri er nokkur útgerð og þar er nauðsynlegt að bæta aðstöðu. En á Norðurfirði er kaupfélag hreppsins, og þar er brýn nauðsyn að gera höfn þar sem væntanleg skip Skipaútgerðar ríkisins eða önnur hliðstæð skip geti lagst að bryggju og ekki þurfi að nota uppskipunarbáta til þess að skipa öllum vörum á land í þessum eina hrepp á Íslandi.

Við flutningsmenn þessarar tillögu teljum að langbrýnasta verkefnið í Árneshreppi í Strandasýslu sé nú að hanna og gera kostnaðaráætlun um hafnarframkvæmd í Norðurfirði, þannig að íbúar þessa hrepps geti búið við lík skilyrði og aðrir staðir í okkar landi. Það er algerlega útilokað, eins og allir hljóta að skilja, að þeir fáu íbúar, sem búa í þessum strjálbýla hreppi, geti staðið að einhverju leyti undir þessum hafnarframkvæmdum. Því verður að sjá um að af þessum framkvæmdum geti orðið. Í fyrsta lagi þarf allt það sem hafnalög leyfa að greitt sé til slíkra framkvæmda. Í öðru lagi teljum við, að fyllilega komi til greina að Byggðasjóður komi þar inn í myndina, og vitnum í lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins hvað varðar Byggðasjóð, en í 28. gr. þeirra laga segir:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 10. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Við, sem þessa tillögu flytjum, minnumst þess, hver afdrif hreppanna norðan Árneshrepps í Strandasýslu urðu, þegar byggð lagðist algerlega niður í Sléttuhreppi og Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu fyrir tæpum fjórum áratugum. Við teljum því brýna nauðsyn bera til að samfélagið meti að verðleikum þá þrautseigju og þann dugnað, sem það fólk hefur sýnt sem hefur staðið af sér alla erfiðleika sem steðjað hafa að íbúum Árneshrepps á síðustu árum og áratugum, með því að skapa því lágmarksskilyrði til þess að geta unað sæmilega í sínu byggðarlagi og þurfa ekki að búa á þessu sviði, eins og mörgum öðrum, við lakari kjör og aðstæður en flestir aðrir þegnar þessa lands.

Því teljum við brýna nauðsyn á flutningi þessa máls og treystum því, að Alþingi, sem markaði merka stefnu í byggðamálum fyrir rúmlega þremur áratugum, sýni þessu máli skilning með því að samþykkja þessa þingsályktunartillögu, sem á að vera einn fyrsti þátturinn eftir nokkurt hlé til þess að efla byggð í Árneshreppi í Strandasýslu.

Sþ. 406. Tillaga til þingsályktunar [225. mál]

um skipan nefndar til þess að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“ og tillögur til úrbóta.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Karvel Pálmason, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skipuð skuli sjö manna nefnd til þess að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“, þ. e. atvinnustarfsemi þar sem ekki eru greidd opinber gjöld, og koma með tillögur til úrbóta. Nefndina skipa fjórir einstaklingar tilnefndir af þingflokkum, tveir tilnefndir af stjórn Landssambands iðnaðarmanna og einn tilnefndur af forsætisráðherra og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin skili tillögum sínum fyrir árslok 1982.

Greinargerð.

Á 39. Iðnþingi Íslendinga, sem haldið var í nóvember 1981, var samþykkt stefnuskrá. Lokakafli þessarar stefnuskrár ber yfirskriftina **Svört atvinnustarfsemi,** og fer hann hér á eftir.

„Svört atvinnustarfsemi er það rekstrarfyrirbrigði, þar sem fjármunum er velt án þess að staðið sé skil á opinberum gjöldum né staðið við aðrar þær atvinnurekstrarreglukvaðir, sem hinn almenni atvinnurekstur verður að hlíta. Slíkt „neðanjarðarhagkerfi“ er ekki síður landlægt hér á landi en meðal nágrannaþjóða okkar.

Stjórnvöld þurfa að gera sér fulla grein fyrir því, að óhófleg, ósanngjörn og órökræn skattheimta á almenning og flestan atvinnurekstur þessa lands er ein meginorsök þess, að svört atvinnustarfsemi þrífst.

Svört atvinnustarfsemi snarbrenglar samkeppnisgrundvöll milli annars vegar þeirra aðila, sem hana stunda, og hins vegar þeirra, sem reka fyrirtæki sín eftir settum reglum og standa skil á sköttum og skyldum. Fyrirsvarsmenn þessara fyrirtækja krefjast þess, að samkeppnisstaðan verði í þessu efni jöfnuð.

Ríkisvaldið, sveitarfélög o. fl. aðilar, sem reka alls konar þjónustu, t. d. viðhalds- og viðgerðarþjónustu, í tengslum við starfrækslu ýmissa stofnana sinna og fyrirtækja, ættu að meta hagkvæmni þessara eigin þjónustudeilda út frá því, að skatta og skyldur bæri að greiða af þeim. Af þessari „eigin þjónustu“ er lítið sem ekkert greitt í skatta, t. d. í söluskatt. Sé þessi þjónusta hins vegar veitt af hinum almennu fyrirtækjum, sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu, er hún margskattlögð. Hér má því segja að fjölmargir aðilar, m. a. úr hópi opinberra stofnana, leggi stund á nokkurs konar svarta atvinnustarfsemi.

Iðnlöggjöfin er m. a. sett til að tryggja atvinnuréttindi iðnaðarmanna í löggiltum iðngreinum. Atvinnuréttindi fjölmargra annarra stétta eru nú á tímum lögvernduð, og þeim lagaákvæðum virðist fylgt eftir af ríkisvaldinu. Þess er krafist, að iðnréttindi njóti sömu réttinda í þessu efni, en verði ekki hornreka í kerfinu.

Iðnaðarlögin eru ekki síður sett í þeim tilgangi að gæta hagsmuna neytenda og tryggja þeim góða og faglega þjónustu og/eða framleiðsluvöru af hendi þeirra sem reka löggiltar iðngreinar. Þess er krafist, að ríkisvaldið takmarki starfsemi ófaglærðra á hefðbundnu starfssviði löggiltra iðngreina, enda telst slíkt liður í almennri neytendavernd.

Þeir aðilar, sem lögum samkvæmt ber að fylgjast með framkvæmd iðnlöggjafarinnar, þurfa að taka á sig rögg og fara með iðnlagabrot í samræmi við það sem lög bjóða. Löngum hafa þessir aðilar sýnt framkvæmd iðnaðarlaganna nær algjört skeytingarleysi.

Koma þarf á samstarfi ríkisvaldsins og samtaka fyrirtækja, sem rísa undir því nafni, til þess að uppræta svarta atvinnustarfsemi, enda eiga þessir aðilar sameiginlegra hagsmuna að gæta í þessum málum. Landssamband iðnaðarmanna vill leggja sitt af mörkum, til að koma slíku samstarfi á, og óskar eindregið eftir því, að ríkisvaldið hafi forgöngu um þá samvinnu."

Þetta mun vera í fyrsta skipti sem svo stór fjöldasamtök sem standa að baki Iðnþingi Íslendinga fara þess formlega á leit við stjórnvöld, að þau hafi frumkvæði og komi á samvinnu til þess að finna leiðir til úrbóta vegna atvinnustarfsemi þar sem ekki eru greidd opinber gjöld.

Víða erlendis hafa augu manna mjög verið að opnast fyrir því, að slík starfsemi er orðin gríðarstór þáttur í efnahagskerfi viðkomandi landa. Veldur þar eflaust margt og þá ekki síst auknar opinberar álögur á atvinnustarfsemi.

Engum getum skal að því leitt, hversu stóran þátt í efnahagskerfi okkar hér er um að ræða. Á því hafa ekki verið gerðar neinar marktækar mælingar og yrði slíkt því ágiskun ein. Hitt má ljóst vera, að fyrir utan hið efnahagslega óréttlæti, sem í þessu felst, er einnig að koma í ljós, að af þessu ástandi leiðir gífurlega mismunun milli einstakra fyrirtækja. Þau fyrirtæki, sem einungis borga opinber gjöld af hluta starfsemi sinnar, standa augljóslega betur að vígi en hin, sem borga opinber gjöld af allri sinni starfsemi.

Nokkrum sinnum hafa farið fram umræður á Alþingi um þetta vandamál. Flutt hafa verið frumvörp um sérstakan skattadómstól, en þau hafa ekki náð fram að ganga, enda er það efalítið umdeilanleg aðferð, þar sem ráðist er að afleiðingum vandans, en ekki orsökum hans.

Á þessu stigi málsins skal ekkert um það fullyrt, með hverjum hætti er best að snúast gegn þessari þróun, uppræta það ranglæti, sem í henni felst, og jafna aðstöðu þegna og fyrirtækja. En því er lagt til að þessi nefnd sé skipuð, að fjölmennustu samtök iðnaðarins hafa beinlínis óskað eftir frumkvæði stjórnvalda og samvinnu við þau um þessi efni.

Víða erlendis hefur athygli manna í vaxandi mæli beinst að „svartri atvinnustarfsemi" og þeirri staðreynd, að hagskýrslugerð kann hennar vegna að vera meira og minna ónákvæm. Í nýjasta hefti af Tíðindum frá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (The OECD Observer), frá janúar 1982, er grein eftir Derek Blades sem ber yfirskriftina „The Hidden Economy and National Accounts". Þar er gerð grein fyrir þessu vandamáli í aðildarlöndum OECD og reynt að giska á umfang vandans. Slíkt mat verður auðvitað að taka með miklum fyrirvara. Nefndar eru tölur eins og þær, að á Stóra-Bretlandi nemi þetta „falda hagkerfi" 8% af þjóðarframleiðslu, í Svíþjóð 10%. Þá er nefnt, og vísað til samantektar, að árið 1978 hafi svo verið metið að „hið falda hagkerfi" hafi numið allt að 20% af þjóðarframleiðslu á Ítalíu. Loks eru nefndar tölur frá Bandaríkjunum frá 1978, allt að 27% af þjóðarframleiðslu, og fari það jafnvel vaxandi.

Í ívitnaðri grein í OECD-tíðindum er lögð áhersla á hve hagtölur séu oft misvísandi, séu hér nefndar réttar tölur um umfang þessa þáttar hagkerfisins.

Í þessari þingsályktunartillögu er notað hugtakið „svört atvinnustarfsemi" og er þá stuðst við stefnuskrá þá, sem samþykkt var á Iðnþingi Íslendinga, og fordæmi þess fylgt. Notuð hafa verið önnur hugtök, en ekki alltaf til að lýsa nákvæmlega sama fyrirbrigðinu, eins og Derek Blades rekur í grein sinni.

Í þessari þingsályktunartillögu er fyrst og fremst fjallað um atvinnustarfsemi sem ekki greiðir skatta og skyldur, svo sem fram kemur í stefnuskrá Iðnþings Íslendinga.

Á það ber að leggja áherslu, að ef störf þeirrar nefndar, sem hér er gerð tillaga um, skila árangri og ef slík starfsemi reynist að umfangi til lík því, sem menn giska á erlendis, þá yrði árangurinn skattalækkun til handa þeim sem nú greiða fulla skatta.

Sþ. 407. Fyrirspurn [226. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

Hvernig hefur til tekist með framkvæmd á 2. tölulið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?

Nd. 408. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft þetta frv. til umræðu og afgreiðslu um nokkurt skeið. Málið var sent til umsagnar Sambandi ísl. tryggingafélaga, Íslenskri endurtryggingu og Tryggingaeftirlitinu. Að fengnum umsögnum varð nefndin sammála um að gera breytingu á 1. gr. frv. sem prentuð er á sérstöku þingskjali og verður nánar skýrð í framsögu.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem hún flytur.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Pálmi Jónsson.

Alþingi, 3. mars 1982.

Guðrún Helgadóttir, form.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Guðmundur G. Þórarinsson.	Pétur Sigurðsson.	Magnús H. Magnússon.

Nd. 409. Breytingartillaga [108. mál]

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr. orðist svo:

46. gr. laganna orðist svo:

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár og um iðgjaldatekjur vátryggingarfélaganna á líðandi reikningsári sem álagningarstofn næsta fjárlagaárs.

Kostnaði tryggingaeftirlitsins skal jafna á vátryggingarfélög þau, sem starfsleyfi hafa hér á landi skv. lögum þessum, í hlutfalli við áætlun tryggingaeftirlitsins skv. 1. mgr.

Þegar endanlegir reikningar liggja fyrir um iðgjaldatekjur vátryggingarfélaganna skal álagning skv. 2. mgr. leiðrétt til lækkunar eða hækkunar.

Gera má vátryggingarfélögum að greiða allt að 2.5‰ af frumtryggingariðgjöldum og 0.6‰ af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu vátryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrir fram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

Tryggingaeftirlitið skal senda kostnaðaráætlanir og yfirlit um álagningu til Sambands íslenskra tryggingafélaga, svo og ársreikninga þegar þeir liggja fyrir.

Nd. 410. Breytingartillaga [216. mál]

við frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá Magnúsi H. Magnússyni og Matthíasi Bjarnasyni.

1. gr. orðist svo:

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist svohljóðandi ákvæði:

Jarðanefnd getur einnig undanþegið félög launþega og vinnuveitenda byggingarskyldu á jörð, ef jörðin er vel fallin til útivistar og orlofsheimili félagsmanna eru þar starfrækt eða áformuð.

Nd. 411. Breytingartillögur [217. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

Frá Magnúsi H. Magnússyni og Matthíasi Bjarnasyni.

1. 1. gr. orðist svo:

   2. töluliður. 5. gr. laganna orðist svo:

   Gera tillögur um úthlutun landsvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða einstaklinga, orlofshúsa félaga launþega og vinnuveitenda og til almennrar útivistar, ef sóst er eftir landi í því skyni.

2. 2. gr. orðist svo:

   Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

   Óski félag launþega eða vinnuveitenda eftir landi til rekstrar orlofshúsa fyrir félagsmenn eða starfsmenn félaganna, er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands, rýri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar.

Ed. 412. Breytingartillaga [3. mál]

við brtt. á þskj. 373 [Sinfóníuhljómsveit Íslands].

Frá Geir Gunnarssyni.

Við 3. tölulið. Niður falli orðin „og skal hann vera menntaður tónlistarmaður“.

Nd. 413. Frumvarp til laga [93. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. mars.)

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi og í landhelgi Íslands.

Í lögum þessum telst hver sá maður útlendingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka útlendinga í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingar flytjist til landsins í því skyni, án leyfis félagsmálaráðherra.

Útlendingum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða, eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt lögum þessum eru eftirfarandi:

1. Að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, eða viðkomandi landssambands ef ekki er stéttarfélag á staðnum.
2. Að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis, sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir.

   Enn fremur skulu vera í ráðningarsamningi ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum svo og um greiðslur ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi sé einnig tilgreint hvernig háttað sé fæði og húsnæði svo og ákveðið hvernig með skuli fara þegar atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.
3. Í ráðningarsamningi skal vera ákvæði þess efnis að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar, sem 5. gr. laga þessara gerir ráð fyrir, áður en skrifað var undir samninginn, enda hvílir sú skylda á herðum atvinnurekanda eða umboðsmanns hans að sjá um að sú upplýsingaskylda sé rækt.
4. Að vottorð viðkomandi yfirvalda liggi fyrir um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir erlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn erlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.
5. Heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Heimilt er ráðherra að víkja frá þessu skilyrði þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Heimilt er félagsmálaráðherra að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða og gilda þá ekki ákvæði 2., 3. og 5. töluliðar 2. mgr. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fullnægt er skilyrðum þessarar greinar, þar með talið innlent heilbrigðisvottorð.

Óheimilt er að veita atvinnuleyfi útlendingi sem hefur ekki leyfi til dvalar hér á landi skv. lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum.

4. gr.

Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um tegund vinnu, aðila viðkomandi kjarasamnings og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum. Í umsókn skal enn fremur færa rök fyrir nauðsyn þess að ráða erlent starfsfólk.

Áður en atvinnuleyfi er veitt rannsakar vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað, séu slíkar upplýsingar ekki þegar fyrir hendi. Leita skal umsagnar útlendingaeftirlitsins áður en atvinnuleyfi er veitt.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins skal árlega leita álits vinnumarkaðarins um almenna stefnumörkun varðandi ráðningu erlends starfsfólks, sbr. 53. og 54. gr. laga nr. 13/1979 og reglugerð skv. þeim lögum.

5. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins útbýr og dreifir skriflegum upplýsingum til sendiráða Íslands og annarra sem þess óska. Í upplýsingum þessum skal greint frá reglum um dvalarleyfi, almennum launakjörum, vinnutíma, aðbúnaði við vinnu hér á landi, sköttum og opinberum gjöldum, rétti til yfirfærslu fjármuna og um réttindi og skyldur, sem erlent starfsfólk tekst á hendur við vistráðningu hérlendis. Þá skal enn fremur bent á sérreglu 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt atvinnurekenda til að fella niður launagreiðslur þegar atvinna stöðvast af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Einnig skal gerð grein fyrir rétti fiskverkafólks til kauptryggingarsamninga.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fylgist með starfskjörum útlendinga hérlendis og framkvæmd á ráðningarsamningum þeirra, eftir því sem tilefni gefst til.

6. gr.

Hvers konar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólks til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum eða ónógum upplýsingum.

7. gr.

Atvinnuleyfi skv. 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

8. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og ef sérstakar ástæður mæla með því, getur félagsmálaráðherra veitt útlendingum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfi sé veitt ákveðnum atvinnurekanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann skv. 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. tekið tillit til:

1. Hve lengi útlendingur hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann á hér lögheimili,
3. hvort hann á íslenskan maka eða náin skyldmenni hér á landi,
4. hvort hann ætlar sér að vinna sams konar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væri veitt samkv. ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu eða eftirspurn eftir vinnuafli séu fyrir hendi.

Atvinnuleyfi skv. þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn. Eftir fimm ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma.

9. gr.

Útlendingi er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Leita skal umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Stéttarsambands bænda, B.S.R.B. og B.H.M., eftir því sem við á í slíku máli.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. Umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi og hafi átt það síðasta árið,
2. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu.

Heimilt er að synja manni um leyfi, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Leyfi samkvæmt þessari grein er bundið við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slíkt leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

10. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

11. gr.

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. Útlendinga, sem stunda eingöngu nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir,
2. útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,
3. útlendinga, sem verið hafa íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenskan ríkisborgararétt,
4. útlendinga, menn, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan,
5. danska ríkisborgara, sem lög nr. 18 24. mars 1944, sbr. lög nr. 85 9. okt. 1946, taka til,
6. útlendinga, sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að,
7. danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara er dvalið hafa þrjú ár samfleytt eða lengur í landinu.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum varða þann sektum, er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending, er starfar án leyfis. Sömu refsingu varðar það ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Hafi aðili hlutast til um að útlendingur, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, flytjist til landsins til að taka hann í þjónustu sína, ber þeim aðila að sjá um brottflutning slíks erlends starfsmanns, innan þess tíma sem ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Heimilt er ráðherra að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er útlendingar starfa við án leyfis, þar til þeir eru farnir úr landi eða hættir störfum og tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

Þegar umsókn um atvinnuleyfi er afgreidd ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða, og enn fremur útlendingaeftirlitinu.

Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru skv. lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

13. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlendu menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal sá flutningur vera á kostnað þess er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað.

14. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 15. mars 1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 414. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. mars.)

1. gr.

3. og 4. málsliður 1. tl. 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 27/1979, orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, barnaheimila og leikskóla megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hin ýmsu afhendingarstig þeirra húsa, sem um ræðir í 3. málslið, og taka mið af því, að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 415. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. mars.)

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir 3/4 hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fara fram síðasta laugardag í maímánuði, sem ekki ber upp á aðfangadag hvítasunnudags, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta laugardag júnímánaðar.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

a. eru 20 ára að aldri þegar kosning fer fram,
b. eru íslenskir ríkisborgarar,
c. eru ekki sviptir lögræði,
d. eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar 2 vikur eru til kjördags.

Kjörstjórnir í þeim sveitarfélögum, þar sem kosningar fara fram síðasta laugardag í júní, skulu sérstaklega ganga úr skugga um að þeir einstaklingar, sem flutt hafa lögheimili sitt á tímabilinu milli kjördaga, hafi eigi neytt atkvæðisréttar í öðru sveitarfélagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 416. Fyrirspurn [227. mál]

til félagsmálaráðherra um ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvers vegna hefur Húsnæðisstofnun ríkisins ekki framkvæmt 2. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?

Hvenær mun Húsnæðisstofnun ríkisins gefa þeim einstaklingum, sem fengu nýbyggingarlán á árunum 1974—1979 með hlutfallslegri verðtryggingu, kost á að skipta á skuldabréfum fyrir ný skuldabréf með þeim lánskjörum sem ákveðin eru í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?

Nd. 417. Frumvarp til laga [228. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981.

Flm: Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Matthías Bjarnason, Níels Á. Lund.

1. gr.

a) Á eftir 6. málsgr. 35. gr. laganna komi ný málsgrein er hljóði svo:
Gera skal ráðstafanir til þess, að foreldrar eigi kost á fjölskylduráðgjöf er taki til fræðslu um uppeldi barna, leiðbeininga í sambúðar- og skilnaðarmálum og annarra málefna er varða hag og þroska barna og fjölskyldna þeirra. Félagsmálaráðuneytið skal starfrækja miðstöð fjölskylduráðgjafar og skal sálfræðingur veita henni forstöðu. Miðstöðin verði á höfuðborgarsvæðinu í fyrstu, en frekari útfærsla verði ákveðin þegar reynsla liggur fyrir af starfsemi miðstöðvarinnar í 3 ár. Félagsmálaráðuneytið setur reglugerð um hvernig háttað verði greiðslu fyrir þjónustu miðstöðvarinnar samkvæmt gjaldskrá.

b) Fyrirsögn VIII. kafla orðist svo:
Foreldraskyldur, forsjá barns, umgengnissréttur og fjölskylduráðgjöf.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frá árinu 1979 hefur Barnaverndarráð Íslands starfrækt foreldraráðgjöf, sem er ráðgjöf fyrir foreldra varðandi ýmis þau vandamál sem upp kunna að koma í fjölskyldum og við uppeldi barna. Hefur þjónusta þessi talist til svonefndra „fyrirbyggjandi" aðgerða sem komið geta í veg fyrir alvarleg vandamál sem verði fjölskyldunum ofviða að leysa. Tveir sálfræðingar hafa sinnt þessari þjónustu í hlutastarfi, en aðsókn sýnir ótvírætt að nauðsynlegt er að þeir starfi að þessu að fullu. Unnið hefur verið við þjónustuna 15 klst. í viku, en á þeim tveim árum, sem hún hefur verið starfrækt, hafa leitað til hennar foreldrar vegna aðstoðar við 137 börn. Þar af eru 7 ungbörn innan 2 ára aldurs, 46 á aldrinum 2—5 ára, 53 yngri grunnskólabörn og 31 unglingur 13—19 ára.

Fjölmargar ástæður hafa legið að baki þjónustubeiðni, svo sem einkenni um öryggisleysi, kvíða, streituviðbrögð, samskiptaerfiðleika, unglingavandamál og ýmislegt annað. 56% þeirra sem ráðgjafarinnar leituðu, voru úr Reykjavík, 28% úr nálægum byggðarlögum, 9% af Reykjanesi og 7% úr fjarlægari byggðarlögum.

Starfsemi foreldraráðgjafar þessarar hefur verið byggð á 60. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, en þar segir m. a. að Barnaverndarráði sé heimilt að efna til námskeiða og annarrar fræðslustarfsemi fyrir foreldra og aðra þá er sinna uppeldisstörfum. Eftir gildistöku barnalaga hafa orðið miklar breytingar á skyldum foreldra við börn sín, umgengnisréttur hefur gjörbreyst og er ljóst að fjölmargir munu þarfnast aðstoðar við stofnun og slit hjúskapar, svo að þörfum barna sé sinnt. Fjölmargir aðrir lagabálkar, sem tryggja skulu réttindi barna til farsæls uppeldis, hafa verið lögfestir á síðustu árum, en hætt er við að margt af því verði pappírsgagn eitt sé því ekki fylgt eftir með skipulagðri ráðgjöf. Nefna má ráðgjöf um allt land. Vissulega þjóna félagsmálastofnanir og aðrar opinberar þjónustustofnanir hluta af þessu starfi, en hér er oft um að ræða mál sem aðstandendum sýnist ekki vera á því stigi, að ástæða sé til að leita aðstoðar félagsmálastofnana eða sveitarstjórnarskrifstofa að svo komnu máli. En óhjákvæmilega hlýtur foreldraráðgjöf af þessu tagi að

starfa í nánum tengslum við aðrar stofnanir, þegar þess gerist þörf. Hér er því á engan hátt verið að taka verkefni frá öðrum stofnunum, heldur fremur að létta af þeim minni háttar málum. Slíka foreldraráðgjöf er að finna á Norðurlöndum og víða í Vestur-Evrópu og hefur þótt gefast vel.

Margir þingmenn hafa þegar flutt tillögur í þessa veru. Má þar nefna tillögu til þingsályktunar frá Haraldi Ólafssyni og Alexander Stefánssyni um stefnumörkun í fjölskylduvernd. Þar er lögð áhersla á gildi fjölskyldunnar sem stofnunar í þjóðfélaginu og bent á leiðir til að tryggja öryggi barna og fjölskyldna þeirra. Á 100. löggjafarþingi fluttu þingmenn Alþýðuflokksins tillögu til þingsályktunar um skipun samstarfsnefndar sem fjalli sérstaklega um málefni barna. Þar er meðal annars lagt til að sett verði löggjöf um foreldra- og fjölskylduráðgjöf í umsjá hins opinbera.

Með tilkomu barnalaga hefur verið stigið mikilvægt spor til tryggingar réttarstöðu barna og ungmenna. En því aðeins koma slík lög að gagni að unnið sé að framkvæmd þeirra á raunhæfan hátt. Frumvarp þetta gerir einungis ráð fyrir að þeir tveir starfsmenn sem hingað til hafa unnið í hlutastarfi á vegum Barnaverndarráðs, verði í fullu starfi og reynslan sýni síðan hvort ástæða sé til að færa þessa þjónustu til annarra byggðarlaga. Hér er því ekki um mikið fjármagn að ræða, heldur miklu frekar tilraun til sparnaðar á opinberu fé, því að nái þau fjölskylduvandamál, sem hér um ræðir, að verða illleysanleg kosta þau samfélagið margfalt það fé sem hér er látið í té. Eðlilegt og sjálfsagt er talið að fólk greiði fyrir þessa þjónustu, ef fjárhagur þess leyfir það.

Og því er þetta frumvarp flutt, að flutningsmenn telja slíka fjölskylduráðgjöf nauðsynlega og hún verði aðeins tryggð með löggjöf.

Sþ. 418. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]

um uppbyggingu flugvalla á Austurlandi.

Flm.: Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að gerð verði áætlun um uppbyggingu flugvallarmannvirkja á Austurlandi sem taki til 5 ára. Áætlunin skal taka til eftirfarandi atriða:

a) Tekin verði ákvörðun um staðsetningu og uppbyggingu flugvallar við Egilsstaði sem búinn sé til að þjóna því hlutverki að vera miðstöð flugsamgangna til Austurlands frá öðrum landshlutum og erlendis frá, jafnframt því að fullnægjandi aðstaða sé þar sköpuð fyrir flugrekstur innan landshlutans.
b) Aðrir flugvellir á Austurlandi verði gerðir þannig úr garði að þeir fullnægi nútímakröfum um öryggi og hagkvæmni í áætlunarflugi, sjúkra- og leiguflugi.

Greinargerð.

Vegna legu sinnar er Austurland háðara flugsamgöngum en aðrir landshlutar að undanskildum Vestfjörðum. Langt er til annarra landshluta og vegalengdir miklar milli einstakra byggðarlaga innan landshlutans og víðast yfir fjallvegi að fara.

Miklar framfarir hafa orðið í flugvélaframleiðslu á síðari árum og flugvélar hafa komið á markaðinn sem eru betur útbúnar fyrir farþega en áður var og hagkvæmari í rekstri. Hins vegar hafa flugvellir hérlendis og búnaður þeirra ekki fylgt þessari þróun og er ástandið víða mjög bágborið í þessum málum.

Austurland er sérlega illa sett að þessu leyti og þörf er sérstaks átaks til þess að bæta stöðu þessara mála í landshlutanum.

Enginn flugvöllur á Austurlandi er með varanlegu slitlagi, á flesta þeirra vantar nauðsynleg aðflutningstæki, aðbúnaður farþega er víða mjög bágborinn, umsjón og eftirlit vantar og svo mætti lengi telja.

a) **Egilsstaðaflugvöllur.**

Egilsstaðaflugvöllur er miðstöð flugsamgangna á Austurlandi og er umferð um hann mjög mikil eða um 40 þús. farþegar árið 1981 samkvæmt upplýsingum flugmálastjórnar. Lendingar á vellinum voru um 1800 það ár. Flugfélag Íslands heldur uppi áætlunarferðum til Egilsstaða daglega og allt að þrisvar sinnum á dag yfir sumartímann. Auk þess er þar miðstöð flugs Flugfélags Austurlands milli staða á Austurlandi, og Flugfélag Norðurlands heldur uppi ferðum milli Egilsstaða og Akureyrar. Þá er einnig flogið frá Egilsstaðaflugvelli til Færeyja árið um kring.

Flugvöllurinn á Egilsstöðum er alls ófullnægjandi fyrir slíka umferð og mjög brýn þörf er á endurbyggingu hans í bættu aðflugi og enn frekari endurbótum á tækjakosti. Varðandi endurbyggingu hafa einkum þrír kostir komið til greina.

1. Bygging flugvallar við Snjóholt í Eiðaþinghá.
2. Bygging flugbrautar vestan núverandi brautar.
3. Endurbygging á sama stað.

Þessir kostir hafa verið rannsakaðir nokkuð á undanförnum árum, en brýn þörf er að ljúka þeirri rannsókn og taka ákvörðun um framkvæmdir.

Flugvöllur við Snjóholt er mjög dýr framkvæmd, auk þess sem völlurinn mundi vera í 8 km fjarlægð frá Egilsstöðum og núverandi húsakostur flugstöðvar og tækja ekki nýtast. Þá mundi flugvöllurinn liggja 200 fetum hærra en núverandi flugvöllur, en hins vegar er aðflug hindrunarlaust.

Árið 1972 gerði Ólafur Pálsson verkfræðingur athugun á flugvallarstæði vestan núverandi flugbrautar og árið 1980 var gerð frekari athugun af Verkfræðistofu Austurlands. Fram kom í fyrri athuguninni að vandkvæði væru á að leggja þarna flugbraut vegna ótraustrar undirstöðu. Hins vegar kemur fram í seinni athuguninni að jákvæð reynsla sé af vegarlagningu á þessum stað, en þarna er nú vegur með varanlegu slitlagi sem hefur ekki sigið.

Aðflug mundi vera hreint að þessari braut og hefur öryggisnefnd F.Í.Á. gefið um hana jákvæðar umsagnir í bréfi til flugvallarnefndar Egilsstaðahrepps, dags. 4. maí 1979.

Nauðsynlegt er að ljúka samanburði á þeim þrem leiðum sem hér um ræðir því ákvörðun í þessu máli má ekki dragast öllu lengur.

Sýnt er að flugbraut á þessum stað gæti orðið allt að 2000 metra löng og mundi nægja minni þotum í millilandaflugi.

b) **Aðrir flugvellir.**

Tillagan gerir ráð fyrir að gerð sé áætlun um uppbyggingu og búnað flugvalla víðs vegar um Austurland. Þessir flugvellir eru á Bakkafirði, Vopnafirði, Borgarfirði eystra, Seyðisfirði, Neskaupstað, Fáskrúðsfirði, Breiðdal, Djúpavogi, Höfn og Fagurhólsmýri.

Ekki er um vandamál varðandi staðsetningu að ræða eins og á Egilsstöðum. Hins vegar er brýnt að gera sér grein fyrir hvers konar búnaður skal vera á þessum flugvöllum og tryggja uppbyggingu þeirra með framkvæmdaáætlun. Ástand og búnaður þessara valla er mjög mismunandi, allt frá því að vera viðunandi til þess að eina öryggistækið er vindpoki. Það er og brýnt að leysa rekstrarvandamál þessara flugvalla, en ekki hefur verið hægt að launa umsjón og eftirlit valla sem haldið er uppi reglubundnu áætlunarflugi til, og má þar nefna Bakkafjörð og Breiðdalsvík.

Það er skoðun flutningsmanns að áætlunargerð sé nauðsynleg til þess að setja sér ákveðin markmið í flugmálum þessa landshluta og nauðsynlegt sé að setja þessi markmið sem allra fyrst, þannig að hægt sé að vinna að þessum málum á skipulegri hátt en verið hefur til þessa.

Ed. 419. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir meiri hluti nefndarinnar með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. mars 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Davíð Aðalsteinsson. Guðm. Bjarnason.

Gunnar Thoroddsen.

Ed. 420. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. desember 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

65. gr. laganna hefjist svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 90 31. desember 1981 var lögum um kosningar til Alþingis breytt á þann veg, að gert var að skyldu að nota stimpla við utankjörfundarkosningu. Talið var, að notkun stimpla mundi skapa aukið öryggi, fækka vafaatkvæðum og ógildum og flýta fyrir talningu. Var dómsmálaráðuneytinu falið að löggilda þessa sérstöku stimpla (veltistimpla) og að sjá kjörstjórum fyrir löggiltum stimplum.

Ráðuneytið hefur nú haft mál þetta til athugunar. Komið hefur í ljós, að hæpið er að það takist að festa kaup á nægilegu magni af stimplum til framangreindra nota, þannig að þeir fáist til landsins í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á vori komanda. Ráðuneytið leggur því til, að lögunum verði breytt svo sem að framan greinir, svo ekki þurfi að koma til frestunar á kosningunum. Lagt er til, að kjósanda verði heimilt að velja um, hvort hann ritar eða stimplar á atkvæðaseðil sinn við utankjörfundarkosningu. Þetta hefur í för með sér, að

unnt er að draga verulega úr innkaupum á stimplum, sem eru mjög dýrir. Þá er og talið hagkvæmt, að nokkur reynsla fáist af notkun stimpla við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, áður en ráðist er í mikla fjárfestingu við að útvega öllum kjörstjórum stimpla. Kjörstaðir eru u. þ. b. 300 og gera verður ráð fyrir að allt að 15 listabókstafir verði notaðir í komandi sveitarstjórnarkosningum. Þetta hefur í för með sér, að kaupa þarf til landsins a. m. k. 4 500 stimpla, og fullvinna þá hérlendis. Ef frumvarp þetta verður að lögum má ætla, að hægt sé að fækka kjörstöðum í u. þ. b. 50, þar sem stimplar verði notaðir. Er þá ætlunin, að stimplar standi til boða hjá sýslumönnum og bæjarfógetum og þeim hreppstjórum, þar sem lengst er að fara til framangreindra embættismanna. Getur þá kjósandi, sem óskar að greiða atkvæði sitt utan kjörfundar með stimpli, kosið hjá framangreindum embættismönnum. Á hinn bóginn þarf þá ekki að dreifa stimplum til allra kjörstaða.

Þess má geta, að stimpill af þeirri gerð, sem ætlast er til að notaður verði, kostar fullbúinn u. þ. b. 100,00 kr.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er því hægt að minnka dreifingu stimpla úr a. m. k. 4 500 í u. þ. b. 750 og innkaup myndu minnka úr 5 000 í 1 000.

Samráð hefur verið haft við samtök blindra, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytið við samningu frumvarps þessa.

Ed. 421. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

1. málsgr. 73. gr. orðist svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingafélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða vátryggingafélaginu fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður með auglýsingu, að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, er þar greinir, gangi fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt umferðarlögum skal sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis, endurgreiða vátryggingafélagi því, sem greitt hefur bætur, tiltekna fjárhæð. Reglur um þetta efni voru fyrst lögteknar árið 1972, og var fjárhæðin þá ákveðin sem hlutfall af vátryggingarfjárhæð ökutækja samkvæmt 1. mgr. 70. gr. umferðarlaganna. Var hlutfall þetta í upphafi 2.5‰ af vátryggingarfjárhæðinni, en var síðan lækkað hverju sinni er vátryggingarfjárhæð var hækkuð með lagabreytingu, í 2‰ 1976 og 1‰ 1978. Er vátryggingarfjárhæðin var hækkuð með lögum nr. 31 1980 var eigin áhættan ákveðin 36.000 gamlar krónur, en tengsl við vátryggingarfjárhæð voru jafnframt rofin. Breytist þessi fjárhæð því eigi í samræmi við verðlagsbreytingar eins og heimilt er að ákveða með vátryggingafjárhæðir, sbr. lög nr. 65/1978. Eigin áhættan hefur því minnkað að verðgildi og hefur

þannig ekki sömu áhrif til varnar umferðarslysum eða til lækkunar iðgjalda og áður. Er því brýnt að heimild fáist til að hækka þessa fjárhæð. Er lagt til að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að ákveða með auglýsingu fjárhæð eigin áhættunnar, að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins. Verði slík ákvörðun þó ekki tengd hækkun vátryggingarfjárhæða, enda kunna önnur sjónarmið að koma til álita við hækkun eigin áhættu, svo sem áhrif á iðgjöld ábyrgðartrygginga.

Ed. 422. Frumvarp til laga [232. mál]

um breytingu á lögum nr. 95 20. desember 1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgr., er verði 2. mgr. og orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum meðmælum landlæknis, að ákvæði 1. mgr. nái einnig yfir geislatæki er framleiða aðra geisla en jónandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum voru samþykkt var notkun annarra geislatækja en þeirra er framleiða jónandi geisla mjög lítil og skaðsemi slíkrar geislunar lítt rannsökuð. Síðan hefur notkun þessara geislatækja aukist mjög, bæði innan læknisfræðinnar svo og á öðrum sviðum. Ennfremur hefur greinilega komið í ljós, að geislun frá þessum tækjum getur haft í för með sér skaðleg áhrif og er því nauðsynlegt að hafa með þeim eftirlit af hálfu hins opinbera. Má sem dæmi nefna svonefnda sólarlampa, en notkun þeirra getur haft í för með sér augnskaða og talið er að hún geti ennfremur aukið líkurnar á húðkrabbameini ef ekki er um fyllstu aðgæslu að ræða.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er flutt að höfðu samráði við Geislavarnir ríkisins og landlæknisembættið og er með því lagt til að heimilað verði að láta ákvæði 1. gr. l. 95/1962 ná yfir önnur geislatæki en þau sem framleiða jónandi geisla. Þannig yrði t. d. unnt að krefjast leyfis til innflutnings annarra tækja en þeirra er framleiða jónandi geisla og að koma á eftirliti með slíkum tækjum. Markmiðið með þessari breytingu er að taka upp eftirlit með innflutningi og notkun geislatækja er framleiða útfjólublá geisla (sólarlampa) og að jafnframt verði kleift að hefja eftirlit með innflutningi og notkun annarra sambærilegra geislatækja eftir því sem nauðsynlegt þykir. Ætlast er til að eftirlit skv. lögum nr. 95/1962 sé að ákveðnum hluta kostað af sértekjum, þ. e. a. s. með skoðunargjöldum, og er ekki ætlunin að breyta því hér.

Kostnaðarauki ríkissjóðs vegna framangreindra breytinga verður óhjákvæmilega einhver **í upphafi** vegna tækjakaupa og annars undirbúnings, en öðrum rekstrarkostnaði Geislavarna vegna þessa eftirlits verður mætt með skoðunargjöldum.

Athygli skal vakin á því, að hliðstætt eftirlit er þegar hafið á öðrum Norðurlöndum, og unnið að gerð norrænna reglna á þessu sviði.

Aðrir geislar en jónandi tákna hér þær rafsegulbylgjur sem ekki eru nægilega orkumiklar til að geta valdið hleðslubreytingum (jónun) í því efni sem þær falla á. Sem dæmi um slíka geislun má nefna (eftir aukinni orku):

Örbylgjur, t. d. örbylgjuofnar,
innrauð geislun, t. d. gigtarlampar,
útfjólublá geislun, t. d. sólarlampar.

Þessi geislun veldur fyrst og fremst upphitun þess efnis sem hún fellur á, og er oft kölluð einu nafni hitageislun.

Þær rafsegulbylgjur, sem hafa nægilega orku til að geta valdið jónun í því efni, sem þær falla á, kallast einu nafni jónandi geislun; sem dæmi má nefna röntgengeislun.

Því má segja að helsti munurinn á þessum tveim geislategundum sé sá hversu mikla orku þær bera og hvernig þær missa þessa orku til þess efnis, sem geislunin fellur á. Röntgengeislar, sem eru jónandi, eru það orkumiklir að þeir fara greiðlega í gegnum mannslíkamann og geta valdið erfðafræðilegum breytingum.

Útfjólubláir geislar, sem eru ekki jónandi, eru hins vegar ekki það orkumiklir að þeir komist í gegnum húðina en geta eigi að síður valdið skaða.

Nd. 423. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. mars.)

1. gr.

46. gr. laganna orðist svo:

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár og um iðgjaldatekjur vátryggingarfélaganna á líðandi reikningsári sem álagningarstofn næsta fjárlagaárs.

Kostnaði tryggingaeftirlitsins skal jafna á vátryggingarfélög þau, sem starfsleyfi hafa hér á landi skv. lögum þessum, í hlutfalli við áætlun tryggingaeftirlitsins skv. 1. mgr.

Þegar endanlegir reikningar liggja fyrir um iðgjaldatekjur vátryggingarfélaganna skal álagning skv. 2. mgr. leiðrétt til lækkunar eða hækkunar.

Gera má vátryggingarfélögum að greiða allt að 2.5‰ af frumtryggingariðgjöldum og 0.6‰ af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu vátryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrir fram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

Tryggingaeftirlitið skal senda kostnaðaráætlanir og yfirlit um álagningu til Sambands íslenskra tryggingafélaga, svo og ársreikninga þegar þeir liggja fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 424. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. mars.)

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 8. mgr. og orðist svo:

Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl., eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.

2. gr.

Lög þessi öðlást þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67/1971, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 425. Frumvarp til laga [233. mál]

um breyting á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Hannes Baldvinsson, Skúli Alexandersson.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast eftirfarandi málsgreinar:

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur af götum í þéttbýli.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar og þau gögn, er sveitarstjórnir þurfa að leggja fram til að öðlast rétt til endurgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur lengi verið þyrnir í augum sveitarstjórna í snjóþungum héruðum landsins, að þeim er gert að greiða söluskatt af þeirri óhjákvæmilegu þjónustu að ryðja snjó af götum í þéttbýli að vetrarlagi. Gildir þar einu hvort notaðar eru vinnuvélar í eigu viðkomandi sveitarfélags eða verktaka sem lögum samkvæmt ber að innheimta söluskatt af leigu vinnuvéla sinna.

Skattheimta þessi kemur mjög misjafnlega þungt niður á hinum ýmsu sveitarfélögum og er óréttlát vegna þess að hún kemur þyngst niður á þeim er búa fyrir við veruleg óþægindi og aukakostnað, sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja byggð í snjóþungum landshlutum. Tilraunir sveitarstjórna til að ná fram leiðréttingu þessara mála hafa fram til þessa ekki borið árangur og því borið við meðal annars, að til þess skorti heimildir í lögum.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er opnuð leið til að endurgreiða sveitarfélögum söluskatt, sem sannanlega hefur verið goldinn af kostnaði við snjómokstur, og með því móti stigið skref í átt til þess að jafna skilyrði til búsetu hvar sem er á landinu.

Ed. 426. Lög [142. mál]

um breytingu á lögum nr. 5 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar, sbr. lög nr. 5 6. apríl 1966 og lög nr. 7 2. maí 1978.

(Afgreidd frá Ed. 8. mars.)

Samhljóða þskj. 164.

Ed. 427. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. Fulltrúar fjármálaráðuneytis, Kaupmannasamtakanna og Sambands ísl. samvinnufélaga mættu á fundum nefndarinnar. Einnig veitti skattrannsóknastjóri nefndinni upplýsingar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.
Kjartan Jóhannsson, fundaskr., með fyrirvara.
Gunnar Thoroddsen.
Guðm. Bjarnason.
Davíð Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

Kjartan Jóhannsson undirritar nefndarálitið með svofelldum fyrirvara.

„Ljóst er að söluskattskerfið hefur gengið sér til húðar. Hin mörgu undantekningarákvæði og hin háa skattprósenta gera virkt eftirlit og góð skil mjög torveld og auka á tilhneigingu til og hættu á undandrætti. Uppsöfnunaráhrif skattsins hafa slæm áhrif á atvinnulífið í landinu og rýra samkeppnisstöðu margra atvinnugreina gagnvart innflutningi. Þess vegna hefur Alþýðuflokkurinn borið fram tillögur um að virðisaukaskattur komi í stað söluskatts. Með hverju árinu sem líður verður æ brýnna að gera þá breytingu að taka upp almennan virðisaukaskatt eða ígildi hans í stað þess söluskattskerfis sem nú er, enda munu ekki nást góð skil á skattheimtu með öðrum hætti.

Með tilvísun til þessa ítreka ég nauðsyn kerfisbreytingar, en fellst á samþykkt þessa frumvarps sem bráðabirgðaaðgerðar, sem geti e. t. v. eitthvað bætt skil og eftirlit meðan ekki hafa verið gerðar þær kerfisbreytingar sem Alþýðuflokkurinn leggur höfuðáherslu á.“

Ed. 428. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir meiri hluti nefndarinnar með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen. Guðm. Bjarnason.

Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 429. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur verið leikinn mjög grátt í tíð núverandi ríkisstjórnar. Fé hans hefur óspart verið eytt og stofnað til skulda af hans hálfu. Staða sjóðsins er því vægast sagt mjög slæm. Verði ekki snúið af þessari braut má búast við að þetta gagnmerka stjórntæki verði eyðilagt.

Í ljósi þessa er augljóst að leitast verður við að styrkja stöðu sjóðsins.

Það framlag í sjóðinn, sem hér er gert ráð fyrir, getur átt þátt í því að koma í veg fyrir enn frekari veikingu sjóðsins. Fyrir því leggur undirritaður til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 8. mars 1982.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Sþ. 430. Fyrirspurnir. [234. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um bókasafn Landsbankans og Seðlabanka Íslands að Einholti 4.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvenær var umrætt bókasafn stofnað og hvert var upphaflega hlutverk þess? Hvenær fluttist það í núverandi húsnæði og hve mikið rými er því ætlað?
2. Hver er heildarkostnaður við bókasafnið frá upphafi miðað við núvirði:
   a) við húsnæði, innbú og tæki,
   b) við launagreiðslur,
   c) við bókakaup,
   d) annar rekstrarkostnaður?

3. Eru ársskýrsla safnsins og ársreikningur ásamt bókaskrá gefin út?
4. Hve margir starfsmenn vinna við safnið og við hvað? Starfar bókasafnsfræðingur við safnið?
5. Hvert er hlutverk safnsins nú, hverjir eiga aðgang að því og hve margir nýttu sér hann s. l. ár?
6. Hvaða aðili fer með yfirstjórn safnsins og ber á því fjárhagslega ábyrgð?

II. Til iðnaðarráðherra vegna flóða Þjórsár í Villingaholtshreppi.

Frá Þórarni Sigurjónssyni.

1. Hvaða ráðstafanir hafa raforkuverin við Þjórsá gert vegna vatnsmiðlunar og aukins vetrarrennslis árinnar til þess að varna landsskemmdum og flóðahættu af völdum hennar í Villingaholtshreppi?
2. Hver eru áform um framkvæmdir?

III. Til landbúnaðarráðherra um fjáröflun fyrir Bjargráðasjóð.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvað líður fjáröflun fyrir Bjargráðasjóð til að bæta bændum tjón vegna uppskerubrests?
2. Hvenær er þess að vænta, að bændur megi búast við fyrirgreiðslu úr Bjargráðasjóði?

IV. Til fjármálaráðherra um tollafgreiðslugjald á aðföng til iðnaðar.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni og Friðrik Sophussyni.

1. Að hve miklu leyti er tollafgreiðslugjald lagt á aðföng til iðnaðar skv. reglugerð sem sett hefur verið um það efni?
2. Hvað er gert ráð fyrir að tollafgreiðslugjald á aðföng til iðnaðar gefi ríkissjóði mikið í tekjur á þessu ári?

Ed. 431. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á yfirstandandi og undanförnum þingum flutt tillögur og frumvörp um að dregið yrði úr álagningu tekjuskatta. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 flutti fulltrúi Alþýðuflokksins í fjárveitinganefnd m. a. tillögur um lækkun tekjuskatts og tilsvarandi niðurskurð á ríkisútgjöldum. Margvíslegt óréttlæti birtist í núverandi tekjuskattaálögum. Með lækkun tekjuskatta má treysta kaupmátt heimilanna án verðbólguáhrifa. Auk þess er jaðarskattur á venjulegum miðlungslaunatekjum of hár.

Þrátt fyrir þau augljósu rök, sem þannig hafa verið færð fram fyrir lækkun tekjuskatta, hafa tillögur um þetta efni ekki fengist samþykktar. Alþýðuflokkurinn vill nú enn freista þess

að fá stuðning ríkisstjórnarflokkanna við hugmyndir sínar um lækkun tekjuskattsins. Komi slíkur stuðningur fram getur Alþýðuflokkurinn mælt með samþykkt fyrirliggjandi frumvarps.

Að óbreyttum áformum ríkisstjórnarinnar um tekjuskattsálagningu telur Alþýðuflokkurinn hins vegar ekki fært að samþykkja fyrirliggjandi frumvarp, þar eð heildarskattbyrði mikils fjölda venjulegs launafólks sé allt of há.

Alþingi, 8. mars 1982.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Nd. 432. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30/1963.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 9. mars 1982.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Guðmundur G. Þórarinsson.	Pálmi Jónsson.
Jóhann Einvarðsson.	Magnús H. Magnússon.	Pétur Sigurðsson.
	Matthías Bjarnason.	

Ed. 433. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft þetta mál til athugunar og afgreiðslu, en það fjallar um framlengingu á álagningu sjúkratryggingagjalds.

Undirritaðir nefndarmenn benda á að skv. fjárlögum er skattvísitala ákveðin 150 miðað við 100 í fyrra. Þegar fjárlög voru til afgreiðslu var búist við 50% tekjuhækkun milli áranna 1980 og 1981, skattvísitalan ákveðin í samræmi við það og áætlun sjúkratryggingagjalds, tekju- og eignarskatts einnig. Nú benda líkur til þess að mati Þjóðhagsstofnunar, að tekjubreytingin verði a. m. k. 52—53% og verður því álagning þessara skatta mun þyngri en fjárlög gera ráð fyrir. Mjög varlega áætlað verður álagning tekju- og eignarskatta og sjúkratryggingagjalds 50—55 millj. kr. meiri en áætlað er í fjárlögum, sem jafngildir á innheimtugrunni a. m. k. 45—50 millj. kr.

Önnur frv., sem fram hafa komið um skattabreytingar og ýmist eru afgreidd eða í meðförum þingsins, hafa einnig í för með sér verulega skattahækkun frá áætlun fjárlaga ofan á allar þær gífurlegu skattahækkanir undangenginna ára sem gerð er nákvæm grein fyrir í nefndaráliti sjálfstæðismanna við fjárlagaafgreiðslu. Þær nema að raungildi frá því 1978 20 þúsund nýkróna (2 millj. gkr.) á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Mikið veður hefur verið gert út af skattalækkunum, lækkun launaskatts, stimpilgjalds og tollalækkunum í umræðum um svonefndar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á Alþingi undanfarið. Þegar framangreindar skattahækkanir umfram fjárlög vegna ákvörðunar skattvísitölu eru hafðar í huga og aðrar skattabreytingar skv. frumvörpum, sem fram eru komin, kemur í ljós að skattahækkun alls umfram fjárlög verður yfir 100 millj. kr., sbr. eftirfarandi yfirlit:

	Hækkun m. kr.	Lækkun m. kr.
1. Hækkun tekju- og eignarskatts og sjúkratryggingagjalds	45	
2. Tollafgreiðslugjald	54	
3. Söluskattur á gjaldið	19	
4. Gjald á sælgæti og kex	8	
5. Skattur á banka og sparisjóði	50	
6. Lækkun launaskatts		30
7. Stimpilgjöld, lækkun		20
8. Tollalækkun		22
Samt.	176	72
Hækkun skatta		104
	176	176

Undirritaðir nefndarmenn eru algerlega andvígir þessum skattahækkunum og allri stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem gengur þvert á allar yfirlýsingar Sjálfstæðisflokksins í þeim efnum. Við leggum því til að þetta frv. verði fellt.

Alþingi, 9. febr. 1982.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 434. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn skilum séráliti. Bendum við á að ekki er gert ráð fyrir að eigendur fiskiskipa fái neina hlutdeild í gengishagnaði né heldur sjómannasamtök. Ljóst er að skuldabyrði eigenda nýlegra fiskiskipa eykst sífellt við stöðugar gengislækkanir. Kannske má þó segja að hér sé ekkert stórmál á ferðinni, og munum við sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 9. mars 1982.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Lárus Jónsson.

Sþ. 435. Fyrirspurnir. [235. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um nefndarstörf um menntun fangavarða.

Frá Helga Seljan.

1. Hverjar eru helstu niðurstöður úr áliti þeirrar nefndar sem lauk störfum í janúar s. l. og fjallaði um menntun fangavarða?
2. Hvað hyggst ráðuneytið gera í framhaldi af þessu ítarlega nefndaráliti?

II. Til heilbrigðismálaráðherra um heilsugæslu á Þingeyri.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Hvenær má vænta þess, að læknir verði fenginn til þess að þjóna Þingeyrar-læknisumdæmi?

Ed. 436. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag og samþykkja neðangreindir nefndarmenn að standa að afgreiðslu málsins. Nefndarmönnum sýnist þeir standa frammi fyrir orðnum hlut.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gunnar Thoroddsen.

Alþingi, 10. mars 1982.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Kjartan Jóhannsson.
	Geir Gunnarsson.	

Sþ. 437. Nefndarálit [198. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um verndun lax í Norður-Atlantshafi.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur haft tillögu þessa til athugunar og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 10. mars 1982.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Benedikt Gröndal.	Guðm. Bjarnason.
	Albert Guðmundsson.	

Sþ. 438. Fyrirspurnir [236. mál]

til menntamálaráðherra um móttökuskilyrði sjónvarps og hljóðvarps á Vestfjörðum.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hverjar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árinu 1982 til að koma á viðunandi sjónvarpssambandi við þá sveitabæi og þéttbýlisstaði á Vestfjörðum, sem ýmist hafa engin eða þá mjög slæm skilyrði til móttöku á sjónvarpi?
2. Hvað líður áætlunum um uppsetningu FM-senda á Vestfjörðum svo að Vestfirðingar geti notið móttöku á FM stereo-útsendingum hljóðvarps?

Nd. 439. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [237. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Hallgrímsson, Halldór Blöndal.

1. gr.

77. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Skattamálum skal skipa með lögum.

Hvorki má setja íþyngjandi reglur um skatta á tekjur eða eignir liðins árs né afturvirkar og íþyngjandi reglur um breytta eða nýja skattstofna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá greinargerð þar sem sagði:

„Í frumvarpi þessu er lagt til, að nýrri málsgrein verði bætt við 77. gr. stjórnarskrárinnar, en greinin er nú aðeins ein mgr., samhljóða fyrri mgr. 1. gr. þessa frumvarps. Með nýrri mgr., síðari mgr. fyrstu greinar frv., er stefnt að því að auka réttaröryggi á sviði skattamála og setja sem gleggstar skorður við því, að afturvirk og íþyngjandi ákvæði séu sett um skatta á tekjur og eignir. Slík ákvæði geta valdið skattþegnum — bæði mönnum og ópersónulegum skattgreiðendum — verulegum erfiðleikum, ekki síst þegar gerðar hafa verið ráðstafanir um fjármál í réttmætu trausti þess, að skattlagning á tekjur og eignir verði í samræmi við þágildandi löggjöf.

Frá fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga er eigi unnt að ganga fyrr en um það leyti sem þeim er ætlað að taka gildi, oftast skömmu fyrir eða um áramót. Þá fyrst liggja fyrir upplýsingar um tekjuþörf ríkis og sveitarfélaga. Af þessum sökum hefur það lengi tíðkast, að skattvísitala hefur verið ákvörðuð í fjárlögum seint á skattárinu, þ. e. árinu sem tekna eða eigna hefur verið aflað. Ekki þykir að svo komnu máli fært að gera tillögu um að banna með stjórnarskrárákvæði að hafa þennan hátt á. Hitt verður að teljast réttmætt, að bannað verði með stjórnarskrárákvæði, að settar séu reglur um íþyngjandi skatta á tekjur og eignir árs, sem liðið er, þegar ákvæðið tekur gildi. Slík skattlagning hefur að vísu átt sér stað, einkum þegar verulegir erfiðleikar hafa verið í efnahagsmálum og ríkisfjármálum, en með því sýnist of langt gengið í skattheimtu. Af ýmsum hefur þessi skattlagning verið vefengd og talin andstæð stjórnarskránni, og dregur flutningur þessa frv. ekki úr þeirri skoðun. Frá því

hefur verið skýrt, að þetta álitaefni verði borið undir dómstóla vegna bráðabirgðalaga um kjaramál, nr. 96/1978. Nauðsynlegt er að gera þá stjórnarskrárbreytingu, sem lagt er til í þessu frv., hverning svo sem slíku dómsmáli lyktar.

Verulegum erfiðleikum er bundið að orða stjórnarskrárákvæði til að setja skorður við setningu afturvirkra og íþyngjandi reglna um skatta. Því þótti gleggst að lýsa óheimilt að breyta skatthlutföllum á tekjur og eignir árs, sem liðið er, ef þær reglur eru skattþegni óhagkvæmar. Hins vegar er ekki lagt til að banna að setja slíkar reglur á skattárinu og ákveða þar með skatt á tekjur og eignir, sem aflað hefur verið fyrr á því sama ári.

Það verður að teljast sérstaklega bagalegt, ef afturvirk og íþyngjandi ákvæði breyta skattstofni eða ákveða nýjan, t. d. lýsa óheimilt að draga viðhaldskostnað íbúðar skattþegns frá tekjum, þó að slíkt hafi verið heimilt, þegar ráðist var í dýra viðgerð. Af þeim sökum er skv. síðari hluta 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins lagt til að óheimilt verði að breyta skattstofni eða lögfesta nýjan með afturvirkri og íþyngjandi breytingu frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er einungis vikið að tekju- og eignarsköttum, enda er mest þörf á reglum, sem koma í veg fyrir afturvirkni ákvæða um þá. Vissulega geta þó fleiri ákvarðanir valdið erfiðleikum, t. d. tollabreytingar, sem gerðar eru eftir að greiðandi hefur gert tilteknar ráðstafanir, en áður en tollur er greiddur. Torvelt sýnist þó að móta stjórnarskrárákvæði, sem bæði eru sanngjörn og framkvæmanleg, um þetta og hliðstæð atriði. Meðan nothæf tillaga um slík stjórnarskrárákvæði kemur ekki fram, verður því að treysta því, að hóflega verði með lagasetningu að því staðið.

Í 2. mgr. 1. gr. er talað um „reglur“, og er með því stefnt að því, að ákvæðið gildi bæði um lagareglur, sem Alþingi setur, og um hvers konar reglur, sem stjórnvöld kunna að setja á grundvelli laga, hvort sem þau stjórnvöld eru ráðuneyti, skattayfirvöld eða sveitarstjórnir.“

Eins og getið er hér að framan var þegar ljóst eftir setningu bráðabirgðalaganna í september 1978, þar sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar beitti afturvirkri skattheimtu, að leitað yrði úrskurðar dómstóla um lögmæti þeirrar lagasetningar.

Fyrir skömmu var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í einu slíku máli og er sá dómur athyglisverður fyrir margra hluta sakir.

Ágreiningur varð í Hæstarétti við úrlausn þessa máls. Þríklofnaði dómurinn og minnsti meiri hluti dómsins, þrír hæstaréttardómarar, taldi að ekki væri, eins og í forsendum dómsins segir, „alveg næg ástæða til að telja þetta varða ógildi lagaákvæða þeirra sem hér skipta máli“, þótt áður hafi verið tekið fram, að „slík vinnubrögð af löggjafarvaldsins hálfu verði að teljast mjög varhugaverð.

Það er ljóst mál af niðurstöðu þessa dóms, að meiri óvissa ríkir í þessum málum nú en áður. Er því ástæða til að undirstrika nauðsyn þess, að Alþingi móti réttarreglur, sem taki af öll tvímæli í þessum efnum, og skorður verði settar við afturvirkni íþyngjandi skattaákvæða. Með því er skapað nauðsynlegt öryggi á sviði skattamála.“

Sþ. 440. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]

um skipun nefndar til að endurskoða mörk núgildandi lögsagnarumdæma.

Flm.: Böðvar Bragason.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða núgildandi mörk lögsagnarumdæma. Nefndina skipi fjórir menn tilnefndir af þingflokkunum, einn tilnefndur af Sýslumannafélagi Íslands og einn skipaður af dómsmálaráðherra án tilnefningar og sé hann jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndin skili tillögum sínum fyrir árslok 1983.

Greinargerð.

Mörk lögsagnarumdæma á Íslandi eru á margan hátt úrelt og ófullnægjandi. Víða um land taka þau ekkert tillit til byggða- og þjónustukjarna sem myndast hafa, og eru þess dæmi að menn þurfi að fara í gegnum eitt eða fleiri lögsagnarumdæmi til að komast til yfirvalds síns. Má þar nefna sem dæmi, að íbúar Mosfellshrepps þurfa að aka um Reykjavík og Kópavog til að komast til sýslumanns Kjósarsýslu, sem situr í Hafnarfirði, og íbúar Norður-Múlasýslu þurfa að aka um Egilsstaði til að komast til sýslumanns Norður-Múlasýslu, sem situr á Seyðisfirði.

Þá er víða mjög langt að fara til viðkomandi sýslumanns þó ekki þurfi að fara um önnur lögsagnarumdæmi til þess, en oft er þó mun styttra til yfirvalds í næsta lögsagnarumdæmi. Má nefna sem dæmi, að íbúar norðanvert við Hvalfjörð þurfa að aka til Borgarness til að hitta sinn sýslumann, en mun styttra er til Akraness, þar sem bæjarfógeti situr, og íbúar austanvert við Eyjafjörð þurfa að fara til Húsavíkur, þar sem sýslumaður Þingeyjarsýslu situr, en mun styttra er að fara til Akureyrar, þar sem sýslumaður Eyjafjarðarsýslu situr.

Þá er ótalið það óhagræði fyrir lögregluna, sem víðast situr á sama stað og sýslumenn, að þurfa að sinna löggæslu þar sem svo langt er að fara sem að framan greinir, en mun styttra fyrir lögregluna í næsta lögsagnarumdæmi að sinna málunum.

Mörk lögsagnarumdæma í óbyggðum eru víða óljós, einkum á miðhálendi landsins, þar sem þau eru mjög á reiki og víða með öllu ókunn. Sýslumörk á uppdráttum landsins eru og sett eftir misjafnlega öruggum heimildum og sums staðar af handahófi.

Um nokkurt skeið hafa verið uppi raddir sem krefjast úrbóta á þessum sviðum, einkum á Austurlandi, en mörk lögsagnarumdæma skipta miklu máli fyrir íbúa hinna ýmsu héraða hvað varðar þjónustu af hálfu ríkisvaldsins.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að nú þegar verði hafist handa við að koma fastri og bættri skipan á mörk lögsagnarumdæma um land allt í samráði við hagsmunaaðila og stjórnvöld, sem málið skiptir, og undirbúa lagasetningu um mörkin, eftir því sem nauðsyn ber til, en heildarlöggjöf um þessi efni er ekki fyrir hendi. Því er lagt til að til að vinna að þessum málum verði skipuð nefnd, skipuð fjórum mönnum tilnefndum af þingflokkunum, einum manni tilnefndum af Sýslumannafélagi Íslands, en formaður skipaður af dómsmálaráðherra án tilnefningar.

Nd. 441. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til laga um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu, sem gerð var á því í efri deild.

Jákvæðar umsagnir bárust frá Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenskra iðnrekenda.

Alþingi, 11. mars 1982.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Alexander Stefánsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Halldór Blöndal.	Skúli Alexandersson.	Steinþór Gestsson.
	Árni Gunnarsson.	

Nd. 442. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. mars 1982.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Alexander Stefánsson, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Halldór Blöndal.	Skúli Alexandersson.	Steinþór Gestsson.
	Árni Gunnarsson.	

Ed. 443. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í hvert sinn sem núverandi hæstvirtur sjávarútvegsráðherra hefur mælt fyrir lögum um tímabundið olíugjald til fiskiskipa hefur hann jafnframt lýst yfir vilja sínum til að breyta því eða afnema í þeirri mynd sem það nú er. Við höfum jafnoft lýst yfir vilja okkar til samvinnu um skynsamlega breytingu, en ekkert hefur gerst annað en að hringlað hefur verið með olíugjaldið um nokkur prósent upp eða niður.

Sú ákvörðun, sem nú er verið að taka um 7% olíugjald, er ekki annað en staðfesting á gefnum loforðum, á þegar gerðum samningum og er í raun hluti af síðustu fiskverðsákvörðun.

Við höfum ekki orðið til að tefja gang þessa máls í gegnum þingið og munum ekki greiða atkvæði gegn því en sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 11. mars 1982.

Guðm. Karlsson, frsm.	Egill Jónsson.

Sþ. 444. Nefndarálit [71. mál]

um till. til þál. um kornrækt.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar óbreyttrar.

Alþingi, 11. mars 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, varaform., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Siggeir Björnsson.
Tryggvi Gunnarsson.	Jón Kristjánsson.	Magnús H. Magnússon.
	Friðrik Sophusson.	

Sþ. 445. Beiðni um skýrslu

frá forsætisráðherra um framkvæmd jöfnunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Frá Friðrik Sophussyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi G. Einarssyni, Tryggva Gunnarssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Salome Þorkelsdóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Steinþóri Geststssyni, Jósef H. Þorgeirssyni og Geir Hallgrímssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því, að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um **framkvæmd jöfnunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna.**

Alþingi, 11. mars 1982.

Friðrik Sophusson,	Lárus Jónsson,	Ólafur G. Einarsson,
Tryggvi Gunnarsson,	Ey. Kon. Jónsson,	Salome Þorkelsdóttir,
Birgir Ísl. Gunnarsson,	Steinþór Gestsson,	Jósef H. Þorgeirsson,
Geir Hallgrímsson.		

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Í janúar á þessu ári skilaði nefnd, sem skipuð var af forsætisráðherra til að bera saman starfsskilyrði iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar, skýrslu sinni og hefur hún verið gefin út til opinberra nota. Í niðurstöðum nefndarinnar, sem hún stendur einróma að, er bent á að umtalsverð mismunun eigi sér stað.

Í skipunarbréfi forsætisráðherra var nefndinni falið: „ að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar með tilliti til samkeppnisaðstöðu í útflutningi og á heimamarkaði. Verði að því stefnt að skapa atvinnuvegunum sambærilega aðstöðu, m. a. með tilliti til mismunandi álagningar opinberra gjalda, sem leiðir til óhagstæðrar gengisskráningar fyrir einstaka atvinnuvegi. Jafnframt verði gerð athugun á lækkun á sölugjöldum af fjárfestingarvörum og hjálpartækjum með tilliti til jöfnunar á samkeppnisaðstöðu og aukinnar framleiðni, svo og á breytingu á stimpilgjöldum."

Í lok I. kafla skýrslunnar um skipun nefndarinnar og afmörkun efnis segir: „Beindist samanburðarathugun nefndarinnar að fjórum meginsviðum, þ. e. verðmyndunar- og gengismálum, tekjuöflun hins opinbera, opinberum framlögum og að lokum aðgangi að fjármagni og kjörum þess. Setti nefndin sér eftirfarandi meginreglur við þann samanburð:

1. Könnuð er fjárhagsleg mismunun.
2. Almennar reglur, sem gilda gagnvart öllum atvinnugreinunum þremur, eru ekki taldar fela í sér mismunun, þó svo áhrif þeirra séu mismikil fyrir greinarnar.
3. Einkum hefur verið athuguð mismunun milli greina, en yfirleitt ekki litið til mismununar innan sömu greinar.
4. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á þau atriði sem ætla má að feli í sér meiri háttar mismunun.
5. Könnunin miðast við atriði sem stjórnvöld geta einhverju um ráðið.

Í stuttu máli má segja, að nefndin hafi kosið að líta á meiri háttar fjárhagslega mismunun milli landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar sem felst í sértækum ákvæðum og stjórnvöld geta einhverju um ráðið. Niðurstöður nefndarinnar um mismunun í starfsskilyrðum verða hins vegar ekki rétt metnar, nema litið sé til allra meginsviða starfsskilyrða í senn."

Þegar ríkisstjórnin efndi til efnahagsráðstafana um áramótin 1980—81 var gefin út sérstök efnahagsáætlun. Í 13. tölulið hennar segir: „Hraðað verði samanburði á starfsskilyrðum höfuðatvinnuveganna og þau samræmd. Tryggt verði, að starfsskilyrði iðnaðarins verði ekki lakari en annarra atvinnuvega.“

S. l. haust skipaði ríkisstjórnin svo embættismannanefnd undir forustu Þórðar Friðjónssonar hagfræðings til að vinna að frekari framkvæmd málsins.

Af því, sem að framan er greint, virðist það hafa verið augljós ásetningur ríkisstjórnarinnar að jafna starfsskilyrði atvinnuvega. Nauðsynlegar upplýsingar virðast liggja fyrir. Því er þess beiðst, að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd jöfnunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna, þar sem tíundaðar verði þær aðgerðir sem stjórnin hefur nú þegar efnt til og ætlar sér að efna til á næstunni í þessu skyni.

Sþ. 446. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um hafnargerð við Dyrhólaey.

Flm.: Siggeir Björnsson, Jón Helgason, Steinþór Gestsson, Böðvar Bragason, Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram fullnaðarrannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey.

Þær áætlanir, sem fyrir liggja, verði endurskoðaðar og notagildi hafnarinnar endurmetið, m. a. með tilliti til útflutnings á Kötluvikri í miklum mæli.

Skal verki þessu hraðað svo sem verða má og lokið ekki síðar en fyrir árslok 1983.

Greinargerð.

Jarðefnaiðnaður h/f hefur að undanförnu látið rannsaka gæði Kötluvikurs í rannsóknarstofnun hér heima og í Þýskalandi. Í fréttatilkynningu frá stjórn Jarðefnaiðnaðar h/f segir m. a.: „Efniseiginleikar og gæði vikursins uppfylla kröfur þýskra staðla um léttsteypu. Í heild eru efniseiginleikar og gæði Kötluvikursins góð og verulega betri en fyrir fram var búist við.“ Einnig segir, að nýtilegur vikur sé að minnsta kosti 300 000 000 m^3 á Mýrdalssandi vestan og norðan Hjörleifshöfða. Má sennilega reikna með að á öllum sandinum sé nýtilegur vikur þrisvar til fjórum sinnum meiri en það.

Jarðefnaiðnaður h/f hefur látið gera umfangsmiklar rannsóknir á því, hvernig heppilegast væri að koma vikrinum í skip er lægi úti fyrir sandinum. Vegna hafnleysis var gert ráð fyrir færibandi eða dælingu. Að áliti færustu manna er flutningur á vikrinum tæknilega mögulegur með þeim hætti, en mjög dýr vegna mannvirkja er gera yrði og koma væntanlega ekki til annarra nota.

Víða um Vestur-Evrópu er vaxandi eftirspurn eftir vikri, Hekluvikri og væntanlega Kötluvikri, eftir að hann hefur fengið gæðastimpil, eins og áður er getið. Telja má öruggt að á næstu árum verði markaður fyrir hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir tonna af íslenskum vikri árlega í nálægum löndum, þar sem jarðefni til bygginga eru að ganga til þurrðar.

Höfn við Dyrhólaey gæti leyst fyrrnefnda örðugleika á flutningi vikurs um borð í skip. Þar er því komin ný forsenda fyrir hafnargerð við Dyrhólaey í viðbót við eldri rök fyrir því máli.

Útflutningur vikurs í stórum stíl um höfnina gæfi tekjur til hafnarinnar sjálfrar, auk þess sem Kötluvikurinn yrði markaðsvara erlendis og færði þjóðinni erlendan gjaldeyri. Auk þess skapar þetta atvinnu við flutning vikursins og jafnvel vinnslu úr honum, auk annarra möguleika sem höfn gefur. Full þörf er á aukinni atvinnu og fjölbreyttari á þessu svæði.

Tillaga svipuð þessari var flutt á 102. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Mál þetta er nú flutt á nýjan leik í trausti þess, að það nái nú fram að ganga.

Sþ. 447. Skýrsla

Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1982 um utanríkismál.

I. Inngangur.

Í upphafi skýrslu minnar á s. l. ári tók ég upp orðréttan úr stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar þann kafla sem fjallar um utanríkismál o. fl. Tel ég eftir atvikum rétt, að taka þennan kafla einnig upp í þessari skýrslu, en hann er á þessa leið:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan Mayen svæðinu og fullnægjandi vernd fiskstofnanna þar. Jafnframt verði hafsbotnsréttindi Íslendinga á svæðinu tryggð.

Öryggismálanefndin hraði störfum sínum og geri reglulegar áfangaskýrslur um störf sín.

Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstjórnarinnar.

Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli."

Í síðustu skýrslu minni benti ég á, að í þessum ákvæðum fælust engin meiri háttar nýmæli og því yrði fylgt í meginatriðum sömu utanríkisstefnu og farið hefur verið eftir á undanförnum árum. Síðan vakti ég athygli á því, að alkunna væri, að einn stjórnarflokkanna — Alþýðubandalagið — hefði í grundvallaratriðum aðra stefnu í öryggis- og varnarmálum og væri sú stefna þess óbreytt þrátt fyrir stjórnarsáttmálann.

Varðandi einstök framkvæmdarákvæði utanríkismálakaflans skal tekið fram, að samkomulag hefur nú verið gert við Norðmenn um Jan Mayen svæðið, bæði um afmörkun lögsögu, fiskveiði- og landgrunnsmál. Unnið hefur verið að endurskoðun áætlana um flugstöð á Keflavíkurflugvelli og ennfremur hef ég látið ráðuneyti mitt fylgjast sérstaklega með starfsemi Norðurlandaráðs, þótt aðrir þættir norrænnar samvinnu komi fremur til kasta míns ráðuneytis en sjálft ráðið, sem er á ábyrgð þjóðþinganna á Norðurlöndum. Þátttaka okkar í starfsemi Sameinuðu þjóðanna hefur verið eins öflug og unnt er með þeim takmarkaða mannafla, sem yfir er að ráða.

II. Alþjóðamál.

Á því ári, sem liðið er frá því ég gaf síðustu heildarskýrslu mína um utanríkismál hefur fátt jákvætt gerst á vettvangi alþjóðamála annað en það, að nú eru hafnar viðræður milli Bandaríkjamanna og Sovétmanna um takmörkun meðaldrægra eldflauga í Evrópu, svo-

nefndar INF-viðræður í Genf og nokkrar líkur eru enn á að viðræður þessara aðila um takmörkun eða samdrátt í langdrægum eldflaugum geti hafist með vorinu. Á hinn bóginn hafa ný vandamál bæst við og önnur hafa orðið alvarlegri og erfiðari viðfangs.

Andstæðurnar milli austurs og vesturs eru nú skarpari en þær hafa verið allt frá tímum kalda stríðsins og ná til flestra þátta í samskiptum þessara aðila. Ófriðarblikur hafa enn á ný aukist í austurlöndum nær, spennan hefur vaxið í mið-Ameríku og lítið miðar í afvopnunarviðræðum og norður-suður viðræðunum um nýskipan alþjóða efnahagsmála. Við þetta bætast síðan þeir efnahagsörðugleikar, sem gengið hafa yfir flest iðnvædd ríki á vesturlöndum og atvinnuleysi tugmilljóna manna. Þessi vandamál má að nokkru rekja til verðkúgunar olíuframleiðsluríkja en ekki síður til vaxandi sjálfvirkni í iðnaði og aukinnar samkeppni frá láglaunaríkjum í Asíu og víðar. Þau hafa síðan valdið stöðnun og jafnvel samdrætti í framlögum iðnríkja til aðstoðar við þau ríki, sem mestrar aðstoðar þarfnast, og dregið úr áhuga sem vænta mátti á raunhæfum aðgerðum til að breyta skipan alþjóða efnahagsmála til hagsbóta fyrir þróunarríkin. Þarna er því um sjálfheldu að ræða, sem erfitt verður að komast úr. Enn eru fá teikn á lofti um skjótan bata nema helst sú lækkun olíuverðs, sem nú á sér stað vegna offramboðs, en erfitt er að segja til um hversu langvarandi hún verður eða hversu mikil áhrif hún hefur ein sér á ástandið.

Áður en ég fjalla um samskipti austurs og vesturs tel ég rétt að víkja að málefnum tveggja ríkja, sem mikið hafa verið í sviðsljósinu að undanförnu án þess þó að hafa átt mikinn þátt í versnandi sambúð austurs og vesturs, þ. e. Tyrklands og El Salvador.

Tyrkland er gamalt stórveldi sem að mestu leyti liggur utan marka Evrópu. Menning þjóðarinnar er ekki af evrópskum toga spunnin og Islam eru hin ríkjandi trúarbrögð. Það er aðeins rösk hálf öld síðan Mustafa Kemal Atatürk ákvað að opna allar gáttir til vesturs og taka upp vestræna siði og háttu á sem flestum sviðum. Þjóðin er enn mjög fátæk og stórir hlutar landsins vanþróaðir. Við það bætist að minnihlutahópar telja sig misrétti beitta og svífast einskis til að vekja athygli á kröfum sínum.

Síðustu 12 mánuðina fyrir valdatöku hersins haustið 1980 urðu 3.000 manns fórnarlömb þeirrar ógnaraldar, sem yfir þjóðina gekk. Lýðræðislegir stjórnarhættir áttu í vök að verjast og stjórnleysi og upplausn blasti við. Við þessar aðstæður greip tyrkneski herinn inn í þróun mála og tók sér alræðisvald í landinu. Leiðtogar hans lýstu því yfir, að tilgangur valdatökunnar væri að koma aftur á friði í landinu og skapa aðstæður til að endurreisa lýðræði. Herinn hafði áður gripið til svipaðra ráðstafana og staðið við fyrirheit sín um að skila völdunum til lýðræðislega kjörinna fulltrúa og verulegur hluti þjóðarinnar virðist því að nokkru hafa sætt sig við herlögin.

Um síðustu áramót skýrði herstjórnin frá áætlunum sínum um þjóðaratkvæði um nýja stjórnarskrá í haust og frjálsar kosningar haustið 1983 eða vorið 1984. Ýmislegt er enn óljóst um hvaða ákvæði muni felast í hinni nýju stjórnarskrá og hvort hún muni tryggja fullt lýðræði í landinu aftur. Fyrr en hún hefur séð dagsins ljós er því lítið hægt að fullyrða.

Framkvæmd herlaga í Tyrklandi hefur á ýmsan hátt verið harðneskjuleg. Víðtæk og alvarleg mannréttindabrot hafa verið framin. Stjórnmálasamtök og verkalýðsfélög hafa verið bönnuð, margir forystumenn þeirra samtaka hafa verið fangelsaðir og því er jafnframt haldið fram að pyntingar hafi átt sér stað. Herforingjastjórnin hefur sætt mikilli gagnrýni á meðal lýðræðisþjóða. Alþjóðasamtök, svo sem Efnahagsbandalagið og Evrópuráðið hafa gert ályktanir, þar sem stjórnarfarið í Tyrklandi hefur verið fordæmt og jafnframt leitað líklegustu leiða til úrbóta. Að því er unnið, m. a. á vettvangi Evrópuráðsins, þótt þar greini menn vissulega á um bestu málsmeðferðina.

Ég mun fjalla um ástandið í Póllandi í tengslum við samskipti austurs og vesturs en ég vil strax undirstrika að enda þótt herlög ríki bæði í Tyrklandi og Póllandi þá er grundvallarmunur þarna á milli. Í Tyrklandi grípur herinn inn í til þess að afstýra frekari ógnaröld og

endanlegu skipbroti lýðræðis. Þetta gerir hann án nokkurra utanaðkomandi áhrifa, að því er virðist með stuðningi eða skilningi mikils hluta þjóðarinnar og með því yfirlýsta markmiði að endurreisa lýðræði í landinu. Í Póllandi tekur herinn öll völd undir beinum þrýstingi og ógnun um að annars muni önnur ríki taka til sinna ráða. Valdatakan er augljóslega í beinni andstöðu við vilja yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinar, gerð í því skyni einu að slökkva þann litla neista frelsis og lýðræðis sem þar hafði kviknað og ætlað að tryggja að slíkir neistar kvikni þar ekki aftur um ófyrirsjáanlega framtíð.

Í skýrslu minni á s. l. ári vék ég nokkuð að málefnum El Salvador. Því fer fjarri að ástandið hafi batnað á þeim tíma sem síðan er liðinn. Ógnaröldin er alls ráðandi og ýmsar fylkingar til hægri og vinstri keppast um að myrða andstæðingana en allur almenningur í landinu líður mest, eins og oftast vill verða. Það yrði of langt mál að reyna hér að skilgreina ástandið í El Salvador og benda á líklegustu lausnirnar. Almennar kosningar standa fyrir dyrum en vandséð er að þær geti leyst mikið eins og í pottinn er búið. Ýmsir vinstri flokkar fá ekki að taka þátt í kosningunum eða vilja það ekki, og framboð eða jafnvel aðeins þátttaka í atkvæðagreiðslu getur jafngilt dauðadómi frá einhverjum þeirra fylkinga, sem berjast um völdin. Núverandi ríkisstjórn í landinu er blanda af herforingjastjórn og borgaralegri stjórn, lítils megnug og sjálfri sér sundurþykk. Hún hefur reynt að skipta stórum jarðeignum milli smábænda til að draga úr þjóðfélagsmisréttinu en árangur af því starfi er enn óviss vegna upplausnarástandsins í landinu. Bandaríkjamenn hafa veitt stjórninni hernaðaraðstoð til að berjast við skæruliðafylkingu vinstri manna, sem þeir segja studda af ýmsum kommúnistaríkjum og jafnframt veita Bandaríkjamenn stjórninni nokkra efnahagsaðstoð í von um að hún styrki stöðu kristilegra demókrata Duartes í kosningunum og þar með aðstöðu miðjumanna í stjórnmálum El Salvador.

Sameinuðu þjóðirnar hafa tvívegis ályktað um ástandið í El Salvador. Þar hafa aðilar verið víttir fyrir framferði sitt og skorað á þá að taka upp viðræður til að leysa málin á friðsamlegan hátt. Ísland hefur greitt þessum tillögum atkvæði sitt, en því miður bendir enn ekkert til að friðsamleg lausn sé í sjónmáli. Sumir þeirra hópa, sem berjast við ríkisstjórnina hafa gefið til kynna, að þeir kunni að vera reiðubúnir til samningaviðræðna, en stjórnin er því andvíg og vísar m. a. til kosninganna, sem fram eiga að fara.

Ástandið í sumum öðrum mið-Ameríkuríkjum, einkum Guatemala, er í sjálfu sér ekki mikið betra en í El Salvador. Mesta ógnunin við frið og stöðugleika í þessum ríkjum er fátækt, félagslegt óréttlæti og alræðisvald fámennisstjórna. Aðeins með auknu jafnræði, aukinni almennri menntun og efnahagslegri uppbyggingu verður hægt að stuðla að lýðræðisþróun og forða því að sterkir öfgahópar steypi þessum ríkjum út í alræðisvald kommúnismans. Þegar svo er komið gefast tækifærin ekki til að skoða hug sinn að nýju og hyggja að því hvort aðrar leiðir væri ekki gæfulegri. Næg eru dæmin til að sanna það.

Samskipti austurs og vesturs.

Undir lok sjöunda áratugarins og á fyrra helmingi síðastliðins áratugar fóru samskipti vestrænna ríkja og kommúnistaríkjanna í austur-Evrópu batnandi. Ýmsar ástæður lágu til þessarar þróunar og má þar m. a. nefna „Ostpolitik" Sambandslýðveldisins Þýskalands. Þjóðir Evrópu og Norður-Ameríku urðu ásáttar um að staðfesta vilja sinn til aukinna og vinsamlegri samskipta með undirritun lokasamþykktar Öryggismálaráðstefnu Evrópu. Í henni er að finna ýmsar meginreglur, sem ríkin skulu fylgja í samskiptum sínum við önnur ríki, þegna þeirra og eigin þegna. Einnig var á þessum tíma ákveðið að efna til samningaviðræðna um gagnkvæman samdrátt í herafla í mið-Evrópu. Í kjölfar þessarar þróunar minnkaði áhersla vestrænna ríkja á vígbúnað verulega, en framlög til annarra málaflokka svo sem félagslegra umbóta voru aukin. Stóð svo lengstan hluta síðasta áratugar, eða þar til ljóst þótti að eitt ríki, Sovétríkin, hefði síður en svo dregið úr áherslu sinni á aukinn vígbúnað.

Var þar enginn þáttur vígbúnaðar undanskilinn þótt mestum áhyggjum yllu SS-20 eldflaugarnar, sem beint er að skotmörkum í Vestur-Evrópu. Síðan kom innrás Sovétríkjanna í Afghanistan. Því miður hefur fordæming yfirgnæfandi meirihluta þjóða heims á þessari innrás og krafan um brottför sovéska herliðsins ekki borið neinn árangur. Verulegur hluti afghönsku þjóðarinnar hefur flúið land og mótspyrna hinna, sem eftir sitja, er miskunnarlaust brotin á bak aftur. Vestrænar þjóðir hafa talið þetta skýlaust brot á þeim hegðunarreglum, sem gilda eiga í samskiptum þjóða og staðfestar hafa verið í alþjóðasamningum og nú síðast með lokasamþykkt Öryggismálaráðstefnunnar. Og nú hafa þeir atburðir gerst í Evrópu, sem telja verður gróft brot á nær öllum þeim meginreglum, sem settar eru í lokasamþykkt Helsinki-ráðstefnunnar, þ. e. valdataka hersins í Póllandi.

Enn einu sinni hefur það fengist staðfest að kommúnistiskt þjóðskipulag þolir ekki frelsi og nægir því til sönnunar að nefna atburðina í Austur-Þýskalandi 1953, Ungverjalandi 1956, Tékkóslóvakíu 1968 og Póllandi 1981. Allt er þetta staðfesting á óbreyttu eðli kommúnistisks stjórnarfars. Þjóðum Austur-Evrópu hefur aldrei verið gefinn kostur á að tjá sig um þetta kerfi í frjálsum kosningum. Kerfið þolir hvorki samkeppni við aðra hugmyndafræði né viðurkenningu almennra mannréttinda. Kerfið getur ekki einu sinni afsakað sig með að það tryggi íbúunum efnaleg gæði. Þróunin í pólskum efnahagsmálum er lýsandi dæmi um vanmáttinn einnig á þessu sviði. Eina svar þessa gjaldþrota þjóðskipulags er grímulaus valdbeiting og kúgun.

Það kann að vera óljóst hver bein afskipti Sovétstjórnin hefur haft af atburðum í Póllandi, en það breytir engu um þá meginstaðreynd að án sovéskra áhrifa hefði staða mála verið önnur í Póllandi í dag. Kerfið, sem þykist vera útvalið til að sinna hagsmunum alþýðunnar er enn einu sinni bert að því að berja þessa sömu alþýðu til hlýðni með hervaldi.

Íslendingar hafa með samúð fylgst með viðleitni pólsku þjóðarinnar til að auka frelsi sitt og lýðræði. Við hljótum að krefjast þess að slík þróun sé ekki kæfð í fæðingu með utanaðkomandi hótunum um ofbeldi og kúgun. Við höfum lagt lítinn skerf af mörkum til að lina hungur og þjáningar í Póllandi af völdum matarskorts og okkur ber tvímælalaus skylda til að halda slíku mannúðarstarfi áfram. Að tilmælum flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin einnig lýst sig reiðubúna til að taka við 20—25 af þeim 40—50 þúsundum flóttamanna frá Póllandi, sem nú hafa leitað hælis í Austurríki. Þetta er ekki há tala, en hlutfallslega er þarna um svipaðan fjölda að ræða og ýmsar nágrannaþjóðir okkar hyggjast taka við.

Atburðirnir í Póllandi varpa dökkum skugga á samskipti austurs og vesturs og valda mjög versnandi sambúð stórveldanna. Sú þróun hefur að sjálfsögu í för með sér aukna hættu fyrir alla heimsbyggðina og því er það enn nauðsynlegra en ella að kröftuglega sé unnið að samningaviðræðum á sviði afvopnunarmála og að leitað sé allra raunhæfra leiða til að bæta sambúðina að nýju með því að fá alla aðila til að standa við gefin loforð um hegðunarreglur í alþjóðlegum samskiptum. Sá vettvangur, sem þjóðir Evrópu og Norður-Ameríku hafa hvað mest notað í þessum efnum eru ráðstefnurnar, sem efnt hefur verið til í því skyni að meta framgang málaflokka í lokasamþykkt ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu og ræða, hvað auka megi og bæta. Á árinu 1977 var slík ráðstefna haldin í Belgrad og haustið 1980 hófst næsta ráðstefna í Madrid.

Madridráðstefnan.

Ekki tókst að ná samkomulagi fyrir jólin 1981 um viðunandi lokaskjal Madridráðstefnunnar. Undirbúningsfundur undir ráðstefnuna hófst 9. september 1980. Segja má því, að Madridráðstefnan hafi staðið nokkuð á annað ár, en upphaflega var ráðgert að ljúka ráðstefnunni fyrir áramótin 1980/81.

Það er fyrst og fremst hið ótrygga ástand alþjóðamála, sem ríkt hefur undanfarin tvö ár,

sem sett hefur svip sinn á ráðstefnuna. Talsverður árangur hefur þó náðst í Madrid. Samkomulag er um 80% lokaskjals, en þriðji hluti ráðstefnunnar, sem stóð frá 27. október til 18. desember 1981 bar lítinn árangur. Hlutlausu ríkin fjögur, Austurríki, Finnland, Sviss og Svíþjóð tóku að sér um miðjan nóvember að miðla málum milli Austurs og Vesturs, en vegna innbyrðis ósamkomulags sín á milli, tókst þeim ekki að leggja fram formleg drög að lokaskjali, fyrr en mánuði síðar, ásamt nokkrum óháðum ríkjum, Kýpur, Liechtenstein, San Marino og Júgóslavíu.

Eitt meginverkefni Madridráðstefnunnar er ákvörðun um, hvort halda beri afvopnunarráðstefnu — CDE — , er fjalli fyrst um aðgerðir til að efla traust og á síðara stigi um vopnaeftirlit og afvopnun almennt, gefi fyrri hluti hennar ástæðu til. Gert er ráð fyrir, að aðgerðir þessar — CBM's — verði hernaðarlega mikilvægar, bindandi og háðar eftirliti. Er samkomulag um þessi atriði, en eftir er að ganga frá samkomulagi um víðáttu svæðisins, sem þessar aðgerðir til að efla traust eigi að ná til.

Í stuttu máli er hægt að skilgreina ágreiningsefnin milli Austurs og Vesturs í meginatriðum þannig:

1) Ágreiningurinn um CBM's svæðið, þ. e. a. s. víðáttu svæðisins, sem aðgerðir til að efla traust eiga að ná til, vegur þyngst á metunum. Sovétríkin hafa boðist til þess, að „CBM's svæðið", sem tilkynna þarf heræfingar fyrirfram á, nái austur að Úralfjöllum gegn „tilsvarandi viðbót" í vesturátt frá landi þátttökuríkjanna í Vestur-Evrópu. Auk þess eigi Miðjarðarhafið að falla inn í myndina. Vesturlönd vilja hins vegar miða svæðið við „alla Evrópu" og að það nái auk þess til aðliggjandi hafsvæðis og loftrýmis, ef æfingar á sjó og í lofti eru óskiptur hluti af heræfingum á landi, sem tilkynning mun verða gefin um samkvæmt Helsinki lokasamþykktinni. Sovétríkin telja, að tilkynna beri um sjálfstæðar æfingar sjóliðs og flugsveita og halda því fram, að afvopnunarráðstefna Evrópu eigi sjálf að ákveða víðáttu CBM's svæðisins, en ekki Madridráðstefnan. Þetta geta Vesturlönd ekki fallist á.

2) Deilt er um mannréttindamálin. Aðallega um virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Vesturlönd telja, að framkvæmd mannréttindaákvæða Helsinkisamþykktarinnar sé mjög ábótavant í Austur-Evrópu og vilja bæta og styrkja ákvæði lokasamþykktarinnar m. a. um, að einstaklingar í öllum þátttökuríkjum geti látið í ljós óháðar skoðanir um framkvæmd mannréttindaákvæðanna. Auk þess vilja Vesturlönd tryggja betur trúarbragðafrelsi og skoðanafrelsi einstaklingsins, en Sovétríkin og fylgiríki þeirra sporna á móti. Vilja þau varla ræða mannréttindamálin fyrr en ákvörðun eða samkomulag um að halda afvopnunarráðstefnu Evrópu liggur fyrir. Vesturlönd telja hins vegar nauðsynlegt, að mannréttindamálin hljóti afgreiðslu samtímis hernaðarhlið öryggismálanna.

3) Ágreiningur er auk þess um þann þátt Helsinki-samþykktarinnar, er varðar mannleg tengsl. Vesturlönd gagnrýna slælega framkvæmd Austur-Evrópuríkjanna á þessum þætti lokasamþykktarinnar, m. a. á ákvæðunum um aukin tengsl og reglulega fundi á grundvelli fjölskyldubanda og endursameiningu fjölskyldna. Ferðalög séu takmörkuð og ferðafrelsi heft. Neitað sé um vegabréfsáritanir til útlanda frá Austur-Evrópuríkjunum í stað þess að rýmka um slíkar reglur. Vegabréfsáritunum til útlanda hafi fækkað verulega á undanförnu ári.

4) Vesturlönd telja, að engar endurbætur á dreifingu, aðgangi að og skiptum á upplýsingum hafi átt sér stað í ýmsum Austur-Evrópuríkjum. Aðallega hafi Sovétríkin engar ráðstafanir gert til þess að framkvæma ákvæði lokasamþykktarinnar í þessum efnum. Auk þess séu Sovétríkin ekki reiðubúin að samþykkja, að gerðir verði gagnkvæmir samningar um opnun og rekstur á lestrarsölum og menningarstofnunum, sem almenningur eigi aðgang að. Starfsemi fréttamanna sé trufluð og takmörkuð í Austur-Evrópu. Hömlur séu þar á dreifingu upplýsingaefnis o. s. frv.

5) Ágreiningur er einnig um, hvar og hvenær halda skuli næstu framhaldsráðstefnu eftir Madrid.

Um miðjan desember s. l., er málamiðlun hlutlausra og óháðra ríkja lauk með nýjum tillögum að lokaskjali, gerðu ýmsir sér vonir um, að hægt yrði að ná samkomulagi milli Austurs og Vesturs um meginágreiningsefnin. Þegar á reyndi kom í ljós að hinn pólitíska vilja vantaði. Setning herlaga í Póllandi á sama tíma og tillögurnar komu fram, átti sinn þátt í því. Vestur-Evrópuríkin telja tillögur hlutlausra og óháðra í sjálfu sér vera góðan grundvöll að frekari samningaviðræðum við Austur-Evrópuríkin, en þau kjósa ekki síður að sjá einhverjar efndir á fyrri loforðum áður en lengra verði haldið.

Madridráðstefnan hófst aftur þriðjudaginn 9. febrúar 1982. Eftir miklar deilur um málefni Póllands og fleiri atriði hefur nú orðið samkomulag um að fresta henni frá 12. mars og hefja fundi að nýju hinn 9. nóvember næstkomandi.

Afvopnunarmál.

Á fyrsta aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978 lýstu kjarnavopnaríkin yfir samþykki sínu við ýmsar yfirlýsingar sem þar komu fram um að stöðva yrði kjarnavopnakapphlaupið. Sett var á stofn stærri afvopnunarnefnd í Genf og hafist handa um að hrinda í framkvæmd framkomnum viljayfirlýsingum. Nú, eftir þriggja ára störf, hefur þessi nefnd ekki getað orðið sammála um að leggja fram ein einustu samningsdrög. Reyndar eru tuttugu ár liðin frá því að afvopnunarviðræðurnar hófust upphaflega í Genf og þeir málaflokkar, sem þá lágu fyrir liggja þar enn óleystir. Það gætir því takmarkaðrar bjartsýni um árangur annars aukaallsherjarþingsins um afvopnunarmál, sem kemur saman í New York dagana 7. júní til 9. júlí næstkomandi.

Sameinuðu þjóðirnar eru að sjálfsögðu víðasti vettvangurinn fyrir afvopnunarviðræður en sá fjöldi þjóða, sem þar á sæti gerir slíkar viðræður á hinn bóginn flóknari og langdregnari en þegar færri þjóðir eiga í hlut. Ýmsir þættir afvopnunarmála eru og þannig vaxnir að viðræður í þrengri hóp þeirra þjóða, sem mest koma við sögu eru líklegri til árangurs. Þar er einkum um að ræða viðræður milli risaveldanna innbyrðis og milli þeirra og bandalagsríkja þeirra og loks milli allra þeirra þjóða, sem aðild eiga að ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu, eins og ég vék að í kaflanum hér á undan.

Árið 1973 hófust í Vínarborg viðræður fulltrúa Atlantshafs- og Varsjárbandalagsríkja um samdrátt í herafla í mið-Evrópu. Lítið hefur miðað í þessum viðræðum, m. a. vegna þess hve erfitt hefur reynst að ná samkomulagi um grundvallaratriði eins og raunverulegan herstyrk hvors aðila á samningssvæðinu og hvernig fyrstu skref samdráttar ættu að koma til framkvæmda. Sú staðreynd að þessar viðræður skuli hafa staðið í meira en 8 ár sýnir hversu erfitt getur verið að ná samkomulagi um jafnvel mjög afmarkaða þætti vígbúnaðar þegar gagnkvæmt traust er ekki fyrir hendi og aðstöðu skortir til að ganga nákvæmlega úr skugga um styrkleika andstæðingsins.

Nútíma tækni hefur gert stórveldunum kleift að fylgjast nægilega náið með kjarnavopnaviðbúnaði andstæðingsins til að þau geti komist að sameiginlegum niðurstöðum um styrkleikann á einstökum sviðum. Þetta varð grundvöllurinn að SALT I samkomulaginu um takmörkun langdrægra kjarnavopna og átti líka að vera það við gerð SALT II samkomulagsins. Þegar að því kom að fullgilda þetta síðara samkomulag taldi Bandaríkjaþing og stjórn Reagans þó þennan grundvöll ekki nægilega tryggan og óskaði eftir nýjum viðræðum, sem m. a. ættu að stefna að raunverulegri fækkun þessara vopna. Vonast hafði verið til að þessar viðræður myndu hefjast með vorinu, en þó er óljóst, hvort Póllandsmálið og sambúðarerfiðleikar stórveldanna almennt, muni valda tregðu Bandaríkjamanna á að hefja þessar viðræður.

Hinn 30. nóvember s. l. hófust í Genf viðræður Bandaríkjamanna og Sovétmanna um meðaldræg kjarnavopn í Evrópu (INF). Of snemmt er að spá nokkru um niðurstöður þessara viðræðna, en fyrstu skrefin hljóta að verða að ákveða, hvaða tegundir vopna falli inn

í þennan viðræðuramma. Þessar INF-viðræður tengjast óhjákvæmilega SALT-viðræðunum á ýmsa vegu, enda telja vesturlönd nauðsynlegt að skoða þessi mál í samhengi.

Það eru ekki síst hinar langdrægu og nákvæmu SS-20 eldflaugar Sovétríkjanna, sem orðið hafa hvatinn að INF-viðræðunum í Genf. Ríki Vestur-Evrópu vöknuðu upp við vondan draum eftir að uppsetning þessara vopna var hafin á árinu 1977. Hófust þá fljótlega umræður innan Atlantshafsbandalagsins um viðbrögð við þessari nýju ógnun. Komu þau fram í tvíþættri ákvörðun ráðherrafundar NATO í desember 1979, annars vegar ákvörðun um að komið skyldi fyrir á nokkrum stöðum í Vestur-Evrópu 108 Pershing II eldflaugum og 464 stýriflaugum, öllum búnum kjarnaoddi, en samtímis yrðu jafnmörg eldri kjarnavopn fjarlægð og 1 000 kjarnaoddar til viðbótar. Hins vegar var ákvörðun um að Bandaríkjamenn byðu Sovétmönnum til viðræðna um takmörkun á kjarnaflaugum í Evrópu. Tilgangur þessarar tvíþættu ákvörðunar var að knýja fram samningaviðræður enda lá fyrir að Atlantshafsbandalagið myndi ekki hefja uppsetningu hinna fyrstu af þessum vopnum fyrr en undir lok ársins 1983 og því nokkuð rúmur tími til viðræðna. Í þessu sambandi má geta þess, að nú munu Sovétríkin hafa um það bil 280 SS-20 eldflaugar með þrem kjarnaoddum hverja, flestum er þeim beint að Vestur-Evrópu og ein ný bætist að meðaltali við í viku hverri. Hin þekkta rannsóknastofnun í hernaðarfræði í London (The International Institute for Strategic Studies) telur að kjarnavopnastyrkurinn í Evrópu í dag sé 3,27:1 Sovétríkjunum í hag. Það sem er enn alvarlegra er þó sú staðreynd, að í meðaldrægum kjarnaflaugum á landi eru Sovétríkin nær einráð og þessir yfirburðir bætast við þá verulega yfirburði, sem Sovétríkin hafa alla tíð frá stríðslokum haft í öllum öðrum tegundum vopnabúnaðar.

Ekki þarf að taka það fram, að við Íslendingar styðjum heils hugar allar raunhæfar tilraunir til afvopnunar, en til þess að unnt sé að ræða þessi mál af hreinskilni verða menn að gera sér ljósa grein fyrir grundvallarstaðreyndum. Ófriðarhættu verður ekki bægt frá með einhliða afvopnun vestrænna ríkja. Þvert á móti kynni hún að aukast til muna ef út á þær brautir væri farið. Haldi vígbúnaðarkapphlaupið óheft áfram, er voði vís. Evrópuríkin þurfa því að beita sér fyrir gagnkvæmri takmörkun vígbúnaðar. Markmiðið verður að vera að tryggja að ekki komi til nýrrar styrjaldar í Evrópu. Heimsstyrjöldin síðari kostaði tugi milljóna mannslífa og gífurlega eyðileggingu í Evrópu. Ný styrjöld, jafnvel þótt hún yrði háð án nokkurra kjarnavopna, gæti haft enn skelfilegri afleiðingar.

Austurlönd nær.

Austurlönd nær halda áfram að vera vettvangur mikilla átaka og deilna. Litlar breytingar hafa orðið á stöðu mála í Afghanistan, nema helst þær að talið er að Sovétríkin hafi fjölgað í herliði sínu í landinu á s. l. ári. Raunhæfar tillögur til lausnar Afghanistanmálinu hafa átt örðugt uppdráttar þar eð afstaða Sovétríkjanna hefur stöðugt verið sú, að atburðirnir í Afghanistan væru innanríkismál stjórnarinnar í Kabúl. Ástæðuna fyrir ófriðnum í Afghanistan telja þeir vera þá, að erlend ríki láti „uppreisnarmönnum“ í té hernaðaraðstoð.

Við afgreiðslu Afghanistanmálsins á síðasta Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var enn á ný ítrekuð krafan um að allur erlendur her yrði tafarlaust kallaður frá Afghanistan. Hlaut sú ályktun jafnvel víðtækari stuðning en áður. Á meðan ekki er farið eftir þessum tillögum er ekki mikil von til að friður komist á og málið fái réttláta lausn fyrir íbúa Afghanistan.

Enn er ekki séð fyrir endann á ringulreiðinni í Íran og styrjöldinni milli Írana og Íraka. Nálægar þjóðir eru að reyna að miðla málum en óvíst er um árangur.

Eitt aðalhættusvæðið í Miðausturlöndum er þó sem stendur Suður-Líbanon, þar sem ástandið er ótryggt vegna deilna kristinna manna við múhameðstrúarmenn og Palestínumenn og þaðan sem Palestínuskæruliðar ráðast á ísraelskt landsvæði. Hætta er á að Ísrael grípi til meiriháttar hernaðaraðgerða gegn Palestínuskæruliðum í Suður-Líbanon með ófyr-

irsjáanlegum afleiðingum. Slík hernaðarumsvif gætu komi ríkisstjórn Egyptalands í vanda og auk þess orðið vatn á myllu þeirra afla í Egyptalandi sem andsnúin hafa verið friðarsamningum Egypta og Ísraelsmanna. Því má heldur ekki gleyma að í Líbanon eru staðsettir um 30 þúsund sýrlenskir hermenn en Sýrland hefur náin hernaðarleg tengsl við Sovétríkin.

Heildarlausn á hinum flóknu vandamálum fyrir botni Miðjarðarhafs er orðin meira aðkallandi nú en nokkru sinni fyrr. Tryggja verður tilverurétt Ísraels og rétt Palestínuþjóðarinnar til sjálfsákvörðunar. Skal minnt á, að við höfum talið og teljum enn, að ályktanir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 242 og 338 séu sá grundvöllur sem heildarlausn deilumála í þessum heimshluta verði að byggja á.

Það var mikið áfall öllum þeim aðilum, er bundið höfðu vonir við friðsamlega lausn þessara deilumála, er Anwar Sadat Egyptalandsforseti var veginn af öfgamönnum, sem kenndu sig við Islam. Þáttur Sadats í Camp David samkomulaginu var lofsverður og verður Sadats minnst sem einlægs friðarsinna, sem þorði, einn Arabaleiðtoga, að horfast í augu við raunveruleikann og brjóta í blað í sögu þessa heimshluta. Mubarak eftirmaður hans hefur heitið því að fylgja í fótspor Sadats og enn hefur ekkert komið fram sem bendir til annars.

Í samræmi við Camp David samkomulagið hefur nú Ísrael afhent Egyptum aftur tvo þriðju hluta Sinaiskagans. Samkvæmt samkomulaginu á sá þriðjungur, sem eftir er, að afhendast Egyptum hinn 26. apríl n. k. Ísraelsmenn neita að afhenda Austur-Jerúsalem, vesturbakka árinnar Jórdan, Gaza svæðið og Gólan hæðirnar, sem reyndar voru formlega innlimaðar í Ísrael í desembermánuði s. l.

Sýnt er að Ísrael nýtur ekki sömu samúðar og áður fyrr vegna einstrengingslegrar afstöðu til áðurgreindra hernumdra svæða og Palestínumanna og hefur einangrun Ísraels í alþjóðlegu samfélagi um þessar mundir verið enn greinilegri en áður. Á það ekki síst við á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Íslendingar voru meðal þeirra þjóða sem studdu stofnun Ísraelsríkis á sínum tíma og höfum við ætíð borið virðingu fyrir Gyðingaþjóðinni, sem sannað hefur hugrekki sitt og dugnað við mjög erfiðar aðstæður. Aðstæðurnar hafa þó breyst og er það von okkar að Ísraelsmenn láti ekki leiðast út í neitt það, er spillt geti fyrir þeirri þróun er hófst með gerð Camp David samkomulagsins á meðan hinn aðili samkomulagsins gerir það ekki. Brottför Ísraelsmanna frá herteknu svæðunum hlýtur að vera Ísraelsmönnum sjálfum fyrir bestu og reyndar lífsnauðsyn. Ætti þá jafnframt að vera hægt að sjá fyrir varanlegri og réttlátri lausn á þessum vandamálum.

Sunnanverð Afríka.

Málefni sunnanverðrar Afríku hafa verið í svipuðum farvegi og þegar síðast var gerð skýrsla til Alþingis um utanríkismál. Þó er rétt að minna á vopnaða innrás Suður-Afríku í Angóla síðastliðið haust. Voru ekki allir á eitt sáttir um hver hefði verið tilgangurinn með innrásinni, en líklegt er að ætlunin hafi einkum verið að uppræta skæruliða SWAPO, sem hafa haft griðland í Angóla.

Sambandsnefnd hinna 5 vestrænu ríkja hefur haldið áfram að reyna að fá Suður-Afríkustjórn til að hrinda í framkvæmd 4 ára gamalli áætlun um frjálsar kosningar í Suðvestur-Afríku og sjálfstæði Namibíu með friðsamlegum hætti. Sambandsnefndin hefur haft nána og góða samvinnu við aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í þessu máli, en Suður-Afríka heldur enn sem fyrr áfram að draga málið á langinn. Ísland, ásamt hinum Norðurlöndunum, styður sem fyrr áætlun vestrænu ríkjanna, jafnframt því sem við höfum haldið áfram að styðja þá er mælt hafa fyrir sem mestum þrýstingi á stjórn Suður-Afríku á alþjóðavettvangi. Óþarft ætti að vera að taka fram, að við höldum áfram að fordæma kröftuglega Apartheid stefnu stjórnarinnar í Suður-Afríku.

III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.

Þátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana og svæðasamtaka var á undanförnu ári með svipuðu sniði og áður. Um samskipti við helstu alþjóðastofnanir á sviði viðskipta verður fjallað síðar í þessari skýrslu, en hér á eftir verður stuttlega fjallað um nokkrar alþjóðastofnanir og svæðasamtök er fást við málefni, sem hafa verið og eru meginstoðir íslenskrar utanríkisstefnu, fyrst um Sameinuðu þjóðirnar, samtök Norðurlanda og Evrópuráðið, en jafnframt verður að þessu sinni stuttlega vikið að tveimur alþjóðastofnunum, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Síðan verður í sérstökum kafla fjallað um Atlantshafsbandalagið um öryggismál Íslands.

Sameinuðu þjóðirnar.

Veigamiklum alþjóðamálum, sem að einhverju leyti hafa komið til kasta Öryggisráðsins og/eða allsherjarþingsins eru gerð skil í ýmsum köflum þessarar skýrslu og vísast því til þeirra. Jafnframt hefur verið gefin út sérstök, mjög ítarleg skýrsla um starfsemi 36. allsherjarþingsins og þátttöku Íslendinga. Er hún lögð fram sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Skal þess því eingöngu getið hér, að fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vinnur mikið starf við að fylgjast með og taka þátt í starfsemi samtakanna og ýmissa sérstofnana þeirra og jafnframt eru sendir fulltrúar að heiman til að taka þátt í störfum allsherjarþings samtakanna. Fastanefndin í Genf hefur, auk starfa að málefnum EFTA, fyrirsvar Íslands gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Evrópu og ýmsum sérstofnunum samtakanna, sem þar hafa höfuðstöðvar, og sendiráðið í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Náin samráð eiga sér alltaf stað við önnur Norðurlönd um málefni Sameinuðu þjóðanna og er samstaða þessa hóps þeim mikill styrkur þótt þau eigi ekki alltaf samleið þegar að því kemur að taka endanlega afstöðu til mála.

Menningarmálastofnun S.Þ.

Íslendingar hafa verið aðilar að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna síðan 1964. Starf stofnunarinnar beinist einkum að því að aðstoða við útrýmingu á ólæsi, varðveislu menningarverðmæta, þróun vísinda og tækni í þriðja heiminum, umhverfisvernd, nýtingu auðlinda, þróun fjölmiðla, mannréttindi og tjáningarfrelsi. Af þessum verkefnum hefur fjölmiðlamálið vakið mesta athygli undanfarin ár. Þróunarríkin hafa sakað vestræna fjölmiðla um að sinna lítið og oft rangtúlka fréttir frá þróunarlöndum og hafa því lagt fram tillögur um reglur varðandi fréttamiðlun. Hafa tillögur þessar mætt harðri mótspyrnu vestrænna þjóða, sem telja þær dulbúna ritskoðun. Til að vinna að lausn þessa máls var árið 1981 komið á stofn svonefndri alþjóðafjölmiðlaþróunaráætlun (IPDC). Undir fjölmiðlaáætlun þessa heyrir meðal annars norræna samstarfsverkefnið á sviði fjölmiðla í Austur-Afríku, sem Íslendingar eiga aðild að.

Menningarmálastofnunin veitir árlega styrki til útgáfu á þýðingum ritverka frá smærri aðildarríkjum sínum og einnig til ýmiss konar rannsókna og starfsemi á sviði menningar og vísinda. Hafa ýmsir þessara styrkja komið í hlut Íslendinga.

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin.

Íslendingar hafa verið aðilar að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) frá stofnun árið 1957. Markmið stofnunarinnar er að tryggja að kjarnorkan sé nýtt í þágu friðar, heilbrigði og velmegunar í heiminum. Stofnunin hefur aðsetur í Vín og heldur þar árlegan aðalfund. Á síðasta aðalfundi kom fram að í árslok 1980 væru starfræktir meira en 300 kjarnorkuofnar til rannsókna í 48 aðildarríkjum og 253 kjarnorkuofnar til rafmagnsfram-

leiðslu í 22 aðildarríkjum, sem framleiða um 8% af raforku heimsins. Er álitið að sú tala verði um 17% árið 1985, en óvissa ríkir um þróunina að þeim tíma liðnum.

Fjórðungur af útgjöldum stofnunarinnar fer nú til tækniaðstoðar og hafa Íslendingar hlotið þýðingarmikla styrki til rannsókna á sviði landbúnaðar.

Norðurlandasamvinna.

Í tveimur undanförnum skýrslum mínum til Alþingis var m. a. gerð nokkur grein fyrir tengslum Íslands við Grænland og Færeyjar. Nægir að vísa til þeirra kafla um leið og tekið skal fram að fullur áhugi er á nánari samvinnu við þessa næstu nágranna okkar. Í skýrslunum var jafnframt fjallað um samvinnu Norðurlandanna, einkum á sviði utanríkismála og samstarf þar að lútandi á alþjóðavettvangi. Þessi samvinna hefur haldið áfram að dafna og verið Norðurlöndunum hvati til að standa saman og vera einörð í afstöðu til hinna ýmsu mála á alþjóðavettvangi.

Norðurlöndin hafa oftast nær svipaða afstöðu til alþjóðamála og oft er um að ræða nákvæmlega sömu afstöðu enda grundvallast hún á virðingu fyrir almennum mannréttindum og virðingu fyrir öllum viðurkenndum reglum í samskiptum ríkja á milli. Þetta vill stundum gleymast í þrætum um ákveðna þætti utanríkismála. Norðurlöndin hafa grundvallað stjórnarfar sitt á lýðræði og skipa sér því í sveit hinna alltof fáu lýðræðisríkja heimsins.

Þetta eru atriði, sem ber að hafa í huga þegar metin er afstaða Íslands og annarra Norðurlanda til utanríkismála.

Evrópuráðið.

Evrópuráðið starfaði á árinu 1981 eins og áður í tveimur deildum, ráðherranefndinni og ráðgjafarþinginu. Alþingi á þrjá fulltrúa á ráðgjafarþinginu og þrjá til vara en ráðgjafarþingið er umræðuþing Evrópuráðsins. Ráðgjafarþingið kemur þrisvar saman árlega og afgreiðir niðurstöður sínar til ráðherranefndarinnar. Þar sem Alþingi fer sjálft með málefni þingsins, tel ég ekki ástæðu til að rekja hér sérstaklega störf þess. Án efa munu fulltrúar Alþingis leggja fram sérstaka greinargerð um það efni á svipaðan hátt og þeir gerðu á s. l. ári.

Samkvæmt venju var unnið að ýmsum verkefnum í ráðherranefndinni í samræmi við markmið Evrópuráðsins, en það er m. a., eins og segir í 1. gr. stofnskrárinnar, að koma á nánari einingu meðal þátttökuríkja, í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, svo og til þess að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála.

Auk þessara tveggja málaflokka fjallaði ráðherranefndin um fjölda málaflokka, sem sameiginlega þýðingu hafa fyrir aðildarríkin, svo sem menningar-, mennta- og vísindamálefni, laga- og stjórnarfarsmál, framkvæmd mannréttinda og grundvallar frelsis o. fl.

Í ársbyrjun tók gildi önnur fimm ára starfsáætlun Evrópuráðsins fyrir árin 1981—1986, en sú fyrri, sem starfað hafði verið eftir, féll úr gildi í árslok 1980. Nýja starfsáætlunin er byggð á þeirri þróun, sem átt hefur sér stað innan aðildarríkjanna og sameiginlegum aðgerðum þeirra og samstarfi innan sviðs Evrópuráðsins á s. l. áratug.

Í aðildarríkjum Evrópuráðsins búa um 390 milljónir manna. Þar af um 270 milljónir í löndum Efnahagsbandalagsins.

Ráðherranefndin ræddi þróunina í þjóðfélagsmálefnum Evrópu, en þar hefur mikið atvinnuleysi dregið úr aukningu þjóðarframleiðslu. Verðbólga hefur aukist og má rekja orsakir þessara tveggja aðal meinsemda í efnahagslífi Evrópuráðsríkja að verulegu leyti til mikillar hækkunar á verði olíu.

Mismunur á þjóðartekjum, miðað við íbúa, í þeim aðildarríkjum, sem betur standa og hinum, sem standa höllum fæti efnahags- og félagslega er 5 á móti 1. Ráðherranefndin fól

Framkvæmdasjóði Evrópuráðsins að vinna að því að beina meira fjármagni til hinna fátækari landa Evrópuráðsins, eins og Tyrklands, Portúgals og Grikklands, með það fyrir augum að bæta lífskjörin í þeim löndum. Verður þetta gert, m. a. með auknum lánsútboðum Framkvæmdasjóðsins og viðbótarframlögum aðildarríkja hans í stofnsjóð.

Sú staðreynd, að öll ríki Efnahagsbandalagsins eru auk þess aðilar að Evrópuráðinu leiðir óhjákvæmilega af sér nokkurn tvíverknað, þótt reynt sé að samræma störf þessara tveggja stofnana á þeim sviðum, þar sem svipuð mál eru til afgreiðslu.

Auk þess er góð samvinna við Efnahags- og þróunarstofnunina í París — OECD —, sérstaklega að því er varðar viðleitnina til þess að bæta lífskjörin í þeim aðildarríkjum, sem ver standa efnahagslega. Sér Parísar-skrifstofa Evrópuráðsins aðallega um þessa starfsemi, samkvæmt fyrirmælum ráðherranefndarinnar.

Eitt meginverkefni ráðherranefndarinnar er að fylgjast með þróun samvinnu þátttökuríkja í málefnum Evrópu. Gegnir ráðherranefndin þar mikilvægu hlutverki í að samræma skoðanir Evrópuráðsríkjanna í þessu sambandi. Nefndin er vettvangur viðræðna milli EFTA-ríkja og Efnahagsbandalagsríkja um nánari samvinnu að málefnum Evrópu og stefnuna í utanríkismálum almennt.

Á undanförnum árum hefur ráðherranefndin unnið að því að auka starfsemi Evrópuráðsins á vettvangi stjórnmála. M. a. hafa verið teknar ýmsar stefnumarkandi ákvarðanir í ráðherranefndinni um nánari samvinnu um það efni. Hefur allmikið reynt á þetta á s. l. ári í sambandi við Madrid-ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu. Reynt hefur verið með góðum árangri að samræma skoðanir allra aðildarríkja í málefnum Madrid-fundarins. Eðlilega koma oft skiptar skoðanir fram í samvinnu 21 ríkis á stjórnmálasviðinu. Þessi samvinna er mjög mikilvæg, þegar ástand alþjóðamála er jafnviðsjált og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt.

Ráðherranefndin fylgist vel með ástandinu í Tyrklandi eftir valdatöku hersins þar. Er ekki vafamál að mannréttindi hafa verið brotin og því er til athugunar hvernig best verði brugðist við til að mannréttindi og grundvallarfrelsi verði aftur tryggð í Tyrklandi í samræmi við stofnskrá Evrópuráðsins. Málefni Tyrklands eru einnig í athugun hjá ráðgjafarþinginu, sem samþykkti mjög eindregna ályktun vegna ástandsins þar á fundi sínum hinn 28. janúar s. l.

Á s. l. ári fjallaði ráðherranefndin um og fordæmdi aukin hryðjuverk í Evrópu. Vinnur ráðherranefndin nú að tillögum um samræmingu aðgerða aðildarríkja gegn hryðjuverkum og hryðjuverkamönnum.

Starfsemi ráðherranefndarinnar nær einnig út fyrir Evrópu, en reynt er í nefndinni að samræma stefnur og skoðanir aðildarríkja í málefnum Sameinuðu þjóðanna.

Fimm ára starfsáætlunin gerir ráð fyrir átta meginsviðum, er hljóti sérstaka afgreiðslu og athugun á vegum ráðherranefndarinnar. Starfa íslenskir embættismenn í öllum nefndum, sem um þessi mál fjalla. Evrópuráðið greiðir allan kostnað við þátttöku okkar í sérfræðinganefndum þessum. Fáum við þannig aðstöðu til að njóta verulegra hlunninda á vegum Evrópuráðsins. Auk þess afla sérfræðingar okkar sér aukinnar þekkingar og reynslu á helstu sviðum íslenskrar stjórnsýslu, en einnig geta íslenskir sérfræðingar í mörgum tilvikum miðlað öðrum þátttökuríkjum af reynslu sinni og kunnáttu.

IV. Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

Í skýrslum mínum á undanförnum tveimur árum hef ég gert grein fyrir helstu sjónarmiðum mínum varðandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og þarf því ekki að ítreka þau nú. Innan bandalagsins leggjum við höfuðáherslu á að öryggi okkar og bandamanna

okkar í vestrænum ríkjum verði að tryggja og jafnframt að það verði best gert með einörðum og raunhæfum samningaviðræðum er stefni að stöðugleika með svo takmörkuðum vígbúnaði á hvora hlið sem frekast er unnt.

Sérstakur utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins var haldinn hinn 11. janúar s. l. til að fjalla um samskipti austurs og vesturs í ljósi síðustu atburða í Póllandi og setningu herlaga þar. Reglulegur vorfundur utanríkisráðherranna verður haldinn í Luxembourg dagana 17.—18. maí n. k., en síðan verður haldinn í Bonn hinn 10. júní sérstakur fundur æðstu manna í ríkjum Atlantshafsbandalagsins og munu mæta til hans bæði forsetar/forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar. Þar verður einkum rætt um stefnumótun vestrænna ríkja í samskiptum austurs og vesturs.

Á s. l. ári ákváðu Spánverjar að leita eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu. Var af þeirra hálfu litið á þá ákvörðun sem eitt af fleiri skrefum, sem Spáni bæri að taka til að tryggja öryggi sitt, auka samstarfið við vestrænar lýðræðisþjóðir og festa þannig nýfengið lýðræði í sessi. Annað skref í þessa átt eru Spánverjar að taka með umsókn um aðild að Efnahagsbandalagi Evrópu, en með henni hyggjast þeir rjúfa þá einangrun sem landið var í allan hinn langa valdatíma Francos. Nokkur ár eru nú liðin frá því að einum fyrsta áfanganum var náð í þessari viðleitni, er Spánn gerðist aðili að Evrópuráðinu.

Ég hef litið á beiðni Spánar um aðild að NATO sem jákvæða vísbendingu um eindreginn vilja Spánverja til að skipa sér á bekk með lýðræðisþjóðum og fagna því skilningi allra núverandi aðildarríkja á þessari beiðni og mótatkvæðalausu samþykki Alþingis á þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um aðild Spánar.

Eitt er það mál, sem nokkuð mikið hefur verið rætt á Norðurlöndum á undanförnu ári og verulega snýr að öryggismálum Íslands. Þar á ég við umræðurnar um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum. Ég kýs að fjalla um þetta mál fremur í þessum kafla en í greinargerð minni um afvopnunarmál, enda á umræðan varla heima meðal afvopnunarmála svo lengi sem hún beinist að Norðurlöndum eingöngu, þegar af þeirri ástæðu að þar eru engin kjarnavopn í dag og því engin kjarnavopn þar til að eyðileggja eða flytja burtu.

Í fyrirspurnartíma á Alþingi í vetur gerði ég grein fyrir viðhorfum mínum til þessa máls og get því verið fremur stuttorður nú. Formlegur samningur um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum er aðeins hugsanlegur sem hluti af samningi milli kjarnavopnaveldanna um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun. Á s. l. sumri kom sú skoðun fram meðal bandamanna okkar í Atlantshafsbandalaginu að yrði þessi hugmynd tekin upp nú í tengslum við nýhafnar viðræður Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Genf um meðaldrægar eldflaugar í Evrópu myndi hún geta flækt viðræðurnar og tafið árangur af þeim. Á hinn bóginn mætti vel hugsa sér að umræður um þetta atriði kæmu inn á síðara stigi viðræðna eða jafnvel sem hluti af aðgerðum, sem ákveðnar kynnu að verða þegar og ef að veruleika verður sú tillaga, sem Frakkar upphaflega settu fram, um að Madrid-ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu tæki ákvörðun um afvopnunarráðstefnu Evrópu.

Hugmyndina um kjarnavopnalaus svæði í Evrópu má vissulega ræða nánar. Að því er norðurhluta Evrópu varðar hlýtur þó að vera alveg ljóst að ekki er unnt að líta framhjá þeirri staðreynd að kjarnavopn eru til staðar í stórum stíl í næsta nágrenni við Norðurlönd. Á það ekki síst við um víghreiður Sovétríkjanna á Kolaskaga og svo Eystrasaltið, eins og kjarnavopnakafbátur Sovétmanna, sem rak á fjörur Svía, færði okkur áþreifanlega heim sanninn um.

Það á við um Ísland eins og önnur Norðurlönd að þar eru engin kjarnavopn og stefna stjórnvalda er að slík vopn verði þar ekki. Formlegur milliríkjasamningur varðandi þau málefni hlýtur því eingöngu að koma til greina í víðara samhengi þar sem fjallað er um raunverulega tryggingu þjóða Evrópu fyrir auknu öryggi.

Varnarmáladeild.

Starfsemi varnarmáladeildar á árinu 1981 var með hefðbundnum hætti. Verkefni deildarinnar eru í höfuðatriðum tvíþætt, þ. e. annars vegar meðferð mála er snerta framkvæmd varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna og hins vegar ýmis lagaframkvæmd á varnarsvæðunum.

Að því er snertir fyrra atriðið má segja, að samvinna við varnarliðið var mjög góð á árinu og var starfsemi þess með líku sniði og verið hefur. Flugstöðvarmál og umræða um fyrirhugaða eldsneytisgeyma fyrir varnarliðið verða ekki rakin hér, en töluverð vinna var unnin á vegum deildarinnar á árinu vegna þeirra.

Það er nýmæli, að sérstakur fulltrúi frá landhelgisgæslunni hóf störf seint á árinu hjá varnarliðinu og er það liður í framkvæmd á samkomulagi milli Íslands og Bandaríkjanna, er gert var í október 1974.

Fundur um úthlutun framkvæmda til verktaka var haldinn í Norfolk í október á s. l. ári og eru byggingarframkvæmdir á vegum varnarliðsins á þessu ári áætlaðar um 27 milljónir dollara. Þar af nema nýjar framkvæmdir um 8 milljónum dollara.

Samtals störfuðu 1958 Íslendingar á Keflavíkurflugvelli um s. l. áramót. Þar af störfuðu 982 starfsmenn hjá varnarliðinu og 189 starfsmenn við ríkisstofnanir þar.

Farþegar er komu til Keflavíkurflugvallar á árinu voru samtals 141.483, en 129.097 árið 1980. Farþegar er fóru frá landinu um Keflavíkurflugvöll voru 142.511 1981, en 128.777 árið 1980. Viðkomufarþegar voru 147.866 árið 1981 en 138.372 árið 1980. Á tímabilinu 1. mars 1980 til 28. febrúar 1981 höfðu 3.286 farþegavélar viðkomu á Keflavíkurflugvelli og voru þar af 1.450 Flugleiðavélar. Á sama tíma 1981 til 1982 voru þessar tölur 3.538 farþegavélar og þar af 1.437 Flugleiðavélar.

Kannað var hvað mætti endurbæta í veitingarekstri og matarframleiðslu í flugeldhúsi flugstöðvarinnar og í framhaldi af því hefur verið hafist handa um ýmsar breytingar. Horfa þær til sparnaðar á erlendum gjaldeyri, þar eð Flugleiðir munu framvegis miða öll sín innkaup við innlent hráefni, kjöt, smjör, grænmeti, sælgæti o. fl. Fjölgun verður einnig á starfsfólki, sem við þessa framleiðslu vinnur.

Endanlegar tölur liggja ekki fyrir um rekstur Fríhafnarinnar á árinu en áætluð heildarvelta nemur kr. 65.651.865 og áætlaður hagnaður kr. 20.454.649. Þegar áætluð aukning birgða og fjárfestingar eru frátaldar munu skil í ríkissjóð nema 17.000.000 kr. Hagnaðurinn nemur 31% af heildarveltu. Til samanburðar eru 20.5% 1980; 21% 1979; 22.7% 1978 og 21.8% 1977.

Rýrnun var 1.15% af sölu 1981. Til samanburðar 0.97% 1980; 1.31% 1979; 1.21% 1978 og 2.22% 1977.

Reksturskostnaður lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli nam 14.2 milljónum króna, en heildarinnheimta á vegum embættisins nam 22.5 milljónum króna og innheimtust 99.2% af því, sem til innheimtu kom.

V. Hafréttarmál.

Einn veigamesti málaflokkurinn, sem utanríkisþjónustan hefur fengist við á undanförnum áratugum eru hafréttarmál í víðasta skilningi, þar með talin ýmis mál, sem tengst hafa útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Við getum fagnað því, að nú er óhætt að fullyrða að 200 sjómílna efnahagslögsaga ríkja sé orðin viðurkenndur alþjóðaréttur og frá henni verði ekki snúið, jafnvel þótt svo illa fari að samkomulag takist ekki um alþjóðlegan hafréttarsáttmála. Enn ríkir meiri vafi um endanlegt orðalag þeirra ákvæða væntanlegs hafréttarsáttmála, sem fjalla um ytri mörk landgrunnsins.

Þótt 200 mílna lögsaga sé þannig orðin að veruleika eigum við Íslendingar eftir að útkljá ýmis mál, er varða afmörkun bæði efnhagslögsögu og landgrunns gagnvart nágrannaríkjum okkar, semja við þau um verndun og nýtingu sameiginlegra fiskistofna og stofna sem tímabundið fara um lögsögu fleiri ríkja o. s. frv. Sum þessara mála þarf að semja um sem fyrst, önnur mega bíða endanlegrar úrlausnar þar til hafréttarsáttmáli er fullgerður og enn önnur þarf að semja um á hverju ári eða jafnvel oftar. Þess vegna fer því fjarri að við sjáum nú fyrir endann á störfum utanríkisþjónustunnar að hafréttarmálum, þótt mikilvægustu markmiðunum hafi verið náð.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.

Fyrri hluti 9. fundar 3. hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna var haldinn í New York 3. mars til 4. apríl og seinni hlutinn í Genf 28. júlí til 29. ágúst 1980. Við lok New York-fundarins voru gefin út endurskoðuð drög að hafréttarsáttmála þar sem m. a. var að finna málamiðlunarákvæði um ytri mörk landgrunnsins og um fjárhagsatriði varðandi málmvinnslu á alþjóðahafsbotnssvæðinu. Einnig var ákvæðunum um skiptingu hafsvæða og landgrunns milli nágrannaríkja breytt.

Á Genfar-fundinum tókst síðan að ná samkomulagi um flesta þætti nýtingar hafsbotnssvæðisins. M. a. var ákveðið hvernig ákvarðanir skyldu teknar í fyrirhugaðri Alþjóðahafsbotnsstofnun. Í lok Genfar-fundarins var gefið út óformlegt uppkast að hafréttarsamningi.

Tíundi fundur Hafréttarráðstefnunnar hófst í New York 9. mars 1981 og stóð hann til 24. apríl 1981. Fundinum var haldið áfram í Genf 3.—28. ágúst 1981.

Bandaríkjastjórn ákvað á síðastliðnu ári að endurskoða afstöðu sína til uppkastsins. Niðurstöður þeirrar endurskoðunar liggja nú fyrir og er ljóst, að Bandaríkin fara fram á mikilvægar breytingar á uppkastinu að því er varðar reglurnar um málmvinnslu á alþjóðahafsbotnssvæðinu. Verða þessar tillögur ræddar á lokafundi (11. fundi) Hafréttarráðstefnunnar í New York 8. mars til 30. apríl 1982. Ef samkomulag næst, er ráðgert, að hafréttarsáttmáli verði undirritaður í Caracas í september 1982.

Jan Mayen.

Í framhaldi af samkomulaginu sem gert var við Norðmenn hinn 10. maí 1980 um lausn ágreinings ríkjanna varðandi Jan Mayen svæðið starfaði þriggja manna sáttanefnd um afmörkun landgrunnsins fram á s. l. vor. Skilaði hún þá tillögum sínum til ríkisstjórnanna og á grundvelli þeirra var hinn 22. október 1981 gengið frá formlegu samkomulagi milli ríkisstjórna Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Samkomulag þetta var lagt fyrir Alþingi, sem heimilaði staðfestingu þess fyrir Íslands hönd. Þar með hefur verið gengið frá öllum þáttum þessa máls á þann hátt að ég tel að Íslendingar megi vel við una.

Í þessu sambandi má geta þess að Danir f. h. Grænlands og Norðmenn eiga nú í samningaviðræðum um afmörkun lögsögunnar milli Grænlands og Jan Mayen. Norðmenn ákváðu með reglugerð sinni um útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Jan Mayen að miðlína skyldi gilda í átt að Grænlandi. Þessu hafa Danir mótmælt f. h. Grænlands og krefjast fullrar lögsögu í átt að Jan Mayen á sama hátt og Íslendingar hafi náð fram í samningum sínum við Norðmenn og með svipuðum rökum.

Önnur hafsbotnsmálefni.

Í viðræðum við Færeyinga hinn 12.—13. janúar 1981 var óskað eftir samstarfi þessara tveggja þjóða um kröfugerð vegna skiptingar landgrunnsins sunnan Íslands í samræmi við ályktun Alþingis frá 19. maí 1980. Ráðherrar Færeyinga, sem aðeins höfðu verið fáa daga í embætti, lofuðu að kynna sér þessi mál. Jafnframt var á það bent, að Danir færu formlega

með þennnan málaflokk fyrir hönd Færeyinga og að viðræður stæðu yfir milli sendinefnda á Hafréttarráðstefnunni, auk þess sem jarðfræðingar ynnu að gagnasöfnun. Viðræðum sérfræðinga hefur verið haldið áfram.

Bæði Bretum og Írum voru sendar orðsendingar og óskað eftir viðræðum við þá um landgrunnsmálin. Bretar sendu jákvæð svör, en Írar kváðust ekki vera reiðubúnir til viðræðna meðan deila þeirra og Breta vegna Rockall-svæðisins væri óleyst.

Er ég var með forseta Íslands í opinberri heimsókn í Bretlandi nú nýlega átti ég viðræður við Lord Carrington, utanríkisráðherra Breta. Í þeim viðræðum tók ég upp Rockallmálið og afmörkun landgrunns á því svæði. Var það ósk mín að hafnar yrðu formlegar viðræður í síðasta lagi á fundi Hafréttarráðstefnunnar, sem hófst þann 8. þ. m. Lord Carrington féllst á að athugað væri að fela tveim þjóðréttarfræðingum að kanna allar hliðar málsins og undirbúa hinar formlegu viðræður. Niðurstöður þessara athugana liggja ekki enn fyrir en búist er við svörum alveg á næstunni.

Milliríkjasamningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi.

Dagana 18.—22. janúar 1982 var haldin í Reykjavík í boði ríkisstjórnarinnar alþjóðaráðstefna um verndun lax í Norður-Atlantshafi. Þátttakendur í ráðstefnunni voru Bandaríkin, Danmörk fyrir hönd Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Ísland, Kanada, Noregur og Svíþjóð. Ráðstefnan samþykkti samning um verndun lax í Norður-Atlantshafi. Samningurinn var síðan lagður fram til undirritunar í Reykjavík 2. mars 1982.

Samkvæmt samningnum verður sett á laggirnar alþjóðastofnun um verndun laxastofna í Norður-Atlantshafi með aðsetri í Edinborg. Megintilgangur stofnunarinnar verður að stuðla að samvinnu ríkja við Norður-Atlantshaf á þessu sviði. Yfirstjórn stofnunarinnar er í höndum ráðs sem í eiga sæti fulltrúar ofangreindra samningsaðila.

Þá verða settar á stofn þrjár svæðisnefndir, þ. e. Norður-Ameríkunefnd, Vestur-Grænlandsnefnd og Norðaustur-Atlantshafsnefnd. Hlutverk þeirra verður að setja reglur um verndun laxastofna á hverju svæði fyrir sig.

Grænland og EBE.

Á árinu 1980 hófust viðræður við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskverndar- og fiskveiðimál vegna sameiginlegra hagsmuna á hafsvæðunum milli Íslands og Grænlands. Síðasti samningafundur þessara aðila fór fram dagana 8.—9. júlí 1981. Þar náðist bráðabirgðasamkomulag um efnisatriði rammasamnings um samstarf, en endanlegt samþykki var háð samkomulagi um kvóta á helstu fisktegundum, loðnu, karfa og rækju, og skiptingu kvótans. Svo mikið bar í milli aðila í þeim málum að frekari viðræðum var frestað um óákveðinn tíma.

Engin ákvörðun hefur enn verið tekin um framhaldið, enda var m. a. beðið þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Grænlandi um úrsögn úr Efnahagsbandalaginu. Úrslit hennar liggja nú fyrir og valda þau enn meiri óvissu um framhald viðræðna okkar við bandalagið. Þó er ljóst, að allt að tvö ár munu líða þar til Grænlendingar geta tekið að fullu við þessum málaflokki. Á þeim tíma munu þeir leita samninga við bandalagið um einhvers konar tengsl eftir formlega úrgöngu. Þessi mál þarfnast því nýrrar skoðunar nú og því til viðbótar kemur, að Noregur hefur óskað eftir því við okkur að efnt verði til þríhliða viðræðna, einkum um stjórnun á loðnustofninum, milli Noregs, Íslands og EBE, fyrir hönd Grænlands. Mun sá fundur væntanlega fara fram í maímánuði og verður höfuðáherslan lögð á að fá Efnahagsbandalagið til samstarfs um algert bann við loðnuveiðum, a. m. k. þar til nýjar mælingar hafa farið fram í haust.

Veiðar annarra þjóða við Ísland.

Hinn 10. júní 1981 voru gerðar breytingar á samningi Íslands við Belgíu frá 1975 um fiskveiðiheimildir við Ísland. Í þeim fólst m. a. að eftirlit með veiðum Belga var mjög hert, veiðisvæði voru þrengd og löndun á afla togaranna af Íslandsmiðum var bönnuð utan Belgíu. Frá 1. janúar 1982 er árskvóti belgísku skipanna 4.400 lestir og hlutfall þorsks í heildarafla hvers skips í hverri veiðiferð má aldrei fara fram úr 25%.

Færeyingar hafa heimild til veiða hér við land skv. samningi frá 1976 með breytingum frá 1979 og 1981. Árskvóti af botnfiski er 17.000 lestir og þar af má þorskafli ekki fara yfir 6.000 lestir. Á undanförnum árum hefur auk þessa verið samið í upphafi hvers árs um gagnkvæmar veiðiheimildir á kolmunna, allt að 20.000 lestum, og er um þessar mundir verið að ganga frá endurnýjun sams konar veiðiheimilda fyrir árið 1982.

Loks hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland, allt að 2.000 lestum, þó þannig að þorskafli fari ekki fram úr 300 lestum. Ennfremur er nú ráðgert að semja um gagnkvæmar veiðiheimildir á kolmunna við Ísland og Noreg, allt að 20.000 lestum á árinu 1982.

VI. Þróunarsamvinna.

Á allrasíðustu árum hefur skilningur verulega vaxið á því að Íslendingar sem velmegunarþjóð verði að auka stuðning sinn við þau ríki sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni. Fjárframlög til þessa málaflokks hafa aukist, en eru þó ennþá langt frá því að vera sambærileg við þann stuðning sem önnur Norðurlönd veita. Aukningin er samt ánægjuefni enda var þar um að ræða í krónutölu nálægt tvöföldun milli fjárlaga áranna 1981 og 1982 á fjárveitingu til þeirrar aðstoðar Íslendinga við þróunarríki sem þeir standa að sjálfstætt og í samvinnu við Norðurlöndin, auk verulegrar hækkunar íslenskra framlaga er fara í gegnum alþjóðastofnanir. Í heild nemur fjárveiting Íslands til þróunarríkja á fjárlögum nú því hærra hlutfalli af áætlaðri þjóðarframleiðslu en nokkru sinni fyrr, eða 0,065% (sjá töflu aftast — árið 1980 fellur utan þessa samanburðar þar eð hluti framlags var á lánsfjáráætlun). Hefur hlutfall þetta hækkað um nálægt fimmtung á einu ári. Stefnan er því rétt. Nauðsynlegt er hinsvegar að stíga næstu árin markviss skref og mun stærri til að ná því takmarki að framlög hins opinbera nemi 0,7% þjóðarframleiðslunnar, jafnhliða því sem frjáls framlög almennings, þ. e. einstaklinga, fyrirtækja og samtaka, verði 0,3% — eða aðstoðin samtals 1% af þjóðarframleiðslu.

Á liðnu ári hefur samstarfi Íslands við þróunarríkin í öllum meginatriðum verið hagað með svipuðum hætti og áður. Ný löggjöf, lög nr. 43/1981 um Þróunarsamvinnustofnun Íslands tóku gildi um mitt árið og er þeim ætlað að verða grundvöllur þess að færðar verði út kvíarnar á næstu árum. Stofnunin hefur nýlega fengið fast aðsetur í hinum nýju húsakynnum Framkvæmdastofnunar ríkisins og ráðið sér hálfsdags starfsmann til að vinna að framkvæmdum.

Fiskveiðiaðstoðin við Kenya og Cabo Verde hefur haldið áfram, en það eru þau tvíhliða aðstoðarverkefni sem ráðist hefur verið í. Að loknu reynslutímabili, sem skilað hefur nokkrum árangri, var fallist á tilmæli ríkisstjórnar Cabo Verde um framlengingu fiskveiðiverkefnisins þar og undirritaður í nóvember s. l. rammasamningur er gildir til ársloka 1985. Verða síðan innan þess ramma gerðar framkvæmdaáætlanir fyrir eitt ár í senn og fjárskuldbindingar ákveðnar í samræmi við þær. Markmið þeirrar starfsemi sem fram fer skv. samningnum er að leiða til fulls í ljós hverjir fiskveiðimöguleikar eru við strendur Cabo Verde og stuðla að sem árangursríkastri og hagkvæmastri nýtingu þeirra möguleika í þágu íbúa landsins, en efnahagsástand er þar mjög erfitt. Það sem hæst ber nú varðandi aðstoðarverkefni þetta er sú ákvörðun að smíða sérhannað skip til fiskveiða við þær aðstæður sem ríkja við Cabo Verde og hjá hliðstæðum þróunarríkjum. Er að því stefnt að það komist í gagnið

sem fyrst og að þá verði hægt að halda áfram fiskileit og veiðitilraunum sem unnið var að á tímabilinu 1980—81 á R/S „Bjarti", sem kom heim fyrir s. l. áramót og hefur nýlega verið seldur. Í þessu millibilsástandi er m. a. unnið að leiðbeiningastarfi og ýmsum undirbúningi næsta áfanga, þ. á m. dvelst Cabo Verde-maður hér í vélstjóranámi. Að því er Kenya-verkefnið snertir, þar sem dvalið hefur einn skipstjóri við margháttuð kennslu- og leiðbeiningastörf, þá var það einnig framlengt á s. l. ári en lýkur skv. núgildandi samningi í júlílok n. k.

Samvinna Norðurlandanna beinist áfram að sömu verkefnum og áður, en nokkrar skipulagsbreytingar í átt til aukinnar hagkvæmni tóku gildi á s. l. ári í formi nýs samnings um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar frá 5. maí 1981, sbr. Stjórnartíðindi C-deild, augl. nr. 5/1981. Norrænu verkefnin snúast um uppbyggingu samvinnureksturs í Kenya og Tansaníu og eflingu landbúnaðar í Tansaníu og Mósambík. Einnig standa Norðurlöndin saman að því innan vébanda Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) að efla fjölmiðlun í Afríkuríkjum.

Um þriggja ára skeið hefur starfað hér á landi deild úr Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem annast fræðslu um jarðhitaleit og jarðhitanýtingu. Jarðhitaskólinn starfar á grundvelli samnings milli Orkustofnunar og Háskóla S. Þ., sem tók gildi 1. mars 1979. Á s. l. ári dvöldust hér á landi um sex mánaða skeið 7 styrkþegar, 3 frá Kína, 2 frá Filippseyjum, 1 frá Mexíkó og 1 frá Nicaragua. Auk þess dvöldust 2 fulltrúar frá Kína hjá skólanum um þriggja vikna skeið. Á þessu ári er von á 6 styrkþegum frá Indónesíu, Kenýa, Mexíkó og væntanlega Filippseyjum. Auk þeirra þjálfunar- og fræðslustarfa, sem hér hefur verið getið um, gegnir jarðhitaskólinn hér því lykilhlutverki á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU) að annast starfsemi alþjóðlegrar ráðgjafar- og samvinnunefndar um jarðhitaþjálfun á vegum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra.

Þess má að lokum geta að á síðustu misserum hafa nokkur þróunarríki látið í ljós sérstakan áhuga á að fá aðstoð héðan m. a. við uppbyggingu fiskveiða. Mun það koma í hlut hinnar nýju Þróunarsamvinnustofnunar Íslands að kanna þær beiðnir og gera tillögur um hugsanleg ný aðstoðarverkefni. En beiðnir þessar bera með sér að hróður íslenskra fiskimanna hefur víða farið. Bæði á sviði fiskveiða og nýtingar jarðhita hafa íslenskir ráðunautar reyndar um langt árabil unnið gagnmerkt starf í ýmsum löndum m. a. á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og annarra S. Þ. stofnana.

VII. Utanríkisviðskipti.

Eins og að undanförnu annaðist viðskiptaráðuneytið í samvinnu við sendiráðin framkvæmd utanríkisviðskipta. Á það skal lögð rík áhersla, að þessi málaflokkur er veigamikill þáttur í starfi allra sendiráða okkar. Til þeirra allra berst fjöldi fyrirspurna um viðskiptaatriði. Þá eiga þau einnig þátt í að aðstoða útflytjendur og umboðsmenn þeirra við vörukynningar. Segja má að viðskiptamál séu höfuðviðfangsefni sendiráðsins í Moskvu, fastanefndarinnar í Genf, sendiráðsins hjá EBE í Brussel, sendiráðsins í París, sem jafnframt er fastanefnd hjá OECD og sendiráð fyrir Portúgal og Spán, svo og sendiráðsins í Washington og viðskiptafulltrúa þess í New York. Frá því seint á árinu 1978 starfaði sérstakur viðskiptafulltrúi við sendiráðið í París, en hann lét af störfum í árslok 1981. Síðar í vor mun sérstakur viðskiptafulltrúi fara til starfa við sendiráðið í London. Hér á eftir fer skýrsla viðskiptaráðuneytisins um þróun utanríkisviðskipta árið 1981.

Utanríkisviðskiptin 1981.

Með yfirliti þessu er ætlunin að skýra frá því markverðasta í þróun utanríkisviðskiptanna árið 1981 og segja frá helstu breytingum, sem orðið hafa á viðskiptum við hin ýmsu ríki og markaðssvæði.

Sala á íslenskum útflutningsafurðum gekk yfirleitt vel á árinu 1981, en seinni hluta árs lækkaði verð á áli og kísiljárni og sölutregða gerði vart við sig vegna efnahagserfiðleika í markaðslöndunum. Verðmæti útflutningsins var um 7% hærra en á árinu áður. Hins vegar var verðmæti innflutningsins um 14% hærra og er hvort tveggja þá miðað við sambærilegt gengi. Vöruskiptajöfnuðurinn var óhagstæður um 196 millj. kr., en hafði verið hagstæður um 203 millj. kr. árið áður, og er þá miðað við gengi ársins 1981. Bæði útflutningurinn og innflutningurinn er reiknaður á fob-verði. Verðmæti útflutningsbirgða jókst um 253 millj. kr. á móti 110 millj. kr. árið áður reiknað á gengi ársins 1981.

Ein af ástæðunum fyrir hallanum á vöruskiptajöfnuðinum er hin gífurlega hækkun á olíuvörum síðan 1978. Ef reiknað er með óbreyttu verðlagi í dollurum, hefði innflutningsverð á þrem helstu olíuvörunum, gasolíu, svartolíu og bensíni, orðið á árinu 1981 $54,0 millj., en var í reynd $133,8 millj. og samsvarar það 2,8% af þjóðarframleiðslu. Þegar fyrri olíukreppan skall á 1973 hafði það ásamt öðru í för með sér halla á viðskiptajöfnuðinum, sem samsvaraði um 11% af þjóðarframleiðslunni árin 1974 og 1975.

Samkvæmt áætlun Seðlabankans var þjónustujöfnuðurinn óhagstæður um 812 millj. kr., en var óhagstæður um 639 millj. kr. árið 1980. Stafar þessi aukning m. a. af hækkun vaxta af erlendum lánum. Viðskiptajöfnuðurinn er því óhagstæður um 1000 millj. kr. árið 1981, sem er áætlað nálægt 5% af þjóðarframleiðslu. Gjaldeyrisstaða bankanna batnaði samt um 435 millj. kr., sem stafar af því, að nýjar erlendar lántökur voru hærri, sem þessu nemur, en endurgreiðslur á eldri lánum.

Þrátt fyrir það, að verðmæti útflutningsins hafi hækkað um 7% og verðmæti innflutningsins um 14%, reyndust viðskiptakjörin 1% betri að meðaltali á árinu 1981 en þau voru árið 1980. Séu álviðskiptin undanskilin bötnuðu viðskiptakjörin um 3,4%. Er þetta nokkru minni bati en spáð hafði verið um mitt ár, en á síðasta ársfjórðungi varð talsverð hækkun á innflutningsverði meðan útflutningsverð lækkaði m. a. vegna lækkunar á gengi dollarans gagnvart Evrópugjaldmiðlum.

Á árinu 1981 voru sjávarafurðir um 78% af heildarútflutningum og voru freðfiskflök eins og áður stærsta útflutningsvaran. Nokkur breyting varð þó á, því að útflutningur á freðfiskflökum minnkaði nokkuð aðallega vegna minni útflutnings til Bandaríkjanna. Hins vegar jókst útflutningur á freðfiskflökum til EBE ríkja. Einnig jókst útflutningur mjög mikið á skreið og saltfiski. Markaðurinn í Nígeríu hélst opinn og var verðlag þar fyrir skreið hagstætt. Voru flutt út rúmlega 18.000 tonn af skreið til Nígeríu og var Nígería þriðji stærsti útflutningsmarkaður okkar Íslendinga. Þá varð mikil aukning á útflutningi á saltfiski, einkum til Portúgal. Þrátt fyrir stöðuga efnahagserfiðleika í Portúgal hefur tekist að auka útflutning þangað verulega. Íslensk stjórnvöld hafa haft frumkvæði að auknum vörukaupum þaðan og er ástæða til að halda því áfram, jafnþýðingarmikill markaður og Portúgal er.

Útflutningur iðnaðarvara nam um 19% af heildarútflutningi. Útflutningur á áli minnkaði nokkuð, sem stafar af sölutregðu á erlendum mörkuðum og söfnuðust því fyrir birgðir á árinu. Hinsvegar varð talsverð aukning á útflutningi á kísiljárni.

Eftir stöðuga aukningu á útflutningi ullarvara undanfarin ár stóð þessi útflutningur í stað á síðasta ári. Helstu skýringar á þessu eru að gengi gjaldmiðla í Vestur-Evrópu hækkaði ekki til jafns við dollar og einnig minnkaði útflutningur til Sovétríkjanna.

Útflutningur landbúnaðarafurða var 1,4% af heildarútflutningnum og voru helstu breytingar minni útflutningur á kindakjöti og ostum.

Árið 1981 nam útflutningur til EFTA ríkjanna um 1.138 millj. kr., sem er 17,4% af heildarútflutningnum. Er þetta nokkuð hærra hlutfall en árið áður, sem stafar af stórauknum útflutningi á saltfiski til Portúgál. Nam útflutningur til Portúgal 10,7% af heildarútflutningnum árið 1981. Innflutningur frá EFTA ríkjunum var hins vegar 23,9% af heildarinnflutningnum.

Útflutningur til EBE ríkja var 31,3% af heildarútflutningnum og hafði þetta hlutfall minnkað úr 37,5% árið áður m. a. vegna minni álútflutnings. Innflutningur var hins vegar 44,4% af heildarinnflutningnum, sem var svipað og árið áður.

Grikkland gerðist aðili að EBE 1. janúar 1981. Alþingi samþykkti heimild til að undirrita viðbótarbókun við viðskiptasamning Íslands og EBE eins og önnur EFTA ríki gerðu. Samningaviðræður um aðild Portúgal og Spánar héldu áfram á árinu og er stefnt að því að þessi lönd gerist aðilar 1984. Ef þessi lönd gerast aðilar að EBE þarf að gera sams konar viðbótarbókun eins og gerð var vegna aðildar Grikklands að EBE. Með stækkun EBE eykst þýðing fríverslunarsamninganna og styrkir það samvinnu EFTA og EBE ríkjanna, sem byggð er á gagnkvæmum viðskiptafríðindum.

Verðmæti útfluttra sjávarafurða til EBE ríkjanna var um 1.048 millj. kr. árið 1981. Samkvæmt lauslegum útreikningum námu tollaívilnanir vegna þessa útflutnings um 103 millj. kr.Tollaívilnanir vegna útflutnings iðnaðarvara til EBE ríkjanna námu um 53 millj. kr. Samtals eru þessar tollaívilnanir um 156 millj. kr. Þýðingarmestu vörurnar eru fryst fiskflök, ísfiskur, rækja og lagmeti. Árið 1975 áður en bókun nr. 6 við fríverslunarsamninginn við EBE kom til framkvæmda var útflutningur á frystum fiskflökum til EBE 2.500 tonn, en í fyrra var útflutningurinn 26.000 tonn. Hefur tollfrelsi fyrir fryst fiskflök átt mikinn þátt í þessari aukningu. Þýðingarmestu tollaívilnanir á iðnaðarvörum, eru á áli, prjónavörum og kísiljárni. Útflutningur til EFTA ríkjanna var um 1.131 millj. kr. og eru tollaívilnanir lauslega áætlaðar um 28 millj. kr. Munar þar mest um tollaívilnanir á áli og prjónavörum.

Á fundum sameiginlegrar nefndar Íslands og EBE, sem haldnir eru tvisvar á ári, var af Íslands hálfu lögð áhersla á að frjáls viðskipti héldust áfram með þær sjávarafurðir, sem fríverslunarsamningurinn nær ekki til. Í því sambandi var sérstaklega rætt um saltsíld og söltuð ufsaflök, en EBE hefur smám saman hækkað tolla á þessum afurðum. Samkvæmt sérstökum undanþágum höfðu tollar á þessum afurðum verið lækkaðir eða felldir niður, en eftir því sem framboð á þeim hefur farið vaxandi innan EBE hefur krafa um tollahækkanir innan EBE orðið háværari. Núgildandi tollur fyrir saltsíld er 8%. Ytri tollur EBE er 20%, en samkvæmt samningi Íslands má ekki leggja á íslenska saltsíld hærri toll en 10%.

Þegar litið er á þann hag sem útflutningurinn hefur orðið aðnjótandi vegna fríverslunar við 16 Evrópuríki er það óhagræði sem af henni hefur leitt fyrir einstaka iðngreinar smávægilegt. Um tíma var reynt að draga úr vandamálum iðnaðarins með því að leggja á 3% aðlögunargjald á þær vörur, sem fella átti tolla niður á. Samþykkt EFTA ráðsins fékkst fyrir þessu gjaldi í 18 mánuði til ársloka 1980, en EBE var því mótfallið, en lét það afskiptalaust. Athugun fór fram á því hvort hægt væri að fá samþykki fyrir því að fella aðlögunargjaldið niður í áföngum. Átti Tómas Árnason, viðskiptaráðherra viðræður við Wilhelm Haferkamp, einn af framkvæmdastjórum EBE um þetta mál, en án árangurs. Var því horfið frá þeirri hugmynd.

Með lækkandi tollum í alþjóðaviðskiptum hafa aðrar viðskiptahindranir eins og styrkir og niðurgreiðslur til iðnaðar aukist og hefur vaxandi atvinnuleysi og samdráttur átt sinn þátt í þessari þróun. Innan EFTA hafa þessi mál verið mikið til umræðu, enda eru opinberir styrkir sem taldir eru skerða þann hag sem aðildarríkin gætu vænst af fríversluninni í ósamræmi við stofnsamning EFTA. Nefnd viðskiptasérfræðinga innan EFTA skilaði í mars 1981 skýrslu til EFTA ráðsins. Í skýrslunni er ítarleg skrá yfir margvíslegar styrktaraðgerðir, en samt segir í niðurstöðum nefndarinnar að ekki sé hægt að benda á neinar styrktaraðgerðir sem brjóti í bága við stofnsamninginn. Sumir nefndarmenn vildu þó ekki útiloka að einhverjar styrktaraðgerðir hefðu haft neikvæð áhrif á viðskipti milli EFTA ríkjanna, en aðrir vildu undirstrika að engin slík neikvæð áhrif hefðu gert vart við sig. Ætlunin er að halda þessum athugunum áfram.

Eins og skýrt var frá í skýrslu síðasta árs tókst ekki samkomulag innan EFTA um að láta fríverslun ná til allra sjávarafurða. Í framhaldi af þeim umræðum var í nóvember 1981 gerður samningur milli Íslands og Sviss um tollfrjálsan innflutning í Sviss á öllum íslenskum sjávarafurðum sem EFTA stofnsamningurinn náði ekki til.

Einn liður í hinum almennu viðskiptaviðræðum í GATT, sem lauk árið 1979 var gerð fimm samninga sem miða að því að auðvelda alþjóðaviðskipti. Er hér um að ræða samninga um opinber innkaup, tollverð vara, tæknilegar viðskiptatálmanir, styrki og jöfnunartolla og innflutningsleyfi. Ísland hefur ekki enn gerst aðili að þessum samningum.

Viðskipti við Austur-Evrópuríki voru með hefðbundnum hætti, nema hvað viðskiptin við Pólland minnkuðu mjög mikið vegna innanlandsástandsins þar. Pólland hefur verið helsti markaður Íslendinga fyrir fiskimjöl og gærur. Til Póllands hafa árlega verið flutt út 20.000—35.000 tonn af fiskimjöli, en á síðasta ári var þessi útflutningur aðeins rúm 11.000 tonn. Var Pólverjum veittur greiðslufrestur vegna þessara fiskimjölskaupa, sem er óvenjulegt í slíkum viðskiptum. Af hálfu Pólverja var staðið í skilum með greiðslur svo engin vandræði sköpuðust. Í nóvember var gerður samningur við Pólverja um sölu á gærum og hefur ábyrgð verið opnuð fyrir fyrstu afskipunum.

Í síðustu skýrslu var skýrt frá nýjum viðskiptasamningi við Sovétríkin, sem undirritaður var í september 1980 og gildir fyrir árin 1981—85. Er þar um að ræða rammasamning, en síðan eru gerðir árlegir kaup- og sölusamningar á grundvelli hans. Markverðasta breytingin frá fyrri árum er hin gífurlega aukning á sölu saltsíldar. Vegna hækkunar á samningskvótum þrefaldaðist saltsíldarmagnið, sem framleitt var fyrir Sovétríkin á haustvertíðinni 1980, og voru fluttar út 160.000 tunnur. Af saltsíldarverkun ársins 1981 voru 150.000 tunnur seldar til Sovétríkjanna og var það 83% af heildarframleiðslunni. Samt sem áður er freðfiskur lang stærsta útflutningsvaran til Sovétríkjanna. Í fyrra voru seld þangað 14.000 tonn af frystum flökum, einkum karfaflökum, og 4.000 tonn af heilfrystum fiski. Seint á árinu var gerður sölusamningur fyrir þetta ár og hækkaði þá magnið af flökum upp í 17.000 tonn, en magnið af heilfrysta fiskinum var óbreytt, 4.000 tonn. Talsvert var selt af ullarvörum og lagmeti til Sovétríkjanna, en ágreiningur um verð hefur leitt til nokkurs samdráttar frá því sem áður var. — Enda þótt þróun útflutningsins hafi yfirleitt verið hagstæð er samt mikill halli á vöruskiptum við Sovétríkin vegna kaupa á olíuvörum þaðan og hækkaðs verðlags á þeim undanfarin 3 ár.

Eftir það áfall sem íslenskt efnahagslíf varð fyrir við seinni olíukreppuna, sem hófst 1979, var afráðið að reyna að tryggja stöðugra verðlag en dagverð Rotterdammarkaðarins leiddi af sér.

Var því í aprílmánuði 1980 gerður samningur við breska ríkisolíufélagið BNOC um kaup á 100.000 tonnum af gasolíu á seinna misseri 1980 og sama magni á árinu 1981. Vegna minnkandi gasolíunotkunar og óhagstæðs verðs var þó á síðari stigum ákveðið að lækka magnið í 60.000 tonn fyrir árið 1980 og 60.000 tonn 1981, en auk þess voru 20.000 tonn af svartolíu flutt inn frá BNOC á árinu 1981, svo í heild urðu innkaupin þaðan á því ári 80.000 tonn af unnum olíuvörum. Nokkur umræða hefur spunnist um olíuviðskiptasamninginn við BNOC, aðallega um verðlagsþáttinn. Samið var um verð með hliðsjón af gildandi langtímaverðlagi í norðvestur-Evrópu, („term price"). Verðið skyldi ákveðið ársfjórðungslega milli aðila, en að auki skyldi verðið breytast innan hvers ársfjórðungs með skráðu hráolíuverði BNOC á hverjum tíma.

Þetta verð hefur reynst allmiklu hærra en Rotterdam-skráningar á sama tíma.

Alls hafa 6 farmar af gasolíu komið til landsins frá BNOC, þar af 3 á árinu 1981. Verð 5 fyrstu farmanna reyndist allmiklu hærra, en ef keypt hefði verið á verði miðað við Rotterdam-markað og munar þar tæpum 22 milljónum króna, en verð 6. farmsins var svipað og Rotterdamverð. Áformað hafði verið að flytja inn 20.000 tonn af gasolíu frá BNOC í

nóvember 1981, en samningar tókust ekki um verð og urðu aðilar ásáttir um að láta kaupin niður falla og var þetta magn keypt annars staðar frá á mun hagstæðara verði en BNOC gat boðið. Rotterdamverð reyndist tiltölulega stöðugt á s. l. ári og hefur lækkað verulega frá s. l. áramótum.

Viðræður um olíuviðskipti við Sovétríkin vegna ársins 1982 fóru fram í Moskvu í september 1981. Á grundvelli viðskiptasamningsins frá 1980 var undirritaður samningur við „Sojuznefte-export" hinn 11. september 1981 um kaup á 70.000 tonnum af bensíni, 100.000 tonnum af gasolíu og 160.000 tonnum af svartolíu fyrir árið 1982. Er það svipað magn og flutt var inn frá Sovétríkjunum 1981. Í samningnum er tiltekið, að verð skuli miðað við Rotterdam-skráningu eins og verið hefur undanfarin ár, en allar götur frá 1953 er olíuviðskipti hófust milli ríkjanna, hefur verð á olíu frá Sovétríkjunum miðast við dagverð.

Auk þeirra samninga sem að framan getur og gerðir eru milli viðskiptaráðuneytisins og ríkisfyrirtækja, hafa íslensku olíufélögin gert samninga um kaup á verulegu magni olíuvara. Á þeirra vegum voru á árinu t. d. flutt inn 32.000 tonn af gasolíu frá Hollandi. Þá voru 35.000 tonn flutt inn frá Portúgal, bæði bensín og gasolía og var það gert með tilliti til almennra viðskiptahagsmuna.

Nefnd skipuð fulltrúum viðskiptaráðuneytisins og olíufélaganna átti viðræður við norska ríkisolíufélagið „STATOIL" í marsmánuði fyrra árs um hugsanleg bensínkaup, en samningar tókust ekki, með því að Norðmenn settu upp miklu hærra verð en Íslendingar gátu sætt sig við.

Alls nam olíuinnflutningurinn á árinu 1981 530 þúsund tonnum, en á árinu 1980 554 þúsund tonnum.

VIII. Utanríkisþjónustan.

Starfsemi utanríkisþjónustunnar á undanförnu ári var með svipuðum hætti og áður.

Tekið var upp stjórnmálasamband við Nepal og Bahrein og íslenskur sendiherra afhenti í fyrsta sinni trúnaðarbréf í Saudi-Arabíu. Alls hefur Ísland nú stjórnmálasamband við 65 ríki, en ekki hafa enn verið útnefndir sendiherrar hjá þeim öllum. Sem stendur höfum við sendiherra hjá 55 ríkjum og í apríl er ráðgert að íslenskur sendiherra afhendi trúnaðarbréf bæði í Suður-Kóreu og í Norður-Kóreu. Ísland hefur haft stjórnmálasamband við hið fyrrnefnda frá 1963, en hið síðarnefnda frá 1973. Bæði ríkin tilnefndu sendiherra á Íslandi fljótlega eftir upptöku stjórnmálasambands, en af okkar hálfu hefur dregist að útnefna sendiherra þar til nú, m. a. vegna þess að til skamms tíma var fyrirstaða gegn því að veita sama manni viðurkenningu í báðum þessum ríkjum. Þegar íslenskur sendiherra hefur afhent trúnaðarbréf í Suður-Kóreu og Norður-Kóreu verða þau ríki, sem við höfum sendiherra hjá, alls orðin 57. Hagsmuna okkar í þessum ríkjum er gætt af 10 sendiherrum erlendis og 2, er starfa í ráðuneytinu í Reykjavík. Ólaunaðir kjörræðismenn Íslands eru u. þ. b. 200 víðs vegar um heim, þ. á m. í nokkrum löndum, sem við höfum enn ekki tekið upp formlegt stjórnmálasamband við.

Vert er einnig að hafa í huga, að í nær 15 ár hefur verið í gildi samkomulag milli Norðurlanda um gagnkvæma aðstoð í ræðismálefnum, þannig að fulltrúar einhvers hinna Norðurlandanna gæta hagsmuna þess eða þeirra, sem ekki hafa sendiráð eða ræðismann á þeim stað. Kemur það sér oft vel, ekki síst þegar slys ber að höndum eða eitthvað annað bjátar verulega á, þótt skyldur þessara aðila séu að sjálfsögðu verulega takmarkaðri en okkar eigin fulltrúa.

Í skýrslu minni á s. l. ári lagði ég áherslu á nauðsyn þess að fá strax 3—4 nýja starfsmenn til starfa þar sem vinnuálagið í utanríkisþjónustunni er mest. Nokkuð hefur verið komið til

móts við þessar óskir með heimild fjárveitingarvaldsins fyrir 2 nýjum stöðum í utanríkisþjónustunni. Annar hinna nýju starfsmanna er þegar kominn til Washington, en hinn mun starfa við ráðuneytið. Þetta er spor í rétta átt, en ennþá eru mörg sendiráða okkar of fáliðuð til að geta sinnt svo sem skyldi allri þeirri hagsmunagæslu víða um heim, sem nútíma þjóðfélög þurfa á að halda.

Seint á árinu 1978 var stofnað til embættis sérstaks viðskiptafulltrúa við sendiráðið í París. Viðskiptafulltrúinn starfaði þar í 3 ár og vann mikilsvert starf að söfnun upplýsinga um markaðsmál í Frakklandi og nálægum löndum, auk þess að efla sambandið milli íslenskra útflytjenda og innflytjenda í þessum löndum og aðstoða við íslenskar vörusýningar. Þessi viðskiptafulltrúi flutti aftur til Íslands um s. l. áramót og hef ég nú ákveðið að senda í hans stað viðskiptafulltrúa til London, sem starfa mun við sendiráðið þar og hafa m. a. það hlutverk að leita nýrra markaða í Bretlandi og fleiri löndum, auk þess að vinna að því að efla og treysta skreiðarmarkaðinn í Nígeríu, en hagsmuna Íslands þar í landi er gætt af sendiráðinu í London.

Þótt ýmis sendiráð okkar starfi mjög mikið að viðskiptamálum, eins og nánar er rakið í upphafi kaflans um utanríkisviðskiptin, þá háir starfsmannaskortur oft verulega, því að starfssviðið er æði víðtækt. Þá er og umhugsunarefni sú skipting starfa milli utanríkisráðuneytis annars vegar og viðskiptaráðuneytis hins vegar, sem gilt hefur um langt skeið. Hérlendis eru utanríkisviðskiptamál lögð undir viðskiptaráðuneytið. Nánar tiltekið er hér um að ræða útflutningsverslun, undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga, skipti Íslands við alþjóðleg efnahags- og viðskiptasamtök og fjármálastofnanir og loks vörusýningar erlendis.

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar starfa ýmist í sendiráðum okkar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu hér heima. Erlendis er það eitt af höfuðhlutverkum þeirra að vinna einmitt að þeim störfum, sem í Reykjavík falla undir viðskiptaráðuneytið. Gott samstarf hefur að vísu ríkt milli ráðuneytanna tveggja um þessi mál og viðskiptaráðuneytið hefur dagleg samskipti við sendiráð okkar vegna viðskiptamála. Á hinn bóginn eru ýmsir annmarkar á þessari tilhögun. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar fá ekki þau kynni af viðskiptamálunum hér heima, sem þeir fá af öðrum málaflokkum utanríkisþjónustunnar, en einmitt þau kynni eru afar nauðsynleg til að starfskraftar þeirra nýtist sem best úti í sendiráðunum. Ennfremur skortir persónuleg tengsl við samtök og fulltrúa útflutningsins og breytir stutt kynnisdvöl starfsmanna utanríkisþjónustunnar í viðskiptaráðuneytinu þar litlu um.

Í nágrannaríkjum okkar er það ýmist að utanríkisviðskiptin séu hjá viðskiptaráðuneyti, utanríkisráðuneyti eða samstarfsstofnun beggja ráðuneyta. Þessi ríki eiga það þó öll sameiginlegt að hafa á að skipa í flestum borgum margfalt fjölmennara starfsliði en við getum nokkurn tíma haft ráð á. Þau geta þá líka leyft sér að hafa sérstaka viðskiptafulltrúa eða jafnvel heilar viðskiptadeildir í sendiráðum sínum og sett í þau störf sérþjálfaða menn úr viðskiptaráðuneytum sínum eða viðskiptadeildum utanríkisráðuneytanna. Þegar slíkir möguleikar eru fyrir hendi skiptir heildarstjórn allra þátta utanríkismála undir einu ráðuneyti engu meginmáli.

Lítið land eins og Ísland, sem hefur sendiráð í fáum löndum og aðeins 2—3 embættismenn í hverju sendiráði til að gæta hinna fjölbreytilegustu hagsmuna, hlýtur hins vegar að verða að hafa hagkvæmnissjónarmiðið að leiðarljósi. Það er einróma álit þeirra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, sem mest hafa hugleitt þessi mál, að virk og sveigjanleg utanríkisþjónusta verði best tryggð með því að allir meginþættir utanríkismála, þar á meðal utanríkisviðskiptamál, séu í höndum utanríkisþjónustunnar bæði erlendis og hér heima.

Utanríkisviðskiptin eru slíkt stórmál fyrir Íslendinga að öllu skiptir, hvernig til tekst um framkvæmd þeirra. Ég varpa því fram þessum hugleiðingum hér í lok skýrslu minnar til þess að koma af stað umræðum um framtíðarskipulag þessara mála.

Skrá yfir framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar árin 1975—1982 (í þús. kr.).

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982[1])
A. Langtíma þróunaraðstoð								
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	97	129	160	176	280	364	521	3 600
2. Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	540	439	800	604	1 404	1 404	2 760	2 760
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal			740	380	540	960		
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	103	125	251	400	710	6 022	5 757	10 007
5. Alþjóðabankinn (IRBD), stofnfjáraukning				900				
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild					332	456	661	1 045
Alls	740	693	1 951	2 460	3 266	9 206	9 699	17 412
B. Önnur aðstoð, reglubundin framlög[2])								
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	22	29	35	40	59	71	138	250
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	7	8	12	12	26	33	59	159
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	14	16	20	21	52	100	296	347
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	20	24	28	29	60	88	132	110
5. Flóttamannaráð Íslands	11	6	4	4	434	182	413	108
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	1	2	2	6	10	16	29	60
7. Alþjóðanefnd Rauða krossins	3	7	4	9	14	19	34	196
8. S-Afrikusjóður Sameinuðu þjóðanna	1	2	2	6	10	16	29	60
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)					3	12	31	69
10. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna								30
Alls	79	94	107	127	668	537	1 161	1 389
Þróunaraðstoð samtals	819	787	2 058	2 587	3 931	9 743	10 860	18 801
Hlutfall af þjóðarframleiðslu viðkomandi árs	0.044%	0.030%	0.056%	0.045%	0.046%	0.073%	0.054%	0.065%

Skýringar:

1) Skv. fjárlögum.
2) Framlög þessi má á vissan hátt flokka sem þróunaraðstoð, en sum þeirra eru þó e. t. v. fremur neyðarhjálp.

Ed. 448. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til athugunar og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 15. mars 1982.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Salome Þorkelsdóttir.	Stefán Guðmundsson.	Karl Steinar Guðnason.

Nd. 449. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur haldið allmarga fundi um frumvarpið og leitað álits ýmissa aðila sem málið varðar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. mars 1982.

Ingólfur Guðnason, form., frsm.	Vilmundur Gylfason.	Ólafur Þ. Þórðarson.
	Guðrún Helgadóttir.	

Nd. 450. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til l. um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

1. Ný grein, er verði 2. gr., hljóði svo:
   Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar, sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar, sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar.
   Ríkisstjórnin getur ákveðið að lög þessi taki, eftir því sem við á, til bygginga á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar fjárveitingaákvörðun Alþingis.
2. 1. mgr. 3. gr. (er verði 4. gr.) orðist svo:
   Framlag ríkissjóðs skv. 1. tl. 3. gr. skal vera sérliður á fjárlögum og ákvarðast í samráði við byggingadeild menntamálaráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

3. 7. gr. verði 6. gr.
4. 6. gr. verði 7. gr.
5. 5. gr. verði 8. gr. og orðist svo (töluröð 8.—16. gr. frv. breytist skv. því):
   Sjóðsstjórnin skal samþykkja fyrirhugaða listskreytingu þeirra mannvirkja, sem lög þessi taka til, og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingar og byggingarnefnd. Hún getur kvatt sérfróða menn til aðstoðar við einstök verkefni.
6. 13. gr. (sem verði 14. gr.) orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 27. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, svo og 10. gr. laga um skólakostnað, nr. 49 29. apríl 1967, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við þessi lög.

Ed. 451. Lög [190. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 15. mars.)

Samhljóða þskj. 424.

Sþ. 452. Fyrirspurnir. [240. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um undirbúning löggjafar um atvinnulýðræði.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvað hefur félagsmálaráðherra gert til þess að reka á eftir störfum nefndar, sem skipuð var 30. ágúst 1973 af þáverandi félagsmálaráðherra til þess að semja frumvarp til laga um atvinnulýðræði í kjölfar samþykktar Alþingis á tillögu til þingsályktunar þess efnis frá þingmönnum Alþýðuflokksins?
2. Hafi nefndin ekki starfað er félagsmálaráðherra þá ekki reiðubúinn til þess án frekari tafa að leysa hana formlega frá verkefni sínu, skipa nýja nefnd og sjá svo um að hún skili því viðfangsefni, sem Alþingi hefur falið ríkisstjórninni að leysa með samþykkt umræddrar þingsályktunartillögu frá þingmönnum Alþýðuflokksins?

II. Til menntamálaráðherra um nýja langbylgjustöð.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvað líður áætlunum um framkvæmdir við byggingu nýrrar langbylgjustöðvar til þess að leysa af hólmi úrelta og úrsérgengna sendistöð á Vatnsendahæð við Reykjavík?

III. Til forsætisráðherra um aðgerðir í atvinnumálum á Suðurnesjum.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Kjartani Jóhannssyni.

1. Hvenær og hvernig hyggst ríkisstjórnin framkvæma það ákvæði í stjórnarsáttmálanum er segir að undirbúið verði öflugt átak í atvinnumálum á Suðurnesjum?
2. Hver er árangur af starfi nefndar þeirrar er skipuð var 24. júní s. l. í þessu skyni?

IV. Til utanríkisráðherra um málefni flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Kjartani Jóhannssyni.

1. Hvað líður störfum nefndar þeirrar er ráðherra skipaði 13. nóvember s. l. vegna nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli?
2. Hefur verið ákveðið hvernig og hvort lántaka til byggingarinnar verður nýtt?
3. Hefur verið tekin ákvörðun um áfangaskiptingu byggingarinnar?
4. Hafa verið gerðar breytingar á hönnun byggingarinnar?

Nd. 453. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og leitað umsagna Landssambands sjúkrahúsa, Félags forstöðumanna sjúkrahúsa, Tryggingastofnunar ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga. Auk þess kom á fund nefndarinnar Davíð Á. Gunnarsson, framkvæmdastjóri ríkisspítalanna.

Nefndin varð ekki sammála um frumvarpið og skila tveir nefndarmanna áliti á sérstöku þingskjali.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins óbreytts, tveir nefndarmanna þó með fyrirvara.

Alþingi, 16. mars 1982.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm. — Jóhann Einvarðsson, fundaskr., með fyrirvara. — Pálmi Jónsson.

Guðm. G. Þórarinsson. — Magnús H. Magnússon, með fyrirvara.

Nd. 454. Nefndarálit [19. mál]

um frv til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt eins og það barst deildinni frá Ed.

Alþingi, 11. mars 1982.

Ingólfur Guðnason, fundaskr., frsm. — Sighvatur Björgvinsson. — Guðrún Hallgrímsdóttir.

Matthías Á. Mathiesen. — Matthías Bjarnason. — Albert Guðmundsson.

Jón Kristjánsson.

Sþ. 455. Fyrirspurnir. [241. mál]

I. Til menntamálaráðherra um útgáfu Kortabókar Íslands.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hvað líður útgáfu Kortabókar Íslands, sbr. þál. frá Alþingi 5. apríl 1979?

II. Til menntamálaráðherra um móðurmálskennslu í fjölmiðlum.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hvernig hefur tekist til um framkvæmd þál. frá 5. maí 1978 um eflingu kennslu og fræðslu í Ríkisútvarpinu í öllum greinum móðurmálsins?

III. Til sjávarútvegsráðherra um útgáfu fiskikorta.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hvað líður framkvæmd þál. frá 15. mars 1977 um útgáfu fiskikorta?

Ed. 456. Breytingartillögur [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Í frv. bætist ný gr. sem komi á eftir 2. gr. og orðist svo:
   3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:
   Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómarar skipi dóm. Dómarar skulu taka sæti í dómum eftir röð sem ákveðin er með almennri reglu.
2. Við 4. gr. frv. bætist:
   Ráðning hæstaréttarritara og sérfróðra aðstoðarmanna skal vera með þeim hætti, að stöðurnar séu auglýstar lausar til umsóknar og dómnefnd meti hæfni umsækjanda.
3. **Aðaltillaga:**
   Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Varatillaga:

Í stað ákvæðis til bráðabirgða komi nýtt ákvæði svohljóðandi:

Frá upphafi ársins 1983 skal Hæstiréttur skipaður 11 dómurum og skal skipan nýrra dómara vera skv. 2. gr. laga nr. 24/1979. Nú losnar staða fasts dómara í Hæstarétti eftir þennan tíma og skal þá hvorki skipa né setja dómara í hans stað. Þetta gildir þó aðeins um fjórar fyrstu stöðurnar sem þannig losna.

Nd. 457. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar á mörgum fundum sínum.

Frumvarpið var sent til umsagnar, auk þess komu á fund nefndarinnar fulltrúar ýmissa aðila sem mál þetta varðar.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við frumvarpið sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. mars 1982.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Friðrik Sophusson, fundaskr.	Siggeir Björnsson.
Jóhann Einvarðsson.	Guðrún Hallgrímsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
	Steinþór Gestsson.	

Nd. 458. Breytingartillögur [43. mál]

við frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar 3ja manna stjórn brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn mann eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna og ákveður þóknun til þeirra fyrir stjórnarstörf. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar.
   b. 3. mgr. orðist svo:
   Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðherra brunamálastjóra. Skal hann hafa sérþekkingu á brunamálum.
   c. 4. og 5. mgr. verði ein mgr. og orðist svo:
   Brunamálastjóri veitir brunamálastofnuninni forstöðu. Hann ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar og taka þeir laun samkv. kjarasamningi opinberra starfsmanna.
2. Við 3. gr.
   a. b-liður orðist svo:
   Að hafa á hendi tækniaðstoð við brunavarnaeftirlit sveitarfélaga og í öllum meiri háttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og bensín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv. í samráði við viðkomandi slökkviliðsstjóra.
   b. c-liður breytist svo: Í stað orðanna „töldum í b-lið“ komi: sem kveðið er á um í reglugerð.

c. f-liður orðist svo:

Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála og leiðbeina um val, uppsetningu og notkun á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.

d. h-liður orðist svo:

Að semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögunum og aðalniðurstöður þeirra skal birta opinberlega.

3. Við 4. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:

Sveitarfélög skulu halda uppi brunavörnum, þar með talið eldvarnareftirlit, í samræmi við kröfur, sem nánar skal kveða á um í reglugerð um brunavarnir og brunamál. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

b. 4. mgr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunar, undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum, berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

4. Við 11. gr. Á eftir orðinu „umsögn“ í lok greinarinnar komi: stjórnar.
5. Við 18. gr. Í stað orðsins „brunamálastofnuninni“ í lok greinarinnar komi: brunamálastjóra.
6. Við 19. gr. Á eftir orðinu „tillögum“ í 2. mgr. komi: stjórna.
7. Við 23. gr. Greinin orðist svo:

Lögreglustjóri skal sjá um að lögregluransókn fari fram þegar eftir brunatjón. Ef kveðja þarf til sérfróða menn vegna rannsóknar á eldsvoða, skal stjórn brunamálastofnunarinnar tilnefna þá samkvæmt tillögu brunamálastjóra. Réttarrannsókn þarf hins vegar ekki að fara fram, ef brunatjón er óverulegt og eldsupptök kunn. Afrit af gögnum um hverja slíka rannsókn ber að senda viðkomandi tryggingafélagi og brunamálastofnun þegar þau liggja fyrir.

8. Við 24. gr.

a. a-liður orðist svo:

Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1.75% af bruttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Viðlagatrygging Íslands skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni.

Framlög þessi skulu greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.

b. b-liður orðist svo:

Stjórn brunamálastofnunar er heimilt að semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðuneytinu. Í slíkri gjaldskrá skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.

9. Við 25. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit o. s. frv.
10. Við 26. gr. Á eftir orðinu „til“ í 4. línu 1. mgr. bætist: stjórnar.
11. Við 27. gr. Greinin orðist svo:

Nú telur brunamálastjóri að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 26. gr., og skal brunamálastjóri þá, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar, benda slökkviliðsstjóra á misbrestina, og hefur brunamálastjóri síðan rétt til að beita þeim heimildum, sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein, ef ekki er úr bætt.

Ef brunamálastjóri telur að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar.

12. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra setur, að fenginni tillögu stjórnar brunamálastofnunar, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

Ed. 459. Breytingartillaga [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961.

Frá allsherjarnefnd.

2. gr. orðist svo:

18. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

a) eru 20 ára þegar kosning fer fram,
b) eru íslenskir ríkisborgarar,
c) eru ekki sviptir lögræði,
d) eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum í 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi sem hann á lögheimili í þegar framboðsfrestur rennur út.

Kjörstjórnir í þeim sveitarfélögum, þar sem kosningar fara fram síðasta laugardag í júní, skulu sérstaklega ganga úr skugga um að þeir einstaklingar, sem flutt hafa lögheimili sitt á tímabilinu milli kjördaga, hafi eigi neytt atkvæðisréttar í öðru sveitarfélagi.

Nd. 460. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til laga um lokunartíma sölubúða.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og fengið umsagnir frá sveitarstjórnum, samtökum verslunarfólks og samtökum kaupmanna. Undirritaður leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Nánari grein verður gerð fyrir því í framsöguræðu.

Alþingi, 15. mars 1982.

Vilmundur Gylfason.

Nd. 461. Frumvarp til laga [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Halldór Blöndal, Guðmundur G. Þórarinsson.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:

Atvinnurekandi getur þó ekki ákveðið orlof launþega á tímabilinu 2. maí—31. maí og 1. september—15. september, nema sérstakt samþykki launþega komi til.

Greinargerð.

Á því hefur borið, einkum á stærri vinnustöðum, að launþegar hafa verið óánægðir með að þurfa að taka orlof sitt í maí, áður en eiginlegur sumarleyfistími er hafinn. Með þessu frumvarpi er lagt til að í upphafi og við enda orlofstímans þurfi sérstakt samþykki launþegans til, en að öðrum kosti sé orlof á tímabilinu júní, júlí og ágúst.

Ed. 462. Framhaldsnefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1981.

Frá allsherjarnefnd.

Milli 2. og 3. umræðu hefur nefndin athugað breytingartillögu frá Guðmundi Vésteinssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni um að kosningaaldur og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum verði 18 ár í stað 20 eins og nú er.

Nefndarmenn eru allir fylgjandi því, að kosningaaldur verði lækkaður í 18 ár. Allir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, hafa markað þá stefnu. Nefndarmönnum er ljóst, að þar sem tími er skammur til stefnu, til sveitarstjórnarkosninganna í vor, er torvelt og að margra mati nær óframkvæmanlegt að koma ákvæðinu um 18 ára kosningaaldur í framkvæmd á þessu vori. Er því tillagan um lækkun nú dregin til baka.

Við undirritaðir nefndarmenn munum að hausti flytja frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum um að kosningaaldur verði færður niður í 18 ár.

Alþingi, 17. mars 1982.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Egill Jónsson.	Jón Helgason.	Helgi Seljan.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 463. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundi og samþykkt að mæla með því með ákvæði til bráðabirgða sem birt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. mars 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.
Ingólfur Guðnason, fundaskr., frsm.
Vilmundur Gylfason.
Garðar Sigurðsson.
Jósef H. Þorgeirsson.
Friðrik Sophusson.
Siggeir Björnsson.

Nd. 464. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 3. gr. komi ákvæði til bráðabirgða:

Við hinar almennu sveitarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 22. maí 1982, skal leggja kjörskrá fram einum mánuði fyrir kjördag, og skal hún liggja frammi í tvær vikur.

Nd. 465. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

(Eftir 3. umr. í Ed., 17. mars.)

1. gr.

1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir 3/4 hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fara fram síðasta laugardag í maímánuði, sem ekki ber upp á aðfangadag hvítasunnudags, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta laugardag júnímánaðar.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

a) eru 20 ára þegar kosning fer fram,
b) eru íslenskir ríkisborgarar,
c) eru ekki sviptir lögræði,
d) eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning

samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum í 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi, sem hann á lögheimili í, þegar framboðsfrestur rennur út.

Kjörstjórnir í þeim sveitarfélögum, þar sem kosningar fara fram síðasta laugardag í júní, skulu sérstaklega ganga úr skugga um að þeir einstaklingar, sem flutt hafa lögheimili sitt á tímabilinu milli kjördaga, hafi eigi neytt atkvæðisréttar í öðru sveitarfélagi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 466. Frumvarp til laga [3. mál]

um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. mars.)

1. gr.

Hljómsveitin heitir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Málefni hennar heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m. a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast.

Í öllu starfi hljómsveitarinnar skal kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila aðra sem að skyldum markmiðum vinna, einkum aðra íslenska flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa og stofnanir.

Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er.

3. gr.

Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum:

a) Ríkissjóður 56%
b) Ríkisútvarp 25%
c) Borgarsjóður Reykjavíkur 18%
d) Bæjarsjóður Seltjarnarness 1%

Með samþykki rekstraraðila getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.

Efna má til samvinnu á viðskiptagrundvelli milli Sinfóníuhljómsveitarinnar annars vegar og Þjóðleikhússins, Íslensku óperunnar, Íslenska dansflokksins og annarra aðila hins vegar um einstök verkefni eftir því sem tilefni gefast til og önnur starfsemi hljómsveitarinnar leyfir.

Samningur sé gerður milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar á móti framlagi útvarpsins samkv. þessari grein og sé í samningnum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótast á undanförnum árum.

Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi, svo að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greitt af slíkum tekjum hennar.

4. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af fjármálaráðuneytinu og einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu. Menntamálaráðuneytið skipar formann án tilnefningar. Menntamálaráðuneytið skipar stjórnina til fjögurra ára og ákveður henni þóknun sem greiðist af rekstrarfé hljómsveitarinnar.

5. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður sér framkvæmdastjóra og ber hann ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni. Hann skal ráðinn til 4 ára í senn en endurráðning er heimil. Stjórn hljómsveitarinnar ákveður verksvið framkvæmdastjóra.

6. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra og skipar verkum með þeim.

Stjórnin ræður hljóðfæraleikara, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, í minnst 65 stöðugildi. Aðra hljóðfæraleikara ræður stjórnin eftir því sem viðfangsefni krefjast, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og innan þeirra marka sem fjárframlög heimila, enda hafi viðfangsefnið verið samþykkt í fjárhagsáætlun.

Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða fá verk til flutnings hjá tónskáldum.

7. gr.

Við verkefnaval Sinfóníuhljómsveitar Íslands skal stjórn hennar njóta aðstoðar verkefnavalsnefndar. Skal hún skipuð 7 mönnum, einum tilnefndum af Tónskáldafélagi Íslands, einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu, einum tilnefndum af starfsmönnum hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg. Ráðinn hljómsveitarstjóri og konsertmeistari skulu einnig skipa nefndina en formaður hennar er tilnefndur af menntamálaráðuneytinu og skal hann hafa staðgóða tónlistarmenntun.

Verkefnavalsnefndin skal skila áætlun um verkefni hljómsveitarinnar og gera kostnaðaryfirlit fyrir eitt ár í senn og skal leggja það fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist af rekstrarfé stofnunarinnar.

8. gr.

Stjórn hljómsveitarinnar skal leggja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir fjárveitingaraðila með nægum fyrirvara til þess að gögn liggi fyrir þegar fjárlög eru undirbúin og afgreidd og fjárhagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri býr starfs- og fjárhagsáætlunina í hendur stjórnarinnar. Stjórnin ber ábyrgð á að fjárreiður og reikningshald sé í góðu lagi. Efnahags- og rekstrarreikningur skal gerður að loknu hverju almanaksári og sendur ríkisendurskoðun til endurskoðunar. Við gildistöku þessara laga telst Sinfóníuhljómsveit Íslands eiga höfuðstól samkvæmt efnahagsreikningi hljómsveitarinnar pr. 31. desember 1980.

9. gr.

Heimilt er að semja við ríkisbókhaldið um að það taki að sér bókhald Sinfóníuhljómsveitarinnar. Starfsfólk á skrifstofu og til aðstoðar við æfingar, tónleika, nótnavörslu og annað skal framkvæmdastjóri ráða að fengnu samþykki ráðninganefndar ríkisins.

10. gr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands skal árlega fara í tónleikaferðir um landið. Gera skal sérstaka fjárhagsáætlun vegna ferðanna. Hluti skemmtanaskatts (10%) samkvæmt 7. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt rennur til greiðslu kostnaðar ferðanna.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 467. Lög [170. mál]

um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

(Afgreidd frá Nd. 17. mars.)

Samhljóða þskj. 381 (sbr. 274).

Nd. 468. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Fyrir menntamálanefnd hafa legið tvö frv. um listskreytingu opinberra bygginga, það sem hér um ræðir og annað flutt af alþm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, Halldóri Blöndal og Ólafi G. Einarssyni. Í því frv. var lagt til grundvallar að kostnaður við listskreytingu opinberra bygginga skyldi teljast til stofnkostnaðar byggingarinnar. Meiri hl. menntamálanefndar gat ekki fallist á það sjónarmið, heldur hélt sig við að sérstakur sjóður, Listskreytingasjóður ríkisins, skyldi stofnaður í þessu skyni.

Þótt frumvarp til laga um Listskreytingasjóð ríkisins sé einfalt í sniðum eru ýmis atriði óljós varðandi það, hvernig menntamálaráðherra hugsar sér að staðið skuli að listskreytingu opinberra bygginga, en honum er ætlað að kveða á um það í reglugerð, sbr. 12. gr. Þannig er allt á huldu um hver hlutur sveitarfélaganna skuli vera, en athygli vekur að gert er ráð fyrir að Samband ísl. sveitarfélaga skuli tilnefna einn mann í stjórn Listskreytingasjóðs. Þá er

vikið að því í greinargerð, að framlag sveitarfélaga til listskreytingar opinberra bygginga skuli vera u. þ. b. fjórðungur þess fjár sem varið sé í því skyni. Það kom fram í nefndinni að í menntamálaráðuneytinu væru uppi einhverjar hugmyndir um að ákveða stöðu sveitarfélaganna gagnvart Listskreytingasjóðnum í reglugerð, og virðist nærtækt að álykta sem svo, að framlag af þeirra hálfu verði gert að skilyrði fyrir því, að fé fáist til listskreytingar mannvirkis. Eðlilegra sýnist að setja það í vald sveitarfélagsins, að núgildandi ákvæði grunnskólalaga um listskreytingu skólamannvirkja skuli gilda enn um hríð meðan reynsla fæst af því skipulagi sem hér er lagt til að taka upp. Enn fremur má benda á að vafalaust hafa ýmis sveitarfélög hugsað sér að notfæra sér 27. gr. grunnskólalaganna, og er ekki ástæða til að meina þeim það. Samkvæmt þeirri grein eru heimildir fyrir rýmri fjárhæð til listskreytingar en hér er gert ráð fyrir. Auk þess hlýtur það að teljast bæði eðlilegt og æskilegt í senn að frumkvæði að listskreytingu opinberra bygginga úti á landsbyggðinni komi heiman að fremur en að því sé fjarstýrt úr höfuðborginni, — úr stjórnstöðvunum.

Óhjákvæmilegt er að benda á að samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að framlag til listskreytingar opinberra bygginga verði í sumum atriðum minna en heimilt er samkvæmt gildandi lögum. Á það er ekki heldur að treysta að framlag ríkissjóðs verði í raun 1% af samanlögðum fjárveitingum „ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o. s. frv.)“ eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. Reynslan sýnir að fjármálaráðherrar hafa verið tregir til þess að standa við slíkar skuldbindingar í lögum, enda hefur Alþingi ekki staðið við vilja sinn í þeim efnum. Það hefði því verið öruggari leið að ákveða að listskreytingar opinberra bygginga teljist til stofnkostnaðar þeirra.

Í frv. er gert ráð fyrir að stjórn Listskreytingasjóðs hafi mjög víðtækt vald. Auðvitað orkar jafnan tvímælis hversu slík stjórn skuli skipuð og hvert verksvið hennar skuli vera. Fyrir fram skal því ekki neitað, að sú skipan, sem hér er lögð til, kunni að gefast vel, en á hinn bóginn er augljóst að í henni felast ýmsar hættur ekki síst vegna þess mikla miðstjórnarvalds sem gert er ráð fyrir. Af þeim sökum leggjum við til að þetta frv., ef að lögum verður, skuli endurskoðað innan fimm ára með hliðsjón af reynslunni. Þegar fram í sækir er hún ólygnust.

Með hliðsjón af framansögðu teljum við eðlilegt að breyta því frv. sem hér um ræðir, um leið og við leggjum áherslu á að forræði sveitarfélaganna haldist áfram enn um hríð varðandi skólabyggingar.

Reykjavík, 17. mars 1982.

Halldór Blöndal, frsm. Ólafur G. Einarsson.

Nd. 469. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá minni hl. menntamálanefndar (HBl, ÓE).

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til bygginga, sem í smíðum eru þegar lögin öðlast gildi og eigi hafa verið gerðar um bindandi ráðstafanir varðandi listskreytingar, nema sveitarstjórn ákveði að farið skuli eftir 27. gr. grunnskólalaga. Þá er heimilt að verja til listskreytingar

fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

Lög þessi skulu tekin til endurskoðunar að fimm árum liðnum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir um listskreytingu opinberra bygginga.

Nd. 470. Breytingartillögur [208. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:
   Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í júnímánuði.
2. 2. gr. orðist svo:
   18. gr. laganna orðist svo:
   Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem
   a. eru 18 ára að aldri þegar kosningar fara fram,
   b. eru íslenskir ríkisborgarar,
   c. eru ekki sviptir lögræði,
   d. eiga lögheimili á Íslandi.

   Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

   Enn fremur eiga kosningarrétt erlendir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

   Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar 2 vikur eru til kjördags.

Nd. 471. Lög [60. mál]

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30/1963.

(Afgreidd frá Nd. 17. mars.)

Samhljóða þskj. 338.

Sþ. 472. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Flm.: Jón Helgason, Steinþór Gestsson, Böðvar Bragason,
Garðar Sigurðsson, Magnús H. Magnússon, Siggeir Björnsson,
Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ganga nú þegar til samninga við Jarðefnaiðnað hf. um byggingu steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn á grundvelli laga nr. 61 1981.

Greinargerð.

Á síðastliðnu vori samþykkti Alþingi lög um steinullarverksmiðju. Þar var ríkisstjórninni veitt heimild til þess að semja við áhugaaðila um byggingu og rekstur steinullarverksmiðju, ef nauðsynlegum skilyrðum væri fullnægt. En hinn 14. mars 1980 hafði iðnaðarráðuneytið skipað nefnd til að kanna forsendu staðarvals fyrir steinullarverksmiðju á Íslandi. Í bréfi ráðuneytisins til nefndarmanna segir, að borin skuli saman hagkvæmni verksmiðju á Sauðárkróki, sem reist yrði í samvinnu við Steinullarfélagið hf., og verksmiðju í Þorlákshöfn, sem reist yrði í samvinnu við fyrirtækið Jarðefnaiðnað hf. á Suðurlandi. Umræddir aðilar höfðu báðir látið í ljós áhuga á þátttöku ríkisins í stofnun fyrirtækis til rekstrar steinullarverksmiðju.

Nefndin skilaði áliti að einu ári liðnu, eða 13. mars 1981, og kemst þar að þeirri niðurstöðu, að hagkvæmast sé að reisa verksmiðju sem byggi bæði á innlendum og erlendum markaði.

Eftir að lögin höfðu verið samþykkt óskaði iðnaðarráðuneytið eftir því við áhugaaðila, að þeir gerðu frekari grein fyrir áætlunum sínum í sambandi við framkvæmdir, og fól þeim Herði Jónssyni og Vilhjálmi Lúðvíkssyni, sem verið höfðu í staðarvalsnefndinni, að athuga málið.

Þeir skiluðu lokaniðurstöðum sínum til iðnaðarráðherra með greinargerð, dagsettri 17. des. s. l. Þar komast þeir að þeirri niðurstöðu, að eina framleiðslutæknin, sem til greina kemur, sé sú sem Jarðefnaiðnaður hf. hafði byggt á í samstarfi við fyrirtækin Jungers og Elkem.

Steinullarfélagið hf. hafði hins vegar verið í samstarfi við franska fyrirtækið St. Gobain, en í greinargerðinni 17. des. fullyrða þeir Hörður og Vilhjálmur að framleiðslutækni St. Gobain, sem Steinullarfélagið hf. byggði tillögur sínar á um framleiðslu fyrir innlendan markað, virðist nú ekki lengur raunhæf við hérlendar aðstæður. Steinullarfélagið hf. mun áður hafa haft samband við Elkem og Jungers, en þá komist að þeirri niðurstöðu, að þeim virtist það ekki álitlegt, því að í skýrslu, sem félagið sendi frá sér á s. l. sumri, segja þeir, að sú tækni sé lélegri og dýrari og því vandséð ástæða að taka hana upp.

Þar sem þeir Hörður Jónsson og Vilhjálmur Lúðvíksson komast nú, eins og áður segir, að þeirri niðurstöðu, að ekki komi önnur tækni til greina en sú sem lögð var til grundvallar hjá Jarðefnaiðnaði hf. í samstarfi við Elkem og Jungers, þá virðist okkur, flutningsmönnum þessarar tillögu, að fenginni þessari niðurstöðu, að ekki komi annar samstarfsaðili við ríkið til greina um byggingu slíkrar verksmiðju heldur en Jarðefnaiðnaður hf.

Það virðast a. m. k. næsta óvanalegir viðskiptahættir, ef ríkið færi að nota þá vinnu, sem Jarðefnaiðnaður hf. hefur þar lagt fram, og snúa sér til annars aðila, sem hefur lýst yfir vantrú sinni á þessari aðferð sem lélegri og dýrari.

Þá segir í greinargerð Harðar og Vilhjálms:

Meginniðurstöður eru þær, að **lítil verksmiðja,** án útflutnings **(kostur 1),** geti gefið viðunandi arðsemi (11,05%), en arðsemin batnar nokkuð (12,15%), ef tekst að flytja út allt að 3000 t/ári **(kostur 2).** Gefur sá kostur mesta arðsemi af þeim sem hér eru sýndir.

Stærri verksmiðja, sem flytur út allt að 5000 t **(kostur 5),** gefur heldur minni arðsemi (10,9%) en fullnýtt lítil verksmiðja **(kostur 2)** (12,15%). Ef erlendur markaður bregst alveg **(kostur 3),** verður arðsemin töluvert minni, en þó ekki alveg óviðunandi (9,3%).

Í þessum orðum þeirra kemur fram að skoðun Jarðefnaiðnaðar hf. að byggja bæði á innlendum og erlendum markaði er besti kosturinn. En þeir telja að áhættuminnst sé að reisa verksmiðju, sem hefði hámarksafköst 8000 t á ári. Jarðefnaiðnaður hf. hefur hins vegar talið hyggilegra að reisa um 15 000 t verksmiðju, eins og Vilhjálmur Lúðvíksson gerði tillögu um á fundi hjá Jarðefnaiðnaði hf. 5. maí 1974. En nauðsynlegt er að athuga að Hörður og Vilhjálmur telja rekstur beggja verksmiðjanna arðbæran. 8000 t. verksmiðjan gæfi 12,15% innri raunvexti, en stóra verksmiðjan með sömu framleiðslu 11,0% og gæfi auk þess möguleika á að auka framleiðslu og þannig veita fleirum atvinnu við að nýta innlenda orku til að framleiða úr innlendum hráefnum vörur til útflutnings.

Nú hefur Steinullarfélagið hf. lýst því yfir, að það hafi enga trú á útflutningi. Samkvæmt því mundi hagkvæmasti kosturinn þá ekki koma til greina í samstarfi við það.

Jarðefnaiðnaður hf. hefur lagt mikla vinnu í markaðsleit erlendis og fengið svör frá allmörgum aðilum, þar sem lýst er yfir áhuga og vilja til þess að kaupa steinull af væntanlegri verksmiðju hér á Íslandi og gefin upp ákveðin verð í því sambandi, sem lögð hafa verið til grundvallar við hagkvæmniútreikning.

Það er óhætt að fyllyrða, að aldrei hafi verið tekin minni áhætta í sambandi við nýjan iðnað til útflutnings en gert væri með því að reisa heldur stærri verksmiðju og hafa möguleika á útflutningi á steinull í vaxandi mæli, þar sem munur fjárfestingarkostnaðar við stóra og litla verksmiðju er tiltölulega mjög lítill. En þrátt fyrir það lagði Jarðefnaiðnaður hf. á síðastliðnu hausti fram áætlanir um byggingu bæði 6 og 14 þús. tonna verksmiðju og lýsti sig reiðubúið að semja við ríkið um hvora aðferðina sem væri, þannig að það er ekki ágreiningsatriði milli Jarðefnaiðnaðar hf. og ríkisins. Enn fremur er það leið Jarðefnaiðnaðar hf., þ. e. framleiðsla til nota bæði á innlendum og erlendum markaði, sem að mati sérfræðinganna er talin hagkvæmust.

Að lokum taka þeir Hörður og Vilhjálmur fram það sem bent var á í skýrslu steinullarnefndarinnar á s. l. vetri, að frá hreinu hagkvæmnimati sé staðsetning síst á Sauðárkróki, þannig að þar er ekki um neinn vafa að ræða.

Þeir benda enn fremur á að byggðasjónarmið geti haft áhrif á staðarval, og að mati flutningsmanna þessarar tillögu eru það ef til vill skýrustu rökin fyrir því að ákveða staðsetningu verksmiðjunnar í Þorlákshöfn. En eins og öllum er kunnugt hefur hlutfallslega flest fólk flutt burt úr Suðurlandskjördæmi á s. l. ári. Ef hægt er að tala um byggðasjónarmið, þá hlýtur það að vera það að reyna að stöðva brottflutning fólks úr héraði og þar er ótvírætt að þörfin er mest á Suðurlandi.

Það væri a. m. k. furðuleg byggðastefna, ef halda ætti því fram, að ekki þyrfti að koma upp atvinnutækifærum vegna þess að margt fólk hefði flutt í burtu. Það gæti átt við, ef allir væru farnir, eins og gerst hefur á Hornströndum, en á meðan fólkið vill dveljast í héraðinu og reynir að leita að möguleikum til þess, þá hljóta slík rök að vera algjör fjarstæða.

Að mati okkar flutningsmanna ættu framantalin rök að vera nægilega skýr til þess að ríkið gengi til samninga við Jarðefnaiðnað hf. um byggingu steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn. Samt sem áður hefur slíkt ekki verið gert enn þá.

Þegar lögin um steinullarverksmiðju voru samþykkt á s. l. vori var talið að athuga þyrfti

málið nokkru nánar áður en staðarval yrði ákveðið. Þess var hins vegar vænst, að hægt yrði að taka þá ákvörðun og hefja undirbúning að framkvæmdum áður en Alþingi kæmi aftur til funda.

En þar sem þessi dráttur hefur orðið og Alþingi er að störfum, þegar ákvörðun verður tekin, þá virðist okkur sjálfsagt, að það verði gert hér á Alþingi. Slíkt er í samræmi við það sem áður hefur gerst, þegar byggðar hafa verið verksmiðjur, en þá hefur staðsetning þeirra verið ákveðin með samþykkt Alþingis. Sá dráttur, sem orðið hefur á ákvörðunum í þessu máli, hefur orðið öllum aðilum til tjóns, og því væntum við þess, að Alþingi taki nú ákvörðun og samþykki þessa tillögu sem allra fyrst, til þess að hægt sé að fara af stað með að koma þessum álitlega iðnaðarkosti í framkvæmd.

Með þessari tillögu eru tvö fylgiskjöl. Fylgiskjal I er bréf stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga til iðnaðarráðherra, ásamt áskorun forustumanna allra sveitarfélaga á Suðurlandi til ráðherra um þau atriði, sem í bréfinu eru. Þetta sýnir skýrt þá félagslegu samstöðu á Suðurlandi öllu, sem að baki Jarðefnaiðnaði hf. stendur, og þá brýnu þörf, sem nú er á nýjum atvinnurekstri á Suðurlandi.

Fylgiskjal II er greinargerð Jarðefnaiðnaðar hf. og áætlun um byggingu og rekstur steinullarverksmiðju, bæði 6 000 og 14 400 t, sem gerð var á s. l. hausti. Í sambandi við þessa áætlun eru tvö atriði sem sérstaklega er nauðsynlegt að benda á. Í fyrsta lagi er áætlunin miðuð við verðlag og gengi 1. sept. 1981, þegar staða útflutningsiðnaðarins var hvað erfiðust og almennt talið að mikið vantaði á að hann bæri sig. Í öðru lagi er orkuverðið margfalt miðað við það sem aðrar verksmiðjur, svo sem Áburðarverksmiðjan, greiða. Þrátt fyrir þetta er rekstrarstaða þessarar steinullarverksmiðju mjög viðunandi.

Fylgiskjal I.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Selfossi, 22. 2. 1982

Iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson,
Arnarhvoli,
101 Reykjavík.

Málefni: Bygging og rekstur steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Við undirritaðir oddvitar og forystumenn sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi viljum beina þeirri áskorun til hæstvirts iðnaðarráðherra, að nú þegar verði ákveðið að semja við Jarðefnaiðnað hf. um byggingu og rekstur steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn og enn fremur að hann beiti áhrifum sínum í þá átt í hæstvirtri ríkisstjórn.

Við bendum á eftirfarandi röksemdir:

- Í athugun iðnaðarráðuneytisins kemur fram að hagkvæmara sé að reisa og reka verksmiðjuna í Þorlákshöfn en á Sauðárkróki.
- Dregið hefur úr þenslu á vinnumarkaði á Suðurlandi, vegna samdráttar í virkjunarframkvæmdum þar, og stefnan í þeim málum er að þær færist nú um skeið í aðra landshluta.

- Fólksfjölgun á Suðurlandi er minnst á öllu landinu og jafnvel fólksfækkun í flestum sveitarfélögum, þ. á m. í Ölfushreppi. Þessi fólksfækkun speglar ástandið í atvinnumálum á svæðinu.
- Engin meiri háttar iðnaðaráform eru nú af hálfu iðnaðarráðuneytisins, sem tengjast skulu Suðurlandskjördæmi, næstu einn eða tvo áratugina.
- Félagskerfi sveitarfélaganna til iðnaðaruppbyggingar og iðnþróunar í Suðurlandskjördæmi er grundvallað á fyrirhuguðum aðstöðugjöldum steinullarverksmiðjunnar.

Virðingarfyllst,
Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Jón Þorgilsson.
Daníel Guðmundsson. Páll Jónsson.
Jón Ingi Einarsson. Páll Zóphóníasson.

Áskorun til iðnaðarráðherra. Áritanir forystumanna og oddvita sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi.

Jón Ingi Einarsson, Vík í Mýrdal.
Loftur Runólfsson, Strönd, Leiðvallarhreppi.
Ólafur Sigfússon, Hjarðartúni, Hvolhreppi.
Erlendur Árnason, Skíðbakka, Austur-Landeyjahreppi.
Albert Jóhannsson, Skógum, A-Eyj.
Ársæll Hannesson, oddviti, Grafningshr.
Erlendur Hálfdánarson, bæjarstjóri á Selfossi.
Þór Hagalín, sveitarstjóri Eyrarbakkahrepps.
Júlíus Jónsson, oddviti Álftavershrepps.
Þórir Þorgeirsson, oddviti Laugardalshr.
Páll G. Björnsson, oddviti Rangárvallahrepps.
Sigurþór Árnason, oddviti Landmannahrepps.
Magnús Sigurlásson, oddviti Djúpárhrepps.
Páll Elíasson, oddviti Holtahrepps.
Ásmundur Eiríksson, oddviti Grímsneshrepps.
Gísli Einarsson, oddviti Biskupstungnahrepps.
Kristinn Jónsson, oddviti Fljótshlíðarhrepps.
Steinþór Ingvarsson, oddviti Gnúpverjahrepps.
Ölvir Karlsson, oddviti Ásahrepps.
Stefán Guðmundsson, oddviti Hraungerðishrepps.
Páll Lýðsson, oddviti Sandvíkurhrepps.
Guðjón Sigurðsson, oddviti Gaulverjabæjarhrepps.
Jón Eiríksson, oddviti Skeiðahrepps.
Einar Sveinbjörnsson, sveitarstjóri Stokkseyri.
Guðjón Ólafsson, Syðstu-Mörk.
Þórarinn Snorrason, Vogsósum.
Þorvarður Vilhjálmsson, Ölfushreppi.
Bergur Helgason, oddviti Hörgslandshrepps.
Valur G. Oddsteinsson, oddviti Skaftártunguhrepps.
Björgvin Salómonsson, oddviti Dyrhólahrepps.
Sigurjón Einarsson, oddviti Kirkjubæjarhrepps.
Sigurður Pálsson, sveitarstjóri Hveragerðishrepps.
Ingólfur Guðmundsson, oddviti Þingvallahrepps.
Haraldur Einarsson, oddviti Villingaholtshrepps.

Fylgiskjal II.

Steinullarverksmiðja í Þorlákshöfn.
Forsendur.

Hér á eftir fylgja niðurstöður arðsemisreikninga og stofnkostnaðartölur fyrir 6 000 og 14 000 tonna steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn. Í báðum tilvikum er um verksmiðju frá Jungers/Elkem að ræða.

Helstu forsendur fyrir útreikningum þessum eru eftirfarandi:

Fjárfesting á verksmiðjunum er ekki alveg sambærileg, munar þar ísl. kr. 2.4 millj. (sjá fskj. 4 lið 32,33 JEI ág. '81) sem fjárfesting í stærri verksmiðjunni er hærri. Þetta stafar af því, að í stóru verksmiðjunni er um svo til sjálfvirka pökkun á steinullinni að ræða, en í litlu verksmiðjunni kemur mannshöndin meira við sögu (sjá fskj. 3 lið 38).

Allir kostnaðarliðir í rekstri verksmiðjanna hafa verið yfirfarnir af sérfræðingi frá Jungers, þ. e. a. s. með tilliti til þess kostnaðarhlutfalls sem hlýst af mismunandi stærð verksmiðjunnar. Lítill munur er á nokkrum liðum breytilegs kostnaðar, en á launakostnaði, sem gæti í raun flokkast undir stökkbreytilegan kostnað, kemur fram allnokkur munur vegna stærðar verksmiðjanna. Hér fylgja því með tvær töflur (sjá fskj. 5) gerðar af sérfræðingi Jungers er sýna mannahald í verksmiðjunum miðað við mismunandi framleiðslu.

Í athugasemdum okkar við „Umsögn VL/HJ" frá október s. l., sent ráðuneytinu sérstaklega þ. 10.11., kemur fram gagnrýni á að gera ráð fyrir svo miklu magni af léttri ull á innanlandsmarkað (sjá lið 3, 9, 13), og enn fremur teljum við að magnið í tonnum talið verði allnokkru hærra en ráð er fyrir gert. Enn fremur álítum við að útflutt magn í fyrrnefndri Umsögn sé mjög varlega áætlað fyrstu árin. Í meðfylgjandi rekstraráætlunum er þó gert ráð fyrir sama útflutningi fyrstu árin og fram kemur í Umsögninni, en þetta atriði verður rætt nánar í kaflanum um markaði.

Með útflutningi kemst litla verksmiðjan upp í hámarksafköst á 4. rekstrarári og eftir það verður útflutningur takmarkaður og fer minnkandi. Í stóru verksmiðjunni er gengið út frá sömu forsendum, en til viðbótar er gert ráð fyrir 5000 tonna útflutningi á 5. rekstrarári eins og í Umsögninni. Síðan er áætlað að útflutningur geti aukist nokkuð og hafi náð 7000 tonnum á 9. rekstrarári. Ekki er síðan gert ráð fyrir meiri útflutningi en þetta (sjá kaflann um innlendan og erlendan markað).

Hvað innlendan flutningskostnað varðar er hann reiknaður eins og fram kemur í töflu I í Athugasemdum JEI frá 10. nóvember s. l. en flutningskostnaður á erlenda markaði skv. bréfum skipafélaganna eins og fram kemur í Umsögn VL/HJ.

Innlendir og erlendir markaðir.

Í fyrrnefndri Umsögn VL/HJ er sagt, að JEI verði að skilgreina betur markaðs- og viðskiptaáform sín erlendis. Með þetta í huga fengum við til liðs við okkur breska markaðsráðgjafafyrirtækið Lindsay Marketing Services Ltd. (LMS). Eins og fram kemur í hjálagðri skýrslu þess fyrirtækis, bls. 1, eru niðurstöður þeirra athugana eftirfarandi:

a) Að markaður fyrir íslenska steinull sé fyrir hendi einkum í Vestur-Þýskalandi og Bretlandi, en einnig í Hollandi og Írlandi.

b) að áætluð útflutningsverð JEI séu samkeppnisfær eða eins og fram kemur á bls. 14 í þeirri skýrslu og töflu I á bls. 17, þá yrðu verð okkar í Bretlandi 27-30% lægri en keppinautanna á lægri rúmþyngdum af steinull, en 17-22% lægri á hærri rúmþyngdum.

c) að umframframleiðslugeta sé hjá verksmiðjum í Bretlandi, þrátt fyrir stöðugt aukinn innflutning.

Að sjálfsögðu er óþarfi að vitna frekar til þessarar markaðsskýrslu, hún skýrir sig sjálf, þó verðum við að minnast á, að í Umsögninni er sagt, að CIF-verð til Bretlands árið 1980 sé

mjög lágt, talan sjálf er rétt en hún er byggð á „U.K.Customs and Excise Statistics". Í svari við fyrirspurn til markaðsráðgjafafyrirtækisins út af þessari tölu (sjá fskj. 6) kemur í ljós að verulegar sveiflur eiga sér stað í verði, enda er um mjög breiðan vöruflokk að ræða.

Sem dæmi má nefna:	jan.meðalverð	£	292 pr. tonn
	febr.meðalverð	£	284 pr. tonn
	sept.meðalverð	£	382 pr. tonn

Það sé því óvarlegt að treysta þessari tölu um of, því í raun vitum við ekki hvaða vöruflokk eða vörutegundir og rúmþyngdir með steinull að meginhluta er verið að flytja. Þeir segja því að raunhæfasta leiðin til að meta samkeppnishæfni íslenskrar verksmiðju sé að bera saman rúmþyngdir og söluverð á markaðnum sjálfum, eins og gert er á bls. 17 í skýrslu LMS, og fá síðan staðfestingu söluaðila á þessu atriði.

Vissulega ætti þessi markaðsskýrsla að vera nægjanleg sönnun til þess að sýna fram á að markaður sé fyrir hendi í Bretlandi, ásamt fyrri upplýsingum er við höfum lagt fram. Þó vildum við bæta um betur og áttum því viðræður við fyrirtækið Machin & Kingsley Ltd. í London. Þetta fyrirtæki er annar stærsti dreifandi á einangrunarefnum í Bretlandi með heildarveltu upp á 26 millj. punda og þar af 13 millj. í einangrunarefnum. Hafa þeir sjálfir 16 dreifingarstaði auk 8 birgðastöðva á Bretlandseyjum. Sýndu þeir þessu máli mikinn áhuga og vildu þeir gjarnan gerast dreifendur á íslenskri steinull í Bretlandi og kaupa a. m. k. 3 þús. tonn á fyrsta ári, en magnið verði síðan aukið. Hafa þeir staðfest áhuga sinn með „letter of intend" (sjá fskj. 7 a, b). **En umfram allt staðfestu þeir enn einu sinni að verð okkar eru samkeppnisfær** (sjá fskj. 7 c, d). Þetta þýðir því að við höfum nú þrjár viljayfirlýsingar: frá Machin & Kingsley, Ecomax og Ainsworth, auk markaðsskýrslu Lindsay Marketing Service Ltd. Allir þessir aðilar segja að verð okkar séu mjög samkeppnisfær. Það ætti því að vera fullsannað að arðbær útflutningsmarkaður er fyrir hendi.

En skýrsla LMS ber einnig með sér að markaður fyrir íslenska steinull sé víðar en á Bretlandseyjum, nefna þeir sérstaklega V-Þýskaland, Holland og Írland. Reyndar kemur þetta okkur ekki á óvart, því við áttum árangursríkar viðræður við tvo aðila á meginlandi Evrópu er vildu kaupa 5 þús. tonn á ári hvor. Annað fyrirtækið var Elf-insulation í Frakklandi, en Michel Brassié markaðsstjóri tjáði undirrituðum síðar, að vegna viðskiptahagsmuna þeirra við St. Gobain gæti hann ekki sent okkur bréf „showing firm interest", en vildi gjarnan eiga við okkur viðræður síðar ef við byggðum verksmiðju. Áætlun þeirra var að kaupa 5000 tonn, eins og áður segir, af 150 kg/m^3 steinull á hagkvæmum verðum fyrir íslenska verksmiðju.

Við höfum rökstuddan grun um að það sama hafi gerst í Hollandi. Þegar fyrirtækið Keramidon er keypt af franska fyrirtækinu Lafarge, sem á veruleg viðskipti við St. Gobain, fáum við stuttu síðar eða þ. 21. sept. s. l., skeyti frá Keramidon þar sem sagt er að nýju hluthafarnir hafi ákveðið að fyrirtækið versli ekki lengur með steinull. Hvorki hefur verið tími né fjármunir til að leita að nýjum viðskiptaaðilum á meginlandi Evrópu, en ekki þætti okkur undarlegt ef sá markaður opnaðist jafnskyndilega og hann lokaðist, eftir að ákvörðun um staðarval verksmiðju liggur fyrir.

Í raun sanna samskiptin við þessi tvö fyrirtæki á meginlandi Evrópu að það er markað að finna á hagkvæmum verðum og það er ekki á viðskiptalegum forsendum að þau kippa að sér hendinni.

Einnig má benda á, að með bættum samgöngum við næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga, verður áreiðanlega um allnokkurn markað að ræða í þessum löndum. Í Umsögninni er þess getið, að það væru vandkvæði á því að flytja úr landi létta steinull eingöngu. Vissulega er það ekki ætlun okkar, eins og skipting á rúmþyngd hjá Machin &

Kingsley og Ainsworth gefur til kynna. Þó má benda á að 23 kg/m³ steinullarmottur (slabs) væri auðveldlega hægt að flytja út einar sér svo sem eftirfarandi dæmi sýnir. Miðað er við uppgefin kaupverð Ecomax:

	kr.
Samþjöppun steinullar 1:0,6 í gám 1,12 tonn × kr. 7 920 pr. tonn	8 870.40
Flutningskostn. pr. gám Þorláksh. — vöruhús í Bretlandi	4 651.00
Breytilegur kostnaður við framleiðslu	1 500.40
Framlegð	2 719.00

Það eru einungis 20 kg/m³ rúllur (rolls) sem ekki mundi borga sig að flytja út eingöngu. Í því sambandi má geta þess, að flutningsgjöld (sjá bls. 18, skýrsla LMS) íslenskrar verksmiðju eru 16% af markaðsverði í Bretlandi, þegar Svensk Rockwool greiðir 30% af markaðsverði í flutningsgjöld. Í raun sýna þessi dæmi okkur hve samkeppnishæfni íslensku verksmiðjunnar verður mikil. Við teljum því útflutning stóru verksmiðjunnar í raun mjög varlega áætlaðan í rekstraráætlun, þegar viljayfirlýsingar þessara bresku fyrirtækja eru hafðar í huga og þeir möguleikar til sölu steinullar á öðrum mörkuðum sem við höfum í raun þegar fært sönnur á.

Um innanlandsmarkaðinn er lítið meira að segja. Vísast þar til athugasemda okkar frá 10/11 þar sem við færum rök fyrir því, að það sé mjög vafasamt að áætla 76% af innlenda markaðnum 17 kg/m³ steinull, þegar frændur vorir á Norðurlöndum hafa bannað svo létta ull. Enn fremur teljum við að í tonnum talið verði markaðurinn nokkru stærri en áætlað er.

Arðsemi.

Á þeim forsendum, sem hér að framan greinir, höfum við gert arðsemisútreikninga fyrir báðar stærðir af verksmiðju, hverja um sig sundurliðaða á fyrsta rekstrarári, en síðan rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir fimmtán ára tímabil. Helstu niðurstöður þeirra útreikninga eru þær, að arðsemi beggja verksmiðjanna er mjög góð, en sú stærri er þó enn hagkvæmari. Litla verksmiðjan skilar að meðaltali **17.2 millj. kr. í hagnað fyrir skatta** á þessu 15 ára tímabili sem gefur **17.46% meðal-vexti á ári af upphaflegri heildarfjárfestingu.** Þar sem áætlunin gerir ráð fyrir hámarksafköstum á 4. rekstrarári verður því að reikna með einhverjum frátöfum í framleiðni vegna viðhalds o. s. frv. Við höfum því áætlað meðalvexti **16.74%.**

Stóra verksmiðjan skilar aftur á móti að meðaltali **23.9 m. kr. í hagnað fyrir skatta** á þessu fimmtán ára tímabili, sem gefur **20.64% í meðalvexti** af upphaflegri fjárfestingu. Ekki þarf að gera ráð fyrir frátöfum á framleiðslu í stóru verksmiðjunni þar eð það er ekki áætlað að framleiða meira á þessu 15 ára tímabili en sem nemur tæplega þremur vöktum. Niðurstöður markaðsathugana okkar gefa þó til kynna að útflutningur gæti orðið enn meiri en hér er ráð fyrir gert, og mundi það að sjálfsögðu gera reksturinn enn arðbærari.

Stærð og staðarval.

Þær raddir hafa heyrst, að hagkvæmt staðarval ráðist eingöngu af útflutningsmöguleikum verksmiðju. Þessu er engan veginn svo farið. Sama staðsetning verksmiðju hefur hagkvæmnisyfirburði hvort heldur verksmiðjan er stór eða lítil, þar eð 70% innanlandsmarkaðarins er á sama svæði og útflutningshöfnin.

Þegar rekstrarkostnaður verksmiðju er skoðaður er svipað upp á teningnum. Lítill mismunur á fjárfestingu leiðir af sér sama litla mismuninn á afskriftum og vaxtabyrði, en við bætist að launakostnaður er talsvert lægri hlutfallslega í stóru verksmiðjunni. Það kemur t. d. í ljós að við 3 000 tonna sölu innanlands og engan útflutning þarf stóra verksmiðjan einungis að selja afurðir sínar við rúmlega 2% hærra verði til að skila sömu rekstrarafkomu. Sé dæminu snúið við, þá þarf stóra verksmiðjan að selja um 350 tonn til Bretlands til að hafa sömu rekstrarafkomu og lítil verksmiðja með 3000 tonna innanlandssölu.

En umfram allt, **með útflutningi verður hægt að bjóða landsmönnum steinull á lægra verði en ella væri kostur, hvort sem um stóra eða litla verksmiðju er að ræða.** Ekki þarf að fjölyrða um áhrif slíkrar verðlækkunar á hlutdeild steinullar í innlendum einangrunarmarkaði og stórum aukið rekstraröryggi verksmiðjunnar af þeim sökum.

Lokaorð.

Við höfum nú lagt fram útreikninga fyrir stóra og litla steinullarverksmiðju. Niðurstöður þeirra útreikninga byggðar á framangreindum forsendum liggja nú fyrir og tala sínu máli. Að lokum viljum við leggja áherslu á, að við teljum sjálfsagt að nýta þá miklu kosti, sem bygging afkastameiri verksmiðjunnar hefur, og þjóðin hafi ekki efni á öðru en að velja hana.

Við væntum því þess, að stjórnvöld vilji ganga til samstarfs við okkur á þann hátt að nýta innlenda orku til að framleiða úr innlendum hráefnum iðnaðarvöru, sem markaður er fyrir erlendis á því verði sem gerir reksturinn enn arðbærari og lækkar byggingarkostnað hérlendis.

Vilji stjórnvöld hins vegar aðeins verða aðili að byggingu og rekstri lítillar verksmiðju, þá erum við reiðubúnir til samstarfs um það, ef hinn kosturinn er alls ekki fyrir hendi.

Á föstu verðlagi 1. sept. 1981

Stofnkostnaðaráætlun

6 000 tonna verksmiðja.

	kr.	kr.
1. Byggingarkostnaður alls, sjá fskj. 1	34 025 649	
2. Vélar og tæki frá Elkem:		
Tilboð dags. 13/11 1981	15 423 865	
Uppsetning, vélabúnaður	2 529 772	
Umsjón með uppsetn. og gangs.	359 072	
		18 312 709
3. Vélar og tæki frá Jungers:		
Tilboð dags. 22/10 1981:		
Aukabúnaður A, B og E innif.	25 582 832	
Uppsetning áætluð	6 148 000	
Umsjón og þjálfun starfsfólks	2 109 800	
		33 840 632
4. Flutningskostnaður áætlaður		1 626 000
5. Eftirlit og umsjón 3% af 1-4		2 595 839
6. Ýmis ótalinn kostnaður 5% af 1-5		4 456 190
7. Rafmagnsheimtaug skv. áætlun Rarik		920 769
8. Vextir á byggingartíma 3% af ½ byggingarsk.		2 835 023
Stofnkostnaður alls		98 612 811

Rekstraráætlun 1. ár

3 393 tonna ársframleiðsla.

Tekjur:	
Sala innanlands með flutningskostnaði sjá fskj. 2, 2 393 tonn á kr. 9 063	21 687 759
Sala erlendis með flutningskostnaði Bracol, 1 000 tonn á kr. 5 666	5 666 000
	27 353 759

Gjöld:	Kr./tonn	Alls kr.
Breytilegur kostnaður (BK.).		
Hráefniskostnaður.		
1. Basaltsandur 0,833 /tonn steinull á 9,41 kr/tonn	9.83	33 523
2. Skeljasandur 0,30 tonn/tonn steinull á 48.75	18.31	62 126
3. Fenol-lím 0,03 tonn/tonn steinull á 5 455 kr/tonn	179.80	610 061
4. Bindiolía á 0,008 tonn/tonn steinull á 5 655 kr/tonn	49.69	168 598
Hráefniskostnaður alls	257.63	874 308
Annar B.K við framleiðslu.		
5. Raforka 11 kv 3ja fasa 4,8 MW 2 180 kwst/tonn af steinull á 0,2844 kr/kwst	619.99	2 103 626
6. Raforka fyrir curing oven 464 kwst/tonn steinull á 0.2844 kr/kwst	131.96	447 740
7. Smurolíur	5.93	20 120
8. Umbúðaefni 354 kr/tonn steinull	384.50	1 304 608
9. Ýmis efni	16.48	55 917
10. Kælivatn og önnur vatnsnotkun 1,2m³/tonn af steinull	1.10	3 732
11. Spunahjól	20.22	68 606
12. Viðhald	37.95	128 764
13. Rafskautaefni (Söderberg) rafskaut 4.5 kg/tonn steinull á 2 204 kr/tonnið (CIF) samkv. uppl. Elkems	11.15	37 832
14. Kostnaður við að endurhúða ofninn einu sinni á 2ja ára fresti. Áætl. Elkems	13.89	47 129
Annar B.K. v. framl. alls	1 243.17	4 218 074
B.K. við framl. alls	1500.80	5 092 382
Flutningskostnaður á dreifingarstaði.		
15. Flutningskostnaður á dreifingarstaði innanlands 76 770 m³ = 2 393 tonn	598.18	1 431 444
16. Flutningskostnaður á dreifingarstaði erlendis 1.000 tonn á kr. 2.124	2 124.00	2 124 000
Flutningskostnaður alls	1 047.88	3 555 444
Breytilegur kostnaður alls	2 548.68	8 647 826
Framlegð		18 577 576
Fastur kostnaður.		
1. Launakostnaður, 24 við framleiðslu 3 393 tonna, 10 við sölu og verksmiðjustjórn. Samkv. uppl. Jungers		5 609 769
2. Almennur kostnaður, kynningar, ferðalög, sími, vír o. fl.		580 853
3. Sölukostnaður, sala, augl., umboðslaun o. fl. söluaukandi aðgerðir		889 710
4. Tryggingar		315 000
5. Opinber gjöld: a. aðstöðugjald 1% b. iðnlánasjóðsgjald 0,6% c. fasteignagjöld 1,1% af fasteignamati		900 000
Rekstrarhagnaður		10 282 244
6. Vextir 3% af 73 815 000 kr. lánsfé		2 214 450
Hagnaður fyrir afskriftir		8 067 794
7. Afskriftir af fasteignum 2%		680 513
Afskriftir af vélum og tækjum 12%		7 750 450
Tap		363 178

Rekstraráætlun fyrir steinullarverksmiðju 6 000 tonna afköst.
Á föstu verðlagi 1. sept. 1981.

Allar fjárhæðir í þús. kr.

Ár	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Framl. magnsala (tonn)															
Innanlands	2 393	3 100	3 810	3 950	4 080	4 230	4 380	4 530	4 690	4 850	5 020	5 200	5 380	5 570	5 770
Erlendis	1 000	2 000	3 000	4 000	3 920	3 770	3 620	3 470	3 310	3 150	2 980	2 800	2 620	2 430	2 230
Framleiðsla alls	3 393	5 100	6 810	7 950	8 000	8 000	8 000	8 000	8 000	8 000	8 000	8 000	8 000	8 000	8 000
Tekjur:															
01 Innanlands	21 687	28 095	34 557	35 799	36 977	38 336	39 696	41 055	42 505	43 956	45 496	47 128	48 759	50 481	52 294
02 Erlendis	5 666	11 332	16 998	22 664	22 210	21 360	20 511	19 661	18 754	17 848	16 885	15 865	14 845	13 768	12 635
03 Tekjur alls	27 353	39 427	51 555	58 463	59 187	59 696	60 207	60 716	61 259	61 804	62 381	62 993	63 604	64 249	64 929
Gjöld:															
04 Hráefniskostn.	874	1 314	1 755	2 048	2 061	2 061	2 061	2 061	2 061	2 061	2 061	2 061	2 061	2 061	2 061
05 Annar B.K.v. framleiðslu	4 346	6 533	8 727	10 184	10 248	10 248	10 248	10 248	10 248	10 248	10 248	10 248	10 248	10 248	10 248
06 B.K.flutn.k.	3 555	6 138	8 687	11 100	10 992	10 731	10 472	10 213	9 935	9 658	9 368	9 090	8 812	8 518	8 210
07 Framlegð	18 578	25 442	32 386	35 131	35 886	36 656	37 426	38 194	39 015	39 837	40 704	41 594	42 483	43 422	44 410
08 Alm. stjórnar- og söluk. & laun	7 393	10 198	12 452	13 450	13 450	13 450	13 450	13 450	13 450	13 450	13 450	13 450	13 450	13 450	13 450
09 Opinb. gjöld	900	1 025	1 050	1 050	1 050	1 050	1 050	900	900	900	900	900	900	900	900
10 Rekstrarhagn.	10 285	14 219	18 884	20 631	21 386	22 156	22 926	23 844	24 665	25 487	26 354	27 244	28 133	29 072	30 060
11 Vextir	2 214	2 214	2 055	1 897	1 739	1 581	1 424	1 264	1 107	949	791	633	475	316	158
12 Hagn. f. afskr.	8 071	12 005	16 829	18 734	19 647	20 575	21 502	22 580	23 558	24 538	25 563	26 611	27 658	28 756	29 902
13 Afskriftir	8 430	88 430	8 430	8 430	8 430	8 430	8 430	4 559	680	680	680	680	680	680	680
14 Hagn. f. skatta	(359)	3 575	8 399	10 304	11 217	12 145	13 072	18 021	22 878	23 858	24 883	25 931	26 978	28 076	29 222
15 Tekjuskattur	0	1 759	4 135	5 073	5 522	5 979	6 435	8 872	11 263	11 745	12 250	12 766	13 281	13 822	14 385
16 Hagn. e. afskr. og skatta	(359)	1 816	4 264	5 231	5 695	6 166	6 637	9 149	11 615	12 113	12 633	13 165	13 697	14 254	14 837
17 Hagn.+afsk.	8 071	10 246	12 694	13 661	14 125	14 596	15 067	13 708	12 295	12 793	13 313	13 845	14 377	14 934	15 517

Fjármagnsstreymi Ár	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Fjármunir:																
18 Byggingar	34 025															
19 Vélar	52 152															
20 Annað	12 435															
21 Afskr.	0	8 430	8 430	8 430	8 430	8 430	8 430	8 430	4 559	680	680	680	680	680	680	680
22 Varanl. rekstrar-fjármunir	98 612	90 182	81 752	73 322	64 892	56 462	48 032	39 602	35 043	34 363	33 683	33 003	32 323	31 643	30 963	30 283
23 Veltufjárm.	6 838	6 838	9 856	12 889	14 616	14 797	14 924	15 052	15 179	15 314	15 451	15 595	15 748	15 901	16 062	16 232
23A Aukn. fjárm.	0	8 071	10 027	14 416	21 078	29 750	38 947	48 614	56 923	63 811	71 195	79 092	87 512	96 464	105 965	116 033
24 Fjárm. alls	105 450	105 091	101 635	100 627	100 586	101 009	101 903	103 268	107 145	113 488	120 329	127 690	135 583	144 008	152 990	162 548
Fjármagn:																
25 Lán	73 815															
26 Afborganir	0	0	5 272	5 272	5 272	5 272	5 272	5 272	5 272	5 272	5 272	5 272	5 272	5 272	5 272	5 279
27 Lánastaða	73 815	73 815	68 543	63 271	57 999	52 727	47 455	42 183	36 911	31 639	26 367	21 095	15 823	10 551	5 279	0
28 Hlutafé	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635	31 635
29 Annað eigið fé	0	+359	1 457	5 721	10 952	16 647	22 813	29 450	38 599	50 214	62 327	74 960	88 125	101 822	116 076	130 913
30 Fjárm. alls	105 450	105 091	101 635	100 627	100 586	101009	101903	103 268	107 145	113 488	120 329	127 690	135 583	144 008	152 990	162 548
Sjóðstreymi:																
31 Hagn. afskr.		8 071	10 246	12 694	13 661	14 125	14 596	15 067	13 708	12 295	12 793	13 313	13 845	14 377	14 934	15 517
32+fjárf. & afb.		0	8 290	8 305	6 999	5 453	5 399	5 400	5 399	5 407	5 409	5 415	5 425	5 425	5 433	5 449
33 Sjóðstreymi		8 071	1 956	4 389	6 662	88 672	9 197	9 667	8 309	6 888	7 384	7 897	8 420	8 952	9 501	10 068

Á föstu verðlagi 1. sept. 1981

Stofnkostnaðaráætlun.

14 400 tonna verksmiðja.

	kr.	kr.
1. Byggingarkostnaður alls		36 910 000
2. Vélar og tæki frá Elkem		
Tilboð dags. 25/5 1981	15 737 640	
Uppsetning, vélbúnaður	2 529 069	
Umsjón með uppsetningu og gangs.	374 291	
		18 641 000
3. Vélar og tæki frá Jungers:		
Tilboð dags. 5/5 1981,		
aukabúnaður A, B, E innifalinn	38 205 396	
Uppsetning áætluð	6 129 600	
Umsjón og þjálfun starfsfólks	2 105 004	
		46 440 000
4. Flutningskostnaður áætlaður		1 626 000
5. Eftirlit og umsjón 3% af 1-4		3 010 000
6. Ýmis ótalinn kostnaður 5% af 1-6		5 167 000
7. Rafmagnsheimtaug skv. áætlun Rarik		921 000
8. Vextir á byggingartíma 3% af ½ byggk. í 2 ár		3 381 000
	Stofnkostnaður alls kr.	116 096 000

Reksfraráætlun

Tekjur:		
Sala innanlands með flutningskostnaði,		
2 393 tonn á kr. 9 063		21 687 759
Sala erlendis með flutningskostnaði,		
Bracol 1 000 tonn á kr. 5 666.00		5 666 000
		Kr. 27 353 759

Gjöld:	Kr./tonn	Alls kr.
Breytilegur kostnaður (B. K.).		
Hráefniskostnaður.		
1. Basaltsandur 0,833/tonn steinull á 9,41 kr/tonn	9.83	33 523
2. Skeljasandur 0,30 tonn/tonn steinull á 48,75	18.31	62 126
3. Fenol-lím 0,03 tonn/tonn steinull á 5 455 kr/tonn	179.80	610 061
4. Bindiolía 0,008 tonn/tonn steinull á 5 655 kr/tonn	49.69	168 598
Hráefniskostnaður alls	257.63	874 308

Annar B. K. við framleiðslu.		
5. Raforka 11 kv 3ja fasa 2,5 MW 2 289 kwst/tonn af steinull á 0,2844 kr/kwst	650.99	2 208 809
6. Raforka fyrir curing oven 488 kwst/tonn á 0,2844 kr/kwst	138.79	470 914
7. Smurolíur	5.93	20 120
8. Umbúðaefni 384.50 kr/tonn steinull	384.50	1 304 608
9. Ýmis efni	16.48	55 917
10 Kælivatn og önnur vatnsnotkun 1,2 m^3/tonn af steinull	1.10	3 732
11. Spunahjól	20.22	68 606
12. Viðhald	37.95	128 764
13. Rafskautaefni (Söderberg) rafskaut 4,73 kg/tonn steinull á 2 358 kr/tonnið (CIF) samkv. uppl. Elkems	11.15	37 832
14. Kostnaður við að endurhúða ofninn einu sinni á 2ja ára fresti. Áætl. Elkems	13.89	47 129
Annar B. K. v. framl. alls	1 281.00	4 346 431
B. K. við framl. alls	**1 538 63**	**5 220 739**
Flutningskostnaður á dreifingarstaði.	Kr./tonn	Alls kr.
15. Flutningskostnaður á dreifingarstaði innanlands 76 770 m^3 = 2 393 tonn	598.18	1 431 444
16. Flutningskostnaður á dreifingarstað erlendis Fl. kostn. Rvk.- Bretland, Þorlh.-Rvk.	2 124.00	2 124 000
Flutningskostnaður alls	1 047.88	3 555 444
Breytilegur kostnaður alls	**2 586.51**	**8 776 183**
		Alls kr.
Framlegð		18 705 933
Fastur kostnaður		
1. Launakostnaður, 22 menn við framleiðslu 3 393 tonna, 10 manns við sölu og verksm. stjórn. Samkv. uppl. Jungers		5 279 529
2. Almennur kostnaður, kynningar, ferðalög sími, vír o. fl.		580 853
3. Sölukostnaður, sala, augl., umboðslaun o. fl. söluaukandi aðgerðir		889 710
4. Tryggingar		315 000
5. Opinber gjöld: a. aðstöðugjald 1% b. Iðnlánasjóðsgjald 0,6% c. fasteignagjöld 1,1% af fasteignamati		900 000
Rekstrarhagnaður		10 740 841
6. Vextir 3% af 86 054 000 kr. lánsfé		2 581 620
Hagnaður fyrir afskriftir		8 159 221
7. Afskriftir af fasteignum 2%		738 200
Afskriftir af vélum og tækjum 12%		9 502 320
Tap		2 081 299

Fskj. I.
Byggingarkostnaður
Byggingar og lóð

Lóð	**kr.**	**kr.**
Fylling í lóð og frágangur	956 700	
Bílastæði og plön (1100m²)	222 000	
Lýsing á lóð	101 000	
Girðing	200 000	
		1 479 700
Verksmiðjubygging, lager og hráefnisgeymsla.		
Undirstöður og gólf	3 178 700	
Stálgrindur	5 643 000	
Klæðning á þak og veggi	2 258 100	
Einangrun og frágangur	939 000	
Innveggir, pallar, stigar o. fl.	1 841 400	
Hiti, vatn, skolp og loftræsting	1 251 000	
Raflagnir	2 229 300	
Lagnir á lóð og inntaksgjöld	979 000	
Annar kostnaður 15%	2 732 925	
		20 953 425
Skrifstofu- og þjónustuhús (500 m²)		2 386 000
	Byggingarkostnaður alls kr.	**24 818 125**
	+ 37,1% hækkun kr. 34 025 649	

Fskj. II.

Rekstraráætlun.
Innlendur markaður.

Áætluð verð á steinull. Rúmþyngd	Skipting m. v. fermetra	m³ alls	Tonn	Verð 1/9 1981 Verð pr. m³ komið á dreifingarstað
20 kg/m³	76%	57 990	1 160	225.00
35 kg/m³	13%	10 090	353	320.00
75 kg/m³	6%	4 736	355	530.00
100 kg/m³	2%	1 374	138	700.00
150 kg/m³	3%	2 580	387	750.00
	100%	76 770	2 393	

Tekjur innanlands alls:

20 kg/m³ = kr.	13 047 750
35 kg/m³ = kr.	3 228 800
75 kg/m³ = kr.	2 510 080
100 kg/m³ = kr.	961 800
150 kg/m³ = kr.	1 935 000
Kr.	21 683 430

Meðalverð á tonn kr. 9 063.

Rekstraráætlun fyrir steinullarverksmiðju 14 400 tonna.
Á föstu verðlagi 1. sept. 1981.

Allar fjárhæðir í þús. kr.

Ár	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Framl. magn og sala (tonn)															
Innanlands	2 393	3 100	3 810	3 950	4 080	4 230	4 380	4 530	4 690	4 850	5 020	5 200	5 380	5 570	5 770
Erlendis	1 000	2 000	3 000	4 000	5 000	5 500	6 000	6 500	7 000	7 000	7 000	7 000	7 000	7 000	7 000
Framleiðsla alls	3 393	5 100	6 810	7 950	9 080	9 730	10 380	11 030	11 690	11 850	12 020	12 200	12 380	12 570	12 770
Tekjur:															
01 Innanlands	21 688	28 095	34 557	35 799	36 977	38 336	39 696	41 055	42 505	43 956	45 496	47 128	48 759	50 481	52 294
02 Erlendis	5 666	11 332	16 998	22 664	28 330	31 163	33 996	36 829	39 662	39 662	39 662	39 662	39 662	39 662	39 662
03 Tekjur alls	27 354	39 427	51 555	58 463	65 307	69 499	73 692	77 884	82 167	83 618	85 158	86 790	88 421	90 143	91 956
Gjöld:															
04 Hráefniskostn.	874	1 314	1 755	2 048	2 339	2 507	2 674	2 842	3 012	3 053	3 097	3 143	3 189	3 238	3 290
05 Annar B.K. v. framleiðslu	4 218	6 340	8 466	9 883	11 288	12 096	12 904	13 712	14 533	14 732	14 943	15 167	15 390	15 626	15 875
06 BK flutn.k.	3 555	6 138	8 687	11 100	13 507	14 761	16 015	17 269	18 529	18 625	18 727	18 834	18 942	19 055	19 175
07 Framlegð	18 707	25 635	32 647	35 432	38 173	40 135	42 099	44 061	46 093	47 208	48 397	49 646	50 900	52 224	53 616
08 Alm. stjórnar-, söluk. & laun	7 065	7 723	8 383	9 208	10 033	10 033	10 033	10 363	10 363	10 363	10 528	10 528	10 528	10 858	10 858
09 Opinb. gjöld	900	1 025	1 050	1 050	1 050	1 050	1 050	900	900	900	900	900	900	900	900
10 Rekstrarhagnaður	10 742	16 887	23 214	25 174	27 090	29 052	31 016	32 798	34 830	35 945	36 963	38 218	39 472	40 466	41 858
11 Vextir	2 582	2 582	2 597	2 213	2 028	1 843	1 659	1 474	1 290	1 105	920	737	553	368	184
12 Hagn. f. afskr.	8 160	14 305	20 817	22 961	25 062	27 209	29 357	31 324	33 540	34 840	36 043	37 481	38 919	40 098	41 674
13 Afskriftir	10 240	10 240	10 240	10 240	10 240	10 240	10 240	5 492	738	738	738	738	738	738	738
14 Hagn.f.skatta	+2 080	4 065	10 577	12 721	14 822	16 969	19 117	25 832	32 802	34 102	35 305	36 743	38 181	39 360	40 936
15 Tekjuskattur	0	2 001	5 207	6 262	7 297	8 354	9 411	12 717	16 148	16 788	17 388	18 088	18 796	19 377	20 153
16 Hagnaður e. afskr. & skatta	+2 080	2 064	5 370	6 459	7 525	8 615	9 706	13 115	16 654	17 314	17 925	18 655	19 385	19 983	20 783
17 Hagn.+afskr.	8 160	12 304	15 610	16 699	17 765	18 855	19 946	18 607	17 392	18 052	18 663	19 393	20 123	20 721	21 521

Fjármagnsstreymi fyrir 14 400 tonna steinullarverksmiðju.

Ár	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Fjármunir:																
18 Byggingar	36.910															
19 Vélar	65.081															
20 Annað	14.105															
21 Afskr.	0	10.240	10.240	10.240	10.240	10.240	10.240	10.240	5.492	738	738	738	738	738	738	738
22 Varanl. rekstrar-fjármunir	116.096	105.856	95.618	85.376	75.136	64.896	54.656	44.416	38.924	38.186	37.448	36.710	35.972	35.234	34.496	33.758
23 Veltufjárm.	6.838	6.838	9.856	12.888	14.615	16.327	17.375	18.423	19.471	20.542	20.909	21.289	21.697	22.195	22.536	22.989
23A Aukn. fjárm.	0	8.160	11.299	17.730	26.555	36.461	48.121	60.872	72.284	82.458	94.001	106.132	178.970	132.538	146.681	161.606
24 Fjárm. alls	122.934	120.854	116.771	115.994	116.306	117.684	120.152	123.711	130.679	141.186	152.353	164.131	176.639	189.877	203.713	218.353
Fjármagn:																
25 Lán	86.054															
26 Afborganir	0	0	6.147	6.147	6.147	6.147	6.147	6.147	6.147	6.147	6.147	6.147	6.147	6.147	6.147	6.143
27 Lánastaða	86.054	86.054	79.907	73.760	67.613	61.466	55.319	49.172	43.025	36.878	30.731	24.584	18.437	12.290	6.143	0
28 Hlutafé	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880	36.880
29 Annað eigið fé	0	−2.080	−16	5.354	11.813	19.338	27.953	37.659	50.774	67.428	84.742	102.667	121.322	140.707	160.690	181.473
30 Fjármagn alls	122.934	120.854	116.771	115.994	116.306	117.684	120.152	123.711	130.679	141.186	152.353	164.131	176.639	189.877	203.713	218.353
Sjóðstreymi:																
31 Hagn., afskr.		8.160	12.304	15.610	16.699	17.765	18.855	19.946	18.607	17.392	18.052	18.663	19.393	20.123	20.721	21.521
32 — fjárf. & afb.		0	9.165	9.179	7.874	7.859	7.195	7.195	7.195	7.218	6.509	6.532	6.555	6.555	6.578	6.596
33 Sjóðstreymi		8.160	3.139	6.431	8.825	9.906	11.660	12.751	11.412	10.174	11.543	12.131	12.838	13.568	14.143	14.925

Sþ. 473. Beiðni um skýrslu

frá fjármálaráðherra um mat á eignum Iscargo hf., sem Arnarflug hf. hefur fest kaup á.

Frá Árna Gunnarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Benedikt Gröndal, Magnúsi H. Magnússyni, Karvel Pálmasyni, Vilmundi Gylfasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Eiði Guðnasyni, Sighvati Björgvinssyni og Kjartani Jóhannssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því, að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um mat á eignum Iscargo hf., sem Arnarflug hf. hefur fest kaup á.

Alþingi, 16. mars 1982.

Árni Gunnarsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Benedikt Gröndal.
Magnús H. Magnússon.	Karvel Pálmason.	Vilmundur Gylfason.
Karl Steinar Guðnason.	Eiður Guðnason.	Sighvatur Björgvinsson.
	Kjartan Jóhannsson.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Hinn 11. mars 1982 var gengið frá kaupum Arnarflugs hf. á hluta af eignum Iscargo hf. fyrir 29 milljónir króna. Í kaupsamningi, sem undirritaður var með fyrirvara hinn 3. mars 1982, segir svo í 1. gr.: „Seljandi skuldbindur sig að selja og kaupandi að kaupa eftirtaldar eignir seljanda: Electra flugvél, auðkennd TF ISC, nr. 340, ásamt varahlutum skv. sérstökum lista, merkt fylgiskjal 1; 6 húseignir á Reykjavíkurflugvelli, sbr. upptalningu á fskj. 2; lyftara, bíl, verkfæri, áhöld, skrifstofuvélar og áhöld og búnað, sbr. upptalningu á fskj. 3.“

Í 2. gr. kaupsamningsins kemur fram, að umsamið kaupverð skuli greitt á þann hátt, að kaupandinn (Arnarflug hf.) yfirtaki skuldir Iscargo hf. við Útvegsbanka Íslands að fjárhæð 24.2 milljónir króna, með peningum 3.8 milljónir króna og með 1 milljón króna í víxlum. Í þessum kaupsamningi er ekki sundurgreint hvað skuli greiða fyrir hvern hluta eignanna.

Það hefur komið fram, að íslenska ríkið á beinna hagsmuna að gæta vegna þessara kaupa. Íslenska ríkið á 20% í Flugleiðum hf., sem aftur eiga 40% í Arnarflugi hf., sem er kaupandi eignanna.

Þá hefur komið fram að ástæða er til að ætla, að kaupverð eignanna sé hærra en eiginlegt verðmæti þeirra, og að nauðsynlegt sé að fram fari mat óvilhallra manna á þeim. Þetta kemur m. a. fram í því, að fulltrúi fjármálaráðherra í stjórn Flugleiða hf. samþykkti á stjórnarfundi félagsins, eftir að kaupin höfðu verið ákveðin, að fela fulltrúum Flugleiða hf. í stjórn Arnarflugs hf. að óska eftir því, að fram færi mat óvilhallra manna á þeim eignum, er meiri hluti stjórnar Arnarflugs hf. samþykkti að kaupa af Iscargo hf. Þetta mat hefur ekki farið fram.

Eins og staðið hefur verið að kaupum Arnarflugs hf. á eignum Iscargo hf. eru það greinilegir hagsmunir ríkisins að í ljós komi raunverulegt verðmæti þeirra eigna, sem keyptar hafa verið. Þess vegna er þess beiðst, að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu hið allra fyrsta um mat á eignum þeim, er Arnarflug hf. keypti af Iscargo hf. Einnig er óskað eftir því við fjármálaráðherra, að í skýrslunni komi fram greiðsluþol Arnarflugs hf.

Ed. 474. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. l. nr. 31 22. maí 1980.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og m. a. haft samráð við forstöðumann tryggingaeftirlitsins. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingu er fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. mars 1982.

Eiður Guðnason, form., frsm.
Egill Jónsson.
Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.
Stefán Guðmundsson.
Jón Helgason.
Salome Þorkelsdóttir.
Helgi Seljan.

Ed. 475. Breytingartillaga [231. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. l. nr. 31 22. maí 1980.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

1. málsgr. 73. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða vátryggingafélaginu fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður með auglýsingu, að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Fjárhæð þessi má þó aldrei vera hærri en 1.25‰ af lögboðinni vátryggingarfjárhæð ökutækis. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, er þar greinir, gangi fyrir.

Nd. 476. Frumvarp til laga [244. mál]

um breyting á lögum nr. 2 1. febrúar 1980 um breyting á lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum sbr. lög nr. 7/1982 og breyting á lögum nr. 84 21. desember 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Eftir 1. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1980, sbr. 2. gr. laga nr. 5/1976, komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal útflutningsgjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum vera 2.5% af f.o.b.-verðmæti.

2. gr.

1. grein laga nr. 84/1981, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1976, orðist svo:

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að áður en gjald er lagt á saltsíld og söltuð matarhrogn samkvæmt 2. gr., skuli draga frá f.o.b.-verði samanlagt verð umbúða og sér-

stakra hjálparefna. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að gjald samkvæmt 2. gr. skuli ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum, sem verkuð eru á svipaðan hátt.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau, ásamt öðrum gildandi breytingum, inn í lög nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og gefa lögin út þannig breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Með samþykkt laga nr. 58/1981, um lagmetisiðnað og þróunarsjóð lagmetis var lögfest að innheimta svonefnt fullvinnslugjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda. Fullvinnslugjald þetta var ákveðið 3% af f.o.b.-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna sbr. c-lið 11. gr. nefndra laga.

Þetta ákvæði hefur orðið til þess að nú er innheimt samtals 8.5% af f.o.b.-verðmæti saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna (þ. e. 5.5% útflutningsgjald og 3.0% fullvinnslugjald).

Breytingartillagan miðar að því að koma á samræmi á ný enda engin forsenda fyrir því að ofangreindar afurðir beri hærri gjöld en aðrar útfluttar sjávarafurðir.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir heimild fyrir sjávarútvegsráðherra að ákveða, að áður en gjald er lagt á söltuð matarhrogn, skv. 2. gr., skuli draga frá f.o.b.-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Þetta ákvæði er hliðstætt því, sem nú gildir um saltsíld og miðar að því að innheimta ekki gjald af innfluttum tunnum, sem síðan eru fluttar út aftur, sem umbúðir utan um þessar afurðir.

Nd. 477. Nefndarálit [208. mál]

um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það er á þskj. 465.

Alþingi, 18. mars 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Garðar Sigurðsson.
Siggeir Björnsson.	Vilmundur Gylfason.	Jósef H. Þorgeirsson.

Nd. 478. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á yfirstandandi og undanförnum þingum flutt tillögur og frumvörp um að dregið yrði úr álagningu tekjuskatta. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 flutti fulltrúi Alþýðuflokksins í fjárveitinganefnd m. a. tillögur um lækkun tekjuskatts og tilsvarandi niðurskurð á ríkisútgjöldum. Margvíslegt óréttlæti birtist í núverandi tekjuskattaálögum. Með lækkun tekjuskatta má treysta kaupmátt heimilanna án verðbólguáhrifa. Auk þess er jaðarskattur á venjulegum miðlungslaunatekjum of hár.

Þrátt fyrir þau augljósu rök, sem þannig hafa verið færð fram fyrir lækkun tekjuskatta, hafa tillögur um þetta efni ekki fengist samþykktar. Alþýðuflokkurinn vill nú enn freista þess að fá stuðning ríkisstjórnarflokkanna við hugmyndir sínar um lækkun tekjuskattsins. Komi slíkur stuðningur fram getur Alþýðuflokkurinn mælt með samþykkt fyrirliggjandi frumvarps.

Að óbreyttum áformum ríkisstjórnarinnar um tekjuskattsálagningu telur Alþýðuflokkurinn hins vegar ekki fært að samþykkja fyrirliggjandi frumvarp, þar eð heildarskattbyrði mikils fjölda venjulegs launafólks sé allt of há.

Alþingi, 18. mars 1982.

Sighvatur Björgvinsson.

Sþ. 479. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]

um stofnun landsnefndar til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa frumkvæði að því, að komið verði á fót landsnefnd til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar helstu fjöldasamtaka í landinu. Nefndin skal einnig gera tillögur um það, hvernig Íslendingar geti best orðið við tilmælum Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku. Nefndin hafi enn fremur það hlutverk að kynna íslensku þjóðinni ástand og þróun mála í Suður-Afríku og þær hörmungar, sem kynþáttaaðskilnaðarstefna (Apartheid) stjórnvalda þar hefur leitt yfir þorra suður-afrísku þjóðarinnar, svo og að kynna og fræða um stöðu Namibíu og þá sjálfstæðisbaráttu, sem þar er nú háð gegn ólöglegum yfirráðum Suður-Afríku yfir landinu.

Greinargerð.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur helgað árið 1982 eflingu refsiaðgerða gegn kynþáttahatursstjórn Suður-Afríku. Meginástæður fyrir þessari samþykkt Allsherjarþingsins eru einkum:

Í fyrsta lagi að reyna að hafa áhrif í þá átt að uppræta kynþáttahatursstefnu ríkisstjórnar Suður-Afríku og í öðru lagi að þvinga Suður-Afríku til að sleppa þeim tökum sem landið

hefur á nágrannaríkinu Namibíu. Meðal þeirra ríkja, sem atkvæði greiddu gegn þessu á Allsherjarþinginu, voru Kanada, Frakkland, Bretland, V.-Þýskaland og Bandaríkin.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna starfar sérstök nefnd sem fjallar um mál er varða Apartheid-stefnu stjórnar Suður-Afríku. Þessi nefnd er venjulega kölluð sérstaka Apartheid-nefndin. Á hennar vegum hefur verið samin sérstök starfsáætlun vegna ársins í ár og hefur Allsherjarþingið samþykkt hana.

Þar eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hvött til að beita refsiaðgerðum og helst að leggja niður alla samvinnu við Suður-Afríku, hverju nafni sem nefnist. Minnt er á að sveitarstjórnir, félagasamtök og einkaaðilar geti gert eitt og annað til að láta í ljós andúð á Apartheid-stefnunni. M. a. er á það minnst, að fólk kaupi ekki vörur frá Suður-Afríku og afneiti öllum samskiptum við Suður-Afríku á sviði menningarmála, vísinda og íþrótta.

Í þessari starfsáætlun, sem Apartheid-nefndin hefur samið, eru löggjafarþing allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hvött til þess að helga sérstaka fundi tilefni þessa árs, og er þar bent sérstaklega á 21. mars, sem er alþjóðadagur helgaður **afnámi kynþáttamisréttis.**

Að mati flm. þessarar tillögu væri í senn sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi Íslendinga héldi slíkan fund fyrir þinglok í vetur.

Enn fremur er þess óskað í þessari starfsáætlun, að yfirvöld beiti sér fyrir því, að komið verði á fót landsnefndum til að auka skilning á hörmungum þeim sem Apartheid-stefnan hefur haft í för með sér.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt til að freista þess að hrinda því í framkvæmd, að hér á Íslandi verði sett á stofn landsnefnd til þess að kynna ástandið í Suður-Afríku og fylgjast með því, sem þar er að gerast, og samræma og efla starf einstaklinga og félagasamtaka er verða mætti til þess að draga úr eða lina þær þjáningar sem almenningur í Suður-Afríku verður að þola vegna stefnu núverandi stjórnar.

Parísar-yfirlýsingin.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur sérstaklega hvatt til þess, að ríkisstjórnir reyni að framfylgja þeirri yfirlýsingu sem samþykkt var í París í maí í fyrra, í lok alþjóðlegrar ráðstefnu um refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku.

Forseti þessarar ráðstefnu var utanríkisráðherra Tanzaníu, Salim A. Salim, og hana sóttu fulltrúar 122 ríkisstjórna, 15 sérstofnana Sameinuðu þjóðanna, fulltrúar 37 alþjóðasamtaka og 53 nefnda og samtaka sem starfa gegn Apartheid-stefnunni.

Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið þessa Parísar-yfirlýsingu um refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku út sérprentaða, ásamt sérstakri yfirlýsingu varðandi Namibíu.

Salim A. Salim, fyrrv. forseti Allsherjarþingsins, skrifar formála að þessari útgáfu og lýkur honum með þessum orðum:

„Þjóðir Suður-Afríku og Namibíu og þjóðfrelsishreyfingar þar munu öðlast frelsi. Skylda og hlutverk heimsbyggðarinnar er að veita þeim stuðning í réttmætri baráttu, draga þannig úr þjáningum og mannfalli á hinni óstöðvandi frelsisgöngu þeirra. Við verðum að höfða til allra ríkisstjórna, samtaka og þjóða heims, til að vinna að þessu markmiði og efla framkvæmd refsiaðgerða gegn Suður-Afríku í ljósi samþykkta þessarar ráðstefnu.

Við erum slegin óhug vegna samfellds glæpaferils hinna hvítu kynþáttahatara er stjórna Suður-Afríku. Okkur hefur ekki verið gert starf okkar auðveldara með þeirri andstöðu sem fram hefur komið hjá ýmsum fastafulltrúum í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og helstu viðskiptalöndum Suður-Afríku, sem hafa beitt sér gegn áhrifaríkum aðgerðum móti Suður-Afríkustjórn.

En það er hvorki reiði né uppgjöf sem hefur fengið okkur til þess í rúma tvo áratugi að hvetja til refsiaðgerða, heldur er það stuðningur okkar við frelsi, réttlæti og frið, við þá Suður-Afríku, þar sem allir munu lifa saman í sátt og samlyndi, og þá Suður-Afríku, sem

mun leggja af mörkum sinn réttmæta og gilda skerf til samvinnu og framþróunar í Afríku og í veröldinni.

Þessi ráðstefna er mikilvæg til að efla alþjóðlegan stuðning við frelsisbaráttuna í Afríku. Við skulum strengja þess heit að vinna í sameiningu að markmiðum okkar. Látum þessa Parísar-yfirlýsingu og hina sérstöku yfirlýsingu um Namibíu verða okkur hvatningu við það starf.“

Parísar-yfirlýsingunni um refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku lýkur með þessum orðum:

„Ráðstefnan telur, að hinar kúguðu þjóðir Suður-Afríku og Namibíu og þjóðfrelsishreyfingar þar eigi skilið stuðning samfélags þjóðanna í lögmætri baráttu sinni. Það er skoðun ráðstefnunnar, að víðtækar refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku séu réttur og áhrifaríkur stuðningur til að auðvelda þjóðum Suður-Afríku og Namibíu að öðlast frelsi og til að binda endi á ofbeldi kynþáttamisréttisstefnunnar.

Ráðstefnunni er ljós brýn nauðsyn þess að virkja allar ríkisstjórnir og þjóðir til víðtækra refsiaðgerða gegn stjórn Suður-Afríku, svo og til þess að veita kúguðum þjóðum Suður-Afríku og Namibíu og þjóðfrelsishreyfingum þeirra alla tiltæka aðstoð.

Ráðstefnan hvetur allar ríkisstjórnir og samtök, sem berjast fyrir frelsi og virðingu fyrir manngildinu, að berjast gegn öllum tilburðum til að styðja eða styrkja Apartheid-stjórnina. Ráðstefnan heitir á þessa aðila að samræma aðgerðir sínar í alþjóðlegu átaki víðtækra refsiaðgerða gegn Suður-Afríku í ljósi þeirra umræðna og ákvarðana sem átt hafa sér stað á þessari ráðstefnu.

Ráðstefnan lýsir ánægju með störf hinnar sérstöku Apartheid-nefndar Sameinuðu þjóðanna svo og annarra þeirra aðila er vinna gegn stefnu Suður-Afríkustjórnar á þessu sviði og vilja efla andstöðu gegn henni; þessum aðilum er öllum þakkað fyrir stuðning við víðtækar refsiaðgerðir gegn stjórn Suður-Afríku.

Ráðstefnan hvetur Sameinuðu þjóðirnar í samvinnu við einingarsamtök Afríku og í náinni samvinnu við þjóðfrelsishreyfingarnar og önnur samtök að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að efla, tryggja og fylgjast með framkvæmd víðtækra refsiaðgerða gegn stjórn Suður-Afríku.

Ráðstefnan viðurkennir og metur að verðleikum forna og nýja baráttu þjóða Suður-Afríku og Namibíu til að binda endi á Apartheid-stefnuna og ólöglega stjórn Suður-Afríku á Namibíu, jafnframt því sem þessar hreyfingar hafa unnið að því að efla réttlæti, frelsi og sjálfstæði í löndum sínum. Það er umfram allt hugrekki og látlaus barátta þessara hreyfinga, sem hafa gert það kleift, að þessi ráðstefna var haldin, og skapað henni mikilvægi. Ráðstefnan svarar hinu göfuga kalli og viðleitni föðurlandsvina í Suður-Afríku og Namibíu og heitir ákaft á jafnt einstaklinga sem samtök að styðja viðleitni þeirra.“

Nd. 480. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Tilkynningar um aðsetursskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin, skal fara með eins og kjörskrárkærur.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kjörseðlar við kosningu sýslunefndarmanna skulu gerðir með sama hætti og kjörseðlar við hreppsnefndarkosningu, en með öðrum lit.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við hinar almennu sveitarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 22. maí 1982, skal leggja kjörskrá fram einum mánuði fyrir kjördag, og skal hún liggja frammi í tvær vikur.

Sþ. 481. Þingsályktun [198. mál]

um fullgildingu samnings um verndun lax í Norður-Atlantshafi.

(Afgreidd frá Sþ. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 325.

Nd. 482. Lög [208. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

(Afgreidd frá Nd. 18. mars.)

Samhljóða þskj. 465.

Nd. 483. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið umsagnir nokkurra aðila. Þá kom á einn fund nefndarinnar Davíð Á. Gunnarsson, framkvæmdastjóri ríkisspítalanna.

Auk þess hafa undirritaðir nefndarmenn rætt persónulega við nokkra aðila sem fara með stjórn heilbrigðisstofnana sem búa við svokallað daggjaldakerfi. Í þeim viðtölum og öðrum, sem birst hafa í fjölmiðlum, hefur komið fram megn ótti og vantrú við fyrirhugaða kerfisbreytingu. Óttinn beinist aðallega að því, að slík kerfisbreyting muni tefja fyrir og á engan hátt lagfæra þann bráða vanda og neyðarástand sem slíkar stofnanir búa við í dag vegna mikilla rekstrarerfiðleika.

Meginhluti þessara erfiðleika stafar af þeirri óðaverðbólgu sem ríkir í þjóðfélaginu, einnig vegna ýmissa aðgerða ríkisvaldsins sem aukið hafa rekstrarkostnað þessara stofnana án samráðs við þær, vegna vanmáttar ríkisstjórnarinnar í að standa við fjárhagslegar skuldbindingar, sem daggjaldakerfið leggur á ríkissjóð, og vanhæfni þessa kerfis að leysa þau mál sem hún á og þarf að leysa á nútímalegan hátt.

Við teljum að leggja beri niður daggjaldakerfið, eins og það er nú, en taka í þess stað upp nýtt greiðsluform til sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana, sem byggist á því að greiða hverja þá þjónustu, sem þar er innt af hendi, í stað þess að miða greiðslur við nýtingu rúma. Frá því daggjaldakerfið var tekið upp hefur þjónusta heilbrigðisstofnana gerbreyst með tilkomu dagvistarstofnana, göngudeilda og fleiri nýjunga í rekstri heilbrigðisstofnana. Við erum því hins vegar hlynntir, að kaup tækja, áhalda og alls þess, er telst til stofnkostnaðar, verði með öllu skilið frá rekstrargreiðslum og alfarið tekinn inn á fjárlög sá hluti sem ríkissjóði ber að greiða samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu.

Þótt ríkisstjórnin treysti sér ekki til að leggja fram tillögur um nýtt greiðslukerfi til sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana, sem m. a. hefur í sér fólginn hvata til sparnaðar, betri rekstrar og bættrar þjónustu, ber henni að leggja fram tillögur um úrbætur á því kerfi sem búið er við. Þangað til ber ríkissjóði að standa við allar þær greiðsluskyldur sem daggjaldakerfið setur honum.

Þegar er komið í ljós og hefur verið staðfest opinberlega, að það kerfi, sem stefnt er að með frv. þessu að taka upp á fleiri spítölum en ríkisspítölunum, leysir engan vanda meðan sú óðaverðbólga ríkir, sem við búum við, og ber hrikaleg rekstrarstaða ríkisspítalanna því best vitni. Undirritaður minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar telur að samþykkt þessa frumvarps muni tefja fyrir nauðsynlegum og skynsamlegum breytingum til lækkunar á einum stærsta útgjaldalið ríkissjóðs.

Við leggjum því til að **frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. mars 1982.

Pétur Sigurðsson, frsm. Matthías Bjarnason.

Nd. 484. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. er árlegur uppvakningur vinstri stjórnarinnar, sem hóf þessa skattlagningu með lögum nr. 112/1978. Við sjálfstæðismenn vorum þá andvígir þessum skatti og hefur skoðun okkar ekki breyst.

Við teljum nú, eins og þá, þennan skatt vera ranglátan og leggjum til að þetta frv. verði fellt.

Alþingi, 19. mars 1982.

Matthías Bjarnason, frsm. Albert Guðmundsson. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 485. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er um framlengingu á álagningu sjúkratryggingagjalds og hefði komið til greina að styðja að framgangi þess, ef ríkisstjórnin hefði gætt meiri hófsemdar í öðrum skattaálögum.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 er skattvísitalan ákveðin 150 miðað við 100 árið áður. Talið er að tekjubreyting á milli áranna 1980 og 1981 verði a. m. k. 52—53% að mati Þjóðhagsstofnunar. En við afgreiðslu fjárlaga var reiknað með 50% tekjuhækkun milli ára og skattvísitalan ákveðin í samræmi við það og áætlun sjúkratryggingagjalds við þá áætlun miðuð. Það er ljóst, að tekjur af tekju- og eignarskatti og sjúkratryggingagjaldi fara langt fram úr áætlun samkvæmt fjárlögum. Þær efnahagsaðgerðir, sem ríkisstjórnin hefur staðið að á þessu ári, lækka skatta um 72 millj. kr. á þessu ári, en nýir skattar og vanáætlaðar tekjur af tekju- og eignarskatti og sjúkratryggingagjaldi nema 176 millj. kr.

Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir þessum skattahækkunum og því fálmi, sem einkennir allar aðgerðir þessarar ríkisstjórnar, og leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. mars 1982.

Matthías Bjarnason, frsm. Matthías Á. Mathiesen. Albert Guðmundsson.

Nd. 486. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem út voru gefin 14. janúar s.l. Ekkert samráð var haft við okkar flokk um ráðstöfun þess gengishagnaðar sem myndaðist við gengislækkunina. Við erum andvígir og áteljum harðlega þann hringlandahátt sem verið hefur á inn- og útgreiðslum í flestum deildum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og er okkur ljóst að eftir slíkt ráðslag veitir þeim sjóði ekki af þessum fjármunum öllum og þó meira hefði verið.

Hins vegar hefur þess jafnan verið gætt við þessar aðstæður, að eigendur fiskiskipa fái nokkra hlutdeild í gengishagnaðinum á móti þeirri skuldahækkun sem þeir verða fyrir af völdum gengislækkana. Þá hefur sjómannasamtökunum einnig verið sýndur skilningur með framlagi til lífeyrissjóðs og annarrar félagsstarfsemi. Hjá þessari ríkisstjórn örlar hvergi á slíkum skilningi.

Eins og fyrri daginn stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut.

Þessar ráðstafanir eru gerðar af ríkisstjórninni og geta þeir einir, sem hana styðja, samþykkt þetta mál, en við munum sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 19. mars 1982.

Matthías Bjarnason, frsm. Matthías Á. Mathiesen. Albert Guðmundsson.

Nd. 487. Breytingartillaga [43. mál]

við frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Benedikt Gröndal og Vilmundi Gylfasyni.

Við 2. gr.

2. málsgr. orðist svo:

Ráðherra skipar 4 manna stjórn brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn mann eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna, einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga og einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna og ákveður þóknun til þeirra fyrir stjórnarstörf. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar.

Ed. 488. Lög [209. mál]

um breyting á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962.

(Afgreidd frá Ed. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 480.

Ed. 489. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

   Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn. Endurráðning er heimil.

   Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri hljómsveitarinnar, undirbýr verkefnaval í samvinnu við hljómsveitarstjóra, stjórnarformann og aðra þá aðila, sem kvaddir kunna að vera til ráðuneytis, og leggur starfs- og rekstraráætlanir fyrir stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar til umfjöllunar og afgreiðslu. Áætlanir þessar skulu gerðar fyrir eitt ár í senn og liggja fyrir eigi síðar en 1. júní ár hvert fyrir næsta almanaksár.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

   Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður hljómsveitarstjóra til tveggja ára í senn og skipar verkum með þeim að fengnum tillögum framkvæmdastjóra.

   Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður hljóðfæraleikara að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, og að undangengnum prófum ef ástæða er til, í minnst 65 stöðugildi. Aðrir hljóðfæraleikarar eru ráðnir eftir því sem viðfangsefni krefjast og innan þeirra marka sem fjárframlög heimila.

   Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

   Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða fá verk til flutnings hjá tónskáldum.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar að skipa sér verkefnavalsnefnd til aðstoðar við verkefnaval hljómsveitarinnar. Skal nefndin skipuð 7 mönnum, einum tilnefndum af Tónskáldafélagi Íslands, einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu, einum tilnefndum af starfsmönnum hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg. Ráðinn hljómsveitarstjóri og konsertmeistari skulu einnig skipa nefndina en formaður hennar er tilnefndur af menntamálaráðuneytinu og skal hann hafa staðgóða tónlistarmenntun.

Verkefnavalsnefndin skal skila áætlun um verkefni hljómsveitarinnar og gera kostnaðaryfirlit yfir eitt ár í senn og skal leggja það fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist af rekstrarfé stofnunarinnar.

Sþ. 490. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Alþingi ályktar að á árinu skuli aflað 10 m. kr. viðbótarfjár til vegáætlunar á árinu 1982.

Fé þessu skal varið til framkvæmda á eftirtöldum vegum í því skyni að auka öryggi vegfarenda.

Útnesvegur um Ólafsvíkurenni	6,9 m. kr.
Djúpvegur um Óshlíð	3,0 m. kr.
Ólafsfjarðarvegur um Ólafsfjarðarmúla	0,1 m. kr.

Framkvæmdir þessar skulu vera sérstakur verkefnaflokkur innan stofnbrauta. Frekari fjárveitingar skulu ákveðnar við næstu endurskoðun vegáætlunar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Við afgreiðslu vegáætlunar s. l. vor ritaði samgönguráðherra fjárveitinganefnd Alþingis svohljóðandi bréf:

„Að gefnu tilefni skal tekið fram að ráðuneytið hefur óskað eftir því við Vegagerð ríkisins að hún láti gera áætlun um framkvæmdir til þess að draga sem mest úr hættu fyrir vegfarendur af snjóflóðum, skriðuföllum og grjóthruni á vegum um Ólafsfjarðarmúla, Ólafsvíkurenni og Óshlíð, þar sem hætta fyrir umferð er talin mest á þjóðvegum landsins.

Samgönguráðherra mun leggja til við ríkisstjórnina að lögð verði fram á næsta Alþingi viðaukatillaga við vegáætlun, þannig að þessum framkvæmdum verði sinnt samkvæmt áætlun Vegagerðar ríkisins og sem sérstöku verkefni innan stofnbrauta, og verði fjármagns til þeirra aflað sérstaklega. Hefur um það verið rætt við fjármálaráðherra.

Er þess vænst að framkvæmdir geti hafist sumarið 1982."

Í samræmi við bréf þetta er tillaga þessi flutt.

Vegagerð ríkisins hefur unnið að áætlanagerð um ofangreindar framkvæmdir. Er sú vinna misjafnlega langt komin fyrir einstaka vegi, en í heild er hún komin það langt að byggja má á henni tillögu þessa.

Í meðfylgjandi greinargerð Vegagerðarinnar eru raktir þeir valkostir, sem til álita hafa komið og gerð grein fyrir þeim lausnum, sem Vegagerðin mælir með til að ná þeim mark-

miðum, sem að var stefnt, þ. e. að draga sem mest úr hættu fyrir vegfarendur á umræddum vegarköflum.

Tillögur Vegagerðarinnar eru eftirfarandi:

1. Ólafsvíkurenni: Nýr vegur í fjöru undir Enni, áætlaður kostnaður 46 m. kr.
2. Óshlíð: Endurbygging núverandi vegar þar með taldar aðgerðir til að tryggja umferð gegn ofanhruni m. a. með byggingu vegþekja. Áætlaður kostnaður er 60 m. kr.
3. Ólafsfjarðarmúli: Jarðgöng undir Múlann um 2,5 km að lengd, ásamt endurbótum á vegi beggja megin ganga. Áætlaður kostnaður er 80 m. kr.

Kostnaðartölur eru á verðlagi í ágúst 1981.

Hér er um dýrar framkvæmdir að ræða. Tvær þeirra, Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúli, eru með þeim hætti, að þær gagnast umferð ekki fyrr en þeim er lokið. Í Óshlíð komast minni áfangar að vísu strax í notkun, en þar munu framkvæmdir hins vegar trufla mjög samgöngur um veginn og líklega loka honum um lengri tíma. Þessar staðreyndir kalla á stórar fjárveitingar. Hér er lagt til, að 10 m. kr. verði veitt til þessara verkefna 1981. Á næstu árum þyrfti sú upphæð að aukast verulega. Ekki þykir rétt að flytja tillögur um ákveðnar fjárhæðir á þessu stigi, enda kæmi málið til ákvörðunar við næstu endurskoðun vegáætlunar veturinn 1982—1983.

Við skiptingu fjárins er tekið tillit til þess, að mikil rannsókna- og hönnunarvinna þarf að fara fram í Ólafsfjarðarmúla, áður en framkvæmdir geta hafist þar. Er því einungis veitt fé til þeirra starfa, en á hinum stöðunum báðum yrði hafist handa um framkvæmdir á þessu ári.

Nd. 491. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mæla undirritaðir nefndarmenn með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. mars 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðrún Hallgrímsdóttir.

Nd. 492. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mæla undirritaðir nefndarmenn með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. mars 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðrún Hallgrímsdóttir.
	Sighv. Björgvinsson, með fyrirvara.	

Fylgiskjal.

Sighvatur Björgvinsson undirritar nefndarálitið með eftirfarandi fyrirvara:

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur verið leikinn mjög grátt. Fé hans hefur óspart verið eytt og stofnað til skulda af hans hálfu. Staða sjóðsins er því vægast sagt mjög slæm. Verði ekki snúið af þessari braut má búast við að þetta gagnmerka stjórntæki verði eyðilagt.

Í ljósi þessa er augljóst að leitast verður við að styrkja stöðu sjóðsins.

Það framlag í sjóðinn, sem hér er gert ráð fyrir, getur átt þátt í því að koma í veg fyrir enn frekari veikingu sjóðsins. Fyrir því leggur undirritaður til að frumvarpið verði samþykkt.

Ed. 493. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd hefur tekið frumvarp þetta til meðferðar. Gerir nefndin tillögu um að frumvarpið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. mars 1982.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, fundaskr. Stefán Guðmundsson.

Salome Þorkelsdóttir. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 494. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [79. mál]

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá félagsmálanefnd.

Með því að stjórnskipuð nefnd vinnur nú að heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga og rétt þykir að tillögur hennar liggi fyrir áður en efnisleg afstaða er tekin til þessa frumvarps, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 495. Nefndarálit [95. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til umfjöllunar og fengið umsagnir siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Vita- og hafnamálastofnunar og Slysavarnafélags Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. mars 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Halldór Blöndal.	Páll Pétursson.	Guðrún Helgadóttir.
	Guðm. G. Þórarinsson.	

Ed. 496. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. mars.)

1. gr.

1. málsgr. 73. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða vátryggingarfélaginu fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður með auglýsingu, að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Fjárhæð þessi má þó aldrei vera hærri en 1.25‰ af lögboðinni vátryggingarfjárhæð ökutækis. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, er þar greinir, gangi fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 497. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 1. febr. 1980 um breyt. á l. nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. lög nr. 7/1982 og breyt. á l. nr. 84 21. des. 1981.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi sínum og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Fjarstaddir voru Pétur Sigurðsson og Páll Pétursson, enda náðist ekki að boða þá.

Alþingi, 22. mars 1982.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Halldór Blöndal.
Matthías Bjarnason.	Halldór Ásgrímsson.	

Ed. 498. Lög [172. mál]

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

(Afgreidd frá Ed. 22. mars.)

Samhljóða þskj. 276.

Sþ. 499. Fyrirspurnir. [247. mál]

I. Til samgönguráðherra um mat á eignum Iscargo hf.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hvers vegna greiddi fulltrúi samgönguráðherra í stjórn Flugleiða hf. atkvæði gegn því á stjórnarfundi félagsins hinn 11. mars síðastliðinn, að fram yrði látið fara mat óvilhallra manna á verðmæti þeirra eigna Iscargo hf. sem Arnarflug hf. hefur nú keypt?
2. Er samgönguráðherra andvígur því, að slíkt mat fari fram?

II. Til forsætisráðherra um skipaverkstöð í Reykjavík.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þess fyrirheits úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um iðnað, að stuðlað verði að byggingu skipaverkstöðvar í Reykjavík?

Nd. 500. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar skattur þessi var á lagður í fyrsta sinn árið 1979 var hann hugsaður sem liður í tímabundnum ráðstöfunum þáverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Skattinum var þá aldrei ætlað að standa í lögum nema mjög skamman tíma, enda er meira en vafasamt að skattur af þessu tagi geti átt rétt á sér nema sem mjög tímabundin ráðstöfun vegna ýmissa augljósra galla á framkvæmd skattheimtunnar, alls kyns mismununar, sem honum fylgir, og hvers kyns vafaatriða, sem skattheimtu af þessu tagi fylgja. Sem frambúðarúrræði í skattamálum er skattheimta af þessu tagi því meira en óæskileg, og þótt skatturinn hafi jafnan verið framlengdur til aðeins eins árs í senn er hann þó smátt og smátt að festast í sessi sem varanlegur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Er sú þróun í meira lagi óæskileg, að veigamiklir „fastir" tekjustofnar ríkissjóðs skuli vera skattar af því tagi sem frá upphafi voru hugsaðir sem tímabundin bráðabirgðafjáröflun með öllum þeim göllum sem óneitanlega hljóta ávallt að fylgja slíkum tekjuöflunaraðferðum, — göllum sem fara vaxandi þeim mun lengur sem reynt er að teygja slík skammtímafyrirbæri. Hið tímabundna vörugjald er eitt dæmi um slíka bráðabirgðalausn í tekjuöflunarmálum ríkissjóðs sem orðið hefur að varanlegum og umfangsmiklum tekjustofni. Skatturinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er annað slíkt dæmi,

þótt hvorki sé sá skattur orðinn eins fastur í sessi í tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs né eins þungur á metaskálunum og vörugjaldið. Þróunin er þó ótvíræð, og sú þróun er bæði röng og varasöm frá skattalegu sjónarmiði.

M. a. vegna þess, að þingmenn Alþýðuflokksins áttu á sínum tíma hlut að því að leiða sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði í lög sem tímabundið úrræði til aðeins eins árs til fjáröflunar vegna sérstakra efnahagsúrræða haustið 1979, hafa þeir fallist á tilmæli um tímabundna framlengingu skattsins tvívegis síðar. En eins og að framan segir er það skoðun þingflokks Alþýðuflokksins að gjalda beri varhug við að festa slíka skammtímafjáröflunaraðferð varanlega í sessi, en í þá átt stefnir tvímælalaust með umrædda skattheimtu. Þingflokkurinn telur að nú sé kominn tími til að taka ákvörðun um að stöðva þá þróun þannig að aðilum, sem undirbúa fjárlagagerð, verði gert ljóst, að Alþingi muni ekki fallast á að endurnýja umræddan skatt til frambúðar um eitt ár í senn, og jafnframt hvenær þessi skattheimta verði látin niður falla. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 lagði þingflokkur Alþýðuflokksins til, að sú ákvörðun yrði tekin af Alþingi að umræddur skattur yrði felldur niður í tveimur jöfnum áföngum, hann yrði lækkaður um helming á yfirstandandi ári, en alfarið felldur niður á næsta ári.

Við það tækifæri kom fram að þetta sjónarmið Alþýðuflokksins virðist eiga skilningi og stuðningi að mæta hjá öðrum þingmönnum, m. a. úr Framsóknarflokknum. Þeir báru því hins vegar við, að ekki væri nauðsynlegt að taka afstöðu til málsins við fjárlagagerðina — nóg væri að afgreiða málið áður en álagning færi fram, þ. e. fyrir vorið 1982. Nú er sá tími kominn og því rétt að láta reyna á afstöðu þessara þingmanna m. a.

Í samræmi við framangreinda afstöðu þingflokks Alþýðuflokksins, sem fram kom í tillöguflutningi við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs, flyt ég því á sérstöku þingskjali breytingartillögu um að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði lækkaður um helming. Verði sú tillaga samþykkt munu þingmenn Alþýðuflokksins greiða atkvæði með framlengingu skattsins í því formi um eitt ár til viðbótar. Verði sú tillaga felld styðja þingmenn Alþýðuflokksins ekki framlengingu skattsins, en munu í öllum tilvikum skv. framansögðu greiða atkvæði gegn frekari framlengingu skattsins verði eftir henni leitað á næsta þingi.

Alþingi, 22. mars 1982.

Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 501. Breytingartillaga [58. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SighB).

Við 6. gr. Í stað „1.4% af skattstofni“ komi: 0.7% af skattstofni.

Nd. 502. Frumvarp til laga [248. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og vinnuhæli nr. 38 24. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

12. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli orðist svo:

Starfslið þeirra stofnana, þar sem afplánun refsingar fer fram skiptist í almennt gæslu- og þjónustulið og sérlært starfslið.

Við hverja stofnun skulu starfa hæfilega margir fangaverðir til þess að gæsla sé örugg að mati ráðherra. Þar skal starfa sérlært starfslið sem veitir þjónustu á sviði læknisfræði, sálfræði, félagsmála svo og skal þar vera kostur á þjónustu prests. Nánari ákvæði um slíka sérhæfða þjónustu skal setja í reglugerð. Einnig skal ákveða í reglugerð skilyrði til þess að vera ráðinn til starfa við fangagæslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til breytingar á 12. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 er samið í dómsmálaráðuneytinu. Aðalefni þess er að lagt er til að tekið verði inn í lögin ákvæði um fangavarðarstarf en ekkert ákvæði er nú í lögum um það starf.

Á s. l. vori var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga varðandi menntun fangavarða. Samkvæmt henni hefur nefnd skilað tillögu um hvaða skilyrði væri rétt að setja um grunnmenntun fangavarða og hvernig námskeiðahaldi mætti haga til að mennta fangaverði til starfans.

Skýrslu nefndarinnar hefur verið dreift á Alþingi.

Til þess að skapa grundvöll fyrir setningu reglugerðar um menntun fangavarða svo og um önnur skilyrði sem rétt þætti að setja um ráðningu manna til fangavarðarstarfa hefur frumvarp þetta verið samið.

12. gr. laganna hefur verið endurskrifuð þannig að hún taki til alls starfsliðs fangelsa í stað þess starfsliðs eingöngu sem veitir sérhæfða þjónustu eins og nú er. Er gert ráð fyrir því að nánari ákvæði um fyrirkomulag sérhæfðrar þjónustu séu sett með reglugerð.

Nd. 503. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HÁ, IGuðn, GHall).

1. 1. gr. orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 673 970 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 152 000 þús. kr.
2. Við 4. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:
   Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð. Skal fjármálaráðherra leita samþykkis fjárveitinganefndar Alþingis áður en sjálfskuldarábyrgð er veitt.
3. Við 7. gr. 1. málsliður orðist svo:
   Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:
4. Við 8. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Bjargráðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1982 allt að fjárhæð 15 000 þús. kr.
5. Við 10. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Fjármálaráðherra er heimilt f. h. ríkissjóðs að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að helmingi lána, sem Byggðasjóður veitir fyrirtækjum í útgerð, fiskiðnaði og iðnaði til fjárhagslegrar endurskipulagningar vegna rekstrarerfiðleika, en heildarfjárhæð lánanna er að hámarki 60 milljónir króna.

6. Inn í frumvarpið bætist ný grein er verði 11. gr. Hin nýja grein orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1982 er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld um 120 millj. kr., að meðtöldum heimildum í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1982 og heimildum í 4.—18. gr. þessara laga.
7. 11. gr. (verður 12. gr.) breytist svo:
Í stað orðanna „52 500 þús. kr.“ komi orðin: 49 350 þús. kr.
8. 12. gr. (verður 13. gr.) breytist svo:
Í stað orðanna „15 160 þús. kr.“ komi orðin: 15 600 þús. kr.
9. 13. gr. (verður 14. gr.) breytist svo:
Á eftir orðunum „laga nr. 2/1980“ í 1. mgr. bætist orðin: og laga nr. 84/1981. — Jafnframt komi í stað orðanna „25 960 þús. kr.“ í 1. mgr. orðin: 20 000 þús. kr.
10. 14. gr. (verður 15. gr.) breytist svo:
Á eftir orðunum „laga nr. 2/1980“ bætist orðin: og laga nr. 84/1981. — Jafnframt komi í stað orðanna „12 170 þús. kr.“ orðin: 11 440 þús. kr.
11. 15. gr. (verður 16. gr.) breytist svo:
Í stað orðanna „57 200 þús. kr.“ komi orðin: 53 770 þús. kr.
12. 16. gr. (verður 17. gr.) breytist svo:
Í stað orðanna „111 314 þús. kr.“ komi orðin: 104 635 þús. kr.
13. 17. gr. (verður 18. gr.) breytist svo:
Í stað orðanna „4 410 þús. kr.“ komi orðin: 4 145 þús. kr.
14. 21. gr. (verður 22. gr.) breytist svo:
Í stað orðanna „5 130 þús. kr.“ komi orðin: 4 820 þús. kr.
15. Inn í frumvarpið bætist ný grein er verði 23. gr. Hin nýja grein orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 6 850 þús. kr. á árinu 1982.
16. 23. gr. (verður 25. gr.) breytist svo:
Í stað orðanna „10 000 þús. kr.“ komi: 9 400 þús. kr.
17. Inn í frumvarpið bætist ný grein er verði 26. gr. og orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35/1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og Kristnisjóð, skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs eigi fara fram úr 1 130 þús. kr. á árinu 1982.
18. Inn í frumvarpið bætist ný grein er verði 27. gr. og orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 43 000 þús. kr. á árinu 1982.
19. 28. gr. (verður 32. gr.) taki svofelldum breytingum:
1. ml. 3. mgr. hljóði svo:
Við upphaf hvers árs skal hver lífeyrissjóður skila fjármálaráðuneytinu áætlun um ráðstöfunarfé sitt á árinu og af hvaða aðilum hann hyggst kaupa skuldabréf skv. 1. mgr., hvort tveggja sundurliðað eftir mánuðum.
20. Inn í frumvarpið bætist ný grein er verði 33. gr. og orðist svo:
Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum og varahlutum til ylræktarvers, sem komið verður á fót vegna útflutningsframleiðslu. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til ylræktarversins.
21. Inn í frumvarpið bætist ný grein er verði 34. gr. og orðist svo:
Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1982—1985 að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar, með einfaldri ábyrgð lán til smíði á fiskiskipum innanlands sem nemi allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 m löng með vélarafl allt að 1000 hö.

Heimild þessi nær til smíði fjögurra skipa í senn. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skipsins frá áðurgreindum fyrirtækjum. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

Nd. 504. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fjölmörgum fundum. Fyrir áramót var fjallað um málið á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda.

Eftir áramót hefur nefndin leitað eftir margvíslegum upplýsingum og rætt við ýmsa aðila.

Nánari grein verður gerð fyrir störfum nefndarinnar í framsögu og breytingartillögum á þskj. 503.

Alþingi, 23. mars 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðrún Hallgrímsdóttir.

Nd. 505. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. mars 1982.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðrún Hallgrímsdóttir, frsm.

Nd. 506. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til laga um búnaðarmálasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt með breytingum, sem eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. mars 1982.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Steinþór Gestsson.	Skúli Alexandersson.	Þórarinn Sigurjónsson.
	Siggeir Björnsson.	

Nd. 507. Breytingartillaga [221. mál]

við frv. til laga um búnaðarmálasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Vöru- og leigusala í landbúnaði skiptist í tvo gjaldflokka.
Af afurðum þessara búgreina skal greiða 0.25% gjald:
a. Alifugla- og svínarækt.
b. Fiskeldi, fiskrækt, veiðileigu og leigu á landi til annarra nota en búrekstrar.

Af afurðum annarra búgreina en áður eru nefndar skal greiða 0.50% gjald, þ. á m.:
a. Nautgripaafurðum.
b. Sauðfjárafurðum.
c. Garð- og gróðurhúsaafurðum hvers konar.
d. Loðdýraafurðum.
e. Afurðum hrossa.
f. Með reglugerð skal ákveða, eftir því sem ástæða þykir til, gjald af sölu lífgripa, skógarafurðum, hlunnindum og annarri leigu hvers konar söluvöru í landbúnaði.

Nd. 508. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til laga um lokunartíma sölubúða.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir frá Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, bæjarstjórn Kópavogs, bæjarstjórn Seltjarnarness, hreppsnefnd Mosfellshrepps, Verslunarráði Íslands, Kaupmannasamtökum Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

Í umsögnum þessum koma fram mjög skiptar skoðanir.

Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt að hverju sveitarfélagi sé heimilt að setja samþykktir um lokunartíma sölubúða, eins og lög nr. 17/1936 gera ráð fyrir, og haga þessum málum eins og best hentar á hverjum stað.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 23. mars 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Garðar Sigurðsson.	Siggeir Björnsson.

Sþ. 509. Nefndarálit [13. mál]

um till. til þál. um orlofsbúðir fyrir almenning.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til meðferðar og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. mars 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Steinþór Gestsson.	Halldór Blöndal.	Guðm. G. Þórarinsson.
	Páll Pétursson.	

Sþ. 510. Breytingartillaga [13. mál]

við till. til þál. um orlofsbúðir fyrir almenning.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að kanna og gera tillögur um hvaða jarðeignir í eigu ríkisins megi nýta undir orlofsbúðir félagasamtaka og sumarhúsabyggingar einstaklinga.

Nefndin skal skila skýrslu um niðurstöður til Alþingis.

Sþ. 511. Nefndarálit [38. mál]

um till. til þál. um fangelsismál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir um tillöguna frá eftirtöldum aðilum: Lögmannafélagi Íslands, Fangavarðafélagi Íslands, Skilorðseftirliti ríkisins, dómsmálaráðuneyti, Félagasamtökunum Vernd, fullnustumatsnefnd og landlækni.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar nokkuð breyttrar og verður breytingartillaga flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. mars 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm.	Páll Pétursson.
Guðrún Helgadóttir.	Steinþór Gestsson.	Guðm. G. Þórarinsson.
	Halldór Blöndal.	

Sþ. 512. Breytingartillaga [38. mál]

við till. til þál. um fangelsismál.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi.

Á grundvelli þeirrar úttektar skal nefndin skila áliti jafnóðum og það liggur fyrir er feli í sér:

1. Stöðu fangelsismála.
2. Tillögur um brýnar úrbætur.
3. Áætlun um æskilega framtíðarskipan fangelsismála.

Dómsmálaráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Nd. 513. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. hefur haft frumvarp til lánsfjárlaga til athugunar síðan skömmu fyrir jól. Það var afgreitt frá fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. 17. desember. Ætlun ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar á Alþingi var að afgreiða málið þá þegar frá neðri deild. Stjórnarandstaðan í báðum deildum gagnrýndi þessa málsmeðferð og sýndi fram á að víða væru lausir endar í lánsfjáráætluninni. Mörg mál lægju fyrir sem ekki hefði verið tekin afstaða til og enginn vissi hvernig með ætti að fara. Ríkisstjórnin og stuðningslið hennar á Alþingi lét sér segjast við þessa gagnrýni. Samið var milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að málið skyldi afgreitt þegar eftir jólahlé, eða eigi síðar en 27. janúar s. l.

Stjórnarandstaðan hefur verið reiðubúin til þess að afgreiða málið á tilsettum tíma. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa hins vegar verið ráðvilltir í málinu. Fundir hafa ekki verið boðaðir langtímum saman í fjárhags- og viðskiptanefnd, og nú við afgreiðslu málsins flytur minni hlutinn, sem styður ríkisstjórnina, á þriðja tug breytingartillagna, þegar næstum þrír mánuðir eru liðnir frá því að ætlunin var að afgreiða málið eftir jólaleyfi.

Öll þessi vinnubrögð sýna glöggt þann hringlandahátt sem einkennir störf og stefnu ríkisstjórnarinnar og stuðningsliðs hennar á Alþingi nú um þessar mundir.

Enn þá hefur ekki verið tekin afstaða til fjöldamargra mála sem borist hafa til ríkisstjórnarinnar og fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda Alþingis og varða lánsfjárlög. Þar má nefna mál eins og erindi Landsvirkjunar, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, vanda Járnblendiverksmiðju. Til uppbyggingar á aðstöðu skipasmíðaiðnaðarins er ekkert ætlað umfram hluta ríkissjóðs, sem er 17 millj. kr., en heildarfjárfesting er talin nema 40 millj. kr. Við höfum margsinnis bent stjórnarliðum í nefndinni á að hér þurfi að taka inn heimild til þessarar lántöku. Síðast en ekki síst nefnum við Byggingarsjóð ríkisins, en hann skuldar í Seðlabankanum vegna yfirdráttar 40 millj. kr., auk þess sem vantar 90 milljónir á að áætlanir hans standist á yfirstandandi ári.

Athyglisvert er að eftir allan þennan tíma, sem stjórnarliðar hafa haft frumvarp að lánsfjárlögum til athugunar, fjalla langflestar tillögur þeirra um smávægilegar orðalagsbreytingar eða frekari skerðingar á framlögum til stofnlánasjóða atvinnuveganna. Nokkrar

breytingartillagnanna eru um aukin útlán og þar með aukna innlenda og erlenda lánsfjárþörf, en enn er afstaða ekki tekin til stórmála, eins og áður er að vikið.

Sú afgreiðsla lánsfjárlaga, sem hér virðist blasa við, er því dæmigerð um það ráðleysi sem nú ríkir í stjórnarherbúðunum. Öllu er slegið á frest sem hægt er að fresta. Lántökur eru úr öllu hófi. Engin samstaða er lengur til í stjórnarliðinu um annað en að sitja aðgerðalausir og fresta málum um óákveðinn tíma.

Stjórnarandstaðan í efri deild gerði ítarlega grein fyrir áliti sínu þegar frumvarpið var afgreitt frá deildinni. Hér skal aðeins minnt á nokkur aðalatriði sem einkenna öðru fremur afgreiðslu þessara lánsfjárlaga.

1. Innlend fjáröflun er að öllum líkindum stórlega ofmetin, svo ekki sé meira sagt. Ætlunin er t. d. að selja spariskírteini á yfirstandandi ári fyrir 150 millj. kr., en salan í fyrra varð aðeins 43 millj. kr.

Úr lífeyrissjóðunum er ætlað að afla 460 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, húsnæðismálasjóða, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en í fyrra var þessi fjáröflun um 270 millj. kr. Innlánsaukning í banka og sparisjóði fyrstu mánuði ársins er nú miklu minni en í fyrra.

Þá hafa engar upplýsingar komið fram um álagningu byggðalínugjalds sem afla átti 40 millj. kr. skv. skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun.

2. Erlend fjáröflun er aukin gífurlega. Frá frv. má gera ráð fyrir að hún aukist um allt að 200 millj. kr. Erlend fjáröflun var þó ærin fyrir þegar haft er í huga að orkuframkvæmdir dragast saman milli 40 og 50% að magni til á yfirstandandi ári. Skuldastaða erlendra lána í árslok er áætluð af Seðlabankanum a. m. k. 39% af þjóðarframleiðslu og hefur aldrei verið hærri í sögu þjóðarinnar. Greiðslubyrði af útflutningstekjum er áætlað að verði 19% skv. væntanlegum lánsfjárlögum, en í stjórnarsáttmálanum, segir svo um þetta orðrétt:

„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum."

3. Algjör óvissa er um fjármögnun Framkvæmdasjóðs í ár í kjölfar þess, að hann skortir helming þess fjármagns úr lífeyrissjóðum sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir í fyrra, eða 63 millj. kr. af 123 millj. Þetta hefur í för með sér fyrirsjáanlegan fjárskort atvinnuveganna og áframhaldandi samdrátt í fjármunamyndun á þessu ári.

4. Fjármögnun húsnæðismálasjóðanna er mikið áhyggjuefni á þessu ári. Þeim er ætlað að afla hjá lífeyrissjóðakerfinu tæplega 300 millj. kr., en fengu í fyrra rúmlega 130 millj. kr. þaðan. Skyldusparnaðurinn er auk þess ofáætlaður, ef marka má reynsluna frá því í fyrra, en hún er sú, að nær ekkert fékkst nettó af skyldusparnaðarfé. Verst er þó að lausaskuld Byggingarsjóðs ríkisins við Seðlabankann um áramót, sem nam 40 millj. kr., er í lausu lofti og að auki skortir sjóðinn 90 millj. kr. til þess að hann geti framfylgt niðurskorinni áætlun í ár. Þess má geta, að sú áætlun gerir einungis ráð fyrir að lána 1100 frumlán til nýrra íbúða á vegum einstaklinga, en 1978 voru slík lán tæplega 1900.

5. Þróun fjárfestingar skv. áætluninni og reynslu fyrri ára er uggvænleg. Framkvæmdir á sviði stóriðju og stórvirkjana dragast saman um 43,5% að magni til frá fyrra ári, framkvæmdir í hitaveitum um 31,5% og fjárfesting atvinnuveganna dregst saman um 9,1%, auk þess sem fyrirsjáanlegt er að samdráttur verður í íbúðabyggingum fimmta árið í röð, en sá samdráttur er að magni til um 15% síðan 1978. Aftur á móti eykst fjárfesting í opinberum byggingum um 6,8%.

6. Erlend lántaka til að fjármagna rekstrartap ríkisfyrirtækja og undirstöðuatvinnugreina setur vægast sagt dökkan svip á þetta frv. og væntanleg lánsfjárlög. Þar má nefna kreppulán sem Byggðasjóður á að veita sjávarútveginum í því góðæri sem ríkt hefur, lán til að fjármagna rekstrartap orkufyrirtækja, Sementsverksmiðju ríkisins, svo dæmi séu tekin.

Um breytingartillögur stuðningsliðs ríkisstjórnarinnar.

Eins og fyrr segir er nú mestur fjöldi breytingartillagna minni hl. nefndarinnar, sem styður ríkisstjórnina, fólginn í frekari niðurskurði á framlögum til sjóða atvinnuveganna, en þessir sjóðir voru við síðustu fjárlagagerð skornir niður miðað við lög meira en nokkru sinni fyrr.

Þetta hlýtur að hafa í för með sér sérstakan vanda atvinnuvegasjóðanna, einkum í ljósi þess, að fjármögnun þeirra á s. l. ári var mjög í molum, eins og áður segir.

Um aðrar breytingartillögur vill meiri hluti nefndarinnar taka eftirfarandi fram:

1. Fimmta breytingartillagan er um að hækka heimild til lántöku fyrir Byggðasjóð úr 50 millj. í 60 millj. í því skyni að veita fyrirtækjum í sjávarútvegi svokölluð kreppulán. Forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa látið í veðri vaka að þessi fyrirgreiðsla yrði miklum mun meiri í ljósi þess taprekstrar sem orðinn er í sjávarútveginum, þrátt fyrir mikinn afla og yfirleitt gott verð á erlendum mörkuðum. Hætt er því við að þann vanda, sem stefna ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum hefur leitt yfir eina undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, verði erfitt að leysa með þessari fyrirgreiðslu.
2. Í sjöttu breytingartillögunni er gert ráð fyrir að auka heimild ríkisstjórnarinnar til að lækka ríkisútgjöld úr 50 millj. kr. sem fyrir eru í fjárlögum, í 120 millj. kr. Hér er um að ræða þann niðurskurð sem ríkisstjórnin hefur fyrirhugað vegna aukinna niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum. Því miður virðist að þessi niðurskurður muni koma fyrst og fremst niður á framkvæmdafjárveitingum, sem skerast sjálfkrafa niður vegna aukinnar verðbólgu fram yfir reiknitölu fjárlaga, og á framlögum til atvinnuvegasjóða. Þrátt fyrir ítarlegar fyrirspurnir hafa engar upplýsingar fengist um hvernig þessum niðurskurði á að haga, og verður að gera þá skilyrðislausu kröfu, að ríkisstjórnin leggi tillögur um þetta fyrir fjárveitinganefnd og Alþingi þegar í stað.
3. Í 20. breytingartillögunni er gert ráð fyrir að inn komi ný grein í lánsfjárlög er heimili fjármálaráðherra að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld eða sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til ylræktarvers sem komið verði á fót vegna útflutningsframleiðslu. Engar upplýsingar eru um þetta ylræktarver, hvar það eigi að rísa, hvaða möguleikar séu á að reka það o. s. frv. Svo virðist sem Alþingi sé lítill sómi sýndur með slíkum tillöguflutningi.
4. 21. breytingartillagan felur í sér að fjármálaráðherra verði fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast á árunum 1982—85 gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar, lán vegna smíði á skipum innanlands, sem nemi allt að 80% smíðaverðs, skv. mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 metra löng, með vélarafli allt að 1000 hestöfl. Heimild þessi nái til smíði fjögurra skipa í senn.

   Hér er um tilraun að ræða til að efla íslenskar skipasmíðar. Því miður hefur mál þetta verið lengi á döfinni. Samráð milli aðila virðist af skornum skammti, t. d. milli ráðuneyta og sjóða sem fjármagna eiga þessa smíði, auk þess sem stefna ríkisstjórnarinnar í innflutningi skipa síðustu ár hefur verið flestu sæmilega viti bornu fólki óskiljanleg. Samhliða því að taka upp skipulögð vinnubrögð í innlendri skipasmíði þarf því að endurskoða stefnu á þessu sviði frá grunni.

Forsendur frumvarpsins og væntanlegra lánsfjárlaga.

Það frv., sem hér er til afgreiðslu til lánsfjárlaga, gerir ráð fyrir að það verði 33% verðbreyting milli áranna 1981 og 1982, en það þýðir 25—27% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka á þessu ári. Þetta er sama grundvallarforsenda og „reiknitala" fjárlagafrumvarpsins. Frá því þessi „reiknitala" var ákveðin á haustmánuðum hefur orðið veruleg launabreyting. Grunnkaup hækkaði um 3,25% umfram forsendur fjárlagafrumvarps fyrir síðustu áramót, og í kjölfar meiri fiskverðshækkunar en gert er ráð fyrir í þessum forsendum varð stórfelld

gengisbreyting í janúar. Gengi Bandaríkjadollars hefur hækkað um 33,2% síðan 9. október í fyrra, þegar frv. til lánsfjárlaga var lagt fram, og er þá meðtalin 12% gengisbreyting í janúar s. l.

Verðbólgan verður augljóslega meiri en 25—27% á þessu ári, en hún þyrfti að verða það ef forsendur lánsfjárlaga ættu að standast. Jafnvel ríkisstjórnin í sinni draumórakenndu óskhyggju talar um að stefna að 30% verðbólguhraða á síðari hluta þessa árs.

Nú fyrir nokkrum dögum voru tvær vísitölur reiknaðar. Seðlabankinn hefur reiknað út lánskjaravísitölu fyrir aprílmánuð og hækkaði hún um 3,71% í þeim mánuði. Það jafngildir 54,9% á 12 mánuðum. Hagstofan hefur reiknað út vísitölu byggingarkostnaðar eftir verðlagi í fyrri hluta mars. Reyndist hún vera 1015 stig og hafði hækkað um 11,7% frá síðasta útreikningsdegi, þ. e. a. s. frá byrjun desember 1981.

Á einu ári hefur byggingarvísitalan hækkað úr 681 stigi í 1015 stig eða um liðlega 48,8%. Sé hins vegar 11,7% hækkun byggingarvísitölunnar framreiknuð næstu 12 mánuði þýðir það um 55,67%.

Sé litið á hækkun framfærsluvísitölunnar óniðurgreiddrar reyndist hún 12,7% hin 1. febrúar s. l., og spár Hagstofunnar og Þjóðhagsstofnunar benda til þess, að svipuð hækkun verði 1. maí. Þetta jafngildir rétt um 58% hækkun á 12 mánuðum. Jafnvel þótt niðurgreidd framfærsluvísitala sé lögð til grundvallar í verðbólguútreikningum, sem augljóslega er misvísandi mælikvarði, svo ekki sé meira sagt, reiknast verðbólguhraðinn á þann mælikvarða 45% á 12 mánuðum.

Það er því deginum ljósara, miðað við þá þróun, sem við blasir í verðbólguhraða, og hið öra gengisfall krónunnar frá því frumvarp til lánsfjárlaga var lagt fram, að lánsfjárlög, ef afgreidd verða á þann hátt sem lagt er til í tillögum minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar, verða byggð á forsendum sem brostnar eru fyrir löngu. Á það skal bent og það undirstrikað, **að lánsfjárlög, sem byggð eru á svo röngum forsendum um verðbólgu og gengisskráningu, en fastri krónutölu til ýmissa framkvæmda, þýða raunverulega stórfelldan sjálfvirkan niðurskurð á framkvæmdum og leiða til algjörs glundroða í fjármálakerfi landsins.** Hér er um miklu meira alvörumál að ræða en að því er varðar fjárlög, vegna þess að tekjur fjárlaga hækka með aukinni verðbólgu, en í lánsfjárlögum er miðað við ákveðna krónutölu til hinna ýmsu framkvæmda sem fyrirhugaðar eru skv. þeim.

Ástæða er ekki til að fjalla frekar um afgreiðslu frv. til lánsfjárlaga í þessu nefndaráliti og vísast, eins og áður segir, til nefndarálits stjórnarandstöðunnar í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar.

Hér skal ítrekað, að það frv. til lánsfjárlaga, sem hér er til afgreiðslu, og sú áætlun, sem því fylgir, einkennast af óraunsæi í innlendri fjáröflun, mikilli erlendri skuldasöfnun og mörgum óleystum vandamálum sem eru einfaldlega skilin eftir vitandi vits af hálfu stjórnarsinna. Með afgreiðslu frumvarpsins er því hvorki verið að marka stefnu né taka ákvarðanir um hvernig staðið skuli að málum, heldur einungis verið að reyna að fullnægja misskildum sjálfsmetnaði. Frumvarpið og þau lánsfjárlög, sem fyrirhugað er að afgreiða með tillögum minni hluta nefndarinnar, bera með sér sama bráðabirgðabragðið og aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, er andvígur þessum vinnubrögðum og þeim leikaraskap sem í þeim felst.

Alþingi, 23. mars 1982.

Matthías Bjarnason, frsm.
Matthías Á. Mathiesen.
Albert Guðmundsson.
Sighvatur Björgvinsson.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

8. janúar 1982.

Lán lífeyrissjóða til fjárfestingarlánasjóða og endurlánareiknings ríkissjóðs.

M.kr.	1979	1980	1981 Reynd	1981 Lánsfjár-áætlun
Framkvæmdasjóður	53	71	70	123
Byggingarsjóður ríkisins	41	80	120	153
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	13[1]	14
Stofnlánadeild landbúnaðarins	7	10	11	6
Iðnlánasjóður	4	4	—	—
Veðdeild Iðnaðarbankans	2	8	31	—
Verslunarlánasjóður	8	13	23	—
Stofnlánadeild samvinnufélaga	9	11	16	—
Samtals fjárfestingarlánasjóðir	124	197	284	296
Ríkissjóður	—	12	57	34—60
Alls	124	209	325	330—356

1) Þ. a. 5 m.kr. lán frá Byggingarsjóði ríkisins og eru lán til hans lækkuð um sömu fjárhæð.

Fylgiskjal II.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild

8. mars 1982.

Erlend lán 1981 (bráðabirgðatölur)
(Í millj. króna á meðalgengi ársins).

Flokkun samkvæmt:	Lántakendum		Lánnotendum
	Innkomin lán, nettó	Afborganir	Innkomin lán, nettó
Opinberir aðilar	**809.1**	**247.5**	**853.5**
Ríkissjóður	343.1	164.4	344.0[1]
Ríkisfyrirtæki	425.3	57.2	447.6
Þ. a. Landsvirkjun	398.6	34.8	403.5
Sveitarfélög	40.7	25.9	61.9
Þ. a. Hitaveitur	36.2	13.8	39.8[2]
Lánastofnanir	**546.5**	**219.4**	**175.6**
Seðlabanki	—	14.5	—
Viðskiptabankar	370.9	150.6	—
Framkvæmdasjóður	161.0	46.2	161.0
Fiskveiðasjóður	—	8.1	—
Aðrir lánasjóðir	14.6	0.0	14.6

Flokkun samkvæmt:	Lántakendum		Lánnotendum
	Innkomin lán, nettó	Afborganir	Innkomin lán, nettó
Einkaaðilar	**330.6**	**174.8**	**657.1**
Fiskiskipakaup	10.0	35.7	198.2
Endurbætur fiskiskipa	25.9	8.0	49.5
Vélar og tæki í fiskiskip	1.0	0.4	6.6
Vélar og tæki í fiskiðnaði	1.8	0.8	17.3
Rekstrarlán í sjávarútvegi	0.9	0.3	26.3
Iðnaður	46.2	24.6	57.4
Þ. a. járnblendifélagið	44.5	21.0	44.5
Flugvélakaup	1.7	34.4	11.2
Önnur skipakaup	137.9	48.7	137.9
Rekstrarlán í samgöngum	84.6	15.4	105.2
Önnur lán í samgöngum	9.0	3.8	12.0
Önnur einkalán	11.6	2.7	35.5
Erlend lán, alls	**1 686.2**	**641.7**	**1 686.2**

1) Ekki hægt að skipta endurlánum ríkissjóðs; 343.1 millj. kr.
2) Auk þess voru tekin skammtímalán; 149.8 millj. kr.

Fylgiskjal III.

Iðnaðarráðuneyti 8. febrúar 1982.

Fjárhagsáætlun vegna orkunýtingarrannsókna.

A. Tekjuöflun

Á fjárlögum — orkufrekur iðnaður	3 m.kr.
Lánsfjármagn — Iðnrekstrarsjóður	10 m.kr.
	13 m.kr.

B. Ráðstöfun

Í megindráttum er gert ráð fyrir eftirfarandi skiptingu á verkefni:

01 Kísilmálmverksmiðja	2.0 m.kr.
02 Magnesíumverksmiðja	1.0 m.kr.
03 Natríumklóratverksmiðja	1.0 m.kr.
04 Trjákvoðuverksmiðja	2.0 m.kr.
05 Álverksmiðja	3.0 m.kr.
06 Staðarvalsrannsóknir	2.5 m.kr.
07 Aðrar rannsóknir	1.5 m.kr.
	13.0 m.kr.

Fylgiskjal IV.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun
15.03.1982

Lánsfjárlög 1981 og afgreiðsla lánsfjár 1981 skv. bráðabirgðatölum.

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar-heimildir v/1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
1. Ríkissjóður					
1.1 A-hluti:					
Þjóðarbókhlaða	4 000	—	4 000	4 000	0
Vegagerð	100 000	—	100 000	100 000	0
„ bundið slitlag	10 000	—	10 000	10 000	0
„ sérstök verkefni	12 000	—	12 000	12 000	0
„ jaðarbyggðir	8 100	—	8 100	8 100	0
Landshafnir	2 000	—	2 000	2 000	0
Hluta- og eiginfjárframl.	3 820	—	3 820	3 720	100
RARIK, félagsl. framkv.	15 000	—	15 000	15 000	0
Járnblendifélagið	14 000	16 153[1])	30 153	30 153	0
Hafnarg. v/skipasmíðast.	11 770		11 770	11 770	0
Flugmálastjórn	4 000		4 000	4 000	0
Krafla, vaxtaútgjöld	36 450	25 032[2])	61 482	61 482	0
Landspítalinn	7 000		7 000	7 000	0
Tryggingastofnun ríkisins	30 000	—	30 000	0	30 000
Samtals	2 158 140	41 185	299 325	269 225	30 100

1) Heimild til lántöku skv. 3. gr. laga nr. 18/1977 um Ísl. járnblendifélagið.
2) Heimild í 29. gr. lánsfjárlaga 1981 nær til lántöku til greiðslu vaxta og greiðslu erlendra afborgana.

1.2 B-hluti:					
Byggðasjóður	31 500	3 500[1])	35 000	35 000	0
Landakaup kaupst. og kaupt.	3 000		3 000	0	+3 000
Lánasj. ísl. námsmanna	33 000		33 000	33 000	0
Ríkisútvarp	4 000		4 000	3 500	+500[3])
Lagmetisiðjan Siglósíld	1 000	2 400[4])	3 400	3 400	0
Skipaútgerð ríkisins	24 000		24 000	13 800	+10 200[5])
RARIK, alm. framkv.	83 080		83 080	83 080	0
Byggðalínur	52 100	15 490[6])	67 590	67 590	0
Kröfluvirkjun, framkvæmdir	33 640	3 000[7])	36 640	36 640	0
Jarðvarmaveitur ríkisins	8 000		8 000	8 000	0
Virkjunarrannsóknir	8 000		8 000	4 000	+4 000
Grænfóðurverksmiðjur	2 700		2 700	1 000	+1 700
Orkusjóður					
Byggðalínur, fjármagns-útgj.	38 400	17 335[8])	55 735	55 735	0
Hitaveitulán	7 500		7 500	7 500	0
Jarðhitaleit	11 000		11 000	11 000	0
Byggingasj. Listasafns Ísl.	—	4 000[9])	4 000	4 000	0
Landssmiðjan	3 000		3 000	3 000	0
Áburðarverksmiðjan	35 000		35 000	8 400	+26 600[10])

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar-heimildir v/1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
Póstur og sími:					
Vörukaupalán	4 600		4 600	4 600	0
Lagning sjálfvirks síma ..	8 000		8 000	8 000	0
Jarðstöðin Skyggnir	—	11 730	11 730	11 730	0
Næstu stórvirkjanir	—	37 400[11])	37 400	37 400	0
Samtals	391 520	94 855	486 375	440 375	37 145

1) Notkun heimildar frá 1980.
2) Verður ekki nýtt á árinu 1982 vegna nýrra heimilda í lántökufrumvarpi 1982.
3) Óafgreitt um áramót en afgreitt í mars.
4) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
5) Verður nýtt árið 1982 og auk þess 200 þús. frá árinu 1980.
6) Heimild fyrir 4 423 þús. kr. er í lánsfjárlögum 1982, 26. gr., en 11 067 þús. kr. eru teknar skv. ákv. fjárl. 1982.
7) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
8) Í 29. gr. lánsfjárlaga 1981 var heimild til lántöku til greiðslu afborgana af erlendum lánum.
9) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
10) Lán að upphæð 35 m. kr. tryggt, en aðeins 8,4 m. kr. ráðstafað á árinu 1981. Eftirst. á árinu 1982.
11) Geymd heimild vegna jarðstöðvar.
12) Heimild skv. l. nr. 60/1981 um raforkuver.

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar-heimildir v/1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs:					
Landsvirkjun	462 190		462 190	420 200	+41 990[1])
Orkubú Vestfjarða	17 000	5 600[2])	32 600	32 800	−200
Sjóefnavinnslan	—	4 000[3])	4 000	4 000	0
Kísiliðjan	2 000	3 000	5 000	4 905	+95
Samtals	481 190	12 600	503 790	461 905	42 285
3. Sveitarfélög:					
Hitaveitur	198 900	6 900	205 800	205 800[6])	0
Önnur lánsfjáröflun	15 000	1 050	16 050	16 050[5])	0
Samtals	213 900	7 950	221 850	221 850	0
4. Ráðst. (1+2+3)=fjáröflun .	1 355 000				
5. Innlend lán	338 100		320 000		
Spariskírteini 90 000			51 000		
Innh. endurl. (nettó) 90 000			110 000		
Verðb.k. bankak. („) 68 000			76 000		
„ lífeyrissj. (nettó) 40 000			57 000		
Önnur innl. fjáröflun 50 100			26 000		
Erlend lán	1 016 900				
	1 355 000				

1) Greiðsla áætluð 1981 nýtt 1982.
2) Heimild skv. lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
3) Heimild skv. lögum nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu.
4) Heimild skv. lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
5) Lán veitt Bæjarsjóði Vestm. 5 200, Bæjarsj. Ísafj. 850, Bæjarsj. Siglufj. 3 000 og Rafveitu Siglufj. 7 000. Viðbótarheimild í lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
6) Aðeins eru taldar viðbótarlántökur sem fara um endurlánareikn. ríkissj. Heimild skv. þessum lið, sbr. lið 3.12 í fjárlögum 1982, er ráðstafað til Hitaveitu Seyðisfj. 1 600, Hitaveitu Hafnar í Hornafirði 1 500, Hitaveitu Suðureyrar 500, Hitaveitu Hóla 634 og Rafveitu Siglufjarðar 1 500.

Ed. 514. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. des. 1981.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. Í greinargerð með frv. kemur fram að ráðuneytið hafi haft lög nr. 90/1981 til athugunar og að komið hafi í ljós, að hæpið sé að það takist að festa kaup á nægilegu magni af stimplum í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á vori komanda.

Nefndin hefur eftir atvikum fallist á samþykkt frv., en þó aðeins sem bráðabirgðaúrræði sem gildi til ársloka 1982, og flytur breytingartillögur þess efnis á sérstöku þskj.

Alþingi, 23. mars 1982.

Eiður Guðnason, form.	Salome Þorkelsdóttir, frsm.	Ey. Kon. Jónsson.
Egill Jónsson.	Soffía Guðmundsdóttir.	Jón Helgason.
	Stefán Guðmundsson.	

Ed. 515. Breytingartillögur [230. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. des. 1981.

Frá allsherjarnefnd.

1. 2. gr. (ný grein) orðist svo:
   Ákvæði 1. gr. gilda til ársloka 1982.
2. 3. gr. (ný grein) orðist svo:
   Frá 1. janúar 1983 skal 65. gr. laganna orðast svo:
   Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

Nd. 516. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Sighvati Björgvinssyni, Matthíasi Á. Mathiesen og Albert Guðmundssyni.

Við 28. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Fjármálaráðherra skal leita samninga við þá lífeyrissjóði, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að þeir verji á árinu a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum o. s. frv.

Nd. 517. Breytingartillaga [55. mál]

við brtt. á þskj. 503 [Lánsfjárlög 1982].

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Sighvati Björgvinssyni, Albert Guðmundssyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

Við 6. tölulið. Upphaf hinnar nýju greinar orðist svo:.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1982 er ríkisstjórninni heimilt að fengnu samþykki fjárveitinganefndar að lækka ríkisútgjöld um 120 millj. kr. o. s. frv.

Nd. 518. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Við 9. gr. Síðasti málsliður greinarinnar falli niður.

Nd. 519. Lög [19. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 24. mars.)

Samhljóða þskj. 414.

Nd. 520. Lög [144. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 24. mars.)

Samhljóða þskj. 166.

Ed. 521. Frumvarp til laga [230. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. des. 1981.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. mars.)

1. gr.

65. gr. laganna hefjist svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn o. s. frv.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda til ársloka 1982.

3. gr.

Frá 1. janúar 1983 skal 65. gr. laganna orðast svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 522. Tillaga til þingsályktunar [249. mál]

um aukaþing til að afgreiða nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Árni Gunnarsson, Benedikt Gröndal, Eiður Guðnason, Gunnar R. Pétursson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar, að kallað skuli saman aukaþing, skv. heimild í 22. gr. stjórnarskrárinnar, í ágúst 1982 til að fjalla um og afgreiða nýja stjórnarskrá fyrir Lýðveldið Ísland.

Greinargerð.

Þegar lýðveldið var stofnað 1944 var notast við hina gömlu stjórnarskrá konungsríkisins með nauðsynlegum orðabreytingum, enda þótt hún væri að stofni til frá 19. öld.

Margar tilraunir hafa verið gerðar til að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, en allar runnið út í sandinn. Hafa aðeins verið gerðar einstakar breytingar, fyrst og fremst á kjördæmaskipan, og þar við hefur setið.

Síðasta ályktun Alþingis um stjórnarskrármálið var samþykkt 6. maí 1978 og var á þessa lund:

„Alþingi ályktar, að þar sem 6 ár eru liðin síðan stjórnarskrárnefnd var kosin, og það er lengri tími en venjulegur kjörtími þingkjörinna nefnda og ráða, skuli að loknum kosningum til Alþingis tilnefna að nýju 9 menn í stjórnarskrárnefnd af hálfu þeirra stjórnmálaflokka, sem fulltrúa eiga á nýkjörnu Alþingi, og í hlutfalli við þingmannatölu þeirra. Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipan, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög."

Alþýðuflokkurinn gerir nú tillögu um að aukaþing skuli kallað saman samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar í ágústmánuði þessa árs, og skuli það fjalla um frumvarp frá stjórnarskrárnefnd og afgreiða nýja stjórnarskrá. Virðist það mun líklegra til árangurs heldur en að blanda þessu máli saman við önnur verkefni þingsins.

Alþýðuflokkurinn hefur oft fjallað um stjórnarskrármálið og síðasta ályktun hans um það var gerð 3. apríl 1981 og var á þessa leið:

„Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur haft stjórnarskrármálið til ítarlegrar athugunar á undanförnum mánuðum. Telur flokkurinn brýnt, að störfum stjórnarskrárnefndar verði hraðað eftir föngum, og leggur áherslu á að fyrir næstu kosningar liggi fyrir tillaga að nýrri stjórnarskrá. Það er álit þingflokksins að nú beri að vinna jöfnum höndum að umbótum á kjördæmaskipan og kosningalöggjöf annars vegar og endurskoðun annarra ákvæða stjórnarskrárinnar hins vegar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins telur að hin nýja stjórnarskrá eigi að fela í sér ný ákvæði um mannréttindi, umhverfismál, dómsmál, þjóðareign á landi, þjóðaratkvæði og störf Al-

þingis. Hefur flokkurinn mótað tillögur um þessi efni og sérstaklega gert drög að nýjum III. kafla stjórnarskrárinnar, sem fjallar um störf Alþingis. Um leið og þessar tillögur eru kynntar, leggur flokkurinn til, að stjórnarskrárnefnd geri drög að nýrri stjórnarskrá, sem taki til ofangreindra atriða.

Jafnframt því sem stjórnarskrárnefnd vinni að tillögum um aðra þætti stjórnarskrárinnar, telur Alþýðuflokkurinn rétt, að fram fari viðræður milli flokkanna um umbætur á kjördæmaskipan og kosningalöggjöf, og lýsir áhuga sínum á að slíkar viðræður hefjist sem fyrst. Stefnumörkun Alþýðuflokksins í þessum efnum kemur fram í stefnuskrá flokksins, en þar stendur:

„Alþýðuflokkurinn vill að kjördæmaskipan og kosningalöggjöf verði breytt. Að leiðarljósi verður að hafa réttlæti milli einstakra byggðarlaga, jöfnun atkvæðisréttar og hagsmuni hinna dreifðu byggða. Stjórnarskráin þarf að tryggja, að þingstyrkur stjórnmálaflokkanna sé jafnan í fullu samræmi við kjörfylgi þeirra."

Þingflokkur Alþýðuflokksins er reiðubúinn til að ræða hugmyndina um Ísland allt sem eitt kjördæmi, skiptingu landsins í kjördæmi eftir fjórðungum auk Reykjavíkur og endurbætur miðað við sömu kjördæmaskiptingu og nú gildir, en þá eigi að setja ákvæði um endurútreikning þingmannatölu hvers kjördæmis á 10 ára fresti til að hindra óeðlilega röskun. Flokkurinn hafnar einmenningskjördæmum algerlega. Jafnframt leggur flokkurinn áherslu á ákvæði sem auki möguleika til persónuvals."

Sþ. 523. Beiðni um skýrslu

frá iðnaðarráðherra, um núgildandi áætlanir um stofnkostnað og arðsemi sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Sighvati Björgvinssyni, Benedikt Gröndal, Vilmundi Gylfasyni, Árna Gunnarssyni, Geir Gunnarssyni, Magnúsi H. Magnússyni, Karvel Pálmasyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óska undirritaðir þingmenn eftir því, að iðnaðarráðherra gefi Alþingi skýrslu um núgildandi áætlanir um stofnkostnað og arðsemi sjóefnavinnslu á Reykjanesi svo og um framkvæmdaáætlun.

Alþingi, 15. mars 1982.

Kjartan Jóhannsson.	Karl Steinar Guðnason.	Sighvatur Björgvinsson.
Benedikt Gröndal.	Vilmundur Gylfason.	Árni Gunnarsson.
Geir Gunnarsson.	Magnús H. Magnússon.	Karvel Pálmason.
	Jóhanna Sigurðardóttir.	

Til forseta sameinaðs Alþingis.

Greinargerð.

Hinn 22. maí 1981 voru samþykkt á Alþingi lög sem heimiluðu ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán til handa hlutafélaginu.

Þessar samþykktir voru gerðar á grundvelli þeirra áætlana sem þá lágu fyrir. Nú hefur komið fram í blaðaskrifum að þessar áætlanir standist ekki. Nauðsynlegt er að Alþingi fái sem gleggstar og réttastar upplýsingar um forsendur rekstrar og framkvæmda. Því er þessi beiðni um skýrslu fram borin.

Sþ. 524. Tillaga til þingsályktunar [250. mál]

um atvinnumál á Raufarhöfn og Siglufirði.

Flm.: Halldór Blöndal, Eyjólfur Konráð Jónsson, Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera úttekt á atvinnumálum Raufarhafnar og Siglufjarðar með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum, sem hrun loðnustofnsins hefur valdið. Niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum um nýja atvinnuuppbyggingu skulu lagðar fyrir ríkisstjórnina svo fljótt sem verða má og kynntar alþingismönnum.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það virðist nú liggja fyrir, að ekki verði um það að ræða, að meiri loðna fáist úr sjó á þessu ári eða í náinni framtíð. Þetta hefur að sjálfsögðu mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðarbúið í heild sem enginn skyldi gera lítið úr. Mestur er þó skaðinn á þeim stöðum þar sem loðnuvinnsla hefur verið undirstaða atvinnulífsins, svo sem á Raufarhöfn og Siglufirði. Ef ekkert annað kemur í staðinn er við því að búast, að til alvarlegs atvinnuleysis komi, nema fólk flytji búferlum hópum saman. Á það er að líta í því sambandi, að umsvif þjónustu- og verslunarfyrirtækja dragast stórlega saman samtímis því sem verksmiðjur S. R. loka, svo að við blasir að rekstrargrundvöllur sumra þeirra a. m. k. sé ekki lengur fyrir hendi.

Sþ. 525. Fyrirspurn [251. mál]

til forsætisráðherra um samningsbundna endurskoðun á hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjöldum ÍSALs.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Karli Steinari Guðnasyni, Geir Gunnarssyni, Jóhanni Einvarðssyni, Ólafi G. Einarssyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. Hvað líður afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á ósk Hafnarfjarðarbæjar um endurskoðun á hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldstekjum af ÍSAL, samkvæmt samningsbundinni kröfu bæjaryfirvalda?
2. Hvenær má vænta lagafrumvarps um þetta efni í samræmi við ákvæði samnings milli iðnaðarráðuneytisins og bæjarstjórnar frá því í maímánuði 1976 sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur óskað atbeina forsætisráðherra við?

Nd. 526. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til l. um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt með breytingu, sem birt er á sérstöku þingskjali. Skúli Alexandersson skilar séráliti.

Alþingi, 23. mars 1982.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Eggert Haukdal.	Pétur Sigurðsson.	Þórarinn Sigurjónsson.

Nd. 527. Breytingartillaga [216. mál]

við frv. til l. um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist svohljóðandi ákvæði:

Jarðanefnd getur einnig undanþegið samtök launþega og samtök vinnuveitenda byggingarskyldu á jörð, ef jörðin er vel fallin til almenns útilífs og orlofshús félaganna eru þar starfrækt. Leiti jarðanefnd undanþágu frá byggingarskyldu skv. þessari mgr. skal fasteignaskattur greiddur af viðkomandi jörð svo sem hann er skilgreindur í lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Nd. 528. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt með breytingum, sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. mars 1982.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Skúli Alexandersson.	Pétur Sigurðsson.	Eggert Haukdal.
	Þórarinn Sigurjónsson.	

Nd. 529. Breytingartillögur [217. mál]

við frv. til l. um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:
   Gera tillögur um úthlutun landssvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða, orlofshúsa samtaka launþega og vinnuveitenda og til almenns útilífs, ef sóst er eftir landi í því skyni.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Við 12. gr. laganna bætist ný málsgr., sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
   Óski samtök launþega eða vinnuveitenda eftir landi til rekstrar orlofshúsa fyrir félagsmenn sína, er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands, rýri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar.

Sþ. 530. Frumvarp til fjáraukalaga [252. mál]

fyrir árið 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1978 er veitt:

		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	76 147
02	Menntamálaráðuneytið	6 666 047
03	Utanríkisráðuneytið	584 678
04	Landbúnaðarráðuneytið	2 408 915
05	Sjávarútvegsráðuneytið	915 164
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	3 453 797
07	Félagsmálaráðuneytið	974 654
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	12 434 178
10	Samgönguráðuneytið	1 050 828
11	Iðnaðarráðuneytið	761 984
12	Viðskiptaráðuneytið	4 854 468
13	Hagstofa Íslands	25 486
14	Ríkisendurskoðun	37 077
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	3 055 201
	Samtals	37 298 624

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1978. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1978 sýnir, að undanskildum alþingiskostnaði.

Ed. 531. Frumvarp til laga [253. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1978 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	928 186	1 233 445
01	Forsætisráðuneytið	2 234 882	2 228 925
02	Menntamálaráðuneytið	19 941 182	26 607 229
03	Utanríkisráðuneytið	1 362 436	1 947 114
04	Landbúnaðarráðuneytið	6 840 130	9 249 045
05	Sjávarútvegsráðuneytið	3 100 259	4 015 423
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	7 225 631	10 679 428
07	Félagsmálaráðuneytið	5 940 962	6 915 616
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	45 005 128	57 439 306
09	Fjármálaráðuneytið	16 938 739	6 204 202
10	Samgönguráðuneytið	13 783 701	14 834 529
11	Iðnaðarráðuneytið	3 658 872	4 420 856
12	Viðskiptaráðuneytið	7 827 003	12 681 471
13	Hagstofa Íslands	97 495	122 981
14	Ríkisendurskoðun	128 720	165 797
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	3 459 505	6 514 706
	Mismunur	1 023 218	
	Samtals	139 496 049	165 260 073

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	137 711 771	160 740 160
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	383 178	401 455
13	Ýmsar tekjur	1 401 100	2 509 370
	Mismunur		1 609 088
	Samtals	139 496 049	165 260 073

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1978, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Nd. 532. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, ásamt síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að greinar þess verði samþykktar óbreyttar, en leggur jafnframt til að við bætist ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna í heild. Árni Gunnarsson, Pétur Sigurðsson, Skúli Alexandersson og Steinþór Gestsson skrifa undir með fyrirvara.

BREYTINGARTILLAGA

Aftan við frumvarpið bætist svohljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög nr. 45 frá 16. apríl 1971 skulu endurskoðuð í heild og skal endurskoðun þeirra lokið fyrir árslok 1984.

Alþingi, 25. mars 1982.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Þórarinn Sigurjónsson.
Skúli Alexandersson.	Eggert Haukdal.	Steinþór Gestsson.
	Pétur Sigurðsson.	

Sþ. 533. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]

um sparnað í olíunotkun fiskiskipa.

Flm.: Jón Helgason, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvað draga megi úr olíunotkun fiskiskipa með breyttu byggingarlagi, og þá jafnframt, hvort hagkvæmt verði að gera breytingar á þeim skipum sem nú eru í notkun.

Greinargerð.

Öllum eru kunnugir þeir miklu erfiðleikar sem hækkandi olíuverð hefur valdið útgerð fiskiskipa. Til þess að mæta þessum útgjaldalið hefur m. a. verið lagt svonefnt olíugjald á aflann. Hefur það valdið mikilli óánægju sjómanna og er nú rætt um afnám þess.

En hvaða leið sem fundin verður til breytinga á olíugjaldinu er brýn nauðsyn fyrir alla aðila, útgerðarmenn, sjómenn og þjóðfélagið í heild, að leitað sé allra leiða til að draga úr þessum mikla útgjaldalið. Mikið átak var gert í þessu máli með því að taka upp notkun svartolíu í stað gasolíu á mörgum skipum, enda þótt árangurinn hafi orðið eitthvað misjafn eftir því, hvað vélarnar hentuðu vel til þeirrar breytingar. Enn fremur hafa verið gerðar aðrar breytingar til hagræðingar, t. d. settir skrúfuhringir á skipin.

En eins og fram kemur í fylgiskjali með þessari tillögu, sem er áætlun er Sigurður Arason skipatæknifræðingur hefur unnið í samstarfi við Sigurð Ingvason, þá telja þeir að miklu lengra megi ná með frekari breytingum á byggingarlagi, sérstaklega togskipa.

Til staðfestingar réttmæti þeirra tillagna, sem settar eru fram í þessari áætlun, má benda á þá reynslu sem þegar er fengin á togaranum Ottó N. Þorlákssyni, en hann var smíðaður samkvæmt tillögum Sigurðar Ingvasonar. Samkvæmt upplýsingum frá Bæjarútgerð Reykjavíkur var olíueyðsla þess togara á árinu 1981 um 5 600 lítrar á úthaldsdag, en hjá togaranum Jóni Baldvinssyni tæplega 7 000 lítrar. Enn þá meiri munur er þó á olíueyðslunni á hvert aflatonn, en það er vitanlega það sem skiptir mestu máli. Skýringin á því er sá aukni togkraftur sem bætt byggingarlag hefur í för með sér. Að öðru leyti nægir að benda á nánari skýringar um þetta atriði í fylgiskjalinu.

En þar sem um er að ræða jafnstóran útgjaldalið fyrir þjóðarbúið og olíunotkun fiskiskipanna, þá er mjög brýnt að leitað sé allra leiða til að draga úr þessum útgjaldalið og leggja í nauðsynlegar rannsóknir í því skyni. Ekki er hægt að fullyrða, áður en slík rannsókn hefur farið fram, hversu mikill árangur kann að nást. En Sigurður Ingvason hefur gert sér vonir um að það kynni að draga úr olíunotkuninni, miðað við aflann, um 25—40%. En jafnvel þó að árangurinn yrði eitthvað minni, þá myndi kostnaðurinn við rannsóknirnar fást greiddur margfaldlega til baka.

En auðvitað skiptir það mestu máli við smíði nýrra skipa, að fyllsta tillit sé tekið til orkusparnaðar við hönnun þeirra. En jafnframt þarf að athuga, hvort ekki kynni að vera hagkvæmt að breyta einhverjum þeirra skipa sem þegar eru í flotanum og verða munu í notkun allmörg ár áfram. Með nákvæmum tilraunum á einu þeirra ætti að vera hægt að fá vísbendingu fyrir mörg önnur.

Við flutningsmenn þessarar tillögu væntum þess, að Alþingi sé sammála okkur um það, að hér sé um svo stórt mál að ræða að sjálfsagt sé að fela ríkisstjórninni að athuga það nákvæmlega, eins og gert er ráð fyrir með þessari tillögu.

Fylgiskjal.

Verkefni

Athugun á breytingu skuttogara.

Markmið

Að gera skuttogarann hæfari:

1. Meiri togkraft með sama vélarafli.
2. Minni mótstöðu í sjó við sama hraða.
3. Betri sjóhæfni.

Til að ná þessu marki er nauðsynlegt að gera tilraunir með líkan af skuttogara, sem er í notkun, og með því ákvarða hvaða breytingar á línum og skrúfufyrirkomulagi eru vænlegastar til árangurs.

Eftirtaldar breytingar munu væntanlega gefa góða raun:

— Auka þvermál skrúfu.
— Minnka snúningshraða skrúfu.
— Skrúfuhringur (stýrishringur) settur upp.
— Breyting á afturskipi til að bæta streymi að skrúfu.
— Breyting á framskipi.

Þessi atriði eru sett fram m. a. vegna þeirrar reynslu, sem fengist hefur af hliðstæðum líkanatilraunum af skuttogaranum Ottó N. Þorlákssyni og væntanlegri nýsmíði Skipaútgerðar ríkisins.

Hjálögð línurit nr. 1 og 2 eru fengin frá Skibsteknisk Laboratorium í Danmörku, sem er fyrirtæki sérhæft í líkanatilraunum og ýmsum útreikningum er varða skip. Línuritin sýna hversu mikið aukið skrúfuþvermál samfara lágum snúningshraða skrúfu, eykur togafl við sama vélarafl. Einnig sýna þau að skrúfuhringur eykur togkraft mikið. Þessi línurit eru fengin með tilraunum og sýna togkraft við mismunandi skrúfuþvermál, snúningshraða, hestöfl og með eða án skrúfuhrings.

Ef fyrst er litið á línurit nr. 1, án skrúfuhrings, sést að mikill munur er á togkrafti skrúfu með 2.0 m þvermál og 300 s/m annars vegar og skrúfu með 2.6 m þvermál og 200 s/m hins vegar.

Af línuritinu má lesa að fyrrnefnd 2.0 m skrúfa gefur ca. 8700 kp togkraft við 900 PHK (9.67 kp/PHK). Aftur á móti gefur 2.6 m skrúfa 10 200 kp togkraft við 900 PHK (11.33 kp/PHK). Við að auka þannig skrúfuþvermálið úr 2.0 m í 2.6 m og lækka snúningshraðann úr 300 í 200 s/m eykst togkrafturinn um 17.2% við sömu hestaflatölu.

Ef sömu skrúfur eru prófaðar með skrúfuhring (línurit nr. 2), kemur í ljós að 2.0 m skrúfa, 300 s/m og 900 PHK gefur ca. 10 180 kp togkraft (11.31 kp/PHK). 2.6 m skrúfa gefur aftur á móti ca. 11 600 kp togkraft (12.88 kp/PHK).

Skrúfuhringur eykur því togkraftinn að öllu öðru óbreyttu um (2.0 m) 17% og (2.6 m) 13.7%.

Heildaraukning togkrafts frá skrúfu 2.0 m, 300 s/m, án skrúfuhrings, í 2.6 m skrúfu, 200 s/m með skrúfuhring er því ca. 33.3% miðað við 900 PHK.

Ef snúningshraði skrúfu er lækkaður í 150 s/m, verður heildaraukning togkrafts ca. 40.8%.

Ef gengið er út frá óbreyttum veiðarfærum og þar af leiðandi óbreyttri togaflsþörf, er olíusparnaður tilsvarandi á togi. Einnig fæst af línuritunum að 2.6 m skrúfa, 150 s/m og með skrúfuhring gefur ca. 2.3% meiri togkraft við 600 PHK en 2.0 m skrúfa, 300 s/m án skrúfuhrings við 900 PHK.

Áður en líkanatilraunir hefjast þarf að huga að því, hvernig hagkvæmast er að breyta fram- og afturskipi, þannig að breytingin gefi sem bestan árangur og verði sem auðveldust í framkvæmd.

Breyting á afturskipi.

a. Stækkun á skrúfu krefst stærra rýmis undir skutnum. Þessu stærra rými er auðveldast að ná með því að færa skrúfuna aftar.

Vegna innbyggðs kjölhalla á flestum fiskiskipum, eykst plássið fyrir skrúfu sjálfkrafa undir hinum eiginlega skrokk, við að skrúfan færist aftar.

Stærri skrúfa krefst væntanlega sverari öxuls.

b. Við að færa skrúfuna aftar verður væntanlega ekki pláss fyrir stýri af venjulegri gerð. Hægt er að setja upp stýrishring, sem er bæði í senn stýri og skrúfuhringur. Stýrisstamminn getur hugsanlega verið á sama stað og áður.

c. Við að nota stýrishring er nauðsynlegt að hafa öflugri stýrisvél og auka þvermál stýrisstamma.

Einnig er hugsanlegt að auka þurfi styrk á hæl.

d. Hæggengari skrúfa krefst nýs gírs eða breytingar á núverandi gír, miðað við sama snúningshraða aðalvélar.

e. Bætt streymi að skrúfu getur þýtt verulega breytingu á kjöl í afturskipi, frá gír og aftur að skrúfu.

f. Bætt slip í afturskipi getur þýtt lyftingu á botni, þannig að afturendi skuts komi upp úr sjó við eðlilega hleðslu skips.

Breyting á framskipi.

a. Til að draga úr þeirri snöggu breytingu, sem oft vill verða á vatnslínu, frá stefni og að beinni síðu er hægt að auka sverleika á stefni.

Við það flyst bógbylgjan fram á stefnið. Á stefninu verður því nokkru stærri bylgja en almennt gerist, en bógbylgjan eyðist að meira eða minna leyti. Það er þó háð lengd og breidd skips og hversu breitt stefnið er miðað við heildarbreidd skips.

b. Við að teygja skipið (vatnslínur) fram, undir sjólínu, flyst nokkurt særými fram í skipið. Það verður til þess, að minni (hægari) særýmisbreyting verður á stefninu þegar skipið stingur sér í ölduna.

Skipið byrjar tiltölulega fljótt að taka við sér, án þess að það gerist snöggt, eins og oft vill verða á skipum með fínt framskip undir sjólínu og síðan mikið útfallandi síður yfir sjólínu. Þykkara stefni gefur því hægari og jafnari dýfur, þegar siglt er á móti. Það minnkar heildarmótstöðu í öldum. Skipið hikar minna í öldunni.

Tvær leiðir eru hugsanlegar við breytingar á framskipi.

a. Skipt algjörlega um framskip undir vatnslínu, frá stefni og aftur undir lest, þ. e. a. s. gamla stefnið skorið algjörlega burt og endurnýjað undir sjólínu.

b. Hin leiðin er að byggja falskt stefni utan á það gamla, án þess að raska því sem nokkru nemur.

Hvor leiðin yrði valin verður að ráðast af viðkomandi skipi, hvort í framskipinu séu íbúðir undir sjólínu eða bara tankar.

Líkanatilraunir.

Eins og áður segir er nauðsynlegt að gera líkanatilraunir til ákvörðunar á hvaða breytingar eru vænlegastar og hversu mikils má vænta af þeim í auknum togkrafti, bættri sjóhæfni og olíusparnaði.

Skibsteknisk Laboratorium hefur gefið tilboð í slíkar líkanatilraunir. Tilboðið fylgir hér með, lauslega þýtt úr dönsku.

Í fyrsta lagi verður að smíða eitt ca. 4 m langt líkan af skipinu, eins og það lítur út í dag.

Á því verða síðan gerðar ýmsar tilraunir til ákvörðunar á mótstöðu líkans, straumlínur, nýting á skrúfu, streymi að skrúfu o. fl.

Ýmist yrði líkanið dregið eða því siglt fyrir eigin vélarafli.

Þessar tilraunir eru til þess að staðfesta, hvernig skipið er í dag, og þar með hafa góðan samanburðargrundvöll við seinni tilraunir, þegar líkaninu verður breytt.

Einnig er gert ráð fyrir að prófa líkanið í bylgjum og mæla þar hinar ýmsu hreyfingar þess, m. a. veltu lang- og þverskips, hraðanir í fram- og afturskipi o. fl.

Þegar þessum tilraunum er lokið, verður líkaninu breytt.

Ef sams konar tilraunir hafa áður verið framkvæmdar og niðurstöður þeirra liggja fyrir, er hugsanlegt að þessi hluti tilraunarinnar verði minni eða falli alveg niður.

Eftir breytingarnar yrði líkanið nú prófað á sama hátt að nýju og þannig fengist nákvæmur samanburður á líkönum (skipi) fyrir og eftir breytingu.

Hugsanlegt er að meðan á tilraunum stendur komi í ljós eitthvað sem betur mætti fara, þannig að fleiri breytingar á líkani en rætt hefur verið um væru æskilegar og þá um leið fleiri keyrslur í tank.

Niðurstöður tilraunanna gera kleift að reikna út hver sparnaður í olíu verður, samtímis því að hægt er að meta sjóhæfni skipsins og aukna veiðigetu. Niðurstöðurnar má síðan leggja til grundvallar ákvörðun um hverjar breytinganna eru arðbærar, þar sem verðútreikningar á framkvæmd breytinganna geta þá legið fyrir.

Aðeins er gert ráð fyrir tilraun með líkan af einum togara. Gert er ráð fyrir að þessi tilraun geti gefið vísbendingu hvernig almennt megi breyta togurum með góðum árangri. Því ætti ekki að vera þörf fyrir meiriháttar líkanatilraunir fyrir hvert skip. Þó er hugsanlegt að minni háttar tilraunir væru æskilegar til þess að ákvarða besta skrokkformið.

Kostnaður af þessari prófun á líkani gæti því hugsanlega dreifst á nokkur skip.

Reykjavík, 02.12.81.
Sigurður Arason.
Sigurður Ingvason.

Til dæmis Bjarni Benediktsson



Hugsanlegar breytingar á gömlum skipum.
Sparar ca: 20—25% af olíunotkun
Eykur togafl ca: 3—4 tonn.
Ætti að kanna í tanki.


Togkraftur við toghraða
Án skrúfuhrings. 900PHK
nr. 1
Togkraftur í kp
10500
10000
9500
9000
8500
8000
7500
7000
6500
6000
5500
5000
4500
3500
200 s/m
300 s/m
Skrúfuþvermál í m
1.0
1.1
1.2
1.3
1.4
1.5
1.6
1.7
1.8
1.9
2.0
2.1
2.2
2.3
2.4
2.5
2.6
2.7
2.8
2.9
3.0
SKIBSTEKNISK LABORATORIUM


nr. 2
Togkraftur við toghraða
Með skrúfuhring. 600—900 PHK
Togkraftur í kp
12000
11500
11000
10500
10000
9500
9000
8500
8000
7500
7000
6500
6000
5500
4500
150 s/m
200 s/m
300 s/m
900
150 s/m
250 s/m
700
600
PHK
Skrúfuþvermál í m
1.0
1.1
1.2
1.3
1.4
1.5
1.6
1.7
1.8
1.9
2.0
2.1
2.2
2.3
2.4
2.5
2.6
2.7
2.8
2.9
3.0
SKIBSTEKNISK LABORATORIUM

Kostnaðaráætlun fyrir verkefni.

	Íkr.
1. Líkanatilraunir samkvæmt tilboði frá Skibsteknisk Laboratorium 18.11.81. Dkr. 525850 á gengi 1 1423 (19.11.81)	60 0678
2. Hugsanlegar aukatilraunir sem ekki eru í tilboði S. L., áætlað ca. 10% (52 150 Dkr.)	59 572
3. Hönnunarkostnaður	161 000
4. Ferðakostnaður vegna tilrauna o. fl.	70 000
5. Ófyrirséð	89 150
Samtals	980 400

Tilboð frá Skibsteknisk Laboratorium 18.11.81.

Lausleg þýðing úr dönsku.

	Dkr.
1. Smíði á 4 m trélíkani	46 000
Stýrisspaði	2 000
Myndmerki	1 550
2. Framkvæmd líkanatilrauna (líkan dregið), 5 hnúta hraðasvæði, ásamt ákvörðun á formfaktorum.	
Fulllestað	21 000
Léttlestað	10 500
3. Frágangur á 1 stk. stillanlegri lagerskrúfu (lagerpropeller)	2 500
4. Hugsanleg framkvæmd tilraunar á stilliskrúfu í opnu vatni með nýrri stigningu	13 000
5. Framkvæmd líkanatilrauna (líkan sjálfdrifið), 5 hnúta hraðasvæði, ásamt myndatöku af bylgjum:	
Fulllestað	27 000
Léttlestað	13 500
6. Framkvæmd meðstraumsmæling:	
Eitt hleðslutilfelli og hraði	35 000
7. Framkvæmd straumlínutilraun með málningu:	
Eitt hleðslutilfelli og hraði	9 000
8. Líkan undirbúið fyrir keyrslu í bylgjum (líkan sjálfdrifið)	42 500
9. Keyrsla í bylgjum (líkan sjálfdr. og fjarst.):	
Eitt hleðslutilfelli, bylgjur sem svara til þriggja mismunandi vindhraða.	
Líkan keyrt með 4 mismunandi hröðum pr. bylgjumynstur	48 000
10. Í sambandi við lið 9 eru hreyfingar líkans mældar, velta lang- og þverskips, hraðanir í fram- og afturskipi o. fl.	10 000
11. Breyting á líkani	27 000
12. Framkvæmd líkanatilraun eins og í lið 2	31 500
13. Frágangur á lagerskrúfu	2 500
14. Hugsanleg opin vatnstilraun með skrúfuhring	15 600
15. Líkanatilraun eins og í lið 5 með skrúfuhring	44 700
16. Meðstraumsmæling eins og í lið 6	35 000
17. Straumlínutilraun eins og í lið 7	9 000
18. Undirbúningur líkans eins og í lið 8	21 000
19. Líkan sjálfdrifið í bylgjum eins og í lið 9	48 000
20. Eins og liður 10	10 000
21. Skýrsla í þrem eintökum er innifalin í verði hinna ýmsu tilrauna. Skýrsla er áætluð 15% af heildarverði.	
Samtals	525 850

Ed. 534. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum og aflað sér margvíslegra upplýsinga. Á fundi 22. mars samþykkti sjávarútvegsnefnd að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 24. mars 1982.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Guðm. Karlsson.
Geir Gunnarsson.	Kjartan Jóhannsson.	Egill Jónsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Ed. 535. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum og fengið fjölda umsagna.
Á fundi sjávarútvegsnefndar 22. mars samþykkti nefndin að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. bætist ný málsgr. er verði 3. málsgrein:
   Verð umbúða skal dragast frá þegar útflutningsgjald er lagt á unnar afurðir.
2. Við 2. gr. Í stað „3.5%“ komi: 3.25%.
3. Á 3. gr. eru gerðar þessar breytingar:
   a. Í stað „38%“ komi 41%
   b. Í stað „18%“ komi 20%
   c. Í stað „22%“ komi 24%
   d. Í stað „22%“ komi 15%
4. Við 5. gr. Aftan við 1. málslið bætist: sbr. þó 3. mgr. 1. gr.
5. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

Alþingi, 24. mars 1982.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðmundur Bjarnason, fundaskr.	Guðmundur Karlsson.
Geir Gunnarsson.	Kjartan Jóhannsson.	Egill Jónsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Ed. 536. Frumvarp til laga [255. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 1. gr. laga nr. 34/1980 orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en einni milljón króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

2. gr.

Lög um ráðherraábyrgð nr. 4/1963.

Í 1. mgr. 11. gr. laganna falli niður orðin „allt að kr. 50 000".

3. gr.

Lög um kosningar til Alþingis nr. 52/1959.

A. Í 140. gr. falli niður orðin „frá 1 000—20 000 kr."
B. Í 141. gr. falli niður orðin „frá 400—4 000 kr."
C. Í 142. gr. falli niður orðin „2 000—20 000 króna."
D. Í 143. gr. falli niður orðin „1 000—20 000 króna."

4. gr.

Lög um sparisjóði nr. 69/1941.

Í 1. mgr. 29. gr. falli niður orðin „allt að 500 kr."

5. gr.

Lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar nr. 45/1926.

8. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara varðar sektum, auk þess má með dómi svipta mann rétti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann áður sætt sektum fyrir brot gegn lögum þessum. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928.

8. gr. orðist svo:

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi, eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

7. gr.

Lög um dýravernd nr. 21/1957.

Í 1. mgr. 18. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, falli niður orðin „allt að 10 þús. kr."

8. gr.

Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim nr. 28/1940.

A. 3. gr., sbr. 2. gr. l. nr. 72/1954, orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum eða varðhaldi.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

B. 4. gr. laganna falli niður.

9. gr.

Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Í 1. mgr. 5. gr., sbr. 1. gr. l. nr. 60/1980, falli niður orðin „allt að 6 millj. króna".

10. gr.

Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7/1953.

A. 2. mgr. 4. gr. falli niður.

B. 7. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum.

11. gr.

Vegalög nr. 6/1977.

Í 85. gr. falli niður orðin „allt að 100 þúsund krónum".

12. gr.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum nr. 83/1966.

Í 10. gr. falli niður orðin „frá 1 000—10 000 kr."

13. gr.

Lög um leigubifreiðar nr. 36/1970.

Í 11. gr. falli niður orðin „frá 500—20 000 krónum".

14. gr.

Lög um fjarskipti nr. 30/1941.

Í 1. tl. 27. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 krónum".

15. gr.

Lög um skipulag ferðamála nr. 60/1976.

Í 37. gr. falli niður orðin „allt að 100 000,00 kr."

16. gr.

Lög um brunavarnir og brunamál nr. 55/1969.

Í 34. gr. falli niður orðin „1 000—100 000 krónum".

17. gr.

Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina nr. 1/1890, sbr. l. nr. 67/1919.

A. 1. mgr. 5. gr. orðist svo:
Brot gegn samþykktunum varða sektum.
B. Niðurlag 3. mgr. 5. gr. orðist svo:
Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af brotamanninum, eða ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.
C. 6. gr. orðist svo:
Með mál sem rísa út af brotum á samþykktunum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verslunarstöðum nr. 32/1924.

2. gr. orðist svo:
Brot gegn ákvæðum samþykktanna varða sektum. Með mál sem rísa út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 8/1966.

10. gr. orðist svo:
Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum.

20. gr.

Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma nr. 120/1947.

Í niðurlagi 1. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 kr.“

21. gr.

Skipulagslög nr. 19/1964.

A. Í 1. mgr. 36. gr. falli niður orðin „allt að 100 000 krónum.“
B. Í 2. mgr. 36. gr. breytist töluorðið „1 000“ í 5 000.

22. gr.

Lög um stofnun búnaðarmálasjóðs nr. 38/1945.

Í 5. gr. falli niður orðin „50—5 000 kr.“

23. gr.

Lög um innflutning búfjár nr. 74/1962.

Í 21. gr. falli niður orðin „1 000—100 000 krónum“.

24. gr.

Lög um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins nr. 11/1928.

A. Í 1. mgr. 6. gr. falli niður orðin „frá 100—10 000 krónum“.
B. Í 2. mgr. 6. gr., sbr. 1. gr. l. nr. 16/1952, falli niður orðin „500—50 000 kr.“

25. gr.

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra nr. 23/1956.

1. mgr. 46. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og skal mál út af þeim brotum fara að hætti opinberra mála.

26. gr.

Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. nr. 95/1981.

A. Í 1. mgr. 46. gr. breytist orðið „lögreglumál“ í mál og niður falli orðin frá „50—500 kr.“

B. Í 2. mgr. 46. gr. breytist töluorðin „1—100“ í 10—1 000.

27. gr.

Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948.

Í 3. gr., sbr. 2. gr. l. nr. 45/1974, falli niður orðin „frá kr. 10 000,00 til kr. 1 000 000,00“.

28. gr.

Lög um róðrartíma fiskibáta nr. 47/1973.

Í 3. gr. falli niður orðin „frá kr. 5 000,00—50 000,00“.

29. gr.

Lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar nr. 62/1962.

Í 11. gr. falli niður orðin „allt að kr. 2 000 000,00“.

30. gr.

Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða nr. 17/1936.

A. 5. mgr. 3. gr. orðist svo:

Brot í samþykktum, sem settar verða skv. lögum þessum, varða sektum.

B. 6. mgr. 3. gr. orðist svo:

Með mál út af brotum á samþykktunum skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

Lög um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða nr. 3/1902.

A. 2. gr. orðist svo:

Brot gegn lögunum varða sektum. Heimilt er að beita eignarupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga. Mál út af brotum á lögunum sæta meðferð opinberra mála.

B. 3. gr. falli niður.

32. gr.

Lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum nr. 30/1966.

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum. Fara skal með mál út af brotum á þeim að hætti opinberra mála.

33. gr.

Lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 63/1979.

Í 2. mgr. 17. gr. falli niður orðin „allt að 15 millj. kr.“

34. gr.

Sjómannalög nr. 67/1963.

A. Í 74. gr. falli niður orðin „1 000—10 000 kr.“
B. Í 76. gr. falli niður orðin „1 000—10 000 króna“.
C. Í 78. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.
D. Í 81. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.
E. Í 84. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.
F. Í 86. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.
G. Í 88. gr. falli niður orðin „500—5 000 króna“.

35. gr.

Lög um skipamælingar nr. 50/1970.

Í 16. gr. falli niður orðin „frá 2 000 til 20 000 kr.“

36. gr.

Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 69/1973.

Í 1. mgr. 29. gr. falli niður orðin „allt að kr. 100 000,00“.

37. gr.

Lög um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum nr. 72/1966.

Í 29. gr. falli niður orðin „frá kr. 1 000,00 til kr. 20 000,00“.

38. gr.

Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar nr. 56/1932.

A. 6. gr. orðist svo:

Brot á lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Ef um stórfellt brot er að ræða af hendi skipstjóra má ennfremur svipta hann réttindum til skipstjórnar með dómi.

Brot gegn lögum þessum og tilskipunum og reglum settum samkvæmt þeim sæta meðferð opinberra mála.

B. 7. gr. falli niður.

39. gr.

Lög um dag- og næturbendingar á íslenskum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir er skip rekast á nr. 13/1899.

Í 2. mgr. 1. gr. falli niður orðin „allt að 200 kr.“

40. gr.

Lög um leiðsögu skipa nr. 48/1933.

27. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

41. gr.

Lög um bann gegn jarðraski nr. 123/1940.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og fer um mál út af brotunum að hætti opinberra mála.

42. gr.

Hafnalög nr. 45/1973.

Í 27. gr. falli niður orðin „allt að 100 000,00 krónum".

43. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum nr. 20/1973.

Í 1. mgr. 6. gr. falli niður orðin „frá 1 000,00 til 500 000,00 krónum".

44. gr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það nr. 53/1973.

Í 1. mgr. 4. gr. falli niður orðin „frá 1 000,00 til 500 000,00 krónum".

45. gr.

Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl. nr. 53/1963.

Í 27. gr. falli niður orðin „allt að 100 þús. kr."

46. gr.

Lög um eyðingu refa og minka nr. 52/1957.

Í 1. mgr. 15. gr. falli niður orðin „allt að 10 000 krónum".

47. gr.

Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966.

A. 2. mgr. 17. gr. orðist svo:

Brot gegn löggiltri samþykkt varða sektum. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

B. 1. mgr. 37. gr. orðist svo:

Hver sá, sem sekur gerist um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrðill, enda sé síðasttalda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Sama gildir um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, sem sekur hefur reynst um brot á lögunum.

C. 38. gr. orðist svo:

Ólögleg eggjataka varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrðils, svo og æðaregg. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

D. 39. gr. orðist svo:

Brot á ákvæðum 29.—35. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggjaskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

E. 40. gr. orðist svo:

Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, sem og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. gr. og 37.—39. gr., varða sektum, varðhaldi eða fangelsi.

F. 41. gr. falli niður.

48. gr.

Lög um fasteignasölu nr. 47/1938.

A. 11. gr. falli niður.

B. 12. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

49. gr.

Lög um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur) nr. 6/1926.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum og skal fara með mál af þeim að hætti opinberra mála.

50. gr.

Lög um getraunir nr. 59/1972.

Í niðurlagi 10. gr. falli niður orðin „allt að 100 þús. kr.“

51. gr.

Lög um einkaleyfi nr. 12/1923.

A. 2. og 3. ml. 21. gr. orðist svo:

Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrétt, skal auk þess sæta sektum.

B. 1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Mál út af brotum á lögum þessum getur sá einn höfðað sem misgert er við.

52. gr.

Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903.

Í 23. gr. falli niður orðin „frá 5—500 kr.“

53. gr.

Lög um flugvallagjald nr. 8/1976.

Í 7. gr. laganna falli niður orðin „allt að 10 000 000 króna“.

54. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að stofni til samið af hegningarlaganefnd, sem skipuð er af dómsmálaráðherra til að endurskoða almenn hegningarlög. Dómsmálaráðuneytið hefur farið yfir það og breytt nokkrum atriðum og einnig borið það undir önnur ráðuneyti. Hafa verið felldar úr tillögum nefndarinnar nokkrar greinar en öðrum bætt við í samráði við viðkomandi ráðuneyti.

Frumvarpið fjallar um breytingu á sektamörkum í 50. gr. almennra hegningarlaga og auk þess um breytingu á sektamörkum í 52 öðrum lögum, sem hafa sektarrefsiákvæði að geyma, sérrefsilögum svonefndum. Í stöku grein frv. er einnig lagt til, að breytt sé ákvæðum um refsivist.

Refsiákvæði sérrefsilaga eru frá ýmsum tímum. Hafa þau ekki verið samræmd og er því síst að kynja, að þau séu sundurleit. Að vísu var gerð tilraun til þessa með lögum nr. 14/1948 um hækkun fésekta í eldri lögum til samræmis við vísitölu. Lög þessi virðast eigi hafa verulegt gildi nú á tímum. Í ýmsum lögum eru sektamörk svo lág, að það hamlar virkri refsivörslu. Eru sektamörkin víða með öllu úrelt.

Hegningarlaganefnd hefir kannað ákvæði sérrefsilaga. Leiðir sú könnun í ljós, að um það bil 200 lög utan almennra hegningarlaga hafa refsiákvæði að geyma, þar sem tilgreind eru sektarrefsiákvæði í krónutölu og sum hver mörg ákvæði. Horfið hefir verið að því ráði með þessu frv. að leggja til breytingar á sektamörkum í þeim lögum, sem talið er brýnt að lagfæra í fyrsta áfanga. Á næstunni má svo vænta lagafrumvarps um breytingar á sektarrefsiákvæðum ýmissa annarra laga. Er raunar eðlilegt að kanna öðrum þræði, hvort ekki sé forsvaranlegt að leggja til afnám nokkurra refsiákvæða í lögum. Er það mikilvægt verkefni í ljósi þeirra strauma í refsirétti sem lúta að því að draga beri úr refsiákvæðum (dekriminalisering).

Frumvarp þetta fjallar efnislega í fyrsta lagi um breytingar á sektamörkum 50. gr. almennra hegningarlaga. Hámark sektar var 30 000 g.kr. samkv. lögunum. Hélst það allt til 1976, er sektamarkið var ákveðið 5 millj. g.kr., sbr. lög nr. 101/1976, en það var svo hækkað í 30 millj. g.kr. með lögum nr. 34/1980, er nú gilda. Sektahámark þetta þarf að breytast með tiltölulega stuttu millibili til samræmis við sveiflur í peningagildi. Hefir reynst torvelt að finna viðhlítandi „sektavísitölu", sem tengja mætti sektaákvæðum laga, en hegningarlaganefnd hefir látið kanna færar leiðir í því efni. Er hér lagt til, að sektahámarkið verði fært upp í 1 millj. krónur.

Í öðru lagi fjallar frv. um breytingar á sektamörkum í 52 lögum utan almennra hegningarlaga. Eru sektamörkin næsta mismunandi í þessum lögum, svo sem yfirlitið í fylgiskjali hér á eftir ber með sér. Þykir brotaminnst að leggja til í öllum greinum frv., að refsiákvæðin verði orðuð svo, að brot á viðkomandi lögum varði sektum án sérgreindra sektamarka. Ræðst hámark sektar þá af sektamörkum 50. gr. almennra hegningarlaga samkvæmt því, sem kveðið er á um í þeirri grein. Þykir ekki varhugavert að leggja það á vald dómstóla að dæma sektir innan þeirra marka, og er raunar við dómvenjur að styðjast á ýmsum sviðum. Tekið skal fram, að þótt sektamörk séu hækkuð er ekki að því stefnt með frv., að sektaviðurlög er dæmd verði hækki almennt í reynd frá því sem nú er. Benda má á, að alltítt er einkum í síðari tíma löggjöf, að sú stefna sé valin, sem hér er brotið upp á, þ. e. að lög mæli svo, að brot á þeim varði sektum án tilgreiningar á hámarki, sbr. t. d. umferðarlög, áfengislög, tollskrárlög o. fl. Ef sektir eru greindar í sérrefsilögum án tilgreiningar á hámarki, verður ekki þörf á því til frambúðar að breyta sektamörkum í hverju einstöku sérrefsilagaákvæði vegna sveiflna í peningagildi. Dugir þá að breyta 50. gr. almennra hegningarlaga einni.

Í ýmsum þeirra laga sem hér eru lagðar til breytingar á eru ákvæði þess efnis að sektir samkvæmt lögunum renni í bæjarsjóð, sveitarsjóð, sýslusjóð eða jafnvel til uppljóstrarmanns

að hluta. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins er með frumvarpi þessu lagt til að slík ákvæði verði felld niður og sektir renni alfarið í ríkissjóð. Löggæzla er nú kostuð af ríkissjóði eingöngu en ekki sameiginlega af ríkissjóði og sveitarsjóðum eins og áður var. Telja verður því niður fallna forsendu þess að láta sektartekjur renna til sveitarfélags.

Frv. varðar ekki ákvæði sérrefsilaga, þar sem sektir eru ákveðnar miðað við gullkrónur.

Í þessu frv. hefir verið valin sú leið að steypa saman í eitt lagafrumvarp breytingum á 50. gr. almennra hegningarlaga og 52 sérrefsilögum. Var eins á þessu gripið í Danmörku fyrir nokkrum árum, er breytt var refsiákvæðum sérrefsilaga. Er það ólíkt einfaldara í sniðum en að flytja 53 lagafrumvörp.

Þá er í frv. lagt til í tveimur tilvikum að breytt verði upphæð dagsekta, í skipulagslögum þar sem dagsektarmörk eru hækkuð í 5000 kr. og í lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins þar sem þau eru hækkuð í kr. 10—1000 og er þá að sjálfsögðu átt við gjaldmiðil þann sem nú er notaður sem og í 1. gr. frv.

Rétt þykir til glöggvunar að taka upp í fylgiskjal texta lagagreina þeirra, sem hér er lagt til að breytt verði.

Fylgiskjal.

Skrá yfir lagagreinar

sem hafa að geyma sektarákvæði og lagt er til að breytt verði með frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarákvæðum nokkurra laga.

1. gr. frv.

Almenn hegningarlög nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980.

50. gr. Eigi má beita hærri fésekt en 30 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

2. gr. frv.

Lög um ráðherraábyrgð nr. 4/1963.

11. gr. 1. mgr. Brot gegn lögum þessum varða, eftir málavöxtum, embættismissi, sektum, allt að kr. 50 000,00, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

3. gr. frv.

Lög um kosningar til Alþingis nr. 52/1959.

140. gr. Það varðar sektum frá 1 000—20 000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

141. gr. Það varðar sektum frá 400—4 000 kr.: — 1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur. — 2. Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum eða fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt sem utanflokkamaður. — 3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð. — 4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarstjórn (sbr. 69. og 91. gr.). — 5. Ef kjósandi

sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefur kosið (sbr. þó 88. gr.). — 6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið. — 7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu. — 8. Ef maður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð. — 9. Ef kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæðinu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar á þeim tíma, sem atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína (sbr. 92. gr.). — 10. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefur verið trúað fyrir, eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna. — 11. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar (sbr. þó 64. gr.). — 12. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 133. gr. 6. tölulið, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum. — 13. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

142. gr. Það varðar 2 000—20 000 króna sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum: — 1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar. — 2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði. — 3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna samkvæmt 55. gr. eða atkvæðakassa samkvæmt 100. gr., tefur fyrir, að það komist til skila. — 4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. — 5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

143. gr. Það varðar 1 000—20 000 króna sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum: — 1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni. — 2. Ef maður tekur fé eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

4. gr. frv.

Lög um sparisjóði nr. 69/1941.

29. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir allar renna í ríkissjóð. — Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr. frv.

Lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar nr. 45/1926.

8. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 5—1 000 kr., er renna í sveitarsjóð; auk þess má með dómi svipta mann rétti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann þrisvar sinnum sætt sektum fyrir brot gegn lögum þessum. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

6. gr. frv.

Lög um friðum Þingvalla nr. 59/1928.

8. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1 000 kr., eða einföldu fangelsi, allt að 3 mánuðum, ef miklar sakir eru, nema brot sé svo vaxið, að þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr. frv.

Lög um dýravernd nr. 21/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968.

18. gr. Brot á lögum þessum eða á reglum eða reglugerð, sem sett er með stoð í þeim, varðar sektum allt að 10 þús. kr. eða varðhaldi allt að 1 ári. Ef brot er stórfellt eða ítrekað, má beita fangelsisrefsingu allt að 2 árum. — Brot dýralæknis á ákvæðum 14. gr. 1. málsgr. varðar sektum. — Hlutdeild í brotum á lögum þessum og tilraun til brota er refsiverð, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

8. gr. frv.

Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim nr. 28/1940, sbr. lög nr. 72/1954.

3. gr. Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skal varða allt að 10 000,00 króna sekt.

4. gr. Fara skal með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar til sveitarsjóðs heimilissveitar hans.

9. gr. frv.

Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980.

1. mgr. 5. gr. Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 6 millj. króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í sviksamlegum tilgangi launung á atriði, er máli skipta í þessu, eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Enn fremur skal sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávísun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.

10. gr. frv.

Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7/1953.

4. gr. Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað það slátur, sem sollið er, svo og hausa af höfuðsóttarkindum, það djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það. — Brot gegn ákvæði þessu varða allt að 500 króna sekt, og fær sá annan helming sektarinnar, er upp ljóstrar, en sveitarsjóður hinn.

7. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum, er nemi 500—1 000 krónum. Sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

11. gr. frv.

Vegalög nr. 6/1977.

85. gr. Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

12. gr. frv.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum nr. 83/1966.

10. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000 til 10 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

13. gr. frv.

Lög um leigubifreiðar nr. 36/1970.

11. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 500—20 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

14. gr. frv.

Lög um fjarskipti nr. 30/1941.

27. gr. 1. Brot gegn 2.—6. gr., 1. mgr. 14. gr. og 15. gr. varða sektum allt að 10 000 krónum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.

15. gr. frv.

Lög um skipulag ferðamála nr. 60/1976.

37. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 100 000,00 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr. frv.

Lög um brunavarnir og brunamál nr. 55/1969.

34. gr. Brot á lögum þessum og reglugerð skv. þeim varða sektum 1000—100 000 krónum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

17. gr. frv.

Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina nr. 1/1890, sbr. l. nr. 67/1919.

5. gr. Brot gegn samþykktunum varða sektum, allt að 1000 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykkt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð. — Ef kenna má yfirsjón, er barn inna 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem börnum ganga í foreldrastað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina. — Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gera þetta, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af afbrotamanninum, eða ef hann er eigi fær um það, af bæjarsjóði.

6. gr. Mál, er rísa út af brotum á samþykktunum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar fyrir brot á þeim renni í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

18. gr. frv.

Lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verzlunarstöðum nr. 32/1924.

2. gr. Tiltaka má í samþykktinni sektir, allt að 200 krónum, fyrir brot á henni, og renna þær í hlutaðeigandi sveitarsjóð. — Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

19. gr. frv.

Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 8/1966.

10. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum kr. 200,00—20 000,00, er renni í ríkissjóð.

20. gr. frv.

Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma nr. 120/1947.

1. gr. Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með auglýsingu, hvenær skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skuli í síðasta lagi slitið. Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum allt að 10 000 kr.

21. gr. frv.

Skipulagslög nr. 19/1964.

36. gr. Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum allt að 100 000 krónum, sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála. — Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem honum er skylt að vinna samkvæmt lögum þessum, eða það er unnið á annan hátt en fyrir er mælt, getur skipulagsstjórn lagt fyrir hann að vinna það á tilskilinn hátt að viðlögðum allt að 1000 króna dagsektum, er renna í ríkissjóð, og má innheimta þær með lögtaki.

22. gr. frv.

Lög um stofnun búnaðarmálasjóðs nr. 38/1945.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—5 000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

23. gr. frv.

Lög um innflutning búfjár nr. 74/1962.

21. gr. 1. mgr. 1. ml. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 1 000—10 000 krónum.

24. gr. frv.

Lög um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins nr. 11/1928, sbr. lög nr. 16/1952.

6. gr. Brot gegn 1., 2. og 5. gr., svo og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkvæmt 3. og 5. gr., varða sektum frá 100—10 000 krónum, fyrir skipstjóra þann, sem dýrin eða bannvörurnar flutti inn, og jafnháum sektum fyrir eigandann, og skulu dýrin eða bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað, en bannvaran ónýtt að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir. Enn fremur bæti eigandinn allan skaða, er af þeim dýrum eða þeirri vöru hlýzt, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkvæmt reglum ráðuneytisins. — Brot gegn öðrum ákvæðum laganna svo og reglugerðum og öðrum ákvæðum, sem sett verða samkvæmt þeim, varða 500—50 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta allt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans. — Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. — Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

25. gr. frv.

Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýming þeirra nr. 23/1956.

46. gr. 1. mgr. Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 50 000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

26. gr. frv.

Lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. nr. 95/1981.

46. gr. Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 1—100 kr.

27. gr. frv.

Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1974.

3. gr. Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 10 000,00 til kr. 1 000 000,00.

28. gr. frv.

Lög um róðrartíma fiskibáta nr. 47/1973.

3. gr. Brot gegn reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá kr. 5000,00—50 000,00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

29. gr. frv.

Lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar nr. 62/1962.

11. gr. 2. mgr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð opinberra mála og varða sektum allt að kr. 2 000 000,00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

30. gr. frv.

Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða nr. 17/1936.

3. gr. 5. og 6. mgr. Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 20—500 krónur, fyrir brot. Sektir allar renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

31. gr. frv.

Lög um heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða nr. 3/1902.

2. gr. Brot gegn slíku banni varða sektum, 200—1000 kr., og liggi þó eigi þyngri hegning við að lögum; skinn og húðir skulu og upptæk og ónýtt á opinberan kostnað enda renni sektir í landssjóð.

3. gr. Mál út af téðum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

32. gr. frv.

Lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum nr. 30/1966.

14. gr. Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og

flokkun, og varðar það sektum frá kr. 5000,00 til 100 000,00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50 000,00. Fara skal með mál út af brotum þessum að hætti opinberra mála. — Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

33. gr. frv.

Lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 63/1979.

17. gr. 2. mgr. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum allt að 15 millj. kr. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

34. gr. frv.

Sjómannalög nr. 67/1966.

74. gr. Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 61. gr. og í 1. málsgr. 62. gr., eða refsivaldi sínu, eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, 1000—10 000 kr., varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við brotum samkvæmt öðrum lögum.

76. gr. Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, þá varðar það 1000—10 000 króna sektum.

78. gr. Ef skipverji ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, er hann var skyldur að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi, þá varðar það 500—5000 króna sektum.

81. gr. Ef skipverji rís upp á móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, þá sætir hann 500—5000 króna sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

84. gr. Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 60. grein, og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, þá varðar það 500—5000 króna sektum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

86. gr. Hafi skipverji varning með sér á skip án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það 500—5000 króna sektum, varðhaldi eða fangelsi.

88. gr. Verði skipverji sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri háttsemi eða reglu, varðar það 500—5000 króna sektum.

35. gr. frv.

Lög um skipamælingar nr. 50/1970.

16. gr. Brot skipasmiða, eiganda eða fyrirsvarsmanna hans og skipstjóra á skyldum þeim, sem mæltar eru á hendur þeim í lögum þessum, varða sektum í ríkissjóð frá 2000 til 20 000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

36. gr. frv.

Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum nr. 69/1973.

29. gr. 1. mgr. Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000,00. Sektir renna í ríkissjóð.

37. gr. frv.

Lög um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum nr. 72/1966.

29. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 1000,00 til kr. 20 000,00, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Sektir renna í ríkissjóð.

38. gr. frv.

Lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar nr. 56/1932.

6. gr. Brot á 2. gr. varða sektum frá 50—500 kr. — Brot á 3. og 4. gr. þessara laga varða sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. — Ef um stórkostlega yfirsjón er að ræða af hendi skipstjóra, má eftir atvikum enn fremur dæma af honum réttindi til skipstjórnar.

7. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða tilskipunum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

39. gr. frv.

Lög um dag- og næturbendingar á íslenzkum skipum í sjávarháska og um ráðstafanir er skip rekast á nr. 13/1899.

1. gr. 2. mgr. Útgerðarmenn skipa, er eigi eru útbúin bendingatilfærum þeim, er skipað er fyrir um í slíkri tilskipun, sæta sektum, allt að 200 kr.

40. gr. frv.

Lög um leiðsögu skipa nr. 48/1933.

27. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Fara skal með brot gegn lögum þessum sem almenn lögreglumál.

41. gr. frv.

Lög um bann gegn jarðraski nr. 123/1940.

3. gr. Brot gegn ákvæðum þessara laga, svo og banni, er sett kann að verða samkv. 2. málsgr. 1. gr., varða sektum frá 20—5000 kr., sem renna í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

42. gr. frv.

Hafnalög nr. 45/1973.

27. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, allt að 100 000,00 krónum.

43. gr. frv.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum nr. 20/1973.

6. gr. 1. mgr. Brot gegn alþjóðasamningi þeim, er um ræðir í 1. gr., svo og á reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr., skulu varða sektum frá 1000,00 til 500 000,00 krónum, varðhaldi eða fangelsi eftir því, hve miklar sakir eru.

44. gr. frv.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það nr. 53/1973.

4. gr. 1. mgr. Brot gegn samningi þessum, svo og reglugerð þeirri, er sett kann að verða samkvæmt 3. gr., skulu varða sektum frá 1 000,00 til 500 000,00 krónum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

45. gr. frv.

Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl. nr. 53/1963.

27. gr. Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 þús. kr.

46. gr. frv.

Lög um eyðingu refa og minka nr. 52/1957.

15. gr. 1. mgr. Brot gegn lögum þessum eða reglum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

47. gr. frv.

Lög um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966.

17. gr. 1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

2. Fyrir brot á löggiltri samþykkt má ákveða sektir, allt að 10 000 krónum, er renna í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

37. gr. 1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 500 til 15 000 krónum. Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 1500 til 25 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrðill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 2500 krónur. Sömu lágmarkssekt skal sá sæta, er gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynzt um brot á lögunum.

2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

38. gr. Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 250 til 10 000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 500 til 20 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrðils. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, svo og æðareggja, skal vera 1500 krónur. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

39. gr. Brot á ákvæðum 29.—35. gr. varða sektum frá 250 til 25 000 krónum. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

40. gr. Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. og 37.—39. gr., varða sektum frá 250 til 5000 krónum.

41. gr. 1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 37.—38. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna. 2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða.

48. gr. frv.

Lög um fasteignasölu nr. 47/1938.

11. gr. Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 300—5000 krónum, sem renna að hálfu í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð og að hálfu í ríkissjóð. — Sömu refsingu skal sá sæta, er annast sölu fasteignar eftir að hann hefir verið sviptur leyfi sínu, eða misst það á annan hátt.

12. gr. Verði fasteignasali sekur gegn öðrum ákvæðum þessara laga, skal hann, nema þyngri hegning liggi við að lögum, sæta sektum frá 100—2000 krónum.

49. gr. frv.

Lög um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur) nr. 6/1926.

3. gr. Brot gegn 1. gr. sæta sektum til ríkissjóðs, 50—2000 kr., en brot gegn 2. gr. 500—5000 kr., og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

50. gr. frv.

Lög um getraunir nr. 59/1972.

10. gr. Öllum öðrum en Íslenzkum getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga. Ennfremur er óheimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að starfrækja veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni. Brot á þessum ákvæðum varða sektum allt að 100 þús. kr., sem greiðist í íþróttasjóð.

51. gr. frv.

Lög um einkaleyfi nr. 12/1923.

21. gr. ..... Sá, sem af ásettu ráði gengur á einkaleyfisrétt, skal auk þess sæta sektum allt að 2000 kr. fyrir fyrsta brot, og ef brotið er ítrekað, allt að 4000 kr. eða fangelsi. Sektirnar renna í ríkissjóð.

22. gr. 1. mgr. Mál, sem höfðuð eru í því skyni að koma fram hegningu eftir 21. gr., skulu rekin sem einkalögreglumál.

52. gr. frv.

Lög um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903.

23. gr. Sá, sem brýtur á móti ákvæðunum í 9.—13. gr., eða vanrækir að gera einhverja tilkynningu, sem fyrir er skipuð hér að framan, eða vanrækir að gera nýja tilkynningu, þegar tilkynningu hans hefir verið vísað frá eða hún afmáð úr skrá, sætir sektum frá 5—500 kr. Sektirnar renna í landssjóð.

53. gr. frv.

Lög um flugvallagjald nr. 8/1976.

7. gr. Brot gegn lögum þessum eða reglugerð, sem ráðherra kann að setja um nánari framkvæmd laganna, varða sektum, allt að 10 000 000 króna, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum, svo og sviptingu starfsleyfis.

Nd. 537. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til l. um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að meginefni þess verði breytt svo sem fram kemur í breytingartillögu þar um.

Með samþykkt tillögu meiri hl. landbúnaðarnefndar gæti jarðanefnd heimilað undanþágu frá byggingarskyldu á jörð vegna orlofshúsabygginga breytilegra og jafnvel mjög margra félaga.

Frumvarpið gerir aðeins ráð fyrir að jarðanefnd geti undanþegið stéttarfélög, í merkingu vinnulöggjafar, byggingarskyldu á jörð. Á þá undanþágu get ég fallist og legg til að frv. verði samþykkt óbreytt svo sem það er á þingskjali 379.

Alþingi, 25. mars 1982.

Skúli Alexandersson.

Nd. 538. Frumvarp til lánsfjárlaga [55. mál]

fyrir árið 1982.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. mars.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 673 970 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 152 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 404 560 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

4. gr.

Iðnrekstrarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 10 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til endurlána til athugunar á sviði orkufreks

iðnaðar. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð. Skal fjármálaráðherra leita samþykkis fjárveitinganefndar Alþingis áður en sjálfskuldarábyrgð er veitt.

5. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að 18 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 39 500 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

7. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 75 300 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 18 300 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 14 100 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1982 að fjárhæð 7 600 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Bjargráðasjóði er heimilt eða taka lán á árinu 1982 allt að fjárhæð 15 000 þús. kr.

9. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1982 að fjárhæð 254 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður mun jafnframt annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga, nr. 58/1967, um að hitaveita verði þjóðhagslega hagkvæm, áður en lán til hitaveituframkvæmda eru veitt.

Fjármálaráðherra er heimilt f. h. ríkissjóðs að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að helmingi lána, sem Byggðasjóður veitir fyrirtækjum í útgerð, fiskiðnaði og iðnaði til fjárhagslegrar endurskipulagningar vegna rekstrarerfiðleika, en heildarfjárhæð lánanna er að hámarki 60 milljónir króna.

II. KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1982 er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld um 120 millj. kr., að meðtöldum heimildum í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1982 og heimildum í 4.—18. gr. þessara laga.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 52 500 þús. kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 50 000 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1982 eigi fara fram úr 15 600 þús. kr.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1982 eigi fara fram úr 20 000 þús. kr.

Heimilt er sjávarútvegsráðherra að ákveða, að framlag ríkissjóðs renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa og samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 11 440 þús. kr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1982 eigi fara fram úr 53 770 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 104 635 þús. kr. á árinu 1982.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 145 þús. kr.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1982 eigi fara fram úr 9 832 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1982 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 900 þús.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 28 140 þús. kr. á árinu 1982.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 820 þús. kr.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 6 850 þús. kr. á árinu 1982.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 3 000 þús. kr. af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs að viðbættum 330 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 9 400 þús. kr.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35/1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og Kristnisjóð, skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs eigi fara fram úr 1 130 þús. kr. á árinu 1982.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 43 000 þús. kr. á árinu 1982.

III. KAFLI

28. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á

nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

29. gr.

1. mgr. 29. gr. laga nr. 13/1981 orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

30. gr.

6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981 orðist svo:

Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.

31. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 er nemi allt að 42 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

32. gr.

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði og sjóðum þeim, sem um er rætt í 1. mgr., skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal ekki minna en 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Við upphaf hvers árs skal hver lífeyrissjóður skila fjármálaráðuneytinu áætlun um ráðstöfunarfé sitt á árinu og af hvaða aðilum hann hyggst kaupa skuldabréf skv. 1. mgr., hvort tveggja sundurliðað eftir mánuðum. Að því marki, sem áform lífeyrissjóðanna í heild um kaup af einstökum aðilum samrýmast ekki lánsfjáráætlun, skal ráðuneytið eiga viðræður við sjóðina í því skyni að ná samkomulagi um aðra kauptilhögun og ganga frá endanlegri áætlun sinni um kaup lífeyrissjóðanna að loknum þeim viðræðum.

Skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna skal dreift á árið í sem nánustu samræmi við það sem ráðstöfunarfé sjóðanna fellur til, og skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um tímasetningu kaupanna innan ársins.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð lánstíma og lánskjör skuldabréfa sem lífeyrissjóðir kaupa skv. þessari grein. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið sérstaka ívilnun í kjörum þeirra skuldabréfa sem keypt eru á tilskildum tíma.

Í janúar skal hver lífeyrissjóður senda fjármálaráðuneytinu skilagrein yfir ráðstöfunarfé liðins árs. Svo fljótt sem verða má eftir lok reikningsársins, þó eigi síðar en 1. júlí, skulu lífeyrissjóðir láta fjármálaráðuneytinu í té staðfesta ársreikninga sína. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd þessarar greinar, þ. á m. hvernig skilgreina skuli ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

33. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum og varahlutum til ylræktarvers, sem komið verður á fót vegna útflutningsframleiðslu. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til ylræktarversins.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 539. Tillaga til þingsályktunar [256. mál]

um staðfestingu á samningum við Færeyjar og Noreg um gagnkvæmar heimildir til veiða á kolmunna.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981-82.)

Alþingi ályktar að staðfesta samning frá 10. mars 1982 um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna og samning frá 23. mars 1982 um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Norðmanna til veiða á kolmunna. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með bréfi dags. 25. febrúar s. l. óskaði sjávarútvegsráðuneytið eftir því við utanríkisráðuneytið að leitað yrði eftir samkomulagi við landsstjórn Færeyja um gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum af kolmunna í fiskveiðilögsögu Færeyja og í efnahagslögsögu Íslands á árinu 1982. Sams konar samningar voru gerðir við Færeyjar í ársbyrjun 1980 og aftur 1981.

Utanríkisráðuneytið lagði til við landsstjórn Færeyja að gert yrði samkomulag milli aðila í samræmi við framangreint og féllst færeyska landsstjórnin á það. Gengið var frá samkomulaginu með bréfi utanríkisráðherra til Pauli Ellefsen, lögmanns, dags. 10. mars, og svarbréfi Pauli Ellefsen s. d. Bréfin eru birt sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari.

Í bréfunum er vitnað í ákvæði niðurstaða viðræðnanna frá 10. janúar 1979 og er þar m. a. átt við tilkynningarskyldu skipanna og skyldu til að hlíta reglum um lágmarksstærð og friðunarsvæði.

Á fundi í íslensk-norsku fiskveiðinefndinni, sem haldinn var hinn 3. mars s. l. í Reykjavík, fór fulltrúi Noregs fram á að aðilar sameinuðust um að beina þeim tilmælum til ríkisstjórna sinna að gerður yrði samningur milli Íslands og Noregs um gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund tonnum af kolmunna í efnahagslögsögu Íslands og efnahagslögsögu Noregs á árinu 1982. Samþykkti fulltrúi Íslands að standa að þessum tilmælum að því tilskildu, að veiðiheimildir Íslendinga væru innan efnahagslögsögu undan ströndum meginlands Noregs.

Ríkisstjórnir Íslands og Noregs féllust á að gera með sér samning í samræmi við framangreint. Gengið var frá samkomulaginu í bréfi sendiherra Noregs til utanríkisráðherra, dags. 23. mars 1982, og svarbréfi utanríkisráðherra s. d. Bréfin eru birt sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari.

Í bréfunum er vitnað til ákvæða samkomulags Íslands og Noregs frá 10. mars 1976 og er þar m. a. átt við tilkynningarskyldu norskra skipa og skyldu til að hlíta reglum um friðunarsvæði o. fl. Jafnframt er í bréfunum ákvæði um að reglur samningsaðila um fiskveiðar erlendra skipa í fiskveiðilögsögu hvors ríkis skuli gilda og er þar í framkvæmd um að ræða almennar reglur, sem Norðmenn hafa sett um veiðar erlendra skipa í lögsögu sinni.

Fylgiskjöl.

Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 10. mars 1982

Hr. lögmaður,

Ég leyfi mér að bera fram tillögu þess efnis að veittar verði gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum af kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja og efnahagslögsögu Íslands á árinu 1982. Heimild þessi nær einnig til veiða skips er bæði veiðir aflann og vinnur hann um borð. Um nánara fyrirkomulag þessara veiða verður haft beint samband milli íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og landsstjórnar Færeyja. Að öðru leyti mun fylgt því fyrirkomulagi og reglum sem ákveðið var í viðræðum um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga sem undirritaðar voru 10. janúar 1979.

Ef þér fallist á ofangreint, hr. lögmaður, bið ég um staðfestingu yðar þar að lútandi.

Ólafur Jóhannesson

Hr. Pauli Ellefsen, lögmaður,
Föroya Landsstýri,
Tórshavn.

Svar lögmanns Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.

Tórshavn, 10. mars 1982.

Harra uttanríkismálaráðharri,

Víst verður til bræv tygara frá í dag, har ið skotið verður upp, at íslendingar og føroyingar í 1982 fáa loyvi til at veiða upp til 20.000 tons av svartkjafti á fiskiøkinum hjá hvørjum øðrum í 1982, og at eitt av teimum føroysku skipunum, ið fær loyvi at veiða svartkjaft á íslendskum øki, eisini fær loyvi til at viðgera hann umborð.

Vegna Føroya Landsstýri kann eg svara, at vit eisini ynskja eina slíka skipan, og at vit eru samdir í, at nærri fyriskipanir um hesa veiðu eiga at verða avtalaðar beinleiðis millum føroyskar og íslendskar fiskimyndugleikar, og at tær reglur, ið avtalaðar vóru í samrøðum um sínamillum fiskiveiðirættindi føroyinga og íslendinga millum 10. januar 1979 annars verða fylgdar.

Pauli Ellefsen
løgmaður

Uttanríkismálaráðharri
Ólafur Jóhannesson,
Reykjavík.

Orðsending sendiherra Noregs til utanríkisráðherra Íslands.

Reykjavik, 23. mars 1982.

Herr Utenriksminister,

Under henvisning til anbefaling fra den norsk-islandske fiskerikommisjon på møtet i Reykjavik 3. mars 1982 har jeg den ære å foreslå at det gis gjensidig tillatelse til å fiske inntil 20.000 tonn kolmule innenfor Norges fastlands økonomiske sone og Islands økonomiske sone i 1982. Slik tillatelse omfatter også fabrikktrålere.

Nærmere bestemmelser om fisket avtales mellom det norske og det islandske fiskeridepartement. Bestemmelsene i avtalen av 10. mars 1976 om tillatelse for norske fartøyer til å fiske innenfor Islands fiskerigrense skal gjelde for det norske fisket. Videre kommer partenes forskrifter om fremmede fartøyers fiske innen hver av partenes fiskerijurisdiksjonsområde til anvendelse.

Dersom De er enig i dette, herr Utenriksminister, har jeg den ære å foreslå at dette brev og Deres svarbrev skal utgjøre en avtale mellom våre to regjeringer, med ikrafttreden når begge regjeringer har meddelt hverandre at de konstitusjonelle krav er oppfylt.

Annemarie Lorentzen
Ambassadør

Herr Utenriksminister Ólafur Jóhannesson,
Islands Utenriksministerium,
Reykjavík.

Orðsending utanríkisráðherra Íslands til sendiherra Noregs.

Reykjavík, 23. mars 1982.

Háttvirti sendiherra,

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar, dags. í dag, sem er á þessa leið:

„Með vísan til tillagna norsk-íslensku fiskveiðinefndarinnar, sem hún gerði á fundi sínum í Reykjavík hinn 3. mars s. l., leyfi ég mér að bera fram tillögu þess efnis að veittar verði gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum af kolmunna innan efnahagslögsögu undan ströndum meginlands Noregs og efnahagslögsögu Íslands á árinu 1982. Heimild þessi nær einnig til veiða skips er bæði veiðir aflann og vinnur hann um borð.

Um nánara fyrirkomulag þessara veiða verður haft beint samband milli íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og norska sjávarútvegsráðuneytisins. Ákvæðin í samkomulagi Noregs og Íslands frá 10. mars 1976, um heimild til veiða norskra skipa innan fiskveiðilögsögu Íslands, skulu gilda um veiðar norskra skipa. Ennfremur skulu gilda reglur samningsaðila um fiskveiðar erlendra skipa í fiskveiðilögsögu hvors ríkis.

Ef þér fallist á ofangreint, hr. utanríkisráðherra, leyfi ég mér að leggja til að orðsending þessi og svarorðsending yðar skoðist sem samningur þar um milli ríkisstjórna okkar er taki gildi þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt, að stjórnarskrárákvæðum þeirra hafi verið fullnægt."

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands er sammála framangreindu og fellst á, að orðsending yðar og þetta svar skoðist sem samkomulag milli ríkisstjórnanna er tekur gildi þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt, að stjórnarskrárákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég nota þetta tækifæri til að fullvissa yður, háttvirti sendiherra, um sérstaka virðingu mína.

Ólafur Jóhannesson

Sendiherra Noregs
Annemarie Lorentzen,
Reykjavík.

Nd. 540. Frumvarp til laga [257. mál]

um málefni aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

I. KAFLI
Skipulag öldrunarþjónustu.

1. gr.

Markmið þessara laga er, að aldraðir fái þá heilbrigðis- og félagslegu þjónustu, sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi, sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand þess aldraða.

Lögin miða að því, að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf, en að jafnframt sé séð fyrir nauðsynlegri stofnanaþjónustu, þegar hennar er þörf.

2. gr.

Yfirstjórn öldrunarmála annast heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Setja skal á stofn deild öldrunarmálefna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Skal deildin vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra.

3. gr.

Setja skal á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Skal nefndin skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 5 menn tilnefndir þannig: tveir frá Öldrunarráði Íslands, einn frá félagsmálaráðuneytinu, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir skipaðir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Deildarstjóri öldrunarmálefna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti skal vera ritari nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru:

1. Að hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra.
2. Að annast áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild.
3. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka, sem starfa að málefnum aldraðra.
4. Að vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
5. Að skera úr um ágreiningsmál, sem upp kunna að koma um málefni aldraðra skv. lögum þessum, enda beri mál ekki að réttu undir dómstóla. Vísa má úrskurði samstarfsnefndarinnar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
6. Að gera tillögur til ráðherra um samræmdar reglur um mat skv. 18. gr. l. mgr.

5. gr.

Í hverju heilsugæsluumdæmi skal stjórn heilsugæslustöðvar, í samvinnu við félagsmálaráð, þar sem þau starfa, annast eftirtalin verkefni á sviði öldrunarmála:

1. Að skipuleggja öldrunarþjónustu í umdæmi sínu í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar.
2. Að kveðja menn til starfa í þjónustuhóp aldraðra, þannig að samsetning hópsins sé í samræmi við ákvæði 7. gr.
3. Að gera tillögur til viðkomandi sveitarstjórna um fjölda starfsliðs í heimaþjónustu umdæmisins, sbr. 15. gr.
4. Að fylgja eftir að ákvæðum staðla eða reglugerða skv. 19. gr. sé framfylgt.
5. Að annast samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök, sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða, sé það ekki verksvið annarra.

Er stjórn heilsugæslustöðvar fjallar um öldrunarmál skal gefa öldrunarstofnunum á svæðinu kost á að tilnefna fulltrúa til setu á fundi.

6. gr.

Við hverja heilsugæslustöð skal starfa þjónustuhópur aldraðra.

Þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi, getur sveitarstjórn ákveðið að heilsugæslustöðvarnar sameinist um þjónustuhóp aldraðra. Á sama hátt geta hlutaðeigandi sveitarstjórnir tveggja heilsugæslustöðva eða fleiri ákveðið að sameinast um þjónustuhóp aldraðra.

Þar sem það á betur við getur þjónustuhópur aldraðra starfað í tenglsum við aðra heilbrigðisstofnun en heilsugæslustöð, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

7. gr.

Þjónustuhópur aldraðra er samstarfshópur starfsfólks heilsugæslustöðva(r), sem hópurinn tengist, starfsfólks félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélags(a) svo og þeirra stofnana, sem vinna að öldrunarþjónustu á starfssvæði hópsins.

Í hópnum skulu ekki starfa fleiri en fimm og aldrei færri en þrír.

Í hópnum skal starfa læknir. Ef kostur er skal hann vera sérfræðingur í öldrunarlækningum, heimilislækningum eða lyflækningum. Þar starfar og hjúkrunarfræðingur með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu auk starfsmanns félagsmálaþjónustu með menntun félagsráðgjafa, eða þekkingu á félagslegu sviði.

8. gr.

Hlutverk þjónustuhóps aldraðra er:

1. Að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra í umdæmi sínu.
2. Að meta vistunarþörf aldraðra í umdæminu, sbr. 18. gr. 1. mgr.
3. Að sjá til þess að aldraðir á svæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Ætíð skal haft að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið eðlilegu heimilislífi.

II. KAFLI

Framkvæmdasjóður aldraðra.

9. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra.

10. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Beint framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
2. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema kr. 200 á hvern mann á árinu 1982. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir kr. 45.000. Þá skal skattstjóri og fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Framangreindar upphæðir skulu hækka árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Gjald þetta skal lagt á í fimm ár, í fyrsta sinn árið 1982.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, 1/4 af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.

11. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

Ráðherra skipar 3 manna stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð einum manni eftir tilnefningu Öldrunarfræðafélags Íslands, einum frá félagsmálaráðuneyti, tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Ritari sjóðsins er deildarstjóri öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Stjórnin gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.

Kostnaður við vörslu og stjórn sjóðsins greiðist úr sjóðnum.

12. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 2. — 4. tl.
2. Að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 1. og 2. tl.
3. Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl.
4. Að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 1. — 4. tl.
5. Að veita framlög til að standa straum af þeim breytingum og endurbótum á dvalarstofnunum aldraðra, er nauðsynlegar eru og leiða af ákvæðum þessara laga.
6. Önnur verkefni, sem sjóðstjórn telur brýn og ráðherra samþykkir.

13. gr.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára um framkvæmdir.

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer skv. lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

14. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn með reglugerð.

III. KAFLI
Heimaþjónusta.

15. gr.

Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð, sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Heimaþjónusta er tvíþætt. Annars vegar heilbrigðisþátturinn, þ. e. heimilislækningar, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum. Hins vegar félagslegi þátturinn, þ. e. heimilishjálp, félagsráðgjöf og heimsending matar.

Með reglugerð getur ráðherra ákveðið að fleiri þjónustuþættir heyri til heimaþjónustu. Hann getur einnig ákveðið að heimaþjónusta taki til fleiri en aldraðra.

16. gr.

Hinir ýmsu þættir heimaþjónustu eru skipulagðir af stjórn heilsugæslustöðvar, að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra og í samvinnu við félagsmálaráð, þar sem þau eru starfandi. Skal heimaþjónusta einnig veitt sem kvöld,- nætur og helgidagaþjónusta, ef þjónustuhópur aldraðra telur þörf á og stjórn heilsugæslustöðvar samþykkir.

IV. KAFLI
Dvalarstofnanir fyrir aldraða.

17. gr.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru:

1. Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra. Þær geta verið tvenns konar:
   A) Þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými, en engin önnur þjónusta.
   B) Verndaðar þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými. Íbúðirnar skulu búnar kallkerfi, með vörslu allan sólarhringinn og veitt skal sameiginleg þjónusta, s. s. máltíðir og ræsting.
2. Dvalarheimili, ætluð öldruðu fólki, sem ekki er fært um að annast eigið heimilishald með aðstoð. Þar skulu vera einstaklingsherbergi, hjónaherbergi og fjölbýliseiningar. Dvalarheimili aldraðra skulu veita þjónustu s. s. fullt fæði, þvotta, þrif, umönnun, lyf, læknishjálp, hjúkrun, endurhæfingu og félagsstarf. Þau skulu búin sameiginlegum vistarverum til vinnu og tómstundastarfs.
3. Hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeildir, ætlaðar öldruðum einstaklingum, sem eru of lasburða til að dvelja á stofnunum skv. 1. og 2. tl. Hjúkrunarheimili og hjúkrunardeildir skulu hönnuð sem einstaklings- og fjölbýlisherbergi, með snyrtingu og skulu sjúklingar geta haft eigin muni. Einstaklingsherbergi skulu aldrei færri en 50% vistrýmis. Á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum skal vera fullkomin aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Þar sem því verður við komið skal á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum vera aðstaða fyrir hjúkrunarsjúklinga með geðræn vandamál.
4. Sjúkradeildir, hannaðar á sama hátt og spítaladeildir. Þessar deildir eru ætlaðar langlegusjúklingum, sem þurfa mikið eftirlit. Stefnt skal að því að þessar deildir séu í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða almenn sjúkrahús.
5. Dagvist fyrir aldraða. Dagvist getur verið sjálfstæð eða hluti stofnunar skv. 1. tl. B) stl. — 4. tl. Á dagvist skal að jafnaði veitt þjónusta í samræmi við þá þjónustu sem veitt er á stofnuninni, sem hún tengist. Vistmenn á dagvist geta sótt hana daglega eða tímabundið.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. 1. — 5. tl. skulu vera aðgengilegar fötluðu fólki.

18. gr.

Stjórn dvalarstofnunar skv. 17. gr. 2. — 4. tl. ákveður vistun fólks á stofnuninni að fengnum tillögum forstöðumanns og mati þjónustuhóps aldraðra.

Sama gildir um vistun á stofnunum skv. 17. gr. 1. tl. B) stl. og 5. tl.

Vistmenn á dvalarstofnun eiga forgang að vistun á hjúkrunardeild sömu stofnunar.

Stjórn dvalarstofnunar og daglegir stjórnendur ráða flutningi vistmanna innan dvalarstofnunarinnar.

19. gr.

Að fengnum tillögum samstarfsnefndar skv. 3. gr. setur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. búnað húsnæðis fyrir aldraða, aðbúnað og þjónustu við vistmenn svo og starfslið stofnana eftir starfsemi þeirra.

20. gr.

Enginn má setja á stofn dvalarstofnun fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn samstarfsnefndar skv. 3. gr. Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

21. gr.

Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skv. 20. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunarinnar, staðsetningu, uppdrætti af byggingum og lóðum og umhverfi og aðstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Ennfremur skal fylgja greinargerð um eigendur þess og fjárhagsástæður, skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna. Þá skal og fylgja beiðninni umsögn þjónustuhóps aldraðra í viðkomandi umdæmi.

Ráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt.

22. gr.

Dvalarstofnun fyrir aldraða skal lúta stjórn fimm manna. Séu hjúkrunarheimili, hjúkrunardeild eða sjúkradeild tengd dvalarstofnun gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 57 frá 1978 um heilbrigðisþjónustu um stjórn stofnunarinnar.

Eigendur dvalarstofnunar skipa stjórn hennar til 4 ára í senn. Sé sveitarfélag eigandi dvalarstofnunar getur sveitarstjórn falið félagsmálaráði stjórn hennar. Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Sama gildir um vistmannaráð.

23. gr.

Þær dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra. Skal stefnt að því að innan 3 ára hafi þær uppfyllt þær kröfur, um gerð og búnað, er felast í 17. gr. enda hafi Framkvæmdasjóður aldraðra bolmagn til að styrkja framkvæmdir af þessu tagi.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

24. gr.

Vistmenn í þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. l. tl. A) greiða húsaleigu skv. ákvörðun rekstraraðila.

Vistmenn í vernduðum þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. l. tl. B) greiða húsaleigu og þjónustugjald skv. ákvörðun rekstraraðila.

25. gr.

Daggjaldanefnd, sbr. lög nr. 66 frá 1971 um almannatryggingar, 46. gr., ákveður daggjöld dvalarstofnana fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 2. — 4. tl. Skulu daggjöld ákveðin í samræmi við starfsemi dvalarstofnunarinnar.

26. gr.

Kostnaður við vistun á dvalarstofnun fyrir aldraða skv. 17. gr. 2. — 4. tl. greiðist af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins eða með beinum framlögum úr ríkissjóði.

Skv. umboði vistmanna á dvalarstofnunum fyrir aldraða skv. 17. gr. 2. — 4. tl. innheimtir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins þó hjá lífeyristryggingadeild sömu stofnunar, lífeyrissjóði vistmanna eða lætur innheimta hjá vistmanni sjálfum allt að fullu vistgjaldi, sbr. þó 3. mgr., eins og það er ákveðið á hverjum tíma af daggjaldanefnd.

Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr. 2. tl. skal þó halda eftir til eigin þarfa 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1.500 á mánuði. Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17 gr. 3. og 4. tl. skal halda eftir til eigin þarfa 15% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1.000 á mánuði.

Við ákvörðun tekna vistmanna gilda ákvæði 19. gr. laga nr. 66 frá 1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

Fjárhæðir í 3. mgr. skulu breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga.

27. gr.

Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skal greiddur af sjúkrasamlögum þó þannig að sveitarfélögin greiða 65% kostnaðar en ríki 35% kostnaðar. Ráðherra setur gjaldskrá fyrir þátttöku einstaklinga í hinum ýmsu þáttum heimaþjónustunnar að fengnum tillögum nefndar skv. 3. gr. Undanþegnar gjaldskyldu skulu þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

Ráðherra setur gjaldskrá um vistun skv. 17. gr. 5. tl. að fengnum tillögum nefndar skv. 3. gr.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt falla þá úr gildi lög um dvalarheimili aldraðra nr. 28 frá 1973 og lög um Framkvæmdasjóð aldraðra nr. 49 frá 1981 sbr. breyting á þeim lögum nr. 93 frá 1981.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal setja á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. og hina sérstöku deild í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sbr. 2. gr., þannig að tryggur sé undirbúningur að gildistöku laganna.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan 5 ára frá gildistöku. Skal við þá endurskoðun sérstaklega tekin ákvörðun um framtíð Framkvæmdasjóðs aldraðra skv. II. kafla laganna.
3. Ákvæði 26. gr. koma til framkvæmda í áföngum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 103. löggjafarþingi 1980—1981 voru lögð fram tvö frumvörp, sem bæði snertu málefni aldraðra. Hér var um að ræða annars vegar frumvarp Péturs Sigurðssonar, Matthíasar Bjarnasonar og Halldórs Blöndal um sérhannað húsnæði fyrir aldraða og öryrkja (201. mál) og hins vegar stjórnarfrumvarp um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða (269. mál).

Forsaga stjórnarfrumvarpsins er sú, að þann 17. apríl 1979 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Magnús H. Magnússon, nefnd til að gera tillögur um nýja löggjöf varðandi heilbrigðis- og félagslega þjónustu fyrir aldraða. Í nefnd þessari áttu sæti Ólafur Ólafsson, landlæknir, formaður, Adda Bára Sigfúsdóttir, borgarfulltrúi, Pétur Sigurðsson, stjórnarformaður Hrafnistu, dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Þór Halldórsson, yfirlæknir. Auk þess sat Ársæll Jónsson, læknir, í nefndinni um tíma. Nefndin lauk störfum í ársbyrjun 1980 og skilaði til ráðherra frumvarpi til laga um öldrunarþjónustu. Frumvarp þetta var síðan til meðferðar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og er Svavar Gestsson tók við embætti heilbrigðisráðherra fól hann ráðuneytisstjóranum að endurskoða nefnt frumvarp. Var það gert í samvinnu við Þór Halldórsson. Til að ná samstöðu um málið innan stjórnarflokkanna voru síðar til kallaðir alþingismennirnir Guðmundur G. Þórarinsson og Guðrún Helgadóttir, auk Odds Ólafssonar, fyrrverandi alþingismanns. Unnu þau ásamt Ingimar Sigurðssyni, deildarlögfræðingi, út frá þeim tveimur frumvarpsdrögum, sem fyrir lágu, áðurnefnt stjórnarfrumvarp.

Strax við 1. umræðu frumvarps til laga um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða kom í ljós að talsverður ágreiningur var um efni frumvarpsins. Samstaða náðist þó um ákvæði frumvarpsins varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra og lög um stofnun þess sjóðs staðfest (nr. 49/1981). Í nefndaráliti heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis var lagt til að skipuð yrði nefnd til að endurskoða stjórnarfrumvarpið ásamt fram komnum breytingartillögum Jóhönnu Sigurðardóttur og Magnúsar H. Magnússonar, auk frumvarps þeirra Péturs Sigurðssonar, Matthíasar Bjarnasonar og Halldórs Blöndal um sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja.

Á þessu þingi var vísað til ríkisstjórnarinnar þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur, Árna Gunnarssonar, Magnúsar H. Magnússonar, Karls Steinars Guðnasonar og Karvels Pálmasonar um heilbrigðis- og félagslega þjónustu fyrir aldraða, í trausti þess að við samningu nýs frumvarps um málefni aldraðra yrðu þeir þættir, sem þingsályktunartillagan fól í sér teknir til greina. Þingsályktunartillagan var svohljóðandi:

> „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að komið verði á samræmdu skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til bæði félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða.
>
> Í því skyni skipi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd, sem geri tillögur um umbætur og betri skipulagningu þessara mála, byggða á samstjórn og samræmingu allra þátta í heilbrigðis- og félagslegri þjónustu fyrir aldraða, sem gæti auðveldað yfirsýn yfir brýnustu þörf á sjúkrahúsvist, langlegudvöl, heimahjúkrun, heimilisþjónustu og dvalarheimilum fyrir aldraða.“

Hinn 24. júlí 1981 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sjö manna nefnd, sem fékk það hlutverk „að gera tillögur til ráðherra um samræmingu á skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða, sbr. þingsályktun hér að lútandi, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar frá sameinuðu Alþingi í maí s. l. (þingskjöl 23 og 936).“

Í nefndina voru skipuð: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Sóknar, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson, lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveit-

endasambandi Íslands, Hrafn Sæmundsson, prentari og Pétur Sigurðsson, alþingismaður, báðir án tilnefningar auk stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra. Í sjóðstjórninni eiga sæti Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar, Adda Bára Sigfúsdóttir, borgarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Gunnhildur Sigurðardóttir, hjúkrunarforstjóri, tilnefnd af Öldrunarfræðafélagi Íslands. Starfsmaður nefndarinnar var ráðinn Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur.

Nefndin tók til starfa 9. september 1981 og hefur hún samið lagafrumvarp það um málefni aldraðra, sem hér er lagt fram.

Í frumvarpi þessu eru málefni aldraðra tekin til heildarendurskoðunar með það fyrir augum að komið verði á samræmdu skipulagi á þjónustu fyrir aldraða með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða. Leitast var við að tengja öldrunarþjónustu við þá þjónustu, sem fyrir hendi er, bæði heilbrigðisþjónustu í tengslum við heilsugæslustöðvarnar, sem eru í hraðri uppbyggingu og félagslega þjónustu sveitarfélaga.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

1. Sett er fram það markmið að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegri þjónustu, sem þeir þurfa og að þessi þjónusta sé veitt á því þjónustustigi, sem sé eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða.
2. Lagt er til að yfirstjórn öldrunarmála sé í höndum eins ráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, og að þar verði sett á stofn sérstök deild til að annast þennan málaflokk.
3. Lagt er til að sett verði á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Hlutverk þessarar nefndar yrði allvíðtækt, annars vegar stefnumótandi og hins vegar ráðgefandi.
4. Lagt er til að stjórnum heilsugæslustöðva, í samvinnu við félagsmálaráð, þar sem þau starfa, verði falin stjórn öldrunarmála á sínu svæði.
5. Lagt er til að við hverja heilsugæslustöð starfi þjónustuhópur aldraðra. Þessi þjónustuhópur yrði samstarfshópur starfsfólks heilsugæslustöðvar, starfsfólks félagslegrar þjónustu svo og þeirra stofnana, sem vinna að öldrunarþjónustu á starfssvæði þjónustuhópsins.
6. Lagt er til að komið verði á fót heimaþjónustu fyrir aldraða. Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð, sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Þessi þjónusta er tvíþætt, annars vegar heilbrigðisþjónusta og hins vegar félagsleg þjónusta.
7. Settar eru fram skilgreiningar á því hvaða stofnanir teljist dvalarstofnanir fyrir aldraða.
8. Lagt er til að vistunarmat fari fram áður en menn verði vistaðir á dvalarstofnunum fyrir aldraða.
9. Lagt er til að kostnaður af vistun á dvalarstofnunum fyrir aldraða verði greiddur af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins eða með beinum framlögum úr ríkissjóði. Þó er gert ráð fyrir því að vistmenn taki þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, eftir ákveðnum reglum í samræmi við tekjur.

Um skeið hafa flestir verið sammála um að eitt mesta vandamálið, sem við er að glíma í heilbrigðisþjónustu landsmanna snerti heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Reynt hefur verið að leysa þessi mál eftir föngum og má segja að í dag þjóni mörg hinna minni sjúkrahúsa á landsbyggðinni því hlutverki að vista aldraða, sem á hjúkrun þurfa að halda. Í Reykjavík og nágrannabyggðunum hefur á hinn bóginn skapast hálfgert neyðarástand, þar sem fjöldi aldraðra hefur aukist hröðum skrefum og miklu meira en annars staðar á landinu. Er hér jafnt um að ræða einstaklinga, sem búið hafa megihluta ævi sinnar á þessu svæði og aðflutta, sem leita þess öryggis, sem Reykjavík og nágrannabyggðirnar veita, einkum á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu að öðru leyti.

Brýnt er að leita lausnar þessara mála og líta verður á þá lausn óháð landshlutum. Þannig verður að marka ákveðna stefnu með það fyrir augum að íþyngja ekki þeim sveitarfélögum, sem sérstöðu sinnar vegna taka við öldruðum umfram önnur. Verður þetta ekki gert á annan hátt en með því að auka afskipti og skyldur ríkisins vegna þessara mála og jafnframt að auka möguleika sveitarfélaga á því að leysa málin innan eigin svæða án þess að reisa sér hurðarás um öxl fjárhagslega.

Með frumvarpi þessu er reynt að leysa þessa þætti og má segja að grunntónn þess sé sá, að hér sé um að ræða málefni, sem snertir alla landsmenn jafnt og geti því ekki eingöngu verið viðfangsefni einstakra sveitarfélaga að leysa úr þeim, með öllum þeim fjárhagsbyrðum, sem slíku fylgir. Stefnt er að stórátaki á skömmum tíma hvað uppbyggingu stofnana fyrir aldraða snertir með tilkomu Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að stuðla að því að aldraðir geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf og eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegri þjónustu, sem þeir þurfa til að því markmiði verði náð. Jafnframt er lögð áhersla á að er þörf krefur, þá sé fyrir hendi nauðsynleg stofnanaþjónusta fyrir aldraða.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fari með yfirstjórn öldrunarmála. Lagt er til að sett verði á stofn deild innan ráðuneytisins, skipuð sérstökum deildarstjóra, til að annast þennan málaflokk. Er þetta gert til að tryggja að málefni aldraðra hljóti sérstakan sess innan stjórnkerfisins en verði ekki bætt ofan á þegar ofhlaðnar deildir og deildarstjóra. Myndi þessi tilhögun treysta heildarstjórn öldrunarmála og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

Um 3. gr.

Lagt er til að sett verði á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Í nefndinni eigi sæti fimm menn, tveir tilnefndir af hinu nýstofnaða Öldrunarráði Íslands, einn frá félagsmálaráðuneyti tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir tilnefndir af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Gert er ráð fyrir því að deildarstjóri öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti verði ritari nefndarinnar og þannig sköpuð tengsl, sem nauðsynleg eru milli ráðuneytisins og nefndarinnar.

Um 4. gr.

Hér er lýst í 6 liðum verkefnum samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Þar kemur fram að nefndinni er ætlað allvíðtækt samræmingar og stefnumótandi hlutverk, auk þess sem nefndinni er ætlað að vera tengiliður milli þeirra aðila sem starfa að málefnum aldraðra.

Um 5. gr.

Lagt er til að svæðisbundin stjórn öldrunarmála verði í höndum stjórnar heilsugæslustöðvarinnar á svæðinu, í samvinnu við félagsmálaráð, þar sem þau starfa. Auk þess er gert ráð fyrir að öldrunarstofnunum á svæðinu verði gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa til setu á fundum stjórnar heilsugæslustöðvar, er hún hefur mál þessi til umfjöllunar.

Verkefnum stjórnar heilsugæslustöðvar á sviði öldrunarmála er lýst í 5 liðum, sem skýra sig sjálfir.

Um 6. gr.

Lagt er til að við hverja heilsugæslustöð landsins verði starfandi svokallaðir þjónustuhópar aldraðra, sem eru nánar skilgreindir í 7. gr. Þó er gert ráð fyrir að þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi, þá geti heilsugæslustöðvarnar sameinast um þjónustuhóp aldraðra. Einnig geta tvö eða fleiri sveitarfélög ákveðið að sameinast um þjónustuhóp. Þá er og gert ráð fyrir að þjónustuhópur aldraðra geti, þar sem það á betur við, starfað í tengslum við aðra heilbrigðisstofnun en heilsugæslustöð, telji sveitarstjórn það hentugra.

Um 7. gr.

Hér er þjónustuhópur aldraðra skilgreindur sem samstarfshópur starfsfólks heilsugæslustöðva(r), sem hópurinn tengist, starfsfólks félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélags(a) svo og þeirra stofnana, sem vinna að öldrunarþjónustu á starfssvæði hópsins. Í hópnum skulu aldrei vera fleiri en 5 og ekki færri en 3. Gert er að skilyrði að í þjónustuhópi aldraðra sé læknir, hjúkrunarfræðingur auk starfsmanns félagsmálaþjónustu. Þar sem sérmenntunar er völ á að nýta hana í þessum hópi.

Um 8. gr.

Hér er fjallað um hlutverk þjónustuhóps aldraðra og er það þríþætt. Fyrst og fremst á hópurinn að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra í umdæmi sínu (1. tl.). Þetta eftirlitshlutverk yrði þungamiðjan í starfi hópsins og ef það á að verða árangursríkt þarf að framkvæma það eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi. Fyrir hendi þyrfti að vera nákvæm spjaldskrá yfir aldraða, búsetta á starfssvæði hópsins. Með ákveðnu millibili, t. d. einu sinni eða tvisvar á ári, yrði síðan athugað hverjir úr hópi aldraðra hefðu ekki sótt þjónustu heilsugæslustöðvarinnar, sem þjónustuhópurinn tengist og mundi þá hópurinn kanna sérstaklega, með símtali eða heimilisvitjun hagi þeirra, sem ekki komu.

Eftirlit hópsins mundi leiða í ljós það sem betur mætti fara. Hópurinn á þá að sjá til þess að úr vandamálunum sé leyst og útvega hinum aldraða þá þjónustu, sem hann þarfnast og völ er á. Við val á úrræðum skal þjónustuhópurinn hafi það að leiðarljósi að viðkomandi geti sem lengst búið eðlilegu heimilislífi (3. tl.).

Skv. 18. gr. l. mgr. laganna verður við ákvörðun vistunar að liggja fyrir mat þjónustuhóps aldraðra á ástandi þess einstaklings, sem sækir um vistun og hvort vistun á dvalarstofnun sé nauðsynleg. Í 2. tl. er þetta vistunarmat tilgreint sem eitt af hlutverkum þjónustuhópsins og gert er ráð fyrir að slíkt mat sé framkvæmt eftir ákveðnum samræmdum reglum, skv. tillögu samstarfsnefndar um málefni aldraðra, sbr. 4. gr. 6. tl.

Um 9. — 14. gr.

Í II. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um Framkvæmdasjóð aldraðra. Sá sjóður var stofnaður með lögum nr. 49/1981, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 93/1981. Ákvæði þessara laga eru tekin að mestu óbreytt inn í frumvarpið, en í bráðabirgðaákvæði er svo fyrir mælt að innan 5 ára frá gildistöku skuli sérstaklega endurskoðuð framtíð Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Um 9. gr.

Greinin er í samræmi við 1. gr. laga nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

1. mgr. greinarinnar er samhljóða 2. gr. laga nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra

sbr. 1. gr. laga nr. 93/1981. Þá er og gert ráð fyrir að sérstaka gjaldið verði lagt á í fimm ár, í fyrsta sinn árið 1982 og verði þá kr. 200, eins og þegar hefur verið ákveðið með lögum nr. 93/1981. Þetta gjald mun síðan hækka í samræmi við skattgjaldsvísitölu.

2. mgr. greinarinnar er samhljóða 2. gr. laga nr. 93/1981 um breyting á lögum nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra, nema hvað gert er ráð fyrir að varamenn séu skipaðir í sjóðstjórnina með sama hætti og aðalmenn. Jafnframt er gert ráð fyrir því að deildarstjóri öldrunarmála verði ritari sjóðstjórnarinnar. Þá er og lagt til að kostnaður við vörslu og stjórn sjóðsins verði greiddur af sjóðnum sjálfum.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. l. mgr. laga nr. 93/1981 um breyting á lögum nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra, nema hvað gert er ráð fyrir því að sjóðurinn veiti framlög til að standa straum af breytingum og endurbótum á dvalarstofnunum fyrir aldraða, sem nauðsynlegar verða vegna gildistöku þessara laga, auk þess sem gert er ráð fyrir því að sjóðurinn geti einnig fjármagnað ýmis nauðsynleg verkefni, tengd öldrunarmálum, t. d. kannanir á málefnum aldraðra o. þ. h.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 5. gr. 3. og 4. mgr. laga nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra, sbr. 3. gr. 3. og 4. mgr. laga nr. 93/1981 um breyting á þeim lögum.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. 5. gr. laga nr. 49/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 93/1981 um breyting á þeim lögum.

Um 15. gr.

Eins og fyrr er getið er það eitt að meginmarkmiðum þessa frumvarps að stuðla að því að aldraðir geti sem lengst búið eðlilegu heimilislífi. Ein aðalforsenda þess að þetta markmið náist er sú að um allt land verði rekin virk heimaþjónusta fyrir aldraða. Slík þjónusta myndi gera öldruðum kleift að vera heima lengur en ella hefði verið unnt.

Í þessari grein er því lýst við hvað er átt með heimaþjónustu fyrir aldraða. Heimaþjónusta er sú aðstoð sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Þessi aðstoð er tvíþætt, annars vegar heilbrigðisþátturinn, þ. e. heimilislækningar, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum og er gert ráð fyrir að þessi þáttur þjónustunnar yrði í höndum starfsliðs heilsugæslustöðva. Hins vegar er félagslegi þátturinn, þ. e. aðstoð við heimilisstörf, félagsráðgjöf og heimsending matar. Þessi liður þjónustunnar yrði í höndum starfsmanna félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Þá er lagt til að ráðherra geti ákveðið með reglugerð að fleiri þjónustuþættir geti fallið undir heimaþjónustu, svo og að aðrir en aldraðir geti notið þjónustunnar.

Um 16. gr.

Mikil áhersla er á það lögð að komið verði á fót samstarfi milli félagslega þáttarins annars vegar og heilbrigðisþáttarins hins vegar, því hjá öldruðum fléttast þessar þarfir mjög. Samstarf af þessu tagi myndi mjög stuðla að árangursríkara starfi í þágu aldraðra og jafnframt auka líkurnar á því að það markmið frumvarpsins náist, að aldraðir búi sem lengst eðlilegu heimilislífi. Það er því lagt til í þessari grein að skipulagning heimaþjónustu fyrir

aldraða sé í höndum stjórnar heilsugæslustöðvar í samvinnu við félagsmálaráð, þar sem þau starfa. Jafnframt er sett fram það markmið að heimaþjónustan skuli veitt sem kvöld-, nætur- og helgidagaþjónusta, ef þjónustuhópur aldraðra telur þörf á og stjórn heilsugæslustöðvar samþykkir.

Um 17. gr.

Hér er fjallað um þær stofnanir fyrir aldraða, sem teljast skulu til dvalarstofnana fyrir aldraða. Er hér um að ræða verulega auknar kröfur til stærðar og búnaðar þessara stofnana frá því sem nú tíðkast enda er gert ráð fyrir því í 12. gr. að þær stofnanir, sem starfa í dag fái framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að standa straum af breytingum. Skal nú vikið nánar að hverri tegund stofnunar fyrir sig.

1. **Íbúðir:** Gert er ráð fyrir að íbúðir fyrir aldraða geti verið tvenns konar, annars vegar þjónustuíbúðir og hins vegar verndaðar þjónustuíbúðir. Munurinn felst í þjónustustiginu. Í þjónustuíbúðum yrði engin þjónusta veitt önnur en húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými, s. s. setustofu. Í vernduðum þjónustuíbúðum yrði hins vegar talsvert meiri þjónusta, s. s. máltíðir, ræsting og þess háttar auk þess sem allar íbúðir væru útbúnar kallkerfi með vörslu allan sólarhringinn.
2. **Dvalarheimili:** Dvalarheimili eru ætluð öldruðu fólki, sem ekki er fært um að annast eigið heimilishald þrátt fyrir aðstoð heimaþjónustu eða þá þjónustu sem verndaðar þjónustuíbúðir veita. Lagt er til að vistarverur þar séu þrenns konar, einstaklingsherbergi, hjónaherbergi og fjölbýliseiningar. Með fjölbýliseiningu er átt við nokkur einstaklingsherbergi, með sameiginlega setustofu með kaffikrók. Allar vistarverur á dvalarheimilum hafa sér snyrtingu. Gert er ráð fyrir að á dvalarheimilum sé mjög veruleg þjónusta veitt, s. s. fullt fæði, þvottar, þrif, umönnun, lyf, læknishjálp, hjúkrun, endurhæfing og félagsstarf. Á dvalarheimilum þurfa því að vera sameiginlegar vistarverur til vinnu og tómstundastarfs.
3. **Hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeildir:** Hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeildir eru ætlaðar öldruðu fólki, sem er of lasburða til að dveljast í þjónustuíbúðum eða á dvalarheimilum. Lagt er til að hjúkrunarheimili og hjúkrunardeildir séu hönnuð sem einstaklingsherbergi og fjölbýlisherbergi, þó þannig að einstaklingsherbergin séu aldrei færri en 50% vistrýmis. Hvert herbergi skal hafa sér snyrtingu og skulu vistmenn eiga kost á að hafa eigin muni í herberginu. Á þessum stofnunum skal vera aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Þá er það og lagt til að þar sem því verður við komið skuli vera aðstaða fyrir hjúkrunarsjúklinga með geðræn vandamál. Gert er ráð fyrir því að þessi tegund stofnunar geti hvort sem er verið sjálfstæð eining eða hluti annarrar dvalarstofnunar fyrir aldraða, t. d. dvalarheimilis.
4. **Sjúkradeildir:** Sjúkradeildir fyrir aldraða skulu hannaðar á sama hátt og spítaladeildir. Þessar deildir eru ætlaðar langlegusjúklingum, sem þurfa mikið eftirlit og umönnun. Gert er ráð fyrir að slíkar deildir geti verið reknar sem sjálfstæð eining eða sem hluti af annarri dvalarstofnun fyrir aldraða, t. d. dvalarheimili eða hjúkrunarheimili, en stefnt skal að því að þessar deildir séu ætíð í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða almenn sjúkrahús.
5. **Dagvist:** Með dagvist er átt við stofnun þar sem aldraðir dvelja daglangt eða hluta úr degi, en fara heim yfir nóttina. Gert er ráð fyrir að dagvist sé unnt að reka sem sjálfstæða stofnun eða sem hluta dvalarstofnunar fyrir aldraða, hvort sem er íbúða, dvalarheimilis, hjúkrunarheimilis eða sjúkradeilda. Þar sem dagvist er rekin í tengslum við aðra dvalarstofnun fyrir aldraða er gert ráð fyrir að hún veiti þjónustu í samræmi við þá þjónustu sem móðurstofnunin veitir. Lagt er til að vistun á dagvist geti verið til frambúðar eða tímabundin.

Í 2. mgr. 17. gr. er lögð sú skylda á eigendur dvalarstofnana fyrir aldraða að stofnanirnar séu aðgengilegar fötluðu fólki.

Um 18. gr.

Hér er fjallað um vistun á dvalarstofnunum fyrir aldraða. Gert er ráð fyrir að skilyrði vistunar á öllum dvalarstofnunum fyrir aldraða nema þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. 1. tl. A), sé umsögn þjónustuhóps aldraðra skv. 6. gr., sbr. og 8. gr. 2. tl. Að fenginni umsögn þjónustuhópsins ákveður stjórn dvalarstofnunar um vistun. Ekki er gert að skilyrði að umsögn þjónustuhópsins sé jákvæð, því talið er ólíklegt að stjórnir dvalarstofnana taki til vistunar þá, sem hlotið hafa neikvæða umsögn.

Lagt er til að vistmenn á dvalarstofnun eigi forgang á hjúkrunardeild sömu stofnunar, ef hún er fyrir hendi. Jafnframt er gert ráð fyrir að stjórn dvalarstofnunar og daglegir stjórnendur hennar ráði flutningi vistmanna innan dvalarstofnunarinnar.

Um 19. gr.

Greinin er í samræmi við 5. gr. laga nr. 28/1973 um dvalarheimili fyrir aldraða að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sbr. 3. gr., geri tillögur til ráðherra um efni reglugerðar.

Um 20. gr.

Greinin er í samræmi við 2. gr. laga nr. 28/1973 um dvalarheimili fyrir aldraða, að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að ráðherra leiti umsagnar samstarfsnefndar skv. 3. gr., áður en leyfi er veitt.

Um 21. gr.

Greinin er í samræmi við 3. gr. laga nr. 28/1973 um dvalarheimili fyrir aldraða að öðru leyti en því að í stað álits viðkomandi héraðslæknis og sveitarfélags á nauðsyn og gagnsemi stofnunar er gert ráð fyrir að beiðninni fylgi umsögn þjónustuhóps aldraðra, sbr. 6. gr.

Um 22. gr.

Gert er ráð fyrir að rekstur dvalarstofnana fyrir aldraða lúti sérstakri stjórn fimm manna, sem eigendur hennar skipa til 4 ára í senn. Þá er og gert ráð fyrir að starfsmenn og vistmenn tilnefni einn fulltrúa hvor til setu á fundum stjórnarinnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Sé hins vegar dvalarstofnun tengd hjúkrunarheimili, hjúkrunardeild eða sjúkradeild, þá skulu gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. að stjórn viðkomandi hjúkrunarstofnunar fer einnig með stjórn dvalarstofnunarinnar, sem hjúkrunarstofnuninni tengist.

Um 23. gr.

Ákvæði laga þessara munu að sjálfsögðu gilda einnig um þær stofnanir, sem þegar eru starfandi. Ljóst er hins vegar að margar þeirra fullnægja ekki þeim kröfum, sem settar eru með lögunum. Því er gert ráð fyrir í 12. gr. að Framkvæmdasjóðurinn veiti framlög til nauðsynlegra breytinga og er hér settur þriggja ára aðlögunartími, að því tilskyldu að Framkvæmdasjóðurinn hafi bolmagn til að standa undir þessum kostnaði.

Um 24. gr.

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi greiðslu vegna vistar í íbúðum fyrir aldraða, þ. e. í þjónustuíbúðum verði greidd húsaleiga, skv. ákvörðun rekstraraðila og í vernduðum þjónustuíbúðum verði greidd húsaleiga ásamt sérstöku þjónustugjaldi, einnig skv. ákvörðun rekstraraðila.

Um 25. gr.

Hér er fjallað um hlutverk daggjaldanefndar, skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, varðandi ákvarðanir daggjalda á dvalarstofnunum fyrir aldraða. Skal daggjaldanefnd ákveða öll slík daggjöld þeirra stofnana, sem taldar eru upp í 17. gr. 2.—4. tl. Við ákvörðun daggjalda skal tekið tillit til þjónustustigs dvalarstofnunar.

Um 26. gr.

Lögð er til grundvallarbreyting á greiðslu kostnaðar vegna vistunar á dvalarstofnunum fyrir aldraða.

Eins og málum er háttað í dag þá greiða vistmenn á dvalarheimilum kostnað af vistun sinni sjálfir. Ef tekjur þeirra hrökkva ekki fyrir dvalarkostnaði greiðir lífeyristryggingadeild svokallaða elliheimilisuppbót til viðkomandi vistmanns. Verði vistmaður síðan svo lasburða að hann þurfi vist á hjúkrunardeild, þá fer sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins að greiða kostnað af vistinni. Greiðsla ellilífeyris, tekjutryggingar og elliheimilisuppbótar fellur þá niður og í stað kemur greiðsla vasapeninga. Hafi viðkomandi vistmaður hins vegar tekjur úr lífeyrissjóði, þá renna þær nú óskertar til hans. Reyndin hefur því orðið sú að þeir, sem tekjur hafa haft aðrar en lífeyri almannatrygginga, hafa orðið tekjulega betur settir eftir að þeir fóru á þyngra hjúkrunarstig, enda hættu þeir þá að taka þátt í greiðslu vistunarkostnaðar. Hér er augljóslega um misrétti að ræða, sem eðlilegt er að leiðrétta.

Nefndin leggur því til að kostnaður við vistun á dvalarstofnunum fyrir aldraða, öðrum en sérhönnuðum íbúðum fyrir aldraða, verði greiddur af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Sjúkratryggingadeildin innheimti síðan hjá lífeyristryggingadeild sömu stofnunar, lífeyrissjóði vistmanns eða lætur innheimta hjá vistmanni sjálfum allt að fullu vistgjaldi, eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Þó skal vistmaður á dvalarheimili fyrir aldraða ætíð halda eftir 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en 1.500 kr. á mánuði. Vistmaður á hjúkrunarheimili, hjúkrunardeild eða sjúkradeild heldur eftir til eigin þarfa 15% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1.000 á mánuði. Gert er ráð fyrir að fjárhæðir þessar breytist eftir sömu reglum og gilda um hækkanir bóta almannatrygginga. Jafnframt er gert ráð fyrir að við ákvörðun tekna vistmanna gildi ákvæði 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

Þetta fyrirkomulag kallar á nokkrar breytingar á almannatryggingalögum, þó þá helsta að ellilífeyrir og tekjutrygging falli ekki niður, eins og 51. gr. 5. mgr. ATL gerir ráð fyrir, ef sjúkratrygging borgar vistgjald. Jafnframt þyrfti að breyta nokkuð ákvæðum 42. gr. ATL. Hefur nefndin útbúið frumvarp með þessum breytingum.

Með fyrirkomulagi því, sem hér er lagt til, er tveimur markmiðum náð. Í fyrsta lagi er leiðrétt það ranglæti, sem nú hefur ríkt, að vistmenn á sjúkrastofnunum hafa í mörgum tilvikum haft meiri tekjur til eigin þarfa en vistmaður á dvalarheimili. Hér er gert ráð fyrir að vistmenn hafi rýmri fjárráð, þ. e. haldi eftir stærri hluta tekna sinna er þeir vistast á dvalarheimili og hafa heilsu til að njóta ýmissa lífsins gæða. Í öðru lagi er komið í veg fyrir þann ávinning, sem vistmaður (og erfingjar) höfðu af því að honum yrði komið á þyngra og dýrara þjónustustig, því lagt er til að vistmenn á dvalarstofnunum fyrir aldraða, allt frá dvalarheimilum til langlegudeilda, taki þátt í greiðslu vistunarkostnaðar.

Vert er að vekja athygli á fylgiskjali IV, þar sem sýndur er hluti TR í greiðslu fyrir dvalarheimilisvist. Þar kemur fram að í raun greiðir Tryggingastofnun ríkisins að fullu dvalarheimilisvist fyrir u. þ. b. 80% vistmanna dvalarheimila, þrátt fyrir ákvæði þess efnis að vistmenn skuli greiða kostnað af vist sinni sjálfir. Ein aðalástæðan fyrir þessu er sú, að enn sem komið er er lítill hluti ellilífeyrisþega með lífeyrissjóðsrétt, sem nokkru nemur. Þetta mun hins vegar breytast á næstu árum, með auknum lífeyrissjóðsrétti landsmanna.

Um 27. gr.

Hér er lagt til að kostnaður af rekstri heimaþjónustu fyrir aldraða, sbr. 15. — 16. gr. skuli greiddur af sjúkrasamlögum þó þannig að þessi kostnaður skiptist milli ríkis og sveitarfélaga í hlutföllunum 35:65. Þó skal ráðherra setja gjaldskrá fyrir not af þjónustunni. Undanþegnir gjaldskyldu eru alltaf þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

Ráðherra skal einnig setja gjaldskrá vegna vistunar á dagvist, sbr. 17. gr. 5. tl.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að þessi lög öðlist gildi 1. janúar 1983. Slíkur gildistökufrestur er á allan hátt eðlilegur þegar um er að ræða svo stefnumótandi lög sem þessi, sem hafa í för með sér mikla undirbúningsvinnu, eigi þau að þjóna tilgangi sínum. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 28/1973 um dvalarheimili aldraðra og lög nr. 49/1981 sbr. lög nr. 93/1981 um Framkvæmdasjóð aldraðra. Gildi sínu eru látin halda lög nr. 10 frá 1952 með síðari breytingum um heimilishjálp í viðlögum. Ljóst er þó að ákvæði laga þessara um heimaþjónustu fyrir aldraða kalla á endurskoðun laganna um heimilishjálp í viðlögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir því að þegar verði kosin samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. og síðan hafist handa við stofnun sérstakrar deildar innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, þannig að verulegum undirbúningi verði lokið við gildistöku laganna. Í sjálfu sér þarfnast þetta bráðabirgðaákvæði ekki skýringa því augljóst er að undirbúningsvinna verður veruleg hjá samstarfsnefnd og ráðuneyti, svo sem við áætlanagerð og samningu reglugerðardraga, sem brýnt er að öðlist gildi um svipað leyti og lögin sjálf.

Gert er ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð innan 5 ára frá gildistöku, er nokkur reynsla hefur fengist af þeim.

Jafnframt er gert ráð fyrir að ákvæði 26. gr. taki gildi í áföngum.

Fylgiskjöl — Efnisyfirlit

Fylgiskjal I:
Framreikningur mannfjölda á Íslandi 1980–2000.

Fylgiskjal II:
Yfirlit um gildandi lög og reglugerðir um málefni aldraðra.

Fylgiskjal III:
Vistrými fyrir aldraða 1.11.1981.

Fylgiskjal IV:
Hluti Tryggingastofnunar ríkisins í greiðslu fyrir dvalarheimilisvist.

Fylgiskjal V:
Lausleg þýðing nokkurra ákvæða dönsku félagsmálalaganna frá 1974.

Fylgiskjal VI:
Nánar um stofnanir á vegum sveitarfélaga skv. dönsku félagsmálalögunum (lausleg þýðing úr Socialministeriets cirkulære frá 29. mars 1976, Cirkulære om institutioner under kommunerne og om visse særlige plejehjem).

Fylgiskjal VII:
Yfirlit um ýmsa þætti tryggingamála.

Fylgiskjal VIII:
Heimahjúkrun, úr ársskýrslu Heilbrigðisráðs Reykjavíkur, 1980.

Fylgiskjal IX:
Yfirlit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga yfir kostnað kaupstaðanna árið 1980, vegna rekstrar heimilishjálpar.

Fylgiskjal X:
Lífeyrisþegar fæddir 1901—1905, sýnishorn. Yfirlit frá endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis, sem sýnir tekjur nokkurra ellilífeyrisþega með rétt í lífeyrissjóði. Athuga ber að sýnishorn þessi eru valin af handahófi og of lítil til þess að unnt sé að draga af þeim ályktanir um stærri hóp.

Fylgiskjal I

Framreikningur mannfjölda á Íslandi 1980–2000
Dæmi I

Aldursflokkur	1980	1985	1990	1995	2000
0— 4 ára	20 735	21 539	23 262	23 763	23 674
5— 9 ára	21 087	20 649	21 450	23 165	23 664
10—14 ára	20 594	21 065	20 626	21 427	23 140
15—19 ára	22 477	20 566	21 036	20 598	21 398
20—24 ára	21 619	22 368	20 466	20 933	20 499
25—29 ára	18 892	21 483	22 230	20 340	20 803
30—34 ára	16 603	18 806	21 386	22 130	20 248
35—39 ára	13 503	16 500	18 691	21 255	21 995
40—44 ára	10 590	13 330	16 288	18 451	20 983
45—49 ára	10 930	10 452	13 156	16 073	18 211
50—54 ára	11 037	10 677	10 210	12 850	15 698
55—59 ára	9 884	10 653	10 306	9 856	12 403
60—64 ára	8 429	9 365	10 096	9 768	9 343
65—69 ára	7 241	7 745	8 605	9 278	8 978
70—74 ára	5 839	6 373	6 811	7 568	8 163
75—79 ára	4 482	4 767	5 210	5 564	6 182
80—84 ára	3 026	3 250	3 458	3 784	4 037
85—89 ára	1 642	1 747	1 871	1 993	2 184
90—95 ára	477	721	769	820	873
95 og eldri	98	165	251	277	296
Alls	229 185	242 221	256 178	269 893	282 772

Dæmi II

Aldursflokkur	1980	1985	1990	1995	2000
0— 4 ára	20 735	21 539	22 027	20 933	18 725
5— 9 ára	21 087	20 649	21 450	21 936	20 846
10—14 ára	20 594	21 065	20 626	21 427	21 913
15—19 ára	22 477	20 566	21 036	20 598	21 398
20—24 ára	21 619	22 368	20 466	20 933	20 499
25—29 ára	18 892	21 483	22 230	20 340	20 803
30—34 ára	16 603	18 806	21 386	22 130	20 248
35—39 ára	13 503	16 500	18 691	21 255	21 995
40—44 ára	10 590	13 330	16 288	18 451	20 983
45—49 ára	10 930	10 452	13 156	16 073	18 211
50—54 ára	11 037	10 677	10 210	12 850	15 698
55—59 ára	9 884	10 653	10 306	9 856	12 403
60—64 ára	8 429	9 365	10 096	9 768	9 343
65—69 ára	7 241	7 745	8 605	9 278	8 978
70—74 ára	5 839	6 373	6 811	7 568	8 163
75—79 ára	4 482	4 767	5 210	5 564	6 182
80—84 ára	3 026	3 250	3 458	3 784	4 037
85—89 ára	1 642	1 747	1 871	1 993	2 184
90—94 ára	477	721	769	820	873
95 og eldri	98	165	251	277	296
Alls	229 185	242 221	254 943	265 834	273 778

Forsendur: 1) Grundvöllur er mannfjöldinn 1. des. 1980. 2) Dánarlíkur áranna 1973—1977. 3) Frjósemi ársins 1978 óbreytt allt tímabilið í dæmi I, en í dæmi II fer frjósemi lækkandi út tímabilið frá árinu 1985. 4) Jöfnuður í flutningum gagnvart útlöndum. 5) Kynhlutföll sveina og meyja 510:490.

Úr skýrslu áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Mannfjöldi, mannafli og tekjur, Reykjavík, júlí 1981, bls. 71.

Fylgiskjal II

Yfirlit um gildandi lög og reglugerðir um málefni aldraða.

1. Heimilishjálp.

Á árinu 1952 voru sett lög um heimilishjálp í viðlögum (nr. 10). Lög þessi heimiluðu sveitarstjórnum/sýslunefndum að setja á fót heimilishjálp í viðlögum. Hlutverk heimilishjálparinnar var að veita hjálp á heimilum þegar sannað var með vottorði læknis, ljósmóður eða annars bærs aðila, að hjálpar væri þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Heimilishjálpin er veitt gegn endurgjaldi skv. gjaldskrá settri af sveitarstjórn/sýslunefnd og staðfestri af ráðherra. Ef um efnalítið fólk er að ræða eða aðrar sérstakar ívilnunarástæður fyrir hendi getur sveitarstjórn/sýslunefnd gefið eftir greiðslu að hluta eða að öllu leyti.

Þar sem sveitarstjórn/sýslunefnd samþykkir að koma á fót heimilishjálp skal kveða nánar á um starfsemina með reglugerð staðfestri af félagsmálaráðuneytinu.

Skv. lögum nr. 10/1952 átti ríkissjóður að endurgreiða 1/3 hluta rekstrarhalla heimilishjálpar. Þessu ákvæði var breytt með lögum nr. 94/1975 um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau. Varð heimilishjálp þá alfarið kostuð af sveitarfélögunum.

Með lögum nr. 58/1963 var heimilað að starfrækja skv. lögunum frá 1952 heimilishjálp handa öldruðu fólki, eftir því sem nánar var ákveðið í reglugerð. Þessi reglugerð var sett á árinu 1971 (nr. 114). Hlutverk heimilisþjónustu fyrir aldraða er þar skilgreint svo: að veita ellilífeyrisþegum aðstoð og umönnun þegar þeir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum geta ekki séð um sig sjálfir og þarfnast aðstoðar til að geta dvalið í heimahúsum. Lengd aðstoðar fer eftir aðstæðum hverju sinni að mati stjórnanda heimilisþjónustunnar. Sá sem nýtur heimilisþjónustu greiðir fyrir hana eftir reglum settum af sveitarstjórn. Undanþegnir greiðsluskyldu eru þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri. Tryggingaráð getur að beiðni sveitarfélags ákveðið að útgjöld vegna heimilisþjónustu, sem veitt er ellilífeyrisþegum, skuli að nokkru eða öllu leyti reiknuð sem uppbætur á lífeyri skv. 19. gr. ATL. Uppbætur þessar greiðast þá að 3/5 hlutum af Tryggingastofnun ríkisins en að 2/5 hlutum af hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Lög nr. 58/1963 voru felld úr gildi með lögum nr. 34/1974. Í síðastnefndu lögunum var ákveðið að auk heimilishjálpar handa öldruðum mætti einnig starfrækja heimilishjálp vegna veikinda barna og fullorðinna, ef þeir sem veittu heimilinu forstöðu væru bundnir af atvinnu utan heimilis.

2. Erfðafjársjóður.

Með lögum nr. 12 frá 1952 var erfðafjársjóður stofnaður. Er sjóðurinn í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Hlutverk sjóðsins var í upphafi að lána og veita styrki til sveitarfélaga, félaga eða einstaklinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir gamalmenni og öryrkja þannig að starfsgeta þeirra kæmi að sem fyllstum notum. Samanlagðar upphæðir lána og styrkja mega þó aldrei fara fram úr 2/3 hlutum stofnkostnaðar.

Með lögum nr. 36 frá 1965 var gerð sú breyting á upphaflegu lögunum frá 1952 að heimilað var að veita úr erfðafjársjóði (ef fjárhagur sjóðsins leyfði) lán til sömu aðila með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.

3. Dvalarheimili aldraðra

Í lögum nr. 28 frá 1973 eru dvalarheimili aldraðra skilgreind sem stofnanir ætlaðar öldruðu fólki, sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Getur slíkt dvalarheimili jöfnum höndum verið ætlað til dagvistunar eða fullrar vistunar. Þá geta íbúðir fyrir aldraða verið hluti dvalarheimilis.

Til stofnunar og reksturs dvalarheimilis fyrir aldraða þarf sérstakt leyfi ráðherra. Sama gildir um meiriháttar breytingar á húsakynnum eða starfsemi slíkra stofnana. Ráðherra veitir því aðeins rekstrarleyfi að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis og sveitarfélags á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

Í stjórn dvalarheimilis sitja 3 eða 5 menn, tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða eigendum til 4 ára í senn. Vistmönnum er heimilt að tilnefna 1 mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin sér um rekstur stofnunar, ræður forstöðumann og heimilislækni og ákvarðar vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum forstöðumanns.

Daggjaldanefnd ákveður upphæð vistgjalda á dvalarheimilum aldraðra.

Skv. lögunum frá 1973 var ríkissjóði skylt að greiða 1/3 hluta byggingarkostnaðar við dvalarheimili fyrir aldraða. Þetta ákvæði breyttist með lögum nr. 94/1975 um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau, þannig að sveitarfélög kosta alfarið byggingar dvalarheimila aldraðra og þeim er heimilt að greiða 1/3 hluta kostnaðar ef aðrir byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis.

4. Happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Skv. 3. gr. 2. mgr. laga um dvalarheimili aldraðra sjómanna (nr. 16/1973) skal ágóði happdrættisins renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. Þó skal 60% ágóðans varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt er þó stjórn dvalarheimils aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

5. Byggingarsjóður aldraðs fólks.

Með lögum nr. 49 frá 1963 var stofnaður sjóður, Byggingarsjóður aldraðs fólks, sem fékk það hlutverk að stuðla að lánveitingum að því að byggðar yrðu hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk.

Með lögum nr. 23 frá 1968 var hlutverk sjóðsins víkkað þannig að úr sjóðnum ætti einnig að veita lán til bygginga dvalarheimila fyrir aldraða.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, skv. ákvæðum í lögum um happdrættið.
2. Frjáls framlög eða aðrar tekjur er til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

Stjórn sjóðsins og daglegur rekstur hans eru í höndum Tryggingastofnunar ríkisins. Fulltrúi stjórnar happdrættis DAS á tillögurétt um lánveitingar.

Lán úr sjóðnum má veita annars vegar sveitarfélögum eða aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki eða dvalarheimili og hins vegar einstaklingum 67 ára og eldri, til kaupa á litlum íbúðum, sem gerðar eru sérstaklega við hæfi aldraðs fólks.

Á árinu 1978 var sett reglugerð um kjör á lánum úr Byggingarsjóði aldraðs fólks (nr. 321). Skv. reglugerðinni skal Tryggingaráð meta umsóknir um lán. A. m. k. einu sinni á ári, áður en fyrsta lánsumsókn er afgreidd, skal stjórn happdrættis DAS eiga kost á að gera tillögur um lánveitingar á árinu. Lán má veita til allt að 15 ára. Vextir greiðast eftir á og eru 3 prósentustigum hærri en hæstu lögleyfðir fasteignalánavextir á hverjum tíma.

6. Framkvæmdasjóður aldraðra.

Með lögum nr. 49/1981 var stofnaður Framkvæmdasjóður aldraðra. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstökum skatti, sem lagður er á einstaklinga. Á árinu 1982 verður þessi skattur kr. 200.
2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

Hlutverk sjóðsins er skilgreint í 5. gr. sbr. 3. gr. l. nr. 93 frá 1981:

1. að fjármagna byggingar vegna stofnana fyrir aldraða,
2. að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða,
3. að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingu sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða,
4. að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða.

Fylgiskjal III

Vistrými fyrir aldraða 1.11. 1981.

	Vist-rými	Vist-menn	Vist-gjald. Fjöldi	Hjúkr.-gjald. Fjöldi
I. Dvalarheimili aldraðra				
1. Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, Reykjavík	326[1])	311	124	187
2. Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnista, Reykjavík	405[2])	403	188	215
3. Dvalarheimilið Höfði, Akranesi	44	44	44	
4. Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	58	56	56	
5. Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	17[9])	17	15	
6. Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	7	4	4	
7. Elliheimili Ísafjarðar, Ísafirði	22	22	22	
8. Dalbær, heimili aldraðra, Dalvík	30[3])	30	30	
9. Dvalarheimilið Hlíð, Akureyri	110	110	110	
10. Elliheimilið Skjaldarvík, Akureyri	80	80	80	
11. Dvalarheimili aldraðra, Húsavík	31[10])	31	31	
12. Dvalarheimili aldraðra, Eskifirði	7	6	6	
13. Elli- og hjúkrunarheimili, A-Skaftafellssýslu, Höfn	24[4])	27	4	23
14. Elliheimilið Suður-Vík, Vík í Mýrdal	4	2	2	
15. Dvalarheimilið Lundur, Hellu	15	17	17	
16. Hraunbúðir, dvalarheimili aldraðra, Vestmannaeyjum	42	35	35	
17. Vistheimilið Kumbaravogi, Stokkseyri	43[5])	43	28	15
18. Elliheimilin Ás og Ásbyrgi, Hveragerði	190[1])	158	92	66[6])
19. Elliheimilið Hlévangur, Keflavík	17	13	13	
20. Dvalarheimilið Garðvangur, Gerðum	22	22	22	
21. Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnista, Hafnarf.	87[7])	90(9)	63(9)	27
Samtals	1582	1521(9)	988(9)	533

1) Tölur frá Grund, Ási og Ásbyrgi eru miðaðar við 1.12.1981. Þá skal tekið fram að vistrými á þessum stöðum er ekki skipt sérstaklega milli dvalarheimilis og hjúkrunardeildar.
2) Skv. upplýsingum Hrafnistu í Reykjavík teljast 240 vistrými til dvalarheimilis og 165 til hjúkrunardeildar.
3) Þann 4. desember munu bætast við 13 vistrými.
4) Í desember bættust við 6 vistrými og í janúar 1982 munu bætast við 13—14 vistrými, 5 á hjúkrunardeild og 8—9 á dvalarheimili.
5) Kumbaravogur hefur leyfi fyrir hjúkrunardeild með 14 vistrýmum.
6) Flestir vistmanna á hjúkrunargjaldi eru annað hvort frá Reykjalundi eða Kleppi.
7) Engin sérstök hjúkrunardeild er enn á Hrafnistu í Hafnarfirði. Þeir vistmenn, sem eru á hjúkrunargjaldi dvelja því í íbúðum, sem búnar hafa verið björllu. Sviginn táknar vistmenn í tímabundinni vistun.
8) Á Fellsenda eru aldraðir með geðræn vandamál, flestir frá Kleppi.
9) 7 vistrými bætast við vorið 1982. Tölur frá Stykkishólmi miðast við 31.12.81.
10) Á dvalarheimilinu eru 17 íbúðir, 2ja og 3ja manna. Búið er að taka 11 í notkun. Síðustu 6 verða teknar í notkun vorið 1982 og bætast þá við 9—14 vistrými. Tölur frá Húsavík miðast við 31.12.1981.

	Vist-rými	Vist-menn	Vist-gjald Fjöldi	Hjúkr.-gjald Fjöldi
II. Hjúkrunar- og langlegudeildir				
22. Dvalarheimilið Fellsendi, Dalasýslu	16[8])	18		18
23. Ellideild Héraðshælis A-Hún., Blönduósi	17	24	8	16
24. Kristnes, Eyjafirði	69	69		69
25. Ellideild Fjórðungssjúkrahúss-ins Neskaupstað	10	14	6	8
26. Sólvangur, Hafnarfirði	106	106		106
27. Borgarspítalinn, endurhæfingar og hjúkrunardeild við Barónsstíg	30	30		30
28. Borgarspítalinn, sjúkradeild í Hafnarbúðum, Reykjavík	25	25		25
29. Landspítalinn, Hátúni 10B, Reykjavík	66	66		66
Samtals	339	352	14	338
Alls	1921	1873(9)	1002(9)	871

Fylgiskjal IV

Hluti TR í greiðslu fyrir dvalarheimilisvist

	Fjöldi vist-manna á vistgjaldi	TR greiðir elli-heimilisuppbót og vasapeninga	TR greiðir elli-heimilisuppbót þrátt fyrir tekjur úr lífeyrissjóði	TR greiðir skerta elliheimilisupp-bót vegna tekna úr lífeyrissjóði	Vistmaður greiðir vist sjálfur
1. Elliheimilið Grund, R	124	69 (55,7%)	33 (26.6%)	22 (17.7%)	0
2. Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	92[1])	61 (66.3%)	17 (18.5%)	8 (8.7%)	0
3. Hlíð, Akureyri	110	60 (54.6%)	33 (30.0%)	16 (14.5%)	1 (0.9%)
4. Skjaldarvík, Akureyri	80	60 (75.0%)	16 (20.0%)	4 (5.0%)	0
5. Hrafnista, Hafnarfirði	72	29 (40.3%)	22 (30.5%)	21 (29.2%)	0
6. Höfði, Akranesi	44	16 (36.4%)	21 (47.7%)	6 (13.6%)	1 (2.3%)
7. Dvalarheimili aldr., Borgarnesi	56	26 (46.4%)	27 (48.2%)	3 (5.4%)	0
8. Dalbær, Dalvík	30	15 (50.0%)	11 (36.7%)	4 (13.3%)	0
9. Hlévangur, Keflavík	15	5 (33.3%)	4 (26.7%)	6 (40.0%)	0
10. Garðvangur, Gerðum	22	9 (40.9%)	7 (31.8%)	6 (27.3%)	0
11. Dvalarheimili aldr., Húsavík ..	31	8 (25.8%)	20 (64.5%)	3 (9.7%)	0
12. Lundur, Hellu	17	4 (23.5%)	12 (70.6%)	1 (5.9%)	0
13. Ellideild Hér.h. A-Hún.	8	7 (87.5%)	0	1 (12.5%)	0
14. Kumbarav., Stokkseyri	28	9 (32.1%)	16 (57.2%)	3 (10.7%)	0
Samtals	729	378 (51.8%)	239 (32.8%)	104 (14.3%)	2 (0.3%)

1) Upplýsingar vantar um 6 vistmenn.

Skýringar við fylgiskjal IV.

Taflan sýnir kostnað Tryggingastofnunar ríkisins vegna dvalarheimilisvistar. Upplýsingar fengust um 729 vistmenn (af 1011 eða 72.1%). Í fyrsta dálki er sýndur fjöldi vistmanna sem fær fulla elliheimilisuppbót auk vasapeninga. Í öðrum dálki er sýndur fjöldi þeirra, sem fær fulla elliheimilisuppbót þrátt fyrir tekjur úr lífeyrissjóði. Ástæðan er sú, að tekjur þessa fólks úr lífeyrissjóði fara ekki fram úr frítekjumarkinu. Í þriðja dálki kemur fram fjöldi þeirra, sem taka þátt í greiðslu dvalarheimiliskostnaðar og er það ekki nema 14.3% af fjöldanum. Loks er sýndur fjöldi þeirra, sem greiða vist sína að fullu sjálfir.

Fylgiskjal V

Lausleg þýðing nokkurra ákvæða dönsku félagsmálalaganna frá 1974. [1])

Dagvistir og dagstöðvar (74. — 78. gr.).

74. gr. Sveitarstjórn skal sjá til þess að þeir, sem þurfa varanlegt eftirlit og hjúkrun, sem ekki er hægt að veita á heimili þeirra að deginum til, eigi völ á því að dveljast á dagvist. Þá skal sveitarstjórn sjá til þess að í sveitarfélaginu sé komið á fót dagmiðstöð til að annast þá þjónustu sem best er að veita á stofnunum.

Dagheimili og dagmiðstöðvar geta sveitarstjórnir, ein eða fleiri, sýslunefndir eða sjálfseignarstofnanir, sem sveitarstjórn gerir samkomulag við, sett á fót og rekið.

75. gr. Sveitarstjórn sér til þess að áætlanir um stofnun eða breytingu á dagvist eða dagmiðstöð né í samræmi við leiðbeiningar, sem félagsmálaráðherra gefur.

76. gr. Sveitarstjórn hefur eftirlit með daglegum rekstri dagvista og dagmiðstöðva í sveitarfélaginu.

Sýslunefnd gefur leiðbeiningar og getur gert athuganir í sambandi við fyrirspurnir um rekstur dagvista og dagmiðstöðva í sýslunni.

77. gr. Ákvörðun um inntöku á dagvist er tekin af félagsmálaráði (det sociale udvalg).

Skilyrði þátttöku í þeirri þjónustu sem dagmiðstöð veitir er samþykki félagsmálaráðs.

78. gr. Þeir sem vistast á dagvist greiða ákveðna upphæð fyrir máltíðir og hjúkrun og er sú upphæð ákveðin af félagsmálaráðherra.

Fyrir þátttöku í þjónustu dagmiðstöðvar er greitt skv. reglum settum af félagsmálaráði skv. leiðbeiningum félagsmálaráðherra.

Hjúkrunarheimili og verndað húsnæði (79. — 86. gr.).

79. gr. Sveitarstjórn skal sjá til þess að þeir, sem af heilsufarsástæðum geta ekki séð um sig heima, þrátt fyrir heimilishjálp og aðra aðstoð sem félagsmálalögin mæla fyrir, skulu geta vistast á hjúkrunarheimili.

Þeir, sem ekki geta séð um sig í venjulegu húsnæði, en þurfa þó ekki á hjúkrunarvist að halda, skulu eiga möguleika á vistun í vernduðu húsnæði, sem er sérstaklega hannað fyrir fólk með langvarandi einkenni.

80. gr. Hjúkrunarheimili og verndað húsnæði er hægt að setja á fót og reka af einni eða fleiri sveitarstjórnum, sýslunefnd eða sjálfseignarstofnun, sem sveitarstjórn gerir samkomulag við.

81. gr. Sveitarstjórn sér til þess að áætlanir um stofnun eða breytingar á hjúkrunarheimili eða vernduðu húsnæði séu í samræmi við leiðbeiningar gefnar af félagsmálaráðherra.

82. gr. Sveitarstjórn hefur eftirlit með daglegum rekstri hjúkrunarheimilis og verndaðs húsnæðis í sveitarfélaginu og hefur þar eftir því sem hægt er samstarf við vistmannaráð.

Sýslunefnd gefur leiðbeiningar og getur gert athuganir í sambandi við fyrirspurnir um rekstur hjúkrunarheimilis og verndaðs húsnæðis í sýslunni.

83. gr. Sýslunefnd setur á fót eina eða fleiri nefndir til að meta vistunarþörf aðila. Í þessum nefndum skulu vera fulltrúar frá félagsmálastofnunum sýslunnar, sjúkrahúsum, einkum langlegudeildum og embættislæknum.

Ákvörðun um vist á hjúkrunarheimili eða í vernduðu húsnæði er tekin af félagsmálaráði að fenginni umsögn nefnda þeirra sem rætt er um í 1. mgr. Þó getur sýslunefnd og sveitarstjórn ákveðið að félagsmálaráð þurfi ekki að leita slíkrar umsagnar.

1) Bistandsloven.

84. gr. Þegar lífeyrisþegi vistast á hjúkrunarheimili er hluti lífeyris greiddur til persónulegra þarfa en afgangurinn er notaður til greiðslu fyrir vistina. Upphæðin sem nýtt er til persónulegra þarfa skal vera kr. 4.380 á ári (miðað við 1. 10. 1980). Hafi lífeyrisþeginn aðrar tekjur en lífeyri skulu 60% þeirra greiðast fyrir vistina. Þó skal heildargreiðsla aldrei fara fram úr upphæð sem félagsmálaráðherra ákveður.

Sú upphæð sem notast til persónulegra þarfa er miðuð við framfærsluvísitölu eftir sömu reglum og gilda um vísitölutryggingu lífeyris.

Þeir, sem ekki fá lífeyri, greiða upphæð innan þeirra marka sem gefin eru í 1. mgr. síðasta málsl. þannig að viðkomandi haldi eftir sömu upphæð til persónulegra þarfa og lífeyrisþegi á sama aldri.

85. gr. Greiðsla fyrir vist á hjúkrunarheimili byrjar í lok mánaðarins á eftir innlagningarmánuði. Séu einhverjar líkur á því að viðkomandi geti útskrifast innan u. þ. b. þriggja mánaða frá innlögn má lækka greiðsluna þannig að viðkomandi haldi eftir upphæð sem dugir fyrir húsaleigu og þess háttar.

Í 2. — 5. mgr. eru ákvæði um ákvörðun vistunargjalds ef viðkomandi er giftur eða með börn á framfæri o. s. frv.

86. gr. Íbúar í vernduðu húsnæði greiða leigu ákveðna af félagsmálaráði skv. leiðbeiningum félagsmálaráðherra.

Fylgiskjal VI

Nánar um stofnanir á vegum sveitarfélaga skv. dönsku félagsmálalögunum.

(Lausleg þýðing úr Socialministeriets cirkulære frá 29. mars 1976, Cirkulære om institutioner under kommunerne og om visse særlige plejehjem).

Dagmiðstöðvar (Dagcentre).

86. Dagmiðstöð er ramminn um þá þjónustu, sem best er að veita á stofnunum. Dagmiðstöð er hönnuð í samræmi við þarfir þess hóps, sem hún á að þjóna. Þar skal fara fram starf, sem miðar að því að viðkomandi þurfi ekki að fara á hjúkrunarheimili (I et dagcenter skal gennemføres et aktiverende, plejehjemsforebyggende arbejde). Ef kostur er skal þar völ á fótsnyrtingu og iðjuþjálfun. Þar getur einnig verið sjúkraþjálfun, sem miðar að því að viðhalda líkamlegri hreysti og er þess eðlis að ekki þarf tilvísun eða meðhöndlunarbeiðni. Hér er því um að ræða leikfimi o. þ. h. undir stjórn sjúkraþjálfara. Sjúkraþjálfun sem krefst læknisskoðunar og tilvísunar frá lækni, auk þjálfunar sem krefst sérstakra áhalda fellur undir heilbrigðisþjónustu (er et anliggende for sundhedsvæsenet) og verður því að fylgja reglum þar að lútandi. Slíka sjúkraþjálfun má ekki veita á dagmiðstöð.

87. Félagsmálaráð (det sociale udvalg) verður að samþykkja inntöku á dagmiðstöð.

88. Félagsmálaráð ákveður greiðslur fyrir þátttöku í þjónustu dagmiðstöðvar og skal greiðslan í samræmi við umfang þjónustunnar.

...

89. Dagmiðstöðvar, sem sjá um afþreyingu fyrir lífeyrisþega, eru ekki dagmiðstöðvar í merkingu félagsmálalaganna.

Dagvist, verndað húsnæði og hjúkrunarheimili (Daghjem, beskyttede boliger og plejehjem).
90. Markmið félagsmálalaganna er að þjónusta við aldraða og lífeyrisþega miði að því að viðkomandi geti dvalist heima eins lengi og hann vill og hefur heilsu til. Ákvæði laganna um dagvist, verndað húsnæði og hjúkrunarheimili koma því fyrst til álita er öll önnur ráð hafa verið reynd til þrautar.

Dagvist (Daghjem).
91. Dagvist er ætluð þeim, sem þarfnast stöðugs eftirlits og hjúkrunar, sem ekki er hægt að inna af hendi að deginum til á heimili þeirra.

Séu sérstök daghjúkrunarheimili reist, skulu þau þannig hönnuð að þar megi vista hjúkrunarfreka sjúklinga.

Dagvist hefur sama hlutverk og hjúkrunarheimili a. ö. l. en því að þeir sem á dagvist dvelja búa þar ekki. Á dagvist skal því hægt að veita raunverulega hjúkrun.

92. Félagsmálaráð tekur ákvörðun um inntöku á dagvist.

93. Þeir, sem dagvistar njóta greiða fyrir máltíðir og hjúkrun. Við ákvörðun upphæðarinnar skal taka tillit til þeirrar kostnaðarlækkunar viðkomandi að fá máltíðir í vistinni. Greitt skal upp að þeirri upphæð sem viðkomandi hefði ella greitt fyrir heimilisþjónustu (Yderligere betales indtil det beløb, den pågældende skulle betale for modtalgelse af hjemmehjælp). Þá skal greiða sérstaklega fyrir þjónustu eins og hárgreiðslu og fótsnyrtingu.

Verndað húsnæði (Beskyttede boliger).
94. Verndað húsnæði er ekki ætlað sérstökum hópum fólks, en gert er ráð fyri að það verði einkum notað af ellilífeyrisþegum. Verndað húsnæði er fyrir þá, sem ekki geta séð um sig í venjulegu húsnæði, en þurfa þó ekki á hjúkrunarheimilisvist að halda eða dagvist. Verndað húsnæði skal hannað fyrir fólk með langvarandi einkenni (vedvarende lidelser).

Í vernduðu húsnæði skal veita persónulega og verklega þjónustu. Hjúkrun er einungis veitt í takmörkuðum mæli, enda er verndað húsnæði ekki ætlað þeim, sem með réttu ættu að vistast á hjúkrunarheimili.

95. ...

96. Verndað húsnæði skal vera:
1) fjölbýlishús (kollektiv bebyggelse) eða hluti slíkrar byggingar
2) með vaktmiðstöð þar sem starfslið er allan sólarhringinn
3) með möguleika á aðstoð í íbúð, þ. e.
   a) persónuleg aðstoð (personlig bistand),
   b) aðstoð við hirðingu íbúðar og annað, sem heimaþjónusta sér um,
   c) takmörkuð hjúkrun, samsvarandi þeirri þjónustu, sem heimahjúkrun veitir,
4) með sameiginlega aðstöðu og þjónustu, s. s. máltíðir og þvottaþjónustu,
5) með sameiginlegt rými í húsnæðinu eða næsta nágrenni fyrir ýmsa starfsemi (have aktivitets- og kontaktsmuligheder).

97. Verndað húsnæði skal fullnægja þeim kröfum, sem byggingarlöggjöf gerir til sjálfstæðra íbúða. Húsnæðið skal innréttað við hæfi fatlaðs fólks. Í hverri íbúð skal útbúnaður til að kalla á aðstoð. Íbúðirnar má innrétta fyrir hjón.

98. Verndað húsnæði er reist sem sér húsnæði eða nokkrir uppgangar í venjulegu húsnæði. Verndað húsnæði er venjulega íbúðir, en getur hugsanlega verið einbýlishús eða raðhús, svo framarlega sem sá hátturinn minnkar ekki möguleika á sameiginlegri þjónustu og því að hægt sé í skyndi að kalla til þjónustu. Fjöldi eininga verður að miðast við að reksturinn verði

sem hagkvæmastur. Sé sérhannað húsnæði rekið í tenglsum við hjúkrunarheimili þarf fjöldi eininga ekki að vera eins mikill. Einstakar íbúðir í venjulegu húsnæði geta því ekki orðið verndað húsnæði jafnvel þótt íbúinn uppfylli skilyrði búsetu í vernduðu húsnæði.

99. Hentugt er, en ekki skilyrði, að verndað húsnæði sé reist í tengslum við hjúkrunarheimili, þannig að þjónusta sú, sem veitt er í vernduðu húsnæði sé rekin í samvinnu við hjúkrunarheimilið.

100. Líta skal á verndað húsnæði sem heimili íbúanna. ...

Hjón geta búið í vernduðu húsnæði þó að einungis annað þeirra uppfylli skilyrði vistunarinnar.

Þegar sá, sem vistast hefur í vernduðu húsnæði, getur ekki lengur dvalið þar, verður að taka afstöðu til hvort makinn skuli áfram búa í húsnæðinu. Ef viðkomandi þyrfti að flytja, skal hann fá aðstoð við að finna annað húsnæði.

101. Viðkomandi sveitarstjórn ákveður hvernig aðstoð skv. 96. skuli látin í té, þ. á m. aðstoð sem heimaþjónusta sér venjulega um. ...

102. Þar sem forsenda vistunar í vernduðu húsnæði er meiri eða minni þörf fyrir aðstoð skv. 96., hvílir sú skylda á stjórnendum hins verndaða húsnæðis og félagsmálastofnun að fylgjast með þjónustuþörf hvers og eins og ákveða hvaða þjónustu skuli veita og í hvaða mæli.

103. Í vernduðu húsnæði skal koma á fót vistmannaráði. Um vistmannaráð vísast til athugasemda hér á eftir um vistmannaráð á hjúkrunarheimilum. Þá skal og setja húsreglur í samvinnu við vistmannaráðið eftir því sem hægt er.

Inntaka í verndað húsnæði (Optagelse i beskyttet bolig).

104. Við inntöku í verndað húsnæði skal íbúanum gerð grein fyrir þeim reglum sem í gildi eru, hvaða þjónustu er völ og undir hvaða kringumstæðum gæti orðið um flutning úr húsnæðinu að ræða.

Félagsmálaráð tekur ákvörðun um inntöku í eða brottflutning úr vernduðu húsnæði. Skoðun fer fram á sama hátt og vegna inntöku á hjúkrunarheimili, sem sveitarfélög notfæra sér. Stjórn sjálfseignarstofnunar, sem rekur verndað húsnæði getur ekki tekið ákvörðun um inntöku og verndað húsnæði þannig rekið hefur ekki forgang að því að vista fólk í húsnæði sínu. Við ákvörðun um inntöku skal haft í huga hvort viðkomandi, með þeirri aðstoð sem húsnæðið veitir, geti annast um sig sjálfur og notið vistarinnar um einhvern tíma.

Ákvörðun um inntöku í verndað húsnæði er tekin eftir að umsagnar nefndar skv. 116. hefur verið leitað.

Greiðsla fyrir dvöl í vernduðu húsnæði.

105. Þó að íbúðirnar í vernduðu húsnæði teljist einkaíbúðir þeirra sem þar dveljast þá telst verndað húsnæði þó dvalarstofnun í skilningi félagsmálalaganna. Lög um leigu gilda því ekki um þessar íbúðir og venjulegur leigusamningur er ekki gerður.

Skv. 86. gr. félagsmálalaganna ákveður félagsmálaráð leiguna í samræmi við leiðbeiningar félagsmálaráðherra. Sú upphæð, sem ákveðin er skal vera greiðsla fyrir leigu íbúðarinnar og viðhald, ljós og hita ásamt þeirri aðstoð og hjúkrun sem veitt er og þátttöku í starfi fyrir lífeyrisþega.

Fyrir þátttöku í umönnunarstarfi utan verndaðs húsnæðis er hægt að krefja sérstakrar greiðslu.

106. Greiðslan skal vera samsvarandi 25% af „husstandsindkomsten" auk helmings af „bistands- og plejetillæg". Þó skal upphæðin aldrei hærri en það sem svarar til bráttóhúsaleigu ásamt viðhaldskostnaði auk hæstu greiðslu fyrir heimilisþjónustu.

Félagsmálaráð getur í einstökum tilvikum ákveðið hærri eða lægri greiðslu en 25% af „husstandsindkomsten". Þó skal upphæðin aldrei hærri en svo að viðkomandi þurfi að ganga á eignir sínar (dog kan der ikke fastsættes en betaling, der forudsætter forbrug af en eventuel formue). Ekki má krefjast peningaframlags sem skilyrðis fyrir inntöku.

Fyrir aðra þjónustu, en hér er nefnd, s. s. máltíðir, sem færðar eru íbúanum og þvottaþjónustu, hárgreiðslu og fótsnyrtingu skal greiða upphæð skv. ákvörðun félagsmálaráð.

107. ...
108. ...
109. ...
110. ...

Hjúkrunarheimili.

111. Hjúkrunarheimili er ætlað þeim, sem af heilsufarsástæðum geta ekki séð um sig sjálfir þrátt fyrir aðstoð heimaþjónustu eða stuðning verndaðs húsnæðis.

112. ...

113. Sá, sem þörf hefur fyrir vistun á hjúkrunarheimili, getur vistast þar ef hönnun heimilis og sú þjónusta sem það veitir er í samræmi við hjúkrunarþörf viðkomandi og heilsufarsástand hans, að mati læknis, er ekki þess eðlis að það ylli óþægindum fyrir aðra vistmenn heimilis.

Þjónusta á hjúkrunarheimili (Ydelser i plejehjem).

114. Á hjúkrunarheimili skal veita nauðsynlega umönnun og hjúkrun eftir þörfum hvers einstaks vistmanns. Þá eiga vistmenn rétt á þjónustu, sem venjulega er veitt á hjúkrunarheimilum, s. s. klæðnaði (beklædning), hárgreiðslu og fótsnyrtingu ásamt hjálpartækjum (hjælpemidler).

115. Á hjúkrunarheimilum skal koma á fót vistmannaráðum. Þar skal og setja húsreglur í samvinnu við vistmannaráð, eftir því sem hægt er. Tilgangur vistmannaráðs er annars vegar að virkja íbúa heimilisins, hins vegar að skapa samstarf milli íbúa og stjórnar um þau atriði sem snerta daglegt líf á heimilinu. Vistmannaráð getur haft frumkvæðið að viðræðum við stjórn heimilisins auk þess sem það getur einnig snúið sér beint til sveitarstjórnar.

Ekki er hægt að setja fastar reglur um samsetningu ráðsins eða heimildir þess. Stjórn heimilisins ber ábyrgð á daglegum rekstri gagnvart sveitarstjórnum og er ekki óeðlilegt að sveitarstjórn ákveði hlutverk ráðsins. Eðlilegt væri að ráðið hefði með að gera þau atriði sem skipta máli fyrir daglega velferð vistmanna.

Við inntöku á heimili skal veita vistmanni upplýsingar um þau atriði sem máli skipta varðandi vistina.

Inntaka á hjúkrunarheimili (Optagelse i plejehjem).

116. Félagsmálaráð tekur ákvörðun um vistun á hjúkrunarheimili.

Ákvörðun skal byggð á upplýsingum frá lækni viðkomandi, heimahjúkrunarkonu, heimilisþjónustufólki og öðrum, sem þekkja til aðstæðna viðkomandi. Sé langlegudeild á svæðinu skal skoðun fara fram í samvinnu við deildina.

Áður en ákvörðun er tekin skal leita umsagnar þeirrar nefndar sem sýslunefnd skipar, nema sýslunefnd og viðkomandi sveitarstjórn hafi samið um að félagsmálaráð þurfi ekki að leita slíkrar umsagnar.

Eftir því sem hægt er skal taka tillit til óska viðkomandi um á hvaða heimili skuli vista.

117. ...

Kostnaður (Økonomiske forhold).

118. Til vistmanna á hjúkrunarheimilum greiðist fjárhæð til persónulegra þarfa. Hjá lífeyrisþegum er þessi fjárhæð hluti af lífeyrinum og það sem eftir er greiðist til heimilisins sem gjald fyrir vistunina. ...

119. ...
120. ...

Fylgiskjal VII

Yfirlit um ýmsa þætti tryggingamála.

Skv. 1. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar teljast almannatryggingar þessar:
1. lífeyristryggingar,
2. slysatryggingar,
3. sjúkratryggingar.

Í þessu yfirliti verður einungis vikið að lífeyristryggingum og sjúkratryggingum. Allar upphæðir miðast við 1. desember 1981.

1. Lífeyristryggingar.

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris, barnalífeyris, mæðralauna, ekkjubóta og ekkjulífeyris (10. gr.).

Ellilífeyrir.

Rétt til **ellilífeyris** eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 3 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur ellilífeyrir greiðist þeim, sem átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Sé um skemmri tíma að ræða, greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann. Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, nemur 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Þó fá hjón, sem bæði dveljast á elliheimili, fullan lífeyri hvort um sig. Fullur ellilífeyrir, sem tekinn er við 67 ára aldur, er nú kr. 1.679 á mánuði. Ef ellilífeyrir er tekinn seinna fer hann stighækkandi allt til 72 ára aldurs (11. gr.).

Makabætur

Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega **makabætur** allt að 80% lífeyris einstaklings, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. ef hann getur ekki stundað atvinnu vegna sjúkleika maka í heimahúsi (13. gr.).

Tekjutrygging[1])

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr kr. 10.800 á ári hjá einstaklingum og 15.120 hjá hjónum skal greidd uppbót á lífeyri.

1) Frítekjumarkið vegna tekjutryggingar er ákveðið einu sinni á ári miðað við 1. júní.

Tekjutrygging er nú kr. 1.788 á mánuði hjá einstaklingum og kr. 3.218 hjá hjónum. Hafi bótaþeginn tekjur umfram framangreind mörk er uppbótin skert um 55% þeirra tekna, sem umfram eru. Ef tekjur einstaklinga ná kr. 44.924 á ári og kr. 72.807 hjá hjónum, fellur tekjutryggingin niður. Í þessu sambandi teljast vextir, verðbætur og gengishagnaður, sem eru frádráttarbær frá tekjuskattsstofni, ekki til tekna (19. gr.).

Heimilisuppbót

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögun við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, er greidd **heimilisuppbót,** sem er nú kr. 628 á mánuði. Eigi viðkomandi rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli (19. gr.).

Aðrar uppbætur

Heimilt er að greiða **frekari uppbót** á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess. Þessar uppbætur geta verið vegna mikils lyfjakostnaðar, hárrar húsaleigu, reksturs bifreiðar eða vegna umönnunar í heimahúsi. Í uppbætur eru greiddar 25% grunnlífeyris nema vegna umönnunar í heimahúsi, þar eru greidd 80% (19. gr.).

Elliheimilisuppbót

Skv. lögum nr. 28 frá 1973 greiða vistmenn á dvalarheimilum fyrir aldraða vist sína sjálfir. Í mörgum tilvikum hagar þó svo til að viðkomandi hefur ekki nægar tekjur til að greiða vistgjaldið. Í þeim tilvikum greiðir Tryggingastofnun ríkisins svokallaða **elliheimilisuppbót** vegna vistmannsins og er sú uppbót greidd með heimild í 19. gr. ATL.

Bensínstyrkur

Heimilt er að greiða enn frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri eða örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar, ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af eða rekið bifreið án uppbótarinnar. Uppbót þessi er greidd tvisvar á ári og var kr. 1.500 í júní 1981 (19. gr.).

Við ákvörðun um hækkanir bóta, sem að framan greinir, skulu umsóknir rökstuddar, t. d. með skattframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega, eftir því sem spurningar á eyðublöðum fyrir umsóknir um uppbætur gefa tilefni til. Hliðsjón skal höfð af því hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar (19. gr.).

Kostnaður af lífeyristryggingu

Útgjöld lífeyristrygginga eru borin af atvinnurekendum og ríkissjóði. Framlag atvinnurekenda er 2% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs án tillits til hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt, t. d. hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. l. nr. 14/1965 (20. gr.).

2. Sjúkratryggingar.

Sjúkrasamlög.

Í hverjum kaupstað og í hverri sýslu skal vera sjúkrasamlag til að annast sjúkratryggingar. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags að fengnum tillögum tryggingaráðs, en bæjarstjórn eða sýslunefnd kýs til viðbótar 4 menn í stjórnina og jafnmarga til vara (37. gr.).

Hlutverk sjúkratrygginga

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er (sbr. 39. gr.):

1. að annast sjúkratryggingar þ. e.
   a. að tryggja samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki, þ. e. þegar sjúkrahúslega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi 2 ár,
   b. að tryggja samlagsmönnum sjúkrasamlaga ókeypis vist, sem nauðsynleg er vegna ellikramar, fávitaháttar eða langvinns sjúkdóms, ásamt hjúkrun, læknishjálp, lyfjum, og annarri þjónustu, sem veitt er á hælum og stofnunum sem stofnunin hefur samning við og sjúkrahúsum. Sama gildir um dagvistir þessara stofnana eða sérstakra viðurkenndra dagvistarstofnana fyrir sjúka eða vangefna. Tryggingayfirlæknir úrskurðar um nauðsyn vistunar,
   c. að greiða hluta kostnaðar við sjúkrahúsvist erlendis,
2. að veita styrk til öflunar hjálpartækja, sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta,
3. að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa,
4. að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvöntun,
5. að annast málefni sjúkrasamlaga,
6. að greiða kostnað yfirstjórnar Tryggingastofnunar á sjúkratryggingamálum,
7. að greiða sjúkrasamlögum hluta þeirra af framlagi ríkissjóðs til sjúkratrygginga,
8. að greiða ferðastyrki til sjúklinga, sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og fylgdarmanna, þegar alveg sérstaklega stendur á,
9. að greiða kostnað vegna psoriasissjúklinga.

Allir landsmenn eru sjúkratryggðir í sjúkrasamlagi þar sem þeir eiga lögheimili. Hjón eru í sama sjúkrasamlagi og með þeim tryggð börn þeirra 16 ára og yngri. Þeim sem sjúkratryggðir eru, er tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur, eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Sjúkrasamlögin tryggja ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, þ. á m. fæðingarstofnun, sem samist hefur við, eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum, svo og annarri þjónustu. Greiðsla samlags fellur niður þegar sjúkrahúslega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi tvö ár. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki (40. — 42. gr.).

Tannlæknaþjónusta

Tannlæknaþjónustu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, veitt af heilsugæslustöðvum, skólatannlæknum eða á stofum tannlækna, sem TR hefur samning við, greiða sjúkrasamlög 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslu fyrir bótaþega, eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í 75% eða fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100% (44. gr. 5. tl.).

Kostnaður af sjúkratryggingu

Kostnaður við sjúkrasamlögin greiðist 85% af ríkissjóði og 15% af sveitarsjóðum. Framlagi sveitarsjóðs er jafnað niður á sveitarfélög samlagssvæðisins í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal. Framlag ríkissjóðs til sjúkratryggginganna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar. Tryggingastofnunin greiðir sjúkrasamlögunum af framlagi ríkissjóðs í samræmi við fjárhagsáætlun, þegar tekið hefur verið tillit til hluta sveitarfélaga, sem sjúkrasamlögin innheimta sjálf (50. gr.).

Samanburður á fjárhagsafkomu aldraðra.

Í dæmunum hér á eftir er reynt að varpa ljósi á fjárhagsafkomu aldraðra, annars vegar eftir því hvort þeir búa heima hjá sér eða á stofnunum og hins vegar eftir því hvort þeir hafa einhverjar aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga. Allar fjárhæðir eru miðaðar við 1. desember 1981. Daggjald á dvalarheimilum aldraðra er kr. 206 frá og með 1. desember. Meðalvistgjald á mánuði er því kr. 6265. Vistmenn greiða gjald þetta sjálfir. Ef tekjur hrökkva ekki til greiðir Tryggingastofnun ríkisins mismuninn, svokallaða elliheimilisuppbót.

A. Einhleypur ellilífeyrisþegi, sem býr einn. Hann hefur engar tekjur, eða tekjur undir 10.800 á ári (þ. e. 900 kr. eða minna á mánuði). Hann fær úr almannatryggingum:

ellilífeyri	kr. 1 679 á mán.
tekjutryggingu	kr. 1 788 á mán.
heimilisuppbót	kr. 628 á mán.
Samtals	**kr. 4 095 á mán.**

Ef þessi einstaklingur færi á elliheimili, þá ber honum að borga vist sína sjálfur. Meðalvistgjald á mánuði er kr. 6265. Tekjur hans duga því ekki fyrir vistgjaldinu og lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins borgar því fyrir hann svokallaða elliheimilisuppbót. Dæmið lítur þá svona út.

ellilífeyrir	kr. 1 679 á mán.
tekjutrygging	kr. 1 788 á mán.
elliheimilisuppbót	kr. 2 798 á mán.
Samtals	**kr. 6 265 á mán.**

Öll þessi upphæð rennur til elliheimilisins. Til persónulegra þarfa fær viðkomandi greidda vasapeninga, sem eru nú kr. 560 á mánuði.

B. Einhleypur ellilífeyrisþegi, sem býr einn. Hann fær kr. 1.500 á mánuði úr lífeyrissjóði. Frá almannatryggingum fær hann:

ellilífeyri	kr. 1 679 á mán.
tekjutryggingu (skerta)	kr. 1 458 á mán.
heimilisuppbót (skerta)	kr. 511 á mán.
Samtals	**kr. 3 648 á mán.**

Þessi maður hefur í tekjur á mánuði kr. 5.148. Nú fer hann á elliheimili. Það er verklagsregla hjá TR að vistmenn á elliheimilum, sem njóta eftirlauna úr lífeyrissjóðum halda eftir kr. 900 af lífeyri sínum til einkaafnota. Dæmið lítur þá svona út:

ellilífeyrir	kr. 1 679 á mán.
tekjutrygging (skert)	kr. 1 458 á mán.
lífeyrissjóður	kr. 1 500 á mán.
elliheimilisuppbót	kr. 2 528 á mán.
Samtals	**kr. 7 165 á mán.**

Af þessari upphæð renna kr. 6.265 til elliheimilisins og viðkomandi hefur kr. 900 á mánuði til persónulegra þarfa.

Nú verður þessi einstaklingur svo lélegur til heilsunnar að talið er rétt að setja hann á sjúkradaggjald. Sé það samþykkt stöðvast allar greiðslur lífeyristrygginga, þ. e. ellilífeyrir, tekjutrygging og elliheimilisuppbót, og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins borgar dvöl hans að fullu. Viðkomandi heldur því eftir að fullu lífeyrissjóðstekjum og fær því til persónulegra þarfa kr. 600 hærri upphæð en meðan hann var á dvalarheimilisgjaldi.

Ef einstaklingurinn í dæmi A. hefði flust yfir á sjúkradaggjald hefði dæmið verið óbreytt hvað tekjur snertir, þ. e. hann hefði eftir sem áður átt rétt á vasapeningum.

Fylgiskjal VIII

Heimahjúkrun[1]).

Heimahjúkrun fengu á árinu 543 sjúklingar eða 71 sjúklingi fleiri en árið áður. Af þeim voru 332 nýir. Vitjanir voru alls 24.535 eða 2.963 fleiri en árið áður. Unnt var að sinna öllum beiðnum sem bárust.

Hjúkrun sjúklinganna skiptist þannig eftir aldri og kyni:

Aldur sjúkl.	Konur		Karlar		Tala sjúkl. alls	Tala vitjana alls
	Tala sjúkl.	Tala vitjana	Tala sjúkl.	Tala vitjana		
Yngri en 20 ára	1	36	0	0	1	36
20—29 ára	2	42	2	327	4	369
30—39 ára	3	23	3	37	6	60
40—49 ára	3	50	1	8	4	58
50—59 ára	13	1489	5	218	18	1707
60—69 ára	35	1233	16	1556	51	2789
70—79 ára	118	5106	64	2767	182	7873
80—89 ára	163	6253	70	2597	233	8850
90—100 ára	29	1720	15	1073	44	2793
Alls	367	15952	176	8583	543	24.535

Hjúkrun skiptist þannig eftir mánuðum:

Í janúar	fengu	270	sjúklingar	2 039	vitjanir
Í febrúar	—	265	—	1 995	—
Í mars	—	264	—	1 929	—
Í apríl	—	271	—	2 009	—
Í maí	—	285	—	2 074	—
Í júní	—	286	—	1 935	—
Í júlí	—	286	—	2 171	vitjun
Í ágúst	—	277	—	1 965	vitjanir
Í september	—	278	—	2 070	—
Í október	—	292	—	2 233	—
Í nóvember	—	276	—	1 925	—
Í desember	—	289	—	2 190	—
			Samtals:	24 535	vitjanir

1) Úr ársskýrslu Heilbrigðisráðs Reykjavíkur, 1980.

Heimahjúkrun var veitt sjúklingum vegna eftirtalinna orsaka.

Vegna ellihrumleika	166 sjúkl.
Vegna heilablæðinga	46 sjúkl.
Vegna krabbameins	26 sjúkl.
Vegna Parkinsonismus	14 sjúkl.
Vegna beinbrota	14 sjúkl.
Vegna hjarta- og æðasjúkdóma	51 sjúkl.
Vegna sykursýki	11 sjúkl.
Vegna liðagigtar	22 sjúkl.
Vegna þvagfærasjúkdóma	7 sjúkl.
Vegna lungnasjúkdóma	14 sjúkl.
Vegna húðsjúkdóma	8 sjúkl.
Vegna lömunar af ýmsum orsökum	17 sjúkl.
Vegna fótasára	22 sjúkl.
Vegna annarra sára	21 sjúkl.
Vegna ýmissa annarra sjúkdóma	37 sjúkl.
Ídælingar án annarrar aðhlynningar fengu	56 sjúkl.
Aðstoð vegna hægðatregðu án annarrar aðhlynningar	3 sjúkl.
Blinda	6 sjúkl.
Lifrarsjúkdómar	2 sjúkl.
Samtals:	**543 sjúkl.**

Kostnaður við heimahjúkrun í Reykjavík árið 1980, (í nýkrónum). [1])

Laun	1 189 923
Launatengd gjöld	171 152
Hjúkrunargögn, lyf, hreinlætisvörur o. fl.	237 038
Bifreiðastyrkir, leigubílar og dagpeningar	261 482
Annar kostnaður (hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, viðhald o.fl.)	208 424
Samtals	**2 068 019**

Sjúkrasamlag Reykjavíkur endurgreiðir $^{8}/_{9}$ hluta kostnaðarins, eða kr. 1 838 627. Hlutur Reykjavíkurborgar er því kr. 229 392.

1) Skv. upplýsingum Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Fylgiskjal IX

Samband íslenskra sveitarfélaga

Yfirlit yfir kostnað kaupstaðanna árið 1980 vegna rekstrar heimilishjálpar:

Sveitarfélag:	Íbúar pr. 1/12 80:	Brúttó, gkr.:	Endurgr. gkr.:	Nettó, gkr.:	Nettó pr. íb. gkr.:
Reykjavík	83 766	971 628 511	81 264 373	890 364 138	10 629
Kópavogur	13 819	94 197 171	20 267 332	73 929 839	5 350
Seltjarnarnes	3 100	8 805 227	807 176	7 998 051	2 580
Garðabær	4 909	5 236 727	389 978	4 846 749	987
Hafnarfjörður	12 205	62 549 540	10 347 476	52 202 064	4 277
Grindavík	1 929	715 377	244 793	470 584	244
Keflavík	6 622	8 320 919	2 072 980	6 247 939	944
Njarðvík	2 008	3 009 159	—	3 009 159	1 499
Akranes	5 200	2 126 372	—	2 126 372	409
Bolungarvík	1 266	1 050 477	—	1 050 477	830
Ísafjörður	3 352	3 599 493	—	3 599 493	1 074
Sauðárkrókur	2 188	4 974 294	308 402	4 665 892	2 132
Siglufjörður	2 003	510 052	51 660	458 392	229
Ólafsfjörður	1 195	4 274 988	105 165	4 169 823	3 489
Dalvík	1 269	2 198 418	583 082	1 615 336	1 273
Akureyri	13 420	39 469 405	1 207 312	38 262 093	2 851
Húsavík	2 414	6 893 770	231 860	6 661 910	2 760
Seyðisfjörður	998			x)	
Neskaupstaður	1 683	3 700 613	—	3 700 613	2 199
Eskifjörður	1 043			x)	
Vestmannaeyjar	4 727			x)	
Selfoss	3 409	19 045 683	2 045 173	17 000 510	4 987
		1 242 306 196	119 926 762	1 122 379 434	

x) þjónusta hófst árið 1981.

Heimilishjálpin er víða nýhafin. Kostnaður er á mörgum stöðum lægri en skyldi, vegna erfiðleika á að fá fólk til þessara starfa.

Skýringar við fylgiskjal IX.

Fylgiskjal IX sýnir kostnað kaupstaðanna árið 1980 vegna rekstrar heimilishjálpar. Fyrsti dálkurinn sýnir fjölda íbúa, annar dálkurinn brúttó kostnað, sá þriðji sýnir endurgreiðslur þeirra, sem hjálparinnar njóta, og loks er sýndur í fjórða og fimmta dálki nettó kostnaður, annars vegar í heild og hins vegar á hvern íbúa.

Ef litið er nánar á endurgreiðsludálkinn þá kemur í ljós að þær eru mjög mismiklar. Í Reykjavík gildir sú regla að þeir, sem engar aðrar tekjur hafa en ellilífeyri, tekjutryggingu og e. t. v. heimilisuppbót greiða ekki fyrir heimilishjálp. Aðrir greiða helming tímakaups. Í öllum tilvikum er heimilishjálpin því greidd niður um helming í Reykjavík.

Í Kópavogi gildir sú regla að þeir sem einhverjar tekjur hafa umfram lífeyri almannatrygginga borga helming. Sama gildir um þá sem engar tekjur hafa aðrar en ellilífeyri og tekjutryggingu og fá litla þjónustu, t. d. einu sinni í hálfum mánuði. Ef hjálpin er veruleg þá borga þeir hins vegar 1/4. Þá sækir Félagsmálastofnun Kópavogs um uppbót hjá almannatryggingum fyrir þá sem þurfa umtalsverða aðstoð og rennur sú uppbót að fullu til heimilishjálparinnar.

Í Hafnarfirði er heimilishjálpin að kostnaðarlausu fyrir þá, sem hennar njóta, nema viðkomandi hafi einhverjar aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga. Þá er greiddur 1/3 kostnaðar.

Í maí 1981 var gerð könnun á heimilishjálpinni í Reykjavík. Er vísað til niðurstaðna þeirrar könnunar til frekari upplýsinga um rekstur heimilishjálpar.

Fylgiskjal X

Endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis
1981.11.03 SP/sp
Lífeyrisþegar fæddir 1901—1905. Sýnishorn október 1981:

Sýnishorn þessi eru valin af handahófi en eru of lítil til þess að fært sé að draga af þeim ályktanir um stærri hóp.

Fæð.-ár	Almannatryggingar					Lífeyris-sjóðs-lífeyrir	Lífeyrir samtals
	Elli-lífeyrir	Tekju-trygging	Heimilis-uppbót	Uppbót	Samtals		
				Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar. Konur			
1903	1 480	1 451	509		3 440	1 638	5 078
1903	1 332				1 332	1 454	2 786
1903	1 480	1 316	462		3 258	1 946	5 204
1903	1 480	1 565			3 045	938	3 983
1903	1 480	1 565			3 045	1 301	4 346
1904	1 332				1 332	1 021	2 353
1905	1 480	1 565			3 045	1 253	4 298
1905	1 480	1 265	444		3 189	864	4 053
				Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar. Karlar			
1901	1 480	1 522		518	3 520	1 479	4 999
1901	1 332	940			2 272	2 293	4 565
1903	1 778	1 322			3 100	1 039	4 139
1903	1 332				1 332	1 683	3 015
1904	1 332	1 267		370	2 969	2 078	5 047
1904	1 332				1 332	1 956	3 288
1904	1 480	1 486	521		3 487	1 559	5 046
1905	1 480	640			2 120	2 590	4 710
1905	1 480	1 413		296	3 189	2 006	5 195
						Lífeyrissjóður Byggingamanna	
1902	1 480				1 480	2 433	3 913
1902	1 332	1 322		296	2 950	1 563	4 513
1903	1 332	1 273		222	2 827	2 052	4 879
1903	1 332				1 332	1 708	3 040
1903	1 332				1 332	2 371	3 703
1904	1 332	1 322		370	3 024	1 284	4 308
1904	1 332	1 322		740	3 394	1 754	5 148
1904	1 480	1 181			2 661	2 071	4 732
						Lífeyrissjóður Málm- og skipasmiða	
1901	1 332	1 316		370	3 018	1 857	4 875
1902	1 791				1 791	2 135	3 926
1903	1 332	226			1 558	1 683	3 241
1903	1 332	1 228			2 560	2 107	4 667
1903	1 332				1 332	1 940	3 272
1904	1 332	1 322			2 654	1 612	4 266
1904	1 778	1 322			3 100	1 662	4 762
1904	1 605				1 605	2 612	4 217
1904	1 445				1 445	2 232	3 677

Fæð.-ár	Almannatryggingar: Elli-lífeyrir	Tekju-trygging	Heimilis-uppbót	Uppbót	Samtals	Lífeyris-sjóðs-lífeyrir	Lífeyrir samtals
					Lífeyrissjóður Starfsmanna ríkisins. Konur		
1901	1 480	1 222	429	370	3 501	1 938	5 439
1902	1 480	490	172		2 142	2 529	4 671
1902	1 480	702	246		2 428	3 142	5 570
1902	1 480				1 480	5 079	6 559
1903	1 480	1 382			2 862	1 567	4 429
1904	1 480				1 480	3 386	4 866
1905	1 480				1 480	4 522	6 002
1905	1 480				1 480	4 574	6 054
					Lífeyrissjóður Starfsmanna ríkisins. Karlar		
1902	1 332				1 332	6 999	8 331
1902	1 480	1 368	480		3 328	1 608	4 936
1903	1 480	1 073		666	3 219	1 845	5 064
1904	1 332				1 332	7 206	8 538
1904	1 480	1 565	549		3 594	748	4 342
1904	1 332	902			2 234	3 606	5 840
1904	1 480				1 480	5 316	6 796
1905	1 480	931	327	222	2 960	2 613	5 573
1905	1 480				1 480	8 913	10 393

Ed. 541. Frumvarp til laga [258. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1975 um Viðlagatryggingu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Eftirtalin verðmæti er skylt að tryggja:

a. Allar húseignir og lausafé, sem í þeim er geymt, þar með taldar vörubirgðir, vélar og tæki, enda séu þessi verðmæti brunatryggð hjá vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfsleyfi hefir hér á landi. Tryggingarskyldan nær einnig til lausafjár, sem tryggt er almennri samsettri tryggingu, er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík trygging undir eignatryggingar samkvæmt skilgreiningu tryggingaeftirlitsins. Þó skulu þær tryggingar, er flokkast undir svo nefndar „ALL RISKS“ tryggingar eða einstakar sértryggingar ekki falla undir viðlagatrygginguna, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar. Tryggja skal allt ræktað land og lóðir, sem metin eru af Fasteignamati ríkisins.

b. Neðangreind mannvirki:
Hitaveitur.
Vatnsveitur.
Skolpveitur.
Hafnarmannvirki.
Brýr.
Raforkuvirki, þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki.
Sími og önnur fjarskiptakerfi, þar með talin dreifikerfi hljóðvarps, sjónvarps og flugþjónustu.

Heimilt skal stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki ráðherra að ákveða, að stofnunin taki að sér að tryggja önnur verðmæti en þau, sem falla undir skyldutrygginguna samkvæmt a. og b. lið hér að framan.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Vátryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

a. Öll verðmæti, sem brunatryggð eru, skulu tryggð fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma.
b. Ræktað land og lóðir skulu tryggð fyrir þá fjárhæð, sem þau eru skráð á hjá Fasteignamati ríkisins á hverjum tíma.
c. Mannvirki, sem tryggð eru samkvæmt b. lið 5. greinar, skulu tryggð fyrir áætlað endurbyggingarverð.
d. Verði heimildarákvæði 5. greinar notað skulu verðmæti, sem tryggð verða, tryggjast á raunvirði.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

a. Verðmæti, sem tryggð eru samkvæmt a. lið 5. greinar lágmarksfjárhæð kr. 5.000.-
b. Verðmæti, sem tryggð eru samkvæmt b. lið 5. greinar, lágmarksfjárhæð kr. 50.000.-
c. Verðmæti, sem tryggð verða samkvæmt heimildarákvæði 5. greinar, lágmarksfjárhæð ákveðin hverju sinni af stjórn stofnunarinnar, innan þeirra marka, sem gilda fyrir a. og b. lið hér að framan.

Ofangreindar lágmarksfjárhæðir skulu umreiknast til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma.

4. gr.

8. gr. orðist svo:

Árleg iðgjöld skulu vera þessi:

a. Af verðmætum, sem tryggð eru samkvæmt a. lið 5. greinar 0,25‰.
b. Af verðmætum, sem tryggð eru samkvæmt b. lið 5. greinar 0,20‰.
c. Af verðmætum, sem tryggð verða samkvæmt heimildarákvæði 5. greinar reiknast iðgjald, sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.

Nú er hrein eign stofnunarinnar meiri en 2‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs og skal þá lækka iðgjöld um helming. Verði hrein eign meiri en 3‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal innheimta iðgjalda falla niður. Fari eignin niður fyrir 2‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal hefja innheimtu fullra iðgjalda að nýju. Fari hrein eign niður fyrir 1‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld, sbr. 1. mgr., með 100% álagi þar til 2‰ markinu er náð.

Vátryggingarfélög þau, er brunatryggja eignir þær, sem tryggðar eru hjá stofnuninni, sbr. 5. gr., skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga.

Þeir aðilar, sem leggja á og innheimta þinggjöld skulu reikna út og innheimta iðgjöld af löndum og lóðum. Iðgjöld af öðrum verðmætum, sem tryggð eru, skulu reiknuð út og innheimt á vegum stofnunarinnar.

Iðgjöld af tryggingum húseignar njóta lögveðréttar í hinni tryggðu húseign ásamt lóð eða landi, er hún stendur á.

Um innheimtu iðgjalda með uppboði eða lögtaki skal, eftir því sem við á, fara eftir reglum 18. gr. laga nr. 9/1955, 6. gr. laga nr. 25/1954, sbr. 2. gr. laga nr. 37/1965 og 5. gr. laga nr. 59/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1965.

Ákveða skal nánar í reglugerð um bókhald og skil á iðgjöldum frá ofangreindum innheimtuaðilum.

5. gr.

Upphaf 1. mgr. 9. gr. hljóði svo:

Telji vátryggður að gerst hafi bótaskyldur tjónsatburður, skal hann tilkynna það stjórn Viðlagatryggingarinnar eða vátryggingarfélagi því, o. s. frv.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands skal setja reglur um meðferð tjóna og möt. Við uppgjör tjóna skal stjórn stofnunarinnar leita til hæfra og óvilhallra matsmanna. Heimilt er stjórn stofnunarinnar að fela viðkomandi tryggingarfélagi uppgjör minniháttar tjóna. Nánari ákvæði um skipun matsmanna, matsreglur og uppgjör tjóna skal setja með reglugerð.

7. gr.

Í stað síðustu mgr. 13. gr. komi ný mgr. er orðist svo:

Sömu reglur gilda um önnur tryggð verðmæti eftir því sem við á.

8. gr.

19. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir, sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Ennfremur er stjórninni heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi, sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins.

9. gr.

1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Stjórnin skal semja við þau vátryggingarfélög og aðra aðila, sem annast störf fyrir stofnunina samkvæmt lögum þessum. Náist ekki samkomulag um þóknun fyrir slík störf, sker tryggingamálaráðherra úr ágreiningi.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 52/1975 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér liggur frammi er afrakstur starfa nefndar, sem getið er hér að neðan, og skilaði áliti í formi frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 52/1975 um Viðlagatryggingu Íslands ásamt ítarlegri greinargerð, þar sem í er að finna kort um eldstöðvar, hraun, meiri háttar gjóskufall, jarðskjálftasvæði, jökulhlaup og flóðahættu, en greinargerð þessi birtist hér með:

Greinargerð.

Með bréfi dags. 25. apríl 1980 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd „til þess að kanna möguleika á því að tryggja þjóðina fyrir áföllum af meiriháttar náttúruhamförum“, eins og m. a. segir í skipunarbréfi nefndarmanna. Verkefni nefndarinnar var jafnframt endurskoðun á lögum nr. 52/1975 um Viðlagatryggingu Íslands.

Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Guðmundur Hjartarson, bankastjóri, Pétur Stefánsson, verkfræðingur, Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur og Ásgeir Ólafsson, forstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefnd sú, er vann að undirbúningi gildandi laga um Viðlagatryggingu Íslands 1975, aflaði þá ýmissa upplýsinga um slíkar eða áþekkar tryggingar í öðrum löndum. Of langt mál er að rekja þann þátt hér. Það mun þó óhætt að halda því fram, að óvíða sé eins víðtæk trygging starfrækt með öðrum þjóðum sem Viðlagatrygging Íslands nú er.

Sú útfærsla á tryggingasviði Viðlagatryggingarinnar, sem nefndin leggur til í meðfylgjandi frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 52/1975, byggir á sömu grundvallarreglum. Skal þar helst nefna, að þau mannvirki og verðmæti, sem tryggð verði, skulu tryggð samkvæmt viðurkenndum almennum vátryggingarvenjum og innan þess ramma, sem lög nr. 20 1954 um vátryggingarsamninga marka.

Meginstyrkleiki Viðlagatryggingarinnar er, og verður að vera, að geta keypt endurtryggingu á alþjóðlegum endurtryggingarmarkaði og á þann hátt dreift afleiðingum og þunga hugsanlegra stórtjóna á milli vátryggingarfélaga og á milli landa.

Nefndarmenn ræddu ýmsar ábendingar, sem nefndinni höfðu borist um það, hvaða mannvirki og önnur verðmæti væri æskilegt að tryggja umfram þau, sem nú þegar eru tryggð.

Nefndin var sammála um að gera að tillögu sinni, að tryggingarskyldan skuli ná til eftirtalinna mannvirkja og verðmæta:

Hitaveitna.
Vatnsveitna.
Skolpveitna.
Hafnarmannvirkja.
Brúa.
Raforkuvirkja (þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki).
Sími og önnur fjarskiptakerfi (þar með talin dreifikerfi hljóðvarps, sjónvarps og flugþjónustu).
Ræktað land og lóðir.

Ýmis önnur verðmæti gæti vel komið til álita að tryggja, en nefndarmenn telja, að seint yrði gerð tæmandi upptalning á slíku. Þeir leggja því til, að inn í 5. gr. laganna verði sett heimildarákvæði, sem geri stofnuninni kleift að tryggja frjálsri tryggingu verðmæti af ýmsu tagi. Slík heimild væri háð samþykki ráðherra og um hana sett nánari ákvæði í reglugerð.

Nefndin lagði mikla vinnu í að afla upplýsinga um hugsanlegar vátryggingarfjárhæðir þeirra mannvirkja og verðmæta, sem að ofan eru talin. Leitað var til hinna ýmsu stofnana og aðila með beiðni um upplýsingar. Í ljós kom, að margir aðilar höfðu ekki handbærar tölur um raungildi eða endurbyggingarverð þeirra mannvirkja, sem þeir hafa umráð yfir. Aðrir töldu sig geta látið vinna að gagnasöfnun en þyrftu tíma o. s. frv. Tafði þetta mjög störf nefndarinnar.

Niðurstöður samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefir getað aflað og/eða látið gera áætlun um eru þessar:

Hitaveitur	232 600	milljónir	Gkr.
Vatnsveitur	68 000	milljónir	Gkr.
Skolpveitur	93 100	milljónir	Gkr.
Raforkuvirki (áður ótryggt)	531 800	milljónir	Gkr.
Sími og önnur fjarskiptakerfi	67 100	milljónir	Gkr.
Hafnarmannvirki	193 100	milljónir	Gkr.
Brýr	92 000	milljónir	Gkr.
Ræktað land og lóðir	503 500	milljónir	Gkr.
Samtals	1 689 200	milljónir	Gkr.
eða	16 892	milljónir	nýkr.

Á verðlagi í árslok 1981 má ætla, að þessi fjárhæð gæti numið 27 milljörðum nýkróna.

Nefndinni bárust erindi og ábendingar um að æskilegt væri að tjón af völdum ofviðra yrðu tekin inn í 4. gr. laganna.

Nefndarmenn ræddu þetta mál ítarlega. Komið hefir í ljós í þau skipti, sem meiriháttar ofviðri hafa gengið yfir einstaka landshluta, að þeir eru ávallt margir, sem ekki hafa hagnýtt

sér þá tryggingavernd, sem fáanleg er hjá tryggingarfélögunum gegn slíku tjóni. Menn hafa í mörg ár, a. m. k. frá 1960, átt þess kost að kaupa sérstaka fortryggingu, auk þess heimilistryggingu og húseigendatryggingu, en allar þessar tryggingar bæta tjón af völdum óveðurs. Nefndarmenn telja æskilegast, að hinn almenni vátryggingarmarkaður annist þessar tryggingar. Einkum þegar þess er gætt, að þótt um geti verið að ræða mörg minniháttar tjón í sama veðrinu, er það undantekning að um sé að ræða s. n. „katastrofutjón", þ. e. tjón af þeirri stærðargráðu, sem Viðlagatryggingin er fyrst og fremst stofnuð til að mæta.

Reynist það hinsvegar vilji Alþingis, að stofnunin bæti einnig tjón af völdum ofviðra, leggur nefndin til, að sjálfsáhætta hinna tryggðu verði helmingi hærri, þegar um slík tjón er að ræða. Nefndin telur að eigendur húseigna og lausafjár geti í flestum tilvikum komið í veg fyrir slík tjón með fyrirbyggjandi aðgerðum og eðlilegu viðhaldi eigna.

Viðlagatryggingin er hrein eignatrygging eins og t. d. brunatrygging, þ. e. bætir aðeins það beina tjón, sem verður á hinum tryggðu eignum. Það er staðreynd, að margskonar óbeint tjón hlýst af því, þegar byggingar eða tæki brenna, sama gildir að sjálfsögðu um tjón, sem verður af völdum náttúruhamfara. Rekstur fyrirtækja raskast, framleiðsla minnkar eða leggst niður, fólk missir atvinnu.

Nefndinni er ljóst, að viðlagatryggingin verður að þróast stig af stigi og sníða sér stakk eftir vexti. Telur nefndin því ekki tímabært að leggja til, að viðlagatryggingin taki að sér að bæta slík óbein tjón. Rétt þykir því að undirstrika, að svo nefnd **rekstrarstöðvunartrygging** getur innifalið bætur vegna tjóna af völdum náttúruhamfara. Þessa tryggingu geta fyrirtæki, stofnanir og aðrir, sem hafa einhverskonar rekstur með höndum, fengið keypta hjá flestum íslensku vátryggingarfélaganna.

Nokkru eftir að nefndin tók til starfa, kom til umræðu, að nefndin léti gera kort, er sýndu hvar á landinu væri helst hætta á náttúruhamförum, er valdið gætu eignatjóni. Töldu nefndarmenn, að slík kort gætu gefið betri yfirsýn yfir hættusvæðin, en löng lýsing í rituðu máli. Það varð úr, að Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur, einn nefndarmanna, tók að sér þetta verk ásamt Guðmundi Ó. Ingvarssyni, landfræðingi.

Eftirtalin kort voru gerð og fylgja þau greinargerð þessari ásamt skýringum:

1. Eldvirkni á nútíma, þ. e. síðustu 10 þúsund árin (eldstöðvar, hraun).
2. Eldvirkni frá því um landnám (eldstöðvar, hraun).
3. Eldstöðvar og meiriháttar gjóskufall.
4. Jarðskjálftasvæði.
5. Jökulhlaup og helstu ár, sem veruleg flóð koma í.

Þá má minna á fróðlegt nefndarálit um jarðskjálfta, er samið var af Eysteini Tryggvasyni, jarðskjálftafræðingi, Sigurði Thoroddsen, verkfræðingi og Sigurði Þórarinssyni, jarðfræðingi árið 1958. Um snjóflóð og skriðuföll liggja fyrir margvíslegar heimildir í rituðu máli, en yfirlitskort eru fá og aðeins af einstaka byggðarlagi. Hér þyrfti vissulega að bæta úr, því öruggasta vörnin gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla er, að ekki sé leyft að byggja eða geyma verðmæti á þeim svæðum, sem hætta er á að þau falli. Mjög aukinn áhugi er nú fyrir þessum málum. Sérstaklega eftir snjóflóðin í Neskaupstað í desember 1974.

Um þau tjón, sem orðið hafa hér á landi af völdum náttúruhamfara, verður ekki fjölyrt. Öllum má vera ljóst, að veðurfar og náttúra landsins eru söm við sig. Þótt til séu heimildir í sögum og annálum frá fyrri öldum um tjón af völdum tiltekinna náttúruhamfara, er óvarlegt að treysta því að heimfæra megi hugtökin „mikið tjón", „lítið tjón" eða „vægur jarðskjálfti", „harður jarðskjálfti" sem fullgildan mælikvarða á það, sem gæti gerst í dag. Aðstæður allar eru svo gjörólíkar. Þar sem áður var óbyggt að mestu, er nú komið þéttbýli af ýmsum stærðum. Þar sem áður voru tiltölulega óvönduð og ódýr mannvirki, eru í dag vönduð og dýr mannvirki og verðmæti af ýmsum toga. Hin mikla og stöðuga aukning fastra og lausra verðmæta og staðsetning þeirra, oft á svæðum, sem telja verður „hættusvæði",


ELDSTÖÐVAR OG HRAUN Á NÚTÍMA
24°
22°
20°
18°
16°
14°
66°
65°
Snæfellsjökull
Grábrók
Leirhnjúkur-
Krafla
Dyngjufjöll
Kverkfjöll
Grímsvötn
Hekla
Grímsnes
Öræfajökull
Eldgjá
Laki
Reykjanesskagi
Katla
Helgafell
Eldfell
Surtsey
0
50 km
PE & GÖI '81
ELDSTÖÐVAR
gossprunga
dyngja
eldkeila
undir jökli
smærri eldstöð
HRAUN
fyrir landnám
um/eftir landnám


ELDSTÖÐVAR OG HRAUN EFTIR LANDNÁM
24°
22°
20°
18°
16°
14°
66°
65°
64°
Leirhnjúkur (2)
Sveinagjá
Dyngjufjöll (7)
Hallmundarhraun
Eldborg
Kverkfjöll
Grímsvötn (~10 ára fresti)
Tröllahraun
Veiðivötn
Vatnaöldur
Hekla (16+5)
Öræfajökull (2)
Eldgjá
Laki
Reykjaneshryggur (11)
„Nýey"
Eyjafjallajökull (2)
Katla (~20)
0 50 km
Eldfell
Surtsey
ÞE & GÓI '81
ELDSTÖÐVAR
gossprunga
eldkeila
undir jökli
smærri eldstöð
fjöldi eldgosa
(2)
HRAUN
um landnám
eftir landnám


ELDSTÖÐVAR OG MEIRI HÁTTAR GJÓSKUFALL
24°
22°
20°
18°
16°
14°
66°
65°
64°
Víti
Hverfjall-
Lúdent
Dyngjufjöll
Kverkfjöll
Snæfellsjökull
Grímsvötn
Veiðivötn
Vatnaöldur
Þórðarhyrna
Hekla
Laki-
Eldgjá
Öræfajökull
Eyjafjallajökull
Heimaey
Surtsey
Katla
0
50 km
ÞE & GÓI '81
ELDSTÖÐVAR
gossprunga
dyngja
eldkeila
undir jökli
smærri eldstöð
GJÓSKUFALL
10 og 30km geiri


JARÐSKJÁLFTASVÆÐI
Upptök skjálfta ≥6
á Richter frá 1700
Sterkir skjálftar
Vægir skjálftar
50 km
0
PE & GÖI '81


JÖKULHLAUPA- OG FLÓÐAHÆTTA
24°
22°
20°
18°
16°
14°
66°
65°
64°
SNÆFELLSJÖKULL
Hvítá
Ölfusá
Hvítá
Kaldakvísl
Jökulsá á Fjöllum
Kreppa
KVERKFJÖLL
GRÍMSVÖTN
ÞÓRÐARHYRNA
Austur-fljót
Kolgrima
ÖRÆFA-JÖKULL
Djúpá
Súla
Skeiðará
Núpsvötn
Hverfis-fljót
Skaftá
Tungnaá
Þjórsá
Ytri Rangá
HEKLA
TORFAJÖKULL
TINDAFJALLA-JÖKULL
Markarfljót
KATLA
Kúða-fljót
Jökulsá á Sólheimasandi
Múlakvísl
0
50 km
ÞE & GÓI '81
Jökulhlaup og flóð í ám
Eldstöðvar í jöklum

eykur líkur á því, að háar fjárhæðir geti verið í húfi, ef tjónsatburður yrði á slíkum stöðum. Það er því álit okkar, að tryggja eigi flest þau mannvirki og verðmæti, sem hætta getur verið á að verði fyrir tjóni af völdum þeirra náttúruhamfara, er um getur í 4. gr. gildandi laga. Um leið og tryggt er gegn þessum tjónum, er tryggður fyrirfram fjárhagslegur grundvöllur fyrir því, að uppbygging og/eða viðgerðir geti hafist án tafar eftir að tjón hefir orðið. Meginþunginn af slíkum tjónum dreifist, eins og áður er bent á, milli vátryggingarfélaga og milli landa.

Ekki er það á færi nefndarmanna að spá um hugsanlegt mesta tjón, sem gæti orðið hér á landi í meiriháttar náttúruhamförum. Ógerlegt er að spá um það, hvenær eða hvar jarðskjálfti verður í þeim mæli að stórtjón hljótist af. Hvenær verða snjóflóð eða skriðuföll á þessum eða hinum staðnum? Fjöll og dalir eru margir hér á landi. Það er því nauðsynlegt, að við gerum okkur grein fyrir þessum hættum og búum okkur undir að mæta þeim.

Skýringar með kortunum

Eldgos á Íslandi hafa á nútíma, þ. e. síðustu 10 000 árin, einkum verið bundin við eystra gosbeltið, sem liggur frá Vestmannaeyjum til Axarfjarðar-Melrakkasléttu, og vestra gosbeltið, sem liggur frá Reykjanesi (Reykjaneshrygg) til Langjökuls. Sunnanlands stefna gossprungur frá suðvestri til norðausturs, en norðanlands frá norðri til suðurs. Minna eldstöðvabelti er á Snæfellsnesi og í Mýrasýslu og er stefna gossprungna þar frá aust-suðaustri til vest-norðvesturs. Líklega má telja eldstöðvar við norðanverðan Langjökul og við Hofsjökul allt til norðanverðs Vonarskarðs til þessa beltis. Öræfajökull er samkvæmt þessu á sérstöku gossvæði, sem ekki verður tengt gosbeltunum beinlínis.

Á korti 1 eru sýnd öll hraun og flestar meiriháttar eldstöðvar, sem virkar hafa verið síðustu 10 000 árin.

Gos hafa líklega orðið á 5 ára fresti að meðaltali, eða um 20 á öld. Eldvirknin hefur verið margbreytileg. Á fyrri hluta nútímans hafa flæðigos (hraungos) verið algeng, en þeytigos (sprengigos) sjaldgæf. Á þessum tíma urðu flestar dyngjurnar til, svo sem Skjaldbreiður og Trölladyngja, en síðasta mikla dyngjugosið varð fyrir um 3500 árum, þegar Ketildyngja í Ódáðahrauni myndaðist og Laxárhraunið eldra rann í sjó í Skjálfanda. Í sumum dyngjugosum runnu geysimikil hraun, mest að magni úr Tröllladyngju og Skjaldbreið líklega um 15 km^3 úr hverri fyrir sig. Í dyngju- og sprungugosum hefur nær eingöngu komið upp basaltkvika.

Sprungugos hafa orðið jafnt og þétt allan tímann frá ísaldarlokum. Í nokkrum þeirra hefur komið upp mikið magn af hrauni og verulegt magn af gjósku. Í Skaftáreldum 1783 t. d. 12—13 km^3 og þekur hraunið um 565 km^2 lands (kort 2). Í litlum gosum eða meðalgosum mun tjón af hraunrennsli einkum verða í næsta nágrenni eldstöðva, nema sérstaklega standi á um landslag, en í stórum gosum (magn meira en 0,5—1 km^3) geta hraunstraumar orðið nokkrir tugir km að lengd, í Skaftáreldum 1783 t. d. um 60 km.

Þeytigos virðast hafa færst í aukana er á nútímann leið (kort 3). Fyrst hinna miklu þeytigosa varð í Heklu fyrir um 6600 árum (H_5), EN MEST VAR Heklugos fyrir 2800 árum (H_4), en í því komu upp um 12 km^3 af gjósku, og svarar það til 3 km^3 af föstu bergi. Jafndreift yfir landið hefði þetta gjóskulag orðið um 12 cm að þykkt. Í stærstu þeytigosum hefur eingöngu komið upp súr kvika, þ. e. líparít, t. d. í hinum stóru Heklugosum, svo og í Öræfajökli 1362 og Öskju 1875, en gjóska úr basalti hefur einkum orðið til við gos undir jöklum (Katla, Grímsvötn, Þórðarhyrna), í sjó (Surtsey) eða þar sem mikið er um grunnvatn (Hverfjall, Vatnaöldur), ennfremur oft í upphafi gosa (Heimaey, Skaftáreldar). Eldstöðvar, sem framleitt hafa umtalsvert magn af gjósku á nútíma eru sýndar á korti 3. Eldstöðvarnar eru flokkaðar þannig að stór hringur er dreginn kringum þær sem framleitt hafa verulegt magn og lítill hringur kringum þær sem gosið hafa nokkru magni af gjósku. Innan þessara

hringmerktu svæða gæti orðið verulegt tjón af gjóskufalli á mannvirkjum og grónu landi, það er þó háð vindátt meðan á gosi stendur. Utan þessara svæða gæti þó m. a. orðið tjón á ræktuðu landi. Mest magn gjósku hafa Hekla og Katla framleitt, enda fjöldi gosa þar orðinn mikill.

Hraun runnin á nútíma þekja um 10 000 km^2 og heildarmagn gosefna mun vera um 400 km^3, þar af gjóska um 55 km^3. Hraun runnin á sögulegum tíma, þ. e. síðustu 1100 árin, þekja líklega um 1000 km^2 og magnið mun vera rúmir 40 km^3. Meðalframleiðsla íslenskra eldstöðva virðist því hafa verið um 0,04 km^3 á ári síðustu 10 000 árin. Til samanburðar skal þess getið að í Heimaeyjargosinu 1973 komu um 0.25 km^3 af hrauni og gjósku, og í Surtseyjargosinu 1963—67 um 1 km^3.

Löngum hefur verið talið að þær eldstöðvar séu virkar, sem gosið hafa á sögulegum tíma, en þær eru um 40 talsins. Eftir Heimaeyjargosið 1973 hallast margir að því að til virkra eldstöðva skuli teljast allar þær sem gosið hafa á nútíma. Einnig ber að hafa í huga, að gos eru tíð á ákveðnum svæðum eða í ákveðnum eldstöðvum. Þannig eru gos á Heklusvæðinu á sögulegum tíma um 20 (16 gos í Heklu sjálfri), í Kötlu líka um 20. Af öðrum svæðum, sem hafa verið mjög virk á sögulegum tíma, má t. d. nefna Mývatnssvæðið, Dyngjufjöll, Veiðivatnasvæðið og Reykjanes og Reykjaneshrygg (í sjó).

Jarðskjálftar eru nokkuð tíðir á Íslandi og verða þeir einkum á ákveðnum svæðum (sbr. kort 4). Í gosbeltunum verða jarðskjálftar á nokkuð afmörkuðum svæðum og má þar til nefna Reykjanesskaga-Hengil-Langjökul, Mýrdalsjökul, norðvestanverðan Vatnajökul, Mývatns- og Kelduhverfissvæði. Stærstu skjálftar á þessum svæðum ná stærðinni 5-6 á Richterskvarða. Stærstir verða jarðskjálftarnir þó á tveim svokölluðum „þverbrotabeltum" utan gosbeltanna, þ. e. annars vegar á Suðurlandsundirlendi á belti frá Ölfusi í vestri til Heklu í austri, og hins vegar á svæði með norðurströndinni frá Skagafirði í vestri til Melrakkasléttu í austri og frá Dalvík-Húsavík til Grímseyjar. Á þessum tveim svæðum getur stærð jarðskjálfta orðið 7-8 á Richterskvarða. Líklegt er að jarðskjálftar af þessari stærð verði einu sinni eða tvisvar á öld á hvoru svæði. Auk þess verða brotaskjálftar á belti norðan Hvítársíðu og í Þverárhlíð í Borgarfirði. Stærð skjálfta þar getur orðið 5-6 á Richterskvarða. Hugsanlegt er að þetta svæði nái allt til Snæfellsness.

Þótt jarðskjálftar séu nokkuð tíðir á Íslandi eru harðir skjálftar fremur sjaldgæfir. Áhrif jarðskjálfta á mannvirki eru háð ýmsum ytri aðstæðum, svo sem upptakadýpi og fjarlægð. Þannig getur tiltölulega vægur skjálfti í þéttbýli valdið meira tjóni en harður skjálfti í óbyggðum. Þó ber þess að gæta, að stórir jarðskjálftar geta valdið tjóni langt út fyrir hið eiginlega jarðskjálftasvæði.

Í nokkrar jökulár sem koma undan jöklum, einkum Vatnajökli og Mýrdalsjökli, koma stundum mikil flóð, svokölluð jökulhlaup. Þau eru einkum með tvennum hætti tilkomin, þ. e. annars vegar úr jökulstífluðum lónum og hins vegar vegna eldsumbrota undir jöklum.

Skriðjöklar í megindölum loka stundum auðum þverdölum og stífla fyrir vatnsrennsli svo að þar myndast lón. Þegar vatnsdýpi hefur náð ákveðinni dýpt lyftist jökullinn og brýst vatnið þá fram í jökulhlaupi. Þannig koma t. d. árlega hlaup úr Grænalóni við vestanverðan Skeiðarárjökul í Súlu og Núpsvötn og úr Vatnsdalsvatni við austanverðan Heinabergsjökul í Kolgrímu. Af svipuðu tagi eru reyndar einnig hlaup sem nú koma á 4-5 ára fresti úr Grímsvötnum (Skeiðarárhlaup) og árlega í Skaftá úr dæld undir Vatnajökli norðvestan Grímsvatna. Slík hlaup geta komið í fleiri ár, þar sem jökulstífluð lón eru. Vegna þynningar og styttingar jökla síðustu áratugina ættu hlaup af þessu tagi ekki að valda verulegu tjóni, en gætu þó t. d. skaðað brýr og stíflur.

Eldgosum undir jöklum fylgja jökulhlaup og fer stærð þeirra og hámarksrennsli eftir þykkt og stærð jökla. Mest slíkra hlaupa eru Kötluhlaup, sem verða við gos í Kötlu undir Mýrdalsjökli og koma fram á Mýrdalssand. Fram til 1934 voru slík hlaup algeng úr Gríms-

vötnum, en þar hefur ekki gosið síðan. Jökulhlaup af völdum eldsumbrota geta komið úr öllum eldfjöllum, sem hulin eru jökli, má þar til nefna t. d. Öræfajökul, Eyjafjallajökul, Heklu, Snæfellsjökul og Kverkfjöll. Þessi hlaup geta valdið verulegu tjóni, enda eru þau snögg og geta verið með mikinn flóðtopp. Hámarksrennsli Kötluhlaupa er talið vera um 100 000 m^3/sek.

Við mikið úrfelli eða snögga leysingu koma oft flóð í ár. Mest verða þessi flóð, þar sem mikið af vatnasviði er á tiltölulega jafnháu landi. Þannig er t. d. farið á vatnasviði Ölfusár-Hvítár og Hvítár í Borgarfirði. Tjón af flóðum af þessu tagi geta einkum orðið þar sem land er lágt meðfram ánum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram veruleg breyting á 5. gr. gildandi laga. Lagt er til, að auk húseigna og lausafjár, sem nú er tryggt, verði skylt að tryggja: Ræktað land, lóðir, hitaveitur, vatnsveitur, skolpveitur, hafnarmannvirki, brýr, raforkuvirki, síma og önnur fjarskiptakerfi.

Þess skal getið að húseignir virkjana og síma eru þegar í tryggingu og vélabúnaður í orkuverum að einhverju leyti.

Skyldutryggingunni er skipt í a. og b. lið. Undir a. lið falla hús, lausafé, ræktað land og lóðir. Þessi verðmæti eru að langmestu leyti í eigu einstaklinga og fyrirtækja.

Undir b. lið falla tilgreind mannvirki í eigu opinberra aðila.

Lagt er til samkv. 3. gr. að munur verði á sjálfsáhættu eftir því hvort verðmætin heyra undir a. eða b. lið. Talin er síður þörf á því fyrir opinbera aðila að tryggja sig fyrir minniháttar tjónum og því eðlilegt, að þeir beri hærri sjálfsábyrgð í hverju tjóni, enda sé tekið tillit til þess við ákvörðun iðgjaldstaxta.

Lagt er til að einstakar sértryggingar falli ekki undir viðlagatrygginguna, nema að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar.

Þá er að lokum lagt til að inn í 5. gr. verði tekið heimildarákvæði um það, að stofnunin geti tryggt frjálsri tryggingu ýmis verðmæti, sem ekki þótti rétt að fella undir skyldutryggingu.

Má í því sambandi nefna, að til umræðu kom hjá nefndinni að tryggja götur, vegi, sundlaugar, ýmiss konar tæki, sem notuð eru við mannvirkjagerð, og mörg önnur verðmæti, sem ekki er venja að brunatryggja.

Um 2. gr.

6. gr. núgildandi laga er breytt til samræmis við þá aukningu á tryggingarsviði Viðlagatryggingarinnar sbr. 1. gr. Áður var eingöngu miðað við brunatryggð verðmæti og er svo gert áfram þar sem það á við. Mat Fasteignamats ríkisins er fyrir hendi á ræktuðu landi og lóðum og því eðlilegast og kostnaðarminnst að nota það sem vátryggingargrundvöll.

Vátryggingarverð mannvirkja undir c. lið verður að meta eða áætla í þeim tilvikum, þegar upplýsingar liggja ekki fyrir hjá viðkomandi aðila. Sama gildir um verðmæti, sem tryggð verða samkv. d. lið.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða breytingu á 7. gr. laganna.

Lagt er til að sjálfsábyrgð tryggðs verði óbreytt eða 5% af hverju einstöku tjóni. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að lágmarksupphæðir verði mismunandi eftir því hvort verðmætin, sem tryggð eru falla undir a. eða b. lið 5. greinar;

a. liður. Lágmarksupphæð tryggðs í hverju tjóni skal vera kr. 5 000

b. liður. Lágmarksupphæð tryggðs í hverju tjóni skal vera kr. 50 000

Allar vátryggingarfjárhæðir hinna tryggðu verðmæta fylgja sjálfkrafa breytingum á vísitölum. Þykir því rétt, að sama gildi um tilgreindar lágmarksupphæðir.

Um 4. gr.

Fyrstu málsgrein 8. gr. er breytt til samræmis við breytingar á 5. gr. gildandi laga. Lagt er til að árlegt iðgjald af verðmætum tryggðum undir a. lið 5. gr. verði 0,25‰, er þá bæði tekið tillit til þess að sjálfsábyrgð hins tryggða er verulega hærri og svo þess að nokkur eðlismunur er á þessum verðmætum með tilliti til hugsanlegra tjóna.

Með hliðsjón af því hve margvísleg þau verðmæti eru, sem tryggð kynnu að verða samkvæmt heimildarákvæði 5. gr. þykir rétt að stjórn stofnunarinnar ákveði iðgjöld og skilmála í samræmi við aðstæður hverju sinni.

Við álagningu iðgjalds á lönd og lóðir þykir hagkvæmast að hagnýta tölvutækni og upplýsingar Fasteignamats ríkisins og eins, að innheimtuaðilar hins opinbera innheimti þessi iðgjöld árlega samtímis þinggjöldum, enda komi nýr reitur á þinggjaldaseðilinn fyrir viðlagagjaldið.

Um 5. gr.

Ef breytingar þær sem lagðar eru til að verði á 5. gr. laganna ná fram að ganga verður í ýmsum atvikum nauðsynlegt að tilkynning um tjónsatburð berist beint til stjórnar Viðlagatryggingarinnar.

Um 6. gr.

12. gr. laganna er umorðuð og sett skýrari ákvæði um það hvernig fara skuli með uppgjör tjóna, tilnefningu og hæfni matsmanna. Lögð er áhersla á nauðsyn þess að ítarleg og glögg ákvæði verði sett um þetta í reglugerð.

Um 7. gr.

Lögð er til ný mgr. í stað síðustu mgr. 13. gr., en gildandi mgr. fjallar eingöngu um lausafé, sem geymt er í fasteignum. Vegna aukins umfangs Viðlagatryggingar Íslands, sbr. 1. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt að víkka heimildina, þar sem um er að ræða önnur tryggð verðmæti en lausafé, geymt í fasteignum.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að stjórn stofnunarinnar verði heimilt að verja nokkru fé til rannsókna á eðli náttúruhamfara með það í huga að hægt verði að koma við fyrirbyggjandi aðgerðum. Ennfremur að henni sé heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi sem Almannavarnir ríkisins viðurkenni. Verður að telja Viðlagatryggingu réttan vettvang til slíkra styrkja, þar sem starfsemi slíkra björgunarsveita hefur þegar sannað gildi sitt og ómótmælt er að tryggingabætur geta farið eftir því, hversu öflug og skipulögð þessi starfsemi er.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða orðalagsbreytingu á 1. mgr. 22. gr. til samræmis við þær breytingar er í frumvarpinu felast.

Um 10. gr.

Lagt er til að gildistaka miðist við 1. jan. 1983, þar sem töluverða undirbúningsvinnu þarf að inna af hendi, ekki síst vegna þeirra trygginga sem bætast við, sbr. 1. gr. b. stl. frumvarpsins. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Ed. 542. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Eiði Guðnasyni.

Ný grein komi eftir 4. gr. og orðist svo:

11. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum Hæstaréttar, hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hvenær þingleyfi skuli vera. Þingleyfi skulu þó aldrei vera lengri en 6 vikur.

Ed. 543. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn skilum séráliti og viljum í því sambandi taka fram að við erum meðmæltir haldgóðum reglum um skil söluskatts, en teljum hér farið út á hæpna braut. Við teljum vafasamt að rýmri heimildir til að beita refsingum séu heppilegasta leiðin til að tryggja söluskattsskil. Ljóst er þó að mikil freisting er til undanskots þessa skatts þegar hann er orðinn jafnhár og raun ber vitni, og mun þess áreiðanlega talsvert gæta. Allstrangt eftirlit er því nauðsynlegt.

Hins vegar teljum við óeðlilegt að ráðherra fái nánast ótakmarkaðar heimildir til að setja reglugerð um skriffinnsku og íþyngjandi og kostnaðarsamar aðgerðir, eins og gert er ráð fyrir í 7. gr. frumvarpsins, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir. Raunar skortir allar upplýsingar um það, hvernig fyrirhugað er að beita þessu ákvæði, en sumar hugmyndir, sem uppi hafa verið um sérstakt bókhald og staðgreiðslusölulista, mæta andstöðu, og er slíkt síst líklegt til að bæta siðferðið í skattamálum. Gæti óskynsamleg framkvæmd vel leitt til þess, að undanskot ykjust. Miðað við skattheimtugleði og ofstjórnartilburði ríkisstjórnarinnar — og ekki síst fjármálaráðherra — þarf engan að undra að lagt sé til að frumvarpið, sem ætlar honum nánast alræðisvald um framkvæmd skattheimtu með lögum, sé fellt.

Alþingi, 29. mars 1982.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Lárus Jónsson.

Nd. 544. Breytingartillaga [55. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá fjármálaráðherra.

Inn í frumvarpið bætist ný grein er verði 34. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1982—1985 að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar, með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði á fiskiskipum innanlands sem nemi allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 m löng með vélarafl allt að 1000 hö. Heimild þessi nær til

smíði fjögurra skipa í senn. Abyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

Ed. 545. Frumvarp til laga [259. mál]

um breytingu á lögum nr. 68 10. október 1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979 um breytingu á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Í 1. mgr. 1 tl. 5. gr. komi „0,05%“ í stað „0,5%“.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. hljóði þannig:

Upphæð lána má nema allt að 70 af hundraði kostnaðarverðs, enda sé það, að dómi sjóðsstjórnarinnar, ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkvæmt verðlagi á hverjum tíma.

3. gr.

14. gr. hljóði þannig:

Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lán til vélakaupa skulu þó ekki vera lengri en til 10 ára, nema sérstakar ástæður mæli með og örugg trygging fyrir hendi, að mati sjóðsstjórnar. Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður að öðru leyti lánskjör með þeirri undantekningu þó er greinir í 15. gr.

4. gr.

7. og 8. gr. laganna falli niður. Töluröð greina breytist í samræmi við það.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Álagning iðnlánasjóðsgjalds samkvæmt 1. gr. skal koma til framkvæmda á árinu 1983 á gjaldstofn ársins 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til laga um breytingar á lögum um Iðnlánasjóð er flutt að beiðni Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna. Felur það í sér þrennskonar meginbreytingar á núgildandi lögum um Iðnlánasjóð, sem að stofni til eru frá árinu 1935. Í fyrsta lagi er lagt til, að iðnlánasjóðsgjaldið, sem iðnaðarfyrirtækin hafa greitt til sjóðsins frá 1963, verði lækkað verulega frá því sem það er nú. Í öðru lagi, að lánskjör önnur en vextir, svo sem lánstími og lánahlutfall verði rýmkuð verulega. Og í þriðja lagi, að ákvæði laganna um sérstaka veiðarfæradeild verði felld niður.

Ríkisstjórnin féllst á þá beiðni samtaka iðnaðarins að flytja frumvarp í þessa veru og er samþykk þeim sjónarmiðum og rökum, sem að baki liggja.

Augljóst er hins vegar, að samhliða þessum lagabreytingum, sem mundu verulega bæta rekstursskilyrði iðnaðarins í landinu, þarf með virkum stjórnvaldsaðgerðum að tryggja að-

gang Iðnlánasjóðs að lánsfé, svo að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu í framtíðinni. Lækkun tekna sjóðsins af iðnlánasjóðsgjaldi og af framlagi ríkissjóðs jafnframt hækkuðu lánahlutfalli og lengingu lánstíma, mundi veikja möguleika sjóðsins, ef ekki væri hægt að tryggja honum aðgang að lánsfé, sem dygði til að gera framangreindar breytingar mögulegar. Með þau stefnumið í huga er lagt til að gera þessar breytingar.

Önnur skilyrði eru fyrir hendi. Með markvissum aðgerðum hefur tekist að varðveita höfuðstól Iðnlánasjóðs á verðbólguárum og hann er nú það öflugur, að með verðtryggðum útlánum þarf ekki að ganga á hann. Eigið fé Iðnlánasjóðs nam 137 millj. kr. 31. desember 1981.

Það er mikið hagsmunamál iðnfyrirtækja í landinu að eiga kost á hærra lánshlutfalli út á fjárfestingar sínar en verið hefur, svo og lengri lánstíma á stofnlánum sínum og stórfelldri lækkun iðnlánasjóðsgjalds. Þess vegna er frumvarp þetta flutt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum um Iðnlánasjóð nr. 45/1963 var ákveðið að til sjóðsins rynni sérstakt iðnlánasjóðsgjald, sem lagt skyldi á öll iðnfyrirtæki, að undanskildum kjöt- og fiskiðnaði. Gjald þetta nemur nú 0,5% af aðstöðugjaldsstofni fyrirtækjanna. Árið 1981 námu tekjur sjóðsins af þessu gjaldi 12.3 mkr. Á því leikur enginn vafi, að iðnlánasjóðsgjaldið hefur frá upphafi átt drjúgan þátt í því að efla lánagetu sjóðsins og varðveita höfuðstól hans á verðbólgutímum. Þar sem öll útlán sjóðsins eru nú verðtryggð, þykir rétt og tímabært að lækka iðnlánasjóðsgjaldið verulega, sem mundi valda umtalsverðri lækkun kostnaðar í iðnaði.

Hér er lagt til að gjaldið verði 0,05% af aðstöðugjaldsstofni og er því lækkun gjaldsins 90%.

Gert er ráð fyrir að enn um sinn verði veitt af fjárlögum nokkru fé til sjóðsins, sem og til annarra stofnfjársjóða atvinnuveganna. Meðan svo er þykir eðlilegt að fyrirtækin leggi áfram sjálf fram nokkurn skref. Því er ekki gerð tillaga um það nú að iðnlánasjóðsgjaldið falli niður að öllu leyti. Í núgildandi lögum um Iðnlánasjóð er gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs að fjárhæð 50 milljónum gamalla króna. Það svarar til 500 þús. kr., sem eru í fjárlögum 1982. Ekki er hér lagt til að þessu ákvæði sé breytt.

Um 2. gr.

Í núgildandi lögum um Iðnlánasjóð er hámark lána sextíu af hundraði kostnaðarverðs. Með hliðsjón af breyttum aðstæðum frá því þetta ákvæði var upp tekið 1963, er nú talið eðlilegt að hlutfallið hækki í 70%. Væri þá lánshlutfallið sambærilegt við það sem gerist hjá Iðnþróunarsjóði.

Um 3. gr.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að lánstími megi eigi vera lengri en 15 ár. Hámarkslánstími þessi var ákveðinn fyrst 1963 og var þá í samræmi við það sem þótti hagkvæmt og eðlilegt á þeim tíma. Miðað við þær breytingar sem orðið hafa almennt á lánskjörum á síðustu misserum með tilkomu fullrar verðtryggingar á lánum, þykir eðlilegt að leggja til, að lánstími sé lengdur, m. a. til að létta greiðslubyrði lántaka. Af ofangreindum ástæðum er lagt til að hámarkstími verði miðaður við 25 ár.

Einnig er með þessari tillögu gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins hafi frjálsari hendur en nú er um ákvörðun lánskjara, annarra en vaxta. Er það í samræmi við tilkomu verðtryggingar og nauðsyn þess að geta haft sveigjanlegri endurgreiðslur á lánum en unnt er samkvæmt núgildandi lögum.

Um 4. gr.

Hér er gerð lagfæring á gildandi lögum. Lagt er til að 7. og 8. greinar laganna verði felldar niður, en þær fjalla um sérstaka veiðarfæradeild við sjóðinn. Sú deild byggðist á sérstöku gjaldi, sem innheimt var af innfluttum veiðarfærum, en sú gjaldtaka var felld niður fyrir nokkrum árum. Hafa þessar greinar í lögum um sjóðinn því ekki raunhæfan tilgang lengur.

Um 5. gr.

Þessi grein skýrir sig sjálf.

Um Ákvæði til bráðabirgða.

Hér er gert ráð fyrir að lækkun iðnlánasjóðsgjaldsins taki gildi frá og með árinu 1983, enda þarf slík breyting nokkurn undirbúning. Er þá sérstaklega haft í huga, að taka þarf tillit til þessarar breytingar við gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1983. Mikilvægt er að svo verði um hnúta búið, að lækkun gjaldsins leiði ekki til vaxtahækkunar hjá Iðnlánasjóði né skerðingar á útlánagetu.

Sþ. 546. Nefndarálit [151. mál]

um till. til þál. um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—86.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og eru allir nefndarmenn sammála um að leggja til að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. mars 1982.

Geir Gunnarsson, form.	Eggert Haukdal, fundaskr.	Þórarinn Sigurjónsson, frsm.
Lárus Jónsson.	Karvel Pálmason.	Friðrik Sophusson.
Guðm. Bjarnason.	Egill Jónsson.	Alexander Stefánsson.

Ed. 547. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 29. mars 1982.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Karl Steinar Guðnason.	Ólafur Ragnar Grímsson.
	Stefán Guðmundsson.	

Nd. 548. Frumvarp til laga [260. mál]

um breytingu á lögum nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, og lögum nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Jósef H. Þorgeirsson, Garðar Sigurðsson, Eggert Haukdal, Ingólfur Guðnason, Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

8. gr. laga nr. 42/1903 orðist sem hér segir:

Hver sá er rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það, er hann notar við atvinnuna, og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn, sem samrýmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

2. gr.

4. gr. laga nr. 53/1963 orðist sem hér segir:

Leyfi samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráða.
2. Hefur forræði á búi sínu.
3. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.
4. Nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi fellur að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli.

Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi skal hann leita álits bæjar- og sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (heilsugæslulæknis þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga án þess að leitað sé um þau álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi. Leyfi skulu bundin við nafn og óframseljanleg. Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 24/1959.

Greinargerð.

Frumvarp þetta til laga, sem flutt er af nefndarmönnum í allsherjarnefnd neðri deildar, er flutt í framhaldi af þeim umræðum sem orðið hafa í vetur um erlend nöfn á íslenskri atvinnustarfsemi.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 8. gr. laga nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Leiðrétt er prentvilla í lögunum, þar sem sagt er að ágreiningi, sem rísa kunni, skuli vísa til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953. Hér er átt við Örnefnanefnd, en í fyrri lögum var vísað til laga nr. 33/1953, sem var augljós prentvilla. Þetta er hér með leiðrétt.

Í gildandi lögum segir: „...enda beri fyrirtækið nafn, sem samrýmist íslensku málkerfi." Nú er bætt við: „enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn" o. s. frv. Þetta er gert vegna þess að þrátt fyrir augljósan tilgang laga nr. 42/1903 með síðari breytingum (laga nr. 24/1959) hefur borið á því, að fyrirtæki er skráð með íslensku nafni, en síðan er rekin

atvinnustarfsemi með nafni sem ekki samrýmist íslensku málkerfi. Þessi breyting er gerð til þess að taka af tvímæli um tilgang þessara laga.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 4. gr. laga nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl. Greinin er óbreytt að öðru leyti en því, að bætt er við fjórða skilyrðinu, þ. e. að óheimilt sé að veita leyfi nema nafn á fyrirtæki og/eða atvinnustarfsemi falli að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli og að ágreiningi, sem rísa kann, megi skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953.

Ed. 549. Frumvarp til laga [131. mál]

um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. mars.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum grásleppuhrognum og öðrum afurðum, sem unnar eru úr grásleppu.

Til grásleppuafurða teljast grásleppuafli, sem skip skrásett hér á landi veiða, og vörur, sem úr honum eru unnar til sölu á erlendum mörkuðum.

Verð umbúða skal dragast frá þegar útflutningsgjald er lagt á unnar afurðir.

2. gr.

Útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum skal vera 3.25% af f. o. b.-verðmæti útflutnings.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds, og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu iðgjalda af líf-, slysa- og örorkutryggingum skipverja sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna 41%
2. Til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 20%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands 24%
4. Til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda 15%

4. gr.

Sá hluti tekna af útflutningsgjaldi, sem verja skal til greiðslu á iðgjöldum samkvæmt 1. lið 3. gr., skal vera í vörslu Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, sem semja um umræddar tryggingar og greiða iðgjöld af þeim. Eignir sjóðsins ávaxta samtökin með bestu fáanlegum vaxtakjörum bankakerfisins. Ráðherra skal setja reglur um Iðgjaldasjóð.

5. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal miða við söluverð með umbúðum í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 5/1976, sbr. þó 3. mgr. 1. gr. Séu afurðir fluttar milli innlendra hafna í því skyni að auðvelda útflutning eða til að umpakka vöru til að tryggja rétta vigt og vörugæði, er heimilt að reikna útflutningsgjald af f. o. b.-verðmæti frá endanlegri útflutningshöfn.

6. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið,

að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

7. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eð innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumann skipa. Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

8. gr.

Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjaldi, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan. Sektir allar renna í ríkissjóð. Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 7. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ríkisbókhaldið skal annast gerð sérstakra heildarskýrslna um ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi, sem birta skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skýrslur þessar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur til verkefna samkvæmt 3. gr. laga þessara.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1982 og taka til allra afurða samkvæmt lögum þessum, sem út verða fluttar frá sama tíma. Jafnframt fellur úr gildi 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Ed. 550. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Í umsögnum, sem borist hafa um frv., er lagst gegn samþykkt þess. Meiri hluti nefndarinnar telur því, að þetta mál þurfi nánari athugunar við, og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. mars 1982.

Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. Jón Helgason, frsm. Stefán Guðmundsson.

Salome Þorkelsdóttir. Egill Jónsson.

Ed. 551. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 64 frá 16. des. 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. mars 1982.

Eiður Guðnason, form., frsm. Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. Salome Þorkelsdóttir.

Egill Jónsson.

Ed. 552. Frumvarp til laga [90. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. mars.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:

Hæstarétt skipa átta dómarar. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

2. gr.

3. málsliður 2. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:

Þrír dómarar geta skipað dóm í opinberu máli, ef hin almenna refsing, sem við broti liggur, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að sex árum.

3. gr.

3. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:

Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómarar skipi dóm. Dómarar skulu taka sæti í dómum eftir röð sem ákveðin er með almennri reglu.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú forfallast hæstaréttardómari frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra þá, að fengnum tillögum dómsins, dómara í hans stað, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara eða hæstaréttarlögmann, sem fullnægi skilyrðum til að vera skipaður dómari í Hæstarétti. Er rétt, að setningin gildi, hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum aðilum að taka við setningu.

Nú er dómari settur til að gegna störfum í Hæstarétti í mánuð eða lengur, og skulu laun hans þá vera hin sömu og hinna reglulegu hæstaréttardómara. Ella ákveður Hæstiréttur þóknun fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómi eða úrskurði.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslið. Hæstaréttarritari skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

6. gr.

Í stað orðanna „200 þúsund krónur“ í 2. mgr. 13. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 24/1979, komi orðin: 7 000 krónur.

7. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist:

Forseti Hæstaréttar kveður til þrjá dómendur, er taka ákvörðun um slík meðmæli, svo og meðmæli samkvæmt 16. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „sekt að fjárhæð 200—4 000 krónur“ í niðurlagi 21. gr. laganna komi: allt að 2 000 króna sekt.

9. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Alla dóma Hæstaréttar og öll ágreiningsatkvæði skal birta orðrétt í dómasafni hans. Dóma og úrskurði héraðsdóms í sömu málum skal og birta orðrétta eða úrdrátt úr þeim, þar sem slíkt er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Rækileg efnisskrá skal fylgja hverju bindi hæstaréttardóma. Hæstiréttur felur einhverjum hæstaréttardómara eða öðrum hæfum manni að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þóknun, sem dómurinn ákveður.

10. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1982.

Ákvæði 5. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1982 og 1983 getur dómsmálaráðherra samkvæmt tillögum Hæstaréttar sett tvo til þrjá dómara úr hópi þeirra manna, sem greindir eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, til viðbótar hinum reglulegu dómurum allt að sex mánuðum hvort ár.

Ed. 553. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið en varð eigi sammála um afgreiðslu þess. Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mælir einróma með samþykkt frumvarpsins, en stjórn Stéttarsambands bænda og stjórn Búnaðarfélags Íslands eru andvígar lögfestingu frumvarpsins.

Undirrituð leggja til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 29. mars 1982.

Eiður Guðnason, form., frsm. Soffía Guðmundsdóttir.

Sþ. 554. Tillaga til þingsályktunar [261. mál]

um kerfisbundna röðun jarða til hagnýtingar við samræmda tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun.

Flm.: Steinþór Gestsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd 7 manna til þess að gera tillögur um samræmt númerakerfi yfir bújarðir í landinu, með það að markmiði að gera tölvuvinnslu margs konar þátta landbúnaðarins og upplýsingamiðlun á því sviði fljótvirkari og öruggari.

Eftirgreindir aðilar skulu skipa fulltrúa í nefndina: Hagstofa Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Fasteignamat ríkisins, Landnám ríkisins og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Landbúnaðarráðherra skipar einn mann í nefndina og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal skila tillögum til landbúnaðarráðherra fyrir 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Það er hverjum manni ljóst, að tölvuvinnsla gagna hefur nú þegar verið tekin í þjónustu stjórnkerfisins og í sjónmáli er að fleiri og fleiri þættir í samskiptum manna verða að laga sig að lögmálum tölvunnar ef fullt jafnræði á að haldast með starfsgreinum þjóðfélagsins.

Landbúnaðurinn hefur þegar komist í snertingu við þetta kerfi í ýmsum greinum atvinnuvegarins. Forðagæslan hefur verið sett í tölvuvinnslu. Jarðræktin, nautgriparæktin og sauðfjárræktin hafa einnig fengið úrvinnslu sinna gagna í tölvu. Mjólkuriðnaðurinn og afurðasalan yfirleitt hafa nýtt þá vinnslu í æ ríkari mæli.

En eitt er þó það sem veldur erfiðleikum og torveldar fyllstu not þeirrar kerfisbreytingar sem tölvuvinnslan getur valdið, og það er að ekkert samræmt tölvukerfi er til afnota innan landbúnaðarins né til þess að tengja hann miðlun eða móttöku upplýsinga á vegum hinnar almennu stjórnsýslu.

Hverri starfsgrein hættir til að setja sér eigið kerfi til að vinna eftir: Hagstofan hefur sett upp röðun sýslu- og sveitarfélaga sem náð hefur almennri útbreiðslu til mikilla þæginda og flýtisauka við úrvinnslu gagna. Hagstofan hefur einnig byggt upp talnaröð sveitabæja eða jarða, sem hvergi er notuð óbreytt svo okkur sé kunnugt. Fasteignamat ríkisins notar þá röð lítið breytta svo og Stéttarsamband bænda, Forðagæsla B.Í. og jarðræktin. Hins vegar er

búfjárræktin utan við þetta kerfi svo og Landnám ríkisins. Slíkt skipulagsleysi veldur töfum og tvíverknaði þar sem fleiri aðilar verða mjög oft að veita upplýsingar um sama efni, en samræming gæti komið í veg fyrir slíka verkleysu.

Hér hefur aðeins verið fjallað um það svið, sem að landbúnaðinum snýr, og þó drepið á nokkra þætti þess og ugglaust fellt eitt og annað niður sem þyrfti að taka með. Rétt er að minna á það einnig, að merkingar búfjár þyrftu nauðsynlega að tengjast þeirri samræmingu og skipulagi einmitt nú þegar ætla má að haldgóðar merkingar stórgripa séu á næsta leiti. Slík samræming er algjör forsenda þess, að tölvunotkun verði hagnýtt til nokkurrar hlítar. Þá væri og rétt að gera um það áætlun að hagnýta þetta samræmda kerfi við þinglýsingar eigna og veðbókarfærslur, til flýtisauka og öryggis og samræmingar við fasteignaskrá og til þess jafnframt að auðvelda og hraða afgreiðslu veðbókarvottorða til hins almenna notanda.

Nánar verður fjallað um málið í framsögn.

Ed. 555. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. mars 1982.

Egill Jónsson, form., frsm.	Helgi Seljan.	Ey. Kon. Jónsson.
Jón Helgason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Davíð Aðalsteinsson.

Sþ. 556. Nefndarálit [40. mál]

um till. til þál. um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsögn um tillögu þessa frá eftirtöldum aðilum: heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, dómsmálaráðuneyti, Rauða krossinum og slökkviliðsstjóranum í Reykjavík. Nefndin leggur til að tillögunni **verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. mars 1982.

Jóhanna Sigurðard., form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Guðm. G. Þórarinsson, frsm.
Steinþór Gestsson.	Guðrún Helgadóttir.	Halldór Blöndal.
	Páll Pétursson.	

Nd. 557. Frumvarp til laga [262. mál]

um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Ríkisstjórninnni er heimilt að semja um hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 22,2 milljónum Bandaríkjadollara í allt að 68,0 milljónir Bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollars þann 1. júlí 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþjóðabankinn var stofnaður árið 1945 og er hann eign 141 aðildarríkis. Á fjárhagsárinu 1981 veitti Alþjóðabankinn 50 aðildarríkjum lán að upphæð 8.809 milljónir Bandaríkjadollara. Lánin eru veitt til ýmsra framkvæmda í þróunarlöndunum til að bæta lífskjörin þar. Enda þótt lánveitingar bankans hafi vaxið ört á undanförnum árum, hefur þó þörf þróunarlandanna fyrir fjármagn vaxið enn meira, og er það aðalástæðan fyrir því, að aðildarríkin samþykktu almenna hækkun á hlutafé bankans.

Íslendingar voru meðal stofnenda Alþjóðabankans og fengu þeir á árunum 1951—1973 eftirtalin lán hjá bankanum að heildarupphæð um 47 millj. dollara:

Ár	Upphaflegur höfuðstóll	Lántaki/tilgangur	Eftirstöðvar 31/12/81	Vaxtakjör	Síðasta endurgr. ár
1951	£ 875 000	Ríkissjóður vegna Sogs- og Laxárvirkjana	0		—
1951	£ 360 000	Ríkissjóður vegna landbúnaðar	0		—
1953	$ 1 350 000	Framkvæmdabanki vegna landbúnaðar	0		—
1953	£ 90 000	Framkvæmdabanki vegna sendist. á Rjúpnahæð	0		—
1954	$ 850 000	Ríkissj. vegna áburðarverksmiðju	0		—
1962	$ 2 000 000	Ríkissj. vegna hitaveitufram kvæmda í Reykjavík	0		—
1966	$ 18 000 000	Landsvirkjun v/Búrfellsvirkjunar	$ 11 010 000	6%	1991
1970	$ 4 100 000	Ríkissjóður v/vegagerðar	$ 2 855 000	7½%	1990
1973	$ 10 000 000	Landsvirkjun v/Sigölduvirkjunar	$ 9 050 000	7¼%	1998
1973	$ 7 000 000	Ríkissj. v/hafnarframkvæmda	$ 5 055 000	7¼%	1988
			$ 27 970 000		

Um frekari lántökur Íslendinga hjá bankanum er ekki að ræða, af því að þjóðartekjur landsmannna eru langt fyrir ofan það mark, sem bankinn setur nú sem skilyrði fyrir lánveitingum sínum. Áhugi á starfsemi bankans er engu að síður mikill, þar sem hann gegnir mikilsverðu hlutverki við uppbyggingu efnahagslífs í þróunarlöndum. Ennfremur hefur Ísland aðgang að mikilli lánafyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hefur notið mikillar lánaaðstoðar frá honum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er nátengdur bankanum og aðild að báðum stofnunum fylgist að.

Norðurlöndin hafa sameiginlegan fulltrúa og varafulltrúa í stjórn bankans, og er skipt um á 2ja—3ja ára fresti. Alls hafa þrír Íslendingar setið í stjórn bankans sem fulltrúar og tveir sem varafulltrúar fyrir hönd Norðurlandanna.

Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum í samræmi við samþykktir um aukningu á hlutafé bankans. Síðasta slík aukning var heimiluð með lögum nr. 7 frá 29. mars 1977 og þá úr 18,4 milljónum Bandaríkjadollara í 22,2 milljónir.

Í janúar 1980 samþykkti bankaráð Alþjóðabankans að heimila rösklega tvöföldun á hlutafé bankans þ.e.a.s. úr 34 milljörðum dollara (miðað við gullgengi dollars 1. júlí 1944) í samtals allt að 70,5 milljarða dollara. Þessi mikla hlutafjáraukning er talin óhjákvæmileg til þess að styrkja fjárhagsstöðu bankans og lánstraust á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, svo að hann geti mætt vaxandi lánsfjárþörf þróunarlandanna.

Samþykkt bankaráðsins um hlutafjáraukningu var í tvennu lagi. Annars vegar er heimiluð almenn aukning hlutafjár, sem nemur allt að 33,15 milljörðum dollara, og skiptist hún í réttu hlutfalli við hlutafjáreign þá sem fyrir er. Af aukningunni ber aðildarríkjum að greiða 3/4% í gulli eða Bandaríkjadollurum og 6 3/4% í eigin gjaldmiðli, en afgangurinn er ábyrgðarfé, sem stendur til tryggingar á skuldbindingu bankans.

Hins vegar er heimiluð sérstök viðbótaraukning að fjárhæð 3,35 milljarðar dollara sem skiptist jafnt á öll aðildarlönd bankans eða 25 milljónir dollara til hvers þeirra. Engin greiðsla kemur fyrir þetta hlutafé, enda er því ætlað að koma í veg fyrir að hlutfallslegt atkvæðamagn minni aðildarríkjanna minnki frá því sem nú er. Þetta hlutafé stendur jafnframt sem ábyrgðarfé til tryggingar á skuldbindingu bankans eins og annað óinnkallað hlutafé.

Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða, að hækkun á hlutafé þeirra eigi sér stað í einu lagi eða í áföngum á tímabilinu frá 30. september 1981 fram til 1. júlí 1986.

Samkvæmt samþykkt bankaráðsins um almenna hlutafjáraukningu getur Ísland keypt 208 hlutabréf í bankanum að nafnvirði 100 þús. dollara hvert, miðað við gullgengi dollars 1. júlí 1944. Nafnvirði slíkra bréfa er því samtals 20 800 000 dollarar, en núverandi verð þeirra yrði 25 092 080 dollarar. Af hinni síðarnefndu fjárhæð þarf að reiða fram 3/4% eða 188 190,60 dollara, en því til viðbótar þarf að greiða inn á reikning bankans við Seðlabanka Íslands í íslenskum krónum andvirði 1 693 715,40 dollara eða 6 3/4%. Þá fjárhæð má greiða í áföngum á nokkrum árum eftir nánara samkomulagi aðila.

Samkvæmt samþykkt bankaráðsins um sérstaka viðbótaraukningu hlutafjár er Íslandi ennfremur heimilt að gerast áskrifandi að 250 hlutabréfum í bankanum án greiðslu. Hvert slíkt hlutabréf er 100 000 dollarar að nafnvirði en 120 635 dollarar á núverandi verði. Nafnvirði hinna 250 hlutabréfa er því 25 milljónir dollara en núverandi verð 30 158 750 dollarar.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum getur því meira en þrefaldast, eða hækkað úr 26,8 milljónum dollara miðað við núverandi gengi hans í 82,0 milljónir dollara.

Ed. 558. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 64 frá 16. des. 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Nefndarmenn eru sammála um að nauðsynlegt og sjálfsagt sé að ríkisstjórnin kynni almenningi vel setningu bráðabirgðalaga. Hins vegar teljum við undirritaðir nefndarmenn ekki þörf á að setja nánari ákvæði um það en nú eru í lögum, sem eru hin sömu og um önnur lög og erindi stjórnvalda. Við teljum að það sé ekki æskileg stefna að vilja binda öll framkvæmdaatriði í lögum og vafasöm ástæða til lagasetningar á Alþingi, þótt einhverjir þing-

menn telji að mistök hafi orðið á sendingu fréttar einu sinni. Hljóta allir að sjá hvert slík vinnubrögð muni leiða. Undirritaðir nefndarmenn leggja því til að **frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. mars 1982.

Jón Helgason, frsm. Stefán Guðmundsson. Soffía Guðmundsdóttir.

Sþ. 559. Fyrirspurn [263. mál]

til samgönguráðherra um samgöngumál á Vestfjörðum.

Frá Gunnari R. Péturssyni.

a) Hvað líður störfum nefndar sem ráðherra skipaði í september 1981 um ferjumál á Breiðafirði?
b) Hvað líður störfum nefndar um samgöngumál á Vestfjörðum, sem starfað hefur undir forustu Bjarna Einarssonar?

Sþ. 560. Skýrsla

fulltrúa Íslands á 33. þingi Evrópuráðsins maí 1981—janúar 1982.

Efnisyfirlit.

1. Inngangur.
2. Fulltrúar Íslands.
3. Störf þingsins almennt.
4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópuráði.
5. Efnahags- og orkumál.
6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.
7. Félags- og heilbrigðismál.
8. Menningar- og menntamál.
9. Löggjafarmálefni.
10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.
11. Landbúnaðarmál.
12. Önnur mál.

Yfirlit yfir ákvarðanir þingsins.

1. Inngangur.

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um Evrópuráðið og hlutverk þings þess.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun, sem er fyrst og fremst samansett af ráðherranefnd, sem er fulltrúi ríkisstjórnanna, og þingi, sem er fulltrúi þjóðþinga aðildarríkjanna. Tengslum milli þessara tveggja stofnana er haldið uppi af svokallaðri sameinaðri nefnd, sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar svo þessum aðilum. Í skýrslu þessari verður fjallað um starfsemi þings Evrópuráðsins. Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing, sem er svipað þingum hinna einstöku þjóða að samsetningu og hlýðir svipuðum þingsköpum, en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er því skipt í þrjá hluta: að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur með breytingum á sviði alþjóðamála. Þingið lætur til sín taka hin margvíslegustu mál, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrirmæla og álitsgerða.

2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands á 33. þinginu voru:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Guðmundur G. Þórarinsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Varafulltrúar voru:

Kjartan Jóhannsson.
Pétur Sigurðsson.

Auk þess mætti Ingólfur Guðnason á þinginu fyrir Guðmund G. Þórarinsson.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:
Fastanefnd.
Stjórnmálanefnd.
Laganefnd (varamaður).
Þingskapanefnd (varamaður).

Guðmundur G. Þórarinsson:
Sameinaða nefndin.
Vísinda- og tækninefnd.
Sveitarstjórna- og skipulagsnefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Ólafur Ragnar Grímsson:
Efnahagsnefnd.
Upplýsinganefnd.
Nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður).
Nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður).
Fjárhags- og áætlananefnd (varamaður).

Kjartan Jóhannsson:
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Menntamálanefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd.
Vísinda- og tækninefnd (varamaður).

Pétur Sigurðsson:
Þingskapanefnd.
Fjárhags- og áætlananefnd.
Fastanefnd (varamaður).
Stjórnmálanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis.

3. Störf þingsins almennt.

33. þingi Evrópuráðsins var venju samkvæmt skipt í þrjá hluta og var fyrsti hlutinn haldinn 11.—15. maí 1981, annar hlutinn 30. september—8. október 1981 og þriðji hlutinn

25.—29. janúar 1982. Þingfundir eru ávallt haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strasbourg.

Umræður á 33. þinginu snerust einkum um ástandið í Tyrklandi. Var miklum tíma varið í þær umræður á fyrsta hluta þingsins í maímánuði 1981 og á þriðja hluta þingsins í janúarmánuði s. l. Aðaluppistaðan í umræðunum var áframhaldandi vera Tyrklands í Evrópuráðinu og hvort leyfa ætti fyrrum þingmönnum í sendinefnd Tyrklands á Evrópuráðsþingi setu á 33. þinginu. Hvort tvegggja var tilefni deilna þingmanna í milli og urðu langar umræður um þessi atriði. Málalyktir fengust svo á síðasta hluta þingsins í janúarmánuði s. l. með því að samþykkt var með yfirgnæfandi meiri hluta ályktun, þar sem því er beint til ríkisstjórna að athugaðir verði möguleikar á að ríkisstjórn Tyrklands verði kærð fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins vegna brota á mannréttindayfirlýsingunni. Í ályktuninni lýsir þingið m. a. yfir þungum áhyggjum vegna frétta um pyntingar og illa meðferð fanga. Verður vikið nánar að þessum málum í næsta kafla sem fjallar um alþjóðamál.

Við upphaf maífundarins rann út kjörtímabil forseta þingsins og fóru fram kosningar um nýjan þingforseta. Upphaflega lágu fyrir þrjú framboð. Rétt áður en ganga átti til atkvæða dró einn hinna þriggja frambjóðenda sig til baka, en það var franskur þingmaður Gaullista, Jean Valleix. José Maria Areilza, fyrrum utanríkisráðherra Spánar, var kjörinn forseti þingsins með 79 atkvæðum. Vincent Tabone, þingmaður frá Möltu, hlaut 56 atkvæði.

Á maífundinum ávarpaði Willibald Pahr, utanríkisráðherra Austurríkis, þingið í tilefni af 25 ára afmæli aðildar Austurríkis að Evrópuráðinu. Ola Ullsten, utanríkisráðherra Svíþjóðar, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði. Ullsten vék meðal annars að valdaránstilrauninni á Spáni, sem bæri ljósan vott um hve hið nýfengna pólitíska lýðræði stæði veikum fótum þó svo að lýðræðið hefði vissulega borið sigur úr býtum í þetta skipti. Vék hann einnig að ástandinu í Tyrklandi og sagði að Evrópuráðið ætti að láta að sér kveða og reyna að hafa áhrif á að lýðræði yrði komið aftur á í Tyrklandi. Væri nauðsynlegt að Evrópuráðið fylgdist mjög náið með þróun mála þar í landi.

Á haustfundinum ávarpaði Evrópumálaráðherra Frakklands, André Chandernagor, þingið, svo og dómsmálaráðherra Frakklands, Robert Batinter. Þingið ávarpaði einnig aðalframkvæmdastjóri OECD, Emil van Lennep, og viðskipta- og iðnaðarráðherra Austurríkis, Josef Stahlbacher. Utanríkisráðherra Sviss, Pierre Aubert, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði.

Á þriðja hluta þingsins í janúarmánuði s. l. gaf aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Franz Karazek, þinginu skýrslu um starfsemi stofnunarinnar undanfarin tvö og hálft ár, sem er sá tími sem hann hefur gegnt starfi aðalframkvæmdastjóra.

Skýrslu ráðherranefndarinnar til þingsins var fylgt úr hlaði af aðstoðarutanríkisráðherra Bretlands, Douglas Hird.

4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum sem ekki eiga aðild að Evrópuráði.

Svo sem áður er vikið að einkenndist umræðan einkum af ástandinu í Tyrklandi. Í fyrra samþykkti 32. þingið ályktun sem m. a. kvað á um að kjörbréf tyrknesku fulltrúanna rynnu út 11. maí 1981 og að ekki mundi verða um þátttöku Tyrkja að ræða í þingi Evrópuráðsins ef kosningar hefðu ekki farið fram í landinu fyrir þann tíma. Þó svo að kosningar hefðu ekki farið fram ræddu ýmsir þingmenn um þann möguleika, að tyrkneskum fyrrverandi þingmönnum skyldi verða gefinn kostur á að sitja á Evrópuráðsþinginu og greiða þar atkvæði. Meiri hlutinn var þó á þeirri skoðun, að slíkt stríddi berlega gegn stofnskrá Evrópuráðsins og þingsköpum.

Maífundurinn samþykkti fyrirmæli er kveða á um að seta fyrrum tyrkneskra þingfulltrúa á þingi Evrópuráðsins gangi í berhögg við reglur Evrópuráðsins. Fyrirmælin voru samþykkt með 51 atkvæði gegn 48, en 10 sátu hjá. Alllíflegar umræður urðu um pólitíska stöðu mála í

Tyrklandi. Stjórnmálanefnd þingsins gat ekki komið sér saman um texta sem leggja ætti fyrir þingið. Talsmaður nefndarinnar, Austurríkismaðurinn Ludwig Steiner, hafði skilað skýrslu eftir könnunarferð til Tyrklands, en nefndinni tókst ekki að ná samkomulagi um að leggja skýrsluna fyrir þingið. Skýrsla þessi var því lögð fram í nafni Steiners svo og drög að fyrirmælum. Fram komu um tíu breytingartillögur og viðaukatillögur við texta þann er Steiner hafði lagt fram í eigin nafni. Í fyrirmælunum, sem loks voru samþykkt, var minnt á nauðsyn þess, að hætt yrði pyntingum og illri meðferð á föngum í Tyrklandi svo og að reglur yrðu mildaðar er kveða á um níutíu daga varðhald án dóms og laga. Með samþykkt þessara fyrirmæla var brottvísun Tyrklands úr Evrópuráðinu slegið á frest.

Litlar umræður urðu um Tyrklandsmálið á haustfundinum, en þó var samþykkt ályktun þar sem á ný er lögð áhersla á að ástandið í Tyrklandi samrýmist ekki stofnskrá Evrópuráðsins.

Í byrjun janúarmánaðar s. l. fór nefnd á vegum stjórnmála- og laganefndar þingsins í könnunarferð til Tyrklands til að reyna að gera sér grein fyrir ástandinu þar. Sú breyting hafði orðið á stjórnmálaástandi í Tyrklandi, að Evren hershöfðingi, forseti Tyrklands, hafði í nýársboðskap til þjóðarinnar gefið upp tímaáætlun um að drög að stjórnarskrá yrðu lögð fyrir þjóðaratkvæði haustið 1982 og að þingkosningar fari fram 1983 eða í síðasta lagi verið 1984. Ekki fylgdu þó neinar yfirlýsingar um almenn mannréttindi í Tyrklandi.

Miklar umræður urðu um Tyrklandsmálið á janúarfundinum. Komu fram einkum þrjú sjónarmið í þeirri umræðu. Fulltrúi breska íhaldsflokksins og ýmsir aðrir fulltrúar hægri flokka héldu því fram, að ekki bæri að einblína á ástandið í Tyrklandi eins og það væri í dag, heldur yrði að bera það saman við ástandið eins og það var fyrir valdaránið 12. september 1980. Að því leyti væri ástandið í dag betra en þá, þar eð öryggi íbúanna væri nú tryggt. Viðurkennt var að pyntingar ættu sér stað, en jafnframt minnt á að ekki væri óeðlilegt að herforingjastjórnin þyrfti meira en 18 mánuði til að koma á reglu í Tyrklandi.

Í öðru lagi komu fram sjónarmið sem fulltrúar Grikkja, Portúgala og Spánverja aðhylltust ásamt ítölskum kommúnistum og nokkrum róttækum sósíalistum, þar á meðal hollenskum fulltrúum. Bent var á að traust Evrópuráðsins væri í veði sem mannréttindastofnunar. Bæri því að beina þeim tilmælum til ráðherranefndarinnar, að Tyrklandi ætti að víkja úr Evrópuráðinu samkvæmt 8. grein stofnskrárinnar. Fyrir fulltrúum Portúgals og Spánar, en þau lönd hafa nýverið öðlast lýðræðislegt stjórnarfar, vakti einnig að gera þeim öflum í ríkjum þessum, er veltu fyrir sér möguleikum á að kollvarpa lýðræðinu, fyllilega ljóst að fyrir slík uppátæki yrði refsað í Evrópuráðinu.

Í þriðja lagi komu fram þau sjónarmið, sem einkum Norðurlöndin aðhylltust, að áður en til brottrekstrar kæmi ætti að reyna möguleika Evrópuráðsins á að hraða þróun í átt til lýðræðis í Tyrklandi og væru þeir möguleikar best tryggðir með áframhaldandi aðild Tyrklands að stofnuninni. Meiri hluti þingfulltrúa aðhylltist síðan sjónarmið þessi. Í umræðunum kom fram að með þessu móti héldi Evrópuráðið opnum möguleikum á að hafa áhrif á herforingjastjórnina í Tyrklandi. Samfara þessari hógværu afstöðu gagnvart aðild Tyrklands að Evrópuráðinu kom fram hörð afstaða gegn pyntingum og illri meðferð fanga og mikil gagnrýni á banni við starfsemi stjórnmálaflokka og verkalýðsfélaga. Ýmsir ræðumenn minntu á skýrslur, einkum frá Amnesty International, sem staðhæfðu ekki einungis að pyntingar ættu sér stað í Tyrklandi heldur hefðu þær færst í vöxt. Aðrir minntu á réttarhöldin yfir foringjum verkalýðsfélaganna og bæri því að kæra Tyrkland fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins.

Stjórnmálanefndin lagði fram skýrslu sem tekin hafði verið saman af austurríska þingmanninum Ludwig Steiner og formanni stjórnmálanefndarinnar, breska þingmanninum Tom Erwin. Með skýrslunni fylgdu drög að ályktun, en við þau bættust fjörutíu og tvær breytingartillögur og viðaukatillögur. Aðeins nokkrar þessara breytingartillagna hlutu meirihlutafylgi á þinginu. Þá hafði einnig verið lögð fram sérstök skýrsla af fulltrúa þýskra

sósíaldemókrata, Hans Bardens, fulltrúa í laganefndinni, þar sem fjallað var um ástandið í landinu út frá réttarfarslegu sjónarmiði.

Ályktunin, sem samþykkt var (nr. 765), er mjög umfangsmikil. Í henni kemur m. a. fram að þing Evrópuráðsins líti svo á að ástandið í Tyrklandi haldi áfram að vera ósamrýmanlegt stofnskrá Evrópuráðsins, en að áframhaldandi vera Tyrklands í Evrópuráðinu geri því kleift og skyldi stofnunina til að fylgjast með því, að lýðræði verði aftur komið á í Tyrklandi og að mannréttindi verði virt. Lýst er ánægju yfir að dregið hafi úr hryðjuverkum í Tyrklandi, en bent er á að samfara þessu hafi ekki enn verið komið á almennum mannréttindum sem voru takmörkuð eða afnumin, sbr. 15. grein stofnskrár Evrópuráðsins. Lýst er áhyggjum yfir skýrslum um að pyntingar og slæm meðferð fanga eigi sér enn stað. Harmað er að stjórnmálasamtök eru útilokuð frá þátttöku í störfum hinnar sérstöku ráðgjafarsamkundu sem stofnuð hefur verið til þess að gera drög að stjórnarskrá. Þingið álítur að Evrópuráðið geti ekki, án þess að glata trausti sem mannréttindastofnun, frestað því á ný að taka harða afstöðu gegn núverandi ástandi í Tyrklandi. Fordæmd eru þau mannréttindabrot sem hafa átt sér stað í Tyrklandi, m. a. afnám stjórnmálaflokka og verkalýðsfélaga, fangelsanir vegna skoðana, pyntingar og slæm meðferð á pólitískum föngum og réttarhöld þar sem ákærðum er ekki tryggður réttur til málsvarnar. Þá er athygli ríkisstjórna aðildarríkja Evrópuráðsins beint að 24. grein sáttmálans, sem heimilar sérhverju aðildarríki að vísa til mannréttindanefndarinnar sérhverju broti á ákvæðum sáttmálans. Þingið álítur að málsmeðferð, sem gert er ráð fyrir í 24. grein sáttmálans, eigi að beita í máli Tyrklands til að upplýsa að hve miklu leyti staðhæfingar um pyntingar og önnur mannréttindabrot í Tyrklandi eigi við rök að styðjast. Í lok ályktunarinnar er ýmsum tilmælum og áskorunum beint til tyrknesku ríkisstjórnarinnar um að hefja aðgerðir til að tryggja að lýðræði verði komið á í Tyrklandi á ný og að mannréttindi verði virt.

Samhliða ályktun þessari voru samþykkt tillaga og fyrirmæli í Tyrklandsmálinu.

Svo sem fram hefur komið bar Tyrklandsmálið langhæst í umfjöllun 33. þings Evrópuráðsins. Eftir setningu herlaga í Póllandi hinn 13. desember s. l. fjallaði að sjálfsögðu janúarfundurinn allítarlega um málefni Póllands og tóku um 50 ræðumenn til máls um ástandið í Póllandi. Ýmsir fulltrúar hægri flokkanna héldu því fram, að atburðirnir í Póllandi hefðu átt sér stað vegna þess að vestræn ríki hefðu ekki brugðist nógu harkalega við öðrum útþensluaðgerðum Sovétríkjanna. Sömu aðilar gagnrýndu hina nýgerðu samninga um útflutning á gasi frá Sovétríkjunum til nokkurra Vestur-Evrópuríkja. Ýmsir fulltrúar hægri flokkanna gagnrýndu og undanslátt Vestur-Evrópuríkja varðandi lánakjör og greiðsluskilmála Pólverjum til handa. Jacques Baumel, fulltrúi Gaullista, lagði t. d. áherslu á að vestræn ríki gætu ekki haldið áfram að veita einræðisstjórninni í Póllandi fjárhagsaðstoð.

Ýmsir þingmenn sósíaldemókrata og sósíalista vöruðu við því að blanda saman Póllandsmálinu og afvopnunarmálum. Knut Frydenlund áleit að forðast bæri að láta afstöðuna í Póllandsmálinu færa ríki Vestur-Evrópu aftur til tíma kalda stríðsins, slíkt mundi ekki hjálpa Pólverjum, nema síður væri.

Einn ræðumanna taldi mótsagnakennt að ýmsir hefðu gagnrýnt setningu herlaga og tilkomu herforingjastjórnarinnar í Póllandi um leið og þeir hinir sömu væru reiðubúnir að samþykkja slíkar aðgerðir í Tyrklandi. Annar þingfulltrúi hélt því fram, að þróunin í Póllandi bæri ekki vott um veikleika hjá vesturlöndum heldur væri hér um að ræða vísbendingu um djúpstæðan klofning innan Varsjárbandalagsins.

Margir þingmenn voru þó á því, að þróunin í Póllandi, sem tilkomin væri vegna beinnar eða óbeinnar íhlutunar Sovétríkjanna, væri brot á Helsinki-samþykktinni. Samstaða var um að afnema bæri herlögin í Póllandi, að hin frjálsu verkalýðsfélög fengju að starfa aftur og að ríkisstjórnin tæki aftur upp viðræður við Samstöðu og kirkjuna. Jafnframt náðist samstaða um að senda bæri Pólverjum matvæli, helst í gegnum óháðar stofnanir.

Fyrir þinginu lá skýrsla franska Gaullistans Jacques Baumel ásamt drögum að ályktunartillögu. Allmargar breytingartillögur og viðaukatillögur komu fram áður en ályktunin um Pólland var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta. Nokkrir fulltrúar greiddu atkvæði gegn tillögunni og nokkrir sátu hjá. Þingið fordæmir kröftuglega valdbeitingu pólska hersins sem gerð væri í skjóli hótana um bein afskipti Sovétríkjanna. Þá er harmað að setning herlaganna hinn 13. desember 1981 hefði komið í veg fyrir lýðræðislega þróun sem falið hefði í sér virðingu fyrir almennum mannréttindum. Þá er Samstöðu lýst sem verkalýðshreyfingu sem á sér mjög víðtækan stuðning meðal þjóðarinnar og hefur ávallt komið málum sínum fram á friðsamlegan hátt. Þingið álítur að ástandið í Póllandi sé alvarleg hindrun gegn þessari þróun, stríði gegn Helsinki-samþykktinni og sé jafnframt í mótsögn við viðleitni til slökunar spennu. Þingið álítur að núverandi stjórn í Póllandi sitji þar í óþökk meiri hluta pólsku þjóðarinnar. Lýst er yfir ánægju með skilyrði þau sem sett eru fram af vestrænum ríkjum til að samskipti þeirra við Pólland geti komist í eðlilegt horf, þar á meðal á viðskiptasviðinu, en þau eru afnám herlaganna, að pólitískir fangar verði látnir lausir, að listamenn og rithöfundar geti óheftir látið skoðanir í ljós svo og að komið verði á ný á viðræðum við Samstöðu og kirkjuna. Þá er lýst yfir stuðningi við þær skoðanir, að aðildarríki Evrópuráðsins eigi að taka Póllandsmálið upp á Madrid-ráðstefnunni og krefjast þar að pólska ríkisstjórnin virði Helsinki-samþykktina. Ítrekuð var nauðsyn þess, að leitað verði nýrra leiða til að bæta sambúð ríkja í Evrópu, og risaveldin væru hvött til að hrinda í framkvæmd samningum um kjarnorkuafvopnun í Evrópu. Þá er lögð áhersla á að aðildarríki Evrópuráðsins og lýðræðisríki heimsins haldi áfram að láta Pólverjum í té aðstoð, einkum með sendingu matvæla.

Jafnframt samþykkti janúarfundurinn fyrirmæli varðandi flóttamenn frá Póllandi.

Af öðrum alþjóðamálum, sem þingið fjallaði um, má nefna samskipti Evrópuráðsríkjanna og Bandaríkjanna, en fyrir þinginu lá skýrsla frá Jacques Baumel um þau mál. Samþykkt var ályktun um samband Evrópuráðsins og Norður-Ameríku þar sem m. a. kemur fram að hvorki Evrópuríki né ríki Norður-Ameríku geti séð fram úr vanda þessa áratugar upp á sitt eindæmi. Þá er því haldið fram, að öryggi Evrópu sé stefnt í voða meðan ekki takist að efla traust austurs og vesturs á Madrid-ráðstefnunni um öryggi og samvinnu. Þá er vonað að viðræður Sovétríkjanna og Bandaríkjanna um meðaldrægar kjarnaflaugar í Evrópu beri árangur.

Samþykktar voru tvær ályktanir um Madrid-ráðstefnuna.

Claude Dejardin, þingmaður belgískra sósíalista, fylgdi úr hlaði skýrslu stjórnmálanefndarinnar um ofsóknirnar í Íran. Samþykkt var mótatkvæðalaust ályktun þar sem það er m. a. harmað, hve aðildarríki Evrópuráðsins geti lítil áhrif haft á ráðamenn í Íran í þessum málum. Lýst er yfir samstöðu með þeim aðilum í Íran, þar á meðal Bahái-trúarsöfnuðinum, sem verða fyrir óréttlátum ofsóknum. Þá eru ríkisstjórnir aðildarríkja Evrópuráðsins hvattar til að nota hvert tækifæri er býðst til að sannfæra ríkisstjórn Írans um nauðsyn þess að alþjóðlegar samþykktir, sem Íran er aðili að, séu í heiðri hafðar.

5. Efnahags- og orkumál.

Fyrir þinginu lá skýrsla Ólafs Ragnars Grímssonar sem efnahagsnefndin hafði falið honum að gera um framtíðarhorfur í heiminum: þarfir mannsins og náttúruauðæfi jarðar. Ólafur fylgdi skýrslu sinni úr hlaði og sagði m. a. að efnahagsmálum í heiminum í dag mætti líkja við áratuginn 1930—1940. Ef ekkert yrði að gert vofði yfir alheims efnahagskreppa sem teflt gæti alþjóðlegum friði og öryggi í hættu. Meðal alvarlegustu vandamálanna væri offjölgun mannkyns, einkum í þróunarríkjunum, skortur á vatni og orku og eyðing lands og skóga. Áframhaldandi velgengni í Evrópu héldist í hendur við möguleikana á því að finna lausn á efnahagsvandamálum þróunarríkjanna.

Í umfangsmikilli ályktun, sem samþykkt var um mál þessi, er skorað á aðildarríki Evrópuráðsins að taka virkan þátt í öllum þeim fundum og ráðstefnum er fjalla um nýskipun efnahagsmála í heiminum. Í ályktuninni er m. a. skorað á aðildarríkin að verja 0.7% af þjóðartekjum sínum til þróunarhjálpar ekki síðar en á árinu 1985.

Þingmaður ítalskra sósíaldemókrata, Guiseppe Petrilli, fylgdi skýrslu sinni um efnahags- og orkumál úr hlaði. Var síðan samþykkt ályktun þar sem m. a. er lagt til að aukin verði olíuvinnsla í Vestur-Evrópu, einkum á hafi úti, rannsökuð verði ný tækni til vinnslu og notkunar kola, auknar verði rannsóknir varðandi nýjar og óþrjótandi orkulindir, lögð verði áhersla á kjarnorku í þeim ríkjum sem ákveðið hafa að nýta sér kjarnorku. Þá er lögð áhersla á auknar rannsóknir á öðrum tegundum orku, svo sem sólar- og vindorku, orku fallvatna og jarðvarma.

Á haustfundinum var lögð fyrir þingið skýrsla franska Gaullista-þingmannsins Jean Bozzi um viðskipti Evrópuráðsríkjanna og ríkja Norður-Ameríku. Var samþykkt ályktun þar sem bent er á ýmsar leiðir til að ná betri jöfnuði í þessum viðskiptum.

Samþykkt var umfangsmikil ályktun þar sem gerðar voru athugasemdir við ýmis atriði í ársskýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Þá voru samþykkt fyrirmæli um 5. þingmannaráðstefnuna um vísindi sem haldin var í Helsingfors 3.—5. júlí 1981. Lagðar voru fram tvær ársskýrslur EFTA og samþykkt var mótatkvæðalaust ályktun um skýrslur þessar.

Samþykkt var ályktun um fund samgönguráðherra Evrópuráðsríkja og ályktun um göng undir Ermarsund. Í síðastnefndu ályktuninni er lýst yfir stuðningi við hugmyndir um slík göng og að þau verði gerð fyrir umferð í báðar áttir.

6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.

Á maífundinum var fjallað nokkuð um ástandið í El Salvador. Lagði þingmaður portúgalskra miðsósíaldemókrata, Maria José Sampaio, fram skýrslu um flóttamenn frá El Salvador. Í ályktun, sem þingið samþykkti um þessi mál, er staðfest að herforingjastjórnin í El Salvador hafi aukið ofbeldisaðgerðir sínar og að ríkisstjórn Bandaríkjanna hafi jafnt og þétt aukið aðstoð sína við herforingjastjórnina. Jafnframt er staðfest að Kúbumenn styðji hreyfingu skæruliða. Skorað er á ríkisstjórnir Evrópuráðsríkja að styðja starfsemi flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og Rauða krossins, að ríkisstjórnirnar skori á nágrannaríki El Salvador að taka á móti flóttamönnum þaðan. Enn fremur er skorað á ríkisstjórnina í El Salvador og andspyrnuöflin að taka upp viðræður til að binda endi á ófriðinn í El Salvador. Þá er því beint til ríkisstjórna Evrópuráðsríkjanna að þær beiti sér fyrir því, að mannréttindi verði virt af öllum aðilum í El Salvador.

Haustfundurinn samþykkti tillögu um ástand flóttamanna frá Afganistan, þar sem skorað er á ráðherranefndina að hún beiti sér fyrir auknum stuðningi við þær áætlanir sem miða að því að að gera flóttamönnum frá Afganistan kleift að geta snúið aftur til heimkynna sinna. Jafnframt voru samþykkt fyrirmæli um svipað efni.

Samþykkt var tillaga þar sem skorað er á þau aðildarríki Evrópuráðsins, sem enn eru ekki aðilar að Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, að gerast aðilar að honum. Sjóðsaðilar eru beðnir að auka aðstoð sína við sjóðinn þannig að hann geti í frekari mæli leitast við að minnka hið efnahagslega og félagslega bil sem er milli Norður- og Suður-Evrópu.

Samþykkt var tillaga og fyrirmæli þar sem því er beint til ráðherranefndarinnar og einstakra þingmanna á Evrópuráðsþingi að hafa áhrif á að þau ríki, sem enn hafi ekki fullgilt Evrópusamninginn um réttarstöðu farandverkafólks (frá 1977), fullgildi hann.

7. Félags- og heilbrigðismál.

Fyrir maífundinum lá skýrsla frá austurríska þingmanninum Karl Reinhardt um öryggi starfsfólks við gjaldþrot fyrirtækja og var samþykkt tillaga til ráðherranefndarinnar þar að lútandi.

Allmiklar umræður urðu á haustfundinum um skýrslur sem lagðar voru fram á vegum félagsmála- og laganefndar Evrópuráðsins um réttindi kynvillinga. Samþykkt var tillaga um þessi mál með 61 atkvæði, 22 voru á móti og 5 sátu hjá. Tillagan gengur einkum út á það, að ráðherranefndin beiti sér fyrir því að hætt verði að líta á kynvillu sem refsivert athæfi. Er fjallað um réttarstöðu þessa fólks á hinum ýmsu sviðum og skorað á ríkisstjórnir að sjá um að skrár yfirvalda yfir kynvillinga verði eyðilagðar. Þá er í ályktun skorað á Alþjóðaheilbrigðisstofnunina (WHO) að fella kynvillu út af skrá sinni yfir sjúkdóma.

Samþykkt var tillaga til ráðherranefndar um framlag Evrópuráðsins til alþjóðaárs fatlaðra. Í ályktuninni er gert ráð fyrir sérstökum verðlaunum, að fjárhæð 10 000 franskra franka, sem árlega skulu veitt einstaklingum eða stofnunum sem beitt hafa sér hvað mest fyrir velferð fatlaðra.

Samþykkt var álitsgerð um félagsmálasáttmála Evrópu.

8. Menningar- og menntamál.

Fyrir fundinum lá skýrsla frá spönskum þingmanni sósíalista, Alexandre Giericci, um ýmiss konar menntunar- og menningarvandamál í sambandi við tungumál og mállýskur minnihlutahópa í aðildarríkjunum. Er jafnframt fjallað um tungumál farandverkafólks í Evrópuráðsríkjum. Í tillögu til ráðherranefndarinnar er því beint til ríkisstjórnanna, að meira tillit verði tekið til þessara þátta.

Þá voru samþykktar ályktanir um tónlistarkennslu í Evrópu og verðlagningu bóka. Samþykkt var tillaga um notkun málmleitartækja við fornleifarannsóknir.

9. Löggjafarmálefni.

Haustfundurinn samþykkti eftir allmiklar umræður tillögu og fyrirmæli um kapalsjónvarp og sjónvarp um gervihnetti. Er þar einkum fjallað um efnisval fyrir þessa tegund sjónvarps.

10. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.

Um málaflokk þennan var einkum fjallað í janúarmánuði s. l. Fjallað var um fimmtu þingmannaráðstefnu Evrópu um vísindi sem haldin var í Helsingfors í júní 1981. Fjallaði sú ráðstefna einkum um tæknikunnáttu vesturlanda og þátt hennar í sambandi við samskipti við þróunarríkin. Jafnframt var fjallað um þingmannaráðstefnu, sem haldin var í Haag í marsmánuði 1981, er fjallaði um áhrif tækniþróunar á pólitíska ákvarðanatöku, enn fremur um efnahags- og félagslegar afleiðingar af háþróaðri tækni.

Þingið tók þrjár ákvarðanir. Í fyrsta lagi var samþykkt tillaga til ráðherranefndarinnar um vísindaráðstefnuna í Helsingfors, þar sem m. a. er lagt til að þróunarríkjunum verði gert kleift að notfæra sér tækni iðnaðarríkjanna. Í öðru lagi var samþykkt tillaga um endurnýjun, samkeppnishæfni og pólitíska ákvarðanatöku, þar sem talin eru upp ýmis atriði sem ríkisstjórnum ber að athuga, svo að minnka megi bilið milli vísindarannsókna og stjórnmála. Þá voru í þriðja lagi samþykkt fyrirmæli um vísindaráðstefnuna í Helsingfors.

Þingið samþykkti á janúarfundinum tillögu til ráðherranefndarinnar um erfðabætur („genetic engineering“).

Edward Garret, þingmaður breska verkamannaflokksins, lagði fram skýrslu sem fjallaði m. a. um hlutverk menntunar í umhverfismálum Evrópu. Í skýrslunni er lagt til að Evrópuráðsríkin starfi nánar saman í þessu sambandi. Samþykkt var tillaga um náttúruverndarmenntun í Evrópu þar sem m. a. er lýst ánægju yfir stofnun evrópskrar stofnunar um náttúruverndarmenntun (Foundation for Environmental Education in Europe).

11. Landbúnaðarmál.

Fyrir haustfundinum lá skýrsla landbúnaðarnefndarinnar sem fjallaði um slæma meðferð á hestum við flutning landa á milli. Skýrslan fjallaði einkum um flutning á lifandi hestum

til slátrunar í ríkjum Austur- og Suður-Evrópu. Kom þar m. a. fram að hestar væru látnir vera í slíkum flutningum jafnvel sólarhringum saman án þess að fá fóður né vatn og hefðu hestar drepist af þessum sökum. Samþykkt var tillaga um að fleiri ríki, einkum þó ríki Austur-Evrópu, gerist aðilar að Evrópusamningnum um vernd dýra í millilandaflutningum frá árinu 1968.

Samþykkt var ályktun og tillaga um landbúnaðarmál sem voru byggðar á skýrslu landbúnaðarnefndarinnar og fjölluðu um minnkun á beitar- og ræktunarlöndum, flótta frá landsbyggðinni, eftirlaun bænda og fleira. Er m. a. rætt um leiðir til aðstoðar yngra fólki við að stunda landbúnað.

12. Önnur mál.

Af öðrum málum, sem 33. þingið fjallaði um, má nefna að á janúarfundinum í ár var samþykkt ályktun um hlutverk konunnar í Evrópuráðinu. Er fjallað um starfsmöguleika kvenna í skrifstofu Evrópuráðsins og öðrum alþjóðastofnunum.

Samþykkt var ályktun um sérstaka ráðstefnu Evrópuráðsins og þeirra stofnana, sem tengdar eru Evrópuráðinu, á árinu 1982.

Þá voru samþykktar álitsgerðir um fjárlög Evrópuráðsins fyrir árin 1979, 1980 og 1981.

Yfirlit yfir ákvarðanir 33. þings Evrópuráðsins (maí 1981 — janúar 1982).

Tillögur.

916 um hryðjuverk.
917 um hljómlistarár Evrópu árið 1985.
918 um stöðu ritara þings Evrópuráðsins.
919 um öryggi starfsfólks við gjaldþrot fyrirtækja.
920 um fyrirkomulag varðandi kjörbréf þingmanna.
921 um málmleitartæki og fornleifafræði.
922 um flóttamenn frá Afganistan.
923 um slæma meðferð hesta í millilandaflutningum.
924 um misrétti gagnvart kynvillingum.
925 um framlag Evrópuráðsins til alþjóðaárs fatlaðra.
926 um kapalsjónvarp og sjónvarp um gervihnetti.
927 um flóttamannasjóð Evrópuráðsins.
928 um tungu og mállýskur minnihlutahópa í aðildarríkjum Evrópuráðsins.
929 um tónlistarnám.
930 um verðlagningu bóka.
931 um fullgildingu Evrópusamningsins um réttarstöðu farandverkafólks frá 1977.
932 um fimmtu þingmannaráðstefnuna um vísindi.
933 um endurnýjun, samkeppnishæfni og pólitíska ákvarðanatöku.
934 um erfðabætur.
935 um vanrækt landbúnaðarhéruð.
936 um ástandið í Tyrklandi.
937 um náttúruverndarmenntun í Evrópu.

Ályktanir.

747 um framtíðarhorfur í heiminum, þarfir mannsins og náttúruauðæfi jarðar.
748 um orku- og efnahagsmál.
749 um samband Evrópu og Bandaríkjanna.
750 um öryggi og samvinnu í Evrópu.
751 um flóttamenn frá El Salvador.
752 um kjörbréf þingmanna.
753 um hlutverk konunnar í Evrópuráðinu.
754 um samband þings Evrópuráðsins við óháðar stofnanir.
755 um evrópska stofnun varðandi Norður-Atlantshafsflug.
756 um misrétti gagnvart kynvillingum.
757 um ástandið í Tyrklandi.
758 um samband Evrópu, Bandaríkjanna og Kanada.
759 um Madrid-ráðstefnuna.
760 um viðskipti milli Evrópu, Bandaríkjanna og Kanada.
761 um starfsemi OECD árið 1980.
762 um tuttugustu og fyrstu ársskýrslu EFTA.
763 um ástandið í Póllandi.
764 um landbúnað.
765 um ástandið í Tyrklandi.
766 um ráðstefnu samgönguráðherra Evrópu.
767 um jarðgöng undir Ermarsund.
768 um ofsóknirnar í Íran.

Fyrirmæli.

396 um hryðjuverk.
397 um ástandið í Tyrklandi.
398 um fulltrúa Tyrklands á þingi Evrópuráðsins.
399 um lausn í málefnum Afganistans.
400 um fimmtu þingmannaráðstefnuna um vísindi.
401 um kapalsjónvarp og sjónvarp um gervihnetti.
402 um fullgildingu Evrópusamningsins um réttarstöðu farandverkafólks, frá 1977.
403 um ráðstefnu um samskipti Vestur-Evrópu og Japans.
404 um fimmtu þingmannaráðstefnuna um vísindi.
405 um flóttamenn frá Póllandi.
406 um ástandið í Tyrklandi.

Álitsgerðir.

104 um 15. ráðstefnu svæðastofnana í Evrópu.
105 um fjárlög þings Evrópuráðsins.
106 um félagsmálasáttmála Evrópu.
107 um fjárlög Evrópuráðsins fyrir árin 1979, 1980 og 1981.

Ed. 561. Frumvarp til laga [264. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Á undan 4. mgr. 21. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Í reglugerð eða öðrum fyrirmælum má ákveða að farmflytjandi, miðlari eða annar umboðsmaður skrái innfluttar vörur áður en þær eru afhentar úr vörslu farmflytjanda.

2. gr.

50. gr. laganna orðist svo:

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga þegar far tekur höfn, þar sem vara verður afhent, og skal greiða í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri. Þó skal heimilt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að heimila innflytjanda greiðslu aðflutningsgjalda af vöru sem er hluti vörusendingar í farmskrárnúmeri, enda hafi verið gefið út undirfarmskírteini eða undirflugfarmbréf vegna flutnings vörunnar eða aðstæður verða að öðru leyti taldar þess valdandi að ástæða sé til þess að veita innflytjanda heimild til tollafgreiðslu á hluta vörusendingar.

Um eindaga aðflutningsgjalda fer samkvæmt ákvæðum 52. og 53. gr.

Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda af vöru sem látin hefur verið í tollvörugeymslu fer þó samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o. fl., nema innflytjandi hafi fengið heimild til greiðslufrests skv. 53. gr.

3. gr.

Við 51. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Hafi innflytjanda verið veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 53. gr. skal hann greiða aðflutningsgjöld, sem hann er skuldfærður fyrir í öðru tollumdæmi, hjá þeim tollstjóra þar sem hann hefur verið skráður skv. 53. gr.

4. gr.

1. mgr. 52. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðins tíma frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl., og skal frestur þessi ekki vera lengri en sex mánuðir. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöruflokka tollafgreiðslu innan þessara tímamarka. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að leggja skuli viðurlög við því ef skyldu samkvæmt ákvæðum reglugerðar settrar samkvæmt þessari málsgrein er ekki fullnægt, svo sem stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

5. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum. Heimild þessa má takmarka við innflytjendur sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, þar á meðal umboðsmenn þeirra og miðlara, svo og innflytjendur sem stunda framleiðslu vara eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni og flytja inn aðföng til starfsemi sinnar. Ráðherra getur í reglugerð ákveðið hvað telja skuli aðföng í þessu tilliti. Heimild til greiðslufrests má jafnframt binda því skilyrði að innflytjandi sanni með fullnægjandi hætti að aflað hafi verið þeirra leyfa sem lög kunna að áskilja varðandi heimild til atvinnurekstrar og innflutningur hans á næst liðnu ári hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki.

Heimild til greiðslufrests er bundin því skilyrði að sett sé fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem ráðherra telur fullnægjandi. Falla má síðar frá þessu skilyrði hafi ekki komið til vanskila af hálfu innflytjanda sem haft hefur greiðslufrest á aðflutningsgjöldum í minnst 6 mánuði og hann uppfyllt að öðru leyti önnur þau skilyrði sem sett kunna að verða í reglugerð.

Greiðslufrestur af aðflutningsgjöldum skal vera að meðaltali tveir mánuðir frá þeim tíma er far tekur höfn, sbr. 50. gr., eða talið frá úttektardegi vöru hafi hún verið sett í tollvörugeymslu. Aðflutningsgjöld sem greiðslufrestur hefur verið veittur á vegna innflutnings vara í sama mánuði skulu greidd í síðasta lagi fimmtánda dag annars mánaðar eftir komudag flutningsfars til landsins eða úttektardag úr tollvörugeymslu. Ákveða má aðra eindaga í reglugerð. Séu aðflutningsgjöld ekki greidd á eindaga samkvæmt þessari málsgrein skulu dráttarvextir þegar reiknaðir á gjaldfallnar skuldir og innheimtir í ríkissjóð. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands með síðari breytingum og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda, svo sem sviptingu greiðslufrests, tímabundið eða að fullu, eða stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila. Hafi frestur verið veittur til greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt þessari grein má ákveða með reglugerð að greiða skuli af þeim sömu vexti og gilda hverju sinni um innlán á sparisjóðsbókum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 með síðari breytingum.

Innflytjandi sem fær greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal tollafgreiða allan innflutning sinn á þeim kjörum. Þó skal heimilt að undanþiggja einstakar vörutegundir þessu skilyrði, ef sérstakar ástæður þykja til. Innflutningur með greiðslufresti skal að öðru leyti gilda um tollafgreiðslu á innfluttum vörum sama innflytjanda í öllum tollumdæmum landsins.

Ráðherra setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari reglur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkvæmt þessari grein.

Innflytjendur skulu skráðir hjá tollyfirvaldi þar sem lögheimili þeirra er, eða þeir telja lögheimili sitt vera samkvæmt samþykktum, eða stjórn þeirra er, ef um lögaðila er að ræða. Í reglugerð skulu sett nánari fyrirmæli um tilkynningu til skráningar, skráningarskírteini og viðurlög ef tilkynningarskyldu er ekki sinnt.

6. gr.

1. mgr. 54. gr. laganna orðist svo:

Aðflutt vara skal vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði og hefur eigandi ekki rétt til að ráða yfir henni fyrr en afhendingarheimild viðkomandi tollstjóra liggur fyrir. Veðrétturinn helst þrátt fyrir afhendingu.

Séu skil ekki gerð í síðasta lagi á eindaga, sbr. 1. mgr. 52. gr., hefur tollstjóri, þ. e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli svo og tollstjórinn í Reykjavík, eða umboðsmaður hans, heimild til að halda uppboð og selja vöruna án undanfarins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Telji tollstjóri að hærra verð megi fá fyrir vöru með öðrum hætti en sölu á uppboði skal honum heimilt að leita tilboða í vöruna og selja hæstbjóðanda ef viðunandi tilboð fæst.

Náist ekki til þeirrar vöru sem af átti að greiða má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á nauðungaruppboði.

Tollstjóri getur neitað þeim sem á ógreidd aðflutningsgjöld eða annan kostnað samkvæmt framangreindu um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

Aðflutningsgjöldin greiðast af uppboðsandvirði eða söluandvirði, sbr. síðasta málsl. 1. mgr., með forgangsrétti næst á eftir uppboðs- eða sölukostnaði vörunnar. Sé uppboðsandvirði eða söluandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum, þ. m. t. sölugjald, ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði skal greiða þeim sem eignarréttur gekk úr hendi afganginn að frádregnum öðrum eignarhöftum sem á vörunni hvíldu auk alls áfallins kostnaðar. Vitji eigandi ekki þess sem afgangs er samkvæmt framangreindu innan árs frá uppboðsdegi eða söludegi fellur upphæðin til ríkissjóðs.

7. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

a. Úr 2. tölulið falli brott orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi“.

b. Úr 3. tölulið falli brott orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum“.

8. gr.

Í stað tölunnar „500“ í 68. gr. laganna komi: 10 000.

9. gr.

2. mgr. 71. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 71/1976, falli brott.

10. gr.

2. mgr. 76. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 31/1979, orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má að brot varði ekki hærri sekt en 25 000 kr., enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það sem um er að tefla, refsiákvæði sem það varðar við og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér og getur tollyfirvald undir því skilorði er nú var sagt ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr 50 000 kr.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skulu heimildarákvæði 3. og 5. gr. um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1983.

Ákvæði 4. gr. um eindaga aðflutningsgjalda skal koma til framkvæmda í áföngum þannig að tollafgreiðslufrestur styttist frá og með 1. janúar 1983 í tveimur áföngum úr tólf mánuðum í sex mánuði og skal marki þessu náð hinn 1. janúar 1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Hinn 3. apríl 1981 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að gera tillögur um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og semja frumvarp til laga um það efni. Í nefndina voru skipaðir Gunnlaugur Sigmundsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Árni Árnason framkvæmdastjóri, Björn Hermannsson tollstjóri í Reykjavík, Júlíus Sæberg Ólafsson forstjóri og Þorsteinn Ólafsson fulltrúi forstjóra Sambands íslenskra samvinnufélaga. Ritari nefndarinnar var skipaður Sigurgeir A. Jónsson fulltrúi í fjármálaráðuneytinu. Frumvarp það sem hér er lagt fyrir Alþingi um breyting á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum er í meginatriðum byggt á frumvarpi því sem nefndin hefur samið.

Áður en vikið verður að meginefni frumvarps þessa um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þykir rétt að víkja nokkrum orðum að tildrögum þess að ákveðið var að leggja fram frumvarp um þetta efni þrátt fyrir að í nefndum lögum sé að finna heimildarákvæði um lán á aðflutningsgjöldum.

Með samþykkt laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit var tekið upp það nýmæli að heimila fjármálaráðherra að veita tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum gegn bankatryggingu eða annarri jafngildri tryggingu. Heimild þessi var bundin því skilyrði að vara yrði tollafgreidd og flutt úr vörugeymslu innan mánaðar frá komudegi flutningsfars til landsins. Jafnframt var gert ráð fyrir að innflytjandi gæfi við tollafgreiðslu út skuldaryfirlýsingu fyrir upphæð aðflutningsgjalda og greiddi þá upphæð síðan í peningum innan tiltekins frests. Tilgangurinn með þessu heimildarákvæði var að mæta hugsanlegum erfiðleikum sem skapast gætu hjá ýmsum innflytjendum við þá ákvörðun að herða á tollafgreiðslu vara með styttingu tollafgreiðslufrests, en brögð þóttu að því á þeim tíma að vörur væru látnar liggja óhæfilega lengi í vörugeymslum farmflytjenda. Hafi þetta valdið ýmsum erfiðleikum, eins og töfum við afgreiðslu á og eftirlit með innfluttum vörum, auk þess sem vörur urðu fyrir ýmsu hnjaski í vörugeymslum við sífelldar tilfærslur. Að baki þessu ákvæði bjó því ekki sú hugsun að veita almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eða yfirleitt að fjármagna innflutningsverslunina, heldur að greiða fyrir og flýta tollafgreiðslu á ýmsum vöruflokkum sem algengt væri að flytja inn í stórum förmum og erfiðleikum væri bundið að geyma í vörugeymslum farmflytjenda. Var enda tekið fram í lögunum að takmarka mætti greiðslufrestinn við ákveðnar tegundir vöru. Þegar til átti að taka og beita heimildarákvæðinu kom hins vegar í ljós að af hálfu bankanna var talið ýmsum annmörkum háð að þeir tækju að sér að ábyrgjast kröfur ríkissjóðs á hendur innflytjendum samkvæmt skuldarviðurkenningum sem út yrðu gefnar við tollafgreiðslu hverju sinni eins og ráð hafði verið gert fyrir við setningu laganna. Meðal annars af þeim sökum komst heimildarákvæðið aldrei til framkvæmda með þeim hætti sem ætlast hafði verið til í öndverðu. Fjármálaráðuneytið hefur þó í einstaka tilvikum veitt greiðslufrest á aðflutningsgjöldum með hliðsjón af ákvæðinu eins og nánar er greint frá í athugasemdum við 5. gr.

Á árinu 1977 var málefni þessu hreyft að nýju af þáverandi fjármálaráðherra, Matthíasi Á. Mathiesen, er hann skipaði nefnd hinn 29. apríl það ár til þess að endurskoða gildandi lög

og reglur um tollheimtu og tolleftirlit. Meðal verkefna nefndarinnar var að skila tillögum um gjalddaga, greiðslufrest og fullnustu aðflutningsgjalda. Skilaði nefndin áliti sínu og skýrslu í ágúst 1978. Var þar einkum fjallað um að taka upp greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og lagt til að það yrði gert á grundvelli sérstakrar löggjafar. Mál þetta lá síðan í láginni til ársins 1979 er frumvarp um breyting á lögum nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit var lagt fram af nokkrum þingmönnum, þar sem lagt var til að gerðar yrðu breytingar á 53. gr. laganna og greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum tekinn upp. Í greinargerð með frumvarpi þessu, sbr. þingskjal nr. 462 (102. löggjafarþing), er gerð grein fyrir meginefni nefndarálitsins frá 1978, sem óþarft er því að gera nánari grein fyrir hér.

Í umfjöllun um áhrif greiðslufrests á aðflutningsgjöldum á tekjur ríkissjóðs hefur verið reynt að meta hversu mikil hliðrun verði á innheimtu aðflutningsgjalda. Niðurstöður þeirra athugana benda til þess að tekjuhliðrun eigi sér mjög fljótt stað og komi jafnvel fram af fullum þunga á fyrstu sex mánuðunum. Um þetta efni að öðru leyti vísast til tillagna til fjármálaráðherra um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum frá því í september 1981, sem þegar hefur verið dreift til alþingismanna. Ljóst er að erfitt er fyrir ríkissjóð að taka á sig slíka tekjuhliðrun á sama fjárhagsári nema ráð sé fyrir því gert í fjárlögum. Í frumvarpi þessu er við það miðað að heimild til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum komi til framkvæmda í áföngum á 12 mánuðum.

Verði lagafrumvarp það er hér liggur fyrir samþykkt á þessu þingi er talið að tæknilegar forsendur séu fyrir því að hefja framkvæmd laganna 1. janúar 1983. Er gert ráð fyrir því að þá verði innflytjendum, sem á árinu 1981 fluttu inn vörur fyrir 25 m. kr. eða meira, veitt heimild til innflutnings með greiðslufresti. Á árinu 1983 verði þessi mörk síðan lækkuð í áföngum þannig að síðasti hópurinn, innflytjendur með a. m. k. 1 m. kr. innflutning á verðlagi 1981, fái slíka heimild frá og með 1. janúar 1984. Rétt þykir að geta þess hér að gert er ráð fyrir að reglum um gildistíma tollafgreiðslugengis verði breytt, en sú ráðstöfun getur haft einhver áhrif á fjárhæð innheimtra aðflutningsgjalda þegar til lengri tíma er litið og haft einhver áhrif til aukningar ríkissjóðstekna. Verði þessi háttur hafður á má ætla að aðlögun verði auðveldari að því er varðar getu ríkissjóðs til að mæta seinkun á innheimtum tekjum, auk þess sem minni hætta er á örðugleikum í framkvæmd samfara nýrri tilhögun á tollheimtu og tollgæslu. Á það skal þó lögð áhersla að mikið starf er enn óunnið í sambandi við tæknilega lausn málsins hjá tollheimtumönnum ríkissjóðs þó að lagatæknileg atriði varðandi upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum yrðu leyst með samþykkt þessa frumvarps. Verður ekki séð að framkvæmdin verði tryggð nema til komi tölvuvæðing tollheimtuembættanna.

Athygli skal vakin á því að gert er ráð fyrir að lagt verði fram sérstakt frumvarp til breytingar á ákvæðum í lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, þ. e. þau ákvæði er kveða á um að eigi megi tollafgreiða vöru nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggi fyrir um það að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum hætti, en skylda tollyfirvalda til að kanna að bankastimplun hafi átt sér stað er byggð á ákvæðum þessum. Verði það frumvarp samþykkt sem lög frá Alþingi mun þessi kvöð falla niður, enda mundi hún í óbreyttri mynd koma í veg fyrir það hagræði sem að er stefnt með greiðslufrestinum. Ákvæði um bankastimplun skjala mun komin til með það í huga að örva vilja erlendra seljenda til að senda vörur til Íslands án þess að þær væru fyrst greiddar. Að öðru leyti er vísað til nefnds frumvarps um breytingu þessa. Eftirlit tollyfirvalda með því að krafa væri greidd eða hún tryggð áður en tollyfirvöld heimiluðu afhendingu vöru mun því hafa átt að skapa Íslandi viðskiptatraust og greiða að öðru leyti fyrir vöruflutningum til landsins. Slík gæsla ríkisvaldsins á hagsmunum erlendra seljenda á sér engar forsendur nú en veldur hins vegar innflytjendum og tollyfirvöldum verulegu óhagræði. Er því óhjákvæmilegt að fella ákvæði þessi niður ef ná á markmiðum þeim sem að er stefnt með upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum. Benda má á að í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands hefur fyrir löngu verið horfið frá slíku eftirliti

af hálfu tollyfirvalda og mun Finnland, sem auk Íslands hafði í reglum um tolleftirlit slík ákvæði, hafa fellt þau úr gildi fyrir nokkrum árum.

Eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við 5. gr. er lagt til að öll nánari framkvæmd greiðslufrests á aðflutningsgjöldum verði ákveðin í reglugerð. Drög að reglugerð um þetta efni hefur verið samin og vísast þar um til fyrrnefndra tillagna til fjármálaráðherra frá september 1981 svo og athugasemda við 5. gr.

Frumvarp þetta miðar fyrst og fremst að því að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit vegna upptöku á nefndum greiðslufresti eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Jafnframt hefur þó verið talið æskilegt að koma samhliða við ýmsum öðrum breytingum á lögunum, eins og upptöku heimildar í 50. gr. laganna um skiptingu farmskrárnúmera, að uppfylltum nánari skilyrðum, til þess að innflytjandi geti greitt aðflutningsgjöld af hluta vörusendingar sem er margar vörueiningar. Þá er einnig lagt til að breytingar verði gerðar á viðurlagaákvæðum í 71. og 76. gr. laganna. Um breytingar þessar er fjallað sérstaklega í athugasemdum við einstakar greinar og þykir því eigi ástæða til að fjölyrða um þær hér.

Verði frumvarp þetta samþykkt og nauðsynlegar heimildir fást til þess að koma á lánsviðskiptum vegna aðflutningsgjalda verður jafnframt að gera ýmsar breytingar á lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. Er gert ráð fyrir að tillögum að breytingum þessum verði gerð viðeigandi skil í frumvarpi að tollskrárlögum sem nú er unnið að í fjármálaráðuneytinu og fyrirhugað er að leggja fyrir Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er meginregla tollalaga sú að vörur verða eigi afhentar fyrr en lögð hefur verið fram aðflutningsskýrsla ásamt vörureikningi yfir vöruna hjá viðkomandi tollstjóra. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er hins vegar gert ráð fyrir að veruleg breyting verði á tollafgreiðslu vara, m. a. hvað afhendingu þeirra snertir svo og vinnslu þeirra tollskjala sem nauðsynlegt verður að leggja fram hjá tollyfirvöldum til þess að endanleg tollafgreiðsla varanna geti farið fram. Í tengslum við upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum er þannig fyrirhugað að veita innflytjendum, sem slíkan greiðslufrest fá, heimild til þess að taka vörur, sem tollfrjálsar eru án tillits til uppruna, beint frá farmflytjendum án þess að hafa áður lagt fram þau aðflutningsskjöl sem nú er gerð krafa um að afhent séu tollstjóra áður en hann veitir heimild til afhendingar vöru. Til þess að þetta megi verða er ljóst að gera verður kröfu um lágmarksskráningu þessara vara. Þykir eðlilegast að skráning þessi verði framkvæmd af farmflytjanda, miðlara eða öðrum umboðsmanni. Þar sem skýra lagaheimild um slíka skráningu er ekki að finna í núgildandi lögum um tollheimtu og tolleftirlit er lagt til að ákvæði þar að lútandi verði tekið upp í 21. gr. laganna.

Um 2. gr.

Á undanförnum árum hefur stöðugt borið meira á því að erlendir flutningamiðlarar, sem annast sendingu vara milli landa, safni saman vörum sem senda á til ýmissa aðila í sama landi og setji á eitt farmbréf. Farmflytjendur færa síðan vörurnar á farmskrá undir einu og sama farmskrárnúmeri. Þessi háttur í flutningum, sem almennt gengur undir nafninu „consolidation", virðist færast í vöxt vegna vöruflutninga hingað til lands, og skapar það viss vandkvæði vegna gildandi lagaákvæða um tollafgreiðslu vara. Samkvæmt 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit er gert ráð fyrir að aðflutningsgjöld séu greidd í einu lagi af vörum sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri. Strangt til tekið má því ekki heimila tollafgreiðslu á vörum sem safnað hefur verið saman á eitt farmbréf og settar í eitt farmskrárnúmer á annan hátt en þann, að aðflutningsgjöldin séu greidd í einu lagi án tillits til

fjölda móttakenda. Í framkvæmd hefur verið talið óhjákvæmilegt að heimila í þessum svo og öðrum afmörkuðum tilvikum sérstaka uppskiptingu viðkomandi farmskrárnúmera, þannig að einstakir innflytjendur gætu leyst til sín vöru úr slíkum sameinuðum sendingum eða hluta vörusendingar án tillits til annarra innflytjenda eða vörusendingar í heild. Til þess að færa gildandi lagaákvæði til samræmis við breyttar aðferðir við sendingu vara milli landa og fá að öðru leyti ótvíræða lagastoð fyrir skiptingu farmskrárnúmera og notkun svonefndra undirfarmskírteina er lagt til að sérstakt heimildarákvæði þar að lútandi verði tekið upp í 1. mgr. 50. gr. núgildandi laga.

Með 2. mgr. er lagt til að ákvæði verði tekið upp um eindaga aðflutningsgjalda sem gert er ráð fyrir að ákveðinn verði með þeim hætti sem lýst er í 52. og 53. gr. laganna, sbr. athugasemdir við þær greinar hér á eftir.

Að lokum er settur fyrirvari um gjalddaga og eindaga aðflutningsgjalda af vörum sem settar hafa verið í tollvörugeymslur og veittur hefur verið greiðslufrestur á.

Um 3. gr.

Samkvæmt núgildandi 51. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu aðflutningsgjöld annaðhvort greidd tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr flutningsfari eða tollstjóra í því umdæmi sem vara er framsend til ótollafgreidd skv. 5. gr. laganna. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að innflytjandi sem veittur verður greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum greiði skuld sína hjá þeim tollstjóra þar sem hann verður í framtíðinni talinn skráður, sbr. athugasemdir við 5. gr. þessa frumvarps. Þykir rétt að tekin verði upp ný málsgrein í 51. gr. laganna sem kveði á um frávik frá þeirri meginreglu sem nú gildir ófrávíkjanlega um greiðslustað aðflutningsgjalda og skyldu innflytjanda til greiðslu þeirra á skráningarstað.

Um 4. gr.

Frestur til tollafgreiðslu á vörum er almennt eitt ár frá komudegi flutningsfars til landsins. Um tollvörugeymslur gilda hins vegar sérreglur og verður tollafgreiðslu á vörum sem í þær eru settar almennt að vera lokið innan þriggja ára. Ljóst er að markmiðum þeim sem að er stefnt með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að veita innflytjendum greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, þ. e. að stytta almennt geymslutíma vara hjá farmflytjendum, verður ekki fyllilega náð með greiðslufresti einum saman og verður því að gera ráð fyrir að frestur til tollafgreiðslu verði almennt styttur. Langmestur hluti innfluttra vara er tollafgreiddur á fyrstu mánuðum eftir innflutning eða þeim komið á sama tíma í tollvörugeymslu. Benda athuganir til að innan sex mánaða frá komu flutningsfars til landsins hafi yfir 90% af innflutningi annaðhvort verið tollafgreiddur og tekinn úr vörslu farmflytjenda eða komið fyrir í tollvörugeymslu. Lítil ástæða virðist til þess að lengri tími sé almennt veittur til geymslu ótollafgreiddra vara hjá farmflytjendum en raun ber vitni og er því lagt til samkvæmt 3. gr. frumvarpsins að frestur til tollafgreiðslu vara eða flutnings þeirra í tollvörugeymslu verði almennt sex mánuðir en ráðherra geti þó í undantekningartilvikum heimilað lengri frest þegar brýnar ástæður þykja til.

Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir að heimilt sé að beita dráttarvöxtum sem viðurlögum, ef aðflutningsgjöld eru ekki greidd á gjalddaga eins og hann kann að vera ákveðinn samkvæmt 1. mgr. 52. gr. Með styttingu frests til tollafgreiðslu á vörum og jafnframt styttingu gildistíma tollafgreiðslugengis sem áhrif hefur á útreikning aðflutningsgjalda og fyrirhuguð er í tengslum við upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum eins og lýst er hér að framan er lagt til að ákvæði þetta verði fellt niður. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákvæði um innheimtu dráttarvaxta verði tekið upp í 53. gr. laganna vegna greiðslufrests á aðflutningsgjöldum.

Um 5. gr.

Í 53. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er að finna heimild til handa fjármálaráðherra til þess að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Samkvæmt heimild þessari verður greiðslufrestur aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu sem talin verður fullnægjandi að mati fjármálaráðherra. Jafnframt er það skilyrði sett að varan sé tollafgreidd og flutt úr vörugeymslu innan frests sem ákveðinn verður í reglugerð og eigi má vera lengri en einn mánuður frá komudegi fars þess sem flutti vöruna til landsins.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan hefur heimildin fram til þessa ekki verið notuð til að veita almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum en hins vegar höfð hliðsjón af henni í undantekningartilvikum þegar veittur hefur verið greiðslufrestur vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum. Heimildir þessar hafa verið mjög takmarkaðar og yfirleitt ekki veittar nema í þeim tilvikum þegar sérstakar ástæður hafa verið taldar geta réttlætt greiðslufrest, t. d. þegar um innkaup á vörum hefur verið að ræða frá löndum sem ekki hafa getað haldið útflutningshöfnum sínum opnum nema hluta úr ári og innflytjendur því orðið að kaupa vörubirgðir sem tekið hefur allt að hálfu ári að selja á innanlandsmarkaði. Sköpuðust þessar aðstæður hér áður fyrr einkum vegna kaupa landsmanna á timbri frá löndum við Eystrasalt. Þá hefur í framkvæmd gilt sú regla um tollafgreiðslu á vörum til skipasmíða og -viðgerða, að skipasmiðjum, viðgerðaraðilum og útgerðarmönnum hefur verið heimilað að greiða aðflutningsgjöld af vörum til þessara nota gegn útgáfu skuldarviðurkenningar sem síðar hefur verið skuldajafnað vegna endurgreiðslu aðflutningsgjalda sem heimiluð er samkvæmt sérstöku ákvæði í tollskrárlögum og reglum sem fjármálaráðuneytið hefur sett þar að lútandi. Í þriðja lagi má nefna að fjármálaráðherra hefur gert samkomulag við flest bifreiðainnflutningsfyrirtæki um allt að tuttugu daga greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum nýjum bifreiðum og hafa aðflutningsgjöld verið lánuð af bifreiðum frá því 1974. Einnig má minna á í þessu sambandi að sérstakt greiðslufyrirkomulag hefur gilt um innheimtu gjalds af gas- og brennsluolíum svo og bensíngjalds.

Þrátt fyrir að í lögum hafi um nokkurn tíma verið til staðar ákvæði er heimilaði greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og hliðsjón verið höfð af ákvæði þessu, þegar aðflutningsgjöld hafa verið lánuð vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum, hefur aldrei eins og áður sagði verið mörkuð stefna um notkun heimildarinnar almennt um innflutning á gjaldskyldum vörum. Ráðagerðir í þá átt vart komist lengra en á umræðustig því að löngum hafa ýmsar blikur verið á lofti í efnahagsmálum og óvissa um stöðu ríkissjóðs. Vísast þar um til almennra athugasemda hér á undan. Þá hefur einnig þótt skorta nánari efnisleg ákvæði í lagaheimild sem skipt getur jafnmiklu máli um afkomu ríkissjóðs í upphafi slíkra lánsviðskipta eins og fram kemur í athugun Þjóðhagsstofnunar, sem birt er í nefndum tillögum til fjármálaráðherra. Meðal annars vegna þessa hefur þótt sérstök ástæða til þess að útbúa frumvarp til laga um breyting m. a. á ákvæðum 53. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit þar sem leitast væri við að setja nánari efnisleg ákvæði um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum jafnframt því sem vilji Alþingis væri kannaður til slíkrar ráðstöfunar. Skal hér á eftir gerð nánari grein fyrir einstökum ákvæðum 5. gr. þessa frumvarps.

Samkvæmt 1. mgr. er lagt til að fjármálaráðherra geti svo sem verið hefur veitt tollstjórum heimild til að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum vegna innflutnings á vörum. Er gert ráð fyrir að það verði gert í formi reglugerðar þar sem kveðið verði nánar á um ýmis efnisleg skilyrði sem innflytjandi verði að uppfylla til þess að njóta slíkra kjara. Hafa drög að reglugerð um þetta efni verið samin eins og áður hefur verið að vikið. Gert er ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að fyrst og fremst verði innflytjendum sem stunda innflutning í atvinnuskyni veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum. Þótt þetta verði meginreglan er ljóst með tilliti til núverandi fyrirkomulags á innflutningi landsmanna að veita verður ýmsum

öðrum aðilum slíka heimild. Fjölmörg framleiðslufyrirtæki annast sjálf innflutning á ýmsum aðföngum til starfsemi sinnar og verður ekki komist hjá því að veita fyrirtækjum þessum sömu fyrirgreiðslu og þeim sem eingöngu stunda innflutningsverslun. Sama gildir um ýmsa viðgerðaraðila. Þá eru ótaldir flutningamiðlarar, en ætla má að umsvif þeirra eigi eftir að aukast á komandi árum ef höfð er í huga þróun þessara mála í nágrannalöndunum.

Í kjölfar aukinna milliríkjaviðskipta og tvíhliða eða marghliða milliríkjasamninga hafa óhjákvæmilega þróast flóknar reglur um innflutning á vörum. Þetta hefur aftur leitt til aukinna krafna bæði á hendur tollstarfsmönnum og eins innflytjendum um kunnáttu á þessu sviði til þess að ekki verði óþarfa tafir á tollafgreiðslu innfluttra vara. Bera flóknar reglur fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE ljósast merki um þessa þróun. Til þess að stuðla að sem bestri framkvæmd tollamála er óhjákvæmilegt að reynt verði á næstu árum að fjölga enn í þeim hópi innflytjenda sem sýnt hafa að þeir hafi til að bera þá lágmarksþekkingu sem er forsenda þess að um hnökralausa tollmeðferð vöru geti orðið að ræða. Markmiði þessu má ná með ýmsum hætti eins og aukinni fræðslu- og útgáfustarfsemi, bæði af hálfu hins opinbera og eins samtaka verslunarinnar, en til eru einnig aðrar leiðir. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að nánara eftirlit verði í framtíðinni haft með einstökum innflytjendum. Fyrirhuguð notkun tölva í sambandi við tollafgreiðslu á vörum, sem fyrirhuguð er á árinu 1983, mun auðvelda þetta eftirlit þegar fram í sækir. Slíkt eftirlit byggist óhjákvæmilega á skráningu allra innflytjenda og er því gert ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu að tekin verði nú þegar upp sérstök skráning þeirra hjá tollstjórum eins og vikið verður að hér síðar. Einungis þeir sem hafa tilskilin leyfi til atvinnurekstrar og skráðir hafa verið hjá tollstjórum geta vænst þess að fá heimild til að tollafgreiða vörur með greiðslufresti á aðflutningsgjöldum. Við veitingu heimildarinnar er jafnframt gert ráð fyrir að skoðað verði hvort óeðlilega oft hafi þurft að koma til afskipta tollyfirvalda af innflutningsskjölum viðkomandi innflytjanda. Virðist eðlilegast að láta greiðslufrest á aðflutningsgjöldum tengjast samskiptum innflytjanda að öðru leyti við tollyfirvöld eins og frágangi hans á aðflutningsskýrslum, tollflokkun vara o. s. frv.

Auk þeirra skilyrða sem nú hafa verið nefnd er gert ráð fyrir að innflutningur viðkomandi hafi að magni eða verðmæti náð tilteknu lágmarki. Í skýrslu þeirri sem fjármálaráðherra var skilað á árinu 1978 um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum var talið hæfilegt að miða við 10 m. gkr. sem lágmarksfjárhæð. Gert er ráð fyrir, að minnsta kosti í upphafi, að miðað verði við lágmarksinnflutningsverðmæti. Þar sem upptaka greiðslufrests mun hafa veruleg áhrif á tekjustreymi til ríkissjóðs þegar í upphafi, en óvissa í þeim efnum er óneitanlega nokkur, er gert ráð fyrir að lánsviðskipti þessi verði tekin upp í áföngum. Er við það miðað að heimildin verði í upphafi bundin við lágmarksinnflutningsverðmæti viðkomandi innflytjanda er nemi minnst 25 m. kr. á ári.

Í 2. mgr. 53. gr. er lagt til að greiðslufrestur verði bundinn því skilyrði að sett verði fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda í formi bankaábyrgðar eða annarrar tryggingar sem ráðherra metur fullnægjandi. Er gert ráð fyrir að öllum verði í upphafi gert að setja tryggingu. Er fyrirhugað að trygging verði sett í formi sjálfskuldarábyrgðar banka, sparisjóðs eða tryggingar- eða ábyrgðarfélags og taki bæði til aðflutningsgjalda og dráttarvaxta, komi til vanskila af hálfu innflytjanda. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að tryggingarfjárhæðin verði fjórðungur af þeirri fjárhæð sem fyrirtæki áætlar sem aðflutningsgjöld á því ári sem sótt er um heimild til greiðslufrests, enda sé tekið mið af greiddum aðflutningsgjöldum á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir að falla megi frá þessu skilyrði hjá þeim aðilum sem haft hafa greiðslufrestsheimild í minnst sex mánuði og staðið í skilum á réttum gjalddögum, enda hafi aðflutningsskjölum ekki verið verulega áfátt, innflytjandi ekki sætt viðurlögum skv. 20. gr. tollskrárlaga eða orðið uppvís að refsiverðu broti á tollalöggjöfinni á sama tíma.

Um lengd greiðslufrestsins er fjallað í 3. mgr. 53. gr. Er lagt til að hann verði að meðaltali 60 dagar. Að því er varðar vörur sem geymdar eru hjá farmflytjendum er gert ráð fyrir að fresturinn miðist við þann tíma þegar far það tekur höfn sem flytur vöru til landsins. Upphaf greiðslufrests á vörum sem látnar hafa verið í tollvörugeymslu skal hins vegar miða við úttektardag úr tollvörugeymslu. Nánari ákvæði eru síðan sett um eindaga lánaðra aðflutningsgjalda og er gert ráð fyrir að gjöld lánuð vegna tollafgreiðslu vara í sama mánuði verði greidd í einu lagi hjá þeim tollstjóra þar sem innflytjandi er eða verður skráður. Þannig er gert ráð fyrir að aðflutningsgjöld, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á vegna innflutnings vara sem koma til landsins í sama mánuði, skuli greidd í síðasta lagi fimmtánda dag annars mánaðar talið frá komudegi flutningsfars eða úttektardegi úr tollvörugeymslu. Um uppsöfnun lánaðra aðflutningsgjalda á nefndu tímabili vísast til almennra athugasemda hér að framan svo og nefndrar greinargerðar Þjóðhagsstofnunar.

Komi til vanefnda af hálfu innflytjanda, sem veittur hefur verið greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, er gert ráð fyrir að gripið verði til innheimtu dráttarvaxta áður en gengið verður að þeim tryggingum sem gerð verður krafa um í upphafi. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð ákveðið auk innheimtu dráttarvaxta að leggja viðurlög við því ef til vanefnda kemur, svo sem sviptingu greiðslufrests tímabundið eða að fullu eða stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi. Jafnframt er lagt til að tekið verði í lögin heimildarákvæði um greiðslu vaxta af lánuðum aðflutningsgjöldum er verði hinir sömu og gilda hverju sinni um innlán á sparisjóðsbókum.

Ein af forsendum þeim sem búa að baki upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum er stytting geymslutíma á ótollafgreiddum vörum í vörslu farmflytjenda sem aftur ætti að hafa í för með sér aukinn veltuhraða, minni vörubirgðir og lægri vaxtakostnað af þeim sökum. Þessu markmiði verður ekki náð nema greiðslufrestur verði háður nokkrum skilyrðum. Til þess að ná fram nefndu hagræði og einnig til þess að auðvelda alla framkvæmd er nauðsynlegt að binda heimild til greiðslufrests því skilyrði að allur innflutningur sama innflytjanda verði tollafgreiddur á þessum greiðslukjörum. Ljóst er að viss vandamál geta komið upp í byrjun hjá innflytjendum þegar þeir verða að leysa til sín allar innfluttar vörur að meðaltali innan 60 daga frá komu til landsins eða koma þeim ella í tollvörugeymslu. Úr þessum vanda má draga ef innflytjendur reyna í framtíðinni að haga innflutningi sínum þannig að sem mestu hagræði verði náð með greiðslufrestinum með tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta, ef að lögum verður, komi til framkvæmda fyrr en að nokkrum tíma liðnum frá gildistöku ætti innflytjendum að gefast nægilegt svigrúm til að meta stöðu sína að nýju og gera viðeigandi breytingar á innkaupaháttum sínum, telji þeir slíkt nauðsynlegt. Þar sem viss vandamál eru tengd innflutningi, m. a. á bifreiðum, er gert ráð fyrir að heimilt verði að undanþiggja einstakar vörutegundir þessu skilyrði, enda verði sérstakar ástæður taldar þess valdandi, t. d. aðgerðir í efnahagsmálum. Þá er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir sérstökum undanþágum í þeim tilvikum þegar upp koma hindranir í innflutningi eins og verkföll o. þ. h.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir meginefni þeirra ákvæða sem gert er ráð fyrir að tekin verði í lög og greiðslufrestur miðist við. Um einstök framkvæmdaratriði varðandi greiðslufrestinn, skráningu innflytjenda og innfluttra vara vísast að öðru leyti til nefndra draga að reglugerð.

Um 6. gr.

Í 54. gr. núgildandi laga er m. a. svo kveðið á um að eigandi vöru hafi ekki rétt til að ráða yfir henni fyrr en búið sé að greiða aðflutningsgjöld, sektir og annan kostnað sem á vöru hvílir. Upptaka greiðslufrests á aðflutningsgjöldum leiðir óhjákvæmilega til þess að breyta verður ákvæði þessu og er því lagt til að réttur þessi verði við það miðaður að fyrir liggi

heimild viðkomandi tollstjóra til afhendingar á vörunni. Gert er ráð fyrir að þetta taki einnig til vara sem bera engin gjöld og fyrirhugað er að veita greiðslufrestshöfum heimild til þess að fá afhenta úr vörslu farmflytjanda eftir að lágmarksskráning þeirra hefur farið fram, sbr. greinargerð við 1. gr. og III. kafla í drögum að reglugerð.

Séu skil ekki gerð á aðflutningsgjöldum innan ákveðinna tímamarka, sem nú er eitt ár talið frá komudegi flutningsfars vörunnar til landsins, hefur tollstjóri lögum samkvæmt vald til að grípa til þess þvingunarúrræðis að selja viðkomandi vöru á uppboði til lúkningar greiðslu gjalda. Frá þessari meginreglu hefur í framkvæmd gilt sú regla að borgarfógetaembættið í Reykjavík hefur séð um uppboð vegna ótollafgreiddra vara sem eru í tollumdæmi tollstjórans í Reykjavík. Framkvæmd þessi er talin leiða af almennu orðalagi í 3. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. Með tilliti til fyrirkomulags þess sem almennt gildir um heimild tollstjóra í öðrum tollumdæmum til þess að tollafgreiða vörur endanlega inn í landið og halda uppboð á vörum, fáist gjöld ekki greidd með öðrum hætti, er eðlilegt að tollstjórinn í Reykjavík hafi á hendi sömu þvingunarúrræði sem síðasta stig í innheimtu tolla sem honum er reyndar falin skv. 6. gr. nefndra laga. Undirbúningsvinna vegna slíkra uppboða nú fer nær öll fram við embætti tollstjórans í Reykjavík og má því segja að eðlilegt sé að honum verði falið uppboðshaldið sjálft til þess að tollstjóri geti gengið sjálfur frá endanlegri tollafgreiðslu varanna.

Um 7. gr.

a. Samkvæmt 2. tl. 57. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er krafist fullnægjandi tryggingar á aðflutningsgjöldum fyrir endursendar vörur þar til þær eru sannanlega komnar til útlanda eða útflutningur þeirra nægjanlega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum. Ákvæði þetta hefur valdið þeim verulegum óþægindum og kostnaði sem þurft hafa að endursenda vörur auk þess sem það hefur óhjákvæmilega aukið vinnu við tollafgreiðslu á vörum hjá tollyfirvöldum. Önnur lagaákvæði tryggja að „viðtakandi" fær þessa vöru aldrei í sína vörslu án þess að áður hafi verið gengið frá greiðslu aðflutningsgjalda. Verður því að telja óþarft að krefjast tryggingar í slíkum tilvikum, frekar en um aðra vöru sem er í vörslu farmflytjanda, þar til aðflutningsgjöld hafa verið greidd. Er því lagt til að þetta tryggingarákvæði verði fellt niður.

b. Í 3. tl. 57. gr. er veitt heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af gölluðum vélum sem endursendar eru til útlanda. Í niðurlagi ákvæðisins eru þó einstakir hlutar úr gölluðum vélum undanskildir. Gallaður hluti úr vél getur hæglega verið verulegur hluti af heildarverðmæti vélarinnar. Sé um stórar vélar að ræða, t. d. rafstöðvar, prentvélar o. fl., er fráleitt að þurfa að senda alla vélina utan á ný til þess að fá notið þessa ákvæðis um endurgreiðslu aðflutningsgjalda, ef unnt er að senda gallaða hlutann sérstaklega. Er því lagt til að þessi takmörkun verði felld niður.

Um 8. gr.

Lagt er til samkvæmt þessari grein að hámark dagsekta skv. 68. gr. laganna verði hækkað úr 500 kr. í 10 000 kr.

Um 9. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er hámarkssekt vegna brota á ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit 40 000 kr. Fjárhæð þessi var ákveðin með lögum nr. 71 31. maí 1976 en hafði frá setningu tollheimtulaga 1969 verið 5 000 kr. Ljóst er að sektarfjárhæð sú sem ákveðin var á árinu 1976 er ekki lengur í samræmi við almennt verðlag í landinu og má gera ráð fyrir að það geti dregið úr varnaðaráhrifum þeim sem sektarákvæðum laganna er ætlað að hafa á refsiverða háttsemi lögum samkvæmt. Samkvæmt almennum hegningarlögum er hámark sekta 300 000 kr. Sektarhámark þetta gildir eigi aðeins um sektarákvarðanir sam-

kvæmt hegningarlögum heldur og um sektarákvarðanir samkvæmt ýmsum sérlögum, þar sem sektarhámark er ekki ákveðið. Núverandi hámark sekta samkvæmt tollheimtulögum er samkvæmt ofangreindu ekki lengur í samræmi við almennar sektarheimildir og því nauðsynlegt að gera breytingar á tollheimtulögum til þess að færa sektarákvæði þeirra til samræmis við önnur sambærileg viðurlagaákvæði. Með frumvarpi þessu er lagt til að horfið verði frá því að ákveða hámark sekta í tollheimtulögunum sjálfum en í þess stað verði hámark þeirra látið ráðast af hámarki þeirra fésekta sem heimilt verður að beita hverju sinni skv. 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um 10. gr.

Með lögum nr. 31 29. maí 1979 var heimild tollyfirvalda til ákvörðunar sekta fyrir ólöglegan innflutning hækkuð úr 800 kr. í 3 500 kr. jafnframt því sem heimild til ákvörðunar eignarupptöku var rýmkuð þannig að verðmætismörk voru hækkuð úr 1 500 kr. í 5 000 kr. Frá því að breytingar þessar voru gerðar á árinu 1979 hafa verðlagsbreytingar haft í för með sér að eigi verður lengur náð þeim markmiðum sem upphaflega var stefnt að með nefndri lagasetningu, þ. e. að auka varnað og létta verulega álagi af dómstólum með því að eigi væri nauðsynlegt að vísa smærri brotum almennt til meðferðar þeirra. Til þess að heimildir tollyfirvalda til ákvörðunar sekta og eignarupptöku vegna hinna smærri brota þjóni tilgangi sínum, eins og vikið hefur verið að hér að framan, er lagt til að heimild tollyfirvalds til að ákvarða sektir verði bundin við hámarksfjárhæð 25 000 kr. og heimild til eignarupptöku verði bundin við 50 000 kr.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er gert ráð fyrir að greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum komi ekki til framkvæmda fyrr en að nokkrum tíma liðnum frá gildistöku laganna, verði frumvarp þetta samþykkt. Þykir það nauðsynlegt til þess að leysa megi ýmis vandamál tæknilegs eðlis auk þess sem á sama tíma þarf að vinna ýmis undirbúningsstörf vegna upptöku tölvuvinnslu tollskjala, sem er óhjákvæmileg samfara því breytta fyrirkomulagi sem hér um ræðir. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiðslufresturinn verði tekinn upp í áföngum og verði að fullu kominn til framkvæmda tólf mánuðum síðar. Þetta fyrirkomulag þykir nauðsynlegt vegna óvissu þeirrar sem áhrif af upptöku greiðslufrests mun hafa á tekjustreymi í ríkissjóð vegna tekjuhliðrunarinnar og veitir jafnframt visst svigrúm til að mæta ófyrirsjáanlegum vandamálum sem upp kunna að koma í framkvæmd og gera nauðsynlegar lagfæringar að því er þá hlið varðar. Fjallar 1. mgr. ákvæðisins um þetta efni.

Í almennum athugasemdum var gerð sérstaklega grein fyrir nauðsyn þess að breyta lögum nr. 63/1979 um gjaldeyris- og viðskiptamál vegna bankastimplunar tollskjala og er því vísað til þeirra um breytingu þessa.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er gert ráð fyrir að aðlögunartími verði veittur vegna fyrirhugaðrar styttingar á fresti þeim sem nú gildir til tollafgreiðslu á innfluttum vörum. Lagt er til að hann verði styttur úr tólf mánuðum í sex mánuði í áföngum á einu ári talið frá 1. janúar 1983 verði greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum tekinn upp.

Sþ. 562. Tillaga til þingsályktunar [265. mál]

um staðfestingu fjögurra Norðurlandasamninga um vinnumarkaðsmál og viðurkenningu starfsréttinda.

(Lögð fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda Norðurlandasamninga:

1. Samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 6. mars 1982.
2. Samning um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 6. mars 1982.
3. Samning um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar sem gerður var í Svendborg 25. ágúst 1981.
4. Samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum sem undirritað var í Helsingfors 3. mars 1982.

Samningar þessir eru prentaðir sem fylgiskjöl með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

Hinn 22. maí 1954 var gerður Norðurlandasamningur um sameiginlegan vinnumarkað. Ísland gerðist aldrei aðili að þeim samningi. Meginregla þess samnings var að ekki skyldi í samningsríkjunum krefjast atvinnuleyfis fyrir ríkisborgara neins hinna samningsríkjanna.

Árið 1978 ákvað norræna ráðherranefndin (vinnumálaráðherrar) að láta endurskoða samninginn frá 1954. Árangur þessarar endurskoðunar var nýr samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 6. mars 1982. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal 1 með þingsályktunartillögu þessari.

Eins og í samningnum frá 1954 er meginreglan sú að í samningslöndunum skuli ekki krafist atvinnuleyfis fyrir ríkisborgara neins hinna samningslandanna (1. gr.). Í nýja samningnum er meiri áhersla lögð á hlutverk hinna opinberu vinnumiðlana í samningslöndunum (3. gr.). Ennfremur skulu samningslöndin leitast við að tryggja að flutningur starfsfólks milli landa skuli fara fram við félagslega tryggar aðstæður sem fyrirfram eru kunnar.

Íslensk stjórnvöld tóku ekki beinan þátt í endurskoðun samningsins. Á síðastliðnu ári var þó athugað hvort grundvöllur væri fyrir aðild Íslands að væntanlegum samningi. Félagsmálaráðuneytið leitaði umsagnar samtaka vinnumarkaðarins hér á landi. Í ljós kom að áhugi væri fyrir hendi á þátttöku Íslands að uppfylltum vissum skilyrðum, m. a. að íslenskum stjórnvöldum yrði heimilt að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir röskun jafnvægis í vinnumarkaðnum vegna t. d. hópflutninga starfsfólks. Á það var bent að atvinnumarkaður á Íslandi væri svo lítill að jafnvel tiltölulega litlir flutningar gætu raskað jafnvægi og skaðað efnahagslega og félagslega þróun í landinu.

Að loknum viðræðum við fulltrúa hinna samningslandanna var ákveðið að koma til móts við óskir Íslendinga og í 7. lið bókunar við samninginn er að finna eftirfarandi ákvæði:

„7. Samningurinn skal ekki vera því til fyrirstöðu að íslensk stjórnvöld geti, í sérstökum tilvikum og að höfðu samráði við hin samningslöndin, áskilið atvinnuleyfi í því skyni að

koma í veg fyrir röskun jafnvægis vegna hópflutninga starfsfólks eða meiri háttar flutninga einstaklinga sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum."

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga (Nd. 93. mál). Þar segir í 11. gr.:

„Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir útlendinga, sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að."

Lögfesting slíks ákvæðis er forsenda fyrir því að hægt verði að fullgilda samninginn.

2. Samningur um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar.

Í tengslum við endurskoðun samnings um sameiginlegan vinnumarkað var unnið að auknu samstarfi á Norðurlöndum á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar. Ákveðið var að ganga frá samningi til að formfesta slíkt samstarf og var hann undirritaður í Kaupmannahöfn 6. mars 1982. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal 2 með þingsályktunartillögu þessari.

Í samningnum er gert ráð fyrir því að hlutaðeigandi stjórnvöld eigi kost á að nota hvers annars stofnanir á landamærasvæðum og þar sem fyrir hendi eru í einu landi sérstakir möguleikar sem umsækjandi á ekki kost á í búsetulandinu.

Ekki er talin þörf á sérstökum ráðstöfunum til þess að geta framfylgt samningnum á Íslandi.

3. Samningur um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar.

Hinn 25. ágúst 1981 var gerður í Svendborg samningur um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal 3 með þingsályktunartillögu þessari. Samningurinn var ekki undirritaður af Íslands hálfu en skv. 33. gr. getur Ísland að undangengnum samningsviðræðum gerst aðili að samningnum að því er varðar eina eða fleiri starfsstéttir sem hann tekur til.

Almenna reglan í samningnum er að sá sem hefur starfsréttindi í einu samningsríki á rétt á að fá viðurkenningu í sérhverju hinna ríkjanna með þeim skilyrðum sem sett eru í samningnum.

Almennt má setja sem skilyrði að umsækjandi hafi fullnægjandi þekkingu á viðkomandi löggjöf og stjórnvaldsreglum (3. gr.). Einnig má setja skilyrði um tungumálakunnáttu (4. gr. og 2. mgr. 33. gr.). Sérstök skilyrði eru sett fyrir hinar ýmsu starfsstéttir.

Samningurinn gildir um 18 starfsstéttir (2. gr.) en ekki eru í löndunum ákvæði um starfsviðurkenningu allra starfsstéttanna. Hvað Ísland varðar verður aðild fyrst um sinn einungis miðuð við lækna og lyfjafræðinga. Kemur slík aðild þá í stað tveggja samninga sem Ísland er nú aðili að:

1. samnings frá 18. júní 1965 um sameiginlegan vinnumarkað lækna, eins og honum var breytt með samningi frá 19. ágúst 1976 (sjá Stjórnartíðindi, C-deild, auglýsingu nr. 12/1979).
2. samnings frá 2. desember 1969 um norrænan vinnumarkað fyrir lyfjafræðinga (sjá Stjórnartíðindi, C-deild, auglýsingu nr. 4/1971).

Kemur þetta fram í yfirlýsingum með samningnum.

Sérstök skilyrði um viðurkenningu lækna eru í 5. gr. og um sérfræðingaleyfi í 23. gr. Um lyfjafræðinga er fjallað í 6. gr. Þessi skilyrði eru í samræmi við núgildandi samninga um þessar stéttir.

4. Samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum.

Hinn 3. mars 1982 var gert í Helsingfors samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum. Samkomulagið er prentað sem fylgiskjal 4 með þingsályktunartillögu þessari.

Samningur þessi er í sama formi og fyrri Norðurlandasamningar um viðurkenningu starfsréttinda (sjá kaflann hér að framan).

Í 2. gr. er sett skilyrði um tungumálakunnáttu.

Samningur þessi gildir aðeins um kennslu í grunnskólum en unnið er á vegum Norðurlandaráðs að samningum um viðurkenningu starfsréttinda annarra kennara.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR

um

sameiginlegan norrænan vinnumarkað

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

sem telja það grundvallarrétt ríkisborgara norrænu landanna að þeim sé frjálst að starfa og taka sér búsetu í öðru norrænu landi,

sem eru sammála um að þetta eigi að geta gerst við efnahagslega og félagslega tryggar aðstæður sem fyrirfram eru kunnar,

sem stefna að því að viðhalda fullri atvinnu hver í sínu landi og vinna saman að því markmiði,

sem einnig með norrænni samvinnu leitast við að koma á jafnvægi í svæðisbundinni þróun, jafnt innanlands sem milli landanna,

sem telja að samvinnu milli landanna eigi að haga þannig að hún styðji aðgerðir hvers einstaks lands fyrir sig til tryggingar samræmdri þróun atvinnumála, að fólksflutningar milli landanna raski ekki jafnvægi á vinnumarkaðnum og sé í heild gagnleg efnahagslegri og félagslegri þróun í þessum löndum,

sem stefna að jafnrétti kvenna og karla í atvinnulífi,

sem telja að ákvörðun menntunartækifæra í hverju landi og samvinna á því sviði sé mikilvægur þáttur í viðleitninni til að koma á jafnvægi á vinnumarkaðnum,

sem vísa til samnings frá 22. maí 1954 um sameiginlegan vinnumarkað,

sem vísa til bókunar frá 22. maí 1954 um að leysa norræna ríkisborgara undan skyldu til að hafa vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu,

sem 23. mars 1962 gerðu samstarfssamning (Helsingforssamninginn), sem breytt var 13. febrúar 1971 og 11. mars 1974,

sem 15. september 1955 gerðu samning um félagslegt öryggi sem endurnýjaður var 5. mars 1981,

hafa með tilliti til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað síðan samningurinn frá 1954 var gerður gert með sér nýjan samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sem hljóðar þannig:

1. gr.

Í samningslöndunum skal ekki krafist atvinnuleyfis fyrir ríkisborgara neins hinna samningslandanna.

2. gr.

Ákvæði um vinnumarkaðinn í landi hverju mega ekki gera ríkisborgara annarra samningslanda verr setta en eigin ríkisborgara landsins.

Ríkisborgari samningslands sem starfar í öðru samningslandi skal njóta sama réttar og ríkisborgarar þess lands að því er varðar laun og önnur starfskjör.

3. gr.

Stjórnir vinnumiðlana í samningslöndunum skulu í samstarfi sínu og með aðgerðum innanlands stuðla að því að atvinnuleitendur sem vilja vinna í öðru norrænu landi og atvinnurekendur sem vilja leita eftir vinnuafli frá öðru norrænu landi notfæri sér þjónustu hinnar opinberu vinnumiðlunar.

Með þetta fyrir augum geta stjórnirnar í sameiningu ákveðið aðgerðir sem efla aðstoð vinnumiðlunarinnar við flutning milli landanna í því skyni að auka möguleika hennar til að tryggja öryggi einstaklingsins í sambandi við flutning.

Í þessu sambandi skal vinnumiðlunin m. a. hafa til reiðu víðtækar, hlutlægar og raunhæfar upplýsingar og aðra þjónustu fyrir atvinnuleitendur og atvinnurekendur.

Stjórnvöld í samningslöndunum skulu einnig hafa með sér samvinnu í því skyni að tryggja skilyrði til flutnings aftur til baka.

4. gr.

Stjórnvöld í hverju landi skulu stöðugt gefa stjórnvöldum í hinum löndunum upplýsingar um atvinnu, lausar stöður og atvinnuleysi, yfirlit um væntanlega þróun á vinnumarkaðnum, upplýsingar um áformaðar aðgerðir til þess að viðhalda eða ná fullri atvinnu svo og upplýsingar um vinnu- og lífsskilyrði.

Stjórnvöld skulu á sama hátt veita upplýsingar um þróunaráform varðandi landssvæði eða landið allt sem geta haft í för með sér meiri háttar breytingar á eftirspurn eftir vinnuafli frá öðru samningslandi.

5. gr.

Er þörf krefur skulu löndin fjalla um fyrirbyggjandi og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir það að jafnvægisleysi á vinnumarkaði eins lands valdi vanda á vinnumarkaði annars lands.

6. gr.

Innan marka þessa samnings geta tvö eða fleiri samningslandanna gert sérstaka samninga. Áður en slíkur samningur er samþykktur af hlutaðeigandi löndum skal hinum samningslöndunum gefinn kostur á því að láta í ljósi sitt álit.

7. gr.

Ákvæði þessa samnings taka einnig til starfshópa sem sérstakir samningar eru gerðir um varðandi viðurkenningu á starfsréttindum í öðru samningslandi.

8. gr.

Norræna vinnumarkaðsnefndin skal fjalla um mál varðandi framkvæmd þessa samnings. Hún er einnig ráðgefandi aðili fyrir ráðherranefnd Norðurlanda (vinnumálaráðherra). Í vinnumarkaðsnefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju samningslandi. Þeir geta leitað til sérfræðinga eins og þörf krefur.

9. gr.

Hlutverk norrænu vinnumarkaðsnefndarinnar er fyrst og fremst eftirfarandi:

a. að fylgjast með þróuninni á vinnumarkaðnum í norrænu löndunum og fjalla um stefnumarkandi aðgerðir í vinnumarkaðsmálum og aðrar aðgerðir til þess að tryggja fulla atvinnu,
b. að leggja fram tillögur um aðgerðir sem varða sameiginlega hagsmuni vinnumarkaðs í norrænu löndunum,
c. að fylgjast með fólksflutningum milli norrænu landanna og setja reglur um samvinnu stjórna vinnumarkaðsmála,
d. að setja reglur um skipti á upplýsingum sem fara eiga fram í samræmi við þennan samning,
e. að stuðla að samræmingu hagskýrslna landanna um vinnumarkaðinn,
f. að hafa samband við aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum um málefni sem varða norræna samvinnu í vinnumarkaðsmálum.

10. gr.

Ráðherranefnd Norðurlanda (vinnumálaráðherrar) skal hafa reglulegt samráð við aðila vinnumarkaðarins um mál sem varða vinnumarkað og atvinnu á Norðurlöndum.

11. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessa samnings er að finna í meðfylgjandi bókun sem tekur gildi samtímis samningnum og hefur sama gildi og gildistíma og hann.

12. gr.

Óski land að segja samningnum upp skal skrifleg tilkynning um það afhent danska utanríkisráðuneytinu sem skal skýra ríkisstjórnum hinna norrænu landanna frá því.

Uppsögn gildir aðeins fyrir það land sem upp segir og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum að minnsta kosti sex mánuðum frá því að danska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

Sérhvert samningsland getur fyrirvaralaust fellt samninginn úr gildi gagnvart einu eða fleirum hinna samningslandanna ef til styrjaldar kemur eða hætta á styrjöld vofir yfir eða aðrar sérstakar aðstæður á alþjóðavettvangi eða innanlands gera það nauðsynlegt. Þessa ákvörðun skal tafarlaust tilkynna ríkisstjórnum hlutaðeigandi landa.

13. gr.

Samning þennan skal fullgilda og fullgildingarskjölunum komið til varðveislu í danska utanríkisráðuneytinu sem skal koma staðfestum afritum samningsins til hinna samningslandanna.

Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst að liðnum tveim heilum almanaksmánuðum frá þeim degi er öll löndin hafa afhent fullgildingarskjöl sín til varðveislu.

14. gr.

Þegar samningur þessi gengur í gildi fellur úr gildi samningur frá 22. maí 1954 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan vinnumarkað ásamt bókun þeirri sem þeim samningi fylgdi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn 6. mars 1982 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og eru allir textarnir jafngildir.

BÓKUN

Samtímis undirritun samnings um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sem dagsettur er í dag, hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Innan marka löggjafar sinnar og með hliðsjón af ákvæðunum í þeim samningi og öðrum samningum sem eru í gildi milli þessara landa skal sérhvert samningslandanna gera ráðstafanir sem miða að því að
   a. hvetja eigin ríkisborgara sem hafa í hyggju að leita sér atvinnu í öðru norrænu landi til þess að leita til vinnumiðlunar í því landi þar sem þeir eru búsettir.
   b. gera ríkisborgurum norræns lands sem dveljast og leita sér atvinnu í öðru norrænu landi kleift að hafa samband við vinnumiðlunina einnig í fyrrnefnda landinu.
   c. hvetja atvinnurekendur sem hyggjast leita eftir vinnuafli frá öðru norrænu landi til þess að gera það fyrir milligöngu opinberrar vinnumiðlunar.
   d. koma í veg fyrir að atvinnurekendur falist á eigin vegum eftir vinnuafli í öðru norrænu landi.
2. Stjórnir vinnumarkaðsmála skulu sjá um að atvinnuleitendum sem búsettir eru í umdæminu, hverrar þjóðar sem þeir eru og með hliðsjón af persónulegum ástæðum, verði vísað á lausar stöður áður en fengið er vinnuafl frá öðrum samningslöndum.
3. Við vinnumiðlun milli landanna skal stefnt að því að atvinnuleitandi eigi kost á viðunandi húsnæði og að honum séu veittar upplýsingar um tungumálakennslu, barnagæslu og skólagöngu svo og aðrar upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir starfsmanninn og fjölskyldu hans, áður en tilvísun á sér stað.
4. Stjórnum vinnumarkaðsmála ber að fylgjast með framvindunni að því er varðar kjör þess sem flust hefur og, ef þess gerist þörf, að gera tillögur um þær ráðstafanir sem öðrum stjórnvöldum ber að gera til þess að auðvelda aðlögun að nýjum vinnu- og lífsskilyrðum.
5. Fjárhagslega aðstoð við flutning frá einu norrænu landi til annars er unnt að veita samkvæmt meginreglum sem lönd þessi ákveða með sérstöku samkomulagi.

6. Löndin skulu með sérstöku samkomulagi innan marka þessa samnings ákveða kjör þess starfsfólks sem sækir vinnu yfir landamæri.

7. Samningurinn skal ekki vera því til fyrirstöðu

a. að stefnumarkandi aðgerðir í vinnumarkaðsmálum séu gerðar til hagsbóta eigin ríkisborgurum og þeim ríkisborgurum annarra samningslanda sem um tiltekinn tíma hafa verið búsettir eða verið atvinnulausir í landinu,
b. að í löndunum gildi ákvæði um ráðningu útlendinga til fyrirtækja eða starfsemi sem krefst löggildingar eða í starfsgrein sem leyfi þarf til,
c. að sérstök ákvæði séu sett um störf á svæðum eða í fyrirtækjum þar sem sérstök öryggis- eða varnarsjónarmið eru gildandi,
d. að í löndunum gildi ákvæði um ráðningu útlendinga til opinberra starfa,
e. að í löndunum gildi ákvæði um tilkynningarskyldu starfsfólks frá öðru norrænu landi,
f. að íslensk stjórnvöld geti, í sérstökum tilvikum og að höfðu samráði við hin samningslöndin, áskilið atvinnuleyfi í því skyni að koma í veg fyrir röskun jafnvægis vegna hópflutninga starfsfólks eða meiri háttar flutninga einstaklinga sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum.

8. Á grundvelli ákvörðunar færeysku heimastjórnarinnar eða grænlensku heimastjórnarinnar getur danska ríkisstjórnin með orðsendingaskiptum að áskildri gagnkvæmni gerst aðili að samningnum dags. í dag einnig að því er tekur til Færeyja eða Grænlands, eftir því sem við á.

9. Ríkisstjórnir Danmerkur og Svíþjóðar eru sammála um að samningurinn sem þessi ríki gerðu 18. nóvember 1946 um miðlun vinnuafls m. m. falli úr gildi um leið og þessi bókun tekur gildi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í Kaupmannahöfn 6. mars 1982 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og eru allir textarnir jafngildir.

Bókun þessari skal komið til varðveislu í danska utanríkisráðuneytinu sem skal koma staðfestum afritum til hinna samningslandanna.

Fylgiskjal 2.

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem hafa gert með sér samning um sameiginlegan vinnumarkað, hafa ákveðið að gera eftirfarandi samning um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar. Samningurinn er byggður á þeirri meginreglu að hvert land fyrir sig komi á fót nægilegri starfsemi á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar til þess að fullnægja þörfum í landinu.

1. gr.

Þessi samningur miðar að því að auka í sérstökum tilvikum möguleika til starfsendurhæfingar og starfsmenntunar fyrir atvinnuleitendur sem hafa fasta búsetu í einhverju hinna samningslandanna, hvort sem þeir eru ríkisborgarar norræns lands eða ekki.

Í samræmi við það sem segir í þessum samningi skulu hlutaðeigandi stjórnvöld í samningslöndunum eiga þess kost að nota hvert annars stofnanir til starfsendurhæfingar og starfsmenntunar í eftirtöldum tilvikum:

a. á landamærasvæðum þegar starfsendurhæfingarstofnun eða starfsmenntastofnun annars samningslands er nær eða aðgengilegri fyrir umsækjanda en stofnun í búsetulandinu eða
b. þegar endurhæfingarstofnun eða starfsmenntamiðstöð eða samsvarandi starfsmenntun í landinu hefur að bjóða sérstaka möguleika sem umsækjendur eiga ekki kost á í búsetulandinu.

2. gr.

Veita má umsækjanda aðgang að stofnun fyrir starfsendurhæfingu eða starfsmenntun í öðru samningslandi þegar stofnunin eða það stjórnvald sem veitir aðgang að henni hefur samþykkt það.

3. gr.

Kostnað vegna endurhæfingar eða starfsmenntunar sem þessi samningur miðast við greiðir búsetulandið samkvæmt taxta sem yfirmaður hlutaðeigandi stofnunar setur.

Sá sem tekur þátt í starfsendurhæfingu eða starfsmenntun samkvæmt þessum samningi skal fá þá styrki sem veittir eru við hliðstæða endurhæfingu eða menntun í búsetulandinu. Þessa styrki skulu stjórnvöld í búsetulandinu inna af hendi.

4. gr.

Þessi samningur tekur ekki til verndaðrar vinnu og starfsmenntunar innan hins almenna skólakerfis eða starfsmenntamiðstöðvar Norðurkollu. Samningurinn tekur þó til þeirrar vernduðu vinnu sem stofnað er til í allt að sex mánuði með starfsprófun eða starfsþjálfun fyrir augum.

5. gr.

Norræna vinnumarkaðsnefndin skal, að fengnu áliti annarra hlutaðeigandi stjórnvalda, semja reglur um framkvæmd þessa samnings.

6. gr.

Óski land að segja samningnum upp skal skrifleg tilkynning um það send danska utanríkisráðuneytinu, sem skal skýra ríkisstjórnum hinna norrænu landanna frá því.

Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land sem upp segir og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum að minnsta kosti sex mánuðum frá því að danska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

7. gr.

Samning þennan skal fullgilda og fullgildingarskjölunum komið til varðveislu í danska utanríkisráðuneytinu.

Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst að liðnum tveim heilum almanaksmánuðum frá þeim degi er öll löndin hafa afhent fullgildingarskjöl sín til varðveislu.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn 6. mars 1982 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og eru allir textarnir jafngildir.

Samningi þessum skal komið til varðveislu í danska utanríkisráðuneytinu sem skal koma staðfestum afritum til hinna samningslandanna.

Fylgiskjal 3.

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Svíþjóðar, Finnlands og Noregs um viðurkenningu á starfsréttindum ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar.

Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Noregur, hér á eftir nefnd samningsríkin,

sem gerðu 22. maí 1954 samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað,

OVERENSKOMST

mellem Danmark, Sverige, Finland og Norge om godkendelse af erhvervsudøvelse for visse personalegrupper inden for sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet.

Sverige, Danmark, Finland og Norge nedenfor benævnt som de kontraherende stater,

som den 22. maj 1954 har indgået overenskomst om fælles nordisk arbejdsmarked,

sem telja að möguleiki frjálsrar hreyfingar milli norrænu ríkjanna fyrir þær starfsstéttir innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar sem sérstakar kröfur gilda um í viðkomandi landi til viðurkenningar á muni vera til gagns fyrir læknisfræðilega og félagslega framþróun í þessum ríkjum,

sem telja að í þessum ríkjum séu opinberar reglur um menntun þessara starfsstétta í stórum dráttum jafngildar, og

sem vilja leitast við að koma á fullnægjandi skilyrðum til menntunar nefndra starfsstétta í sérhverju samningsríkjanna ásamt sem líkastri menntun og löggjöf og mögulegt er fyrir þessar stéttir,

hafa komið sér saman um eftirfarandi.

som finder, at muligheden for fri bevægelighed mellem de nordiske stater for de personalegrupper inden for sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet, for hvilke der gælder særlige nationale krav om godkendelse, vil være til gavn for den medicinske og sociale udvikling i disse stater,

som finder, at de forskellige staters offenligt regulerede uddannelser af disse personalegrupper i de fleste tilfælde er ligeværdige, og

som vil tilstræbe en tilstrækkelig uddannelseskapacitet for de nævnte personalegrupper i hver kontraherende stat samt en så ensartet uddannelse og lovgivning som muligt for disse grupper,

har indgået overenskomst om følgende.

GILDISSVIÐ

1. gr.

Samningur þessi gildir um menn með starfsréttindi sem

eru ríkisborgarar einhvers samningsríkjanna eða Íslands

og teljast til einhverra eftirtalinna starfsstétta.

ANVENDELSESOMRÅDE

Artikel 1

Denne overenskomst finder anvendelse på erhvervsudøvere, som

er statsborgere i en af de kontraherende stater eller i Island,

og som tilhører en af de nedenfor nævnte personalegrupper.

Heiti starfsstéttar
Personalegruppens betegnelse

	í Svíþjóð i Sverige	í Danmörku i Danmark	í Finnlandi i Finland	í Noregi i Norge	á Íslandi
1.	läkare	læger	lääkarit/läkare	leger	læknar
2.	tandläkare	tandlæger	hammalääkärit/tandläkare	tannleger	tannlæknar
3.	sjuksköterskor	sygeplejersker	sairaanhoitajat/sjuksköterskor	sykepleiere	hjúkrunarfræðingar
4.	apotekare	provisorer	proviisorit/provisorer	provisorer	lyfjafræðingar
5.	sjukgymnaster	fysioterapeuter	lääkintävoimistelijat/fysioterapeuter	fysioterapeuter	sjúkraþjálfarar
6.	arbetsterapeuter	ergoterapeuter	toimintaterapeutit/verksamhetsterapeuter	ergoterapeuter	iðjuþjálfar
7.	barnmorskor	jordemødre	kätilöt/barnmorskor	jordmödre	ljósmæður
8.	distriktssköterskor	sundhedsplejersker	terveydenhoitajat/hälsovårdare	helsesöstre	heilsug.hjúkrunarfr.
9.	optiker	optikere	optikot/optiker	optikere	gleraugna- og sjónfr.
10.	psykologer	psykologer	psykologit/psykologer	psykologer	sálfræðingar
11.	receptarier	—	farmaseutit/farmaceuter	reseptarer	aðstoðarlyfjafræðingar
12.	röntgenassistenter	radiografer	röntgenhoitajat/röntgenskötare	radiografer	röntgentæknar
13.	sköterskor i psykiatrisk vård	plejere	mielisairaanhoitajat/sinnessjukvårdare	hjelpepleiere i psykiatrisk sykepleie	gæslumenn
14.	tandhygienister	tandplejere	erikoishammashoitajat/specialtandsköterskor	tannpleiere	—
15.	tandsköterskor	klinikassistenter	hammashoitajat/tandsköterskor	tannlegeassistenter	aðstoðarmenn tannl.
16.	tandtekniker	laboratorietandteknikere	hammasteknikot/tandtekniker	tanntekniker	tannsmiðir
17.	undersköterskor	sygehjælpere	apuhoitajat/hjälpsköterskor	hjelpepl. i sykepleie	sjúkraliðar
18.	veterinärer	dyrlæger	eläinlääkärit/veterinärer	veterinærer	dýralæknar

ALMENN REGLA UM VIÐURKENNINGU Á MÖNNUM MEÐ STARFSRÉTTINDI Í ÖÐRU SAMNINGSRÍKI

2. gr.

Sá sem hefur löggildingu, leyfi eða aðra sambærilega heimild um löglega viðurkenningu sem maður með starfsréttindi er um getur í 1. gr. á rétt á með þeim skilyrðum sem sett eru í samningi þessum að fá viðurkenningu í sérhverju hinna ríkjanna sem hefur ákvæði um slíka viðurkenningu.

Hið sama gildir annars vegar fyrir þann sem starfar eða sem á rétt til að starfa sem lyfjafræðingur í einhverju ríkjanna, hins vegar fyrir þann sem má, þótt hann sé ekki lyfjafræðingur, afgreiða lyfseðla í lyfjabúð (þ. e. a. s. farmaceut í Finnlandi, reseptar í Noregi og receptarie í Svíþjóð).

Menn með starfsréttindi sem hlotið hafa menntun í samningsríki er ekki hefur ákvæði um viðurkenningu á því starfi sem um ræðir skulu í þeim tilvikum sem um ræðir í 10.—19. gr. eiga rétt á að fá viðurkenningu í þeim samningsríkjanna þar sem slíkrar viðurkenningar er krafist.

Í sérstöku fylgiskjali greinir í hvaða ríkjum og fyrir hvaða starfsstéttir ákvæði um viðurkenningu gilda við gildistöku samningsins.

ALMINDELIG REGEL OM GODKENDELSE AF ERHVERVSUDØVERE I ANDEN KONTRAHERENDE STAT

Artikel 2

Den, som i en af de kontraherende stater har legitimation, autorisation eller anden ligestillet form for retlig godkendelse som erhvervsudøver, som opregnet i artikel 1, skal have ret til på de i denne overenskomst fastsatte betingelser at få godkendelse i enhver af de øvrige stater, der har bestemmelser om sådan godkendelse.

Tilsvarende gælder dels for den, der har ansættelse som provisor eller er berettiget til at få ansættelse som sådan i nogen af staterne, dels for den, som uden at være provisor har ret til at ekspedere recept på apotek (dvs. farmaceut i Finland, reseptar i Norge og receptarie i Sverige).

Erhvervsudøvere, som er blevet uddannet i en kontraherende stat, som ikke har bestemmelse om godkendelse af de pågældende erhverv, skal i de tilfælde, som angives i artiklerne 10—19, have ret til at få godkendelse i de kontraherende stater, hvor en sådan godkendelse kræves.

I særligt bilag er opregnet, i hvilke stater og for hvilke personalegrupper der gælder bestemmelser om godkendelse ved overenskomstens ikrafttræden.

SÉRSTÖK SKILYRÐI SEM KREFJAST MÁ FYRIR VIÐURKENNINGU

Skilyrði varðandi allar starfsstéttir.

3. gr.

Samningsríki getur krafist sem skilyrðis fyrir viðurkenningu að umsækjandinn hafi fullnægjandi þekkingu á löggjöf og stjórnvaldsreglum sem þýðingu hafa fyrir starf viðkomandi í ríkinu.

4. gr.

Danmörk, Noregur og Svíþjóð geta krafist sem skilyrðis fyrir viðurkenningu að umsækjandinn hafi fullnægjandi þekkingu á dönsku, norsku eða sænsku máli.

Finnland getur krafist sem skilyrðis fyrir viðurkenningu að umsækjandinn hafi fullnægjandi þekkingu á finnsku máli.

Skilyrði varðandi sérstakar starfsstéttir.

5. gr.

Samningsríki getur krafist sem skilyrðis fyrir viðurkenningu sem *læknir* að umsækjandinn hafi

SÆRLIGE BETINGELSER SOM KAN KRÆVES FOR GODKENDELSE

Betingelser vedrørende samtlige personalegrupper

Artikel 3

En kontraherende stat kan som betingelse for godkendelse kræve, at ansøgeren har tilfredsstillende kendskab til lovgivning og administrative forskrifter af betydning for vedkommendes erhvervsudøvelse i staten.

Artikel 4

Danmark, Norge og Sverige kan som betingelse for godkendelse kræve, at en ansøger har tilfredsstillende kendskab til det danske, norske eller svenske sprog.

Finland kan som betingelse for godkendelse kræve, at en ansøger har tilfredsstillende kendskab til det finske sprog.

Betingelser vedrørende særlige personalegrupper

Artikel 5

En kontraherende stat kan som betingelse for godkendelse som *læge* kræve, at ansøgeren har

lokið klíniskri menntun af samsvarandi lengd og krafist er til að fá heimild til sjálfstæðs starfs sem læknir í því ríki.

6. gr.

Samningsríki getur krafist sem skilyrðis fyrir viðurkenningu sem *lyfjafræðingur* eða *aðstoðarlyfjafræðingur* að umsækjandinn hafi starfað ekki skemur en 3 mánuði í lyfjabúð í ríkinu.

7. gr.

Samningsríki getur krafist sem skilyrðis fyrir viðurkenningu sem *ljósmóðir* að umsækjandinn hafi í ekki skemur en 6 mánuði starfað við ljósmóðurstörf í ríkinu undir leiðsögn ljósmóður sem þar er viðurkennd.

8. gr.

Samningsríki getur krafist sem skilyrðis fyrir viðurkenningu sem *heilsugæsluhjúkrunarfræðingur* að umsækjandinn hafi í ekki skemur en 1 mánuð starfað við heilsugæslustörf í ríkinu.

9. gr.

Danmörk getur krafist sem skilyrðis fyrir viðurkenningu sem *aðstoðarmaður tannlæknis* að umsækjendur sem ekki hafa menntun til að aðstoða við að setja í og taka úr tannstillingartækjabúnað afli sér slíkrar menntunar.

gennemgået en klinisk uddannelse af tilsvarende længde, som kræves for at få adgang til selvstændig virke som læge i denne stat.

Artikel 6

En kontraherende stat kan som betingelse for godkendelse som *provisor* eller *receptarie* kræve, at ansøgeren har gjort tjeneste i højst 3 måneder på apotek i staten.

Artikel 7

En kontraherende stat kan som betingelse for godkendelse som *jordemoder* kræve, at ansøgeren i højst 6 måneder har udført praktisk jordemodertjeneste i staten under ledelse af en der godkendt jordemoder.

Artikel 8

En kontraherende stat kan som betingelse for godkendelse som *sundhedsplejerske* kræve, at ansøgeren har udført højst 1 måneds praktisk sundhedsplejersketjeneste i staten.

Artikel 9

Danmark kan som betingelse for godkendelse som *tandplejer* kræve, at ansøgere, der mangler uddannelse i at bistå at indsætte og borttage tandreguleringsapparatur, gennemgår sådan uddannelse.

ÁKVÆÐI SEM VARÐA STARFSSTÉTTIR SEM REGLUR UM VIÐURKENNINGU GILDA EKKI UM Í ÖLLUM SAMNINGSRÍKJUNUM

Skilyrði fyrir viðurkenningu í öðru ríki.

10. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem *ergoterapeut* í Danmörku og Noregi og *verksamhetsterapeut* í Finnlandi sem hefur lokið í Svíþjóð menntun fyrir iðjuþjálfara sem stendur í 2 eða 3 ár og viðurkennd er af yfirstjórn skólamála eða eldri menntun sem stendur í eitt ár með frekari menntun í ½ ár og viðurkennd er af yfirstjórninni.

11. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem *sundhedsplejerske* í Danmörku, *helsesöster* í Noregi og *distriktssköterska* í Svíþjóð sem hefur lokið í Finnlandi hjúkrunarfræðimenntun og sérstakri menntun í heilsugæslu.

BESTEMMELSER, DER VEDRØRER PERSONALEGRUPPER, FOR HVILKE REGLER OM GODKENDELSE IKKE GÆLDER I ALLE DE KONTRAHERENDE STATER

Betingelser for godkendelse i en anden stat

Artikel 10

Ret til at få godkendelse som *ergoterapeut* i Danmark og Norge og *verksamhetsterapeut* i Finland har den, der i Sverige har gennemgået en af skolöverstyrelsen godkendt uddannelse til arbetsterapeut af 3 eller 2 års varighed eller ældre af styrelsen godkendt uddannelse af et års varighed med kompletterende uddannelse af ½ års varighed.

Artikel 11

Ret til at få godkendelse som *sundhedsplejerske* i Danmark, *helsesöster* i Norge og *distriktssköterska* i Sverige har den, der i Finland har gennemgået sygeplejerskeuddannelse og specialutbildning i hälsovård.

12. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem *gleraugna- og sjónfræðingur* í Finnlandi og Svíþjóð

(a) sem hefur lokið í Danmörku 5 ára grunnmenntun fyrir gleraugna- og sjónfræðinga við tækniskóla eða sem hefur lokið menntun nema áður en samningurinn hefur öðlast gildi að því er varðar gleraugna- og sjónfræðinga, og

(b) sem hefur lokið í Noregi annað hvort grunnmenntun við tækniháskóla ásamt námi í sjónmælingum eða lokið námi í sjónmælingum við tækniskóla og þar á eftir starfað í greininni í minnst 3 ár, eða hefur fengið sveinsbréf sem gleraugna- og sjónfræðingur og þar á eftir starfað í greininni í minnst 3 ár eða lokið frekari menntun í geislabrotsfræði við tækniháskóla.

Artikel 12

Ret til at få godkendelse som *optiker* i Finland og Sverige har

a) den, der i Danmark har gennemgået 5-årig grunduddannelse for optikere ved en teknisk skole eller, som inden overenskomsten er trådt i kraft for så vidt angår optikere, har gennemgået en lærlingeuddannelse, og

b) den, der i Norge har gennemgået enten grundlæggende værkstedsuddannelse ved en ingeniørhøjskole med tillæg af linie for optometri, eller har gennemgået linien for optometri ved ingeniørskole og derefter praktiseret i faget i mindst 3 år, eller har fået svendebrev i optikerfaget og derefter praktiseret i faget i mindst 3 år eller gennemgået tillægsuddannelse i refraktionering ved ingeniørhøjskolen.

13. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem *sálfræðingur* í Noregi og Svíþjóð

(a) sem hefur staðist í Danmörku kandidatspróf í sálfræði (cand. psych.) eða embættispróf í sálfræði, og

(b) sem hefur staðist í Finnlandi kandidatspróf í sálfræði.

Artikel 13

Ret til at få godkendelse som *psykolog* i Norge og Sverige har

a) den, der i Danmark har bestået psykologisk kandidateksamen (cand. psych.) eller psykologisk embedseksamen, og

b) den, der i Finland har bestået psykologisk kandidateksamen.

14. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem *röntgenskötare* í Finnlandi og *radiograf* í Noregi

(a) sem fengið hefur leyfi í Danmörku sem radiograf í samræmi við reglur yfirstjórnar heilbrigðismála, og

(b) sem hefur lokið í Svíþjóð menntun sem röntgenassistent sem stendur í 2½ ár og viðurkennd er af háskólaráði ásamt yfirstjórn skólamála eða samsvarandi eldri 2ja ára menntun.

Artikel 14

Ret til at få godkendelse som *röntgenskötare* i Finland og *radiograf* i Norge har

a) den, der i Danmark har fået bevis som radiograf i overensstemmelse med sundhedsstyrelsens retningslinier, og

b) den, der i Sverige har gennemgået en af universitets- och högskoleämbetet samt skolöverstyrelsen godkendt uddannelse af 2½ års varighed til röntgenassistent eller tilsvarende ældre 2-årig uddannelse.

15. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem *sinnessjukvárdare* í Finnlandi og *hjelpepleier* innan geðhjúkrunarstéttarinnar í Noregi

(a) sem fengið hefur leyfi í Danmörku sem plejer í samræmi við reglur yfirstjórnar heilbrigðismála frá árinu 1977 eða síðar, og

(b) sem hefur uppfyllt í Svíþjóð gildandi kröfur um menntun og störf skötare í psykiatrisk vard eða lokið samsvarandi 2ja ára menntun.

Artikel 15

Ret til at få godkendelse som *sinnessjukvårdare* i Finland og *hjelpepleier* inden for den psykiatriske sygepleje i Norge har

a) den, som i Danmark har fået bevis som plejer i overensstemmelse med sundhedsstyrelsens retningslinier fra 1977 eller senere, og

b) den, som i Sverige har opfyldt de for skötare i psykiatrisk vård gældende krav til uddannelse og praktik eller gennemgået tilsvarende ældre 2-årig uddannelse.

16. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem *tandplejer* í Danmörku, *tannpleier* í Noregi og *tandhygienist* í Svíþjóð sem hefur lokið menntun sem specialtandskötare í Finnlandi. Áður en viðurkenning er veitt í Danmörku má þó í samræmi við 9. gr. krefjast frekari menntunar.

Artikel 16

Ret til at få godkendelse som *tandplejer* i Danmark, *tannpleier* i Norge og *tandhygienist* i Sverige har den, som i Finland har gennemgået uddannelse til specialtandskötare. Inden godkendelse i Danmark kan der dog i overensstemmelse med artikel 9 kræves kompletterende uddannelse.

17. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem *tannskötare* í Finnlandi og *tandsköterska* í Svíþjóð sem hefur lokið í Danmörku eða Noregi lögboðinni menntun sem klinikassistent eða tannlegeassistent.

Artikel 17

Ret til at få godkendelse som *tandskötare* i Finland og *tandsköterska* i Sverige har den, som i Danmark eller Norge har gennemgået fastlagt uddannelse til klinikassistent respektive tannlegeassistent.

18. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem *tandtekniker* í Finnlandi og Svíþjóð

a) sem hefur lokið í Danmörku 4ra ára menntun sem laboratorietandtekniker við tækniskóla eða eldri menntun sem nemi í tannsmíði, og

b) sem hefur fengið sveinsbréf í Noregi í tannsmíði.

Artikel 18

Ret til at få godkendelse som *tandtekniker* i Finland og Sverige har

a) den, som i Danmark har gennemgået en 4-årig laboratorietandteknikeruddannelse ved teknisk skole eller ældre lærlingeuddannelse som laboratorietandtekniker, og

b) den, som i Norge har fået svendebrev i tandteknikerfaget.

19. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem *hjälpskötare* í Finnlandi og *hjelpepleier* innan hjúkrunarsviðsins í Noregi

a) sem hefur fengið leyfi í Danmörku sem sygehjælper í samræmi við reglur yfirstjórnar heilbrigðismála frá árinu 1973 eða síðar, og

b) sem uppfyllir í Svíþjóð gildandi kröfur um menntun og störf fyrir undersköterska eða hefur lokið samsvarandi eldri 32ja vikna menntun.

Artikel 19

Ret til at få godkendelse som *hjälpskötare* i Finland og *hjelpepleier* inden for sygeplejeområdet i Norge har

a) den, som i Danmark har fået bevis som sygehjælper i overensstemmelse med sundhedsstyrelsens retningslinier fra 1973 eller senere, og

b) den, som i Sverige har opfyldt de for undersköterska gældende krav til uddannelse og praktik eller gennemgået tilsvarende ældre uddannelse på 32 uger.

Ákvæði um viðurkenningu á nýrri starfsstétt.

20. gr.

Áður en samningsríki setur ákvæði um viðurkenningu á starfsstétt sem um getur í 1. gr. og reglur hafa ekki áður verið settar um í ríkinu skal ríkið hefja samningaviðræður um skilyrði fyrir viðurkenningu við hin ríkin sem samningurinn gildir um samkvæmt 31. gr. varðandi þessa starfsstétt.

Bestemmelser ved godkendelse af en ny personalegruppe

Artikel 20

Før en kontraherende stat indfører bestemmelser om godkendelse af en personalegruppe, som opregnet i artikel 1, og som ikke tidligere har været genstand for en sådan regulering i staten, skal staten optage forhandlinger om vilkårene for godkendelse med de øvrige stater, som overenskomsten efter artikel 31 gælder for med hensyn til denne personalegruppe.

21. gr.

Nú ganga í gildi reglur um viðurkenningu á starfsstétt sem um getur í 1. gr. í ríki þar sem slíkar reglur gilda ekki við gildistöku samningsins og samningurinn gildir um starfsstéttina samkvæmt 31. gr. og falla þá ákvæðin um starfsstéttina í 10.—19. gr. úr gildi.

Tilkynningu um nýmæli skal senda með góðum fyrirvara fyrir gildistöku þeirra til sænska utanríkisráðuneytisins.

Artikel 21

Såfremt regler om godkendelse af en personalegruppe, nævnt i artikel 1, indføres i en stat, hvor sådanne regler ikke gælder ved overenskomstens ikrafttræden, og overenskomsten efter bestemmelserne i artikel 31 har fundet anvendelse på personalegruppen, så ophører bestemmelserne om personalegruppen i artiklerne 10—19 med at gælde.

Meddelelse om vedtagne nyordninger skal i god tid før deres ikrafttræden sendes til det svenske udenrigsministerium.

VIÐURKENNING Á SÉRSVIÐI

22. gr.

Nú hefur læknir eða tannlæknir fengið viðurkenningu sem sérfræðingur í einu samningsríkjanna og skal hlutaðeigandi þá eiga rétt á samsvarandi viðurkenningu í öðru samningsríki að því tilskildu

að hlutaðeigandi hafi fengið og hafi enn rétt til að starfa sjálfstætt sem læknir eða tannlæknir eftir því sem við á í því ríki, og

að viðkomandi svið sé viðurkennt í móttökuríkinu sem sérfræðingssvið samkvæmt þeim ákvæðum sem gilda í því ríki sem reglur um rétt lækna og tannlækna til þess að kalla sig sérfræðinga eða sérfræðinga í tannlækningum, eftir því sem við á.

GODKENDELSE AF SPECIALISTKOMPETENCE

Artikel 22

Såfremt en læge eller tandlæge har faet specialistanerkendelse i en af de kontraherende stater, har vedkommende ret til tilsvarende anerkendelse af,

at vedkommende har erhvervet og vedblivende har ret til selvstændigt virke som læge respektive tandlæge i denne stat, og

at det pågældende område i modtagerstaten er godkendt som et speciale ifølge de bestemmelser, som i denne stat indeholder regler om lægers respektive tandlægers ret til at betegne sig som speciallæger respektive specialtandlæger.

UMSÓKN UM VIÐURKENNINGU OG ÁKVÖRÐUNARAÐFERÐIR

23. gr.

Sá sem sækir um viðurkenningu samkvæmt samningi þessum skal sanna fyrir yfirstjórn heilbrigðismála eða yfirstjórn dýralæknamála, eftir því sem við á, að hann uppfylli skilyrði samningsins.

Veita skal þeim umsækjendum sem uppfylla framangreind skilyrði viðurkenningu nema þær aðstæður séu fyrir hendi sem leitt geta til afturköllunar á viðurkenningunni.

Yfirstjórnir heilbrigðismála í samningsríkjunum skulu tilkynna hver annarri gagnkvæmt um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til viðurkenningar á umsóknum. Ennfremur skulu þær skýra hver annarri gagnkvæmt frá viðurkenningum sem tilkynntar eru samkvæmt samningi þessum.

ANSØGNING OM GODKENDELSE OG BESLUTNINGSPROCEDURER

Artikel 23

Den, som søger godkendelse i henhold til denne overenskomst, skal over for den centrale sundhedsmyndighed respektive veterinærmyndighed godtgøre, at han opfylder vilkarene i overenskomsten.

Godkendelse skal gives ansøgere, som opfylder de ovenfor nævnte vilkar, medmindre der foreligger omstændigheder, som kan medføre tilbagekaldelse af godkendelsen.

De centrale myndigheder i de kontraherende stater skal gensidigt meddele hinanden de oplysninger, der er nødvendige for at godkende ansøgninger. De skal endvidere gensidigt underrette hinanden om godkendelser, som meddeles i henhold til denne overenskomst.

AFTURKÖLLUN Á VIÐURKENNINGU O. FL.

24. gr.

Hafi viðurkenning verið afturkölluð af því ríki sem upphaflega tilkynnti um hana skal afturkalla viðurkenningu sem annað samningsríki tilkynnti um síðar. Annars má einungis afturkalla síðari viðurkenningu samkvæmt gildandi reglum í því ríki sem hefur tilkynnt um hana en þó skal taka tillit til þess að í öðru samningsríki hafi verið framið lögbrot eða stórkostleg vanræksla verið viðhöfð eða bersýnilegur hæfileikaskortur við framkvæmd starfsins.

Nú hafa menn með starfsréttindi sem fengið hafa viðurkenningu í fleiri en einu samningsríkjanna sætt ráðstöfunum samkvæmt lögum eða reglum um agavald í einhverju ríkjanna vegna starfsréttinda þar eða veitt viðurkenning til handa manni með starfsréttindi er afturkölluð og skal þá viðkomandi yfirstjórn í því ríki eða í hinum samningsríkjunum skýrt frá ráðstöfunum eða afturköllluninni svo og ástæðunni. Á sama hátt skal skýra frá því að réttur manns með starfsréttindi til þess að panta lyf eða alkóhól frá lyfjabúð hafi verið takmarkaður eða hann hafi sjálfviljugur afsalað sér þeim rétti eða rétti til þess að inna af höndum starf sitt.

TILBAGEKALDELSE AF GODKENDELSE M. M.

Artikel 24

Er en godkendelse blevet tilbagekaldt af den stat, som oprindelig meddelte den, skal den af en anden kontraherende stat senere meddelte godkendelse tilbagekaldes. I øvrigt kan den senere godkendelse kun tilbagekaldes efter gældende regler i den stat, som har meddelt den, dog under hensyntagen til, om der i en anden tilsluttet stat er begået lovbrud eller udvist grov uduelighed eller åbenbar uegnethed ved udøvelsen af virksomheden.

Bliver der over for erhvervsudøvere, som har fået godkendelse i flere af de kontraherende stater, i nogen af disse taget juridiske eller disciplinære foranstaltninger i anledning af erhvervsudøvelsen dér, eller tilbagekaldes en for erhvervsudøveren udfærdiget godkendelse skal den berørte centrale myndighed i den eller de andre kontraherende stater underrettes om foranstaltningen eller tilbagekaldelsen samt om grundlaget herfor. Sådan underretning skal også ske, hvis der er foretaget begrænsning i erhvervsudøverens ret til fra apotek at ordinere lægemidler eller alkohol, eller hvis han frivilligt har givet afkald herpå eller på retten til at udøve sin virksomhed.

ALMENNAR GRUNDVALLARREGLUR

25. gr.

Sá sem fengið hefur viðurkenningu samkvæmt samningi þessum hefur að meginreglu rétt til þess að sækja um og fá stöðu í öðru samningsríki enda þótt umsækjandinn sé ekki ríkisborgari í því ríki.

26. gr.

Starf á sviði sem samningur þessi tekur til ber — með þeim undantekningum sem leiðir af 6., 7. og 8. gr. — við setningu í stöðu í öðru samningsríki að setja að jöfnu við samsvarandi stöðu sem gegnt er í síðarnefnda ríkinu.

27. gr.

Sá sem fengið hefur starf í öðru samningsríki en því þar sem hann fékk upphaflega viðurkenningu á að meginreglu að standa jafnt öðrum að því er varðar rétt til launa og eftirlauna svo og önnur réttindi er starfinu fylgja.

ALMINDELIGE PRINCIPPER

Artikel 25

Den, som i overensstemmelse med denne overenskomst har fået godkendelse, bør i princippet være berettiget til at søge og opnå stilling i en anden kontraherende stat, uanset at ansøgeren ikke er statsborger i denne stat.

Artikel 26

Ansættelse inden for et område, som reguleres af denne overenskomst, bør — med de undtagelser som følger af artiklerne 6, 7 og 8 — ved besættelse af en stilling i en anden kontraherende stat ligestilles med tilsvarende tjeneste udført i sidstnævnte stat.

Artikel 27

Den, som har fået ansættelse i en anden kontraherende stat end den, hvor vedkommende oprindelig har fået godkendelse, bør i princippet være ligestillet for så vidt angår ret til løn og pension samt øvrige med stillingen forbundne rettigheder.

28. gr.

Sérhvert samningsríkjanna skal eftir því sem við verður komið hlutast til um breytingar á gildandi innlendum ákvæðum í samræmi við þær grundvallarreglur sem greinir í 25.—27. gr. að því er varðar borgaralegar stöður hjá ríkinu og stuðla að því að grundvallarreglur þessar gildi einnig á samsvarandi hátt um stöður sem ekki eru á vegum ríkisins.

29. gr.

Varðandi ráðningu starfsmanna sem samningur þessi tekur til skal farið eftir ákvæðum í samningnum frá 22. maí 1954 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað ásamt þeim reglum um norræna vinnumiðlun sem ákveðnar voru í sambandi við framkvæmd hans.

Hlutaðeigandi yfirstjórnum í samningsríkjunum ber að fylgjast með þróuninni á vinnumarkaðinum í viðkomandi ríkjum og tilkynna nefnd þeirri sem sett er á stofn samkvæmt 5. gr. í nefndum samningi séu sérstakar ráðstafanir nauðsynlegar.

Yfirstjórnunum ber ávallt að senda hver annarri þær tilkynningar og upplýsingar sem þýðingu hafa við mat á þróun vinnumarkaðarins í samningsríkjunum.

30. gr.

Samningsríkin skulu í sameiningu fylgjast með framkvæmd samningsins og gera þær breytingar og viðbætur sem þróunin kann að gefa tilefni til.

Artikel 28

Enhver af de kontraherende stater skal, i det omfang det er muligt, gennemføre ændringer i gældende interne bestemmelser i overensstemmelse med de i artiklerne 25—27 angivne principper for så vidt angår statslige civile stillinger, og medvirke til, at disse principper finder tilsvarende anvendelse også i ikke statslige stillinger.

Artikel 29

Hvad angår ansættelse af personale, som omfattes af denne overenskomst, skal man følge bestemmelserne i overenskomsten af 22. maj 1954 om fælles nordisk arbejdsmarked samt de retningslinier for nordisk arbejdsformidling, som fastlagdes i forbindelse med dens gennemførelse.

De berørte centrale myndigheder i de kontraherende stater bør følge udviklingen på arbejdsmarkedet i de respektive stater, og såfremt særlige foranstaltninger findes påkrævet, give meddelelse herom til den kommission, som er nedsat i henhold til artikel 5 i ovennævnte overenskomst.

De centrale myndigheder bør til stadighed give hinanden de meddelelser og oplysninger, som er af betydning for bedømmelsen af udviklingen på arbejdsmarkedet i de kontraherende stater.

Artikel 30

De kontraherende stater skal i fællesskab følge overenskomstens gennemførelse og vedtage de ændringer og gøre de tilføjelser, som udviklingen kan give anledning til.

GILDISTAKA

31. gr.

Samning þennan skal fullgilda og öðlast hann gildi þegar öll ríkin hafa komið fullgildingarskjölum sínum til varðveislu hjá sænska utanríkisráðuneytinu.

Nú er ríki ekki reiðubúið að láta samninginn gilda um allar þær starfsstéttir sem um getur í 1. gr. og sem ákvæði um viðurkenningu gilda um í ríkinu og skal ríkið þá tilkynna sænska utanríkisráðuneytinu það skriflega er fullgildingarskjalinu er komið til varðveislu. Í tilkynningunni skal þess getið um hvaða stéttir ríkið sé reiðubúið að láta samninginn gilda. Ríkið getur síðar hvenær sem er á sama hátt tilkynnt að það sé reiðubúið að láta samninginn gilda um eina eða fleiri af hinum stéttunum sem um getur í 1. gr.

IKRAFTTRÆDEN

Artikel 31

Denne overenskomst skal ratificeres og træder i kraft, når alle stater har deponeret deres ratifikationsdokumenter hos det svenske udenrigsministerium.

Såfremt en stat ikke er i stand til at lade overenskomsten finde anvendelse på alle de personalegrupper, som er opregnet i artikel 1, og for hvilke bestemmelser om godkendelse gælder i staten, skal staten skriftligt underrette det svenske udenrigsministerium herom i forbindelse med deponeringen af ratifikationsdokumentet. I meddelelsen skal angives de grupper, for hvilke staten er i stand til at lade overenskomsten finde anvendelse. Staten kan derefter når som helst på samme måde meddele, at den er klar til at lade overenskomsten finde anvendelse på een eller flere af de øvrige grupper, som er opregnet i artikel 1.

Samningurinn öðlast gildi um hverja einstaka starfsstétt þegar öll þau ríki sem hafa ákvæði um viðurkenningu á hlutaðeigandi starfsstétt hafa tilkynnt að þau séu reiðubúin að láta samninginn gilda um stéttina. Hafi samningurinn öðlast gildi um starfsstétt sem réttarreglur taka ekki til í öllum samningsríkjunum heldur hann samt réttaráhrifum sínum enda þótt slík réttarskipan varðandi stéttina sé lögleidd í öðru ríki og það ríki sendi ekki tilkynningu svo sem að framan greinir.

32. gr.

Er samningur þessi öðlast gildi að því er varðar lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga eða sjúkraþjálfara falla úr gildi þeir samningar um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir þessar stéttir sem samningsríkin hafa áður gert, þ. e. a. s.

samningur frá 18. júní 1965 um lækna með þeim breytingum sem gilda samkvæmt samningi frá 19. ágúst 1976*)

samningur frá 16. desember 1966 um tannlækna*)

samningur frá 5. desember 1968 um hjúkrunarfræðinga með þeim breytingum sem urðu samkvæmt samningi frá 14. júní 1979**) og

samningur frá 17. desember 1976 varðandi sjúkraþjálfara*).

RÉTTUR TIL AÐILDAR FYRIR ÍSLAND

33. gr.

Að undangengnum samningsviðræðum getur Ísland gerst aðili að samningi þessum að því er varðar eina eða fleiri starfsstéttir sem um getur í 1. gr.

Gerist Ísland aðili að samningnum getur Ísland krafist þess að sá sem sækir um viðurkenningu hafi fullnægjandi þekkingu á íslensku máli.

UPPSÖGN O. FL.

34. gr.

Sérhvert samningsríkjanna getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til sænska utanríkisráðuneytisins. Hafi eitt ríkið sagt samningnum upp fellur hann úr gildi eftir þann frest sem greinir í síðustu málsgrein.

Eftir að samningurinn hefur öðlast gildi fyrir ákveðna starfsstétt getur sérhvert samnings-

*) Fullgildingarskjölin eru í varðveislu hjá sænska utanríkisráðuneytinu.

**) Fullgildingarskjölin eru í varðveislu hjá norska utanríkisráðuneytinu.

Overenskomsten sættes i kraft for hver særskilt personalegruppe, nar alle de stater, der har bestemmelser om godkendelse af vedkommende gruppe, har anmeldt, at de er i stand til at lade overenskomsten finde anvendelse pa gruppen. Hvis overenskomsten er tradt i kraft for en personalegruppe, som ikke er genstand for retlig regulering i alle de kontraherende stater, bibeholder den sin retskraft, uanset at en sadan regulering af gruppen indføres i yderligere en stat, og denne ikke giver meddelelse som nævnt ovenfor.

Artikel 32

Nar denne overenskomst træder i kraft for sa vidt angar læger, tandlæger, sygeplejersker eller fysioterapeuter, ophører de overenskomster om fælles nordisk arbejdsmarked for de respektive grupper, som tidligere er truffet mellem de kontraherende stater, med at gælde, dvs.

overenskomst af 18. juni 1965 om læger med de ændringer, som gælder i overenskomst af 19. august 1976*),

overenskomst af 16. december 1966 om tandlæger*),

overenskomst af 5. december 1968 om sygeplejersker med de ændringer, som er sket i overenskomst af 14. juni 1979**) og

overenskomst af 17. december 1976 vedrørende fysioterapeuter*).

TILSLUTNINGSRET FOR ISLAND

Artikel 33

Efter forudgaende forhandling skal Island kunne tilslutte sig denne overenskomst for sa vidt angar een eller flere af de personalegrupper, som er angivet i artikel 1.

Såfremt Island tilslutter sig overenskomsten, kan Island kræve, at den, som søger godkendelse, har tilfredsstillende kundskaber i det islandske sprog.

OPSIGELSE M. V.

Artikel 34

Enhver af de kontraherende stater kan opsige denne overenskomst ved skriftligt at underrette det svenske udenrigsministerium. Hvis overenskomsten er blevet opsagt af en af staterne, ophører den med at gælde efter den frist, som er angivet i sidste stykke.

Efter at overenskomsten er tradt i kraft for en bestemt personalegruppe, kan enhver af de kon-

*) Ratifikationsdokumenterne er deponeret i det svenske udenrigsministerium

**) Ratifikationsdokumenterne er deponeret i det norske udenrigsministerium

ríkjanna tilkynnt að það óski ekki að samningurinn gildi lengur fyrir þessa starfsstétt. Slíka tilkynningu skal senda sænska utanríkisráðuneytinu. Hafi eitthvert ríkjanna sent slíka tilkynningu fellur samningurinn úr gildi varðandi þá starfsstétt eftir þann frest er að neðan greinir.

Nú gerist Ísland aðili að samningnum í samræmi við 33. gr. að því er varðar ákveðna starfsstétt og skal Ísland þá með skriflegri tikynningu til sænska utanríkisráðuneytisins geta sagt upp samningnum eftir þann frest sem að neðan greinir að því er varðar þessa stétt.

Uppsagnir og tilkynningar varðandi ofangreind ákvæði fá gildi með 6 mánaða fyrirvara er lyki 1. júlí eða 1. janúar.

traherende stater meddele, at den ikke længere ønsker at overenskomsten skal gælde for denne personalegruppe. Sådan meddelelse skal gives til det svenske udenrigsministerium. Såfremt nogen af staterne har givet en sådan meddelelse, så ophører overenskomsten med at gælde for den pågældende personalegruppe efter den frist, som er angivet nedenfor.

Såfremt Island i overensstemmelse med artikel 33 tilslutter sig overenskomsten for så vidt angår en bestemt personalegruppe, skal Island ved skriftlig underretning til det svenske udenrigsministerium kunne fratræde overenskomsten efter den nedenfor angivne frist, for så vidt angar denne gruppe.

Opsigelser og meddelelser i henhold til nærværende bestemmelse far virkning med et varsel på 6 måneder til ophør den 1. juli eller 1. januar.

35. gr.

Sérhvert samningsríkjanna getur fyrirvaralaust fellt samninginn úr gildi gagnvart einu eða fleiri hinna samningsríkjanna ef styrjöld skellur á eða hætta er á styrjöld eða nauðsyn ber til vegna annarra sérstakra aðstæðna innanlands eða á alþjóðavettvangi. Tilkynna skal ríkisstjórnum hlutaðeigandi ríkja þegar í stað um þessa ákvörðun.

Artikel 35

Enhver af de kontraherende stater kan med øjeblikkelig virkning sætte overenskomsten ud af kraft i forhold til een eller flere af de øvrige kontraherende stater i tilfælde af krig eller krigsfare, eller når andre særlige nationale eller internationale forhold gør det nødvendigt. Vedkommende staters regeringer skal straks underrettes om beslutningen.

36. gr.

Sænska utanríkisráðuneytið skal tilkynna hinum samningsríkjunum um

a) að fullgildingarskjölum hafi verið komið til varðveislu,

b) frá hvaða tíma samningurinn öðlast gildi samkvæmt 31. gr.,

c) aðrar ástæður er um getur í 31. gr.,

d) ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt 2. mgr. 21. gr.,

e) uppsögn samkvæmt 34. eða 35. gr. og frá hvaða tíma uppsögnin tekur gildi,

f) aðrar ástæður er um getur í 34. gr.

Artikel 36

Det svenske udenrigsministerium skal underrette de øvrige kontraherende stater om

a) deponering af ratifikationsdokumenter,

b) tidspunktet for overenskomstens ikrafttræden efter artikel 31,

c) andre i artikel 31 omhandlede forhold,

d) beslutninger, som træffes i henhold til artikel 21, stk. 2,

e) opsigelse i henhold til artiklerne 34 eller 35 samt det tidspunkt, hvorfra opsigelsen får virkning,

f) andre i artikel 34 omhandlede forhold.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar ríkjanna sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

Gjört 25. ágúst 1981 í Svendborg í einu eintaki á sænsku, dönsku, finnsku og norsku og skal sænska utanríkisráðuneytið koma staðfestum afritum til ríkisstjórna hinna samningsríkjanna.

Til bekræftelse heraf har de befuldmægtigede repræsentanter for de respektive stater undertegnet denne overenskomst.

Som sket den 25. august 1981 i Svendborg i et eksemplar på svensk, dansk, finsk og norsk, af hvilket det svenske udenrigsministerium skal overlade bekræftede genparter til de øvrige kontraherende staters regeringer.

VIÐAUKI

Ríki þar sem ákvæði um viðurkenningu til handa mönnum með starfsréttindi sem 1. gr. tekur til gilda við gildistöku samningsins.

BILAG

Stater, hvor bestemmelser om godkendelse af erhvervsudövere, som omfattes af artikel 1, gælder ved overenskomstens ikrafttræden.

Starfsstétt Personalegruppe	Ríki Stat			
	Danmörk Danmark	Finnland Finland	Noregur Norge	Svíþjóð Sverige
1. læger *læknar*	x	x	x	x
2. tandlæger *tannlæknar*	x	x	x	x
3. sygeplejersker *hjúkrunarfræðingar*	x	x	x	x
4. provisorer *lyfjafræðingar*	x	x	x	x
5. fysioterapeuter *sjúkraþjálfarar*	x	x	x	x
6. ergoterapeuter *iðjuþjálfar*	x	—	x	—
7. jordemødre *ljósmæður*	x	x	x	x
8. sundhedsplejersker *heilsugæsluhjúkrunarfræðingar*	x	—[1]	x	x
9. optikere *gleraugna- og sjónfræðingar*	—	x	—	x
10. psykologer *sálfræðingar*	—	—	x	x
11. receptarer *aðstoðarlyfjafræðingar*	—	x	x	x
12. radiografer *röntgentæknar*	—	x	x	—
13. plejere *gæslumenn*	—	x	x	—
14. tandplejere —	x	—	x	x
15. klinikassistenter *aðstoðarmenn tannlækna*	—	x	—	(x)[2]
16. laboratorietandteknikere *tannsmiðir*	—	x	(x)[2]	(x)[2]
17. sygehjælpere *sjúkraliðar*	—	x	x	—
18. dyrlæger *dýralæknar*	x	x	x	x

1) Réttarreglur gilda um grunnmenntun heilsugæsluhjúkrunarfræðinga.
Retlig regulering gælder for grunduddannelsen af sundhedsplejersker.
2) Gildandi ákvæði eiga við starfa í tannlæknaþjónustu.
Gældende bestemmelser refererer til ansættelse inden for folketandplejen.

Fylgiskjal 4.

SAMKOMULAG

milli

Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum.

Aðildarríkin

sem að Íslandi undanskildu hafa áður gert með sér samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað,

sem telja, að möguleikar á frjálsum skiptum á grunnskólakennurum milli ríkja Norðurlanda geti orðið til nytja fyrir þróun skólastarfs í þessum ríkjum,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Hver sá sem lokið hefur námi, eigi skemmra en þriggja ára, sem í einhverju aðildarríkjanna er opinberlega viðurkennt sem almenn kennaramenntun (bekkjarkennaramenntun) fyrir grunnskóla, nýtur, að fullnægðum þeim skilyrðum sem í samkomulaginu greinir, hliðstæðrar viðurkenningar í sérhverju hinna aðildarríkjanna og skal hafa heimild til að starfa sem almennur kennari.

Hver sá sem lokið hefur opinberlega viðurkenndu almennu kennaranámi sem veitir réttindi til kennslu í 3 eða 4 fyrstu bekkjum grunnskóla í einhverju aðildarríkjanna getur, að fullnægðum þeim

skilyrðum sem í samkomulaginu greinir, öðlast heimild til að stunda kennslu sem almennur kennari í 4 fyrstu bekkjum grunnskóla í sérhverju aðildarríkjanna. Til kennslu umfram það yrði krafist viðbótarprófa.

2. gr.

Forsenda þess að almennur kennari í einu aðildarríkjanna verði ráðinn að grunnskóla í öðru aðildarríki er að hann hafi vald á því tungumáli sem kennt er á í skólanum.

Skólamálayfirvöld í hverju aðildarríki skuldbinda sig til að skipuleggja bæði námskeið og próf í viðkomandi tungumálum.

Almennan kennara sem hefur vald á einhverju skandinavísku máli (dönsku, norsku, sænsku) skal þó unnt að ráða til starfa við skóla þar sem kennt er á öðru skandinavísku máli, að því tilskildu að hann ljúki prófi í viðkomandi máli innan tveggja ára. Gert er ráð fyrir, að kennarinn sé þann tíma undanþeginn skyldu til að inna af hendi kennslu í þessu tungumáli.

3. gr.

Til áframhaldandi ráðningar sem almennur kennari með fullum réttindum til kennslu á öllum stigum hins danska grunnskóla (folkeskole) er það skilyrði í Danmörku, að almennur kennari með opinberlega viðurkennda menntun frá öðru aðildarríki ljúki einnig sérstöku prófi í kennslu- og uppeldisfræðum á fyrstu 4 árunum er hann starfar sem kennari í dönskum grunnskóla (folkeskole).

4. gr.

Gert er ráð fyrir því að meginreglu, að almennur kennari (bekkjarkennari) sem hlotið hefur réttindaviðurkenningu samkvæmt þessu samkomulagi geti sótt um og fengið stöðu sem almennur kennari í öðru aðildarríki, enda þótt umsækjandi sé ekki ríkisborgari þess ríkis.

Starf sem almennur kennari í einu aðildarríkjanna ber í öðru aðildarríki þar sem starfinu er haldið áfram að leggja að jöfnu við tilsvarandi starf innt af hendi í síðar nefnda ríkinu.

5. gr.

Almennur kennari í einu aðildarríkjanna sem fengið hefur starf í öðru aðildarríki á að meginreglu að standa jafnt almennum kennara í síðar nefnda ríkinu að því er varðar rétt til launa og eftirlauna svo og önnur réttindi er starfinu fylgja.

6. gr.

Sérhvert aðildarríki skal eftir undirritun þessa samkomulags — eftir því sem við verður komið — hlutast til um breytingar á gildandi innlendum lögum og reglum í samræmi við meginreglur þær sem lýst er í 1.—5. grein.

7. gr.

Aðalstjórnvöldum skólamála í aðildarríkjunum ber að fylgjast með þróuninni á vinnumarkaði kennara í hlutaðeigandi ríkjum og tilkynna nefnd þeirri sem skipuð er samkvæmt 5. gr. samkomulags frá 22. maí 1954, um sameiginlegan vinnumarkað, ef talin er ástæða til sérstakra ráðstafana.

Aðalstjórnvöldum skólamála ber að skiptast stöðugt á upplýsingum um atriði sem máli skipta til að meta þróunina á vinnumarkaði kennara í aðildarríkjunum.

8. gr.

Samkomulag þetta skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjöl afhent finnska utanríkisráðuneytinu til varðveislu.

Samkomulagið öðlast gildi þremur mánuðum eftir að fullgildingarskjöl allra samkomulagsaðila hafa verið afhent.

Sérhvert aðildarríki getur sagt samkomulaginu upp með 6 mánaða fyrirvara, þannig að aðild ljúki fyrsta júlí eða fyrsta janúar.

Sérhvert aðildarríki getur fyrirvaralaust fellt samkomulagið úr gildi gagnvart einu eða fleiri hinna aðildarríkjanna ef styrjöld skellur á eða hætta er á styrjöld eða nauðsyn ber til vegna annarra sérstakra aðstæðna á innlendum eða alþjóðlegum vettvangi. Tilkynna skal ríkisstjórnum hlutaðeigandi ríkja þegar í stað um ákvörðunina.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa umboð, undirritað samkomulag þetta og sett á það innsigli sitt.

Gjört í Helsingfors hinn 3. mars 1982 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Sþ. 563. Skýrsla

fjármálaráðherra um ríkisfjármál 1981 samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds í árslok 1981.

1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit.

Hlutverk þessarar skýrslu er að lýsa þróun helstu stærða ríkisfjármála á árinu 1981 með hliðsjón af frávikum þeirra frá fjárlögum annars vegar og júníáætlun fjárlaga- og hagsýslustofnunar hins vegar. Auk þess er vikið nokkrum orðum að framkvæmd lánsfjáráætlunar ársins 1981 með tilliti til hins opinbera.

Fjárlög 1981 voru samþykkt á Alþingi 20. desember 1980. Heimildir til lánsfjáröflunar samkvæmt lánsfjáráætlun lágu hins vegar ekki fyrir fyrr en með afgreiðslu lánsfjárlaga 14. apríl 1981. Dráttur á afgreiðslu lánsfjárlaga hafði ekki áhrif á fjármál A-hluta ríkissjóðs á annan hátt en hvað snertir endurlánareikning ríkissjóðs.

Á miðju ári 1981 var heildarstaða ríkissjóðs tekin til endurskoðunar, bæði hvað varðar tekjur og gjöld og að því er snertir lánsfjármál og stöðuna við Seðlabankann. Einstakir þættir ríkisfjármála voru síðan endurskoðaðir eftir því sem þörf þótti á.

Meðfylgjandi tölur, sem sýna afkomu ríkissjóðs á árinu 1981, eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds frá síðari hluta janúar s. l., en yfirlitið er miðað við bráðabirgðatölur á greiðslugrunni. Þessar tölur eru því eitthvað frábrugðnar þeim sem verða í ríkisreikningi þar sem hann er byggður á endanlegum tölum á rekstrargrunni.

Á yfirliti I eru sýndar áætlunartölur fjárlaga og bráðabirgðatölur reiknings.

Yfirlit I

	Bráðabirgðatölur 31.12.1981 m.kr.	Áætlun júní 1981 m.kr.	Fjárlög 1981 m.kr.
1. Tekjur	5 997	5 577	5 515
2. Gjöld	5 911	5 539	5 458
3. Tekjur umfram gjöld	+ 86	+ 38	+ 57
4. Lánahreyfingar, Seðlabanki meðtalinn	0	+ 22	− 17
5. Viðskiptareikningar	− 14	− 42	− 12
6. Greiðsluafgangur	+ 72	+ 18	+ 28

Eins og yfirlitið sýnir eru nokkur frávik á tekjum og gjöldum fjárlaga og bráðabirgðauppgjöri reiknings. Vega þar þyngst aðrar forsendur fjárlaga með tilliti til launa- og verðlagsþróunar ársins. Einnig komu til ýmsir útgjaldaaukar sem voru ófyrirséðir við gerð fjárlaga. Launataxtabreytingar frá upphafi til loka árs 1981 voru í fjárlögum áætlaðar um 33%, en urðu um 42%, vegna meiri hækkunar verðbótavísitölu og launa en gert var ráð fyrir. Svipuðu máli gegnir um almennar verðlagsbreytingar. Í fjárlögum 1981 var miðað við 42% verðbreytingu milli áranna 1980 og 1981, en varð í raun 50%.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjörinu reyndust innheimtar tekjur ríkissjóðs 5 997 m.kr., sem er 482 m.kr. umfram fjárlagaáætlun eða sem nemur 8,7% hækkun. Í júníáætluninni reyndust tekjur ríkissjóðs einnig of lágt áætlaðar. Fyrst og fremst urðu óbeinir skattar tekjudrýgri en gert hafði verið ráð fyrir. Aðflutningsgjöld námu 27,2% hærri fjárhæð en í fjárlögum og sölugjald 10,1% hærri fjárhæð. Skýrist þessi tekjuauki m. a. af miklum innflutningi síðari hluta ársins 1981. Í töflu 1 í viðauka eru sýnd frávik á helstu tekjuliðum ríkissjóðs. Tafla 2 í viðauka sýnir áætlun um skattbyrði einstaklinga á árunum 1974 til 1981. Á yfirlitinu kemur fram að greiðslubyrði skatta er nokkurn veginn óbreytt yfir tímabilið 1979 til 1981.

Gjöld ríkissjóðs voru samtals 5 911 m.kr., en það er 453 m.kr. eða 8,3% hækkun frá fjárlögum. Stærstu frávik útgjalda skýrast af breytingu á launaútgjöldum, en áhrif kjarasamninga og verðbótavísitölu á árinu 1981 reyndust meiri en áætlað hafði verið í fjárlögum. Langflestir útgjaldaliðir almannatrygginga fylgja þróun launa og verðlags og reyndust útgjöld því hærri en fjárlagaáætlun. Auk þess greiddi ríkissjóður til Tryggingastofnunar ríkisins um 50 m.kr. vegna eldri skulda við stofnunina. Í töflu 3 í viðauka eru sýnd frávik bráðabirgðatalna frá fjárlögum ársins 1981, skipt eftir ráðuneytum.

Hjá A-hluta ríkissjóðs var jafnvægi í lánahreyfingum, en í fjárlögum var gert ráð fyrir 17 m.kr. nettóútstreymi. Á hinn bóginn sýndi júníáætlunin nettóinnstreymi að fjárhæð 22 m.kr.

Bráðabirgðauppgjörið sýnir nettóútstreymi á viðskiptareikningum að fjárhæð 14 m.kr. og er það ekki fjarri fjárlagaáætluninni sem var 12 m.kr. Hins vegar reyndist þessi útkoma mun hagstæðari heldur en áætlunin frá því í júní, er gerði ráð fyrir 42 m.kr. nettóútstreymi eða 28 m.kr. lakari útkomu en raun varð á, sbr. yfirlit I. Bráðabirgðaniðurstaða er því greiðsluafgangur að fjárhæð 72 m.kr.

Mynd 1 sýnir rekstrarjöfnuð ríkissjóðs á greiðslugrunni tímabilið 1970—1981 og hefur niðurstaða hvers árs verið framreiknuð til verðlags ársins 1981. Eins og línuritið ber með sér er tekjuafgangur á árinu 1981 í fyrsta skipti síðan 1970, en rekstrarafkoman hefur verið mjög breytileg yfir tímabilið.

Mynd 1

Rekstrarjöfnuður ríkissjóðs 1970—1981. Greiðslugrunnur.

Jafnvægisáhrif ríkisfjármála á efnahagsstarfsemina má að nokkru sýna út frá greiðsluafkomu ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu árið 1981 eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Yfirlit II

m.kr.	Bráðabirgðatölur 31.12.1981 m.kr.	Áætlun júní 1981 m.kr.	Fjárlög 1981 m.kr.
6. Greiðsluafgangur (sjá yfirlit I)	+ 72	+ 18	+ 28
7. Afborganir í Seðlabanka (nettó)	+ 100	+100	+ 100
8. Greiðsluafkoma ríkissjóðs	+ 172	+ 118	+ 128

Yfirlitið hér að framan sýnir að samtala tekna, gjalda, lánahreyfinga utan Seðlabankans og viðskiptareikninga myndar jákvæða greiðsluafkomu ríkissjóðs að fjárhæð 172 m.kr. Afkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu er því mun hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir bæði í júníáætlun og fjárlögum. Jákvæð greiðsluafkoma ríkissjóðs í þessum skilningi sýnir viðleitni ríkisfjármála til að draga úr þenslu í hagkerfinu. Þetta er í þriðja sinn frá og með árinu 1973 sem greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu hefur verið jákvæð, en tímabilið 1973—1978 var hún ætíð neikvæð eins og sést í töflu 4 í viðauka.

Í yfirliti III er sýnd sambærileg niðurstaða á greiðsluafkomu ríkissjóðs gagnvart bankakerfinu á undanförnum sex árum og til frekari glöggvunar er hún sýnd sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu hvers árs um sig.

Yfirlit III

	Greiðsluafkoma m.kr.	% af vergri þjóðarframleiðslu
1981	+ 172	+ 0,9
1980	+ 62	+ 0,5
1979	+ 23	+ 0,3
1978	− 37	− 0,6
1977	− 17	− 0,4
1976	− 5	−0,2

Greiðslur ríkissjóðs til Seðlabankans voru í samræmi við það sem áætlað hafði verið í fjárlögum 1981. Á árinu 1981 grynnkaði ríkissjóður töluvert á heildarskuld sinni í Seðlabankanum eða úr 298 m.kr. í árslok 1980 í 223 m.kr. í árslok 1981. Afborganir af lánum í Seðlabankanum voru 100 m.kr. og staðan á hlaupareikningi ríkissjóðs batnaði um 58 m.kr. á árinu, en á móti kemur hins vegar uppfærsla skulda vegna verðbóta að fjárhæð 83 m.kr. Mynd 2 sýnir hvernig staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum hefur þróast á undanförnum árum og hafa skuldir hvers ársfjórðungs verið framreiknaðar til verðlags í árslok 1981.

Mynd 2

Skuld ríkissjóðs, A-hluta, við Seðlabanka 1974—1981 framreiknuð til verðlags í árslok 1981.



Línuritið sýnir ljóslega hvernig raungildi skuldastöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum hefur farið hraðlækkandi á árunum 1979—1981.

2. Lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.

Í töflu 6 í viðauka er sýnd lánsfjárráðstöfun samkvæmt lánsfjárlögum og notkun lánsfjárins á árinu 1981. Á nokkrum liðum koma fram frávik á lánsfjárheimildum og því fjármagni sem notað var. Í töfluyfirlitinu er jafnframt getið lántökuheimilda. Að frátöldum heimildum í sérlögum eins og um Ísl. járnblendifélagið, raforkuver o. fl. er í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir 1982 svo og í fjárlögum fyrir það ár leitað heimilda til erlendrar viðbótarlántöku vegna endurskoðunar á lánsfjáráætlun ársins 1981. Lántökuþörf þessi var samtals að fjárhæð 45 m.kr. og eru eftirfarandi þættir þar helst til skýringar. Í lánsfjáráætlun 1981 voru 52 m.kr. áætlaðar til framkvæmda við byggðalínur, en gert er ráð fyrir að kostnaður á árinu nemi samtals 68 m.kr. Þar af er umframkostnaður, sem rekja má til Suð-austurlínu, um 11 m.kr. Holur 16, 17 og 18 við Kröflu voru tengdar á haustmánuðum. Áætlað er að framkvæmdir þessar hafi haft aukakostnað í för með sér að fjárhæð 5,2 m.kr. og þurftu 3 m.kr. af þeirri fjárhæð að greiðast á árinu 1981. Sem kunnugt er komst Vesturlína mun seinna í gagnið en við var miðað þegar Orkubú Vestfjarða var stofnað. Vegna notkunar

dísilvéla varð framleiðsla raforku því miklu dýrari en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum Orkubúsins og myndaðist þar af leiðandi rekstrarhalli á fyrstu starfsárum þess. Orkubúið hefur því leitað eftir láni að fjárhæð 5,6 m.kr. til allt að 5 ára til að bæta úr rekstrarfjárskorti og þá jafnframt að gera upp skuldir sínar við Rafmagnsveitur ríkisins.

Við samningu lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 voru fjármál ýmissa hitaveitna og rafmagnsveitna sérstaklega athuguð. Var þá talið að unnt væri að framlengja ýmis lán og breyta lánskjörum þannig að eigi þyrfti að afla sérstakra lagaheimilda til að greiða úr fjárhagsvandanum. Komið hefur í ljós að þessi leið var aðeins fær að takmörkuðu leyti þar sem ýmsar skuldir veitnanna voru við aðra en endurlánareikning ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að lán til þessara aðila nemi 8 m.kr.

Í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1981 er heimild til að fjármagna tímabundið byggingu Listasafns Íslands meðan verið er að selja erfðahlut safnsins úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar. Nokkur óvissa er um hvenær lokið verður að selja eignir þær er mynda erfðahlut safnsins og líklegt að nokkur ár líði þar til allt það fé verði til ráðstöfunar. Þeir samningar sem gerðir voru við verktaka um byggingu safnhússins námu um 4 m.kr. og greiðast úr byggingarsjóði Listasafns Íslands.

Lagmetisiðjan Siglósíld hefur að undanförnu átt við rekstrarerfiðleika að etja. Þessu hefur fyrirtækið reynt að mæta með aukinni fjárfestingu sem leiða á til aukinnar hagræðingar innan fyrirtækisins. Til að standa undir fjárfestingarkostnaði og skuldasöfnun síðustu ára hefur ríkissjóður aukið eigið fé fyrirtækisins með fjárveitingum og einnig aflað því lánsfjár. Lán vegna þessa nema alls 2,4 m.kr. Vegna fjárhagserfiðleika Kísiliðjunnar er leitað heimilda til lántöku alls að fjárhæð 3,0 m.kr. en fyrirtækið hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum. Ekki þykir ástæða til að fjalla ítarlegar en þegar er gert um viðbótarlánsfjárþörf hins opinbera, enda skýringar að finna í töflu 6.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1981 var stefnt að 338 m.kr. innlendri og 1 017 m.kr. erlendri lánsfjáröflun til opinberra aðila. Innlenda lánsfjáröflunin reyndist nokkuð önnur en stefnt var að og eru eftirfarandi liðir þar helst til skýringar. Sala verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs reyndist aðeins 51 m.kr. í stað 90 m.kr. eins og gert hafði verið ráð fyrir. Verðbréfakaup banka og lífeyrissjóða fóru hins vegar 25 m.kr. fram úr áætlun og urðu 133 m.kr. í stað 108 m.kr. eins og áætlað var. Önnur innlend fjáröflun reyndist lægri en til stóð vegna þess að ekki tókst að breyta skuldum ríkissjóðs við lífeyrissjóði í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins í föst skuldabréf. Orsök þessa var bágborin lausafjárstaða sjóðanna.

Samkvæmt bráðabirgðatölum reyndust afgreidd erlend lán 1 073 m.kr. eða 56 m.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í lánsfjárlögum.

Í töflu 7 í viðauka og á mynd 3 er gefið yfirlit um þróun veigamestu stærða í viðskiptum þjóðarbúsins út á við. Fram kemur að nettó-staða þjóðarbúsins við útlönd sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu (VÞF) hefur haldist lítt breytt s.l. fimm ár, þegar á heildina er litið. Hins vegar hafa orðið talsverðar sveiflur í einstaka þáttum, s.s. löngum erlendum lánum og gjaldeyrisstöðu.

Mynd 3 sýnir nettó-stöðu þjóðarbúsins í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu.

Mynd 3
Nettóstaða þjóðarbúsins út á við í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu.



Töfluviðauki

Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs, A-hluti 1981. Greiðslugrunnur.
Tafla 2. Áætlanir um skattbyrði einstaklinga árin 1974—1981.
Tafla 3. Gjöld ríkissjóðs, A-hluti 1981. Greiðslugrunnur.
Tafla 4. Afkoma ríkissjóðs árin 1970—1981, A-hluti.
Tafla 5. Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu árin 1970—1981.
Tafla 6. Lánsfjárþörf opinberra aðila og fjármögnun hennar árið 1981.
Tafla 7. Staða þjóðarbúsins út á við árin 1970—1981.

Tafla 1.

Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1981. Greiðslugrunnur.
Í milljónum króna.

	Reikningur 1981	Fjárlög 1981	Frávik frá fjárlögum m.kr.	%
1. Beinir skattar	**920**	**979**	**−59**	**−6**
a) Tekju- og eignaskattar	865	859	+6	+7
b) Erfðafjárskattur	15	8	+7	+88
c) Sjúkratryggingagjald	33	112	−79	−71
d) Framkvæmdasjóður aldraðra	7	—	+7	—
2. Gjöld af innflutningi	**1 181**	**948**	**+233**	**+25**
a) Almenn aðflutningsgjöld	874	687	+187	+27
b) Bensín- og gúmmígjald	172	169	+3	+2
c) Innflutningsgjald af bifreiðum	133	90	+43	+48
d) Annað	2	2	0	0
3. Skattar af framleiðslu	**447**	**413**	**+34**	**+8**
a) Vörugjald, sérstakt og almennt	442	407	+35	+9
b) Álgjald	5	6	−1	−17
4. Skattar af seldum vörum og þjónustu	**2 972**	**2 719**	**+253**	**+9**
a) Söluskattur	2 103	1 910	+193	+10
b) Launaskattur	291	267	+24	+9
c) ÁTVR	406	385	+21	+5
d) Iðgjöld atvinnurekenda	147	135	+12	+9
e) Annað	25	22	+3	+14
5. Aðrir óbeinir skattar	**387**	**347**	**+40**	**+11**
a) Bifreiðaskattur	66	65	+1	+2
b) Verðjöfnunargjald	62	63	−1	−2
c) Stimpilgjald, þinglýsingargjald, aukatekjur	132	116	+16	+14
d) Annað	127	103	+24	+23
6. Arðgreiðslur, vextir og ýmsar tekjur	**90**	**109**	**−19**	**−17**
Samtals	5 997	5 515	+482	+9

Tafla 2.

Áætlanir um skattbyrði einstaklinga 1974—1981.
Í milljónum króna.

	(1973)	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981[3]
1. Skattar til sveitarfélaga[1]		52	88	115	155	233	381	618	960
2. Skattar til ríkisins[2]		38	47	85	95	221	350	525	788
3. Álagðir skattar alls		91	135	200	251	455	731	1 143	1 748
4. Heildartekjur einstaklinga	(573)	854	1 144	1 539	2 285	3 620	5 500	8 590	13 370
5. Álagðir skattar sveitarfélaga *í hlutfalli við:*									
a. Tekjur fyrra árs		9,1%	10,3%	10,1%	10,1%	10,2%	10,5%	11,2%	11,2%
b. Tekjur greiðsluárs		6,1%	7,7%	7,5%	6,8%	6,4%	6,9%	7,2%	7,2%
6. Álagðir skattar ríkisins í hlutfalli við:									
a. Tekjur fyrra árs		6,7%	5,5%	7,4%	6,2%	9,7%	9,7%	9,5%	9,2%
b. Tekjur greiðsluárs		4,5%	4,1%	5,5%	4,2%	6,1%	6,4%	6,1%	5,9%
7. Álagðir skattar alls í hlutfalli við:									
a. Tekjur fyrra árs		15,8%	15,8%	17,5%	16,3%	19,9%	20,2%	20,8%	20,4%
b. Tekjur greiðsluárs		10,6%	11,8%	13,0%	11,0%	12,5%	13,3%	13,3%	13,1%

1) Útsvar og fasteignaskattar.
2) Tekju- og eignarskattar, sjúkratryggingagjald.
3) Bráðabirgðatölur.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 3.

Gjöld ríkissjóðs A-hluti 1980. Greiðslugrunnur.
Í milljónum króna.

	Reikningur 1981	Fjárlög 1981	Frávik frá fjárlögum m.kr.	%
Ráðuneyti:				
Æðsta stjórn ríkisins	44	32	12	37
Forsætisráðuneyti	51	44	7	16
Menntamálaráðuneyti	928	793	135	17
Utanríkisráðuneyti	66	57	9	16
Landbúnaðarráðuneyti	282	236	46	19
Sjávarútvegsráðuneyti	96	85	11	13
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	339	229	110	48
Félagsmálaráðuneyti	185	173	12	7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2 264	1 820	444	24
Fjármálaráðuneyti	235	585	−350	−60
Samgönguráðuneyti	583	549	34	6
Iðnaðarráðuneyti	260	243	17	7
Viðskiptaráðuneyti	411	407	4	1
Hagstofa Íslands	5	4	1	25
Ríkisendurskoðun	6	5	1	20
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	156	196	−40	−20
Samtals	5 911	5 458	453	8

Tafla 4.

Afkoma ríkissjóðs árin 1970—1981, A-hluti.
Í milljónum króna.

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981[1])
I Greiðsluafkoma:												
Jöfnuður gjalda, tekna og lána, án lána við Seðlab.												
Gjöld	−92	−132	−182	−248	−403	−576	−698	−1011	−1611	−2467	−3766	−5911
Tekjur	95	130	178	240	358	493	683	956	1543	2378	3681	5997
Samtals	+3	−2	−4	−8	−45	−83	−15	−55	−68	−89	−85	+86
Lánahreyfingar utan Seðlab.	+2	+3	+6	+7	+8	+17	+14	+34	+29	+30	+75	+86
Samtals	+5	+1	+2	−1	−37	−66	−1	−21	−39	−59	−10	+172
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka												
Greiðsluhreyfing við Seðlab.	+4	−2	+1	−4	−35	−55	−9	−21	−45	+22	+45	+158
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	+1	+1	0	+1	+1	0	+4	+4	+8	+1	+17	−1
Greiðsluhr. við bankakerfið	+5	−1	+1	−3	−34	−55	−5	−17	−37	+23	+62	+157
Ýmsir viðskiptamenn	0	+2	+1	+2	−3	−11	+4	−4	−2	−82	−72	+15
Samtals	+5	+1	+2	−1	−37	−66	−1	−21	−39	−59	−10	+172
II Rekstrarafkoma:												
Rekstrarjöfnuður tekna og gjalda	+4	−3	+1	−3	−35	−75	+8	−25	−16	−11	+139	...

1) Skv. bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds.

Tafla 5.

Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1970—1981.

Útgjöld skv. A-hluta ríkisreiknings.

	Heildarútgjöld %	Þar af framlög til almannatrygginga og niðurgreiðslna %	Útgjöld að frátöldum framlögum til almannatrygginga og niðurgreiðslna %
1970	21,8	7,2	14,6
1971	24,6	9,3	15,3
1972	26,9	10,8	16,1
1973	26,0	10,6	15,4
1974	29,1	10,8	18,3
1975	30,4	11,4	19,0
1976	26,5	9,4	17,1
1977	27,0	7,6	19,4
1978	28,6	9,5	19,1
1979	29,5	10,5	19,0
1980	28,5	9,9	18,6
1981[1])	29,2	10,3	18,9

1) Samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds.

Tafla 6.

Lánsfjárlög 1981 og afgreiðsla lánsfjár 1981 skv. bráðabirgðatölum.

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar-heimildir vegna 1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
1. Ríkissjóður					
1.1 A-hluti:					
Þjóðarbókhlaða	4 000	—	4 000	4 000	0
Vegagerð	100 050	—	100 050	100 050	0
„ bundið slitlag	10 000	—	10 000	10 000	0
„ sérstök verkefni	12 000	—	12 000	12 000	0
„ jaðarbyggðir	8 100	—	8 100	8 100	0
Landshafnir	2 000	—	2 000	2 000	0
Hlutafjár og eiginfjárframlag	3 820	—	3 820	3 720	+100
RARIK, félagslegar framkvæmdir	15 000	—	15 000	15 000	0
Járnblendifélagið	14 000	16 153[1])	30 153	30 153	0
Hafnargerð, vegna skipasmíðastöðva	11 770	—	11 770	11 770	0
Flugmálastjórn	4 000	—	4 000	4 000	0
Krafla, vaxtaútgjöld	36 450	25 032[2])	61 482	61 482	0
Landspítalinn	7 000	—	7 000	7 000	0
Tryggingastofnun ríkisins	30 000	—	30 000	0	+30 000
Samtals	258 190	41 185	299 375	269 275	30 100

[1]) Heimild til lántöku skv. 3. gr. laga nr. 18/1977 um Ísl. járnblendifélagið.
[2]) Heimild í 29. gr. lánsfjárlaga 1981 nær til lántöku til greiðslu vaxta og erlendra afborgana.

Tafla 6. frh.

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar-heimildir vegna 1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
1.2 B-hluti:					
Byggðasjóður	31 500	3 500[3])	35 000	35 000	0
Landakaup kaupstaða og kauptúna	3 000	—	3 000	0	+3 000[4])
Lánasjóður íslenskra námsmanna	33 000	—	33 000	33 000	0
Ríkisútvarp	4 000	—	4 000	3 500	+500[5])
Lagmetisiðjan Siglósíld	1 000	2 400[6])	3 400	3 400	0
Skipaútgerð ríkisins	24 000	—	24 000	13 800	+10 200[7])
RARIK, almennar framkvæmdir	83 080	—	83 080	83 080	0
Byggðalínur	52 100	15 490[8])	67 590	67 590	0
Kröfluvirkjun, framkvæmdir	33 640	3 000[9])	36 640	36 640	0
Jarðvarmaveitur ríkisins	8 000	—	8 000	8 000	0
Virkjunarrannsóknir	8 000	—	8 000	4 000	+4 000
Grænfóðurverksmiðjur	2 700	—	2 700	1 000	+1 700
Orkusjóður					
Byggðalínur, fjármagns-útgjöld	38 400	17 335[10])	55 735	55 735	0
Hitaveitulán	7 500	—	7 500	7 500	0
Jarðhitaleit	11 000	—	11 000	11 000	0
Byggingarsjóður Listasafns Ísl.	—	4 000[11])	4 000	4 000	0
Landssmiðjan	3 000	—	3 000	3 000	0
Áburðarverksmiðjan	35 000	—	35 000	8 400	+26 600[12])
Póstur og sími:					
Vörukaupalán	4 600	—	4 600	4 600	0
Lagning sjálfvirks síma	8 000	—	8 000	8 000	0
Jarðstöðin Skyggnir	—	11 730[13])	11 730	11 730	0
Næstu stórvirkjanir	—	37 400[14])	37 400	37 400	0
Samtals	391 520	94 855	486 375	440 375	46 000

3) Notkun heimildar frá 1980.
4) Verður ekki nýtt á árinu 1982 vegna nýrra heimilda í lántökufrumvarpi 1982.
5) Óafgreitt um áramót en afgreitt í mars 1982.
6) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
7) Verður nýtt árið 1982 og auk þess 200 þús. kr. frá árinu 1980.
8) Heimild fyrir 4 423 þús. kr. er í lánsfjárlögum 1981, 26. gr., en 11 067 þús. kr. eru teknar skv. ákv. fjárl. 1982.
9) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
10) Í 29. gr. lánsfjárlaga 1981 var heimild til lántöku til greiðslu afborgana af erlendum lánum.
11) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
12) Lán að fjárhæð 35 m. kr. tryggt, en aðeins 8,4 m. kr. ráðstafað á árinu 1981. Eftirstöðvar á árinu 1982.
13) Geymd heimild vegna jarðstöðvar.
14) Heimild skv. lögum nr. 60/1981 um raforkuver.

Tafla 6. frh.

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar-heimildir vegna 1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs:					
Landsvirkjun	462 190	—	462 190	420 200	+41 990[15])
Orkubú Vestfjarða	27 200	5 600[16])	32 800	32 800	0
Sjóefnavinnsla	—	4 000[17])	4 000	4 000	0
Kísiliðja	2 000	3 000[18])	5 000	4 905	+95
Samtals	491 390	12 600	503 990	461 905	42 085
3. Sveitarfélög:					
Hitaveitur	198 900	6 900	205 800	205 800[19])	0
Önnur lánsfjáröflun	15 000	1 050	16 050	16 050[20])	0
Samtals	213 900	7 950	221 850	221 850	0
4. Ráðstöfun (1+2+3)= fjáröflun (5+6)	1 355 000			1 393 405	
5. Innlend lán	338 100			320 000	
Spariskírteini	90 000			51 000	
Innheimt endurlán (nettó)	90 000			110 000	
Verðbréfakaup bankakerfisins (nettó)	68 000			76 000	
Verðbréfakaup lífeyrissj. (nettó)	40 000			57 000	
Önnur innlend fjáröflun	50 100			26 000	
6. Erlend lán	1 016 900			(1 073 405)	

15) Greiðsla áætluð 1981, nýtt 1982.
16) Heimild skv. lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
17) Heimild skv. lögum nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu.
18) Heimild skv. lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
19) Aðeins eru taldar viðbótarlántökur sem fara um endurlánareikn. ríkissj. Heimild skv. þessum lið, sbr. lið 3.12 í fjárlögum 1982, er ráðstafað til Hitaveitu Seyðisfj. 1 600, Hitaveitu Hafnar í Hornafirði 1 500, Hitaveitu Suðureyrar 500, Hitaveitu Hóla 634 og Rafveitu Siglufjarðar 1 500.
20) Lán veitt Bæjarsjóði Vestm. 5 200, Bæjarsj. Ísafj. 850, Bæjarsj. Siglufj. 3 000 og Rafveitu Siglufj. 7 000. Viðbótarheimild í lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.

Tafla 7.

Staða þjóðarbúsins út á við árin 1970—1981.
(meðalgengi hvers árs)

Í m. kr.	Löng erlend lán	Stutt vöru-kaupalán o. fl.	Ógreiddur útflutningur	Gjaldeyris-staða	Nettóstaða við útlönd	Verg þjóðar-framleiðsla	Staða í hlutfalli við VÞF (%)		Greiðslu-byrði í % af útfl.-tekjum
							Löng erlend lán	Nettó-staða	
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1970	−115,1	−17,2	7,6	32,6	−92,0	431,8	26,6	21,3	11,2
1971	−145,0	−19,0	7,0	47,8	−109,1	549,6	26,4	19,9	10,0
1972	−172,5	−20,1	10,6	55,3	−126,7	684,2	25,2	18,5	11,4
1973	−226,1	−34,2	21,8	67,0	−171,5	966,3	23,4	17,8	9,1
1974	−337,9	−49,8	25,7	16,2	−345,9	1 410,8	23,9	24,5	11,2
1975	−672,8	−66,4	42,6	−30,4	−727,1	1 928,2	34,9	37,7	14,2
1976	−898,5	−97,5	59,9	−3,9	−940,0	2 659,6	33,8	35,3	13,8
1977	−1 205,5	−146,1	89,2	56,7	−1 205,8	3 814,8	31,6	31,6	13,7
1978	−1 944,3	−237,5	160,4	173,2	−1 848,2	5 776,0	33,7	32,0	13,1
1979	−2 909,5	−435,9	246,2	396,0	−2 703,2	8 460,0	34,4	32,0	12,8
1980	−4 617,1	−768,9	395,0	759,0	−4 232,0	13 288,0	34,7	31,8	14,1
1981[1])	−7 510,0	−1 065,0	627,0	1 517,0	−6 431,0	20 196,0	37,2	31,8	16,6[1])

1) Bráðabirgðatölur.
Heimild: Seðlabanki Íslands.

Nd. 564. Frumvarp til laga [266. mál]

um sykurverksmiðju í Hveragerði.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í hlutafélagi, er reisi og reki sykurverksmiðju í Hveragerði, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Málefni sykurverksmiðjunnar heyra undir iðnaðarráðherra.

2. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 29 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. mars 1982 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 43 milljónum kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárþörf vegna stofnkostnaðar.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.
4. Að leigja hlutafélaginu lóð úr landi ríkisins í Ölfusdal undir verksmiðjubyggingu og tryggja því rétt til nýtingar jarðgufu á jarðgufusvæði í eigu ríkisins í Ölfusdal.

3. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

4. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um öryggi á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í hlutafélagi skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að stofnsetningu sykurverksmiðju í Hveragerði. Reiknað er með að ríkið sé eigandi allt að 40% af hlutafé félagsins. Einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög verði eigendur 60% hlutafjár.

Hugmyndin um byggingu sykurverksmiðju á sér nokkurn aðdraganda. Málið kom til kasta Alþingis vorið 1977, þegar samþykkt var þingsályktunartillaga þess efnis að gerð yrði hagkvæmniathugun á að byggja sykurhreinsunarverksmiðju á Íslandi. Var finnska fyrirtækið Finska Socker AB fengið til að gera skýrslu um málið.

Skýrslan var tilbúin í október 1977. Lagt er til í skýrslunni að framleiða sykur úr melassa og var hér um grundvallarbreytingu að ræða, þar sem áður hafði verið reiknað með að hreinsa hrásykur.

Rófumelassi er tiltölulega ódýrt og vannýtt hráefni, sem fellur til í venjulegum sykurverksmiðjum, sem framleiða sykur úr rófum.

Niðurstöður úr skýrslu Áhugafélags um sykuriðnað hf. og Finska Socker AB frá því í febrúar voru þessar m. a.:

Á árinu 1978 er stofnað Áhugafélag um sykuriðnað hf. Beitti félagið sér fyrir því í samvinnu við Finska Socker AB með stuðningi Norræna iðnaðarsjóðsins að vinna ítarlega skýrslu um sykurvinnslu í Hveragerði.

Skýrslan inniheldur m. a. forhönnun á verksmiðjunni.

Niðurstöður úr skýrslu Áhugafélags um sykuriðnað hf. og Finska Socker AB frá því í febrúar voru þessar m. a.:

1. Það er fullkomlega tæknilegur möguleiki að byggja sykurverksmiðju sem grundvallast á melassahráefni.
2. Það er mögulegt að framleiða fyrsta flokks kristallaðan sykur úr sykurinnihaldi frummelassa með venjulegri kristöllunaraðferð.
3. Sú orka, sem vinnslan þarf á mismunandi stigum, sérstaklega eiming á sykurupplausninni og lokamelassanum, fæst úr jarðgufu. Einnig er hægt að framleiða raforku til eigin þarfa með jarðgufunni.
4. Það er hagkvæmt að velja verksmiðjunni stað í Hveragerði, þar sem nauðsynlegar forsendur fyrir framleiðslu af þessu tagi eru fyrir hendi: vinnuafl, vatn, kælivatn og það, sem er mikilvægast, jarðgufa, en tilraunir sýna, að nægjanleg gufa með heppilegum eiginleikum er fyrir hendi.

5. Núverandi dreifi- og sölukerfi á Íslandi getur séð um dreifingu og sölu á allri ársframleiðslunni, um 10 000 tonnum á ári.
6. Tilraunir sýna, að það er mögulegt að þurrka þann hluta hráefnisins, sem ekki er sykur, hinn svokallaða lokamelassa, og gera úr honum þurrt fóður, svokallað melassamjöl (mjölkenndur melassi). Það ætti að vera mögulegt að koma melassamjölinu með tiltölulega skjótum hætti á markaðinn með hjálp íslensku fóðurblöndunarfyrirtækjanna.
7. Á grundvelli tiltölulega nákvæmrar forhönnunar er fjárfesting í verksmiðjunni áætluð um FIM 106 300 000, reiknuð á verðlagi í nóvember 1979. Fjárfestingin nær yfir verksmiðjulóð, verksmiðjubyggingar og vélbúnað, búnað til öflunar og dreifingar á orku, geymslur fyrir hráefni og framleiðsluvörur og flutningatæki svo og annan óhjákvæmilegan kostnað. Það vekur athygli, að hlutdeild tolla, skatta og opinberra gjalda í heildarfjárfestingunni er um 20%.
8. Ef 15 ára endurgreiðslutími og 12% ársvextir eru notaðir á fjárfestinguna, þá verður kostnaðarverð sykursins FIM 2,4/kg. Þegar 36% verslunarálagningu er bætt við, fæst verðið ísl. kr. 350/kg á venjulegum kristölluðum sykri.
   Þetta verð er vel samkeppnishæft við sykurverð eins og það var á Íslandi í nóvember-desember 1979.
   Almennt er hægt að draga þá ályktun, að sykurframleiðsla á Íslandi tryggi sykurverð til neytenda, sem er hóflegt og sambærilegt verðlagi í öðrum Evrópulöndum.
   Þetta er mögulegt við núverandi aðstæður án niðurgreiðslna eða með lítils háttar stuðningi eins og tíðkast í flestum löndum Evrópu.
9. Hin áframhaldandi mikla hækkun á eldsneytisverði eykur stöðugt verðið á hreinsuðum sykri á heimsmarkaðinum. Þar sem jarðvarmi er fyrir hendi á Íslandi, býður eigin sykurframleiðsla upp á mikilvægan möguleika til að hagnýta þessa orku. Þurrkun lokamelassans í fóður eykur enn notkunargildi jarðvarmans.
10. Þjóðhagsleg áhrif fjárfestingarinnar verða í fyrsta lagi tiltölulega jafnt og hóflegt sykurverð, í öðru lagi næst umtalsverður gjaldeyrissparnaður, um það bil FIM 15—18 milljónir á ári. Þar fyrir utan er hægt að reikna með hagstæðum áhrifum á atvinnuástandið, þar sem verksmiðjan býður upp á ný störf fyrir 60—70 manns. Einnig hlýtur hin nýja tækni sem berst til landsins að vera áhugaverð.

Starfshópur iðnaðarráðuneytisins.

Iðnaðarráðuneytið skipaði 6. maí 1980 starfshóp til þess að yfirfara skýrslu Áhugafélags um sykuriðnað hf. og Finska Socker AB.

Samkvæmt bréfi ráðuneytisins bar starfshópnum að leggja mat á niðurstöður skýrslunnar og tæknilegar forsendur og hagkvæmni þess að reisa og reka sykurverksmiðju í Hveragerði. Jafnframt bar starfshópnum að athuga aðra framleiðslu, sem tengst gæti rekstri verksmiðjunnar og ábendingar hafa komið fram um.

Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum í janúar 1981, og var skýrslu starfshópsins dreift á Alþingi í maí 1981.

Arðsemi.

Mat á arðsemi sykurverksmiðju er ekki einfalt mál. Verð á aðföngum (melassa) hefur verið nokkuð stöðugt en stórar sveiflur hafa verið á verði hvítasykurs.

Áhugafélag um sykuriðnað hf. og starfshópur ráðuneytisins voru ekki sammála um viðmiðunarverð á melassamjöli og verð á sykri frá verksmiðjunni. ÁS telur eðlilegt að miðað sé við meðalverð áranna 1970—1980 og reyndist það vera 2,90 FIM/kg, en starfshópur ráðuneytisins taldi eðlilegt að miða við 2,50 FIM/kg. Einnig eru skiptar skoðanir um á

hvaða verði ætti að reikna melassamjölið og hvort verksmiðjan geti selt allt það magn af melassamjöli sem til fellur.

Reiknað er með að framleiða um 10 000 tonn af sykri, en við þá framleiðslu falla til 10 000 tonn af melassamjöli. Verður melassamjölið notað í fóður og kemur að hluta í stað innflutts fóðurkorns. Veltur á miklu hvaða viðtökur melassamjölið fær hjá bændum.

Melassi hefur verið gefinn búfé í mörgum löndum og í Finnlandi hefur búfé verið gefinn lokamelassi. ÁS áætlar verð á melassamjöli 1,92 kr/kg (verðlag júlí 1981) og er það verð vel samkeppnisfært við innflutt fóðurkorn.

Í desember 1981 leggur Áhugafélag um sykuriðnað hf. fram endurmetna útreikninga um stofnkostnað, reksturskostnað og arðsemi fyrirhugaðrar sykurvinnslu í Hveragerði og eru allar tölur færðar til verðlags í júlí 1981 (sbr. fylgiskjal 1). Miðað við þær forsendur sem ÁS setur til grundvallar sínum útreikningum er hér um arðbært fyrirtæki að ræða.

Reksturskostnaður.

Í endurskoðaðri áætlun ÁS eru helstu kostnaðarliðir í rekstri fyrirhugaðrar sykurvinnslu þessir:

	3. starfsárið	15. starfsárið
Hráefnisútgjöld (melassi)	33,9%	56,3%
Umbúðir	3,25%	5,4%
Kemisk efni	2,45%	4,1%
Launakostnaður í heild	15,3%	25,4%
Skrifstofukostnaður (án launakostnaðar)	1,6%	2,7%
Ferskvatn og frárennsli	0,5%	0,75%
Flutningskostnaður innanlands	0,9%	1,45%
Varahlutir og aðkeypt viðhald	3,9%	6,4%
Hreinsun borhola (gufa og rafmagn)	0,4%	0,6%
Opinber gjöld	2,2%	2,6%
Vextir	6,2%	−7,6%[1])
Afskriftir	29,5%	1,9%
	100,0%	100,0%
Heildarkostnaður mFIM	35 665	21 455
Heildarkostnaður mÍKr (gengi 1.3.82)	76 673	46 124

1) Á 15. starfsári hefur verksmiðjan þó nokkrar vaxtatekjur.

Stofnkostnaður.

Stofnkostnaður fyrirhugaðrar sykurvinnslu er reiknaður í finnskum mörkum miðað við verðlag í júlí 1981.

Byggingar, hönnun, eftirlit og vextir á byggingartíma	20,7 m FIM
Vélar, hönnun, eftirlit, gangsetning, þjálfun og vextir af vélabúnaði á byggingartíma	84,3 m FIM
Rekstrarfé	7,3 m FIM
	112,3 m FIM

Þetta samsvarar að stofnkostnaður sykurverksmiðju í Hveragerði sé 241 millj. kr. (gengi 1. mars 1982).

Aðflutningsgjöld eru ekki innifalin í stofnkostnaði enda gert ráð fyrir að þau falli niður samkvæmt frumvarpi þessu.

Í stofnkostnaðartölum er innifalinn kostnaður við lóð og geyma í Þorlákshöfn, en melassa hráefninu mun verða skipað upp þar.

Alls munu um 70 manns starfa við verksmiðjuna.

Staðsetning og orkubúskapur.

Áhugafélag um sykuriðnað hf. stefnir að því að reist verði sykurverksmiðja í Hveragerði. Staðarkostir felast fyrst og fremst í nálægð við jarðgufu. Samkvæmt uppdrætti er verksmiðjunni ætlaður staður við mynni Grænadals. Ríkið á þetta land og var það á sínum tíma keypt að frumkvæði raforkumálastjórnarinnar með það fyrir augum, að nýting lands og jarðhita á þessum hluta, ásamt því landi sem ríkið átti fyrir í Ölfusdal, færi sem best saman. Jarðhitasvæðið í Ölfusdal er hluti af háhitasvæðinu í Henglinum og er einstakt að því leyti hvað það stendur nálægt byggð.

Fyrir eru á þessu svæði fjórar borholur, sem mögulegt væri að nýta í tengslum við verksmiðjuna.

Orkustofnun hefur framkvæmt mælingar á tveimur þeirra, og reyndust þær vera nothæfar. Þrátt fyrir þetta hefur ÁS innifalið í áætlun sinni allan stofn- og reksturskostnað þriggja nýrra 1000 m djúpra borhola ásamt tilheyrandi gufuveitu fyrir verksmiðjuna. Af þessum þremur borholum yrði ein ávallt til vara, ef loka þyrfti annarri hinna holanna vegna t. d. hreinsana eða bilana.

Gert er ráð fyrir því, að verksmiðjan framleiði raforku til eigin þarfa úr jarðgufu, og er gert ráð fyrir því í áætlunum um borholur og gufuveitu.

Orkukostnaður í heild er áætlaður um 7% af framleiðslukostnaðarverði sykurs. Í sambærilegri verksmiðju erlendis, sem fullnægði orkuþörf sinni með olíu, yrði orkukostnaður um 24% af kostnaðarverði innflutts sykurs, sem kominn væri í vörugeymslu heildsala á Íslandi.

Árlegur orkukostnaður sundurliðast þannig:

Fjármagnskostnaður	5,2% af sykurverði
Hreinsanir borhola	0,4% af sykurverði
Varahlutir og aðkeyptar viðgerðir	0,8% af sykurverði
Viðhaldsvinna fastra starfsmanna	0,6% af sykurverði
Samtals	7,0% af sykurverði

Markaður fyrir hvítan sykur.

Sykurnotkun hér á landi var árið 1980 9 723 tonn, og er skipting á þeirri notkun sýnd á fylgiskjali 2, sem unnið er af Félagi íslenskra iðnrekenda. Á þessu yfirliti kemur fram að heimili nota um 30% af innfluttum sykri en iðnaður ýmiss konar notar 70% af innfluttu sykurmagni.

Framboð á hrásykri og þar með hvítum sykri er mjög háð ræktun á sykurreyr og sykurrófum. Uppboðsverð á hrásykri hefur sveiflast mjög undanfarna áratugi. Verðbreytingar á sykri hafa leitt til þess að tilraunir hafa verið gerðar til þess að hafa stjórn á ræktun á sykurreyr og sykurrófum, framboði á hrásykri og söluverði. Fyrir nokkrum árum tókst að sameina framleiðendur á 95% af hrásykri í Alþjóðlega sykursambandinu (The International Sugar Organisation). Ísland er ekki aðili að þessum samtökum en til að mynda eru Norðmenn aðilar.

Verð á hvítum sykri hefur haldist lágt undanfarin tvö ár og seinustu mánuði hefur innflutningsverð á sykri farið lækkandi. Mjög erfitt er að spá fyrir um verðþróunina.

Vernd innlendrar sykurframleiðslu.

Með bréfi ÁS dags. 7. desember 1981 til iðnaðarráðuneytisins er spurst fyrir hvort ráðuneytið vilji beita sér fyrir því, að sykurvinnslu í Hveragerði verði tryggður sykurmarkaðurinn á Íslandi t. d. í tíu ár. Starfshópur ráðuneytisins áleit að nauðsynlegt kynni að reynast að setja lög um sykurinnflutning og afurðir er innihalda sykur. Ef sett eru lög um að

sykurinnflutningur verði háður leyfum og tollaður til jöfnunar á framleiðslukostnaði íslenskrar sykurverksmiðju, þá yrði jafnframt nauðsynlegt að leggja verðjöfnunartolla á allar þær vörur er innihalda sykur, eigi samkeppnisaðstaða innlends iðnaðar ekki að raskast. Slík lagasetning yrði erfið í framkvæmd og útheimti mikla skriffinnsku. Iðnaðarráðuneytið leggur því til að ekki verði sett lög um sykurinnflutning.

Ráðuneytið vill í þessu sambandi benda á þær aðgerðir sem framkvæma má innan ramma viðskiptasamninga Íslands við önnur lönd til að koma í veg fyrir undirboð o. fl. Í löndum Efnahagsbandalags Evrópu eru í gildi reglur um viðmiðunarverð á sykri og sykurvörum, nefnist verð þetta þröskuldarverð (treshold price).

Leitað var eftir áliti Félags íslenskra iðnrekenda á þessu atriði og kemur sjónarmið félagsins fram á fylgiskjali 3.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Reiknað er með að ríkissjóður leggi fram allt að 40% af hlutafé og ábyrgist allt að 25% af heildarlánsfjárþörf vegna stofnkostnaðar fyrirtækisins. Stofnkostnaður sykurverksmiðjunnar er áætlaður um 241 m. kr. 1. mars 1982. Framlög og ábyrgðir ríkissjóðs eru í samræmi við þessar tölur. Miðað er við að hlutafé verði um 30% af stofnkostnaði fyrirtækisins.

Um 3. gr.

Um stjórn félagsins fer samkvæmt hlutafélagalögum og samþykktum félagsins. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður gæti eigandahagsmuna sinna í hlutafélaginu á sama hátt og aðrir hluthafar.

Um 4. gr.

Stefna ber að því að vernda umhverfi væntanlegrar sykurverksmiðju fyrir röskun af hennar völdum og skapa þar sem best starfsskilyrði.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir með hliðsjón af ákvæðum 1. gr., 2. gr. 1. mgr. og 2. gr. 2. mgr. að kveða sérstaklega á um að ríkissjóður takist ekki á hendur fjárskuldbindingar vegna stofnunar félagsins fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé.

Fylgiskjal I

Sykurvinnsla í Hveragerði.

Endurskoðun kostnaðar og sykurverð. — Verðlag í júlí 1981.

Reykjavík, 4. des. 1981.
Guðmundur Björnsson.

Inngangur.

Sumarið 1981 ræddu fulltrúar Áhugafélags um sykuriðnað hf. (ÁS) og Finska Socker AB (FS) við iðnaðarráðherra, iðnaðarráðuneytið og starfshóp iðnaðarráðuneytisins um þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um byggingu og rekstur sykurverksmiðju í Hveragerði.

Þessar áætlanir voru byggðar á stofn- og reksturskostnaðartölum, sem miðaðar voru við verðlag í nóv. 1979. Arðsemireikningar voru byggðir á sama verðlagi en voru miðaðir við vegið meðalverð sykurs, sem fluttur var inn til Íslands á árunum 1970—1980.

Vegna fyrirhugaðrar athugunar þessara áætlana og ákvarðana um framhald málsins þótti fyrrgreindum aðilum, sem stóðu að gerð upphaflegra áætlana, æskilegt að endurskoða þær með gagnrýni og færa til núverandi verðlags. Jafnframt yrði hægt að kanna arðsemi sykurvinnslu í Hveragerði, þar sem byggt yrði á hinum endurskoðuðu kostnaðartölum svo og á þróun sykurverðs á Íslandi fram eftir yfirstandandi ári. Fljótlega var ákveðið, að þetta skyldi gert, og hafa niðurstöðurnar verið dregnar saman í eftirfarandi gögnum. Allar kostnaðartölur eru miðaðar við verðlag í júlímánuði 1981 og gengi erlendra gjaldmiðla 15. 7. 1981.

1. Stofnkostnaður.

Í yfirliti um stofnkostnað eru sýndar bæði eldri áætlunartölur, sem miðaðar voru við verðlag í nóv. 1979, og nýju tölurnar, sem nú eru miðaðar við verðlag í júlímánuði 1981 og gengisskráningar 15. 7. 1981.

Niðurstöður eru eftirfarandi:

	Nóv. 1979	Júlí 1981
Byggingar, hönnun, eftirlit og vextir á byggingartíma	16,5 MFIM	20,7 MFIM
Vélar, hönnun, eftirlit, leyfisgjald, gangsetning og þjálfun, vextir á byggingartíma	68,0 MFIM	84,3 MFIM
	84,5 MFIM	105,0 MFIM
Rekstrarfé	6,5 MFIM	7,3 MFIM
Fjárþörf samtals í fl. mörkum	91,0 MFIM	112,3 MFIM
Fjárþörf samtals í ísl. krónum	149,7 MÍKr	184,7 MÍKr
Aðflutningsgjöld og söluskattur er ekki innifalinn að ofan, en þessi gjöld eru áætluð	36,0 MÍKr	48,3 MÍKr

Við endurskoðun kostnaðar nú hafa leiðréttingar verið gerðar, þar sem skekkjur hafa fundizt. Þessar leiðréttingar eru allar minni háttar. Stofnkostnaður á nóvemberverðlagi 1979 er nú talinn vera 84,5 MFIM í stað 83,2 MFIM.

Aðflutningsgjöld hafa einnig verið leiðrétt til hækkunar um tæp 4% frá fyrri tölu.

Við gerð kostnaðaráætlana nú hefur verið byggt á nýjustu upplýsingum um verð efnis og tækja, og hefur komið í ljós, að hækkanir reynast vera breytilegar eins og yfirlitstafla stofnkostnaðar ber með sér.

Gengi: 15.7.'81 1FIM = 1,645 ÍKR.
Gengi: Nóv.'75 1FIM = 1,02408 ÍKR.

Stofnkostnaður

Tölur eru þús. FIM.

Nr.	Heiti	Efni — Tæki				Innl. kostn.		Samtals		Tollur	Aðflutningsgjöld 1981		
		Erl. kostn.		Flutn. — innl. sm.		Uppsetn.		Nóv.	Júlí	Vörugj.	Jöfnunar-	Sölu-	Samtals
		Nóv. '79	Júlí '81	Nóv. '79	Júlí '81	Nóv. '79	Júlí '81	1979	1981		gjald	skattur	
1	Geymar í Þorlákshöfn, bygg., lóð ..	1 018	1 217	150	180	1 931	2 510	3 099	3 907	91,94	24,64	687,08	803,66
2	Síun og skiljun	9 797	11 756	1 129	1 355	863	1 122	11 789	14 232	4 431,83	28,53	4 542,18	9 002,54
3	Eiming	3 297	3 956	263	315	659	857	4 219	5 128	66,94	7,68	1 134,69	1 209,31
4	Hreinsun (Raffinaderi)	4 805	5 766	408	489	900	1 170	6 113	7 425	380,82	25,61	1 722,05	2 128,48
5	Innpökkun á framl.vörum	2 450	2 940	197	236	290	377	2 937	3 553	184,92	16,36	873,13	1 074,41
6	Lokamelassaþurrkun	7 915	9 479	795	952	6 980	9 068	15 690	19 499	2 063,75	0,00	2 780,52	4 844,27
7	Framleiðsla jarðgufu og raforku	2 183	2 206	702	864	6 624	9 250	9 509	12 320	1 192,78	0,00	923,55	2 116,33
8	Þrýstiloftskerfi	169	203	11	14	41	53	221	270	30,55	0,25	63,95	94,75
9	Sameiginlegar pípuleiðslur	143	172	21	25	87	113	251	310	6,57	0,00	52,57	59,14
10	Einangrunarkostn. í verksm.	Innifalinn í öðrum liðum											
11	Stýritæki í verksmiðju	2 419	2 782	242	278	921	1 198	3 582	4 258	2 063,00	0,00	1 324,00	3 387,00
12	Rafbúnaður	965	1 087	97	109	587	880	1 649	2 076	738,61	0,00	493,27	1 231,88
13	Verkstæðisvélar.....	680	816	68	82	20	26	768	924	76,03	0,00	251,68	327,71
14	Efnarannsóknatæki	290	363	29	36	10	13	329	412	130,31	0,00	136,76	267,07
15	Bifreiðar, lyftari, bílavog	1 920	2 304	88	106	25	32	2 033	2 442	13,86	0,00	54,77	68,63
16	Aðalbygging og lóð í Hveragerði ...	305	308	31	31	9 807	12 564	10 143	12 903	102,09	0,00	124,91	227,00
17	Undirstöður geyma í Hveragerði ...					201	251	201	261				
18	Jarðvinna á lóð í Hveragerði	Innifalin í öðrum liðum											
19	Aðstaða á bygg.tíma, gæzla, raforka					350	435	350	455				
20	Varahlutir	800	960	80	96			880	1 056	200,0	3,00	325,00	528,00
21	Gangsetning og þjálfun	500	600			500	650	1 000	1 250				
22	Hönnun og eftirlit á FS-tækjum							1 961	2 451				
23	Leyfisgjald til FS	3 000	3 600					3 000	3 600				
24	Samtals			4 311	5 168			79 724	98 733	11 774,00	106,07	15 490,11	27 370,18
25	Flutn.kostn. (innif. annars staðar) ..			4 311	5 168								
25.1	Vanreiknaður flutningskostnaður ...			3 132	4 120			3 132	4 120			1 065,10	1 065,00
	Aðflutningsgjöld í bygg.kostn.							− 720	− 916				+ 916,00
26	Vextir á byggingartíma							2 400	3 000				
	Samtals 1—26							84 536	104 937				**29 351,18**
28	Rekstrarfé							6 500	7 300				
29	Fjármagnsþörf							**91 036**	**112 237**				

2. Sykurverð á Íslandi.

Fyrir liggja upplýsingar um verð á innfluttum sykri til októberloka 1981. Á verðlagi í júlí 1981 hefur vegið meðalverð hvítasykurs í umbúðum til heildsala reynzt vera:

allt árið 1980	5,51 Nýkr/kg
í janúar 1981	6,81 Nýkr/kg
í apríl	6,22 Nýkr/kg
í júlí	5,00 Nýkr/kg
í október	4,08 Nýkr/kg

Þegar meðalverð innflutts sykurs á árunum 1970—1981 er reiknað til verðlags í júlí 1981, er nú eins og fyrr miðað við þróun verðlags í Vestur-Þýzkalandi á þessu tímabili og gengisskráningu vesturþýzka marksins (DM) í íslenzkum krónum á sama tímabili. Þessi aðferð við að meta sykurverð yfir margra ára tímabil leiðir til varfærnislegri niðurstöðu en fást myndi við að miða við verðlags- og gengisþróun annars lands. Um þetta og frekari rök vísast til greinargerðar Hinriks Guðmundssonar og Guðmundar Björnssonar frá 13. marz, 1981. Niðurstöður þessara reikninga leiða til meðalverðsins **2,83 FIM/kg** til íslenzkra heildsala á öllu tímabilinu 1970—1981. Þetta verð svarar til 4,66 ÍKr/kg, en það er jafnt því sykurverði, sem í reynd var í lok september 1981 hér á landi.

Á það skal bent, að á tímabilinu frá nóvember 1979 til júlí 1981 hefur þróun gengis og verðbólgu verið með eftirfarandi hætti:

	Verðhækkun	Verðbólga
Finnland	FIM 60,6%	21%
V-Þýzkaland	DM 41,0%	1%
Danmörk	DK 32,8%	21%
Bandaríkin	USD 90,2%	25%

Þegar verðmörk alþjóðlega sykursamningsins á hrásykri, sem miðuð eru við bandaríkjadal, eru reiknuð til hvítasykurverðs á Íslandi, sbr. greinargerð HG og GB frá 13. marz, 1981, þá fæst viðmiðunarverðið 3,63 FIM/kg sem meðalverð.

3. Verðlagning lokamelassamjöls.

Eðlilegt þykir, að verð á melassamjöli verði eins og áður áætlað um 80% af verði malaðs fóðurkorns miðað við sama þurrefnisþunga. Verzlunarskýrslur sýna, að meðalverð á maís hefur verið um 15% hærra en á byggi. Ennfremur hefur innflutningur á maís verið um 57% og á byggi um 43% af samanlögðum innflutningi þessara fóðurkorntegunda.

Á verðlagi í júlí 1981 verður reiknað meðalverð melassamjöls á tímabilinu 1970—1980 1,17 FIM/kg, en það svarar til 1,92 ÍKr/kg, og er þar ekki innifalinn fóðurbætisskattur.

4. Verðlagning frummelassa.

Meðalverð frummelassa á tímabilinu 1970—1980 var fundið í greinargerð HG og GB frá 13. marz, 1981. Það var 500 FIM/tonn á verðlagi í nóvember 1979.

Þegar þetta meðalverð er reiknað til verðlags og gengis í júlí 1981, fæst verðið 483 FIM/tonn, CIF í Þorlákshöfn.

Finska Socker AB upplýsir, að miðað við verðlag og gengi 15. 7. 1981 sé verð á frummelassa 452 FIM/tonn, CIF Þorlákshöfn.



⊗ Áætlaður framleiðslukostnaður samkvæmt áliti starfshóps iðnaðarráðuneytisins.

× Áætlaður framleiðslukostnaður samkvæmt skýrslu ÁS/FS.

FIM = finnsk mörk.

Verkfræðistofa GUÐMUNDAR & KRISTJÁNS, Laufásveg 12, sími 11700	Mkv. %	Teikn. ÁS, SÓ, H.S.
ÁHUGAFÉLAG UM SYKURIÐNAÐ H.F. Sykurverð á Íslandi 1970-1981 umreiknað til verðlags 15.7. 1981	Teikn. nr.	J-3-83

5. Arðsemi sykurvinnslunnar.

Könnuð hefur verið arðsemi sykurvinnslunnar á grundvelli fyrrgreindra forsendna. Útreikningarnir eru gerðir á sama hátt og gert var í greinargerð HG og GB frá 13. marz 1981, og eru meginniðurstöður óbreyttar. Þessir útreikningar eru sýndir í eftirfarandi töflum 1 og 2.

Við arðsemireikninga hafa allir rekstrarkostnaðarliðir verið endurmetnir og færðir til verðlags í júlí 1981. Kostnaður við kaup gufu og framleiðslu raforku fyrir eigin þarfir, hreinsun og kælingu frárennslisvatns, kaup efnavara og umbúða, viðhald, flutninga, vinnulaun, stjórnun, vátryggingar svo og fjármagnskostnaður hefur þannig verið endurreiknaður.

Niðurstöður þessara útreikninga sýna, að árlegir afkastavextir yrðu 29,4%, sem þýðir, að fyrirtækið yrði mjög arðsamt.**1)**

Ef miðað er við, að hæfilegur arður væri af rekstri sykurvinnslu í Hverageröi eða um 10% af veltu, áður en tekju- og eignaskattar yrðu greiddir, myndi framleiðsluverð sykurs verða eftirfarandi, sbr. töflur 3 og 4:

a) á 4. starfsári 2,71 FIM/kg eða 4,46 ÍKr/kg
b) á 9. starfsári 1,40 FIM/kg eða 2,30 ÍKr/kg
c) á 15. starfsári 1,37 FIM/kg eða 2,25 ÍKr/kg

Þessar tölur lýsa eins og bezt verður á kosið, hve sterk samkeppnisaðstaða fyrirtækisins yrði eftir tiltölulega fá starfsár.

Við endurskoðun kostnaðar- og rekstraráætlana svo og við val allra helztu forsendna hefur verið haft náið samráð við Hinrik Guðmundsson, verkfræðing, stjórnarformann Áhugafélags um sykuriðnað hf.

Reykjavík, 4. des. 1981
Guðmundur Björnsson

1) Athugasemd iðnaðarráðuneytisins.

Í arðsemisútreikningum þeim, sem hér eru sýndir, er sjóðstreymi (nettó), ásamt hrakvirði varanlegra rekstrarfjármuna og andvirði veltufjármuna, reiknað til núvirðis. Í útreikningum þessum er leitað að þeim vöxtum, sem gera uppsafnað núvirði jafnt og hlutafjárframlagið. Eru þá fundnir afkastavextir fjárfestingarinnar, þ. e. hvaða ávöxtun hluthafar geta búist við af því fé, sem þeir lögðu í fjárfestinguna í upphafi.

Sykurverð á Íslandi: 2,83 FIM/kg til heildsala
Verð lokamelassamjöls: 1,17 FIM/kg til heildsala
Verð frummelassa: 483 FIM/tonn, CIF í Þorlákshöfn

Arðsemiútreikningur, Tafla 1

Upphæðir í MFIM

	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	
Fjármunir																	Verðlag 15. 7. 1981
Byggingar	20,7																Gengi:
Vélar	84,3																1 FIM =
																	1 645 ÍKr.
−Afskriftir		10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	5,44	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	
Varanlegt rekstrarfjármagn	105,0	94,47	83,94	73,41	62,88	52,35	41,82	31,29	25,85	25,44	25,03	24,62	24,21	23,80	23,39	22,98	
Veltufjármunir	7,3	8,34	9,62	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	33,8
Handbært fé		6,80	16,01	23,30	31,96	40,80	44,22	47,81	49,11	48,07	47,07	50,35	53,67	57,02	60,40	63,82	
Fjármunir alls	112,3	109,6	109,5	106,8	104,9	103,2	96,1	89,2	85,0	83,6	82,2	85,0	87,9	90,9	93,8	96,9	
Fjármagn																	
Lán	90,0	90,	90,0	90,0	85,75	81,50	77,25	67,40	57,55	47,70	37,85	28,00	22,40	16,80	11,20	5,60	
−Afborganir	0,0	0,0	0,0	4,25	4,25	4,25	9,85	9,85	9,85	9,85	9,85	5,60	5,60	5,60	5,60	5,60	
Lánastaða	90,0	90,0	90,0	85,75	81,50	77,25	67,40	57,55	47,70	37,85	28,00	22,40	16,80	11,20	5,60	0,00	
Hlutafé	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	
Annað eigið fé	0,0	−2,69	−2,73	−1,24	1,14	3,70	6,44	9,35	15,06	23,46	31,90	40,37	48,88	57,44	65,99	74,60	
Fjármagn alls	112,3	109,6	109,5	106,8	104,9	103,2	96,1	89,2	85,0	83,6	82,2	85,0	87,9	90,9	93,8	96,9	
Sjóðstaða																	
Hagnaður + afskriftir		6,80	9,21	11,54	12,91	13,09	13,27	13,44	11,15	8,81	8,85	8,88	8,92	8,95	8,98	9,02	
−Afborganir		0,0	0,0	4,25	4,25	4,25	9,85	9,85	9,85	9,85	9,85	5,60	5,60	5,60	5,60	5,60	
Sjóðstaða		6,80	9,21	7,29	8,66	8,84	3,42	3,59	1,30	−1,04	−1,00	3,28	3,32	3,35	3,38	3,42	
Núvirði	**22,3**	**5,26**	**5,50**	**3,36**	**3,09**	**2,44**	**0,73**	**0,59**	**0,17**	**−0,10**	**−0,08**	**0,19**	**0,15**	**0,12**	**0,09**	**0,07**	**0,69**

Afkastavextir 29,4%

Sykurverð á Íslandi: 2,83 FIM/kg til heildsala
Verð lokamelassamjöls: 1,17 FIM/kg til heildsala
Verð frummelassa: 483 FIM/tonn, CIF í Þorlákshöfn

Arðsemiútreikningur, Tafla 2

Upphæðir í MFIM

	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
Tekjur																
Hvítur sykur	22,64	25,47	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30	28,30
Melassamjöl	5,85	7,02	9,36	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70
Tekjur alls	28,49	32,49	37,66	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00	40,00
Gjöld																
Hráefniskostnaður	9,66	10,87	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07
Annar breytilegur kostn. .	7,62	8,17	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08
Framlegð	11,21	13,45	16,51	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85	18,85
Stjórnunarkostnaður	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98
Opinber gjöld	0,73	0,76	0,79	0,78	0,77	0,77	0,76	0,67	0,59	0,58	0,58	0,57	0,57	0,57	0,56	
Rekstrarhagnaður	9,50	11,71	14,74	17,09	17,10	17,10	17,11	17,20	17,28	17,29	17,29	17,30	17,30	17,30	17,31	
Vextir	2,70	2,50	2,22	1,87	1,49	1,09	0,70	0,29	−0,04	−0,31	−0,57	−0,84	−1,11	−1,37	−1,64	
Hagnaður fyrir afskriftir	6,80	9,21	12,52	15,22	15,61	16,01	16,41	16,91	17,32	17,60	17,86	18,14	18,41	18,67	18,95	
Afskriftir	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	5,44	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	
Hagnaður fyrir skatta	−3,73	−1,32	1,99	4,69	5,08	5,48	5,88	11,47	16,91	17,19	17,45	17,73	18,00	18,26	18,54	
Tekju- og eignaskattur ...	0,00	0,00	0,98	2,31	2,52	2,74	2,97	5,76	8,51	8,75	8,98	9,22	9,46	9,69	9,93	
Hagnaður eftir afskr. gsk.	−3,73	−1,32	1,01	2,38	2,56	2,74	2,91	5,71	8,40	8,44	8,47	8,51	8,54	8,57	8,61	
Hagnaður + afskriftir	6,80	9,21	11,54	12,91	13,09	13,27	13,44	11,15	8,81	8,85	8,88	8,92	8,95	8,98	9,02	

Verðlag 15. 7. 1981
Gengi: 1 FIM = 1 645 ÍKr.

Arðsemiútreikningur, Tafla 3

Verð lokamelassamjöls: 1,17 FIM/kg til heildsala
Verð frummelassa: 483 FIM/tonn, CIF í Þorlákshöfn

Upphæðir í MFIM

	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	
Fjármunir																	Verðlag 15. 7. 1981 Gengi: 1 FIM = 1 645 ÍKr.
Byggingar	20,7																
Vélar	84,3																
Afskriftir		10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	5,44	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	
Varanlegir rekstrarfjármunir	105,0	94,47	83,94	73,41	62,88	52,35	41,82	31,29	25,85	22,44	25,03	24,62	24,21	23,80	23,39	22,98	
Veltufjármunir	7,3	8,34	9,62	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	10,10	33,08
Handbært fé	0,0	6,80	16,01	23,30	31,37	39,41	41,82	44,15	41,17	32,83	24,47	20,34	16,20	12,05	7,88	3,70	
Fjármunir alls	112,3	109,6	109,5	106,8	104,3	101,8	93,7	85,5	77,1	68,3	59,6	55,0	50,5	45,9	41,3	36,7	
Fjármagn																	
Lán	90,0																
Afborganir	0,0	0,0	0,0	4,25	4,25	4,25	9,85	9,85	9,85	9,85	9,85	5,60	5,60	5,60	5,60	5,60	
Lánastaða	90,0	90,0	90,0	85,75	81,50	77,25	67,40	57,55	47,70	37,85	28,00	22,40	16,80	11,20	5,60	0,00	
Hlutafé	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	22,3	
Annað eigið fé	0,0	−2,69	−2,73	−1,24	0,55	2,31	4,04	5,73	7,12	8,22	9,30	10,36	11,41	12,45	13,47	14,48	
Fjármagn alls	112,3	109,6	109,5	106,8	104,3	101,8	93,7	85,5	77,1	68,3	59,6	55,0	50,5	45,9	41,3	36,7	
Sjóðstaða																	
Hagnaður + afskriftir		6,80	9,21	11,54	12,32	12,29	12,26	12,22	6,83	1,51	1,49	1,47	1,46	1,45	1,43	1,42	
Afborganir		0,0	0,0	4,25	4,25	4,25	9,85	9,85	9,85	9,85	9,85	5,60	5,60	5,60	5,60	5,60	
Sjóðstaða		6,80	9,21	7,29	8,07	8,04	2,41	2,37	−3,02	−8,34	−8,36	−4,13	−4,14	−4,15	−4,17	−4,18	
Núvirði	**22,3**	**5,78**	**6,65**	**4,47**	**4,21**	**3,56**	**0,91**	**0,76**	**−0,82**	**−1,92**	**−1,64**	**−0,69**	**−0,59**	**−0,50**	**−0,43**	**−0,36**	**2,87**

Afkastavextir 17,7%

Verð lokamelassamjöls: 1,17 FIM/kg þurrefnis
Verð frummelassa: 483 FIM/tonn, CIF í Þorlákshöfn.

Arðsemiútreikningur. Tafla 4.
Upphæðir í MFIM.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	
Sykurverð til heildsala FIM/kg .	2,83	2,83	2,83	2,71	2,67	2,63	2,59	1,98	1,40	1,39	1,39	1,38	1,38	1,37	1,37	Verðlag 15. 7. 1981
Tekjur																Gengi:
Hvítur sykur	2,64	25,47	28,30	27,14	26,72	26,33	25,91	19,82	13,96	13,91	13,86	13,81	13,77	13,71	13,67	1 FIM = 1 645 ÍKr.
Melassamjöl	5,85	7,02	9,36	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	11,70	
Tekjur alls	28,49	32,49	37,66	38,84	38,42	38,03	37,61	31,52	25,66	25,61	25,56	25,51	25,47	25,41	25,37	
Gjöld																
Hráefniskostnaður	9,66	10,87	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	12,07	
Annar breytilegur kostnaður	7,62	8,17	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	9,08	
Framlegð	11,21	13,45	16,51	17,69	17,27	16,88	16,46	10,37	4,51	4,46	4,41	4,36	4,32	4,26	4,22	
Stjórnunarkostnaður	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	0,98	
Opinber gjöld	0,73	0,76	0,79	0,78	0,77	0,77	0,76	0,68	0,59	0,59	0,59	0,59	0,59	0,59	0,59	
Rekstrarhagnaður	9,50	11,71	14,74	15,93	15,52	15,13	14,72	8,71	2,94	2,89	2,84	2,79	2,79	2,69	2,65	
Vextir	2,70	2,50	2,22	1,87	1,50	1,14	0,77	0,40	0,20	0,15	0,11	0,06	0,02	−0,03	−0,07	
Hagnaður fyrir afskriftir	6,80	9,21	12,52	14,06	14,02	13,99	13,95	8,31	2,74	2,74	2,73	2,73	2,73	2,72	2,72	
Afskriftir	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	10,53	5,44	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	0,41	
Hagnaður fyrir skatta	−3,73	−1,32	1,99	3,53	3,49	3,46	3,42	2,87	2,33	2,33	2,32	2,32	2,32	2,31	2,31	
Tekju- og eignaskattur	0,00	0,00	0,98	1,74	1,73	1,73	1,73	1,48	1,23	1,25	1,26	1,27	1,28	1,29	1,30	
Hagnaður eftir afskr. og sk.	−3,73	−1,32	1,01	1,79	1,76	1,73	1,69	1,39	1,10	1,08	1,06	1,05	1,04	1,02	1,01	
Hagnaður + afskriftir	6,80	9,21	11,54	12,32	12,29	12,26	12,22	6,83	1,51	1,49	1,47	1,46	1,45	1,43	1,42	

Fylgiskjal II.

Sykurnotkun 1980.

Einkaneysla:				
Heimili			2 916 t	30%
Iðnaður:				
Sælgætisiðnaður	736 t	7,5%		
Brauð- og kökugerð	957 t	9,8%		
Matarefni	733 t	7,5%		
Gosdrykkir	1 951 t	20,0%		
Matarís	191 t	2,0%		
Niðursuða og -lagning	1 100 t	11,2%		
Síld 900 t 9,25%				
Hrogn 200 t 2,00%				
Aðrar framleiðslugreinar	1 139 t	12,0%		
Iðnaður samtals			6 834 t	70%
		Samtals	9 723 t	100%

Fylgiskjal III.

Hr. Jafet S. Ólafsson
Iðnaðarráðuneytinu
Arnarhvoli
101 Reykjavík

421.21 03.02.1982

Í framhaldi af fundi okkar 22. jan. sl. um hugsanleg sykurlög eða innflutningstakmarkanir á sykri, staðfestast hér með þau sjónarmið F.Í.I., sem fulltrúar félagsins báru fram á fundinum.

F.Í.I. telur að sykurlög eða aðrar aðgerðir er hefðu í för með sér hækkað hráefnisverð, væru brot á svokölluðu EFTA-loforði frá 1969, sem m. a. kveður á um heimsmarkaðsverð á hráefnum til iðnaðar.

Þá samræmist það ekki sjónarmiðum F.Í.I., að ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslugreinum séu veitt sérkjör, heldur skuli almenn starfsskilyrði jafnan tryggja vöxt og viðgang iðnaðar í landinu.

Einnig er það alkunna, að hvers konar einkaleyfi og einokun, sem heftir valkosti og athafnafrelsi iðnfyrirtækja, vekur óbeit og gæti því spillt fyrir eðlilegum viðskiptum sykurframleiðandans og hráefniskaupenda.

Á fundinum töldu fulltrúar Áhugafélags um sykuriðnað rekstrargrundvöll sykurverksmiðjunnar mjög traustan og benti ekkert í málflutningi þeirra til þess, að þörf væri sérstakra aðgerða fyrirtækinu til verndar.

Það skal tekið fram, að F.Í.I. hefur ekki tekið afstöðu til sjálfrar sykurverksmiðjunnar, arðsemi hennar eða þróunarmöguleika, enda slíkt ekki hlutverk félagsins. En að sjálfsögðu mun F.Í.I., sem fyrr, fagna sérhverri arðsamri nýsköpun í iðnaði.

Virðingarfyllst,
FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA
Valur Valsson,
framkvæmdastjóri.

Sþ. 565. Breytingartillögur [95. mál]

við till. til þál. um skipun nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna.

Frá Pétri Sigurðssyni, Kjartani Jóhannssyni, Skúla Alexanderssyni og Stefáni Guðmundssyni.

1. Í stað „þriggja manna nefndar“ í 1. málsgr. komi: fimm manna nefndar.
2. 2. málsgr. orðist svo:

   Í nefndinni sitji einn fulltrúi tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands og sé hann formaður nefndarinnar. Eftirtaldir aðilar skipi hver einn fulltrúa í nefndina: Siglingamálastofnun ríkisins, Hafnamálastofnun ríkisins, Landssamband ísl. útvegsmanna og Sjómannasamband Íslands.

Sþ. 566. Tillaga til þingsályktunar [267. mál]

um athugun á möguleikum íslenskra veiðiskipa til fiskveiða í erlendri fiskveiðilandhelgi.

Flm.: Eiður Guðnason, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Gunnar R. Pétursson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna möguleika á kaupum veiðileyfa og öflun veiðiaðstöðu fyrir íslensk fiskiskip í fiskveiðilögsögu ríkja í Norður-Ameríku og Vestur-Afríku.

Greinargerð.

Ekki þarf að rekja það nú, hvaða vandi blasir við þjóðarbúinu sökum ofvaxtar fiskiflotans á síðustu árum og ástands fiskistofna á íslenskum hafsvæðum.

Hinn afkastamikli loðnuveiðifloti hefur nú ekki önnur verkefni en veiðar á botnfiski og var þó ekki bætandi við þann flota sem fyrir var við þær veiðar. Önnur úrræði, svo sem kolmunnaveiðar, hafa ekki gefist nægilega vel.

Það er kunnugt, að nokkur ríki hafa aflað sér tímabundinna heimilda til fiskveiða í fiskveiðilandhelgi erlendra ríkja gegn gjaldi. Má nefna bæði Japani, Kóreumenn og Austur-Evrópuþjóðir í því sambandi. T. d. höfðu pólsk fiskiskip heimild til þorskveiða í fiskveiðilandhelgi Bandaríkjanna fram að setningu núgildandi herlaga og seldu þau aflann a. m. k. að einhverju leyti til bandarískra fyrirtækja. Annað dæmi er þátttaka íslenskra nótaveiðiskipa í brynstyrtluveiðum á vegum eigenda norska verksmiðjuskipsins „Norglobal“, en þeir höfðu aflað sér tilskilinna leyfa til veiða innan fiskveiðilögsögu Máritaníu.

Sovétríkin stunda talsverðar fiskveiðar í fiskveiðilögsögu Vestur-Afríkuríkja og selja aflann í einhverjum mæli til landsmanna í viðkomandi ríkjum.

Fyrir nokkrum árum voru hér á ferð fulltrúar stjórnvalda í Líberíu sem vildu efna til samvinnu við erlendar þjóðir um fiskveiðar í landhelgi Líberíu.

Fleiri dæmi mætti nefna sem gefa vísbendingu um að enn megi finna möguleika til nýtingar íslenskra veiðiskipa á fjarlægum veiðislóðum í Atlantshafi. Er tilgangur þingsályktunartillögunnar að ganga úr skugga um það.

Vissulega þyrfti að leysa ýmis vandamál í sambandi við veiðar á fjarlægum hafsvæðum, en það er skoðun flutningsmanna, að íslenskir sjómenn og útgerðarmenn geti sigrast á þeim vanda.

Sþ. 567. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um verðtryggingu tjóna- og slysabóta.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karvel Pálmason, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Vilmundur Gylfason, Gunnar R. Pétursson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta undirbúa löggjöf um verðtryggingu tjóna- og slysabóta almennra tryggingarfélaga.

Greinargerð.

Margir hafa orðið fyrir verulegum skakkaföllum í yfirstandandi verðbólgu vegna þess að bótaupphæðir hafa ekki verið verðtryggðar. T. d. hafa tryggingarupphæðir brunatrygginga til skamms tíma verið vísitöluhækkaðar einu sinni á ári. Í um 50% verðbólgu er þetta allsendis ófullnægjandi. Þannig má nefna dæmi um innbústryggingar sem hafa reynst þriðjungi of lágar þegar bruni átti sér stað skömmu fyrir hækkunardaginn.

Margir tryggingartakar munu þeirrar skoðunar, að tryggingin sé verðtryggð, og hefur hin árlega vísitöluhækkun vafalaust ýtt undir þessa skoðun. Eykur hún þannig á andvaraleysi tryggingartaka.

Sömu sögu má segja af öðrum sviðum trygginga og sama skaða kunna hinir tryggðu að hafa af drætti á greiðslu bóta.

Hæfilegt má telja að tryggingarupphæð sé hækkuð fyrir hver 4—5% sem viðkomandi vísitala hækkar. Virðist eðlilegra að miða við slík mörk frekar en að tiltaka hversu oft skuli hækka tryggingarupphæðina.

Sþ. 568. Breytingartillögur [243. mál]

við till. til þál. um steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Frá Páli Péturssyni, Ingvari Gíslasyni, Stefáni Valgeirssyni, Pálma Jónssyni, Lárusi Jónssyni, Stefáni Guðmundssyni, Soffíu Guðmundsdóttur, Ragnari Arnalds, Árna Gunnarssyni, Guðmundi Bjarnasyni, Ingólfi Guðnasyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Halldóri Blöndal.

1. Í stað orðanna „Jarðefnaiðnað hf. um byggingu steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn“ í tillögugreininni komi: Steinullarfélagið hf. um byggingu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki.
2. Í stað orðanna „steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn“ í fyrirsögn komi: steinullarverksmiðju á Sauðárkróki.

Ed. 569. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. mars 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jón Helgason.
Lárus Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Sveinn Jónsson.

Fylgiskjal.

Áætlaður aukakostnaður sem hefði orðið árið 1981, ef hugmynd um breytingu á 43. gr. almannatryggingalaga, stafl. h og i, hefði verið í gildi.

1) Stafliður h:	Akstur	kr. 255 000
2) Stafliður i:	Flug og landflutningar	— 285 000
	Flutningur milli sjúkrahúsa	— 150 000
	Samtals	kr. 690 000

Fjárlagatala 1982 skv. forsendum fjárlagafrumvarpsins yrði því frá ársbyrjun til ársloka vegna þessa kostnaðar ..... kr. 920 000

Ed. 570. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr. orðist svo:

1. 43. gr. stafliður h) orðist þannig:
   Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.
2. 43. gr. stafliður i) orðist þannig:
   Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða ef nota verður skip eða flugvélar við flutningana, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist því ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km

og frá kostnaði við skip eða flugvélar dragast 500 kr. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi í heimahús, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi, sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

Sé fylgd nauðsynleg greiðist fargjald fylgdarmanns og að 3/4 ef um áætlunarferð er að ræða.

Sþ. 571. Nefndarálit [21. mál]

um till. til þál. um votheysverkun.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og samþykkt að mæla með samþykkt tillögunnar með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Í stað „almennari votheysverkun en nú er“ í tillgr. komi: aukinni votheysverkun frá því sem nú er.
2. Í stað 3. og 4. liðar komi einn liður sem verður 3. liður, svohljóðandi: 3. endurskoða reglur um stofnlán í því skyni að auðvelda bændum að breyta yfir í votheysverkun.

Alþingi, 1. apríl 1982.

Eggert Haukdal, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Sverrir Hermannsson.	Magnús H. Magnússon.	Halldór Ásgrímsson.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Sþ. 572. Nefndarálit [22. mál]

um till. til þál. um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og leitað umsagna frá ýmsum aðilum tengdum þessum málum.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar í eftirfarandi búningi:

BREYTINGARTILLAGA:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum.

Í þessu sambandi verði áhersla lögð á:

1. Að efla rannsóknir og tilraunir í veiðimálum, svo að unnt sé að fá sem haldbesta vitneskju um þau skilyrði sem fyrir hendi eru í landinu til fiskræktar.

2. Að auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum.
3. Að afla þekkingar í markaðsmálum.
4. Að samræma fjárveitingar til fiskræktarmála.

Alþingi, 1. apríl 1982.

Eggert Haukdal, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Sverrir Hermannsson, frsm.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðrik Sophusson.	Magnús H. Magnússon.
	Halldór Ásgrímsson.	

Nd. 573. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til laga um dýralækna.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum. Frumvarpið var sent til umsagnar til Búnaðarþings, allra búnaðarsambandanna í landinu, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og fleiri aðila.

Þær umsagnir, sem bárust, voru allar jákvæðar, en nokkrar ábendingar um breytingar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem eru á sérstöku þingskjali.

Árni Gunnarsson, Pétur Sigurðsson og Steinþór Gestsson munu skila sérstöku nefndaráliti, þrátt fyrir að nefndin stendur öll sameiginlega að afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. apríl 1982.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson.	Skúli Alexandersson.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 574. Breytingartillögur [168. mál]

við frv. til l. um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin verði svohljóðandi:
   Þeir einir eru taldir dýralæknar í lögum þessum, sem lokið hafa prófi við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum (landbúnaðarráðuneyti) og hlotið hafa dýralækningaleyfi hjá landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn yfirdýralæknis, með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem landbúnaðarráðherra setur á hverjum tíma.
2. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Til að öðlast leyfi til dýralækninga hér á landi skal umsækjandi hafa starfað við dýralækningar hérlendis í tvo mánuði hið skemmsta að loknu kandidatsprófi undir handleiðslu héraðsdýralæknis, sem hefur að minnsta kosti fimm ára starf í héraði að baki. Hann skal hafa kynnt sér rækilega þau lög og reglur, sem lúta að störfum dýralækna og lyfjamálum hér á landi. Skal yfirdýralæknir eða aðrir, sem hann kveður til,

sannprófa þekkingu umsækjanda á þessum sviðum samkvæmt nánari reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur. Þeir einir geta hlotið leyfi til að stunda dýralækningar sjálfstætt, sem eru íslenskir ríkisborgarar og lögráða.

3. Við 4. gr.
   a. 10. liður hljóði svo:
   Strandaumdæmi: Strandasýsla. Íbúar Bæjarhrepps geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Vestur-Húnaþingsumdæmi, ef þeir óska þess.
   b. 13. liður. Við upptalningu hreppa bætist: Akrahreppur.
   c. 14. liður. Úr upptalningu hreppa falli niður Akrahreppur.
   d. 17. liður. Í upptalningu hreppa bætist við: Hálshreppur.
   e. 18. liður. Úr upptalningu fellur niður Hálshreppur.
   f. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Skipting héraðsdýralæknisumdæma skv. þessari grein kemur til framkvæmda á næstu fimm árum eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77/1981 gera ráð fyrir.
4. Við 5. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra ákveður hvar héraðsdýralæknar skuli hafa aðsetur og starfsaðstöðu, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og viðkomandi búnaðarsambanda.
   b. 3. mgr. orðist svo:
   Heimilt er ráðherra að ákveða, að tveir eða fleiri héraðsdýralæknar hafi aðsetur á sama stað, ef það er hentugra að dómi yfirdýralæknis, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og viðkomandi búnaðarsambanda.
   e. 6. mgr. orðist svo:
   Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu starfa þrír sérmenntaðir dýralæknar, sem hafa aflað sér ýtarlegrar sérþekkingar með framhaldsnámi og störfum.
5. Við 6. gr.
   a. Við 1. málsgr. bætist:
   Um mál, sem gætu varðað heilsufar neytenda, skal hann hafa samráð við landlækni.
   b. 3. mgr. orðist svo:
   Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og þeirra dýralækna annarra, sem dýralæknisstörfum sinna, svo og þeim sem starfa við hjúkrun dýra.
6. Við 7. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
   Dýralæknar skulu vera á verði gegn því, að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma. Þeir skulu leitast við að fræða dýraeigendur um þau ráð, sem tiltæk eru til varnar gegn sjúkdómum, og beita þekkingu sinni og reynslu til þess að lækna sjúk dýr, þegar þeir eru til kvaddir.
   b. 9. mgr. hljóði svo:
   Landbúnaðarráðherra setur dýralæknum erindisbréf, samkvæmt tillögum yfirdýralæknis. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýralækna.
7. Við 8. gr.
   a. Síðari málsliður 2. mgr. hljóði svo:
   Yfirdýralæknir getur einnig kvatt þá, sem starfa við dýralækningar, á þennan hátt til þess að taka þátt í vörnum gegn smitsjúkdómum, og honum er einnig heimilt að fela þeim vaktaþjónustu í umdæminu, ef héraðsdýralæknir óskar þess.

b. 3. mgr. hljóði svo:

Nú óska einstaklingar eða félög að koma á fót rannsóknaraðstöðu eða sjúkraskýli (spítala) fyrir sjúk dýr, og skal þá senda um það umsókn til landbúnaðarráðuneytisins. Ráðuneytinu er rétt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og stjórnar Dýralæknafélags Íslands, að setja sérstakar reglur um slíka starfsemi að því er varðar ábyrgð dýralæknis, útbúnað, húsnæði o. s. frv.

8. Við 9. gr.

a. 3. mgr. orðist svo:

Þegar nauðsyn krefur er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi gegn hálfum byrjunarlaunum þessa umdæmis.

b. 4. mgr. orðist svo:

Héraðsdýralæknar skulu skipuleggja orlofstöku í samráði við yfirdýralækni. Landbúnaðarráðuneytið útvegar staðgengil í samráði við yfirdýralækni og héraðsdýralækni.

e. 5. mgr. orðist svo:

Staðgengill héraðsdýralæknis skal hafa starfsaðstöðu í húsnæði embættisins, ef hann óskar þess, þar með talin afnot af síma. Um dvalarkostnað staðgengils og verkefnaskiptingu (eftirlitsstörf, lyfjasölu o. þ. h.) fer samkvæmt samkomulagi dýralæknanna hverju sinni.

9. Við 10. gr. 2. mgr. orðist svo:

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum selur og framleiðir undir stjórn sérmenntaðs dýralæknis ónæmislyf handa húsdýrum. Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með þessari starfsemi. Óheimilt er að flytja inn ónæmisefni hvers konar handa húsdýrum nema að fenginni skriflegri heimild yfirdýralæknis.

10. Við 11. gr. 1. mgr. hljóði svo:

Verði dýralæknir var við alvarlegan smitsjúkdóm í húsdýrum eða villtum dýrum eða hefur grun um slíkt, skal hann þegar í stað gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón, sem af honum gæti leitt. Hann skal án tafar tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn, ef um héraðsdýralækni er að ræða, en héraðsdýralækni, ef um almennar dýralækningar er að ræða. Gera þeir í samráði þær ráðstafanir, sem þurfa þykir. Komi upp smitsjúkdómur í dýrum, sem mönnum gæti stafað hætta af, skulu höfð samráð við landlækni um nauðsynlegar aðgerðir.

11. Við 12. gr.

a. 2. mgr. orðist svo:

Þegar héraðsdýralæknar geta ekki sjálfir annað eftirliti þessu er þeim heimilt að ráða aðra dýralækna við þetta heilbrigðiseftirlit að fengnu samþykki yfirdýralæknis. Ef ekki er völ á dýralækni eða dýralæknisefni til starfsins, skulu læknisefni eða aðrir, sem lokið hafa sérstöku námskeiði í heilbrigðisskoðun sláturafurða, annast eftirlit undir stjórn og leiðbeiningum viðkomandi héraðsdýralæknis.

b. 3. mgr. orðist svo:

Landbúnaðarráðherra setur reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og umsögn Hollustuverndar ríkisins, um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturdýrum og afurðum þeirra, meðferð afurða, flutning og geymslu, útbúnað, vinnutilhögun og þrifnað í sláturhúsum, kjötfrystihúsum og kjötvinnslustöðvum.

12. Við 13. gr.

a. Í stað „Mjólkurbú“ í 3. mgr. komi: Mjólkurstöðvar.

b. Aftan við 5. mgr. bætist: að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

13. Við 15. gr. Aftan við 3. mgr. bætist:
Kærður dýralæknir getur skotið málið sínu til dýralæknaráðs. Dýralæknaráð skal skipað yfirdýralækni og stjórn Dýralæknafélags Íslands á hverjum tíma. Leyfissviptingu má fresta þar til umsögn ráðsins liggur fyrir, en hún skal lögð fram innan þriggja mánaða.
14. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknis. Þó er honum heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma, læknavakt, orlof o. s. frv. sem og birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dýraspjöldum. Um hvers konar auglýsingar á lyfjum og læknisáhöldum til dýralækninga fer samkvæmt lögum nr. 49/1978.
Á sama hátt eru bannaðar gyllandi umsagnir um sjúkrahús, sjúkraskýli og sjúkrastofur ætlaðar dýrum og sérstakan lækningamátt tiltekinna tegunda dýrafóðurs eða fóðurblandna.
15. Við 19. gr. 2. mgr. orðist svo:
Nú er héraðsdýralæknir kvaddur í mjög brýnni nauðsyn til staðar, sem er yfir 40 km frá heimili hans, og greiðir þá sá, sem vitjunar beiðist, ferðakostnað fyrir 80 km akstur, en það, sem umfram er, greiðist af opinberu fé. Landbúnaðarráðherra setur reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

Nd. 575. Frumvarp til laga [269. mál]

um Tónskáldasjóð Íslands.

Flm.: Halldór Blöndal, Ingólfur Guðnason, Vilmundur Gylfason, Guðrún Helgadóttir, Ólafur G. Einarsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Stofna skal Tónskáldasjóð Íslands. Stofnfé sjóðsins skal vera tíföld meðalárslaun menntaskólakennara og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Fjárveiting samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1983.
Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan áætluð fjárveiting er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð árlega við undirbúning fjárlaga með hliðsjón af breytingum á launum menntaskólakennara.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja tónskáld til starfa og stuðla að útbreiðslu íslenskrar tónlistar.

4. gr.

Til eftirtalinna verkefna má veita framlög úr sjóðnum:
a) Til tónsmíða, enda hafi umsækjandi gert grein fyrir hvernig hann hyggist vinna að þeim.
b) Til útgáfu íslenskrar tónlistar á hljómplötum, snældum og nótum.
c) Til kynningar á íslenskri tónlist innanlands og utan.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Tónskáldasjóðs Íslands til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Tónskáldafélags Íslands, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og Félags ísl. hljómlistarmanna.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að höfðu samráði við félagssamtök þau, sem um getur í 5. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu árum og áratugum hefur menntuðum tónlistarmönnum fjölgað svo hér á landi að það gengur kraftaverki næst. Fyrir því má raunar færa sannfærandi rök, að engin listgrein standi með jafnmiklum blóma um þessar mundir og tónlistin hér á landi, og er ekki hugsun flutningsmanna að fara út í frekari meting um ágæti einstakra listgreina en þessi orð fela í sér. En um hitt ættu allir að geta orðið sammála, að okkur sem menningarþjóð er mikill sómi að ágætri frammistöðu tónskálda okkar á erlendum vettvangi, ekki síður en hér heima. Er þess skemmst að minnast, að Atli Heimir Sveinsson hlaut tónskáldaverðlaun Norðurlanda og þótti hvarvetna vel að þeim kominn. Það gerist og æ algengara, að íslensk tónverk séu flutt á erlendum vettvangi.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er sniðið eftir lögum um Launasjóð rithöfunda og þýðingasjóð og þeim hugmyndum, sem uppi hafa verið um Launasjóð myndlistarmanna. Höfuðhlutverk sjóðsins er að örva tónskáld til dáða og fylgja eftir tónlistarvakningu sem hér hefur orðið á undanförnum árum. Í þessu frumvarpi er út frá því gengið, að stofnfé sjóðsins nægi til þess, að unnt sé að veita 5 árslaun menntaskólakennara til tónskálda svo að þau geti gefið sig heils hugar að tónsmíðum sínum. Síðan er gert ráð fyrir því, að jafnmiklu fé sé varið til annarra þeirra verkefna, sem sjóðurinn á að anna, og hlýtur það að fara eftir atvikum hverju sinni, hversu það fé skiptist.

Það er skoðun flutningsmanna, að frumkvæði og sjálfstæði í menningarmálum sé ekki síður mikilvægt en efnaleg velgengni, enda styður þar hvort annað. Nauðsynlegt er að hvetja til skapandi starfs á sviði allra listgreina og einn liður í því er að endurskoða fjárveitingar til menningarmála með betri nýtingu þeirra í huga. Blómlegt menningarlíf gerir mannlífið auðugra og innihaldsríkara.

Við því er ekki að búast, að Alþingi treysti sér til að samþykkja þetta frumvarp á þessu þingi. Hins vegar töldu flutningsmenn nauðsynlegt að leggja það fram nú þegar til þess að unnt sé að hafa framlög til Tónskáldasjóðs Íslands í huga, þegar gengið verður frá fjárlagafrumvarpi á hausti komanda, enda auðgert að samþykkja stofnun sjóðsins á haustþinginu, svo að hægt sé að veita fé úr honum strax á næsta ári. Þá ættu allar umsagnir og nauðsynlegar upplýsingar að liggja fyrir til þess að alþingismenn geti glöggvað sig á því máli, sem hér er hreyft við.

Ed. 576. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

Við 4. gr. Í stað „1. apríl 1982“ komi: 1. maí 1982.

Nd. 577. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 138 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982.

Ed. 578. Frumvarp til lánsfjárlaga [55. mál]

fyrir árið 1982.

(Eftir 3. umr. í Nd., 1. apríl.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 673 970 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 152 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 404 560 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

4. gr.

Iðnrekstrarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 10 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til endurlána til athugunar á sviði orkufreks iðnaðar. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð. Skal fjármálaráðherra leita samþykkis fjárveitinganefndar Alþingis áður en sjálfskuldarábyrgð er veitt.

5. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að 18 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 39 500 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

7. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 75 300 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 18 300 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 14 100 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1982 að fjárhæð 7 600 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Bjargráðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1982 allt að fjárhæð 15 000 þús. kr.

9. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1982 að fjárhæð 254 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður mun jafnframt annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga, nr. 58/1967, um að hitaveita verði þjóðhagslega hagkvæm, áður en lán til hitaveituframkvæmda eru veitt.

Fjármálaráðherra er heimilt f. h. ríkissjóðs að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að helmingi lána, sem Byggðasjóður veitir fyrirtækjum í útgerð, fiskiðnaði og iðnaði til fjárhagslegrar endurskipulagningar vegna rekstrarerfiðleika, en heildarfjárhæð lánanna er að hámarki 60 milljónir króna.

II. KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1982 er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld um 120 millj. kr., að meðtöldum heimildum í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1982 og heimildum í 4.—18. gr. þessara laga.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 52 500 þús. kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 50 000 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1982 eigi fara fram úr 15 600 þús. kr.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1982 eigi fara fram úr 20 000 þús. kr.

Heimilt er sjávarútvegsráðherra að ákveða, að framlag ríkissjóðs renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa og samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 og laga nr. 84/1981 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 11 440 þús. kr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1982 eigi fara fram úr 53 770 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 104 635 þús. kr. á árinu 1982.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 145 þús. kr.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1982 eigi fara fram úr 9 832 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1982 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 900 þús. kr.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 28 140 þús. kr. á árinu 1982.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 820 þús. kr.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 6 850 þús. kr. á árinu 1982.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 3 000 þús. kr. af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs að viðbættum 330 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 9 400 þús. kr.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. laga nr. 35/1970, um skipun prestakalla og prófastsdæma og Kristnisjóð, skal framlag ríkissjóðs til Kristnisjóðs eigi fara fram úr 1 130 þús. kr. á árinu 1982.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 43 000 þús. kr. á árinu 1982.

III. KAFLI

28. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

29. gr.

1. mgr. 29. gr. laga nr. 13/1981 orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

30. gr.

6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981 orðist svo:

Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.

31. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 er nemi allt að 42 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

32. gr.

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði og sjóðum þeim, sem um er rætt í 1. mgr., skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal ekki minna en 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Við upphaf hvers árs skal hver lífeyrissjóður skila fjármálaráðuneytinu áætlun um ráðstöfunarfé sitt á árinu og af hvaða aðilum hann hyggst kaupa skuldabréf skv. 1. mgr., hvort tveggja sundurliðað eftir mánuðum. Að því marki, sem áform lífeyrissjóðanna í heild um kaup af einstökum aðilum samrýmast ekki lánsfjáráætlun, skal ráðuneytið eiga viðræður við sjóðina í því skyni að ná samkomulagi um aðra kauptilhögun og ganga frá endanlegri áætlun sinni um kaup lífeyrissjóðanna að loknum þeim viðræðum.

Skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna skal dreift á árið í sem nánustu samræmi við það sem ráðstöfunarfé sjóðanna fellur til, og skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um tímasetningu kaupanna innan ársins.

Ráðherra skal ákveða með reglugerð lánstíma og lánskjör skuldabréfa sem lífeyrissjóðir kaupa skv. þessari grein. Í reglugerðinni getur ráðherra ákveðið sérstaka ívilnun í kjörum þeirra skuldabréfa sem keypt eru á tilskildum tíma.

Í janúar skal hver lífeyrissjóður senda fjármálaráðuneytinu skilagrein yfir ráðstöfunarfé liðins árs. Svo fljótt sem verða má eftir lok reikningsársins, þó eigi síðar en 1. júlí, skulu lífeyrissjóðir láta fjármálaráðuneytinu í té staðfesta ársreikninga sína. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd þessarar greinar, þ. á m. hvernig skilgreina skuli ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

33. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum og varahlutum til ylræktarvers, sem komið verður á fót vegna útflutningsframleiðslu. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til ylræktarversins.

34. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1982—1985 að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar, með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði á fiskiskipum innanlands sem nemi allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 m löng með vélarafl allt að 1000 hö. Heimild þessi nær til smíði fjögurra skipa í senn. Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð. Fjármálaráðherra ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 579. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ákvæði laga þessara taka til bygginga sem í smíðum eru þegar lögin öðlast gildi og eigi hafa verið gerðar um bindandi ráðstafanir varðandi listskreytingar, nema sveitarstjórn ákveði listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Þá er heimilt að verja til listskreytingar fjárhæð er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

Lög þessi skulu tekin til endurskoðunar að fimm árum liðnum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir um listskreytingu opinberra bygginga.

Sþ. 580. Tillaga til þingsályktunar [270. mál]

um herforingjastjórnina í Tyrklandi.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við ályktun þings Evrópuráðsins frá 28. janúar 1982 þar sem herforingjastjórnin í Tyrklandi er fordæmd vegna afnáms lýðræðis í landinu. Öll starfsemi stjórnmálaflokka, verkalýðsfélaga og frjálsra fjölmiðla hefur verið bönnuð í Tyrklandi, þúsundir manna hafa verið hnepptar í fangelsi vegna skoðana sinna, pyntingum er beitt og dómar kveðnir upp án þess að réttur einstaklinga til varna sé virtur.

Í samræmi við ályktun Evrópuráðsins hvetur Alþingi til þess:

- að lýðræði verði á ný komið á fót í Tyrklandi;
- að frjálsar almennar þjóðmálaumræður verði leyfðar um fyrirhugaða stjórnarskrá;
- að lög herforingjastjórnarinnar, sem banna starfsemi stjórnmálaflokka og verkalýðsfélaga og hneppa fjölmiðla og háskóla í fjötra, verði algjörlega afnumin;
- að Rauða krossinum verði heimilað að rannsaka meðferð fanga;
- að óháðir dómstólar dæmi í málum einstaklinga á eðlilegum grundvelli og án allra þvingana frá stjórnvöldum.

Greinargerð.

Síðan herforingjastjórn tók völdin í Tyrklandi hefur ástandið í landinu verið til umfjöllunar á alþjóðavettvangi. Hinn 28. janúar s. l. samþykkti þing Evrópuráðsins ályktun um stjórnarfarið í Tyrklandi og er sú tillaga, sem hér er flutt til þingsályktunar, byggð á þeirri ákyktun. Ályktun þings Evrópuráðsins er svohljóðandi:

Þing Evrópuráðsins.

1. hefur kynnt sér skýrslu stjórnmálanefndarinnar og álit laganefndar þingsins sem byggjast einkum á könnunarferð (fact-finding visit) þingnefndar 7.—14. janúar 1982,
2. hefur í huga fyrri afstöðu sína sem tekin var varðandi ástandið í Tyrklandi, einkum tillaga 904 (1980), álykun 757 (1981) og fyrirmæli nr. 392 (1980), 395 (1981) og 398 (1981),
3. hefur kynnt sér yfirlýsingu tyrkneska þjóðhöfðingjans frá 31. desember 1981 þar sem gefin er upp tímaáætlun um að drög að stjórnarskrá verði lögð fyrir þjóðaratkvæði haustið 1982 og að þingkosningar verði 1983 eða í síðasta lagi vorið 1984,
4. með það í huga að ástandið í Tyrklandi er enn í ósamræmi við grundvallarhugsjónir í stofnskrá Evrópuráðsins, en að áframhaldandi aðild Tyrklands að Evrópuráðinu gefur ráðinu tækifæri og skuldbindur það til þess að fylgjast með því að komið verði á aftur lýðfrjálsum stofnunum og að mannréttindi verði virt á ný í landinu,
5. leggur áherslu á vináttutengsl við tyrknesku þjóðina og endurtekur þá trú sína, sem staðfest var í könnunarferð þingnefndarinnar til Tyrklands, um vinarhug þjóðarinnar til Evrópu almennt en einkum að því er varðar hugsjónir Evrópuráðsins, og viðurkennir jafnframt þýðingu þessarar þjóðar sem menningarlegrar brúar milli Evrópu og nálægari Austurlanda,
6. hefur í huga að samkvæmt 15. gr. Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins er aðildarríkjunum aðeins heimilt að víkja frá ákvæðum sáttmálans ef sérstakar aðstæður gera það nauðsynlegt, að því tilskildu að slík ákvörðun sé í samræmi við aðrar skuldbindingar samkvæmt alþjóðalögum,
7. hefur í huga að nota allar tiltækar leiðir til að rannsaka staðhæfingar um pyntingar, fyrirmæli sín nr. 395 1981 þar sem aðalframkvæmdastjóranum er falið „að biðja tyrknesk stjórnvöld um upplýsingar um sérhverja staðhæfingu um pyntingar eða illa meðferð fanga, sem fulltrúar þings Evrópuráðsins benda honum á,"
8. bendir á í þessu sambandi að þjóðhöfðinginn hafi upplýst þingnefnd þings Evrópuráðsins um það 8. janúar að allar staðhæfingar um pyntingu geti hver sem er lagt fyrir dómsmálaráðherra til rannsóknar,
9. lýsir ánægju yfir að dregið hefur úr hryðjuverkum í Tyrklandi, en bendir á að samfara þessu hefur ekki verið komið á aftur almennum mannréttindum sem voru takmörkuð eða afnumin í samræmi við fyrrnefnda 15. gr.,
10. fordæmir nýlega ákvörðun öryggisráðs ríkisins um að leysa upp stjórnmálaflokka og gera eignir þeirra upptækar,
11. lýsir áhyggjum yfir skýrslum um að pyntingar og slæm meðferð eigi sér enn stað, en bendir á að tyrknesk stjórnvöld hafi ítrekað fyrirætlun sína um að rannsaka allar staðhæfingar um slíkt og refsa embættismönnum sem sannast á að hafi pyntað fanga,
12. hefur það í huga að ráðgjafarsamkunda hefur verið stofnuð til þess að gera drög að stjórnarskrá, en harmar jafnframt að stjórnmálasamtök eru útilokuð frá þátttöku í störfum þessarar samkundu,
13. lýsir áhyggjum yfir ólýðræðislegum sjónarmiðum í nokkrum nýlegum lögum, svo sem lögunum um háskóla, sem gætu unnið gegn lýðræðishugmyndum í drögunum að stjórnarskránni,

14. álítur að lokum að Evrópuráðið geti ekki án þess að glata trausti sem mannréttindastofnun frestað því á ný að taka harða afstöðu gegn núverandi ástandi í Tyrklandi,
15. fordæmir þau mannréttindabrot sem hafa átt sér stað í Tyrklandi, meðal annars afnám stjórnmálaflokka og verkalýðsfélaga, fangelsanir vegna skoðana, pyntingar og slæma meðferð á pólitískum föngum og réttarhöld þar sem ákærðum er ekki tryggður réttur til málsvarnar,
16. biður tyrknesku ríkisstjórnina að láta lausa pólitíska fanga, að leyfa á ný stofnun lýðræðislegra samtaka og verkalýðsfélaga án íhlutunar, tryggja minnihlutatrúarflokkum vernd og jafnrétti og að endurreisa lýðfrjálsar stofnanir,
17. beinir athygli ríkisstjórna aðildarríkja Evrópuráðsins að 24. grein sáttmálans, sem heimilar sérhverju aðildarríki að vísa til mannréttindanefndarinnar sérhverju broti á ákvæðum sáttmálans,
18. álítur að málsmeðferð, sem gert er ráð fyrir í 24. gr. sáttmálans, eigi að beita í máli Tyrklands til þess að upplýsa að hve miklu leyti staðhæfingar um pyntingar og önnur mannréttindabrot í Tyrklandi eigi við rök að styðjast,
19. leggur ríka áherslu á það við tyrknesku ríkisstjórnina:
    a. að tryggja að drögin að stjórnarskránni, sem lögð verða fyrir tyrknesku þjóðina til samþykktar, og væntanleg lög um stjórnmálaflokka og kosningar verði í fullu samræmi við skuldbindingar Tyrklands við stofnskrá Evrópuráðsins og Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins,
    b. að gera nægilegar ráðstafanir til þess að frjálsar almennar umræður eigi sér stað áður en drögin að stjórnarskrá verði lögð undir þjóðaratkvæði í leynilegum kosningum eins og ráðgert er haustið 1982,
    c. að virða algerlega öll ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu og að engin frávik verði leyfð frá honum með það sérstaklega í huga að binda endi á pyntingar og slæma meðferð fanga og að framfylgja einarðlega rannsóknum á öllum skýrslum þar um,
    d. að veita sendinefnd frá Alþjóða Rauða krossinum tækifæri til að framkvæma óhlutdræga rannsókn á aðstæðum í tyrkneskum fangelsum, einkum að því er varðar staðhæfingar um pyntingar,
    e. að tryggja rétt sérhvers einstaklings til réttlátrar málsmeðferðar fyrir algjörlega óháðum dómstólum, svo og mannúðlegan aðbúnað í fangelsum og að leysa úr haldi alla fanga sem ranglega eru í haldi,
    f. að afnema öll lög sem ranglega takmarka rétt til þess að láta í ljós skoðanir, starfsemi stjórnmálaflokka og verkalýðsfélaga og að tryggja afdráttarlaust þessi réttindi,
    g. að viðurkenna rétt tyrknesku þjóðarinnar til að taka við upplýsingum með því að koma á fullu prentfrelsi,
    h. að tryggja að uppfyllt séu öll skilyrði fyrir lýðræði til þess að gera lýðræðislega kjörnum tyrkneskum þingmönnum fært að taka á ný sæti sín sem þingfulltrúar hjá Evrópuráðinu áður en of langur tími líður.

Ed. 581. Lög [93. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 413.

Ed. 582. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. apríl.)

1. gr.

1. 43. gr. stafliður h) orðist þannig:
   Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.
2. 43. gr. stafliður i) orðist þannig:
   Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða ef nota verður skip eða flugvélar við flutningana, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist því ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km og frá kostnaði við skip eða flugvélar dragast 500 kr. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi í heimahús, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi, sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.
   Sé fylgd nauðsynleg greiðist fargjald fylgdarmanns og að 3/4 ef um áætlunarferð er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 583. Frumvarp til laga [271. mál]

um útvarpsrekstur.

Flm.: Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Pétur Sigurðsson, Albert Guðmundsson, Halldór Blöndal.

1. gr.

Útvarpsstöð merkir í lögum þessum fyrirtæki eða stofnun sem annast útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

2. gr.

Útvarpsleyfisráð skipa 5 menn til fjögurra ára í senn. Menntamálaráðherra skipar formann ráðsins, en auk hans tilnefna í ráðið einn mann hver: Póst- og símamálastofnunin, Samband ísl. sveitarfélaga, Ríkisútvarpið og samtök útvarpsstöðva.

3. gr.

Hlutverk útvarpsleyfisráðs er:

1. Að veita leyfi til rekstrar útvarpsstöðva á Íslandi, eftir þeim reglum er lög þessi kveða á um.
2. Að fylgjast með rekstri útvarpsstöðva ef ástæða þykir til að ætla að þær hlíti ekki í einu og öllu ákvæðum laga þessara.

3. Að afturkalla leyfi til rekstrar útvarpsstöðva ef útsent dagskrárefni útvarpsstöðvar þykir fela í sér gróft brot á lögum þessum eða öðrum lögum er starfrækslu útvarpsstöðvar varða. Við minni háttar brotum skal ráðið veita útvarpsstöð áminningu.
Ákvörðun útvarpsleyfisráðs skv. 1. mgr. má skjóta til menntamálaráðherra.

4. gr.

Heimilt er útvarpsleyfisráði að veita félögum, stofnunum og einstaklingum leyfi til útvarpsrekstrar. Hver sá sem reka vill útvarpsstöð skal sækja um leyfi til útvarpsleyfisráðs og skal ráðið afgreiða slíka umsókn innan þriggja mánaða frá því að umsókn ásamt tilskildum gögnum berst því. Útvarpsleyfisráð skal að jafnaði veita leyfi til útvarpsrekstrar ef umsækjandi uppfyllir þau skilyrði er 5. gr. kveður á um.

Rekstrarleyfi skal veitt til þriggja ára í senn og endurnýjast sjálfkrafa ef það er ekki afturkallað 6 mánuðum áður en gildistími rennur út.

5. gr.

Leyfisveitingar til útvarpsrekstrar skulu háðar þeim skilyrðum:

1. Að tilgreindur sé ábyrgðarmaður útvarpsstöðvar er hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.
2. Að hjá útvarpsstöð starfi dagskrárstjóri, er hafi reynslu í dagskrárgerð fyrir fjölmiðla, og enn fremur tæknistjóri, er hafi meistarapróf í útvarpsvirkjun eða hliðstæða menntun.
3. Að tæknilegur búnaður stöðvar fullnægi kröfum er kveðið verði á um í reglugerð.
4. Að fyrir liggi ítarleg áætlun um dagskrá og rekstur útvarpsstöðvar.
5. Að fyrir liggi jákvæð afstaða sveitarstjórnar í því umdæmi er útvarpsrekstur skal starfrækja.

6. gr.

Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöðvar, flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin reglum sem póst- og símamálastjórnin setur um öldutíðni, útgeislun o. fl., svo sem ákveðið er samkvæmt alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

7. gr.

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Þær skulu kappkosta að veita þá þjónustu sem almenningi má að gagni koma, þ. á m. fræðslu- og fréttaþjónustu. Þær skulu leitast við að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, er almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau.

Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum og einstaklingum.

8. gr.

Útvarpsstöðvar og Póst- og símamálastofnun skulu hafa náið samstarf til að tryggja að útvarp og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

Heimilt er Ríkisútvarpinu og Landssíma Íslands að leigja öðrum útvarpsstöðvum afnot af sendistöðvum og endurvarpsstöðvum eftir því sem tæknibúnaður og aðstæður leyfa.

9. gr.

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, áskriftargjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendinga fræðslu- og skýringarefnis. Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá annarri dagskrá útvarpsstöðva. Útvarpsstöðvar skulu sjálfar ákvarða verðlagningu þeirrar þjónustu sem þær veita.

10. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög, fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá, sem flytur sjálfur efni í eigin nafni, ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni, sem útvarpað er samtímis því, að það er flutt, og efni, sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til samtals í útvarpi þannig að hver sem tekur þátt í samtali í eigin nafni ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð, sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal, sem ábyrgðarreglur 2. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Ábyrgðarmaður útvarpsstöðvar ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður útvarpsstöðvar, sbr. 3. mgr., eða ábyrgðarmaður útvarpsstöðvar, sbr. 5. mgr., orðið fébótaskyldur, og ber þá útvarpsstöðin ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

11. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann, sem ábyrgð ber eftir 10. gr.

Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu, fullnægjandi upplýsingar um, hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 10. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef 2 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti, ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

12. gr.

Skylt er útvarpsstöð að varðveita allt útsent efni í tvær vikur frá því það var sent út.

Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu, endurrit af þeirri útsendingu sé eftir því leitað innan þess frests, sem greinir í 1. mgr.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin eftirtalin lagaákvæði: 1. mgr. 2. gr. l. 19/1971. 1. mgr. 24. gr. l. 19/1971. 2. gr. l. 30/1941. Orðin „á einkarétti ríkisins, sem í 2. kafla getur“ í 10. gr. l. 30/1941.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þar til stofnuð verða samtök útvarpsstöðva skv. 3. gr. laganna skulu samtök um frjálsan útvarpsrekstur tilnefna mann í útvarpsleyfisráð.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið í samráði við nokkra forsvarsmenn samtaka um frjálsan útvarpsrekstur. Frumvarpið felur í sér að einkaleyfi ríkisins á útsendingum til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum og öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt, verði afnumið.

Að stofni til er hér um að ræða svipaðar tillögur og áður hafa verið lagðar fyrir Alþingi, en dagað uppi. Má þar fyrst og fremst nefna frumvarp Guðmundar H. Garðarssonar um breytingar á útvarpslögum, sem lagt var fyrir Alþingi haustið 1977. Í greinargerð með því frumvarpi ritaði flutningsmaður m. a.:

„Eigi þarf að fjölyrða um eðli og tilgang frumvarpsins. Stjórnarskrá Íslands felur í sér að fullt tjáningarfrelsi skuli ríkja í landinu. Hefur svo verið að því er hið prentaða mál varðar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

Ákvæði íslenskra laga um tjáningarfrelsi eru í samræmi við vestrænar lýðræðisvenjur. En þó hefur Ísland dregist aftur úr á einu sviði og beinlínis lagt hömlur á tjáningarfrelsið umfram það, sem þekkist í öðrum lýðræðisríkjum. Er það í sambandi við rekstur hljóðvarps- og útvarpsstöðva í eigu annarra aðila en ríkisins. Enn búa Íslendingar við tæplega hálfrar aldar fyrirkomulag í þessum efnum, — fyrirkomulag sem var í sjálfu sér eðlilegt á bernskuskeiði þessa rekstrarforms hér á landi, þegar fjármagn var af skornum skammti og reynsla lítil í framkvæmd þessara mála. Er óhætt að segja, að Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, hafi gegnt hlutverki sínu af mikilli prýði, og er frumvarp þetta ekki flutt til að kasta neinni rýrð á þessa fjölmiðla né starfsemi þeirra.

Tímar eru nú hins vegar gjörbreyttir frá því er einkaleyfi Ríkisútvarpsins var ákveðið árið 1930 og kröfur fólks allt aðrar og meiri. Í flestum lýðræðisríkjum eru nú starfræktar margar útvarps- og hljóðvarpsstöðvar. Eru þær ýmist í eigu hins opinbera eða félaga og einstaklinga. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið góð. Notendur þessara fjölmiðla hafa notið meiri fjölbreytni í efnisvali vegna aukinnar samkeppni á sama tíma sem fleiri hafa fengið tækifæri til að verða virkir þátttakendur á þessu sviði.

Á síðasta áratug hafa orðið ótrúlegar tækniframfarir í útsendingu á tali, tónum og myndum. Hið sama gildir um viðtökutækni þess eðlis er hér um ræðir. Sem dæmi má nefna, að án mikils tilkostnaðar má koma upp staðbundnum útsendingum á sviði hljóðvarps og sjónvarps, sem mundu auka mjög á fjölbreytni í efnisvali, auk þess sem unnt er með fjölgun stöðva að fullnægja kröfum um aukna fræðslu á sviði almennra og staðbundinna mála.“

Miðað við reynslu annarra þjóða virðist raunhæfasti kosturinn að koma til móts við auknar kröfur um útvarps- og sjónvarpsefni með því að fela áhugasömum aðilum rekstur slíkra stöðva með þeim takmörkum, sem slíkur rekstur þarf að sæta. Þá virðist og raunhæft að fleiri en ein stöð fái að starfa á hverju útsendingarsvæði, þannig að heilbrigð samkeppni tryggi að komið verði til móts við kröfur notenda, fremur en flóknar reglur.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um að útvarpsstöðvar skuli stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og veita þá þjónustu sem almenningi má að gagni koma. Er ekki að efa að fjölgun útvarps- og sjónvarpsstöðva getur orðið menningarlífi til eflingar, ekki síst á þeim svæðum utan höfuðborgarinnar, sem hafa verið afskipt hjá Ríkisútvarpi. Þá er og viðbúið að á harðbýlum landssvæðum geti svæðisbundnar útvarpsstöðvar stuðlað að auknu öryggi landsmanna með frétta- og upplýsingaflutningi, svæðisbundnum tilkynningum og viðvörunum. Svæðisbundnar stöðvar geta stuðlað að auknu upplýsinga- og fróðleiksstreymi um það er viðkomandi héruð varðar, stuðlað að varðveislu sérkenna íslenskrar tungu og aukið samkennd í byggðarlögum þar sem samgönguerfiðleikar eru miklir.

Í frumvarpi þessu er ákvörðunarvald um leyfisveitingu til rekstrar útvarpsstöðva að mestu leyti fært í hendur viðkomandi sveitarstjórna. Þær hafa úrslitavald um það, hvort umsækj-

andi fær leyfi til rekstrar útvarpsstöðvar. Með þessu móti er reynt að tryggja að þeir, sem eiga að vera notendur viðkomandi útsendinga, hafi sem mest áhrif á ákvörðun um leyfisveitingu. Með þessu móti er reynt að draga úr áhrifum miðstýringar í þessum efnum, sem ekki þykja heppileg þegar um þessa staðbundnu fjölmiðla er að ræða. Endanleg úthlutun leyfis er í höndum útvarpsleyfisráðs. Það sér um að tryggja að öllum skilyrðum sé fullnægt, úthlutar bylgjulengdum og hefur eftirlit með því, að farið verði að settum lögum.

Fylgiskjöl með þessu frumvarpi eru tvö: Annars vegar yfirlit yfir tilhögun útvarpsmála í nokkrum löndum. Hins vegar um lágaflssjónvarp á Íslandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi skilgreining er í samræmi við gildandi útvarpslög (1971). Með útvarpi er þannig átt við t. d. hljóðvarp og sjónvarp, sendingar með radíóbylgjum og um kapla.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að sett verði á laggirnar svonefnt útvarpsleyfisráð til þess að fjalla um og taka ákvarðanir um leyfisveitingar til útvarpsrekstrar. Eins og fram kemur af greinum frumvarpsins er ætlunin að ráðinn sé hlutlaus aðili, er meti hæfni umsækjenda á hlutlægum grunni, enn fremur að það hafi eftirlit með því, að ákvæðum laganna sé framfylgt af þeim aðilum sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.

Um skipan ráðsins þykir eðlilegt að þeir aðilar, sem beinna hagsmuna eiga að gæta, skipi fulltrúa, svo sem ráð er fyrir gert í 2. gr. frv.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Grein þessi kveður á um skilyrði til leyfisveitingar. Í 5. tl. er gert ráð fyrir að jákvæð afstaða sveitarstjórnar liggi fyrir til þess að leyfi verði veitt skv. 4. gr. Ljóst er að ekki verða gerðar kröfur um að leitað verði eftir umsögn sveitarstjórna utan þess umdæmis sem útvarpsstöð verður starfrækt í.

Í 4. tl. er gerð krafa um að ítarlega áætluð dagskrá liggi fyrir. Með ákvæði þessu er ætlunin að tryggja að útvarpsleyfisráð geti í höfuðatriðum gert sér grein fyrir efni því sem ætlunin er að útvarpa.

Um 6. gr.

Í núgildandi fjarskiptalögum (1941) er kveðið á um einkarétt ríkisins á öllum fjarskiptum. Ráðherra (samgöngu-) getur þó veitt undantekningar í einstökum tilvikum um tiltekinn tíma. Einnig getur hann gert almenna undantekningu með reglugerð (á við „minni háttar" framkvæmdir). Þessi lög geta því væntanlega staðið óbreytt.

Útvarpsstöð geti falið öðrum aðilum alla umsjón tækja til útvarpsrekstrar, þ. e. kaup og innflutning, smíði, uppsetningu, rekstur (þ. m. t. tækniatriða) og viðhald — ef það hentar. Sömu kröfur verður að gera til búnaðarins og í öðrum tilvikum.

Þær tæknilegu kröfur, sem hér eru nefndar, eiga við fjarskiptabúnað útvarpsstöðvanna. Kröfur til þessa búnaðar ættu að miðast við það, að hann ylli ekki truflunum umfram það sem talið er æskilegt í alþjóðlegum samþykktum og reglum sem Íslendingar eiga aðild að.

Lágmarkskröfur ættu einkum að taka yfir hámarksstyrk á hvers kyns óæskilegri útgeislun eða sendingum, mestu bandbreidd útsendingar og tíðnistöðugleika. Þess verði gætt, að allar kröfur til tæknibúnaðarins taki mið af aðstæðum hérlendis og rauverulegri þörf fyrir reglur yfir hann.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Hlutverk Póst- og símamálastofnunar í útvarpsrekstri verði öðru fremur nauðsynleg yfirumsjón fjarskiptamála í bylgjusviðum útvarps. Þar má nefna skipulagningu (s. s. úthlutun senditíðna og afltakmarkanir) og eftirlit með útsendingum stöðva eftir þörfum. „Hagstæð fjarskiptastarfsemi" vísar til þessa.

Sameiginlegum notum af endurvarpsstöðvum Póst- og símamálastofnunar og Ríkisútvarpsins eða aðstöðu við þær (húsnæði, rafmagni) er auðvelt að koma við og gætu þau komið öllum til góða.

Um 9.—13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Tilhögun útvarpsmála í nokkrum löndum.

Noregur.

Í Noregi hefur tilhögun útvarpsrekstrar verið að breytast eins og kunnugt er, einkum eftir síðustu stjórnarskipti. Breytingin er í átt til frjálsari útvarpsrekstrar.

Svíþjóð.

Þar eru þrjár útvarpsrásir, sem ná til allrar þjóðarinnar, og tvær sjónvarpsrásir. Ríkið á og stjórnar útvarpi, en hefur reynt að dreifa valdinu. Tvær stofnanir sjá um útvarp og sjónvarp, önnur dreifir útsendingartíma og sér um stjórnun, en hin sér um dagskrárgerð.

Að auki geta félög og samtök fengið leigðan stúdíótíma og útsendingartíma hjá sænska útvarpinu/sjónvarpinu, til að bjóða upp á staðbundna dagskrá og er það nokkuð mikið notað.

Holland.

Eitt ríkisrekið móðurfyrirtæki sér um tæknihliðar og fasta fréttatíma, en 9 dagskrárfyrirtæki í eigu hlustenda sjá um dagskrá. Þessir hlustendahópar eru yfirleitt trúarflokkar, stjórnmálaflokkar og önnur stór samtök og fá tíma í útsendingu eftir stærð (fjölda félaga). Auglýsingatekjur renna allar til ríkisins, sem notar þær til rekstrarins og greiðir einnig hluta þeirra til blaðanna, í miskabætur fyrir tapaðar auglýsingar.

Bretland.

Annars vegar er ríkisrekið útvarp, BBC, sem samt er óháð pólitískum afskiptum, og hins vegar samtök óháðra útvarpsstöðva, IBA. Þær starfa eftir lögum ríkisins og greiða leigugjald af sendunum. IBA framleiðir ekki dagskrá, heldur gera það 15 sjónvarpsefnisframleiðendur og fjöldi útvarpsefnisframleiðenda. Hver framleiðandi dagskrárefnis hefur eitt hérað „til umráða" (tvö í London), auk þess útvarpa stöðvarnar efni framleiddu af öðrum svo og aðkeyptu erlendu efni. Framleiðendur fá tekjur af sölu auglýsinga.

Bretar hafa 2 sjónvarpsrásir frá BBC, eina frá IBA og hugmyndir eru um að bæta einni við óháðri BBC og IBA.

Útvarp og sjónvarp í Bretlandi er talið gott dæmi um það, hvernig auka má fjölbreytni í dagskrárframboði með skynsamlegri leiðsögn ríkisins, en einkaframtakið sér um framkvæmdina.

Finnland.

Í Finnlandi er ríkisrekið útvarp og sjónvarp, en ríkið hefur samt ekki einkarétt á slíkum rekstri. Því er rekin önnur stór sjónvarpsstöð, og fjöldi lítilla útvarps- og þráðsjónvarpsstöðva.

Finnar sjá því tvær sjónvarpsrásir. Sú ríkisrekna fær tekjur af afnotagjöldum, en sú í einkaeigu fær auglýsingatekjur og greiðir 55% af tekjum sínum til ríkisreknu stöðvarinnar fyrir útsendingarbúnaðinn. Ríkisútvarpið útvarpar því í raun öllu efninu, en einkastöðin býður upp á aukarás. Einkastöðin (MTV) er í eigu fjölmargra aðila, og enginn má eiga meira en 5%.

Helsinkibúar hafa um 6 sjónvarpsrásir að velja: ríkisrásina, MTV rásina, rás frá Eistlandi, og þrjár þráðrásir, eina með fréttum og fræðsluefni, eina með tónlist og textaupplýsingum, og eru þessar tvær rásir sendar út ókeypis, þriðja þráðrásin hefur afþreyingarefni og þarf að borga tengingargjald við hana og afnotagjald. Þar að auki fá félög og stofnanir oft að taka upp þætti hjá þráðsjónvarpinu og senda út.

Danmörk.

Þar er ástand mála svipað og í Noregi. Ríkið rekur útvarpið, með einni sjónvarpsrás, þremur útvarpsrásum, sem ná yfir allt landið, og staðbundnum stöðvum í stærstu bæjum og borgum. Engar auglýsingar eru, en almenningur virðist ekki mótfallinn þeim. Oft hefur verið rætt um að gera útvarpsrekstur í Danmörku frjálsan.

Frakkland.

Móðurfyrirtæki ríkisins hefur yfirumsjón með hinum sjö deildum útvarps og sjónvarps. Þær hafa mismunandi hlutverk. Ein sér um auglýsingar, önnur um tækjabúnað og stúdíó, ein sér um gagnavörslu, þrjár sjónvarpsstöðvar keppa sín á milli um áhorfendur, og fjórar útvarpsstöðvar eru í gangi.

Bandaríkin.

Ítarleg lagasetning er um utvarp og sjónvarp þar í landi. Yfirstjórn er í höndum 7 manna nefndar, þar sem hver maður er kjörinn pólitískt (af forseta) til 7 ára í senn, og endurnýjuð einu sinni á ári.

Umsækjendur fá að setja upp stöðvar að undangenginni ítarlegri skýrslugerð og könnun á þörfum viðkomandi byggðarlags á fjölgun stöðva. Útvarpsstöðvar eru um 8500 og sjónvarpsstöðvar nær 1000. Allt eru þetta staðbundnar stöðvar. Meiri hluti stöðva er þó tengdur útsendingarneti eins af þremur dagskrárgerðarfyrirtækjum, og meiri hluti dagskrár kemur frá þessum fyrirtækjum.

Um fjórðungur útvarps- og sjónvarpsstöðva birtir ekki auglýsingar, heldur starfar fyrir framlög ríkis og bæja og styrki frá stórfyrirtækjum og einkaaðilum. Þessar stöðvar leggja aðaláherslu á flutning sérstakra frétta og flutning annars efnis en venjulega er flutt í hinum stöðvunum, oft efni tengt listum.

Stóru dagskrárgerðarfyrirtækin fá tekjur af sölu auglýsinga og greiða staðbundnum stöðvum síðan fyrir flutning efnis og auglýsinga. Þetta á aðallega við um sjónvarp. Útvarp

framleiðir yfirleitt eigin efni á staðnum: tónlist, fréttir, viðtalsþætti o. fl. Athyglisvert er að á meðan útvarps- og sjónvarpsstöðvar eru um 9600 talsins eru dagblöð aðeins tæp 1700.

Stöðvar verða að gefa árlega nákvæma skýrslu um dagskrá sína og þjónustu við bæjarfélagið.

Vestur-Þýskaland.

Alríkisstjórnin rekur ekkert útvarp eða sjónvarp, en hin einstöku „lönd" (länder), sem eru 10 talsins, hafa hvert sína útvarps- og sjónvarpsstöð. Þar að auki reka „löndin" saman aðra sjónvarpsrás, sem nær til landsmanna allra. Enn fremur eru starfandi tvær stórar útvarpsstöðvar, sem senda út um allan heim efni á öðrum tungumálum en þýsku. Stjórnarskráin kveður á um frelsi til tjáningar á prenti, í útvarpi og á kvikmynd.

Tæpur helmingur tekna útvarps- og sjónvarpsstöðvanna er í gegnum auglýsingar, og afgangurinn fæst með afnotagjöldum. Dagskráin er samansett í samræmi við lagaákvæði um fjölbreytni og smekkvísi. Eftirlitsnefndir manna úr þjóðlífi og félagslífi fylgjast með því fyrir hönd neytenda að ekki sé hallað á neinn og að lögum sé fylgt.

Sviss.

Eitt einkafyrirtæki sér um að reka útvarp og sjónvarp í Sviss. Útvarpað er og sjónvarpað á þremur tungumálum. Fyrirtækið starfar með leyfi frá stjórninni og fylgir nákvæmum reglum um dagskrána. Öflugir hópar hlustenda og áhorfenda fylgjast með að reglunum sé framfylgt og láta hátt í sér heyra ef út af ber.

Svisslendingar geta þar að auki fylgst með sendingum í nágrannalöndunum, og fyrirhugað er að reisa sjónvarpsstöð á landamærum Sviss og Ítalíu til að sjónvarpa beint til Sviss. Auglýsingar eru ekki leyfðar í útvarpi og aðeins í takmörkuðum mæli í sjónvarpi, þar sem talið er að blöð mundu annars missa tekjur.

Austurríki.

Ríkið rekur eina útvarps- og sjónvarpsstöð og sjónvarpað er á tveimur rásum og útvarpað á þremur. Hvert fylki í landinu hefur svæðisstúdíó og kemur sínu efni að í sjónvarpi og útvarpi.

Þeir, sem gerast áskrifendur að þráðloftneti, fá þessar sendingar og að auki þrjár sendingar úr þýsku sjónvarpi.

Ítalía.

Pólitískt ástand Ítalíu einkennir útvarp og sjónvarp þar. Annars vegar rekur ríkið stórar og mannmargar útvarps- og sjónvarpsstöðvar og hins vegar er fjöldi einkastöðva, sem reknar eru án kvaða og leyfa.

Sjónvarpsrásir ríkisins eru tvær og útvarpsrásir þrjár. Stórar nefndir stjórnmálamanna stýra þessu og dagskráin einkennist oft af pólitískri valdastreitu. Í undirbúningi eru lög sem eiga að hemja eitthvað einkastöðvarnar, sem skjóta upp kollinum jafnhratt og gorkúlur, við mikil mótmæli stöðvareigenda.

Belgía.

Ríkið hefur einkarétt á útvarps- og sjónvarpsútsendingum, og sjá þrjú fyrirtæki um útsendingar á jafnmörgum tungumálum. Hver tungumálahópur fær tvær sjónvarpsrásir og þrjár útvarpsrásir, nema sá þýski, sem hefur aðeins útvarp.

Nokkurs konar útvarpsráð stjórnar stöðvunum, og einnig eru starfandi nefndir sem fjalla um fagleg atriði dagskrárinnar. Neytendur greiða afnotagjald og auglýsingar eru ekki leyfðar. Í Brussel starfar þráðsjónvarp, sem býður upp á 3 franskar rásir, 3 þýskar, 2 hollenskar og eina frá Luxembourg.

Kanada.

Útvarpsrekstur er frjáls í Kanada og starfar þar fjöldi útvarps- og sjónvarpsstöðva í einkaeign, og einnig rekur ríkið stöðvar (CBC). Samtals eru þetta um 2000 stöðvar.

Stöðvar ríkisins flytja frétta-, fræðslu- og menningarefni, og auglýsingamagn er minna en í einkastöðvum og fer minnkandi af ásettu ráði. Stefnt er að því, að ríkisstöðvarnar verði auglýsingalausar og fjármagnaðar alfarið af almannafé.

Allar stöðvar í Kanada starfa eftir ströngum reglum. Verða þær að endurnýja leyfi sitt reglulega, og þá er farið ofan í kjölinn á dagskránni. Bandarískt efni er í meiri hluta í dagskrá kanadískra sjónvarpsstöðva, og einnig sjá Kanadamenn bandarískar stöðvar.

Fylgiskjal II.

Lágaflssjónvarp á Íslandi

Inngangur.

Lágaflssjónvarp (Low Power Television) er ein af þeim nýjungum sem nú eru að ryðja sér til rúms í fjölmiðlun í Bandaríkjunum og víðar. Lágaflssjónvarp er í raun ekki annað en lítil sjónvarpsstöð með takmarkaða útsendingargetu (1000 wött).

Slíkar stöðvar þjóna gjarnan tiltölulega fámennum eða sérhæfðum áhorfendahópi og fjárhagslegur grundvöllur rekstrarins byggist á því, hversu litlar fjárfestingar þarf til að koma starfseminni á fót.

Athuganir á fjárhagslegum og tæknilegum hliðum á rekstri lágaflsjónvarps benda til þess, að það sé vel framkvæmanlegt að koma slíkri starfsemi á fót á Reykjavíkursvæðinu.

Skýrsla þessi hefur verið tekin saman til þess að kynna helstu þætti málsins og skapa umræðugrundvöll um það. Hún er beint framhald af bréfi sem höfundar hennar skrifuðu menntamálaráðherra 9. júlí 1981, þar sem þeir fóru fram á að fá tækifæri til að standa fyrir lágaflssjónvarpi á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Markaðsaðstæður.

Lágaflssjónvarp verður að byggja tekjur sínar á afnotagjöldum og auglýsingum. Afnotagjöld má innheimta með þeim hætti að afmynda (scramble) útsendingargeislann en leigja notendum síðan sérstök tæki sem breyta geislanum aftur í eðlilega mynd með ákveðnum móttakara (decoder boxes). Þessi tækni er vel þekkt í Bandaríkjunum og verður sífellt öruggari, þannig að nánast er útilokað að horfa á útsendingar slíkra stöðva án þess að greiða fyrir þær.

Sé þessi aðferð notuð skerðist í engu geta Ríkisútvarpsins til að innheimta afnotagjöld. Hins vegar mætti jafnvel bæta eftirlitskerfi Ríkisútvarpsins með því að gefa Ríkisútvarpinu upplýsingar um notendur slíkrar stöðvar, þannig að tvöfalt eftirlitskerfi gæti skapast.

Ekki er reiknað með því, að fólk geti skipt við lágaflsstöðina án þess að greiða jafnframt afnotagjald til Ríkisútvarpsins. Slík lágaflsstöð yrði því algjör viðbót að þessu leyti.

Erfitt er að gera sér grein fyrir því, hversu marga viðskiptavini lágaflsstöðin mundi laða að sér. Slíkt fer að sjálfsögðu eftir mörgu; t. d. verði, samkeppni frá Ríkisútvarpinu/Sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum, þróun myndbanda og möguleikum fólks almennt á skemmtun eða afþreyingu.

Eftir því sem kostnaðaráætlanir gefa til kynna, þá virðist þurfa að minnsta kosti 20 000 viðskiptavini til þess að nokkur von sé til að lágaflsstöð geti borið sig. Það er ljóst, að til þess að geta náð svo mörgum viðskiptavinum til sín verður umrædd stöð að vanda mjög til markaðsstarfsemi og efnisvals.

Efnisval er reyndar aðalatriðið. Ef efni það, sem boðið er upp á, er ekki samkeppnisfært við aðra fjölmiðla er augljóst mál að vonlaust er að ná fyrrnefndum 20 000 viðskiptavinum.

En jafnvel þótt notendur yrðu 20 000 stæðu afnotagjöld þess fjölda alls ekki undir rekstrarkostnaði. Yrði því að finna aðrar tekjuleiðir. Þar liggja auglýsingar að sjálfsögðu beinast við. Nokkuð óljóst er þó hversu rúmur auglýsingamarkaðurinn er, þar sem Ríkisútvarpið/Sjónvarp hefur útbreiðslu um land allt, meðan lágaflssjónvarpsstöðin næði aðeins til takmarkaðs svæðis. Geta lágaflsstöðvarinnar til þess að selja auglýsingatíma takmarkast því af þessu og því verður ekki hægt að selja auglýsingamínútuna jafndýrt og Ríkisútvarpið/Sjónvarp gerir.

Fyrstu áætlanir um auglýsingatekjur eru byggðar á því, að auglýsingatíminn á hverjum degi verði um 15 mínútur og verðið fyrir hverja auglýsingamínútu verði í réttu hlutfalli við áhorfendahóp slíkrar lágaflsstöðvar, miðað við áhorfendafjölda Ríkisútvarps/Sjónvarps.

Aðrir tekjustofnar eru takmarkaðir. Þó mætti eflaust selja efni til annarra aðila í smáum stíl. Er þá bæði átt við erlenda markaði en þó fyrst og fremst þann möguleika að selja efni til bæjarfélaga sem koma sér upp kapalsjónvarpi og lágaflsstöðin nær ekki til með beinni útsendingu.

Vægi þessara þriggja aðaltekjustofna er hugsað þannig að afnotagjöldin gefi 50—60% heildartekna, auglýsingatekjur 40—45% og aðrar tekjur 5—10%.

Eins og í öllum áhættusömum atvinnurekstri eru tekjur lágaflssjónvarpsins langt frá því að vera öruggar, en þær munu fyrst og fremst fara eftir dugnaði og útsjónarsemi stjórnendanna.

Fjárfestingar.

Lágaflssjónvarp hefur fyrst og fremst orðið að veruleika erlendis vegna þess, hversu ódýr búnaðurinn til framleiðslu efnis og útsendinga er orðinn.

Fyrir aðeins áratug hefði starfsemi slíkra stöðva verið nánast útilokuð vegna gífurlegs stofnkostnaðar, en nú virðist allgóður möguleiki á að koma frambærilegri sjónvarpsstöð á fót fyrir minna en átta milljónir nýrra króna.

Eftirfarandi niðurstaða byggist á því, að starfsemin fari af stað í leiguhúsnæði, þannig að upphaflega yrði aðeins fjárfest í útsendingarbúnaði, upptökusal (þ. e. a. s. innréttingum eingöngu) og nauðsynlegustu tækjum til upptöku. Í Bandaríkjunum er talið að komast megi af með mun minni fjárfestingu eða innan við 200 þúsund dollara. Í áætlunum þessarar skýrslu er reynt að vera frekar í hærri kantinum.

Aðalliðirnir í fjárfestingaráætluninni eru því fyrrnefndir þættir: útsendingarbúnaður, upptökusalur, tæki og áhöld ásamt óvissuþætti. Stuðst er við bandarískar upplýsingar um kostnað við gerð upptökusalar og sendibúnaðar. Hvað snertir aðra þætti er tekið mið af Ríkisútvarpi/Sjónvarpi og því sem gengur og gerist hjá íslenskum fyrirtækjum.

Er því óhætt að telja fjárfestingaráætlunina tiltölulega raunhæfa svo langt sem hún nær á þessu stigi málsins og eftir því sem verðbólgutímar leyfa.

Það er alla vega öruggt að fjárfestingar þurfa ekki að fara yfir 10 milljónir nýkróna og fara sennilega aldrei undir 6 milljónir nýkróna.

Lágaflssjónvarp á Íslandi er því alls ekki fjarlægur draumur hvað þessa hlið málsins varðar.

Kostnaður.

Umfang þessarar sjónvarpsstöðvar er ef til vill auðveldast að skýra með því að benda á væntanlegan starfsmannafjölda sem yrði um það bil 30 manns. Þannig má fá góða hugmynd um það, hvers konar rekstri er hægt að halda úti og hvað hann komi til með að kosta.

Kostnaðarhliðin er því tiltölulega fyrirsjáanleg, meðan alltaf hlýtur að vera rennt dálítið blint í sjóinn með tekjuhliðina.

Aðalliðirnir í kostnaðaráætluninni eru laun og launatengd gjöld, erlent efni, viðhald, annar rekstrarkostnaður, afskriftir og fjármagnskostnaður. Um alla þessa liði má spá með nokkurri nákvæmni, ekki síst þar sem reynsla hefur fengist hjá Ríkisútvarpi/Sjónvarpi og slíkum stöðvum erlendis.

Það má benda á að áætlun um starfsmannafjölda er byggð á upplýsingum frá stöðvum af svipaðri stærð í Bandaríkjunum.

Það virðist tiltölulega öruggt að ekki þurfi að kosta meira en um það bil 30 milljónir nýkróna á ári að reka lágaflssjónvarp af þessari stærðargráðu hér á landi. Sé vel haldið á spöðunum má komast af með minni upphæð.

Kostnaðurinn er þannig ekki úrslitaatriði. Lágaflssjónvarpið stendur og fellur með tekjuhliðinni. Ef hægt er að afla 30 milljóna árlega í tekjur getur reksturinn borið sig tiltölulega áhættulítið.

Efni og gæðatrygging.

Það er auðvitað ljóst, að tilvist sjónvarpsstöðvar sem þessarar byggist á því, að hún geti boðið upp á samkeppnisfært efni sem fólk vill horfa á.

Þarf örugglega mikla hugmyndaauðgi og útsjónarsemi til þess að hafa efni á boðstólum sem bæði er markaðshæft og jafnframt innan þeirra marka sem fjárhagsleg geta sjónvarpsstöðvarinnar leyfir, þar sem markaðsstærðin er afar takmörkuð. Auk þess veitir Ríkisútvarpið samkeppni á öllum sviðum (meðan Ríkisútvarpið/Sjónvarp fær einungis samkeppni á auglýsingamarkaðnum). Einnig þarf að keppa við myndbönd og aðra afþreyingargjafa. Þannig eru lágaflssjónvarpinu þar með settar skorður um efnisval. Ef sýnt er gæðarýrara efni en boðið er upp á af keppinautunum er harla lítil von til þess, að einhver fari að greiða aukalega afnotagjald til slíkrar sjónvarpsstöðvar sem lágaflssjónvarp er, og þar með væri fjárhagslegur grundvöllur fyrir rekstrinum brostinn.

Reyndar er óhætt að fullyrða að efni lágaflssjónvarpsins yrði að vera verulega betra en sýnt er í Ríkisútvarpinu/Sjónvarpi, annars er nokkurn veginn vonlaust að leggja út í samkeppni.

Því er oft haldið fram, að unnt sé að ná til notenda með því að leggja sem mesta áherslu á ódýra afþreyingu, en vanrækja menningarleg gæði. Ef áhyggjur út af slíku eru verulegar þegar stofnun lágaflssjónvarps er rædd, þá má vel hugsa sér að stöðin verði háð eftirliti einhvers aðila, eins og t. d. útvarpsráðs, eða fengi einungis starfsleyfi til takmarkaðs tíma í senn.

Það er hins vegar nánast óhugsandi að sjónvarpsstöð, sem á fjárhagslega jafnmikið undir högg að sækja, geti farið að takmarka áhorfendahóp sinn með því að hafa á boðstólum efni sem er stjórnmálalega einstrengingslegt. Það virðist reyndar vera lögmál að þar sem samkeppni ríkir á þessu sviði, þá geta sjónvarpsstöðvar ekki boðið upp á annað efni en það sem langflestir áhorfendur geta vel sætt sig við í stjórnmálalegu tilliti. Stjórnmálaleg sértrúarstefna mundi einungis þrengja markaðinn og því kippa fjárhagslegum grundvelli undan rekstrinum.

Að sjálfsögðu verða stjórnendur lágaflsstöðvarinnar þó alltaf að hafa allt frumkvæði með efnisval þar sem fjárhagslega ábyrgðin er þeirra. En þeir hljóta alltaf að vera tilbúnir að beygja sig undir eitthvert menningarlegt eftirlit, sé það framkvæmt á ódýran og hagkvæman hátt.

Frumatriðið er hins vegar það, að ekki verður haldið úti taplausum rekstri af þessu tagi án þess að vera með samkeppnisfært efni í háum gæðaflokki. Það má benda á að hlutfall milli erlends og innlends efnis hjá Ríkisútvarpi/Sjónvarpi er um 65%—35% erlenda efninu í hag. Treysta undirritaðir sér til að halda þessu sama hlutfalli milli erlends og innlends efnis, jafnvel þótt ætlunin sé að sjónvarpa mun lengri dagskrá daglega en íslenska sjónvarpið býður upp á.

Tímaáætlun.

Sjónvarpsstöð sem þessari er ekki ráðlegt að koma á fót nema eftir góðan undirbúning. Allt flan og vanhugsaðar aðgerðir veikja einungis reksturinn fjárhagslega og leiða til málamiðlana varðandi gæði efnisins sem aftur gera fjárhagsstöðuna enn verri.

Sennilega þarf því allt að tveimur árum frá því að lágaflssjónvarp fær rekstrarheimild þangað til starfsemin getur hafist.

Lágaflssjónvarp getur því líklega aldrei orðið að veruleika fyrr en á árinu 1984, jafnvel þótt leyfisveiting fengist nú í vetur.

Lágaflssjónvarp og Ríkisútvarpið/Sjónvarp.

Yrði lágaflssjónvarp að veruleika ætti það vitaskuld í samkeppni við Ríkisútvarpið/Sjónvarp. Þessi samkeppni yrði bæði um áhorfendur (samt ekki um afnotagjöld, eins og fyrr var nefnt) og auglýsingatekjur.

Ekki er samt ástæða til annars en að halda að Ríkisútvarpið/Sjónvarp geti auðveldlega staðist þessa samkeppni. Ríkisútvarpið/Sjónvarp hefur mun öruggari tekjumöguleika en keppinauturinn, þar sem svigrúm þess til innheimtu afnotagjalda yrði í engu skert og færri áhorfendur mundu því einungis leiða af sér lægri auglýsingatekjur hjá Ríkisútvarpi/Sjónvarpi. En engu að síður ætti R/S samt að hafa betri möguleika til þess að afla auglýsingatekna en lágaflsstöðin, þar sem R/S nær til allra landsmanna meðan lágaflsstöðin getur einungis treyst á auglýsingatekjur af takmörkuðu svæði. Það má einnig benda á að hugsanlega gæti R/S haft leigutekjur af endurvarpsstöðvum sínum, með því að leigja lágaflsstöðinni afnot af þeim, á þeim tíma sem R/S nýtir þær ekki til eigin útsendinga.

Lágaflssjónvarp getur því alls ekki staðist samkeppnina nema skipulagning, fjármálastjórn og markaðsstarfsemi verði með því allra besta sem gerist á Íslandi.

Auk þess að eiga í innbyrðis samkeppni mundu þessir tveir keppinautar, Ríkisútvarpið og lágaflssjónvarpið, verða að keppa við skylda og óskylda aðila um tíma og fjármuni fólks.

Sjónvarp er aðeins einn þeirra fjölmiðla sem aftur eiga í samkeppni við alla þá sem bjóða fólki upp á afþreyingu, fróðleik, skemmtun og tómstundagaman. Sjónvarp hefur nú á síðustu árum einkum þurft að keppa við myndbönd og myndplötur, er ná meiri og meiri útbreiðslu í kjölfar tækninýjunga og kostnaðarlækkana. Reyndar hafa sjónvarpsstöðvar um allan heim reynt að færa sér myndbandabyltinguna í nyt því framleiðsla myndefnis hefur orðið sífellt ódýrari í kjölfar þeirrar tækniþróunar sem myndböndin hafa leitt af sér.

En myndböndin hafa fjölgað mjög þeim valkostum sem fólk hefur á sviði sjónvarps eða ígildis þess í heimahúsum. Afleiðing þessarar þróunar er fyrst og fremst sú að ekki er lengur hægt að ákvarða hvaða efni neytendur geta séð í sjónvarpi eða sjónvarpsígildi. Því er ekki lengur unnt að hafa áhrif á menningarleg gæði þess efnis sem horft er á í sjónvarpi eða sjónvarpsígildi með því að takmarka framboðið. Nú getur fólk horft á nánast allt það efni sem það vill borga fyrir og nánast ógerningur að breyta því sem komið er.

Það hafa jafnan verið rökin fyrir einokun Ríkisútvarpsins á bæði hljóðvarpi og sjónvarpi, að með henni væri verið að reyna að tryggja menningarleg gæði þess efnis sem boðið er upp á. Með hliðsjón af fyrrgreindum tækninýjungum og auknu framboði alls kyns efnis og breyttum neysluvenjum er ljóst að slík rök eru orðin afar haldlítil.

Miklu fremur er ástæða til að ætla að rökin hafi algerlega snúist við, þannig að menningarleg gæði efnis þess, sem landsmenn horfa á, verði aðeins aukin með meira framboði en ekki minna. Þetta gefur enn frekari ástæðu til þess að stuðla að stofnun lágaflssjónvarps á Íslandi. Það verður að leggja á það áherslu í þessu sambandi, að einokun Ríkisútvarpsins hefur aldrei verið markmið í sjálfu sér, heldur hefur henni verið við haldið í þágu íslenskrar menningar.

Lágaflssjónvarp á Íslandi gæti náð til flestra landsmanna með tiltölulega litlum tilkostnaði, þótt útsendingar þess gegnum lágaflssendinn séu bundnar við takmarkað svæði. Nýta mætti sér endurvarpskerfi R/S þegar það er ekki í notkun og dreifa mætti efni stöðvarinnar í gegnum kapalsjónvarp þar sem það er til staðar, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem undirritaðir hafa yfir að ráða, þá ráða allmörg byggðarlög yfir slíkum stöðvum og innan skamms munu mörg önnur bætast í hópinn. Ef vilji væri fyrir hendi ætti því ekki að koma til mismununar á möguleikum landsmanna til að horfa á og njóta útsendinga frá umræddri lágaflsstöð.

Nú eru breyttir tímar. Lágaflssjónvarp á Íslandi yrði mikilsvert framlag til íslenskrar menningar og mundi að því leyti hjálpa íslenska Ríkisútvarpinu til þess að ná þeim markmiðum sem starfsemi Ríkisútvarpsins var í upphafi grundvölluð á.

Fjárfestingaráætlun:

Sendibúnaður	3 200 000	nýkr.
Stúdíó	1 000 000	—
Innréttingar	500 000	—
Áhöld og tæki	2 000 000	—
Óvissuþáttur	1 300 000	—
Fjárfestingaþörf	8 000 000	nýkr.

Rekstraráætlun:

Tekjur:

Auglýsingar	10 950 000	nýkr.
Afnotagjöld	14 400 000	—
Aðrar tekjur	2 160 000	—
Alls	27 510 000	nýkr.

Rekstrarkostnaður:

Laun og launatengd gjöld	7 500 000	nýkr.
Erlent efni	6 000 000	—
Viðhald	780 000	—
Annar rekstrarkostnaður	6 000 000	—
Alls	20 280 000	nýkr.
Hagnaður (tap)	7 230 000	nýkr.

Frá dregst:

Afskriftir	1 560 000	nýkr.
Fjármagnskostn. (net)	2 751 000	—
Óvissuþáttur	4 918 000	—
Alls	9 229 000	nýkr.
Hagnaður (tap)	1 999 000	nýkr.

Miðað er við verðlag í árslok 1981.

(Frumathugun þessi er samin af Sigurjóni Sighvatssyni og Vilhjálmi Egilssyni í desember 1981.)

Ed. 584. Frumvarp til laga [272. mál]

um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni h. f.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að yfirtaka kröfur að jafnvirði allt að 1,3 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum á hendur Kísiliðjunni h.f. og leggja þá fjárhæð fram til aukningar hlutafjár ríkissjóðs í Kísiliðjunni h.f.

Ákvæði 5. mgr. 4. gr. laga nr. 80 15. ágúst 1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn gilda ekki um þau hlutabréf í Kísiliðjunni, sem ríkissjóður fær við yfirtöku nefndra krafna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, hefur það að markmiði að treysta rekstrargrundvöll og tryggja greiðsluafkomu Kísiliðjunnar h.f. vegna rekstrarerfiðleika. Kísiliðjan kynnti aðalhluthöfum sínum á seinni hluta s. l. árs að um verulegan taprekstur yrði að ræða á árinu 1981 og fyrirsjáanlegt væri að fyrirtækið myndi eiga í greiðsluvandræðum á næstu árum. Hafa fulltrúar iðnaðarráðuneytisins og Manville[1]) átt viðræður um málefni Kísiliðjunnar.

Af hálfu Manville var greint frá því að fyrirtækið væri ekki tilbúið að leggja fram meira en $ 262 500 í aukið hlutafé en jafnframt væri fyrirtækið reiðubúið að endurskoða samninga um söluþóknun og tækniþjónustugjald.

Iðnaðarráðuneytið ræddi þessi mál við fjármálaráðuneytið og lagði fram ákveðna tillögu um aukningu hlutafjár ríkissjóðs í Kísiliðjunni. Fjármálaráðuneytið féllst á þessa tillögu með bréfi til iðnaðarráðuneytisins dags. 24. mars 1982.

Gert er ráð fyrir því að aukning hlutafjár ríkissjóðs verði með því móti, að ríkissjóður taki að sér að greiða fjögur lán er nú hvíla á Kísiliðjunni h.f. og eru lán þessi sem hér segir:

1. Lán hjá The Northern Trust Company, upphaflega $ 500 000 til 7 ára með 9% föstum vöxtum. Afborganir hófust á árinu 1981. Afborganir fara fram tvisvar á ári 15. júní og 15. desember, seinasta afborgun 15. júní 1985. Eftirstöðvar 31/12 1981 $ 388 980.
2. Lán hjá New England Merchant National Bank, samskonar lán og hið fyrra og með sömu kjörum. Eftirstöðvar 31/12 1981 $ 388 980.
3. Lán hjá Citybank, London $ 250 000. Afborganir hefjast 30. apríl 1982, seinasta afborgun 31. október 1987. Vextir breytilegir 5/8% yfir LIBOR + 1¼% tryggingargjald til Landsbankans.
4. Yfirtaka á láni, sem Kísiliðjan tók á árinu 1981 hjá endurlánum ríkissjóðs að upphæð $ 262 500 eða þar um bil.

Samtals eru þessi lán að upphæð $ 1.290 460 eða um 13 millj. kr.

Manville mun yfirtaka lán að upphæð $ 262 500 sem fyrirtækið veitti Kísiliðjunni fyrir nokkrum árum. Samhliða þessu verða gerðir nýir samningar milli Kísiliðjunnar h.f. og Manville um söluþóknun og greiðslu fyrir tækniþekkingu. Í samningi um söluþóknun er kveðið á um 25% gjald, í reynd hefur gjald þetta verið mun lægra frá byrjun og er áformað

1) Fyrirtækið hét áður Johns Manville, en í lok s. l. árs var nafninu breytt í Manville.

að semja um 12% gjald ásamt hugsanlega öðrum breytingum. Í tæknisamningi er kveðið á um greiðslu 6% tæknigjalds en í reynd hefur verið greitt 2% gjald og er áætlunin að fastsetja þá tölu í tæknisamningnum.

Þær tillögur um aukið hlutafé sem hér er gert ráð fyrir, leiða til nokkurra breytinga á eignarhlutdeild í Kísiliðjunni h.f.

	Núverandi	Samkvæmt tillögunum ca.
Ríkissjóður	51,6%	63%
Manville	47,8%	36,5%
Aðrir þ.e. aðallega sveitarfélög á Norðurlandi eystra	0,6%	0,5%

Stutt yfirlit um starfrækslu Kísiliðjunnar h.f.

Nú eru liðin um 15 ár frá stofnun Kísiliðjunnar h.f. við Mývatn. Fyrstu 5 árin voru verksmiðjunni erfið enda á vinnslan á kísilgúr hérlendis sér enga hliðstæðu annars staðar í heiminum. Upp úr 1972 fer reksturinn að ganga betur. Á árunum 1973 til 1978 er afkoma Kísiliðjunnar góð. Nettó hagnaður er öll þessi ár og greiðslustaða verksmiðjunnar mjög góð.

Árið 1977 verður Kísiliðjan fyrir gífurlegum áföllum, hráefnisþrærnar eyðileggjast og skemmdir verða á húsum. Á árinu 1978 er byggð ný og fullkomin hráefnisþró í stað þeirra þriggja sem eyðilögðust. Engar tryggingarbætur fengust vegna þessa tjóns. Heildarkostnaður við byggingu nýju þróarinnar var um $ 1 300 000 sem samsvarar um 13 millj. kr. Fjármögnun þessa verks var þannig að $ 1 000 000 voru tekin að láni en $ 300 000 var eigið fé fyrirtækisins.

Á árunum 1979 og 1980 fer staða fyrirtækisins versnandi og eru meginástæður þess eftirfarandi:

1. Á árinu 1979 gat fyrirtækið ekki framleitt á fullum afköstum vegna gufuskorts. Úr því var bætt 1980 með borun tveggja nýrra hola í Bjarnarflagi.
2. Á árinu 1980 gætir nokkurs sölusamdráttar í Evrópu, sem rekja má til almenns samdráttar í efnahagslífi í Evrópu. Varð sölusamdrátturinn um 15% frá því sem ráð hafði verið fyrir gert í söluáætlunum (þ. e. 22 000 tonn).
3. Fjárfestingar vegna mengunarvarna voru miklar. Sett voru upp hreinsitæki fyrir útblástursloft frá gufuþurrkurum og ýmsar úrbætur voru gerðar til að draga úr mengun í andrúmslofti starfsmanna. Á verðlagi 1. mars 1982 kostuðu þessar fjárfestingar rúmar 8 millj. kr. Auk þess leiddu þessar fjárfestingar til aukins reksturskostnaðar þ. e. aukin raforkunotkun og dýrari umbúðir.

Framleiðsla og afkoma.

Allar tekjur Kísiliðjunnar eru í Evrópumyntum en allar skuldir eru hins vegar í bandaríkjadollurum. Sterk staða dollars á undanförnu einu og hálfu ári hefur veikt stöðu Kísiliðjunnar mjög, og hefur greiðslustaða fyrirtækisins verið mjög erfið. Kísiliðjan h. f. er örugglega eitt af þeim fyrirtækjum er farið hafa hvað verst út úr þróun gengismála. Markaðshorfur fyrir kísilgúr hafa farið batnandi á undanförnum mánuðum og útlit er fyrir hallalausan rekstur á þessu ári með þeim aðgerðum er hér er lagt til að gerðar verði samanber töflu 1.

Tafla 1:
(upphæðir í millj. kr.)

	1979	1980	1981	1982
Framleiðslumagn	22 268 t	19 352 t	20 643 t	22 500 t
Sala	21 746 t	18 757 t	20 206 t	22 500 t
Útflutningsverð cif.	22,9 m.kr.	28,7 m.kr.	43,9 m.kr.	
Útflutningsverð fob.	18,4 m.kr.	22,7 m.kr.	35,3 m.kr.	52,6 m.kr.
Hagnaður (tap) nettó	1,0 m. kr.	(0,3 m. kr.)	(7,0 m. kr.)	(7,4 m. kr.)
Hagnaður eftir aukningu hlutafjár				0.7 m. kr.
Hlutfall af heildarútflutningi	0.65%	0.51%	0.54%	

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Reiknað er með að aukning hlutafjár ríkissjóðs verði með því móti að ríkissjóður yfirtaki lán allt að $ 1 300 000 er nú hvíla á Kísiliðjunni h.f. Yfirtaka ríkissjóðs á lánum þessum fer fram um leið og frumvarp þetta hefur orðið að lögum og sama gildir um yfirtöku Manville á láni að upphæð $ 262 500.

Í samþykktum Kísiliðjunnar h.f. er svo fyrir mælt að hluthafar skuli eiga forkaupsrétt að aukningarhlutum í félaginu í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Ekki virðist unnt að skylda félagið til að bjóða sveitarfélögum frekari þátttöku og er síðari málsgr. 1. gr. frumvarpsins ætlað að taka af tvímæli í því efni. Aukin þátttaka sveitarfélaga á Norðurlandi mun þó standa þeim til boða, ef áhugi er fyrir hendi.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 585. Frumvarp til laga [273. mál]

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

1. tl. 3. gr. laganna breytist svo sem hér segir:

Í stað orðanna „jafnvirði 13.2 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum“ komi: jafnvirði 19 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum.

2. gr.

Við 3. grein bætist nýr töluliður, 8. tl., sem hljóði svo:

Að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir 55% af láni, er félagið tekur og í heild nemur allt að 6 milljónum bandaríkjadollara eða jafngildi þess í annarri mynt, ásamt vöxtum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, beinist að því að tryggja greiðsluafkomu Íslenska járnblendifélagsins h.f. næstu ár.

Sem kunnugt er hóf járnblendiverksmiðjan á Grundartanga framleiðslu snemma vors 1979.

Afkoma Járnblendifélagsins fyrstu þrjú rekstrarárin hefur orðið talsvert lakari en ráð var fyrir gert. Helstu ástæður þess eru einkum tvær:

Í fyrsta lagi reyndist markaður fyrir kísiljárn á árinu 1980 og þó einkum 1981 miklu lakari en í meðalári og ráð hafði verið fyrir gert í áætlunum. Var þar bæði um að ræða minnkun sölumagns og lækkun söluverðs. Þessu olli fyrst og fremst hin djúpa og langvinna alþjóðlega efnahagskreppa, sem fylgdi í kjölfar olíuverðhækkananna 1979.

Í öðru lagi reyndist fjármagnskostnaður Járnblendifélagsins hærri en búist hafði verið við. Stafaði það annars vegar af lakari rekstrarafkomu, sem fyrr var nefnd, og aukinni lánsfjárþörf af þeim sökum. Hins vegar stafar aukinn fjármagnskostnaður af því, að vextir á erlendum fjármagnsmörkuðum hafa hækkað stórkostlega síðan 1979. Er sú þróun Íslenska járnblendifélaginu, sem hefur nýhafið rekstur og ber því tiltölulega þunga greiðslubyrði, afar kostnaðarsöm.

Á móti þessu kemur, að bygging verksmiðjunnar var mun ódýrari en ráð var fyrir gert og í tæknilegum efnum hefur rekstur verksmiðjunnar gengið mjög vel frá öndverðu.

Um sl. áramót hafði Járnblendifélagið fengið allt það fjármagn, sem félaginu var ætlað í upphaflegum áætlunum um fjármögnun félagsins. Var þar annars vegar um að ræða hlutafé og hluthafalán í samræmi við 1. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 18/1977, en hins vegar og að meiri hluta lán, sem félagið tók sjálft án ábyrgðar frá hluthöfum hjá Norræna fjárfestingarbankanum og öðrum. Þessar lántökur nutu óbeins stuðnings hluthafa á byggingartíma verksmiðjunnar samkvæmt svonefndum lúkningarsamningum, sem gerðir voru í samræmi við 3. mgr. 6. gr. laganna, en þeir samningar eru nú úr gildi.

Vegna áðurgreindra rekstrarþrenginga var greiðslufjárstaða fyrirtækisins hins vegar orðin veik um síðustu áramót og fyrirsjáanleg frekari veiking hennar á yfirstandandi ári.

Járnblendifélagið þarf því á nýju fjármagni að halda til að tryggja greiðslustöðu sína á þessu ári og mæta þeim greiðsluhalla, sem vænta má, þar til ástand á kísiljárnsmarkaði hefur breyst til hins betra.

Járnblendifélagið hefur kynnt hluthöfum sínum, iðnaðarráðuneyti og Elkem A/S, núverandi stöðu félagsins og áætlun framkvæmdastjórnar þess um rekstur og afkomu árin 1982—1985.

Er í þeirri áætlun á því byggt í meginatriðum, að á þessu ári hefjist hægfara þróun til batnaðar frá þeirri lægð, sem ríkt hefur í kísiljárniðnaðinum síðan á miðju ári 1980. Er miðað við það, að á árinu 1985 hafi kísiljárnmarkaður komist í það horf, sem hann var að meðaltali á tímabilinu 1972—81, og að þá verði sala hjá félaginu væntanlega komin í arðvænlegt horf bæði að magni og verði. Þessi framvinda er einkum talin háð hinni almennu þróun efnahagsástands í heiminum, fremur en sérstökum aðstæðum í kísiljárniðnaðinum sjálfum.

Ekki er gert ráð fyrir því, að orkuskortur hái starfseminni á komandi árum.

Járnblendifélagið hefur jafnframt gert ráðuneytinu grein fyrir viðræðum félagsins við viðskiptabanka sína, Den norske Creditbank og Bank of America, og því tilboði sem þeir hafa gert um lausn á fjárhagsvanda félagsins, eins og hann nú horfir við fyrir árin 1982—1985. Tilboðið var lagt fram á stjórnarfundi í félaginu í febrúarmánuði sl.

Tilboð bankanna er byggt á fyrrnefndri rekstrar- og greiðslufjáráætlun Járblendifélagsins 1982—85, sem þeir hafa rannsakað og fallist á fyrir sitt leyti. Það miðast við að leysa greiðslufjárvanda fyrirtækisins fram til 1985, en þá er talið sennilegt, að rekstrarafkoma fyrirtækisins verði orðin það góð, að það þurfi ekki á frekari fjármagnsfyrirgreiðslu að halda. Tilboðið gerir ennfremur ráð fyrir því, að eigendur fyrirtækisins taki á sig nokkrar nýjar fjárhagsskuldbindingar til viðbótar þeim, sem felast í hlutafjárframlögum þeirra hingað til.

Tilboð bankanna er í megindráttum sem hér segir:

1. Núverandi rekstrarlán 6 millj. bandaríkjadala, sem er hluti af upphaflegu lánsfé, verði endurfjármagnað með öðru láni, sem félagið taki sjálft án ábyrgðar hluthafa, til 7 ára.
2. Veitt verði viðbótarrekstrarlán allt að 4 millj. bandaríkjadala til 3 ára, sem félagið taki sjálft á sama hátt.
3. Veitt verði víkjandi lán með sjálfsskuldarábyrgð hluthafa eftir eignarhlutföllum þeirra að upphæð 6 millj. bandaríkjadala ásamt uppsöfnun áfallandi vaxta í allt að 5 ár.
4. Eigendur leggi fram nýtt hlutafé (eða víkjandi lán) til félagsins eftir þörfum á árinu 1983 eða síðar, sem samkvæmt fyrirliggjandi áætlun yrði alls 26 millj. N.kr.
5. Að auki er gert ráð fyrir frestun á afborgunum áranna 1982 og 1983 af fjárfestingarláni félagsins frá Exportfinans í Noregi, samtals 35 millj. N.kr., og lengingu lánstíma sem því svarar.

Það er einkum fyrirgreiðslan skv. 3. og 4. lið, um 104 millj. kr., sem skiptir beinu máli fyrir hluthafa félagsins, vegna sjálfskuldarábyrgðar annars vegar og hlutafjárframlaga hins vegar. En samtals nemur sú upphæð, sem hér um ræðir, um 345 millj. kr.

Iðnaðarráðuneytið lét starfshóp á sínum vegum með aðild fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar yfirfara rekstrar- og greiðslufjáráætlanir Járnblendifélagsins og hugleiða, hvort skynsamlegt væri, og þá hvernig, að mæta fjármagnsþörf Járnblendifélagsins með opinberum ráðstöfunum.

Í skýrslu starfshópsins kemur fram, að hann geti í megindráttum fallist á áætlanir Járnblendifélagsins og það álit þess og sérfræðinga Elkem, að þær séu í varkárara lagi. Á hinn bóginn telur starfshópurinn nokkrar líkur á því, að afkoma Járnblendifélagsins verði á næstu árum lakari en þessi áætlun gefur til kynna og fjármagnsþörfin að sama skapi meiri.

Starfshópurinn komst engu að síður að þeirri niðurstöðu, að áframhaldandi rekstur járnblendiverksmiðjunnar með því sem næst fullum afköstum og án nokkurrar tímabundinnar stöðvunar, væri eftir sem áður langhagkvæmasti rekstrarkosturinn, sem völ væri á. Að áliti starfshópsins helst þessi niðurstaða óbreytt þótt rekstraraðstæður verksmiðjunnar batni ekki frá því sem nú er og jafnvel þótt þær versni enn.

Starfshópurinn er jafnframt þeirrar skoðunar, að miðað við allar aðstæður sé rétt að taka fyrrgreindu tilboði bankanna. Hann leggur hins vegar áherslu á það, að eigendur Íslenska járnblendifélagsins búi sig undir að leggja meira fé til fyrirtækisins á komandi árum, annaðhvort í formi hlutafjár eða víkjandi lána til að mæta hugsanlega lakari afkomu, ef til kemur, og/eða draga úr greiðslubyrði fyrirtækisins umfram það, sem bankarnir gera ráð fyrir.

Frumvarp þetta felur í sér tillögu um þær lagaheimildir, sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að tryggja greiðslustöðu Járnblendifélagsins á komandi árum í samræmi við framangreindar upplýsingar.

Fyrirhugað er að ráðstöfunin skv. 3. lið í fyrrnefndu tilboði bankanna verði látin ganga fyrir þeirri í 4. lið, að öðru jöfnu, og að hún verði framkvæmd þegar á þessu ári, en hlutafjáraukning skv. 4. lið verði 1983 eða síðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að nota megi þessar aðferðir hvora í annarrar stað, eftir því sem við getur átt, þ. e. hlutafé í stað lánsfjár og öfugt, eins og tillaga starfshópsins gerir ráð fyrir. Ennfremur er gerð tillaga um heimild til hlutafjáraukningar umfram það sem tilboð bankanna miðast við og er þar enn farið að tillögu starfshóps iðnaðarráðuneytisins.

Að áliti viðkomandi sérfræðinga; starfshóps iðnaðarráðuneytisins, sérfræðinga hinna erlendu banka, sérfræðinga Elkem A/S og stjórnenda Íslenska járnblendifélagsins, er líklegt að ofangreind fjármagnsfyrirgreiðsla nægi til að fleyta Íslenska járnblendifélaginu yfir þá greiðslufjárerfiðleika upphafsrekstraráranna, sem fyrirtækið á nú við að etja og stafa, sem

fyrr er sagt, af óvenju óhagstæðum ytri rekstraraðstæðum fyrirtækisins. Gangi framangreindar rekstrarspár eftir mun fyrirtækið ekki þurfa á frekari framlögum eigenda sinna að halda. Þær rekstrarspár eru á hinn bóginn afar háðar efnahagsframvindu í hinum vestræna heimi á komandi árum og geta því brugðist. Álit sérfræðinganna er hins vegar, að meiri líkur séu á frávikum í hina áttina, þ. e. því að fjármagnsþörf fyrirtækisins verði minni en hér er gert ráð fyrir. Verði sú raunin á, mun ekki reynast nauðsynlegt að nota þá heimild alla, sem hér er gerð tillaga um.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gerð er tillaga um heimild til hækkunar hlutafjáreignar íslenska ríkisins í Járnblendifélaginu úr jafnvirði þessa hlutafjár 13.2 milljóna bandaríkjadollara í allt að 19 milljónir dollara. Gert er ráð fyrir hækkun um 2.4 milljónir dollara 1983 eða síðar, en rétt þykir að hafa lagaheimildina nokkru rýmri í samræmi við framangreindar tillögur, ef ráðlegt þætti á næstu árum að fjármagna stærri hluta af fjárþörf félagsins með hlutafé, en þeim mun minni með lánum. Gert er ráð fyrir samsvarandi framlagi Elkem A/S.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér heimild til sjálfsskuldarábyrgðar ríkisins á láni, sem Járnblendifélagið tekur til að fjármagna rekstur sinn og afborganir lána. Lánið, sem yrði víkjandi gagnvart öðrum lánum félagsins, er að upphæð 6 milljónir bandaríkjadollara og safnaði upp vöxtum í 5 ár eftir greiðslugetu félagsins á því tímabili. Hlutur ríkisins af ofangreindri upphæð nemur 3.3 milljónum bandaríkjadollara. Hlutur Elkem A/S er 2.7 milljónir bandaríkjadollara. Vextir af láninu yrðu 0,5% yfir millibankavöxtum í London eins og þeir eru á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 586. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta með hefðbundnum hætti og mælir með samþykkt þess með þeim breytingartillögum, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. apríl 1982.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Egill Jónsson.	Salome Þorkelsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Stefán Guðmundsson.	Soffía Guðmundsdóttir.
	Jón Helgason.	

Ed. 587. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Adal, Peggy Annadale, kennari á Laugarvatni, f. 27. júlí 1956 í Guyana.
2. Anderiman, Dísa, nemi í Reykjavík, f. 18. maí 1962 í Tyrklandi.
3. Axel Ásmundsson, barn í Reykjavík, f. 27. september 1981 í Indónesíu.
4. Bentína Björgólfsdóttir, snyrtifræðingur í Reykjavík, f. 22. júlí 1957 í Bandaríkjunum.
5. Cubero, Andrew Markus, barn í Reykjavík, f. 20. des. 1968 í Bandaríkjunum.
6. Cubero, Erika Erna, barn í Reykjavík, f. 8. júní 1972 í Bandaríkjunum.
7. Eymar Geir Eymarsson, barn á Akranesi, f. 27. maí 1981 í Guatemala.
8. Gunnhildur Viðarsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 1. nóvember 1963 í Danmörku.
9. Güngör, Tamzok, verkamaður á Eskifirði, f. 27. desember 1954 í Tyrklandi.
10. Gökken, Gören, barn í Mosfellshreppi, f. 24. janúar 1979 í Tyrklandi.
11. Halldór Jóhann Ragnarsson, barn í Kópavogi, f. 13. sept. 1981 í Indónesíu.
12. Helga Guðríður Ottósdóttir, barn á Kjalarnesi, f. 22. sept. 1981 í Indónesíu.
13. Henocque, Matthieu Charles Florimond, sjómaður í Reykjavík, f. 17. júní 1949 í Frakklandi. Fær réttinn 27. sept. 1982.
14. Higazi, Fawaz Kamal Abdel Fattah, verkamaður í Reykjavík, f. 13. mars 1953 í Jerúsalem.
15. Jones, Alan, sjómaður á Raufarhöfn, f. 7. janúar 1948 í Englandi.
16. Jóhannes Birgir Pálmason, barn í Reykjavík, f. 3. desember 1981 í Líbanon.
17. Lundgren, Per Bjarni Haumann, verkamaður í Kópavogi, f. 10. ágúst 1957 á Íslandi.
18. Marlies, Michael Willard, lektor á Seltjarnarnesi, f. 26. mars 1943 í Bandaríkjunum.
19. Merbt, Petra Maren, húsmóðir í Glæsibæjarhreppi, f. 22. júlí 1943 í Þýskalandi. Fær réttinn 29. júlí 1982.
20. Nielsen, Jens Grome Schirmer, sjómaður í Neskaupstað, f. 6. júní 1947 í Danmörku.
21. Ólafur Geir Ottósson, barn á Kjalarnesi, f. 4. ágúst 1980 í Indónesíu.
22. Ólafur Pálsson, barn í Reykjavík, f. 31. október 1981 í Líbanon.
23. Olivares, Juana Dominga Cardenas, starfsstúlka í Kópavogi, f. 4. ágúst 1950 í Nicaragua.
24. Schneider, Sebastian Bernhard, barn í Glæsibæjarhreppi, f. 5. mars 1967 í Þýskalandi.
25. Stapelfeldt, Dörte Maria Elli, húsmóðir í Bandaríkjunum, f. 29. janúar 1941 í Þýskalandi.
26. Steen-Johan Steingrímsson, öryrki í Reykjavík, f. 8. ágúst 1954 á Íslandi.
27. Takefusa, Björgólfur Hideaki, barn í Reykjavík, f. 11. maí 1980 á Íslandi.
28. Than, Samuel Neak, verkamaður í Reykjavík, f. 28. sept. 1937 í Cambodíu.
29. Tryggvi Ottósson, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 2. mars 1961 á Íslandi.

Ed. 588. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

2. gr. þessa frv. fjallar um að flytja ákvæði laga nr. 119 frá 28. des. 1950, um stjórn flugmála, inn í loftferðalög. Hér er um að ræða heimildarákvæði fyrir samgönguráðherra um

veitingu flugrekstrarleyfa. Við teljum að núverandi samgönguráðherra hafi notað þessa heimild á þann hátt að löggjafinn ætti að endurskoða þessi ákvæði og hafa bein eða óbein áhrif á ákvarðanir um veitingu þessara leyfa. Til þess að undirstrika þessa skoðun okkar munum við greiða atkvæði gegn því að setja þetta ákvæði í loftferðalög.

Alþingi, 5. apríl 1982.

Eiður Guðnason, form.	Egill Jónsson, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.
	Guðmundur Karlsson.	

Nd. 589. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til laga um dýralækna.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Þótt allir nefndarmenn landbúnaðarnefndar Nd. standi sameinaðir að afgreiðslu frumvarps til laga um dýralækna telja undirritaðir nefndarmenn nauðsynlegt að vekja athygli á formgöllum og nánast óþinglegri afgreiðslu málsins í hendur nefndinni.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og því eðlilegt að ætla að það hefði verið afgreitt í ríkisstjórninni á formlegan hátt. Það kom nefndarmönnum hins vegar í opna skjöldu er þeim bárust margar blaðsíður af athugasemdum um frumvarpið frá nefnd sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafði skipað. Þar er ekkert gert með frumvarpið og með óvenjulegu orðbragði, a. m. k. frá opinberum embættismönnum, er það skorið niður við trog, grein fyrir grein.

Þegar þessi afstaða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til frumvarpsins varð ljós vildu undirritaðir nefndarmenn vísa málinu til ríkisstjórnarinnar með eftirfarandi nefndaráliti:

„Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur fengið til meðferðar frumvarp til laga um dýralækna. Nefndinni hafa borist umsagnir nokkurra aðila um málið, sem flestar eru jákvæðar. Það vekur hins vegar mikla athygli, að Svavar Gestsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur sent Pálma Jónssyni landbúnaðarráðherra viðamikla greinargerð með athugasemdum við frumvarpið. Þar kemur m. a. fram, að um síðustu áramót hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra falið fjórum mönnum, Ingimar Sigurðssyni deildarlögfræðingi í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Ingólfi Petersen deildarstjóra lyfjamáladeildar sama ráðuneytis, Hrafni V. Friðrikssyni yfirlækni og forstöðumanni Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Sigurjóni Jónssyni yfirlyfjafræðingi, forstöðumanni Lyfjaeftirlits ríkisins, að gera athugasemdir við fyrrnefnt frumvarp. Þessar athugasemdir voru sendar landbúnaðarráðherra hinn 9. mars s. l., en þeim hafði verið komið á framfæri við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 29. janúar s. l. Landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur fengið þessar athugasemdir frá landbúnaðarráðherra.

Höfundar þessara athugasemda finna frumvarpinu til laga um dýralækna flest til foráttu, og verður ekki önnur ályktun dregin en sú, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sé nefndarmönnum sammála þar eð hann sendir landbúnaðarráðherra greinargerðina athugasemdalaust.

Í aðfaraorðum nefndarinnar segir orðrétt:

„Um s. l. áramót var okkur undirrituðum falið að gera athugasemdir við frumvarp til laga um dýralækna, sem litið hafði dagsins ljós þá fyrir skömmu í formi nefndarálits á vegum

landbúnaðarráðherra. Hljótum við að harma slík vinnubrögð þar sem frumvarp þetta er alfarið unnið á vegum þriggja manna nefndar hvar í áttu sæti tveir dýralæknar. Engin samráð voru höfð við heilbrigðisyfirvöld þó að frumvarpið snerti veigamikla þætti heilbrigðismála, og má þar helsta nefna lyfjamál og heilbrigðiseftirlit. Skýtur þetta skökku við þegar haft er í huga að heilbrigðisráðuneytið hefur ávallt kappkostað að senda landbúnaðarráðuneytinu til umsagnar þau frumvörp og þær meiri háttar reglugerðir er koma inn á málefni dýralækna, og er þar skemmst frá að segja að mjólkurreglugerð var til meðferðar í landbúnaðarráðuneytinu í tæpt ár. Er unnið var að lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo dæmi sé tekið, var það sent til yfirdýralæknis svo og landbúnaðarráðuneytisins.

Það er skoðun okkar, að landbúnaðarráðherra hefði átt að senda heilbrigðisráðuneytinu frumvarp það, sem hér er til umfjöllunar, áður en það var sent í prentun. Slík vinnubrögð hljóta að teljast sjálfsögð.

Áður en einstakar greinar verða teknar til efnismeðferðar viljum við benda á, og það er skoðun okkar, að dýralæknalög eigi eingöngu að fjalla um réttindi og skyldur dýralækna sem slíkra, sbr. læknalög um lækna, en síðan eigi að vera sérlög um dýralæknahéruð og þá þjónustu sem hið opinbera á að veita, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu og um læknishéruð. Verður því að líta á allar athugasemdir okkar óháðar þessu meginsjónarmiði, þar sem frumvarpið tekur yfir miklu fleiri þætti en réttindi og skyldur dýralækna."

Af þessum aðfaraorðum má ljóst vera að grundvallarágreiningur er á milli landbúnaðarráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um það frumvarp til laga um dýralækna, sem vísað hefur verið til landbúnaðarnefndar Nd. Þessi ágreiningur gengur svo langt, að í athugasemdum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er látið að því liggja, að eitt atriði frumvarpsins standist ekki gagnvart stjórnarskrárákvæðum um handhafa framkvæmdavalds.

Þá er og bent á það, að í frumvarpinu sé fjallað um Tilraunastöð Háskólans að Keldum og landbúnaðarráðuneytið hyggist setja lög um þá stofnun sem fellur undir menntamálaráðuneytið og starfar samkvæmt sérlögum. Einnig sé í frumvarpinu fjallað um Lyfjaverslun ríkisins, sem a. m. k. enn falli algerlega undir fjármálaráðuneytið. — Almennt eru athugasemdirnar þannig orðaðar, að ágreiningur ráðuneytanna blasir við í hverri setningu.

Af lestri athugasemdanna er ljóst, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið telur að stór hluti þess frumvarps, sem landbúnaðarnefnd neðri deildar er nú að fjalla um, falli ekki undir landbúnaðarráðuneytið, heldur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Frumvarp til laga um dýralækna er stjórnarfrumvarp og er eðlilegt að ætla að um það hafi verið samkomulag í núverandi ríkisstjórn. Eins og nú standa sakir eru greinilega miklir formgallar á allri umfjöllun málsins og nánast óþinglegt að landbúnaðarnefnd Nd. haldi áfram umræðum um það. Af þessum ástæðum teljum við bæði eðlilegt og sjálfsagt að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til umfjöllunar og ákvörðunar. Munum við ekki taka þátt í frekari athugun og könnun nefndarinnar á málinu. Af ofangreindum ástæðum leggjum við til **að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**"

Öllum nefndarmönnum var ljóst að mikið lá við að frumvarp þetta fengi afgreiðslu á þessu þingi. Varð því að samkomulagi að formaður nefndarinnar reyndi að sætta landbúnaðarráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á einhverja lausn málsins. Í allan þennan málarekstur fór mikill tími og mikil vinna og lauk honum með smíði fjölmargra breytingartillagna sem nefndin flytur nú við frumvarpið. Undirritaðir telja þetta vægast sagt óvenjulegar starfsaðferðir þegar þingnefnd verður að leysa ágreining ráðherra um stjórnarfrumvarp.

Margt fleira mætti um þessa makalausu málsmeðferð segja, en ugglaust gefst tækifæri til þess við umræður um málið.

Eins og áður er frá greint leggjum við til að frv. verði samþykkt með þeim brtt., sem nefndin í heild flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. apríl 1982.

Árni Gunnarsson, fundaskr., frsm. | Pétur Sigurðsson. | Steinþór Gestsson.

Nd. 590. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur fjallað um frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir nefndarmenn leggjum til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1982.

Jón Helgason, frsm. | Stefán Guðmundsson. | Soffía Guðmundsdóttir.

Nd. 591. Frumvarp til laga [2. mál]

um Listskreytingasjóð ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er hafi það markmið að fegra opinberar byggingar með listaverkum.

Nafn sjóðsins er Listskreytingasjóður ríkisins.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Málefni sjóðsins heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar, sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar, sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar.

Ríkisstjórnin getur ákveðið að lög þessi taki, eftir því sem við á, til bygginga á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar fjárveitingaákvörðun Alþingis.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt framlag ríkisins.
   Framlagið nemur 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o. s. frv.), sbr. 4. gr.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

4. gr.

Framlag ríkissjóðs skv. 1. tl. 3. gr. skal vera sérliður á fjárlögum og ákvarðast í samráði við byggingadeild menntamálaráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Greiða skal til Listskreytingasjóðs eigi minna en 1/12 árlegs framlags á mánuði hvert fjárlagaár, og skal uppgjöri ríkisins við sjóðinn lokið fyrir 10. desember ár hvert.

5. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs skipa fimm menn: formaður, skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og tveir myndlistarmenn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna. Ráðuneyti, sem bygging sú heyrir undir, sem listskreyta skal, getur tilnefnt einn fulltrúa til samstarfs við stjórn Listskreytingasjóðs, ef það æskir, og hefur hann tillögu- en ekki atkvæðisrétt. Réttur til slíkrar tilnefningar tekur þó ekki til menntamálaráðuneytisins.

Stjórnina skal skipa til tveggja ára í senn.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála í sjóðstjórn. Halda skal gerðabók um stjórnarfundi.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna, sem greiðist úr sjóðnum ásamt öðrum kostnaði við starfsemi hans.

6. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að reisa mannvirki, sem lög þessi taka til, ber arkitekt mannvirkisins og byggingarnefnd, sem hlut á að máli, að hafa samband við stjórn Listskreytingasjóðs þannig að byggingin verði frá öndverðu hönnuð með þær listskreytingar í huga, sem ráðlegar teljast.

7. gr.

Stefnt skal að því að um meiriháttar verkefni á sviði listskreytinga fari fram opinber samkeppni eftir reglum sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Bandalags ísl. listamanna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Arkitektafélags Íslands. Heimilt skal að ákveða að samkeppni um listskreytingu skuli opin listamönnum á Norðurlöndum.

Með listskreytingu er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, s. s. veggskreytingar innan húss og utan, höggmyndir, málverk, veggábreiður og hvers konar listræna fegrun.

Skal leitast við að dreifa verkefnum milli listgreina, þannig að í hverri byggingu séu fleiri en ein tegund listskreytinga.

8. gr.

Sjóðstjórnin skal samþykkja fyrirhugaða listskreytingu þeirra mannvirkja, sem lög þessi taka til, og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingar og byggingarnefnd. Hún getur kvatt sérfróða menn til aðstoðar við einstök verkefni.

9. gr.

Stefnt skal að því að verja einnig úr sjóðnum fé til listskreytingar bygginga, sem þegar eru fullbyggðar, og skal þá hafa samráð við arkitekt byggingarinnar, ef þess er kostur.

10. gr.

Verja má til listskreytingar bygginga, sem lög þessi ná til, fjárhæð sem svarar til 1% álags á framlög ríkisins til hlutaðeigandi byggingar.

Menntamálaráðherra getur heimilað að verja hærri fjárhæð en þessu svarar, ef fjárhagur sjóðsins leyfir og sjóðstjórn gerir um það tillögu.

11. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs getur hvort heldur er óskað eftir að gerð séu ný listaverk eða keypt fullgerð listaverk eða listaverk sem unnið er að. Heimilt er að kaupa listaverk frá Norðurlöndum, enda séu gagnkvæm samskipti milli landanna á þessu sviði.

12. gr.

Semja skal við bankastofnun um að annast reikningshald og fjárvörslu Listskreytingasjóðs og skal þess gætt að hann njóti jafnan bestu vaxtakjara. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu rekstrar- og efnahagsreikningar endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun árlega og birtir í Stjórnartíðindum.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 27. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, svo og 10. gr. laga um skólakostnað, nr. 49 29. apríl 1967, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara taka til bygginga sem í smíðum eru þegar lögin öðlast gildi og eigi hafa verið gerðar um bindandi ráðstafanir varðandi listskreytingar, nema sveitarstjórn ákveði listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Þá er heimilt að verja til listskreytingar fjárhæð er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

Lög þessi skulu tekin til endurskoðunar að fimm árum liðnum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir um listskreytingu opinberra bygginga.

Nd. 592. Frumvarp til laga [43. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 43 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr. hljóðar svo:

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

Ráðherra skipar 3ja manna stjórn brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn mann eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna og ákveður

þóknun til þeirra fyrir stjórnarstörf. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar.

Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðherra brunamálastjóra. Skal hann hafa sérþekkingu á brunamálum.

Brunamálastjóri veitir brunamálastofnuninni forstöðu. Hann ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar og taka þeir laun samkv. kjarasamningi opinberra starfsmanna.

3. gr. hljóðar svo:

Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:

a. Að leiðbeina sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
b. Að hafa á hendi tækniaðstoð við brunavarnaeftirlit sveitarfélaga og í öllum meiri háttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og bensín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv. í samráði við viðkomandi slökkviliðsstjóra.
c. Að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum, sem kveðið er á um í reglugerð, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum, sem að brunamálum lúta, sé fullnægt.
d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
e. Að hafa æfingar með slökkviliðum, gangast fyrir reglubundnum námskeiðum fyrir slökkviliðsmenn og undirbúa reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.
f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála og leiðbeina um val, uppsetningu og notkun á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi, þar með talið að kynna hönnuðum mannvirkja nýjungar á sviði brunavarna og gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og tæknimenn sveitarfélaga.
h. Að semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögunum og aðalniðurstöður þeirra skal birta opinberlega.
i. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál, og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
j. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

4. gr. hljóðar svo:

Sveitarfélög skulu halda uppi brunavörnum, þar með talið eldvarnareftirlit, í samræmi við kröfur, sem nánar skal kveða á um í reglugerð um brunavarnir og brunamál. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

Sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri fara með brunavarnamál sveitarfélagsins.

Sá, sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (slökkviliðsstjóra), getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið að fenginni umsögn brunamálastjóra.

Félagsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunar, undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum, berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

11. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið sveitarfélag þeirri skyldu að hafa slökkvilið, ef það hefur samið um, að slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélagi annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning, og skal hann staðfestur af félagsmálaráðuneytinu að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunarinnar.

18. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau. Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastjóra.

19. gr. hljóðar svo:

Eiganda eða umráðamanni fasteignar eða annars mannvirkis er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til björgunar á fólki úr eldsvoða. Hann skal, að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talist kostnaðar vegna, sjá um, að fyrir hendi séu tæki og útbúnaður til viðvörunar svo og til að slökkva og hefta útbreiðslu elds. Einnig ber honum að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

Félagsmálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, lagt svo fyrir, að stærri fyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að sporna við eldsvoða hjá sér, t. d. með útvegun sérstaks búnaðar til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

23. gr. hljóðar svo:

Lögreglustjóri skal sjá um að lögregluransókn fari fram þegar eftir brunatjón. Ef kveðja þarf til sérfróða menn vegna rannsóknar á eldsvoða, skal stjórn brunamálastofnunarinnar tilnefna þá samkvæmt tillögu brunamálastjóra. Réttarrannsókn þarf hins vegar ekki að fara fram, ef brunatjón er óverulegt og eldsupptök kunn. Afrit af gögnum um hverja slíka rannsókn ber að senda viðkomandi tryggingafélagi og brunamálastofnun þegar þau liggja fyrir.

24. gr. hljóðar svo:

a. Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1.75% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Viðlagatrygging Íslands skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni.

   Framlög þessi skulu greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.

b. Stjórn brunamálastofnunar er heimilt að semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðuneytinu. Í slíkri gjaldskrá skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.

c. Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

25. gr. hljóðar svo:

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi, að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

Honum og eftirlitsmönnum hans skal heimil umferð um híbýli manna, vinnustaði og aðra þá staði, þar sem eftirlits skv. 1. mgr. er þörf.

26. gr. hljóðar svo:

Nú kemur í ljós, að ákvæði laga þessara eða reglugerðar samkvæmt þeim eru brotin og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Þegar svo stendur á og upp kemur ágreiningur milli hans og húsráðanda um úrbætur, ber slökkviliðsstjóra tafarlaust að vísa málinu til stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, sem úrskurðar ágreininginn. Slökkviliðsstjóra eða brunamálastjóra ber að kæra brot til héraðsdómara sé ekki farið að úrskurði þeirra.

Að fengnu samþykki Brunamálastofnunar ríkisins getur slökkviliðsstjóri í samráði við lögreglustjóra eða héraðsdómara ákveðið, að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað húsráðanda eða ákveðið dagsektir á hendur honum allt að 0,1% af brunabótamati viðkomandi byggingar á dag, uns úr verður bætt. Dagsektir renni til ríkissjóðs. Þá getur slökkviliðsstjóri eða lögreglustjóri ákveðið, ef almannahætta stafar af því, að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt, að stöðva rekstur í viðkomandi byggingu og loka henni, þar til úr hefur verið bætt með fullnægjandi hætti að mati þessara aðila.

27. gr. hljóðar svo:

Nú telur brunamálastjóri að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 26. gr., og skal brunamálastjóri þá, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar, benda slökkviliðsstjóra á misbrestina, og hefur brunamálastjóri síðan rétt til að beita þeim heimildum, sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein, ef ekki er úr bætt.

Ef brunamálastjóri telur að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar.

28. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur, að fenginni tillögu stjórnar brunamálastofnunar, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

Nd. 593. Breytingartillaga [43. mál]

við frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá Gunnari R. Péturssyni.

Við 18. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 594. Fyrirspurnir. [274. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um útibú Veiðimálastofnunar á Austurlandi.

Frá Sveini Jónssyni.

1. Hvað líður stofnsetningu útibús Veiðimálastofnunar á Austurlandi, sem samþykkt var á Alþingi með þingsályktun í maí 1980?
2. Hvernig var nýtt sú fjárveiting, sem sérmerkt var stofnuninni í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1981 og samþykkt var því beinlínis til Austurlands?

II. Til félagsmálaráðherra um lögmannskostnað og ríkisábyrgð á launum.

Frá Halldóri Blöndal og Pétri Sigurðssyni.

1. Hve háum fjárhæðum var varið árin 1980 og 1981 til greiðslu launakrafna samkvæmt lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot?
2. Hve háar fjárhæðir voru á hvoru ári fyrir sig greiddar vegna gjaldþrots aðila í Reykjavík annars vegar og utan Reykjavíkur hins vegar?
3. Hvernig ákvarðar félagsmálaráðuneytið greiðslur vaxta og innheimtukostnaðar, t. d. lögmannskostnaðar, við greiðslu þessara krafna? Eru sömu kröfur gerðar varðandi þessa liði og gerðir eru til sjálfrar launakröfunnar, t. d. að viðurkenndur sé forgangsréttur kröfuliða í viðkomandi þrotabúi?
4. Hvernig sundurliðast þessar greiðslur árin 1980 og 1981 í a) launakröfur launþega, b) lögmannskostnað, c) vexti?
5. Hvaða lögmannsskrifstofur hafa á umræddu tímabili fengið greiddar hæstar fjárhæðir vegna innheimtukostnaðar í sambandi við þessar kröfur og hve háar fjárhæðir er þar um að ræða til hverrar um sig, t. d. þriggja hinna stærstu?
6. Hver er hæsta fjárhæð sem einstökum launþega hefur verið greidd samkvæmt þessum lögum?

III. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd laga um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Frá Steinþóri Gestssyni.

1. Hefur landbúnaðarráðherra fyrirskipað, skv. ákvæðum 3. gr. laganna, eftirlit með innflutningi og dreifingu innanlands á mold, húsdýraáburði, umbúðum og öðru því sem getur borið sjúkdóma og meindýr á plöntur?
2. Telur landbúnaðarráðherra ástæðu til að gera varnaðarráðstafanir skv. ákvæðum 2. gr. laganna, m. a. með hliðsjón af gin- og klaufaveikifaraldri sem geisar í Danmörku?

Sþ. 595. Fyrirspurn [275. mál]

til landbúnaðarráðherra um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Hvernig hafa lög nr. 32/1979, um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, verið framkvæmd? Hver hefur kostnaðurinn verið á árunum 1979, 1980 og 1981? Hversu margir hafa gegnt þessum störfum? Hversu mörg heimili hafa notið þessarar þjónustu?

Sundurliðað svar óskast.

Óskað er skriflegs svars.

Sþ. 596. Fyrirspurn [276. mál]

til landbúnaðarráðherra um kostnað við Búnaðarþing.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Hver var kostnaður við Búnaðarþing 1982?
Óskað er sundurliðunar.

Skriflegs svars er óskað.

Ed. 597. Lánsfjárlög [55. mál]

fyrir árið 1982.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 578.

Nd. 598. Frumvarp til laga [222. mál]

um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, ásamt síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

4. gr. orðist svo:
Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs er nemi 250 þúsund krónum.
2. Gjald á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins, er hér segir:
   a. ½% á söluvörur í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu.
   b. 1% á annað sem gjaldskylt er.
   Gjald þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald.
3. Gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara, er nemi 1%. Gjald á vörur, sem ekki eru verðlagðar af sexmannanefnd, skal miða við áætlað heildsöluverð. Heimilt er landbúnaðarráðherra að ákveða endurgreiðslu þessa gjalds eða niðurfellingu þess við útflutning afurða, sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til. Sölusamtök framleiðenda og aðrir seljendur á heildsölustigi, skulu standa skil á gjöldunum. Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald skv. 2. tl. þessarar greinar.
   Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.
4. Jöfnunargjald 1%, er skal reikna og innheimta á sama hátt og segir í 3. tl.
5. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárri fjárhæð og nemur samanlögðum tekjum skv. 2. og 3. lið þessarar greinar.
6. Vaxtatekjur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum skv. 2., 3. og 4. tl. þessarar greinar og skal innheimta og álagning gjaldanna fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

63. gr. orðist svo:

Stofnunin ber heitið Byggingastofnun landbúnaðarins og starfar undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

3. gr.

68. gr. orðist svo:

Byggingastofnun landbúnaðarins er heimilt að selja þjónustu sína á sanngjörnu verði samkvæmt ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Því fé, sem fæst fyrir selda þjónustu, er stjórn deildarinnar heimilt að ráðstafa að hluta í sjóð, sem hafi það verkefni að styrkja nýjungar í gerð gripahúsa. Styrkveitingar skulu háðar samþykki forstöðumanns byggingastofnunarinnar. Að öðru leyti gangi það upp í rekstur Byggingastofnunar landbúnaðarins.

4. gr.

69. gr. orðist svo:

Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins ræður forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins og skal hann vera arkitekt eða með sambærilega menntun.

Hann skal annast rekstur stofnunarinnar eftir nánari ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að höfðu samráði við landnámsstjórn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög nr. 45 frá 16. apríl 1971 skulu endurskoðuð í heild og skal endurskoðun þeirra lokið fyrir árslok 1984.

Ed. 599. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Til viðræðna við nefndina kom Jón Thors deildarstjóri í dómsmálaráðuneyti. Einnig kannaði nefndin afstöðu Sambands ísl. sveitarfélaga til þeirra atriða frumvarpsins er varða sveitarfélögin.

Alþingi, 6. apríl 1982.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Egill Jónsson.
Jón Helgason.	Soffía Guðmundsdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.
	Stefán Guðmundsson.	

Sþ. 600. Nefndarálit [256. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samningum við Færeyjar og Noreg um gagnkvæmar heimildir til veiða á kolmunna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að þáltill. verði samþykkt.

Alþingi, 5. apríl 1982.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Benedikt Gröndal.
Halldór Ásgrímsson.	Albert Guðmundsson.	Ey. Kon. Jónsson.
	Ólafur Ragnar Grímsson.	

Ed. 601. Frumvarp til laga [277. mál]

um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti.

Utan Reykjavíkur skulu vera embætti sýslumanna og bæjarfógeta.

Á Keflavíkurflugvelli skal vera embætti lögreglustjóra.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni.

2. gr.

Undir borgardómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. einkamál almennt, sbr. þó 4. gr., þ. á m. kvaðning mats- og skoðunarmanna í dómi og utan dóms svo og borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, úrskurðun framfærslumála og skipun opinberra starfsmanna, svo sem tíðkast hefur.

Við borgardómaraembættið skulu vera átta til tólf borgardómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgardómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

3. gr.

Undir borgarfógetaembættið í Reykjavík heyra m. a. fógetagerðir, uppboð, skiptamál, þinglýsingar, skráning firma og félaga, notarialgerðir, yfirfjárráð og utankjörstaðaatkvæðagreiðsla, eins og segir í lögum.

Við borgarfógetaembættið skulu vera fimm til sjö borgarfógetar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfógeti, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

4. gr.

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 74/1974, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða og úrskurða samkvæmt lögum um innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971.

Við sakadómaraembættið skulu vera fimm til níu sakadómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirsakadómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

5. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn, aðra en þá er lýtur rannsóknarlögreglu ríkisins, og önnur þau mál, er lög ákveða.

Við lögreglustjóraembættið skal vera varalögreglustjóri, er fer með vald lögreglustjóra í fjarveru eða forföllum lögreglustjóra, eftir nánari ákvörðun hans.

Laun lögreglustjórans í Reykjavík skulu ákveðin af kjaradómi.

6. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur forstjórn tollgæslu, lögskráningu skipshafna, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og þeirra aðila, er fjármálaráðherra ákveður eða lög mæla fyrir um, að undanteknum þeim gjöldum, er sameiginlegri innheimtustofnun, sbr. 109. gr. laga nr. 75/1981, er falið að innheimta.

7. gr.

Utan Reykjavíkur heyra þau málefni, sem talin eru upp í 2. til 6. gr., undir embætti sýslumanna og bæjarfógeta, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Undir embætti þessi heyra og önnur þau málefni, er ráðherra ákveður eða lög mæla fyrir um.

Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðakaupstað og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu skulu, auk þess dómara, starfa einn til fimm dómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Við embætti bæjarfógetans á Akureyri og Dalvík og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og við embætti bæjarfógetans í Kópavogi getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn til þrír dómarar við hvort þessara embætta.

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík, Njarðvík og Grindavík og sýslumannsins í Gullbringusýslu, við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum og við embætti bæjarfógetans á Selfossi og sýslumannsins í Árnessýslu getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómarar við hvert þessara embætta.

Við þau bæjarfógeta- og sýslumannsembætti, er að framan getur, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skal bæjarfógeti eða sýslumaður vera forstöðumaður viðkomandi embættis.

Þeir dómarar, sem skipaðir eru til þess að starfa við framantalin embætti sýslumanna og bæjarfógeta, skulu kallast dómarar eða héraðsdómarar við viðkomandi embætti.

8. gr.

Undir rannsóknarlögreglu ríkisins heyra þau störf, sem um getur í lögum nr. 108/1976.

Undir embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli heyra þau störf, sem um getur í lögum nr. 33/1954.

9. gr.

Forstöðumenn embætta þeirra, sem nefnd eru í lögum þessum, skulu hafa yfirstjórn og ábyrgð á rekstri þeirra svo og fyrirsvar út á við.

Forstöðumenn dómaraembætta þeirra, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skulu úthluta dómurum verkefnum og hafa umsjón með störfum þeirra, að öðru leyti en tekur til dómsstarfa. Forstöðumaður getur falið héraðsdómara meðferð stjórnvaldsmálefna eftir þörfum.

Sérhver héraðsdómari starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar.

10. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög ákveða, hver störf skuli lögð undir embætti þau, sem nefnd eru í lögum þessum.

11. gr.

Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur og Mosfellshreppur í Kjósarsýslu og Seltjarnarneskaupstaður teljast til umdæmis Reykjavíkur um lögreglustjórn alla.

12. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um skil á innheimtufé.

13. gr.

Heimilt er ríkissjóði að endurkrefja þær stofnanir, sem embætti sýslumanna og bæjarfógeta, samkvæmt lögum eða eftir ákvörðun ráðherra, annast þjónustu fyrir, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, um hlutfallslegan þátt þeirra í skrifstofukostnaði hvers embættis.

Allt það fé, sem embættismenn þeir, er lög þessi taka til, hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

14. gr.

Forseti veitir embætti þau, sem lög þessi taka til, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

Til veitingar lögreglustjóraembættisins í Reykjavík og embættis varalögreglustjóra þar er það ennfremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á stjórn og skipulagi lögreglumála.

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins og vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins skulu fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2. gr. laga nr. 108/1976, sbr. lög nr. 5/1978.

15. gr.

Við framangreind dómaraembætti skulu starfa svo margir fulltrúar, er fullnægi skilyrðum 33. gr. sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á að mati dómsmálaráðherra.

Við lögreglustjóraembættið í Reykjavík skulu starfa svo margir deildarstjórar eða fulltrúar, er fullnægi sömu skilyrðum, sem þörf er á að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr. og fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, sérstaka skipun til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsstörfum, sem þeim eru falin.

16. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 74 27. apríl 1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl., sbr. lög nr. 109 28. desember 1976.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 11. gr. koma til framkvæmda 1. júlí 1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við þau héraðsdómaraembætti, þar sem héraðsdómurum er fjölgað samkvæmt lögum þessum, skulu jafnmargar fulltrúastöður lagðar niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skipulag löggæslu í Reykjavík og nágrenni, þ. e. Garðakaupstað, Hafnarfirði, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Kjósarsýslu, hefur á undanförnum árum verið til nokkurrar umræðu og athugunar. Byggð á svæðinu hefur þést og er orðin samofin heild með tilliti til búsetu, atvinnu, viðskipta og þjónustu. Þróun byggðarlaganna hefur mótast af nábýli við Reykjavík,

einkum að því er varðar atvinnu. Mörk milli sveitarfélaga eru víða óglögg og óregluleg og oft óheppileg sem mörk löggæsluumdæma. Leiðir þetta til óþæginda við starfsskiptingu, þar sem hvert lögreglulið starfar að jafnaði aðeins innan marka síns umdæmis, en þarf e. t. v. að fara um annað umdæmi, þegar sinnt er verkefnum í umdæminu. Mælir því margt með því að löggæslu á svæðinu verði skipað undir eina stjórn.

Stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins, er tók til starfa á árinu 1977, var fyrsti vísir að samhæfingu löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt lögum nr. 108/1976 annast Rannsóknarlögregla ríkisins lögregluranns óknir meiri háttar brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, en auk þess getur hún veitt lögreglustjórum aðstoð við rannsókn brotamála eða farið með slíka rannsókn hvar sem er á landinu eftir ákvörðun rannsóknarlögreglustjóra eða ríkissaksóknara.

Á undanförnum árum hefur í dómsmálaráðuneytinu verið unnið að athugun þess, hvort rétt væri að leggja lögreglustjórn á öllu svæðinu undir eina stjórn, undir stjórn lögreglustjórans í Reykjavík. Var á árunum 1978 og 1979 tekin saman álitsgerð um efnið af þeim Eiríki Tómassyni, aðstoðarmanni ráðherra, Hjalta Zóphóníassyni, deildarstjóra, og Ólafi W. Stefánssyni, skrifstofustjóra, þar sem fjallað er um hvaða afleiðingar sameining löggæslunnar hefði og hvernig að henni mætti standa. Enda þótt margt mæli með því að koma þessari skipan á fyrir allt þetta svæði þykir að svo stöddu ekki tímabært að leggja fram tillögur í þá átt. Sameining löggæslu í hreppum Kjósarsýslu austan Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi og löggæslu í Reykjavík hefur hins vegar augljósa kosti í för með sér. Umdæmi þessi lúta nú lögreglustjórn bæjarfógeta og sýslumanns með aðsetri í Hafnarfirði, en milli umdæma þessara og aðsetursins er um tvö lögsagnarumdæmi (Kópavog og Reykjavík) að fara.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákveðið verði að Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur og Mosfellshreppur í Kjósarsýslu og Seltjarnarneskaupstaður teljist til umdæmis Reykjavíkur að því er lögreglustjórn varðar og lúti þá stjórn lögreglustjórans í Reykjavík. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að dómstörf öll og önnur stjórnsýsla, svo sem innheimta skatta og tolla, tollgæsla, umboð almannatrygginga o. fl. lúti áfram embætti bæjarfógeta og sýslumanns í Hafnarfirði. Breyting þessi mun naumast hafa í för með sér beinan sparnað fyrir ríkissjóð, en hins vegar aukið hagræði vegna skemmri vegalengda við ferðir lögreglumanna og samskipta íbúa við stjórnendur löggæslunnar auk hagræðis við stjórn löggæslu á svæðinu. Að því er starfslið varðar hefur skipulagsbreytingin einungis í för með sér, að þeir lögreglumenn, er nú starfa á Seltjarnarnesi, munu flytjast undir stjórn lögreglustjórans í Reykjavík.

Auk þeirra breytinga, sem leiða af breyttri skipan á lögreglustjórn og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, felur frumvarpið í sér nokkrar minni háttar breytingar og lagfæringar, einkum vegna lagabreytinga, sem átt hafa sér stað frá 1972. Verður þeirra breytinga getið við viðkomandi greinar eftir því sem ástæða er til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vísun til lögreglustjóra í Bolungarvík er felld niður, enda er þar nú bæjarfógeti, sbr. lög nr. 17/1974.

Um 2. gr.

Sérstök meðferð fasteignamála er niður fallin, sbr. lög nr. 28/1981.

Um 3. gr.

Skráning skipa er í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. lög nr. 53/1970.

Um 5. gr.

Í fyrri málsgrein er sú breyting gerð, að felld er niður talning á nokkrum verkefnum lögreglustjóra, sem öll falla undir lögreglustjórn, og er óþörf. Þá er gert ráð fyrir því að ákvæði um rannsóknarlögreglu ríkisins verði flutt í 8. gr. laganna.

Verkefni lögreglustjóraembættisins eru margþætt og þýðingarmikil. Föst skipan á yfirstjórn þess í fjarveru eða forföllum lögreglustjóra er nauðsynleg og tímabær og er því lagt til að stofnað verði til embættis varalögreglustjóra við embættið, hliðstætt því, sem er við rannsóknarlögreglu ríkisins.

Lagt er til að laun lögreglustjóra verði ákveðin af kjaradómi.

Um 6. gr.

Vísað er til núgildandi laga um efnið.

Um 7. gr.

Lagt er til að heimild verði veitt til að stofna til héraðsdómaraembættis við embætti bæjarfógeta og sýslumanns á Selfossi vegna fjölda dómsmála við það embætti.

Um 8. gr.

Hér er tekið inn ákvæði um rannsóknarlögreglu ríkisins, en ákvæði um lögreglustjóra í Bolungarvík fellt niður.

Um 11. gr.

Grein þessi felur í sér meginbreytingu þá, sem að er stefnt. Breytingin felur í sér að málaflokkar þeir, sem teljast til lögreglustjórnar, og lögreglustjórar fara með, flytjast til lögreglustjórans í Reykjavík. Nokkrir málaflokkar, sem lögreglustjórar fara með, eru í sérstökum lögum lagðir undir borgarfógetaembættið í Reykjavík (m. a. skráning firma og félaga, 3. gr. laga nr. 74/1972; verslunarleyfi, lög nr. 41/1968) eða tollstjóra (m. a. atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, lög nr. 69/1973; lögskráning skipshafna, 6. gr. laga nr. 74/1972) og mundu þau verkefni þá flytjast til þeirra embætta með sama hætti.

Skipan þeirra verkefna sýslumanna og bæjarfógeta, sem ekki flokkast undir lögreglustjórn, breytist hins vegar ekki, þannig að þeir málaflokkar verða áfram í höndum bæjarfógeta- og sýslumannsembættisins í Hafnarfirði, svo sem innheimta skatta og tolla, tollgæsla, umboð almannatrygginga o. fl.

Ekki þykir þörf að breyta ákvæðum annarra laga vegna þessarar breytingar, sbr. 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn og 32. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 5. gr. laga nr. 107/1976, né heldur 1. mgr. 7. gr. laga nr. 74/1972. Hliðstætt ákvæði hefur lengi verið í gildi að því er Viðey varðar, nú í 11. gr. laga nr. 74/1972, án þess að þess fyrirkomulags sé sérstaklega getið í öðrum lögum.

Um 14. gr.

Rétt er að það verði skilyrði fyrir skipun í embætti varalögreglustjóra, að hann hafi raunhæfa þekkingu á stjórn og skipulagi lögreglumála, svo sem er um lögreglustjóra sjálfan.

Um 15. gr.

Vegna margþættra verkefna við lögreglustjóraembættið er lagt til að þar verði komið á deildaskiptingu undir stjórn löglærðra deildarstjóra auk þess sem þar starfi löglærðir fulltrúar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra. Ákvörðun um fjölda starfsmanna fer að sjálfsögðu eftir þeim reglum, sem gilda um það efni hverju sinni, sbr. nú lög nr. 97/1974.

Um 17. gr.

Nokkur aðdragandi þarf að vera að skipulagsbreytingu þeirri, sem felst í 11. gr., og er lagt til að hún komi til framkvæmda 1. júlí næstkomandi.

Sþ. 602. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]

um könnun á kostnaði við að leggja jarðstreng til sjónvarpssendinga o. fl.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela Landssíma Íslands að kanna kostnað og hagkvæmni þess að leggja fjölrása jarðstreng til sjónvarpssendinga og annarra fjarskipta um þéttbýli og síðar milli landshluta.

Skal Landssíminn kanna sérstaklega þá áætlun um jarðstrengjavæðingu sem unnið er að í Englandi, hvernig þeir hyggjast fjármagna þær framkvæmdir og um kvaðir á slíkri starfsemi.

Allur kostnaður við könnun þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur átt sér stað hér á landi síðustu misserin um svokallaða kapaltengingu milli íbúða, húsa og íbúðarhverfa til að flytja um sjónvarpsefni. Mikill hluti þessarar umræðu hefur farið í deilur um, hvort einkaréttur Ríkisútvarpsins gilti á þessu sviði, og um ófrjálsa töku efnis til sýningar í þessum kerfum. Inn í þessa umræðu hafa síðan blandast vangaveltur um hina öru tækniþróun sem nú á sér stað í allri fjölmiðlun.

„Kapalsjónvarp“, eins og það hefur stundum verið kallað, hefur verið í notkun um langt árabil hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Almenn þekking og frumkvæði einstaklinga hefur orðið til þess, að slík notkun hefur breiðst út hér á landi, fyrst um Suðurnes, síðan höfuðborgarsvæðið og nú um þéttbýlissvæði víðs vegar um land. Er svo komið að íbúasamtök og stjórnendur einstakra bæjarfélaga hyggja á stórframkvæmdir á þessu sviði „jarðstrengjavæðingar“ innan sveitarfélags og jafnvel beina móttöku frá sjónvarpshnöttum.

Í Bandaríkjunum er þetta kerfi gamalþekkt og er álitið að þar verði 60% heimila tengd slíku kerfi árið 1990.

Í Englandi er nú unnið að viðamikilli og stórhuga áætlun um að leggja jarðstrengi um stórborgir landsins til að tengja það hinni nýju veröld rafeindatækninnar.

Í Englandi er talið að fylgt verði tillögu um lögn glertrefjastrengs sem meginflutningsæðar, en slíkur strengur hefur næstum ótæmandi möguleika, en síðan er skipt í þessu kerfi yfir á sérstaka sjónvarpsstrengi með allt að 50 rásum. Þegar þessi áætlun kemst til framkvæmda er áætlað að þetta færi landinu eins mikla möguleika, þegar næsta öld gengur í garð, og lagning járnbrautakerfis gerði á hinni síðustu.

Þetta mun skapa óendanlegan fjölda viðskiptamöguleika fyrir þá, sem hafa áræði og útsjónarsemi til að nýta strengi sem flutt geta efni í báðar áttir, og um leið fjölda atvinnutækifæra. Fyrsta stigið yrði fólgið í því að auka sjónvarpsþjónustu við heimilin. Annað stigið, sem er öllu mikilvægara, er að gjörbylta því, á hvern hátt fólk selur, kaupir, stundar bankaviðskipti, lærir og vinnur á fleiri sviðum. Það, sem þykir ánægjulegast við þetta þar í landi, er að talið er að eins og í byrjun járnbrautaaldar þurfi ríkisstjórnin ekki að auka útgjöld sín vegna strengjabyltingarinnar um eitt penný. Reiknar ríkisstjórnin með að einkaframtakið sé reiðubúið til að leggja fram þá fjármuni sem til þurfi.

Englendingar telja sig geta hlaupið yfir hina bandarísku reynslu vegna þess, hve seinir þeir eru að taka upp strengjakerfið, en það bandaríska er nú talið úrelt. Þar er fjöldi rása takmarkaður oftast við 12 og aðeins í nýjustu kerfunum eru strengir sem hafa rásir í báðar áttir. Englendingar stefna nú að því að byggja upp háþróað strengjakerfi og hverfa frá úreltu kerfi sem nú er notað þar í landi. Hjá þeim, sem nú kanna þessi mál í Englandi, er sú skoðun uppi, að forðast eigi hina bandarísku venju að veita staðbundin einkaleyfi, sem síðan er

stjórnað af opinberri nefnd. Happasælla er talið að samkeppni verði milli hinna ýmsu eigenda rása um hylli notenda í hverri borg. Þar er réttilega talið að á nýrri upplýsingaöld byggist sóknin fram á við á samkeppni og fjölbreytileik, en ekki á einkaleyfum og miðstýringu.

Nokkur reynsla er komin á svokölluð „kapalkerfi“ hér á landi. Sú reynsla hefur þegar kennt okkur nokkuð af því, sem ber að varast, og hvaða lágmarksafskipti opinberir aðilar eigi að hafa af slíkri starfsemi. Sýnist augljóst að leyfi þarf til að leggja slíkan streng í jörðu í landi sveitarfélags auk reglna um dýpt, merkingu og annan frágang. Sjálfsagt virðist að fyrirbyggja almennar útsendingar á klámi og öðru sem særir almennt siðgæði, persónumeiðandi útsendingum, auk þess sem höfundaréttur verði tryggður.

Landssíminn er kallaður hér til vegna þeirrar tæknikunnáttu, sem þar er til staðar, strax við fyrstu könnun þessa máls. Auk þess er eðlilegt að ætla að slíkur aðili vilji tryggja sér rás(ir) í slíku kerfi vegna framtíðarviðskipta (gíró, skeyti). Auk einkaaðila koma að sjálfsögðu fleiri opinberir aðilar til greina, t. d. þeir sem fara með kennslumál. Enn fremur má benda á banka og ríkissjónvarpið sem verður að standa í samkeppni við einkaaðila í fjölmiðlun framtíðarinnar.

Sþ. 603. Nefndarálit [54. mál]

um till. til þál. um ávana- og fíkniefni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til umfjöllunar og fengið umsagnir frá Læknafélagi Íslands, dómsmálaráðuneytinu og landlækni.

Leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Guðm. G. Þórarinsson.	Páll Pétursson.	Halldór Blöndal.
	Steinþór Gestsson.	

Sþ. 604. Breytingartillaga [54. mál]

við till. til þál. um ávana- og fíkniefni.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram heildarendurskoðun á því, hvaða leiðir séu helstar til úrbóta til að hamla frekar gegn innflutningi, tilbúningi, útbreiðslu og neyslu ávana- og fíkniefna.

Tillögur þar að lútandi liggi fyrir í árslok 1982.

Sþ. 605. Nefndarálit [141. mál]

um till. til þál. um Kolbeinsey.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og fékk til viðtals Aðalstein Júlíusson vitamálastjóra. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 6. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Páll Pétursson, frsm.
Halldór Blöndal.	Guðm. G. Þórarinsson.	Guðrún Helgadóttir.
	Steinþór Gestsson.	

Sþ. 606. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um stöðu, þróunarhorfur og stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna á fundum sínum og fengið um hana umsagnir frá Iðntæknistofnun, BSRB, Sambandi ísl. bankamanna, ASÍ, Félagi bókagerðarmanna og Félagi ísl. iðnrekenda.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarstaddir afgreiðslu voru Halldór Blöndal og Steinþór Gestsson.

Alþingi, 6. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Guðm. G. Þórarinsson, frsm.
	Guðrún Helgadóttir.	

Sþ. 607. Breytingartillaga [53. mál]

við till. til þál. um stöðu, þróunarhorfur og stefnumörkun í upplýsinga- og tölvumálum.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri athugun á stöðu og þróunarhorfum í upplýsinga- og tölvumálum og á hvern hátt unnt er að stjórna þeirri þróun.

Jafnframt skal nefndin benda á kosti varðandi stefnumótun og opinbera ákvarðanatöku á fyrrgreindu sviði. Sérstaklega skal athuga hvernig vinnumarkaðurinn geti aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu.

Nefndin skal við störf sín hafa hliðsjón af þeirri vinnu og þeim skýrslum sem þegar kann að vera lokið hérlendis og erlendis.

Skal nefndin skila niðurstöðum og tillögum fyrir árslok 1982.

Nd. 608. Nefndarálit [126. mál]

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 6. apríl 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Vilmundur Gylfason.
Garðar Sigurðsson.	Friðrik Sophusson.	Jósef H. Þorgeirsson.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 609. Frumvarp til laga [279. mál]

um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálmi og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags skv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðra aðila sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meirihluta.

3. gr.

Í sambandi við hlutafélag samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að kr. 225 000 000, í hlutafé í félaginu. Einnig er henni heimilt að taka lán í sama skyni.
2. Að láta byggja og reka höfn, sem félagið hafi aðgang að við Mjóeyri í Reyðarfirði.
3. Að láta leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Mjóeyri.
4. Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Mjóeyri til flutnings á rafmagni til byggingar og reksturs verksmiðju félagsins, til hafnarinnar og til almennra nota þar á staðnum.
5. Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að kr. 300 000 000, eða taka lán að sömu fjárhæð og endurlána félaginu til byggingar verksmiðjunni.
6. Að lækka stimpilgjöld vegna stofnlána sem félagið tekur og fella niður stimpilgjöld af hlutabréfum í félaginu.
7. Fjárhæðir í 1. og 5. tölulið miðast við lánskjaravísitölu 1. mars 1982.

4. gr.

Í sambandi við stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. er landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs og hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, hreppsnefnd Helgustaðahrepps og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar, sem umráða- og hagsmunaaðilum, heimilt að selja ríkissjóði kristfjárjarðirnar Sómastaði, Sómastaðagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi.

Andvirði hinna seldu jarða skal varið til félagslegra framkvæmda í Reyðarfjarðarhreppi, Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað. Ráðstöfun söluandvirðis skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins, og ráðstöfun söluandvirðis skal vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

Fjármálaráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs kristfjárjarðirnar Sómastaði, Sómastaðagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi ásamt mannvirkjum og ræktun, og leigja hlutafélagi skv. 1. gr. lóð úr landi jarðanna undir starfsemi þess og selja hafnarsjóði skv. 9. gr. úr landi jarðanna hentugt jarðnæði vegna hafnar við Mjóeyri í Reyðarfirði.

Verð jarðanna, mannvirkja á þeim svo og ræktunar fer eftir því sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

5. gr.

Tala stofnenda hlutafélagsins skal vera óháð 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 og tala hluthafa skal vera óháð 1. mgr. 17. gr. laganna.

6. gr.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi til árs í senn, svo og varamenn þeirra.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að við félagið starfi, auk stjórnar, fulltrúanefnd. Verði slík nefnd mynduð skal um kjör hennar gilda eftirfarandi frávik frá 57. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög. Fulltrúanefndin skal skipuð níu mönnum. Fjórir skulu, ásamt varamönnum, kosnir hlutfallskosningu af Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Fjórir skulu, ásamt varamönnum, kosnir af starfsmönnum fyrirtækisins, samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Iðnaðarráðherra skipar einn, ásamt varamanni, úr stjórn félagsins til setu í fulltrúanefnd. Framkvæmdastjóri félagsins skal sitja fundi fulltrúanefndarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúanefndin skiptir með sér störfum.

Hlutverk fulltrúanefndarinnar er m. a.: a) að fylgjast með starfi félagsins og stuðla að því að ákvarðanir stjórnvalda um málefni félagsins nái fram að ganga;

b) að gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi félagsins;

c) að koma á framfæri við félagsstjórn tillögum um málefni félagsins.

Fulltrúanefndin skal ávallt hafa greiðan aðgang að upplýsingum er varða starfsemi félagsins.

7. gr.

Hlutafélagi skv. 1. gr. ber að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld sem almennt eru álögð hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda skv. lögum á hverjum tíma.

Félagið skal greiða árlegt gjald, er nemi 1,0% af aðstöðugjaldstofni. Gjald þetta kemur í stað aðstöðugjalds á atvinnurekstur félagsins skv. lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga og annarra gjalda er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

Gjald þetta skal skiptast þannig:

1/4 til Reyðarfjarðarhrepps og Eskifjarðarkaupstaðar að jöfnu.

1/4 til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

1/4 til iðnþróunarfyrirtækis eða sérstaks sjóðs, sem stofnað verður til á vegum ríkisins, og verði gjaldinu varið til rannsókna og undirbúnings á nýtingu orku til meiriháttar nýiðnaðar.

1/4 til iðnþróunarsjóðs Austurlands, enda verði formlega frá stofnun hans gengið fyrir 1. janúar 1984. Setja skal sjóðnum samþykktir sem ráðherra fellst á og staðfestir.

Verði ekki frá stofnun sjóðsins gengið fyrir 1. janúar 1984 skal ofangreind hlutdeild iðnþróunarsjóðs Austurlands renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Gjaldið skal lagt á og innheimt á sama hátt og aðstöðugjald og greiðast á sömu gjalddögum og aðstöðugjald. Taka má gjaldið lögtaki sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

8. gr.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingavörum og varahlutum til verksmiðju félagsins og reksturs hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af vöru eða þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, í þeim tilgangi að efla aðstöðu innlendra aðila til samkeppni um verkefni í sambandi við bygginguna.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á hráefnum og rekstrarvörum sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.

Rafmagn til reksturs verksmiðjunnar skal undanþegið söluskatti og verðjöfnunargjaldi á raforku.

9. gr.

Höfnin við Mjóeyri skal vera í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem stofna skal til skv. ákvæðum hafnalaga, og tryggi hafnarsjóðurinn hlutafélaginu viðeigandi afnot hafnarinnar með kjörum sem ríkisstjórnin samþykkir.

10. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Mjóeyri af hennar völdum.

Hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur skal í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla sem settir eru skv. þeim.

Hlutafélagið skal kosta rannsóknir sem hlutaðeigandi stjórnvöld telja nauðsynlegar til að fylgjast með áhrifum af rekstri verksmiðjunnar á umhverfi hennar.

Ef ágreiningur rís um eðli og umfang nauðsynlegra rannsókna skv. 3. mgr. sker ráðherra úr um ágreininginn.

11. gr.

Við kísilmálmverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

12. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að afla ríkisstjórninni nauðsynlegra lagaheimilda til að koma á fót iðjuveri í nýrri grein útflutningsiðnaðar, kísilmálmvinnslu. Fyrirhugað er að iðjuver þetta verði reist að Mjóeyri við Reyðarfjörð, og er áætlað að það geti hafið rekstur vorið 1985. Gert er ráð fyrir að íslenska ríkið eigi að lágmarki 51% í verksmiðjunni en aðrir innlendir aðilar allt að 49%.

Áætlaður stofnkostnaður 25 þúsund tonna verksmiðju er um 750 m.kr. á verðlagi 1. mars 1982.

Gert er ráð fyrir að við verksmiðjuna starfi um 130 manns. Orkunotkun er áætluð 345 GWh á ári.

Framleiðsluvara verksmiðjunnar verður kísilmálmur sem unninn er úr kvartsi. Önnur hráefni við framleiðsluna eru kol, koks, kurl og rafskaut.

Kísilmálmur er einkum notaður í framleiðslu steyptra hluta úr áli og til framleiðslu svonefndra silikonefna.

Framleiðsluverðmæti verksmiðjunnar er áætlað 344 m.kr/ári og arðsemi (afkastavextir) fjárfestingarinnar 10,4% miðað við 20 ára endingartíma verksmiðjunnar.

Hönnun verksmiðjunnar miðast við ströngustu kröfur um allar mengunarvarnir í verksmiðjunni sjálfri og gagnvart ytra umhverfi.

Við það er miðað að hlutafélagið geri samning við Landsvirkjun um orkukaup til langs tíma og að orkuverð verði ekki lægra en nemur áætluðum framleiðslukostnaði á orku frá virkjunum sem áformað er að ráðast í á næstu 10 árum. Í rekstraráætlunum er miðað við að raforkuverðið verði um 15 aurar á kWh fyrstu 10 árin og um 20 aurar/kWh næstu 10 ár þar á eftir. Í báðum tilvikum er gert ráð fyrir fullri verðtryggingu.

Tækniaðstoð vegna byggingar og gangsetningar verksmiðjunnar verður innifalin í samningum um kaup á tækjum og vélum en þó mun verða reynt að nýta til hins ítrasta þekkingu og getu íslenskra verkfræðistofa við fullnaðarhönnun og byggingu verksmiðjunnar. Tækniþjónusta vegna reksturs mun aftur á móti verða keypt þegar með þarf, enda fáanleg frá ýmsum aðilum. Hluta af þeirri tækniþjónustu sem kísilmálmverksmiðjan þarf á að halda ætti að vera unnt að kaupa af Íslenska járnblendifélaginu h/f og myndi íslenska ríkið sem meirihlutaaðili í báðum þessum fyrirtækjum stuðla að samvinnu þessara tveggja fyrirtækja í því efni.

Varðandi markaðsöflun er gert ráð fyrir að fyrirtækið komi sér upp umboðsaðilum á hverju markaðssvæði og yrðu gerðir sérstakir samningar við hvern þessara aðila þar að lútandi. Samstarf við aðra kísilmálmframleiðendur um myndun sölusamtaka gæti komið til álita.

Að undirbuningi þessa máls hefur verið unnið á vegum iðnaðarráðuneytisins og orkustefnunefndar ríkisstjórnarinnar, en meginstarfið hvílt á verkefnisstjórn sem iðnaðarráðuneytið skipaði í febrúar 1981.

Með frumvarpi þessu er lögð fram sem fylgiskjal lokaskýrsla verkefnisstjórnarinnar um niðurstöður hagkvæmniathugunar varðandi byggingu og rekstur verksmiðjunnar. Þessari skýrslu fylgir einnig greinargerð Staðarvalsnefndar um félagsleg áhrif kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

2. Aðdragandi

Mál þetta á sér rúmlega tveggja ára aðdraganda. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsen frá 8. febrúar 1980 er lögð áhersla á rannsóknir á sviði orkunýtingar og uppbyggingu meiriháttar nýiðnaðar á vegum landsmanna sjálfra er m. a. byggi á innlendri orku. Með hliðsjón af þessu ákvæði stjórnarsáttmálans hefur á vegum iðnaðarráðuneytisins verið unnið að athugunum á ýmsum möguleikum sem til greina koma í orkufrekum iðnaði.

Fyrstu almennu athuganirnar sem fram fóru í þessu efni vorið 1980 gáfu vísbendingu um að framleiðsla á svokölluðum kísilmálmi gæti verið hagkvæmur kostur.

Í júní 1980 tók dr. Jón Hálfdánarson efnafræðingur hjá Íslenska járnblendifélaginu að sér, að beiðni iðnaðarráðherra, að gera frumathugun á framleiðslu kísilmálms hér á landi. Skilaði hann skýrslu um málið í nóvember 1980. Niðurstöður skýrslunnar bentu til þess að ástæða væri til að ráðast í frekari hagkvæmniathuganir og undirbúning að slíkri framleiðslu.

Í febrúar 1981 skipaði iðnaðarráðherra 3ja manna verkefnisstjórn til að hafa umsjón með frekari athugunum á þessu sviði. Í verkefnisstjórninni áttu sæti eftirtaldir fulltrúar frá iðnaðarráðuneyti, Iðntæknistofnun og Íslenska járnblendifélaginu h/f:

Finnbogi Jónsson, deildarstjóri, iðnaðarráðuneyti, formaður, Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri, Iðntæknistofnun og Jón Steingrímsson, verkfræðingur, Íslenska járnblendifélaginu.

Verkefnisstjórnin réði síðan Magnús Magnússon, vélaverkfræðing hjá Iðntæknistofnun sem ritara og Svavar Jónatansson, framkvæmdastjóra Almennu verkfræðistofunnar, sem verkfræðilegan ráðgjafa. Ýmsar stofnanir og fjöldi einstaklinga unnu að þessu máli á vegum verkefnisstjórnar. Orkustefnunefnd ríkisstjórnarinnar hefur fylgst með undirbúningi málsins og einnig hafa einstakir fulltrúar í nefndinni tekið þátt í viðræðum og athugunum vegna ákveðinna þátta þess.

Verkefnisstjórn skilaði iðnaðarráðuneytinu skýrslu um verk- og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið í maí 1981 og skýrslu um frumathugun kísilmálmverksmiðju um miðjan nóvember 1981. Lokaskýrslu skilaði verkefnisstjórn svo í byrjun mars s. l. Hefur mikið undirbúningsstarf vegna þessa máls verið unnið á vegum verkefnisstjórnar og aðila á hennar vegum. Þeir aðilar sem einkum hafa komið hér við sögu eru:

Iðntæknistofnun, Almenna verkfræðistofan h/f, Raftèikning h/f, Fjarhitun h/f, Hnit h/f, Verkfræðistofa Austurlands, Forverk h/f, Orkustofnun, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Hafnamálastofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, markaðsráðgjafafyrirtækið Commodities Research Unit, verkfræðideild Elkem og ráðgjafafyrirtækið Fesil Engineering.

Staðarvalsnefnd iðnaðarráðuneytisins fjallaði um staðsetningu kísilmálmverksmiðju og hefur annast athuganir á félagslegum áhrifum af byggingu hennar.

3. Staðsetning

Miðað er við að kísilmálmverksmiðjan rísi við Mjóeyri í Reyðarfirði. Í því efni hefur m. a. verið tekið mið af áliti Staðarvalsnefndar frá því í apríl 1981 og þeirri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að orkufrekur iðnaður dreifist á landshluta með hliðsjón af æskilegri byggðaþróun og þéttbýlismyndun í einstökum fjórðungum.

Á Austurlandi er stór hluti af auðnýtanlegri vatnsorku landsins og því þjóðhagslega hagkvæmt að koma þar á fót iðnaði sem nýti hluta af þessari orku. Sú iðnaðaruppbygging þarf að gerast með þeim hætti að hún valdi sem minnstri röskun á félagslegum aðstæðum og þeirri atvinnustarfsemi sem fyrir er á svæðinu. Bygging kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði virðist falla vel að þessum markmiðum.

Fyrirhugað verksmiðjusvæði er í landi Sómastaða og Sómastaðagerðis. Þar eru möguleikar á stóru iðnaðarsvæði sem auk kísilmálmverksmiðju gæti rúmað ýmsa aðra iðnaðarstarfsemi í framtíðinni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til handa ríkisstjórninni til að kaupa umræddar jarðir. Hafnarskilyrði á þessum stað eru með því besta sem gerist hér á landi. Áætlaður kostnaður við 140 m langan hafnarbakka, með 10 m dýpi fyrir allt að 20 þús. t. skip, er um 30 milljónir króna eða einungis tæp 4% af heildarstofnkostnaði verksmiðjunnar.

Verksmiðjusvæðið liggur vel við nálægum byggðarlögum. Fjarlægð til Reyðarfjarðar er um 4 km og til Eskifjarðar um 9 km. Íbúafjöldi á Eskifirði og Reyðarfirði 1. desember s. l. var um 1800 manns.

Frá verksmiðjusvæði til Egilsstaða eru um 38 km. Íbúafjöldi á Egilsstöðum er um 1160 og ætla má að verksmiðjan muni, ekki síst á byggingartíma, sækja verulega þjónustu þangað, svo og til Fáskrúðsfjarðar, Neskaupstaðar og Seyðisfjarðar. Íbúafjöldi á þessum þremur síðastnefndu stöðum er um 3500.

4. Kísilmálmur

Megin notkunarsvið kísilmálms eru tvö, annars vegar í álsteypur og hins vegar í svonefndum silikoniðnaði. Um 2/3 hlutar heimsframleiðslunnar fara til íblöndunar í álsteypur og um 1/3 til framleiðslu silikonefna. Þessi tvö notkunarsvið eru í eðli sínu mjög ólík. Fyrirtæki sem steypa úr áli eru mjög mörg og flest þeirra nota tiltölulega lítið magn af kísilmálmi. Silikonframleiðendur eru hins vegar fáir og hver um sig notar mikið magn af kísilmálmi. Fyrir silikonframleiðendur eru gæði og stöðugleiki í afhendingu mjög þýðingmiklir þættir en hjá álsteypunum er verð á kísilmálmi ráðandi þáttur.

Algengt er að hlutfall kísilmálms í álsteypum sé 6—12% og þykja slíkar blöndur henta mjög vel til sérhæfðra nota.

Kísilmálmur er aðalhráefnið í framleiðslu svokallaðra silikonefna. Hér er um mjög fjölbreytilegan efnaiðnað að ræða, s. s. framleiðslu á rakafráhrindandi efnum, hitaþolnum efnum, þéttiefnum, silikonolíum, silikongúmmíi og silikonplasti. Hér er um mjög vaxandi iðnað að ræða sem að hluta til keppir við efni framleidd úr olíu. Hefur hækkandi verð á olíu bætt samkeppnisstöðu þessara efna.

Talið er að heildarnotkun á kísilmálmi í heiminum árið 1980 hafi verið tæp 500 þúsund tonn og hafi skipst þannig á einstök lönd:

Notkun á kísilmálmi 1980 eftir löndum.

Land	Þús. tonn
Bandaríkin	125
Japan	76
V-Þýskaland	65
Frakkland	26
Ítalía	20
Bretland	22
Austur-Evrópa og Kína	110
Önnur lönd	43
	487

Ef Bandaríkin eru undanskilin eru stærstu notkunarlöndin mjög háð innflutningi á kísilmálmi, þar sem eigin framleiðsla er sáralítil. Árið 1980 fullnægði Japan um 84% af þörfinni með innflutningi, V-Þýskaland um 85% og Bretland 100%. Bandaríkin hafa lengst af verið stærstu framleiðendurnir og hafa framleitt meira en nemur þeirra eigin þörfum. Á allra síðustu árum hafa Bandaríkin hins vegar flutt inn kísilmálm í vaxandi mæli og árið 1980 nam innflutningurinn um 15% af heildarnotkun það ár.

Á áratugnum 1970—1980 var meðalaukning í notkun kísilmálms í heiminum um 5,5% á ári, þar af var aukningin í þeim hluta sem fer til áliðnaðarins um 3,5% en í þeim hluta sem fer til silikoniðnaðarins um 14%. Áætlað er að á áratugnum 1980—1990 verði aukningin á hvoru sviði fyrir sig nokkru minni en hún var á síðasta áratug eða um 2,4% í áliðnaðinum en um 11% í silikoniðnaðinum. Í heildina verður þó árleg aukning hliðstæð og áður skv. markaðsspám eða um 5,5% að meðaltali á ári. Ástæðan til þess er sú að sá hluti kísilmálmsins sem fer í silikoniðnaðinn vegur nú meira en áður. Þannig er áætlað að árið 1995 muni skipting kísilmálms á notkunarsvið hafa snúist við og þá fari um 2/3 til notkunar í silikoniðnaði og um 1/3 til notkunar í áliðnaði.

Kísilmálmur er framleiddur í rúmlega 30 verksmiðjum í um 15 löndum. Ef Sovétríkin og Kína eru ekki meðtalin skiptist framleiðslan á árinu 1980 á eftirtalin lönd svo sem hér segir:

Framleiðsla á kísilmálmi 1980

Land	Þús. tonn
Bandaríkin	118
Noregur	63
Frakkland	50
Kanada	32
Suður-Afríka	28
Portúgal	26
Ítalía	19
Spánn	17
Svíþjóð	17
V-Þýskaland	14
Brasilía	13
Japan	12
Sviss	9
Júgóslavía	30
Samtals	448

Talið er líklegt að sum þessara ríkja muni draga úr framleiðslu á kísilmálmi á næstu árum vegna hækkandi orkuverðs heima fyrir. Á það m. a. við um Spán og Portúgal svo og Bandaríkin en þar hefur orkuverð farið mjög hækkandi á undanförnum árum. Í eftirfarandi töflu er sýnt áætlað meðalorkuverð til kísilmálmframleiðslu í nokkrum löndum.

Meðalorkuverð til kísilmálmverksmiðja.

Land	mills/kWh
Bandaríkin	20
Noregur	9
Frakkland	30
Kanada	9
Suður-Afríka	28
Portúgal	17
Ítalía	18
Spánn	32
Svíþjóð	14
V-Þýskaland	24
Brasilía	25
Japan	70
Sviss	10

Miðað við framleiðslu einstakra landa árið 1980 má áætla að meðalraforkuverð í kísilmálmframleiðslu í dag sé um 20 mill/kWh (Austur-Evrópa ekki meðtalin).

Milliríkjaviðskipti með kísilmálm eru mjög mikil og voru helstu innflutningslöndin á árinu 1980 eftirfarandi:

Innflutningur á kísilmálmi 1980.

Land	Þús. tonn
Japan	58
V-Þýskaland	55
Bandaríkin	19
Bretland	22
Austur-Evrópa	48
Samtals	202

Framtíðarhorfur um kísilmálmmarkaðinn verða að teljast góðar. Ekkert bendir til þess að önnur efni leysi kísilmálm af hólmi á þeim sviðum sem hann er notaður í dag. Vissar líkur eru á að ný notkunarsvið komi til sögunnar þótt ekki sé unnt að reikna með því í markaðsspám að svo stöddu.

Samkvæmt spá Commodities Research Unit er áætlað að heildarnotkun á kísilmálmi í heiminum verði um 650 þúsund tonn árið 1986 og rúmlega 800 þúsund tonn árið 1990.

Framleiðsla á 25 þús. tonnum af kísilmálmi hér á landi árið 1986, þ. e. á því ári sem unnt væri að ná fullri framleiðslu með tveimur ofnum, mundi samkvæmt framansögðu svara til um 3,8% af heimsnotkun það ár.

Innflutningsverð á kísilmálmi til Bretlands, Þýskalands og Japans var að meðaltali um 1560 dalir á hvert tonn á árunum 1976—1980 á verðlagi 1. mars 1982.

Þar sem raforkukostnaður er mjög hár liður í framleiðslukostnaði á kísilmálmi og þar sem kísilmálmur keppir að hluta til við afurðir sem framleiddar eru úr olíu (sem ekki eru líkur á að lækki að raunverði á næstu áratugum) má telja ólíklegt að meðalverð á kísilmálmi verði lægra í framtíðinni en það var á seinni hluta síðasta áratugs.

Sem stendur er þó verð á kísilmálmi í lægð, þótt ástandið sé ekki eins slæmt og í öðrum greinum orkufreks iðnaðar. Markaðsverðið er nú á bilinu 1200—1350 dalir á tonn sem stafar af ríkjandi efnahagsástandi á Vesturlöndum sem ekki getur haldist til langframa.

Gert er ráð fyrir að framleiðsla íslenskrar kísilmálmverksmiðju verði seld til eftirtalinna landa:

Vestur-Þýskaland	10 000 tonn
Japan	7 500 tonn
Bretland	3 000 tonn
Bandaríkin	2 500 tonn
Önnur lönd	2 500 tonn
Samtals	25 000 tonn

Áætlaður meðalflutningskostnaður frá Íslandi til hafna erlendis er 60 dalir á hvert tonn og söluþóknun er áætluð 3% af söluverði að frádregnum heildarflutningskostnaði og tollum.

Í forsendum arðsemisútreikninga er miðað við að innflutningsverð á kísilmálmi til þeirra landa sem talin eru upp hér að framan verði 1525 dalir að meðaltali á árunum 1985—2005 miðað við verðlag 1. mars 1982.

Frá ofangreindu verði dregst flutningskostnaður til hafna erlendis, 60 dalir á hvert tonn, svo og 3% söluþóknun sem jafngildir 45 dölum á tonn. Áætlað skilaverð til verksmiðju er því 1420 dalir á hvert tonn miðað við verðlag 1. mars 1982, en á fyrsta rekstrarári er þó gert ráð fyrir að verðið verði 10% lægra og á öðru rekstrarári 5% lægra.

5. Verksmiðjan

Stofnkostnaður 25 þúsund tonna kísilmálmverksmiðju er áætlaður um 750 millj. króna miðað við verðlag 1. mars 1982. Stofnkostnaður án vaxta á byggingartíma og þjálfunarkostnaðar sundurliðast þannig:

1. Vegur og lóð	kr. 21,9 millj.
2. Byggingar og undirstöður	kr. 192,8 millj.
3. Aflkerfi	kr. 24,5 millj.
4. Ofnar, vélar og tæki og rafbúnaður	kr. 226,5 millj.
5. Hjálparbúnaður	kr. 48,3 millj.
6. Hönnun, eftirlit og stjórnun	kr. 58,0 millj.
7. Samkostnaður, vinnustaður, fæði, ferðir o. fl.	kr. 175,1 millj.
Samtals	kr. 747,1 millj.

Nákvæmni þessarar kostnaðaráætlunar er metin +10%/−5%. Stofnkostnaðurinn skiptist þannig að innlendir kostnaðarliðir eru áætlaðir 57% en erlendir kostnaðarliðir 43%. Kostnaður við vélar og tæki er byggður á bráðabirgðatilboðum Elkem í Noregi og Demag í V-Þýskalandi en þetta eru þau tvö fyrirtæki sem helst koma til greina við kaup á vélbúnaði fyrir verksmiðjuna. Aðrir kostnaðarliðir eru áætlaðir af Almennu verkfræðistofunni h/f og Rafteikningu h/f og hefur í því efni verið höfð hliðsjón af nýlegum sambærilegum mannvirkjum, svo sem járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og Hrauneyjafossvirkjun.

Ekki er í framangreindri stofnkostnaðaráætlun reiknað með vöxtum á byggingartíma né kostnaði við þjálfun starfsmanna en þessir tveir kostnaðarliðir eru áætlaðir samanlagt 4,5 millj. króna. Heildarstofnkostnaður verksmiðjunnar er því áætlaður 751,6 millj. króna.

Kostnaður við höfn, vatnsveitu og orkuveitu er ekki meðtalinn þar sem þau mannvirki verða í eigu annarra en verksmiðjunnar sjálfrar. Í rekstrarkostnaðaráætlun er hins vegar reiknað með greiðslu fyrir afnot af höfn svo og greiðslum fyrir vatns- og orkunotkun.

Helstu einkennistölur og hönnunarforsendur fyrirhugaðrar verksmiðju eru eftirfarandi:

Fjöldi ofna	2	
Ofnastærð	21	MW
Mesta aflþörf	45	MW
Árlegur starfstími ofna	8 300	stundir
Orkuþörf á hvert tonn framleiðslu	13 700	kWh
Ársframleiðsla tveggja ofna	25 000	tonn
Orkuþörf á ári	342	GWh

Hráefni til kísilmálmframleiðslu eru kvarts, kol, koks, kurl og rafskaut. Gert er ráð fyrir að öll þessi hráefni verði innflutt og liggja þegar fyrir tilboð í öll hráefni svo og viljayfirlýsingar um langtímasamninga um hráefnasölu. Hugsanlegt er að unnt verði í framtíðinni að fá kurl hér innanlands með ræktun svonefndra „rótarskóga“ og eru athuganir í því efni á undirbúningsstigi.

Hráefnaþörf á hvert tonn framleiðslu er eftirfarandi:

Kvarts	2,650 tonn
Kol	1,038 tonn
Koks	0,243 tonn
Kurl	1,175 tonn
Rafskaut	0,120 tonn
Samtals	5,226 tonn

Í áætlunum er miðað við að allt kvarts verði keypt frá Spáni, samtals um 66 þúsund tonn á ári, en önnur lönd sem til greina koma í þessu sambandi eru m. a. Finnland, Kanada, Grikkland og Portúgal. M. a. með tilliti til viðskiptahagsmuna Íslendinga eru Spánn og Portúgal sérstaklega áhugaverð.

Gert er ráð fyrir að koks verði flutt inn frá Belgíu en kol frá Bandaríkjunum eða Evrópu. Kurlið verður væntanlega unnið úr innfluttum trjábútum frá Svíþjóð, Noregi eða Skotlandi. Rafskaut til kísilmálmframleiðslu eru framleidd hjá tveimur fyrirtækjum og er annað á Ítalíu en hitt í Bandaríkjunum.

Starfsmannafjöldi er áætlaður 130 og er gert ráð fyrir að 95 þessara starfsmanna vinni í dagvinnu en alls 35 manns á vöktum.

Miðað við raforkuverðið 17,5 mills/kWh að meðaltali, 20 ára afskriftartíma og 5% raunvexti er meðalframleiðslukostnaður á hvert tonn áætlaður eftirfarandi miðað við verðlag 1. mars 1982:

Meðalframleiðslukostnaður.
(Verðlag 1. mars 1982)

Kostnaðarliður:	**Krónur/tonn**	
Hráefni	4996	(41,3%)
Laun og launatengd gjöld	1 258	(10,4%)
Raforka	2 332	(19,3%)
Afskriftir og vextir	2 540	(21,0%)
Annar kostnaður	968	(8,0%)
	12 094	(100%)

Sem stendur er markaðsverð á kísilmálmi 12—13 þúsund kr. á tonn (1 200—1 300 dalir) og hefur verðið ekki verið svo lágt í tæp 10 ár. Ný verksmiðja með mikla vaxtabyrði mundi verða rekin með verulegum halla við núverandi markaðsaðstæður.

Gerð hefur verið rekstrar- og fjárstreymisáætlun fyrir afskriftartímabilið og eru niðurstöður áranna 1985, 1986, 1987, 1990 og 1995 eftirfarandi. Miðað er við fast verðlag 1. mars 1982.

	1985 (m. kr.)	**1986 (m. kr.)**	**1987 (m. kr.)**	**1990 (m. kr.)**	**1995 (m. kr.)**
Sölutekjur	105,4	312,7	344,4	344,4	344,4
Hráefni	42,5	119,4	124,9	124,9	124,9
Raforka	16,9	47,6	49,8	49,8	66,4
Laun	20,0	31,5	31,5	31,5	31,5
Annar kostnaður	14,6	24,3	24,3	24,3	24,3
Framleiðslukostnaður	94,0	222,8	230,5	230,5	247,1
Rekstrartekjur	11,4	89,9	113,8	113,8	97,2
Afskriftir	37,6	37,6	37,6	37,6	37,6
Vaxtagjöld	11,3	19,0	17,2	10,3	2,3
Tekjur (tap) fyrir skatta	(37,5)	33,3	59,0	65,9	57,3

Ástæðan fyrir því að tekjurnar eru lægri á árinu 1995 en á árinu 1990 eru sú að gert er ráð fyrir að orkuverðið fyrstu 10 árin, þ. e. a. s. 1985—1994 verði 15 mills/kWh en 20 mills/kWh á árunum 1995—2004. Í báðum tilvikum er miðað við verðlag 1. mars 1982 en gert er ráð fyrir fullri verðtryggingu orkuverðsins.

Sölutekjur eru reiknaðar á grundvelli skilaverðs til verksmiðju sem er fundið með því að draga 3% söluþóknun og heildarflutningskostnað frá áætluðu markaðsverði. Skilaverðið er áætlað eftirfarandi:

Ár:	1985	1986	1987 og úr því
Skilaverð, krónur/tonn	12 397	13 085	13 774

Afkastavextir fjárfestingarinnar hafa verið áætlaðir á grundvelli ofangreindra forsendna og er niðurstaðan sú að arðsemi heildarfjárfestingar verði 10,4%. Verður þessi arðgjöf að teljast vel viðunandi, þegar haft er í huga að tæknileg áhætta í þessum rekstri er svo til engin, að vaxandi markaður er fyrir afurðir verksmiðjunnar og að raunvextir á alþjóðlegum lánamörkuðum eru í dag um 6%. Í reynd eru þessir raunvextir með þeim hæstu sem þekkst hafa á undanförnum áratugum og eru líkur á að þeir muni þokast að nýju niður á hefðbundið stig, þ. e. 2—4%. Virðist fjárfesting í kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði því geta skilað arði vel umfram kostnaðarverð fjármagnsins.

6. Raforkuöflun og raforkuverð.

Heildarorkuþörf tveggja ofna kísilmálmverksmiðju er talin nema um 345 GWh á ári miðað við 25 þúsund tonna framleiðslu og mesta aflþörf um 45 MW.

Næg orka og afl er til staðar í landskerfinu til að fullnægja orkuþörf verksmiðjunnar. Gert er ráð fyrir að næsta stórvirkjun í landskerfinu komi í gagnið haustið 1987. Fyrir þann tíma er unnt að auka orkuvinnslugetu landskerfisins verulega umfram þarfir hins almenna markaðar. Með gerð stíflu á ármótum Þjórsár og Tungnaár, Kvíslaveitu og stækkun Þórisvatnsmiðlunar telur Landsvirkjun að eftirtalið orkumagn og afl verði til ráðstöfunar í kerfinu umfram þarfir almenna orkumarkaðarins og núverandi stóriðju:

1984	290 GWh	160 MW
1985	480 GWh	130 MW
1986	600 GWh	110 MW
1987	670 GWh	155 MW

Samkvæmt þeim áætlunum sem gerðar hafa verið um stofnlínukerfi landsins eiga ekki að vera vandkvæði á því að flytja næga orku til verksmiðjunnar. Á tímum mesta álags gæti þó annar ofn verksmiðjunnar þurft að sæta nokkrum álagstakmörkunum á tveim fyrstu árunum þ. e. fram til þess tíma sem næsta stórvirkjun kemst í gagnið. Verði Sprengisandslína lögð 1986, eins og Landsvirkjun miðar við, má ætla að erfiðleikar í raforkuflutningi til kísilmálmverksmiðjunnar séu úr sögunni.

Meðal þeirra framkvæmda sem ráðast þarf í vegna kísilmálmverksmiðju er lagning háspennulínu frá Hryggstekk í Skriðdal til Reyðarfjarðar. Þessi lína yrði um 35 km að lengd með 132 kV spennu.

Gerð hafa verið drög að orkusölusamningi milli verksmiðjunnar og Landsvirkjunar. Er þar gert ráð fyrir að samningstíminn verði tuttugu ár og orkuverðið 17,5 aurar á kWh að meðaltali en það samsvarar 17,5 mills/kWh á því gengi sem miðað er við í samningsdrögunum. Gert er ráð fyrir að orkuverðið verði að fullu verðtryggt en verðtryggingarákvæði og hækkanir á grunnverði á samningstímanum yrðu háð nánara samkomulagi. Með hliðsjón af því að verksmiðjan þarf að bera þungan fjármagnskostnað á fyrstu starfsárunum er æskilegt fyrir verksmiðjuna að í fyrstu verði orkuverðið hlutfallslega lægra, en aftur á móti hlutfallslega hærra síðar þegar greiðslufjárstaða verksmiðjunnar er orðin betri.

Landsvirkjun hefur þann fyrirvara á varðandi samningsdrögin að lokið verði framkvæmdum við Kvíslaveitu og Þórisvatnsmiðlun 1985/86 og nauðsynlegri aukningu uppsetts afls á Þjórsársvæðinu.

Samningsdrögin eru einnig byggð á þeirri forsendu að samningar takist milli ríkisins og Landsvirkjunar um byggingu og rekstur nýrra virkjana og yfirtöku fyrirtækisins á byggðalínukerfinu. Einnig telur Landsvirkjun nauðsynlegt að núverandi fjárhagsstaða fyrirtækisins verði tryggð á viðunandi hátt þannig að hæfilegt fé fáist úr rekstri til fjármögnunar nýrra virkjana án þess að lántökur í því skyni verði meiri en góðu hófi gegnir.

Varðandi síðast nefnda fyrirvarann skiptir mestu máli að veruleg hækkun fáist á orkuverði til Íslenska álfélagsins h/f.

Orkuverð það sem hér er lagt til grundvallar við rekstur kísilmálmverksmiðjunnar er byggt á áætluðum framleiðslukostnaði á orku frá næstu virkjunum, en það hefur verið talið liggja á bilinu 15—20 mills/kWh miðað við 6% reiknivexti.

Orkuverðið 17,5 mills/kWh að meðaltali með fullri verðtryggingu virðist því ekki óraunhæf viðmiðun, en gert er ráð fyrir að verksmiðjan kaupi einungis forgangsorku.

Á mynd 1 er sýnd hugsanleg verðþróun á raforku til kísilmálmverksmiðjunnar og áætluð þróun orkuverðs til Íslenska járnblendifélagsins h/f (forgangsorka) og Íslenska álfélagsins h/f. Miðað er við að verðbólga í Bandaríkjunum og í Noregi verði 8% á ári og gert er ráð fyrir að verð á áli haldist í hendur við verðbólguþróunina. Rétt er að geta þess að í gildandi raforkusamningi við Íslenska járnblendifélagið er helmingur af raforku til verksmiðjunnar seldur sem afgangsorka og er verðið á henni aðeins 1/4 af forgangsorkuverði.

7. Skipulag

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkið hafi forgöngu um stofnun hlutafélags er byggi og reki verksmiðjuna. Hér er um það stórt fyrirtæki að ræða að eðlilegt þykir að ríkið eigi tryggan meirihluta í félaginu, eða aldrei minna en 51%.

Gengið er út frá því að ýmsum áhugaaðilum verði gefinn kostur á aðild að félaginu og koma þar einkum til greina sveitarfélög, samvinnufélög, hlutafélög og aðrir aðilar. Ekki er talið nauðsynlegt að erlendir aðilar eigi aðild að félaginu.

Enda þótt verksmiðjan verði algerlega í eigu íslenskra aðila er gert ráð fyrir samstarfi við erlenda aðila um ýmsa þætti sem tengdir eru rekstri hennar. Má þar sérstaklega nefna samvinnu í markaðsmálum. Í því tilefni eru fjórir möguleikar taldir koma til greina, en hagkvæmasti kosturinn virðist sá að gera sérsamninga við aðila á hverju markaðssvæði. Yrðu þeir einkaumboðsaðilar fyrir framleiðslu verksmiðjunnar á viðkomandi svæði. Sá kostur kemur einnig til álita að stofna sérstök sölusamtök fyrir kísilmálm í samvinnu við einhvern framleiðanda á því sviði.

Leggja ber áherslu á að Íslendingar ráði markaðsstefnunni og taki eins virkan þátt í markaðsstarfseminni og frekast er kostur.

8. Áhrif á atvinnulíf á Austurlandi

Bygging og rekstur kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði mun óhjákvæmilega hafa veruleg áhrif á atvinnulíf og vinnumarkað á Mið-Austurlandi. Miklu varðar að framkvæmdirnar hafi í för með sér jákvæða þróun í atvinnulífi í fjórðungnum en leiði ekki til stökkbreytinga og verulegrar röskunar á félagslegu umhverfi og þeirri atvinnustarfsemi sem fyrir er. Í þessu efni skiptir t. d. miklu máli að stýring framkvæmda sé með þeim hætti að umframeftirspurn eftir vinnuafli komi ekki hart niður á starfandi fyrirtækjum. Annars vegar er um að ræða tímabundin áhrif sem leiða af eftirspurn eftir starfsliði á byggingartíma, sem áætlað er að geti orðið um 350 manns þegar flest er, og hins vegar varanleg áhrif vegna stöðugs reksturs verksmiðju með allt að 130 manna starfsliði.

Með rekstri verksmiðjunnar er áætlað að starfandi fólki á Reyðarfjarðarsvæðinu fjölgi um 17% og sú fjölgun mun á tiltölulega skömmum tíma leiða til aukningar í atvinnu- og þjónustugreinum í nálægum byggðarlögum. Leiddar hafa verið að því líkur að hvert starf í kísilmálmverksmiðju gæti, þegar fram í sækir, skapað um 0,8 ný störf í þjónustugreinum. Miðað við áætlaðan starfsmannafjölda í verksmiðjunni myndi þetta þýða um 110 ný þjónustustörf á Mið-Austurlandi.

Samkvæmt framansögðu er áætlað að rekstur verksmiðjunnar skapi með beinum og óbeinum hætti atvinnu fyrir um 240 manns en það jafngildir um 31% af þeim mannafla sem spáð er að komi inn á vinnumarkað á Mið-Austurlandi fram til ársins 1990.

Líkur eru á að hluti af starfsfólki fyrirtækja á Mið-Austurlandi hverfi frá sínum fyrri störfum og leiti eftir atvinnu við verksmiðjuna, einkum á byggingartíma. Þetta mun þó verða breytilegt eftir greinum. Gera má ráð fyrir að útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki standi nokkuð vel að vígi í samkeppninni um vinnuafl vegna tiltölulega góðra tekjumöguleika í þessum greinum.

Framleiðslu- og þjónustugreinar í iðnaði, og þá einkum málmiðnaði munu hér sem annars staðar standa höllustum fæti. Nauðsynlegt er að starfandi fyrirtæki bregðist við þessum nýju aðstæðum á réttan hátt. Bent hefur verið á tvo möguleika í því efni:

1) að fyrirtækin leitist við að halda sig fyrir utan þessa stórframkvæmd og þjónustustörf sem henni eru tengd og taki því sem gefnum hlut að missa eitthvað af starfsfólkinu, eða 2) að fyrirtæki á svæðinu myndi með sér samtök um skipulega þátttöku í framkvæmdunum.

Valið milli þessara kosta ætti að vera tiltölulega auðvelt. En svo æskileg sem veruleg hlutdeild heimamanna í framkvæmdunum er í öllu tilliti þá er einnig ljóst að áformaður framkvæmdahraði, stærð verkþátta, kröfur um tækjabúnað og fjárhagslega sterkan bakhjarl

og fleiri þættir munu sníða fyrirtækjum í heimabyggð allþröngan stakk í þessu efni. Raunsætt virðist því að gera ráð fyrir að hlutdeild heimamanna í framkvæmdunum verði einkum með þeim hætti að annars vegar verði þeir aðalverktakar í smærri verkþáttum og hins vegar undirverktakar eða samstarfsaðilar með öflugri verktökum í stærri verkþáttum.

Þrátt fyrir veika samkeppnisaðstöðu á mörgum sviðum ætti bygging kísilmálmverksmiðju að geta skapað austfirskum iðnfyrirtækjum ótvíræða vaxtarmöguleika og fært þeim reynslu, tæknikunnáttu og þekkingu á sviði stjórnunar.

Um félagsleg áhrif kísilmálmverksmiðju að öðru leyti er erfitt að spá. Reynsla annarra þjóða sýnir að fara þarf með gát varðandi staðarval fyrir fjölmenn iðnfyrirtæki. Forðast þarf að umhverfis þau myndist það sem kallað hefur verið „einhæft iðnaðarsamfélag" með óæskilegum félagseinkennum, svo sem kyn- og aldursskiptingu íbúanna. Hlutfall starfsmannafjölda í fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju (14% af vinnuafli á Reyðarfjarðarsvæðinu) er þó talið innan þeirra marka sem telja má viðunandi gagnvart vægi einstakra fyrirtækja á tilteknu vinnusvæði. Stefna þarf að því að starfsmenn verksmiðjunnar aðlagist sem best því samfélagi sem fyrir er og sporna þannig gegn aðskilnaði þeirra og annarra íbúa byggðarinnar í félagslegu tilliti. Umfram allt þarf að forðast að íbúðir starfsfólksins myndi einangrað verksmiðjuhverfi, en á því er nokkur hætta þegar íbúum fjölgar mjög ört.

Í fljótu bragði virðist vandséð að rekstur kísilmálmverksmiðju hafi umtalsverð áhrif á landbúnað á Austurlandi. Ekki er hins vegar loku fyrir það skotið að rekstur kísilmálmverksmiðju gæti rennt stoðum undir nýja búgrein, til að mynda á Fljótsdalshéraði. Hér er átt við ræktun svonefndra „rótarskóga" sem gætu gefið af sér kurl til kísilmálmframleiðslunnar.

Landbúnaðarráðuneytið hefur í hyggju að láta fara fram athugun á hagkvæmni slíkrar framleiðslu.

9. Þjóðhagsleg áhrif

Eitt höfuðmarkmið efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar er að efla atvinnulíf landsmanna. Í því skyni hefur verið unnið að athugunum á iðnaðarkostum sem rennt geti fleiri stoðum undir efnahagsstarfsemina. Efst á blaði í þeim efnum er frekari nýting á náttúruauðlindum landsins. Orkulindirnar eru ein þeirra náttúruauðlinda sem Íslendingar geta í auknum mæli hagnýtt til að bæta og jafna lífskjör í landinu. Nýting þeirra verður að vera í samræmi við almenn þjóðhagsleg markmið en þau eru m. a.:

a) full atvinna
b) batnandi lífskjör og öryggi í þeim efnum
c) yfirráð landsmanna yfir náttúruauðlindum og öruggt forræði í atvinnulífi
d) stöðugleiki í efnahagsmálum og takmörkun erlendra skulda
e) gott vinnuumhverfi og verndun íslenskrar náttúru gegn mengun.

Bygging kísilmálmverksmiðju hér á landi virðist falla vel að þessum almennu markmiðum. Hér er um að ræða fyrirtæki sem notar mjög mikla orku miðað við framleiðsluverðmæti og fjárfestingu.

Í heild er stofnkostnaður verksmiðjunnar ekki meiri en svo að hann er mjög viðráðanlegur fyrir íslenskt efnahagslíf.

Árlegar gjaldeyristekjur af rekstri verksmiðjunnar eru áætlaðar 219,5 m. kr. á ári miðað við verðlag í ársbyrjun 1982. Þá hefur ekki verið tekið tillit til erlends kostnaðar við byggingu verksmiðjunnar og tengdra mannvirkja s. s. virkjana. Engu að síður er hér um verulegar gjaldeyristekjur að ræða og þar sem fyrirtækið yrði í íslenskri eigu mun arður af rekstri þess í framtíðinni verða eftir og ávaxtast í landinu.

Reiknað er með að verksmiðjan greiði rafmagnsverð sem standi undir framleiðslukostnaði rafmagns frá nýjum virkjunum jafnframt því að skila arði til orkuframleiðslunnar sjálfrar.

SSD·OB 951·GJ
82·03·0552

Mynd 1

VERÐ Á FORGANGSORKU TIL ORKUFREKS IÐNAÐAR Á VERÐLAGI Í MARS 1982.

Áætluð verðþróun miðað við 8% verðbólgu í Noregi og USA og sömu hækkun á olíuverði; 8% árlega



Miðað er við að kísilmálmverksmiðjan greiði talsvert hærri vinnulaun en almennt gerist hér á landi og má líta á þann mismun sem þjóðhagslegar tekjur við rekstur verksmiðjunnar.

Með byggingu og rekstri kísilmálmverksmiðju algerlega undir forystu og stjórn landsmanna sjálfra munu Íslendingar afla sér afar þýðingarmikillar þekkingar og reynslu á öllum þáttum stóriðju allt frá hönnun og byggingu verksmiðju til markaðssetningar afurðanna. Þessi þekking mun koma að verulegu gagni við hliðstæðar framkvæmdir á komandi árum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er ríkisstjórninni heimilað að stofna hlutafélag í þeim tilgangi sem um getur. Þetta félagsform þykir heppilegt þegar hliðsjón er höfð af eðli rekstrarins og því að gert er ráð fyrir hlutdeild annarra aðila að fyrirtækinu.

Tilgangur félagsins verður að stunda framleiðslu og sölu á kísilmálmi og skyldan atvinnurekstur við verksmiðju sem félagið reisi og reki í Reyðarfirði.

Um 2. gr.

Með hliðsjón af því að ríkissjóður ábyrgist fjárfestingarlán vegna fyrirtækisins þykir rétt að ríkið eigi tryggan meirihluta hlutafjár í félaginu og tryggan meirihluta í stjórn þess.

Greinin felur í sér það nýmæli að öðrum íslenskum aðilum en ríkinu er nú gefinn kostur á að taka þátt í uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Þar gæti m. a. verið um að ræða sveitarfélög, innlend hlutafélög, samvinnufélög og aðra innlenda aðila. Ekki er talið nauðsynlegt að erlendir aðilar eigi hlut í félaginu og er við það miðað að íslenskir aðilar standi að því einir.

Um 3. gr.

Áætlaður stofnkostnaður 25 þúsund tonna kísilmálmverksmiðju er um 750 m. kr. á verðlagi 1. mars 1982. Gert er ráð fyrir að bygging verksmiðjunnar verði fjármögnuð svo sem hér segir:

a) Hlutafé: 30% af stofnkostnaði, eða um 225 millj. kr.
b) Fjárfestingarlán: 40% af stofnkostnaði, eða um 300 millj. kr.
c) Útflutningslán: 30% af stofnkostnaði, eða um 225 millj. kr.

Í greininni er gert ráð fyrir þeim möguleika að ríkissjóður leggi fram allt hlutaféð en verði um aðra hluthafa að ræða lækkar hlutafjárframlag ríkisins sem því nemur.

Ekki er ríkissjóði heimilt að taka lán eða ábyrgjast lán vegna hlutafjárframlaga annarra aðila.

Þá er í 5. tölulið 3. greinar gert ráð fyrir að ríkisstjórninni sé heimilt að ábyrgjast lán að fjárhæð sem nemur áætlaðri fjárþörf fyrirtækisins í formi almennra fjárfestingarlána. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða sem tryggir félaginu fjárfestingarlán með hagkvæmustu kjörum sem bjóðast á almennum lánamörkuðum.

Útflutningslán eru lán sem fylgja kaupum á tækjum og vélum til verksmiðjunnar og fara lánskjör eftir reglum viðkomandi landa. Slík lán eru að jafnaði hagstæð enda veitt til að örva útflutning.

Með ákvæðum 2.-4. tölul. eru ríkisstjórninni veittar heimildir til þess að tryggja að hlutafélagið eigi kost á þeirri aðstöðu um jarðnæði, höfn og annað sem á þarf að halda vegna verksmiðju þess. Miðað er við að heimildir til fjáröflunar vegna þessara framkvæmda þátta verði afgreiddar síðar af hálfu Alþingis, eftir því sem nauðsyn krefur, og fjáröflun í hverju tilviki hagað með tilliti til þess sem venja er um hliðstæðar framkvæmdir.

Vegna verulegrar eignaraðildar ríkissjóðs að félaginu og hinnar miklu fjárþarfar hlutafélagsins þykir eðlilegt að ekki verði greidd stimpilgjöld af hlutabréfum þess og að heimilt verði að lækka stimpilgjöld vegna stofnlána sem félagið tekur.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að kísilmálmverksmiðjan rísi á Reyðarfirði, nánar tiltekið upp af svonefndri Mjóeyri í óskiptu landi kristfjárjarðanna Sómastaða og Sómastaðagerðis.

Kristfjárjarðir eru sjálfseignarstofnanir eða ígildi þeirra. Þessar jarðir eru þannig til komnar að þær voru gefnar í því skyni að fátæklingar í viðkomandi hreppi mættu njóta afgjalds eftir þær. Jarðirnar áttu að vera eigin eignir, en afgjaldinu skyldi um aldur og ævi varið til fátækra. Jörðin Sómastaðir ásamt hjáleigunni Sómastaðagerði var gefin sem kristfjárjörð einhvern tímann fyrir 1367, en gjafabréfið er nú glatað. Henni var ætlað að létta fátækraframfærslu í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna. Síðar var svo smábýlið Framnes byggt út frá Sómastöðum, þó þannig að hverju hinna þriggja býla fylgir aðeins smáskiki skipts lands en meginhluti hinnar upprunalegu jarðar Sómastaða er óskipt land. Til að fá á eina hendi eignarhald á nógu stórri lóð undir starfsemi hlutafélagsins er lagt til að ríkissjóður kaupi umræddar þrjár jarðir.

Afla verður sérstakrar lagaheimildar til sölu kristfjárjarða þar sem þær eru eigin eignir og Alþingi eitt getur heimilað breytingar á stofni kristfjárgjafa og aðeins að uppfylltu því skilyrði að söluandvirði verði varið í samræmi við fornan tilgang kristfjárgjafarinnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið, sem æðsta stjórnvald á sviði sveitarstjórnarmála samþykki ráðstöfun söluandvirðis.

Árið 1907 var Reyðarfjarðarhreppi skipt í Eskifjarðarkauptún, Helgustaðahrepp og Reyðarfjarðarhrepp. Frumvarpið tekur mið af þessu og samkvæmt því verður söluandvirði jarðanna varið til félagslegra framkvæmda í þeim þremur sveitarfélögum sem áður var Reyðarfjarðarhreppur.

Umráð kristfjárjarðanna Sómastaða og Sómastaðagerðis höfðu frá ómunatíð verið í höndum prestsins á Hólmum við Reyðarfjörð. Með breyttri þjóðfélagsskipan færðust þessi umráð snemma á öldinni til ríkisins, en fram til ársins 1960 var afgjaldinu skipt milli umræddra hreppa til að létta fátækraframfærsluna. Engin afgjöld hafa verið innheimt fyrir jarðirnar síðustu áratugi. Stjórnarráðið, nánar tiltekið landbúnaðarráðuneytið, hefur með hendi umsjón kirkjujarða annarra en prestsetra. Því er eðlilegt að líta svo á að umráðin, sem frá ómunatíð höfðu verið í hendi kirkjunnar, séu nú réttilega í höndum landbúnaðarráðuneytisins. Sveitarstjórnirnar hafa hins vegar ríkra hagsmuna að gæta af sölunni og því þykir eðlilegt að þær komi fram sem hagsmunaaðilar við söluna ásamt landbúnaðarráðherra sem seljanda.

Samhliða því að heimild er veitt til sölunnar er fjármálaráðherra veitt heimild til að kaupa jarðirnar. Ábúendur jarðanna eru eigendur mannvirkja og ræktunar. Þar sem nábýlið við verksmiðjuna torveldar búskap á jörðunum er fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, veitt heimild til að kaupa eignir ábúenda þannig að þeir geti komið sér fyrir á nýjum stað og verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna verksmiðjuframkvæmdanna.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leigi hlutafélaginu nauðsynlegt jarðnæði fyrir verksmiðjureksturinn. Samkvæmt 6. gr. 1. mgr. 2. tl. hafnalaga nr. 45/1973 er það að jafnaði skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs á lánum til hafnargerðar að viðkomandi hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt þess landsvæðis á strandlengju hafnarinnar sem nauðsynleg er vegna hafnarinnar. Fjármálaráðherra er því f. h. ríkissjóðs veitt heimild til að selja hafnarsjóði, skv. 9. gr. frumvarpsins, land úr umræddum jörðum sem nauðsynlegt þykir undir hafnarmannvirki og hafnarstarfsemi.

Um 5. gr.

Eðlilegt þykir, með tilliti til aðildar ríkisins að hlutafélaginu og annarra aðstæðna, að ekki séu lagðar hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, en samkvæmt þeim skulu stofnendur hlutafélaga vera

fimm hið fæsta og hluthafar eigi færri en fimm. Ekkert er því til fyrirstöðu skv. frumvarpinu að ríkissjóður verði eini stofnandi félagsins og eini hluthafinn og fyrirtækið þannig í raun alfarið í eigu ríkisins.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður gæti eigendahagsmuna sinna í félaginu á aðalfundi og öðrum hluthafafundum á sama hátt og aðrir hluthafar. Um stjórn félagsins fer að öðru leyti samkvæmt hlutafélagalögum og samþykktum félagsins, sbr. þó ákvæði þessarar greinar um fulltrúanefnd. Gert er ráð fyrir að iðnaðarráðherra skipi fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins á aðalfundi.

Rétt þykir að hagnýta heimildir hlutafélagalaga til að ríkið sem eigandi geti haft sem virkasta stjórn á og eftirlit með rekstri fyrirtækisins. Ríkisstjórninni er því með grein þessari veitt heimild til að setja á stofn fulltrúanefnd við félagið skv. 57. gr. l. 32/1978 um hlutafélög. Um kjör fulltrúanefndar og hlutverk gilda þau frávik frá hlutafélagalögum sem í greininni felast. Er þannig stefnt að því að tryggja Alþingi áhrif á stjórn félagsins, án þess að raska eðlilegri skiptingu starfa milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds.

Iðnaðarráðherra skipar fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins, enda er dagleg umsýsla með eignum ríkisins verksvið framkvæmdavaldsins og óskyld löggjafarstarfsemi. Hins vegar þykir rétt að Alþingi geti fylgst sem best með rekstri félagsins og átt þátt í að móta stefnu fyrirtækisins og hafi áhrif á afstöðu til meiriháttar mála. Í þessari grein er það nýmæli að heimilt er að tryggja Alþingi vettvang til að hafa áhrif á starfsemi félagsins, án þess að um verði að ræða óeðlileg afskipti af daglegum rekstri þess.

Til þess að fulltrúanefndin geti rækt starf sitt á sem virkastan hátt er gert ráð fyrir að nefndinni, einstökum nefndarmönnum svo og fulltrúum, er nefndin kann að kveðja til, verði veittar upplýsingar um störf félagsins, og hafi greiðan aðgang að öllu því er varðar starfsemi þess.

Ennfremur er nauðsynlegt, til að fulltrúanefndin geti haft áhrif á stefnu félagsins með tillögugerð samkvæmt c-lið 3. mgr., að stjórn félagsins tilkynni henni fyrirfram um ráðstafanir, sem ekki falla undir hinn daglega rekstur.

Til að tryggja áhrif fulltrúanefndarinnar á stefnu félagsins og greiðar upplýsingar til hennar þykir rétt að einn af stjórnarmönnum félagsins eigi sæti í nefndinni og framkvæmdastjóri félagsins sitji fundi hennar og hafi þar málfrelsi og tillögurétt.

Í heimildarákvæðinu er ennfremur það nýmæli að tryggja má starfsmönnum fastan vettvang til þátttöku í stefnumótun félagsins, og rétt til að fylgjast með starfsemi þess og afkomu.

Ekki er að finna í greininni ákvæði um hversu víðtæk eftirlitsskylda fulltrúanefndarinnar skuli vera. Nánari reglur um það yrði að tilgreina í samþykktum, en gæta þarf þess, að með slíkum ákvæðum sé ekki gengið inn á svið, sem lögð eru undir hluthafafund, félagsstjórn og framkvæmdastjóra samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga.

Um 7. gr.

Samkvæmt greininni er hlutafélaginu gert að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hlutafélög með atvinnurekstur hér á landi. Um opinber gjöld félagsins fer eftir þeim lögum sem gilda á hverjum tíma með þeirri undantekningu sem fram kemur í 2. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. er félagið undanþegið aðstöðugjaldi á atvinnurekstur sinn, en er í þess stað gert að greiða sérstakt gjald sem skiptist þannig að fjórðungur rennur til Eskifjarðarkaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps, fjórðungur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fjórðungur til rannsókna og undirbúnings á sviði orkufreks iðnaðar og fjórðungur til iðnþróunar á Austurlandi.

Samkvæmt þessu greiðir félagið gjöld af rekstri sínum sem svarar til aðstöðugjalds hjá iðnfyrirtækjum almennt. Er ráð fyrir því gert að helmingur gjaldsins komi viðkomandi landshluta til góða, en hinn hlutinn landinu í heild í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og til undirbúnings orkunýtins iðnaðar.

Þensluáhrifa af byggingu og rekstri verksmiðjunnar mun gæta sérstaklega á Reyðarfirði og Eskifirði og það í verulegum mæli. Meðal annars er fyrirsjáanlegt að stækkun og endurbætur þarf að gera á skólahúsnæði og dagvistunaraðstöðu auk þess sem sveitarfélögin verða að taka á móti verulegum hópi aðflutts fólks vegna framkvæmdanna og kosta aðstöðu vegna hinna nýju íbúa. Er því talið eðlilegt að umrædd sveitarfélög skipti með sér að jöfnu fjórðungi af gjaldi samkvæmt greininni.

Eins og 3. gr. 2.—4. tl. og 4. gr. frumvarpsins bera með sér er það ríkisvaldið sem skapar iðjuverinu sjálfu aðstöðu t. d. til móttöku á orku, lagningu vegar, öflun lóðarréttinda og með því að beita sér fyrir hafnargerð við verksmiðjuna. Af þessu má ljóst vera að ekki gæti talist eðlilegt að Reyðarfjarðarhreppur fái óskipt aðstöðugjald af rekstri verksmiðjunnar. Því er gert ráð fyrir að 1/4 gjalds skv. 2. mgr. renni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Til að stuðla að því að fjárfesting í orkufrekum iðnaði renni stoðum undir víðtæka iðnþróun er það nýmæli tekið upp í lagagrein þessari að 0,5% af aðstöðugjaldsstofni vegna rekstrar verksmiðjunnar renni að jöfnu til fyrirhugaðs iðnþróunarsjóðs Austurlands og til rannsókna á sviði orkufreks iðnaðar.

Gera verður það að skilyrði til þess að lögbinda megi greiðslur skv. greininni til iðnþróunarsjóðs Austurlands að formlega hafi verið gengið frá stofnun hans og honum settar samþykktir, sem m. a. kveði á um verksvið, jafnræði aðila og réttlátt stjórnarform. Því er gert ráð fyrir að ráðherra staðfesti samþykktir sjóðsins áður en greiðslur til hans geta hafist.

Um 8. gr.

Hlutafélagið mun fást við útflutningsframleiðslu, sem byggist m. a. á hagnýtingu innlendrar orku. Rétt þykir að láta félagið njóta svipaðrar aðstöðu um aðflutningsgjöld og söluskatt og sambærileg fyrirtæki, svo sem virkjanir, kísiliðja, þörungavinnsla og járnblendiverksmiðja.

Í 1. mgr., fyrri málslið, er lagt til að félagið verði undanþegið greiðslu aðflutningsgjalda á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum til verksmiðjunnar. Í síðari málslið 1. mgr. er lagt til að ríkisstjórninni sé heimilt að fella niður aðflutningsgjöld og/eða söluskatt í því skyni að jafna aðstöðumun milli íslenskra og erlendra verktaka og þjónustuaðila vegna þessara gjalda. Samskonar ákvæði er í lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hráefni og aðrar framleiðslunauðsynjar verksmiðjunnar svo og framleiðsluvörur hennar og er lagt til að aðföng og framleiðsla verði undanþegin tollum og söluskatti.

Í 3. mgr. er lagt til að rafmagn til reksturs verksmiðjunnar verði undanþegið söluskatti og verðjöfnunargjaldi á raforku. Sambærileg ákvæði gilda um Áburðarverksmiðju ríkisins, álbræðsluna í Straumsvík og járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Undanþágu þessa má að sjálfsögðu fella niður síðar með lagabreytingu.

Um 9. gr.

Samkvæmt greininni skal stofna sérstakan hafnarsjóð er eigi og reki höfn við Mjóeyri. Fyrirhugað hafnarsvæði er beint framan við fyrirhugað verksmiðjusvæði. Höfnin yrði reist í beinum tengslum við verksmiðjuna en gert er ráð fyrir að fleiri en kísilmálmverksmiðjan komi til með að nota höfnina.

Eðlilegt þykir með hliðsjón af legu hafnarinnar við Mjóeyri og til að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni milli Eskifjarðarhafnar og Reyðarfjarðarhafnar að höfnin við Mjóeyri

verði í sameign Eskifjarðarkaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps að jöfnu. Ekki þykir þó rétt að lögfesta slíka skipan, en láta sveitarfélögunum, sem í hlut eiga, eftir að semja um það atriði. Í rekstraráætlun fyrir verksmiðjuna hefur verið við það miðað að greitt yrði fyrir afnotin með venjulegum hafnargjöldum.

Um gerð hafnarmannvirkja, rekstur hafnarinnar og stjórn fer að öðru leyti samkvæmt hafnalögum og samkomulagi aðila.

Um 10. gr.

Stefna ber að því að vernda umhverfi væntanlegrar kísilmálmverksmiðju fyrir röskun af hennar völdum og skapa þar sem best starfsskilyrði.

Í 3. mgr. 10. gr. er nýmæli þess efnis að hlutafélagið skuli, vegna eðlis rekstrar þess, kosta rannsóknir sem hlutaðeigandi stjórnvöld telja nauðsynlegar til að fylgjast með áhrifum af rekstri verksmiðjunnar. Með þessu ákvæði er tryggt að hlutaðeigandi stjórnvöld hafi fjárhagslegt bolmagn til að gera rannsóknir til að fylgjast megi með áhrifum hins sérgreinda iðnaðar á umhverfi verksmiðjunnar. Ákvæði þetta er sett með hliðsjón af reynslu af stóriðjurekstri hérlendis og af því að umfang og eðli stóriðjurekstrar af þessu tagi krefst sérstakra aðgerða til að tryggja að umhverfi verksmiðjunnar verði ekki fyrir tjóni.

Með hliðsjón af því að rannsóknir skv. 3. mgr. þessarar greinar geta verið kostnaðarsamar þykir rétt að ágreiningi um umfang og eðli þeirra megi skjóta til úrskurðar þess ráðherra sem viðkomandi rannsóknarþáttur heyrir undir.

Um 11. gr.

Stefna ber að aukinni samvinnu stjórnenda og starfsfólks fyrirtækisins í samráði við samtök launafólks. Með stofnun samstarfsnefndar er mótað fast samstarfsform, sem miðar að auknum réttindum og ábyrgð starfsfólks á vinnustað í þeim tilgangi að efla lýðræði í atvinnurekstri og ná betri árangri í framleiðslu. Ríka áherslu verður að leggja á bætt starfsumhverfi og aðgerðir til að koma í veg fyrir óæskilega röskun umhverfis af völdum iðnrekstrar.

Greinin kveður á um afar þýðingarmikil atriði, sem varða stöðu starfsmanna innan fyrirtækja og áhrif á starfsumhverfi. Hugmyndir um aukinn hlut og ábyrgð starfsmanna í stjórnun og rekstri fyrirtækja eru nú mikið ræddar í flestum löndum Vestur-Evrópu, þ. á m. á öðrum Norðurlöndum.

Hér á landi hafa þessi mál ekki verið eins mikið til umræðu í samtökum launafólks eða á stjórnmálavettvangi og hefði mátt vænta, en áhugi þó vaxandi. Eðlilegt er að ríkisvaldið sem atvinnurekandi gangi á undan með góðu fordæmi í þessu efni.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 610. Fyrirspurnir. [280. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um hitunarkostnað íbúðarhúsnæðis.

Frá Guðmundi Gíslasyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hver er framtíðarstefna í sölu raforku til húsahitunar?
2. Hver er upphitunarkostnaður á rúmmetra íbúðarhúsnæðis í eftirtöldum byggðarlögum? Hvaða hitagjafi er notaður?

Reykjavík. Borgarnes. Ísafjörður. Rauðasandshreppur. Akureyri. Kópasker. Egilsstaðir. Stöðvarfjörður. Hvammshreppur (Vík). Selfoss. Vestmannaeyjar.

II. Til samgönguráðherra um símamál í Austurlandskjördæmi.

Frá Guðmundi Gíslasyni.

Hvað verður unnið af áætluðum framkvæmdum við sjálfvirknivæðingu og örbylgjutengingu síma í Austurlandskjördæmi árið 1982?

III. Til samgönguráðherra um stöðuveitingu stöðvarstjóra Pósts og síma á Ísafirði.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun samgönguráðherra að ráða í starf stöðvarstjóra Pósts og síma á Ísafirði umsækjanda, sem hefur skemmri starfstíma að baki en tveir aðrir umsækjendur, sem starfsmannaráð hafði einnig mælt með?
2. Telur ráðherra ekki umhugsunarefni þegar starfsmaður segir upp starfi sínu, vegna þess að honum er misboðið við veitingu starfs innan stofnunarinnar, eftir 30 ára starfstíma, og er hér ekki um skýlaust brot að ræða á lögum nr. 78/1976 um jafnan rétt kvenna og karla?

IV. Til viðskiptaráðherra um samkeppnisaðstöðu Íslendinga.

Frá Guðmundi Karlssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar um athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga á mörkuðum fyrir fisk og aðrar sjávarafurðir og á fyrirkomulagi styrkja og aðstoðar við sjávarútveg helstu samkeppnisþjóða okkar, sem samþykkt var á síðasta þingi?

V. Til menntamálaráðherra um undirbúning kennslu í útvegsfræðum.

Frá Guðmundi Karlssyni.

Hvað líður skipun nefndar samkvæmt samþykkt Alþingis frá 19. maí 1981 til að undirbúa og skipuleggja kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands?

Ed. 611. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Salome Þorkelsdóttir, Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

1. og 2. málsl. 2. töluliðar B-liðar 30. gr. laganna orðist svo:

Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar. Frádráttur skv. þessum tölulið skal þó aldrei vera hærri en 5000 kr. hjá einstaklingi og 10 000 kr. hjá hjónum.

2. gr.

9. tölul. 31. gr. laganna orðist svo:

Þrjá fjórðu þeirrar fjárhæðar er félög, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða eða úthluta í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 10% af nafnverði hlutafjár. Arður skv. þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

3. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 23 450 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 48 300 kr. reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 71 750 kr. reiknast 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

4. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 53% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

5. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr., svo og þeirra íslensku ríkisborgara, sem búsettir eru erlendis um stundarsakir og skattskyldir eru skv. 3. gr., reiknast þannig: Af fyrstu 267 000 kr. eignarskattsstofns greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,8%.

6. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila, sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr., sbr. þó ákvæði 83. gr., skal vera 0,8% af eignarskattsstofni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir hönd þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Þingmenn flokksins í stjórnarandstöðu hafa ítrekað flutt frumvörp og breytingartillögur um skattamál á undan-

förnum þingum. Þetta frv. er einvörðungu um tekjuskatt og eignarskatt og felur í sér nokkur fá og afmörkuð grundvallarstefnumið sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fyrr og síðar lagt áherslu á sem áfanga í átt til gagngerrar breytingar og einföldunar á tekjuöflunarkerfi hins opinbera og þar með skattaálögum.

Þessi grundvallarstefnumið eru:

1. **Jaðarskatti sé svo stillt í hóf að hann lami ekki athafnaþrá og vinnuframlag manna.** Hér er gerð tillaga um að skattar af síðustu tekjum fari ekki fram úr 40% til ríkisins og verði því ekki hærri en rúmlega 50% að meðtöldu útsvari — í stað þess að vera nú yfir 60%.
2. **Tekjuskattur á almennar launatekjur verði felldur niður í þessum áfanga.** Nánari skilgreining er sú, að kvæntir verkamenn og iðnaðarmenn með meðaltekjur verði tekjuskattsfrjálsir, svo sem fram kemur í útreikningi Þjóðhagsstofnunar á meðfylgjandi fylgiskjali.
3. **Eignarskattar verði stórlega lækkaðir.** Eignarskattar eru nánast sérstakur skattur á sparnað fyrri ára í flestum tilvikum. Eignarskatta til ríkisins, t. d. á eigin íbúðir, á því að afnema. Hér er lagt til að skattstigar og skattleysismörk eignarskatta verði þau sömu og 1977 og lækki skattbyrðina í það sem hún var áður en vinstri stjórnin breytti skattalögum haustið 1978.
4. **Fólk verði hvatt til beinnar þátttöku í atvinnulífinu** með því að skattleggja arð af hlutabréfum á sem hliðstæðastan hátt og annan sparnað, t. d. í formi ríkisskuldabréfa.
5. **Atvinnulíf verði örvað með því að létta af því sköttum** og lækka skattstiga í 53% af félögum eins og gilti þegar sjálfstæðismenn báru ábyrgð á ríkisfjármálum.

Að sjálfsögðu koma mörg önnur atriði til greina við endurskoðun skattalaga og vísast um sum þeirra til tillögugerðar flokksins á fyrri þingum og einstakra þingmanna á yfirstandandi þingi.

Þess er nú á hinn bóginn freistað að setja fram framangreind fá og afmörkuð grundvallaratriði í skattamálastefnu Sjálfstæðisflokksins til umfjöllunar og afgreiðslu á þessu þingi.

Við afgreiðslu fjárlaga var því lýst yfir af hálfu Sjálfstæðisflokksins, að hann mundi flytja tillögu fyrir þinglok um lækkun tekju- og eignarskatta. Þá þegar lá fyrir að tekjuhækkun milli áranna 1980 og 1981 yrði 52—53% og tekjuskattar og útsvarsstofn hækka samkvæmt því. Flest bendir til að svo verði, t. d. hækka tekjur í Reykjavík um 54% milli áranna 1980 og 1981 skv. nýjustu áætlunum. Engu að síður var skattvísitala einungis hækkuð með atbeina stuðningsliðs ríkisstjórnarinnar um 50% og þar með skattstigar og frádráttarliðir. Útreikningar sýna að tekjuskattur, sjúkratryggingagjald og eignarskattur verða um eða yfir 100 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir vegna þessara breyttu forsendna með óbreyttum skattatekjum og skattvísitölu.

Skv. fjárlögum og lauslegum útreikningum Reiknistofnunar háskólans sundurliðast þessi skattahækkun þannig:

	I. Skv. forsendum fjárlaga og óbreyttum skattalögum millj. kr.	II. Skv. óbreyttum skattalögum og 53% tekjubreytingum milli ára millj. kr.	Hækkun
Tekjuskattur:			
álagning nettó	(1 030	1 145)	
innheimta	938,5	1 047	109,0
Sjúkratryggingagjald	51,0	52,5	1,5
Eignarskattur álagning	111,0	114,0	3,0
		Millj. kr.	113,5

Skylt er að geta þess, að skv. viðtölum við sérfræðinga Þjóðhagsstofnunar gæti þessi skattahækkun orðið nokkru minni, og verður hér reiknað með að álagning tekju- og eignarskatts geti orðið 80—90 millj. kr. meiri en fjárlög gera ráð fyrir að óbreyttum lögum og skattvísitölu.

Eftir að fjárlög hafa verið afgreidd hefur ýmsum ákvæðum laga, er varða tekjuöflun ríkissjóðs, verið breytt og nýir skattar á lagðir og boðaðir, en lækkun orðið á öðrum.

Nýjustu upplýsingar benda til þess, að í heild yrði skattheimta ríkisins af þessum sökum um 150 millj. kr. meiri en fjárlög gera ráð fyrir. Þessi niðurstaða fæst á eftirfarandi hátt:

	Hækkun skatta frá fjárlögum millj. kr.	Lækkun skatta frá fjárlögum millj. kr.
1. Tollafgreiðslugjald, nýr skattur	54	
2. Söluskattur á gjaldið	19	
3. Framleiðslugjald á sælgæti og kex	8	
4. Skattar á innlánsstofnanir, nýr skattur	50	
5. Tekju- og eignarskattur	90	
6. Launaskattur		30
7. Stimpilgjöld		20
8. Lækkun tolla		22
	221	72
Hækkun samtals		149
	221	221

Skattalækkun samkvæmt frumvarpinu.

Skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar voru meðaltekjur í fyrra, sem skattar leggjast á, hjá kvæntum verkamanni 128 þús. kr. og hjá kvæntum iðnaðarmanni 140 þús. krónur. Að óbreyttum lögum greiddi kvæntur iðnaðarmaður með tvö börn 4 866 kr. í tekjuskatt og 19 953 kr. í heildartekjuskatta af þessum tekjum. Skv. frv. yrði hann nánast tekjuskattslaus til ríkisins og heildarskattar hans lækkuðu um 4 350 kr. Kvæntur verkamaður með tvö börn greiddi 1 086 kr. í tekjuskatt og 13 074 kr. í heildartekjuskatta. Skv. frv. yrði hann tekjuskattslaus til ríkisins og skattar hans lækkuðu í heild um 3 810 kr. Þetta sést nánar á eftirgreindum útreikningum Þjóðhagsstofnunar:

Dæmi I.

Iðnaðarmaður, *heildartekjur 140 þús.*	Gildandi lög *vísitala 150*	Till. sjálfstæðismanna *vísitala 150*
Tekjuskattur	37 050	32 700
Persónuafsláttur	−22 830	−22 830
Barnabætur	−9 354	−9 354
	4 866	516
Útsvar	16 142	16 142
Persónuafsláttur	−1 830	−1 830
	14 312	14 312
Sjúkratryggingagjald	775	775
Skattar samtals	19 953	15 603
Skattar sem hlutfall af heildartekjum tekjuárs	14,3%	11,1%

Dæmi II. Verkamaður, heildartekjur 128 þús.	Gildandi lög vísitala 150	Till. sjálfstæðismanna vísitala 150
Tekjuskattur	33 270	29 460
Persónuafsláttur	−22 830	−22 830
Barnabætur	−9 354	−9 354
	1 086	−2 724
Útsvar	13 283	13 283
Persónuafsláttur	−1 830	−1 830
	11 453	11 453
Sjúkratryggingagjald	535	535
Skattar samtals	13 074	9 264
Skattar sem hlutfall af heildartekjum tekjuárs	10,2%	7,2%

Sjá nánar um forsendur í fylgiskjali.

Sé litið á heildarskattbyrðina mundi hún minnka skv. þessu frv. um nálægt 325 millj. kr. í tekjusköttum og 75 millj. kr. í eignarsköttum. Lausleg áætlun um tekjuskattslækkun á félögum nemur um 20 millj. kr. samkvæmt tillögunum og eignarskattur þeirra lækkaði um 30 millj. kr. Tekjutap ríkissjóðs yrði því um 450 millj. kr. skv. þessum tillögum. Skattahækkun frá fjárlögum er á hinn bóginn 150 millj. kr. skv. framansögðu. Niðurskurðarvandinn yrði því nálægt 300 millj. kr., sem er hliðstæð upphæð og aukning niðurgreiðslna sem ríkisstjórnin áformar á þessu ári.

Fordæmi eru fyrir því, að launþegasamtök hafi fallist á lækkun verðbóta á laun vegna skattalækkunar. Slíkt gerðist t. d. í desember 1978. Ekki virðist úr vegi að ríkisstjórnin ræddi þá leið við launþegasamtök að lækka skatta a. m. k. að hluta í stað þeirrar hrikalegu aukningar niðurgreiðslna sem áformuð er. Sjálfstæðismenn hafa áður lýst sig reiðubúna til samstarfs í fjárveitinganefnd og á Alþingi um að skera niður ríkisútgjöld í því skyni að ná fram fyrrgreindum grundvallarsjónarmiðum og skattalækkun sem þetta frv. felur í sér.

Skattstigi og skattleysismörk.

Hér fer á eftir samanburður á skattstigum, frádráttarliðum og skattleysismörkum sem verða að óbreyttum lögum og skv. þessu frumvarpi:

Skattkerfi ríkisstjórnarinnar 1982. Samanburður á óbreyttum lögum og tillögum sjálfstæðismanna.

	Einstaklingar: Gildandi lög (skattvísitala 150)	Till. sjálfstæðismanna (skattvísitala 150)
a) **Skattstigi einstaklinga:**	0— 70 500 25%	0— 51 000 20%
	70 500—135 000 35%	51 000—156 000 30%
	1350 000 og yfir 50%	156 000 og yfir 40%
b) **Skattaafsláttur o. fl.:**		
Persónuafsláttur	11 415	11 415
Lágmarksafsláttur einstaklinga	11 963	11 963
Lágmarksafsláttur v/einstæðs foreldris	20 934	20 934
Þak á vaxtafrádr.	54 375	54 375

	Hjón	Einst. foreldri	Hjón	Einst. foreldri
c) **Barnabætur:**				
Eitt barn	3 262	6 090	3 262	6 090
Önnur börn	4 677	6 090	4 677	6 090
Viðb. yngri börn	1 418	1 418	1 418	1 418
d) **Sjúkratryggingagjald, skattstigi:**				
	0—101 250		0—101 250	
	101 250 og yfir 2%		101 250 og yfir 2%	
e) **Eignarskattur:**				
Skattfrjáls eign	326 250		580 725	
Skattstigi	1,2%		0,8%	

Skattleysismörk tekjuskatts að frádregnum barnabótum.

Gert er ráð fyrir föstum frádrætti og skattvísitölu 150 (1,45). Upphæðir í kr.

	Gildandi ákvæði 1982	Tillaga sjálfstæðismanna
Einhleypingur	57 600	67 000
Einst. foreldri með eitt ungt barn	95 000	100 900
Einst. foreldri með eitt ungt barn og annað eldra	112 600	121 400
Barnlaus hjón:		
a) kona tekjulaus	94 800	103 500
b) kona með 30% af tekjum karls	101 500	112 500
c) jöfn tekjuskipting	101 400	122 300
Hjón með tvö börn, annað ungt:		
a) kona tekjulaus	124 500	138 100
b) kona með 30% af tekjum karls	133 400	149 600
c) jöfn tekjuskipting	143 000	156 800

Yfirlit yfir auknar skattaálögur síðan haustið 1978.

Sjálfstæðisflokkurinn hafði á hendi forræði ríkisfjármála frá 1974 fram á haust 1978, en þá tók við önnur vinstri stjórnin á fyrra áratug. Hér verður rifjuð upp að lokum stefna í skattamálum sem ríkt hefur síðan:

Frá því vinstri stjórnin komst til valda haustið 1978 hefur nýjum og hækkuðum sköttum rignt jafnt og þétt yfir almenning. Sú ríkisstjórn hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka skatta. Álagningu tekju- og eignarskatta var lokið, en með bráðabirgðalögum ákvað ríkisstjórnin að leggja á 6% tekjuskatta til viðbótar og viðauka á eignarskatta einstaklinga með meiru. Þessir viðaukaskattar hafa síðan verið innifaldir í tekju- og eignarsköttum og skattbyrði þessara skatta hefur þyngst mjög.

Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur skattbyrðin breyst þannig síðan 1977, sem hlutfall af tekjum á greiðsluári:

Eignarskattar einstaklinga:

	Álagning millj. nýkr.	Hlutfall af tekjum greiðsluárs
1977	6,7	0,29%
1978	13,4	0,37%
1979	21,0	0,38%
1980	38,4	0,45%
1981	67,7	0,51%
1982	104,1	1,58%


Eignar- og tekjuskattar einstaklinga
(HLUTFALL AF TEKJUM GREIÐSLUARS)
6
6,1
3,9
1,58
0,29
Tekjuskattar einstaklinga
Eignarskattar einstaklinga
6%
5
4
3
2
1
0
'77
'78
'79
'80
'81
'82

Tekjuskattur einstaklinga:

1977	88,4	3,9%
1978	207,9	5,7%
1979	329,3	6,0%
1980	486,1	5,7%
1981	720,3	5,6%
1982	1 029,8	6,1%

Á þessu tímabili hefur skattbyrði eignarskatta einstaklinga tvöfaldast skv. þessu, en tekjuskattsbyrðin aukist um rúm 50%, ef tekið er mið af tekjum þess árs, sem fólk er að greiða skattana, en það er augljóslega eðlilegasti mælikvarði skattbyrðarinnar frá sjónarhóli skattgreiðenda. (Sjá enn fremur myndir 1 og 2).



Vinstri stjórnin lagði á fjölda nýrra skatta: gjald á ferðalög til útlanda, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, aðlögunargjald, auk þess sem hún hækkaði söluskatt um 2%, úr 20 í 22% haustið 1979 og vörugjald um 6% á sama tíma. Vinstri stjórnin hóf einnig þá skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir sem hefur aukist síðan án þess að nokkuð sem nemi af þeirri skattahækkun hafi farið til vegamála.

Núverandi ríkisstjórn hefur viðhaldið öllum vinstristjórnarsköttum nema nýbyggingargjaldi, sem var hverfandi lítið, auk þess sem aðlögunargjaldið er ekki innheimt lengur, en það var fyrst og fremst markaður tekjustofn til iðnþróunar. Hún lagði á „orkujöfnunargjald" sem í raun er 1,5% söluskattur og kom söluskatti þar með í 23,5%. Það eykur skattbyrði á næsta ári um 192 millj. kr., en það jafngildir rúmlega 400 þús. gamalla króna skatti á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þannig hefur hún fram haldið stefnu vinstri stjórnarinnar í skattamálum.

Hér fer á eftir samandreginn skattreikningur Alþýðubandalagsins, Framsóknarflokksins og raunar Alþýðuflokks, sem ber ábyrgð að hluta á skattastefnu vinstri stjórnarinnar.

Nýir og hækkaðir skattar frá haustinu 1978.
(Verðlag fjárlaga 1982, þús. kr.)

1.	Hækkun eignarskatta einstaklinga	53 000	
2.	Hækkun tekjuskatta einstaklinga	368 000	
	— Lækkun sjúkratryggingagjalds	126 000	295 000
3.	Söluskattur 2% haustið 1979		256 000
4.	Vörugjald 6% sama tíma		107 000
5.	Gjald á ferðalög (skv. frv.)		47 000
6.	Innflutningsgjald á sælgæti		3 000
7.	Skattar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði		32 100
8.	Hækkun verðjöfnunargjalds á raforku um 6%		28 500
9.	Skattahækkun á bensíni umfram verðlagsbreytingar		217 000
10.	Orkujöfnunargjald		191 000
11.	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða		13 500
12.	Markaðar tekjur í ríkissjóð		61 000
	Frá dregst:		
	Niðurfelling söluskatts af matvöru haustið 1978		224 000
	Lækkun tolla og aðflutningsgjalda		97 000
	(Sjá enn fremur mynd 3).	Samtals nýkr.	929 000

Þetta jafngildir rúmlega 20 þús. nýkróna (2 millj. gkr.) viðbótarálögum á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu vegna ákvarðana þessara ríkisstjórna síðan haustið 1978.

Þá er ótalin hækkun á útsvörum til sveitarfélaga sem núverandi ríkisstjórn heimilaði og má giska á að leggi um 150 millj. króna viðbótarskatt á almenning umfram það, sem að framan er talið. **Þá bætast við þessar álögur áformaðar og ákveðnar skattahækkanir eftir að fjárlög 1982 voru samþykkt.**

Þess skal getið, að sú skattahækkun á bensíni, sem hér er tíunduð umfram fast verðlag, er í samræmi við upplýsingar frá Vegagerð ríkisins og Þjóðhagsstofnun. Hún stafar að mestu af hækkun tolla og söluskatts vegna mikillar verðhækkunar á bensíni í innflutningi, en að mjög litlu leyti af raungildishækkun bensíngjalds til Vegasjóðs.

Þegar þessar gífurlega auknu skattaálögur eru hafðar í huga er ljóst að með þessu frumvarpi er einungis stigið örstutt skref í þá átt að minnka skattheimtu og ríkisumsvif nú,


NÝIR OG HÆKKAÐIR SKATTAR FRÁ HAUSTINU 1978.
(VERÐLAG FJÁRLAGA 1982, ÞÚS. KR.)
Hækkun eignarskatta einstaklinga
+ Hækkun tekjuskatta einstaklinga
- Lækkun sjúkratryggingagjalds
295000
Söluskattur 2. haustið 1979
256000
Skattahækkun á bensíni umfram verðlagsbreytingar
217000
Orkujöfnunargjald
191000
Vörugjald 6. haustið 1979
107000
Markaðar tekjur teknar í ríkissjóð
61000
Gjald á ferðalög (skv. frv.)
47000
Skattar á verslunar og skrifstofuhúsnæði
32100
Hækkun verðjöfnunargjalds á raforku um 6%
28500
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra
13500
Innflutningsgjald á sælgæti
3000
- 224000
Niðurfelling söluskatts af matvöru haustið 1978
- 97000
Lækkun tolla og aðfl. gjalda

þegar útlit er fyrir að þjóðin í heild hafi minna til skiptanna í raunverulegum verðmætum. Þetta er stutt skref í rétta átt.

Óþarfi er að gera grein fyrir einstökum greinum frv. þar sem efnislega fjalla þær um þau meginatriði sem fram koma fyrst í greinargerðinni.

Fylgiskjal.

Til Lárusar Jónssonar, alþingismanns.
Frá Þjóðhagsstofnun.
Efni: **Dæmi um áhrif skattbreytinga.**

Þjóðhagsstofnun hefur borist tafla yfir tillögur sjálfstæðismanna um breytingu á álagningu skatta fyrir árið 1982 vegna tekna ársins 1981. Tillögur þessar eru merktar LJ/ab.

Í framhaldi af því hefur Þjóðhagsstofnun sett upp dæmi um skattbyrði iðnaðarmanns og verkamanns, sem báðir eru giftir með 2 börn og konur tekjulausar, annað barnið er yngra en 7 ára. Tekjur þessara aðila eru fundnar út skv. meðaltekjum kvæntra verka- og iðnaðarmanna skv. skattframtölum 1980 framreiknaðar með kauptaxtabreytingum til ársins 1981 að teknu tilliti til launaskriðs og vinnutímabreytingu. Þeir skattar, sem reiknað er með í dæmum þessum, eru tekjuskattur, tekjuútsvar og sjúkratryggingagjald. Við útreikning skattskyldra tekna til tekjuskatts er reiknað með 10% föstum frádrætti. Reiknað er með sömu meðalálagningarprósentu til útsvars og kemur fram á yfirlitinu eða 11,53%.

Dæmi I.
Iðnaðarmaður, heildartekjur 140 þús.

	Gildandi lög vísitala 150	Till. sjálfstæðismanna vísitala 150
Tekjuskattur	37 050	32 700
Persónuafsláttur	−22 830	−22 830
Barnabætur	−9 354	−9 354
	4 866	516
Útsvar	16 142	16 142
Persónuafsláttur	−1 830	−1 830
	14 312	14 312
Sjúkratryggingagjald	775	775
Skattar samtals	19 953	15 603
Skattar sem hlutfall af heildartekjum tekjuárs	14,3%	11,1%

Dæmi II. Verkamaður, heildartekjur 128 þús.	Gildandi lög vísitala 150	Till. sjálfstæðismanna vísitala 150
Tekjuskattur	33 270	29 460
Persónuafsláttur	−22 830	−22 830
Barnabætur	−9 354	−9 354
	1 086	+ 2 724
Útsvar	13 283	13 283
Persónuafsláttur	−1 830	−1 830
	11 453	11 453
Sjúkratryggingagjald	535	535
Skattar samtals	13 074	9 264
Skattar sem hlutfall af heildartekjum tekjuárs	10,2%	7,2%

Nd. 612. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá Jóhanni Einvarðssyni, Árna Gunnarssyni, Garðari Sigurðssyni og Jósef H. Þorgeirssyni.

1. Við 3. gr. 5. mgr. orðist svo:
   Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefna að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum.
2. Við 6. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Stjórnin ræður hljóðfæraleikara, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, allt að 65 stöðugildi. Aðra hljóðfæraleikara ræður stjórnin eftir því sem viðfangsefni krefjast, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og innan þeirra marka sem fjárlög heimila, enda hafi viðfangsefnið verið samþykkt á fjárhagsáætlun.

Nd. 613. Frumvarp til laga [282. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 9 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 39/1981 um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 88. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla var upphaflega stefnt að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu kæmi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna. Þetta merkir að lögin hefðu átt að vera komin til framkvæmda að þessu leyti haustið 1980. Hins vegar er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum að Alþingi fjalli nánar um níu ára skólaskyldu áður en hún kemur til fullra framkvæmda. Fyrirhugað er að leggja fyrir næsta þing nokkrar breytingar á grunnskólalögunum og mun þá gefast tækifæri til þess að Alþingi tjái sig nánar um skólaskylduna. Alþingi frestaði með lögum 1980 að láta 9 ára skólaskyldu koma til framkvæmda það ár, og var frestunin framlengd um 1 ár með lögum nr. 39/1981. Samkvæmt þeim lögum átti 9 ára skólaskylda að koma til framkvæmda í landinu öllu á komandi hausti 1982.

Með frumvarpi því sem hér liggur fyrir er enn lagt til að fresta gildistöku níu ára skólaskyldu um eitt ár, þ. e. til hausts 1983.

Ed. 614. Frumvarp til laga [193. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adal, Peggy Annadale, kennari á Laugarvatni, f. 27. júlí 1956 í Guyana.
2. Anderiman, Dísa, nemi í Reykjavík, f. 18. maí 1962 í Tyrklandi.
3. Axel Ásmundsson, barn í Reykjavík, f. 27. september 1981 í Indónesíu.
4. Ágúst Smári Henrýsson, barn í Reykjavík, f. 26. ágúst 1976 á Íslandi.
5. Bach, Rita Nørgaard, húsmóðir í Borgarnesi, f. 20. febrúar 1943 í Danmörku.
6. Bentína Björgólfsdóttir, snyrtifræðingur í Reykjavík, f. 22. júlí 1957 í Bandaríkjunum.
7. Christiansen, Judith, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. október 1944 í Færeyjum.
8. Cilia, María Dís, barn í Reykjavík, f. 29. ágúst 1968 á Íslandi.
9. Cubero, Andrew Markus, barn í Reykjavík, f. 20. des. 1968 í Bandaríkjunum.
10. Cubero, Erika Erna, barn í Reykjavík, f. 8. júní 1972 í Bandaríkjunum.
11. Einar Magnússon, fulltrúi í Reykjavík, f. 29. september 1928 á Íslandi.
12. Evans, Trausti, barn á Akureyri, f. 27. ágúst 1976 á Íslandi.
13. Eymar Geir Eymarsson, barn á Akranesi, f. 27. maí 1981 í Guatemala.
14. Favre, Gabriel Christian, kennari í Reykjavík, f. 28. febrúar 1944 í Frakklandi.
15. Guðrún Elíasdóttir, skrifstofustúlka í Keflavík, f. 9. september 1919 á Íslandi.
16. Gunnhildur Viðarsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 1. nóvember 1963 í Danmörku.
17. Güngör, Tamzok, verkamaður á Eskifirði, f. 27. desember 1954 í Tyrklandi.
18. Gökken, Gören, barn í Mosfellshreppi, f. 24. janúar 1979 í Tyrklandi.
19. Halldór Jóhann Ragnarsson, barn í Kópavogi, f. 13. sept. 1981 í Indónesíu.
20. Helga Guðríður Ottósdóttir, barn á Kjalarnesi, f. 22. sept. 1981 í Indónesíu.
21. Helgi Már Hannesson, barn í Keflavík, f. 22. janúar 1980 í Guatemala.
22. Henocque, Matthieu Charles Florimond, sjómaður í Reykjavík, f. 17. júní 1949 í Frakklandi. Fær réttinn 27. sept. 1982.
23. Higazi, Fawaz Kamal Abdel Fattah, verkamaður í Reykjavík, f. 13. mars 1953 í Jerúsalem.
24. Jones, Alan, sjómaður á Raufarhöfn, f. 7. janúar 1948 í Englandi.

25. Jóhannes Birgir Pálmason, barn í Reykjavík, f. 3. desember 1981 í Líbanon.
26. Júlíus Þór Sigurjónsson, barn í Keflavík, f. 18. febrúar 1981 í Indónesíu.
27. Kelley, Donald Thor, verkamaður á Akureyri, f. 6. júlí 1964 í Bandaríkjunum.
28. Kettler, Ernst Rudolf, kvikmyndatökumaður í Reykjavík, f. 23. febrúar 1942 í Austurríki.
29. Keyser, William Gísli, nemi í Reykjavík, f. 8. júní 1957 á Íslandi.
30. Lassen, Helle, húsmóðir í Breiðdalshreppi, f. 2. janúar 1952 í Danmörku.
31. Lindgren, Milda Elvira, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. október 1912 í Finnlandi.
32. Lundgren, Per Bjarni Haumann, verkamaður í Kópavogi, f. 10. ágúst 1957 á Íslandi.
33. Marlies, Michael Willard, lektor á Seltjarnarnesi, f. 26. mars 1943 í Bandaríkjunum.
34. Marlowe, Christopher George, tölvufræðingur á Ísafirði, f. 30. júlí 1951 í Bandaríkjunum.
35. Marlowe, Halldóra Patricia, barn á Ísafirði, f. 21. nóvember 1975 í Bandaríkjunum.
36. Marlowe, María Berglind, barn á Ísafirði, f. 26. janúar 1980 á Íslandi.
37. Merbt, Petra Maren, húsmóðir í Glæsibæjarhreppi, f. 22. júlí 1943 í Þýskalandi. Fær réttinn 29. júlí 1982.
38. Mikkelsen, Ann, röntgentæknir í Reykjavík, f. 19. júní 1950 í Danmörku.
39. Münoz, Simeona, ljósmóðir á Akureyri, f. 18. febrúar 1951 í Filipseyjum.
40. Nielsen, Jens Grome Schirmer, sjómaður í Neskaupstað, f. 6. júní 1947 í Danmörku.
41. Olsen, Johannes Martin, sjómaður í Reykjavík, f. 1. mars 1927 í Færeyjum.
42. Olivvares, Juana Dominga Cardenas, starfsstúlka í Kópavogi, f. 4. ágúst 1950 í Nicaragua.
43. Ólafur Geir Ottósson, barn á Kjalarnesi, f. 4. ágúst 1980 í Indónesíu.
44. Ólafur Pálsson, barn í Reykjavík, f. 31. október 1981 í Líbanon.
45. Rakel Rós María Njálsdóttir, barn á Seltjarnarnesi, f. 2. janúar 1981 í Guatemala.
46. Schneider, Sebastian Bernhard, barn í Glæsibæjarhreppi, f. 5. mars 1967 í Þýskalandi.
47. Singh, Manjit Singh Nand Singh Santa, þjónn í Reykjavík, f. 7. október 1949 í Kenya.
48. Stapelfeldt, Dörte Maria Elli, húsmóðir í Bandaríkjunum, f. 29. janúar 1941 í Þýskalandi.
49. Steen-Johan Steingrímsson, öryrki í Reykjavík, f. 8. ágúst 1954 á Íslandi.
50. Takefusa, Björgólfur Hideaki, barn í Reykjavík, f. 11. maí 1980 á Íslandi.
51. Than, Samuel Neak, verkamaður í Reykjavík, f. 28. sept. 1937 í Cambodíu.
52. Tryggvi Ottósson, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 2. mars 1961 á Íslandi.
53. Winkel, Jón Ólafur, nemi í Reykjavík, f. 4. maí 1967 í Danmörku.
54. Winkel, Poul Eigil, nemi í Reykjavík, f. 10. júlí 1973 í Danmörku.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 615. Frumvarp til laga [283. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Helgi Seljan, Davíð Aðalsteinsson, Salome Þorkelsdóttir, Eiður Guðnason.

1. gr.

42. gr. f-liður hljóði þannig:

fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna.

Fyrrum f-liður verður g-liður og aðrir stafliðir færast aftur samkv. því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til að tekin séu inn í gildandi grunnskólalög ákvæði varðandi fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna. Í 42. gr. laganna er kveðið svo á, að menntamálaráðuneyti skuli setja grunnskólum aðalnámsskrá þar sem nánar er kveðið á um kennslu í þeim greinum sem taldar eru upp í 42. gr. í ellefu stafliðum. Með samþykkt þessa frumvarps yrðu stafliðirnir tólf.

Það er í rauninni undarlegt, að ákvæði um þessa fræðslu skuli hvergi að finna í sjálfum grunnskólalögunum, en skólanum engu að síður gert að inna hana af hendi samkvæmt ákvæðum í öðrum lögum. Er þar átt við gildandi áfengislög frá 1969, en þar eru skýlaus ákvæði um fræðslu í skólum landsins um áhrif áfengisneyslu. Einnig er til allítarleg reglugerð um bindindisfræðslu, er gefin var út árið 1956, skv. 31. gr. eldri áfengislaga frá 1954. Þessi gömlu ákvæði í lögum og reglugerð standa vissulega fyrir sínu, en það er skemmst frá að segja, að þeim hefur verið mjög slælega eða alls ekki framfylgt.

Flutningsmenn þessa frv. telja að samþykkt þess þurfi ekki af sjálfu sér að leiða til afnáms þessara ákvæða, sem fyrir eru í áfengislögum og reglugerð, þó svo að þau séu að sumu leyti úrelt orðin og þurfi breytinga við, það sé hins vegar eðlilegt og sjálfsagt að þessi fræðsluþáttur sé tekinn inn í núgildandi grunnskólalög og námsskrá, sem skólar landsins starfa eftir. Sérstaklega skal á það bent, að önnur ávana- og fíkniefni en áfengi eru ekki nefnd á nafn í fyrrnefndum lögum og reglugerð, enda eru þau samin á þeim tíma þegar kannabis og önnur þaðan af sterkari fíkniefni voru svo til óþekkt fyrirbæri hér á landi. Nú er hins vegar svo komið, að nauðsynlegt er að brugðist sé við með öflugu fyrirbyggjandi starfi gegn því, að þessi vágestur nái hér frekari fótfestu. Ekki verður séð að þessi efni hafi komið í stað áfengis, heldur til viðbótar. Mun ekki ofmælt að hver einasta fjölskylda í landinu sé nú í meiri eða minni mæli tengd eða ofurseld erfiðleikum og hörmungum vegna neyslu áfengis og annarra fíkniefna.

Fyrirbyggjandi starf getur farið fram eftir ýmsum leiðum. Upplýsingar og fræðsla eru ein leiðin. Sú leið er bæði vandrötuð og viðkvæm, getur gert illt verra ef ekki er rétt á haldið. Vafalaust verður fræðslan að vera hlutlæg og raunsæ og örva nemendur til sjálfstæðrar skoðanamyndunar og ábyrgrar afstöðu til neyslu þessara efna. Mikilvægt er einnig að starfandi kennarar og kennaraefni gangi til verks með upplýstu og jákvæðu hugarfari.

Lög og reglugerðir leysa hér ugglaust engan vanda, nema fyrir hendi sé áhugi og skilningur meðal þeirra aðila sem framkvæmdin mæðir á. Óhætt er að fullyrða að sá áhugi og góður vilji er til staðar hjá íslenskum skólamönnum og öðrum þeim sem vinna að varnaðar-

starfi á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Ýmis ný viðhorf og hugmyndir, sem binda má vonir við, eru þar til umfjöllunar og úrvinnslu. Ákvæði það, sem þetta frumvarp gerir tillögu um að bætt verði inn í grunnskólalögin, mundi því falla í frjóan jarðveg og skapa um leið eðlilegan grundvöll að þessum vandmeðfarna fræðsluþætti innan skólanna.

Sþ. 616. Fyrirspurnir. [284. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um endurskoðun á reglugerð um ökukennslu.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Hvað líður störfum starfshóps um endurskoðun á reglugerð um ökukennslu og próf ökumanna sem skipaður var haustið 1979?

II. Til iðnaðarráðherra um Hitaveitu Reykjavíkur.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hve mikið telur borgarstjórn Reykjavíkur að hitaveitutaxtar þurfi að hækka svo tekjur standi undir eðlilegum rannsóknum, nýborunum og dreifingu um veitukerfi Hitaveitu Reykjavíkur?
2. Hver yrði upphitunarkostnaður á rúmmetra húsnæðis í Reykjavík þegar slík hækkun gjaldskrár hefur náð fram?

Ed. 617. Frumvarp til laga [285. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Egill Jónsson.

1. gr.

Tollur af neðangreindum tollskrárnúmerum falli niður:

84.24.10	Plógar.
84.24.20	Áburðardreifarar.
84.24.31	Herfi.
84.24.39	Aðrar jarðvinnsluvélar.
84.24.40	Aðrar jarðvinnsluvélar.
84.25.20	Uppskeru- og þreskivélar.
84.25.31	Sláttuvélar.
84.25.32	Upptökuvélar fyrir garðávexti.
84.25.33	Rakstrar- og snúningsvélar.
84.25.39	Aðrar uppskeruvélar.
84.25.41	Flokkunarvélar.
84.25.49	Hreinsunarvélar.
84.26.10	Mjaltavélar.
84.27.10	Pressur.
84.28.10	Aðrar vélar til landbúnaðar.

87.01.31 Hjóladráttarvélar.
87.14.21 Heyvagnar.
87.14.22 Áburðardreifivagnar.
87.14.23 Heyvinnsluvagnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á ýmsar vélar og tæki, sem notuð eru í landbúnaði, er enn lagður nokkur tollur. Er sú stefna í mótsögn við þá tollastefnu sem reynt er að fylgja gagnvart atvinnuvegunum, að undanþiggja helstu fjárfestingarvörur þeirra aðflutningsgjöldum.

Íslenskur landbúnaður býr að vísu einungis við óverulega erlenda samkeppni. Engu að síður eru framleiðsluvörur hans stór þáttur í innlendri neyslu og framfærslukostnaði. Því er æskilegt að framleiðsluvörur landbúnaðarins séu sem ódýrastar í framleiðslu. Er sú leið mun æskilegri að fella niður gjöld af framleiðslunni en greiða niður verð á endanlegum framleiðsluvörum. Auk þess draga gjöld af vélum og tækjum úr tækjavæðingu og auka fjármagnskostnað. Vegna lágra aðflutningsgjalda eru þessi áhrif þó ekki mjög sterk.

Þótt tekjutap ríkissjóðs sé óverulegt af þessari niðurfellingu er hér gerð grein fyrir áhrifum hennar miðað við innflutning á síðasta ári:

Tollskrárnúmer	Tollur í %	Cif-verð í þús. kr.	Tollfjárhæð í þús. kr.
84.24.10	2	244	4.0
84.24.20	2	2 393	47.9
84.24.31	2	187	3.7
84.24.39	2	649	13.0
84.24.40	2	112	2.2
84.25.20	2	0	0
84.25.31	2	3 070	61.4
84.25.32	2	645	12.9
84.25.33	2	5 054	101.1
84.25.39	2	4 155	83.1
84.25.41	2	106	2.1
84.25.49	2	110	2.2
84.26.10	2	297	5.9
84.27.10	7	0	0
84.28.10	4	2 747	54.9
87.01.31	2	17 420	348.4
87.14.21	2	4 349	87.0
87.14.22	2	668	13.4
87.14.23	2	56	1.1
		42 262	**844.3**

Hér er tilgreint tekjutap vegna lægri tolltekna, en á móti koma að sjálfsögðu lægri útgjöld vegna niðurgreiðslna, þannig að áhrif á fjárhag ríkissjóðs ættu að vera óveruleg, en mjög jákvæð fyrir landbúnaðinn og neytendur.

Ed. 618. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um Blindrabókasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og rætt við fulltrúa ýmissa félagasamtaka sem frv. snertir. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en vekur jafnframt athygli á því, að á næstu árum mun þurfa verulegt viðbótarfjármagn til að anna eftirspurn eftir hljóðrituðu efni, sérstaklega frá öldruðu fólki. Nefndin telur því nauðsynlegt að athugað verði síðar á þessu ári eða á næsta ári hvort fjármögnun þessarar þjónustu við sjónskert aldrað fólk og blinda geti að hluta tengst ákveðnum sjóðum eða með öðrum hætti verði tryggðar reglubundnar tekjur til þessarar starfsemi.

Alþingi, 14. apríl 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Jón Helgason, frsm.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Davíð Aðalsteinsson.	Gunnar Thoroddsen.
	Karl Steinar Guðnason.	

Ed. 619. Frumvarp til laga [286. mál]

um jöfnun hitunarkostnaðar.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Eiður Guðnason, Egill Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal leggja Orkusjóði til óafturkræft framlag, sem varið skal til að greiða niður verð á orkugjöfum til upphitunar húsa í landinu.

Til að mæta kostnaði samkvæmt 1. mgr. skal ríkissjóður verja fjármagni af andvirði orkujöfnunargjalds, sbr. lög nr. 12/1980 um orkujöfnunargjald.

2. gr.

Verð olíu skal greitt niður sem nægir til að olíukostnaður við kyndingu húsa verði eigi hærri en sem nemur 2.5-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins, sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Er þá miðað við gjaldskrár á hverjum tíma. Skal hið vegna meðaltal reiknað út fjórum sinnum á ári og verði þá jafnframt tekið tillit til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á olíu frá síðasta útreikningi, þegar ákveðin er upphæð niðurgreiðslna fram til næsta útreiknings.

Þessi niðurgreiðsla skal vera í formi styrkja til eftirtalinna aðila:

1. Til húsráðenda, sem nota olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Skal upphæð fara eftir stærð fjölskyldu og stærð íbúðar.
2. Til þeirra, sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis.
3. Til skóla og annarra menningarstofnana, sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana og dvalarheimila fyrir aldraða og unga.
4. Til þeirra aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva.

Í reglugerð skal kveða á um, með hverjum hætti skal ákveða upphæð styrkja skv. 2. mgr. Skal þá við það miðað, að olía verði í hverju tilfelli greidd niður sem næst að sama hundraðshluta og ráð er fyrir gert í 1. mgr.

3. gr.

Verð olíu, sem hitaveitur nota sem orkugjafa og rafveitur nota til framleiðslu rafmagns til upphitunar húsa, skal greitt niður. Skal niðurgreiðsla þessi vera í formi styrkja til viðkomandi orkuveitna og nema þeirri fjárhæð, að hitunarkostnaður verði sambærilegur og gert er ráð fyrir í 2. gr.

4. gr.

Verð á raforku til húshitunar skal greitt niður eftir því sem með þarf til þess að kostnaður verði 10% lægri en kostnaður við kyndingu með niðurgreiddri olíu. Raforka þessi skal greidd niður hvort hún er heldur seld til beinnar upphitunar eða sem orkugjafi hitaveitna.

Skal niðurgreiðsla þessi vera í formi styrkja til viðkomandi orkuveitna, enda skuldbindi þær sig til að selja orku til húshitunar á verði sem er 10% lægra en upphitunarkostnaður með niðurgreiddri olíu.

5. gr.

Styrkir til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana skulu greiddir ársfjórðungslega fyrir milligöngu sveitarfélaga. Styrkir til orkuveitna greiðast beint úr Orkusjóði.

6. gr.

Til að tryggja að jarðvarmi sé samkeppnishæfur við olíukyndingu er heimilt að veita jarðvarmaveitum framlag til að jafna þann mun, sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

7. gr.

Styrkir skulu ekki taldir til tekna við álagningu opinberra gjalda.

8. gr.

Enginn, sem hefur möguleika á upphitun frá hitaveitu eða rafveitu, á rétt á olíustyrk.

9. gr.

Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Þess skal sérstaklega gætt að einfalda framkvæmd niðurgreiðslunnar og sporna við misnotkun á þeim rétti, sem í henni felst.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nema III. kafli laganna um orkusparnað.

Greinargerð

Eitt mesta misrétti, sem fyrirfinnst í þjóðfélaginu í dag, er fólgið í hitunarkostnaði. Hitunarkostnaður þess fólks, sem býr við lakastan kost, er óbærilegur. Þess vegna láta menn sér svo tíðrætt um hitunarkostnaðinn sem raun ber vitni. Nokkuð hefur verið bætt úr ófremdarástandinu með niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa. Samt sem áður er ástandið í dag með öllu óviðunandi. Með tilliti til þessa er frumvarp þetta flutt.

Við vandanum verður brugðist með tvennu móti: Annars vegar að flýta svo sem verða má öllum framkvæmdum til að innlendir orkugjafar komi í stað olíu og ódýrari innfluttur orkugjafi verði nýttur í stað dýrari og orknýting verði bætt. Hér er um að ræða það sem heyrir til frambúðarlausnar. Hins vegar er að auka niðurgreiðslu orkugjafa til húshitunar. Hér er um að ræða bráðabirgðaráðstafanir meðan unnið er að frambúðarlausn. Þessar bráðabirgðaráðstafanir þola ekki bið og fjallar þetta frumvarp um þær.

Svo er nú komið að 172 þús. af 229 þús. íbúum landsins hafa húshitun sína frá hitaveitum með jarðvarma. Hér er um að ræða um 35 millj. rúmmetra húsrými af um 45 millj. rúmmetra húsrými, sem samtals er í landinu. Orkusala hitaveitnanna 27 að tölu, nemur nú um 2800 GWh/ár, en heildarorkusala til húshitunar í landinu nemur samtals um 3700 GWh/ár. Ódýrrar rafhitunar njóta nú 6000 íbúar landsins er ráða yfir um 1 millj. rúmmetra húsnæðis og þurfa um 80 GWh/ár til upphitunar sinna húsa. Meðaldýra rafhitun hafa um 4000 íbúar, með um 700 þús. rúmmetra húsnæði og nota um 60 GWh/ár. Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða og hitaveitur þessara fyrirtækja, sem nota rafmagn og olíu sem orkugjafa (R/O-hitaveitur), sjá um 26 þús. íbúum fyrir húshitun. Nemur húsnæði þeirra um 4,5 millj. rúmmetrum og þarf til þeirrar húshitunar um 370 GWh/ár. Þeir, sem kynda hús sín með olíu, eru um 21 þúsund að tölu og ráða yfir 2,6 millj. rúmmetrum húsnæðis og þurfa til upphitunar húsa sinna um 210 GWh/ár.

Á síðari árum hefur mjög miðað til frambúðarlausnar í húshitunarmálum með hinum miklu hitaveituframkvæmdum sem átt hafa sér stað. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar býr nú við þann kost, sem bestur er í húshitun, þar sem eru hitaveitur með jarðvarma sem orkugjafa. Á sama tíma er hlutur þeirra, sem ekki fá notið þessarar aðstöðu, allsendis óviðunandi.

Nú er ástandið þannig, að meðalorkuverð hitaveitna nemur 22,7% af hitunarkostnaði með olíu, hitunarkostnaður með ódýrri rafhitun nemur 38,4% af olíukostnaði og hitunarkostnaður með meðaldýrri rafhitun nemur 55,6% af hitunarkostnaði með olíu. Raforkuverð Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða til húshitunar og orkuverð frá hitaveitum þessara fyrirtækja, sem hafa rafmagn og olíu sem orkugjafa, nemur 65,1% af upphitunarkostnaði með olíu. En niðurgreidd olía til húshitunar nemur 70,5% af olíuverði. Af þessu má marka, að mestur er misjöfnuðurinn gagnvart þeim sem kynda hús sín með olíu, þrátt fyrir olíustyrkinn sem nú er greiddur. Þá fylgir fast eftir í ójöfnuðinum það fólk, sem býr við rafmagnsupphitun frá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða og upphitun frá hitaveitum þessara fyrirtækja, sem nota rafmagn og olíu sem orkugjafa. Meginatriði er því að rétta hlut þessa fólks, sem er um 47 þús. að tölu og ræður yfir 5,1 millj. rúmmetrum í húsnæði og þarf til upphitunar húsa sinna um 580 GWh/ár. Frumvarp þetta tekur mið af þessari staðreynd.

Gert er ráð fyrir að takmörk séu fyrir því, hve mismunur á hitunarkostnaði megi vera mestur. Með tilliti til þessa kveður frumvarpið svo á, að verð olíu skuli greitt niður sem nægi til að olíukostnaður við kyndingu húsa verði eigi hærri en sem nemur 2,5-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Af þessu leiðir, að samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verða sjálfvirkar breytingar á upphæð niðurgreiðslunnar, sem fylgja breytingum á verði olíu og gjaldskrám hitaveitna. Hækkun gjaldskrár hitaveitna hefur því áhrif til lækkunar á upphæð olíustyrksins engu síður en hækkun olíu hefur að öðru jöfnu áhrif til hækkunar á olíustyrknum.

Vegið meðalverð hjá hitaveitum landsins er nú 22,7% af óniðurgreiddu olíuverði, eða 13,1 aurar á kílówattstund. Samkvæmt frumvarpinu verður því hæsta verð olíukyndingar húsa 13,1 × 2,5 eða 32,8 aurar á kílówattstund. Óniðurgreiddur kostnaður við olíukyndingu er hins vegar 57,9 aurar á kílówattstund og nemur því niðurgreiðsla á olíu samkvæmt frumvarpinu 25,1 eyri á kílówattstund. Er þá kostnaður olíukyndingar samkvæmt frumvarpinu 56,7% af kyndingu með óniðurgreiddri olíu og nemur þá niðurgreiðslan 43,3% eða 251 þús. krónum á GWh. Olíunotkun fyrir hitun íbúða, stofnana og atvinnurekstrarhúsnæðis, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er 328 GWh/ár. Þetta þýðir að niðurgreiðsla á olíu samkvæmt 2. gr. frumvarpsins nemur á ári 82 milljónum króna.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir í 3. gr., að verð olíu, sem hitaveitur nota til framleiðslu rafmagns til upphitunar húsa, skuli greitt niður sem nemi þeim fjárhæð að hitunarkostnaður verði sambærilegur og gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins. Nokkrar hitaveitur, sem nota

jarðvarma sem orkugjafa, eru með toppkyndistöðvar, sem notaðar eru þegar kaldast er í veðri, þar á meðal hitaveitur Akureyrar, Siglufjarðar, Egilsstaða, Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Auk þess reka Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða kyndistöðvar með olíu sem orkugjafa (R/O-kyndistöðvar) á Höfn í Hornafirði, Seyðisfirði, Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði. Þá kemur hér til olíunotkun til framleiðslu rafmagns til húshitunar sem fer eftir árferði og orkuskorti frá vatnsaflsstöðvum. Áætlað er að niðurgreiðsla olíu til hitaveitna og rafveitna skv. 3. gr. frumvarpsins nemi um 2 milljónum króna á ári.

Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir samkvæmt 4. gr., að verð á raforku til húshitunar skuli greitt niður eftir því sem með þarf til þess að hitunarkostnaður verði 10% lægri en kostnaður við kyndingu með niðurgreiddri olíu. Raforka þessi skal greidd niður hvort sem hún er heldur seld til beinnar upphitunar eða sem orkugjafi hitaveitna. Hér er ákvæði til hvatningar mönnum um að taka upp innlendan orkugjafa í stað erlends orkugjafa til húshitunar eða skipta frá olíu til raforku. Verðið á raforkunni til neytenda yrði samkvæmt þessu ekki hærra en 90% af kostnaði olíukyndingar samkvæmt 2. gr. eða 29.5 aurar á kílówattstund. Niðurgreiðslan á raforku er aðallega vegna beinnar upphitunar og þó fyrst og fremst þar sem um dýra rafhitun er að ræða. Dýr rafhitun nemur 344 GWh/ár og er greidd niður samkvæmt frumvarpinu um 28.2 milljónir króna á ári, en meðaldýr rafhitun, sem nemur 57 GWh/ár, er greidd niður um 1.5 milljón króna á ári. Til viðbótar þessu kemur svo niðurgreiðsla á raforku til hitaveitna, sem nota raforku sem orkugjafa (R/O-hitaveitur), og hefur sú niðurgreiðsla verið áætluð að nema 1.6 milljón krónum á ári. Samkvæmt þessu nemur niðurgreiðsla á raforku á ári samkvæmt 4. gr. frumvarpsins um 31 milljón króna.

Miðað við óbreytt olíuverð og óbreyttar gjaldskrár hitaveitna nema útgjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. frumvarpsins samtals 115 milljónum króna á ári. Ef hins vegar verð hjá ódýrum hitaveitum yrði hækkað umfram verðlagshækkanir, svo sem óskað er eftir og nauðsynlegt er talið til að tryggja rekstur og viðgang hitaveitnanna, horfir málið öðruvísi við. Ef reiknað væri með að verð hjá ódýrum hitaveitum hækkaði t. d. um 30% mundi heildarniðurgreiðslan samkvæmt frumvarpi þessu ekki vera 115 milljónir króna á ári, heldur 83 milljónir króna á ári, þ. e. olíuniðurgreiðslan samkvæmt 2. gr. yrði 67 milljónir króna á ári í stað 82 milljón króna á ári og niðurgreiðsla á raforku samkvæmt 4. gr. yrði 14 milljónir króna á ári í stað 31 milljónar króna á ári. Ef stjórnvöld yrðu við eðlilegum kröfum ódýru hitaveitnanna um gjaldskrárhækkanir yrði ekki einungis tryggð betur sú orkunýting, sem hagkvæmust er til upphitunar húsa, eða notkun jarðvarmans, heldur væru og ríkissjóði spöruð umtalsverð útgjöld um leið og stefnt væri að jöfnuði í hitunarkostnaði landsmanna. Viðmiðunarreglan samkvæmt 2. gr. þessa frumvarps um jöfnun hitunarkostnaðar felur í sér hvata fyrir stjórnvöld til þess loks að taka af ábyrgð og raunsæi á því úrlausnarefni að koma á jöfnuði milli landsins þegna um hitunarkostnað húsa.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkissjóður greiði Orkusjóði óafturkræft framlag, sem varið skuli til að greiða niður verð á orkugjöfum til upphitunar húsa í landinu. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður verji fjármagni af andvirði orkujöfnunargjalds í þessu skyni. Samkvæmt lögum nr. 12/1980, um orkujöfnunargjald, er innheimt mikið gjald, sem rennur í ríkissjóð og nemur á þessu ári samkvæmt fjárlögum um 190 milljónum króna. Fjármagn þetta er nú að mestu leyti almennur eyðslueyrir ríkissjóðs. Ríkissjóður hefur svo varið fé til niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa og nemur sá styrkur 30 milljónum króna á fjárlögum 1982. Eftir stendur því mikið fé í ríkissjóði af þeim skatti, sem innheimtur hefur verið undir yfirskini orkujöfnunar. Verður því fé ekki betur varið en til frekari aðgerða til jöfnunar hitunarkostnaðar, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Ber þá að hafa í huga að frumvarp þetta mælir ekki fyrir um að mismunur á dýrum og ódýrum hitunarkostnaði skuli nema 2.5-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins, heldur að mismunurinn megi ekki vera meiri en þessu nemur. Gefur auga leið að þörf er frekari jöfnunar, jafnframt því sem fjármagn er fyrir hendi af andvirði orkujöfnunargjalds til frekari jöfnunar hitunarkostnaðar en skylt er að ráðstafa

samkvæmt frumvarpi þessu. Fer það þá að vilja fjárveitingavaldsins á hverjum tíma hvað miklum jöfnuði verður náð.

Í frumvarpi þessu er ekki að finna reglur um, með hverjum hætti olíustyrkjum skuli úthlutað til jöfnunar hitunarkostnaði. Þykir rétt að þetta verði ákveðið í reglugerð. Frumvarpið kveður sérstaklega á um að þess sé gætt að einfalda framkvæmd alla og sporna við misnotkun á þeim rétti, sem einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum er veittur.

Í frumvarpinu er að finna heimildarákvæði um að veitt sé sérstök fjárhagsleg aðstoð hitaveitum, sem nota jarðvarma sem orkugjafa, þegar um sérstaka rekstrarerfiðleika er að ræða eða við afbrigðilegan vanda er að fást, eins og hjá hitaveitum Suðureyrar, Siglufjarðar, Egilsstaða o. fl. Er þetta til að jafna þann mun sem orkuverð þessara hitaveitna er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk. Hér er um að ræða sams konar ákvæði og er í gildandi lögum.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru:

1. Takmörk eru sett fyrir því, hvað mismunur á hitunarkostnaði landmanna má vera mestur.
2. Sett er regla, sem kveður á um hvað niðurgreiðsla á orkugjöfum til húshitunar skal vera mikil, og er þar tekið mið af hvoru tveggja í senn verði olíu og gjaldskrám hitaveitna.
3. Verð á dýrustu raforku til húshitunar er greitt niður hvort heldur er til beinnar upphitunar eða sem orkugjafa hitaveitna.
4. Hitunarkostnaður atvinnuhúsnæðis er greiddur niður jafnt sem hitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis.
5. Fjármagni af andvirði orkujöfnunargjalds er ráðstafað til niðurgreiðslu á orkugjöfum til húshitunar.
6. Orkusjóði er fengið til ráðstöfunar það fjármagn, sem ætlað er til niðurgreiðslu á orkugjöfum til húshitunar.
7. Mál, er varða jöfnun hitunarkostnaðar, eru flutt frá viðskiptaráðherra í verkahring iðnaðarráðherra.

Með frumvarpi þessu fylgir greinargerð Gylfa Ísakssonar, verkfræðings hjá Fjarhitun hf., á fylgiskjali, ásamt töflum I og II um áætlun um kostnað vegna frumvarps þessa.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um, að greiða skuli í Orkusjóð það fjármagn, sem varið er úr ríkissjóði til að greiða niður verð á orkugjöfum til upphitunar húsa. Er þá gert ráð fyrir að olíustyrkjum til einstaklinga sé útbýtt fyrir milligöngu viðkomandi sveitarfélaga, en styrki til stofnana og orkufyrirtækja greiði Orkusjóður milliliðalaust til viðkomandi aðila.

Í grein þessari er og kveðið á um að ríkissjóður skuli verja fjármagni af andvirði orkujöfnunargjalds til niðurgreiðslu orkugjafa til húshitunar.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er sett sú regla, að fjárhæð niðurgreiðslna á olíu skuli miðuð við verð á upphitunarkostnaði hjá þeim sem búa við hitaveitur er hafa jarðvarma að orkugjafa. Þetta verð er fundið með því að reikna út svokallað vegið meðaltal þannig, að orkuverð hverrar hitaveitu í kr/kWh er margfaldað með tölu íbúa á hverju hitaveitusvæði. Margföldunartölurnar fyrir allar hitaveiturnar eru lagðar saman og loks deilt í summu þeirra með samanlögðum íbúafjölda allra hitaveitusvæðanna. Er þá komið hið vegna meðaltal sem síðan er margfaldað með 2.5. Miðað við núverandi gjaldskrár hitaveitna í landinu kemur þá út orkuverðið 32.8 au/kWh. Þetta þýðir að olía til húshitunar, sem nú kostar 57.9 au/kWh, er greidd niður í 32.8 au/kWh eða um 25.1 au/kWh, sem nemur 43.3%.

Lagt er til í 2. tl. 2. mgr. að styrki skuli greiða til þeirra sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis. Þykir þetta eðlileg ráðstöfun til þess að jafna þann aðstöðumun sem nú er hjá atvinnurekstrinum í landinu eftir því, hvert orkuverðið til húshitunar er.

Í 3. tl. 2. mgr. er að finna ákvæði um niðurgreiðslu olíu til ýmissa stofnana á vettvangi menningar-, heilbrigðis- og félagsmála. Í núgildandi lögum er aðeins um að ræða heimildarákvæði þar að lútandi, og varðar það einungis skólahúsnæði.

Í 4. tl. 2. mgr. er lagt til að styrkir verði greiddir þeim, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu. Þetta kemur í þarfir bænda, sem enn njóta ekki sveitarafvæðingarinnar. Í núgildandi lögum er aðeins um heimildarákvæði að ræða um þetta efni.

Um 3. gr.

Hér er ákvæði um að greiða skuli niður verð olíu, sem hitaveitur nota sem orkugjafa og rafveitur nota til framleiðslu rafmagns til upphitunar húsa. Í núgildandi lögum er að finna heimildarákvæði um þetta efni, sem nær þó einungis til rafveitna, en ekki til hitaveitna.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að verðá raforku til húshitunar skuli greitt niður eftir því sem með þarf til þess að kostnaður verði 10% lægri en kostnaður við kyndingu með niðurgreiddri olíu. Raforka þessi skal greidd niður hvort heldur hún er seld til beinnar upphitunar eða sem orkugjafi hitaveitna. Hér er gert ráð fyrir að upphitunarkostnaður með innlendum orkugjafa verði 10% lægri en með hinum erlenda, og er það gert til þess, að hvati sé til þess að rafmagnshitun sé tekin upp í staðinn fyrir olíukyndingu.

Hér er ekki einungis um að ræða rétt til handa orkuseljanda, heldur er og á hann lögð sú skylda að selja orku til húshitunar á verði sem er 10% lægra en upphitunarkostnaður með niðurgreiddri olíu.

Um 5. gr.

Ekki þykir rétt að breyta þeirri skipan sem verið hefur, að olíustyrkjum sé úthlutað til einstaklinga fyrir milligöngu sveitarfélaga. Hins vegar er ekki ástæða til að sú skipan gildi um orkuveitur. Því er gert ráð fyrir að styrki til hitaveitna og rafveitna greiði Orkusjóður milliliðalaust.

Gert er ráð fyrir að styrkirnir séu greiddir ársfjórðungslega eins og verið hefur.

Um 6. gr.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að sá orkugjafinn, sem hagkvæmastur er til húshitunar, jarðvarminn, sé greiddur niður nema í einstökum tilfellum. Er í þessari grein veitt heimild til slíkrar aðstoðar. Hér er um að ræða þau tilvik þegar ófyrirsjáanleg atvik valda rekstrarerfiðleikum eða afbrigðilegum vandkvæðum er fyrir að fara. Ákvæði þetta er hliðstætt því sem nú er í gildandi lögum.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Mikilvægt er að sá kostur sé valinn við upphitun húsnæðis, sem hagkvæmastur er þjóðhagslega. Því er í þessari grein svo fyrir mælt, að enginn eigi rétt á olíustyrk sem hefur möguleika á upphitun frá hitaveitu eða rafveitu. Gildir þetta hvort sem hitaveitan hefur jarðvarma eða annan orkugjafa.

Um 9. gr.

Hér er gert ráð fyrir að með mál þau, sem lög þessi fjalla um, fari iðnaðarráðherra. Þetta er breyting frá því sem verið hefur, því að viðskiptaráðuneytið hefur með olíustyrkina að gera samkvæmt gildandi lögum. Þykir þetta eðlileg breyting þar sem hér er um að ræða orkumál og þau mál heyra undir iðnaðarráðherra.

Í grein þessari er iðnaðarráðherra falið að semja reglugerð um framkvæmd laganna. Sérstök áhersla er lögð á að öll framkvæmd þessara mála verði sem einföldust og þess sé gætt, að komið sé í veg fyrir misnotkun á niðurgreiðslunni.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein falla úr gildi lög nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nema III. kafli um orkusparnað. Er því gert ráð fyrir að áfram haldi aðgerðir af hálfu opinberra aðila til að stuðla að orkusparnaði og hagkvæmri orkunýtingu í húshitun.

Fylgiskjal.

Áætlun um kostnað vegna frumvarps til laga um jöfnun hitunarkostnaðar.

Að ósk yðar hef ég gert áætlun um kostnað sem myndi leiða af framkvæmd frumvarps til laga um jöfnun hitunarkostnaðar. Stuðst er við skýrslu um hitunarkostnað sem Fjarhitun hf. gerði í janúar 1982 og kostnaður færður til verðlags á olíu, rafmagni og heitu vatni eins og hann er í febrúar s. l. Yfirlit yfir kostnað fer hér á eftir með tilvísun til viðkomandi greina í frumvarpinu.

2. gr.

Verð olíu skal greitt niður sem nægir til að olíukostnaður við kyndingu húsa verði eigi hærri en sem nemur 2.5-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins, sem hafa jarðvarma að orkugjafa.

Vegið meðalverð hjá hitaveitum landsins (sbr. bls. 6 í fyrrnefndri skýrslu) er 22.7% af óniðurgreiddu olíuverði eða 13.1 aurar/kWh (sjá töflu I).

Hæsta verð skv. frv.: 13.1 × 2.5	=	32.8 au/kWh	(56.7%)
Olíuverð (óniðurgreitt)	=	57.9 „	(100 %)
Niðurgreiðsla á olíuverði skv. frv.	=	25.1 „	(43.3%)
		eða 251 þkr/GWh	

Olíunotkun fyrir hitun íbúða, stofnana og atvinnurekstrarhúsnæðis: 328 GWh/ár

Niðurgreiðslur 328 (GWh/ár) × 251 (þkr/GWh) = 82 mkr./ár (sjá töflu II)

Ef verð ódýrra veitna yrði hækkað um 30%, þá yrði meðalverð allra hitaveitna 26.0% af olíukostnaði eða 15.05 au/kWh (vegið meðalverð).

Hæsta verð = 15.05 × 2.5	=	37.6 au/kWh	(65%)
Niðurgreiðsla á olíuverði skv. frv. (57.9 − 37.6)	=	20.3 „	(35%)
		eða 203 þkr/GWh	

Niðurgreiðslur: 328 (GWh/ár) × 203 (þkr/GWh) = 67 mkr./ár.

3. gr.

Verð olíu, sem hitaveitur nota sem orkugjafa (I) og rafveitur nota til framleiðslu rafmagns (II) til upphitunar húsa, skal greitt niður ..... og nema þeirri fjárhæð að hitunarkostnaður verði sambærilegur og gert er ráð fyrir í 2. gr.

I. Hitaveitur (jarðvarma) og R/O-hitaveitur.

Nokkrar hitaveitur eru með toppkyndistöðvar sem notaðar eru þegar kaldast er í veðri, þ. á m. Hitaveita Siglufjarðar, Egilsstaða, Akureyrar, Vestmannaeyja og Reykjavíkur.

Svartolíunotkun þessara kyndistöðva er í ár 1982 áætluð um 3000 tonn.

Auk þess reka Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða R/O-kyndistöðvar á Höfn Hornafirði, Seyðisfirði, Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði. Ef gert er ráð fyrir að um 20% orkuframleiðslu þessara kyndistöðva komi frá svartolíu, þá yrði svartolíunotkun um 1200 tonn á ári.

Í þessari áætlun er miðað við hliðstæðar greiðslur og rafveitur fá nú vegna olíukeyrslu (til húshitunar), sem var 1981 15 aurar/l svartolíu eða um 8% af verði svartolíu.

Vegna þeirrar hlutfallslegu aukningar á niðurgreiðslum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er hér reiknað með að niðurgreiðsla nemi um 10% af verði svartolíu eða 25 au/l svartolíu.

I. Hitaveitur (jarðvarmi)	0.8	mkr./ár
R/O-hitaveitur	0.3	„
	1.1	mkr./ár

II. Rafveitur.

Olíunotkun rafveitna til framleiðslu rafmagns til húshitunar fer eftir árferði og getur orðið mikil ef orkuskortur er í landinu, eins og var veturinn 1981, en þá var olíunotkun rafveitna vegna rafhitunar húsa talin vera um 10 millj. l, þar af 7 millj. l á fyrri hluta árs. Við tengingu Hornafjarðar við byggðalínu mun þessi olíunotkun minnka eitthvað.

Áætlað magn:	5 millj. l svartolíu/ár.
Niðurgreiðsla:	10% af svartolíuverði eða 1.2 mkr./ár.

3. gr. I + II: 1.1 + 1.2 = **2.3 mkr./ár.**

4. gr.

Verð á raforku til húshitunar skal greitt niður eftir því sem með þarf til þess að hitunarkostnaður verði 10% lægri en kostnaður við kyndingu með niðurgreiddri olíu. Raforka þessi skal greidd niður, hvort hún er heldur seld til beinnar upphitunar (I) eða sem orkugjafi hitaveitna (II).

Verðið á raforkunni til neytenda yrði samkvæmt þessu ekki hærra en 90% af hæsta leyfilegu verði skv. 2. gr.: 32.8 × 0.9 = 29.5 au/kWh.

Niðurgreiðslur:

I. Rafhitun (sjá töflu II).

Meðaldýr rafhitun (33.2 au/kWh)	57 (GWh/ár × 27 (þkr/GWh)	=	1.5 mkr./ár	(322 − 295 = 27)
Dýr rafhitun ..... (37.7 au/kWh)	344 (GWh/ár × 82 (þkr/GWh)	=	28.2 „	(377 − 295 = 82)
I. samtals			29.7 mkr./ár	

II. R/O-hitaveitur.

Niðurgreiðsla á raforku, sem er 80% af orkunotkun eða

25 × 0.8 = 20 (GWh/ár) × 82 (þkr/GWh) = 1.6 mkr./ár

Samtals I + II	31.3	mkr./ár
eða	31	mkr./ár

Ef verð hjá ódýrum hitaveitum yrði hækkað um 30% mundi þessi niðurgreiðsla lækka í **14 mkr./ár.**

Yfirlit yfir niðurgreiðslur:	Ódýrar hitaveitur með óbreytt verð	Ódýrar hitaveitur hækki um 30%
2. gr.	82 mkr./ár	67 mkr./ár
3. gr.	2 mkr./ár	2 mkr./ár
4. gr.	31 mkr./ár	14 mkr./ár
	115 mkr./ár	83 mkr./ár

Reykjavík, 2. apríl 1982.

F. h. Fjarhitunar hf.
Gylfi Ísaksson.

Áætlun um kostnað ef heimildarákvæði í 6. gr. verður notað.

6. gr.

Til að tryggja að jarðvarmi sé samkeppnishæfur við olíukyndingu er heimilt að veita jarðvarmaveitum framlag til að jafna þann mun, sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

Hæsta verð = 13.1 × 2.5 = 32.8 au/kWh eða 56.7% af olíuverði.

Þær hitaveitur, sem eru með hærra verð, fengju styrki sem samsvarar mismun á verði um 5 mkr./ár.

(T. d. Hitaveita Suðureyrar, Siglufjarðar, Egilsstaða o. fl.).

(Ef miðað yrði við að styrkurinn næði því marki, að verðið hjá hitaveitunum yrði ekki hærra en 90% af niðurgreiddri olíukyndingu (eða 51% af olíuverði) yrði styrkurinn um 20 mkr./ár).

Ef verð hjá ódýrum hitaveitum yrði hækkað um 30% mundi styrkur lækka í 1 mkr./ár (í 2 mkr. miðað við 90% af niðurgreiddri olíukyndingu).

Reykjavík, 2. apríl 1982.

F. h. Fjarhitunar hf.
Gylfi Ísaksson.

TAFLA I:

Útreikningur á vegnu meðaltali orkuverðs 27 hitaveitna í desember 1981 (og febrúar 1982, sjá neðst).

	Stofnár	Húsrými þús. m³	Íbúa-fjöldi	Hitunar-kostnaður % af olíuverði* (des. '81)
Hitaveita Reykjavíkur	1930	24 000	113 700	14.1%
Hitaveita Seltjarnarness	1972	540	3 000	17.3%
Hitaveita Mosfellshrepps	1943	440	2 800	14.8%
Hitaveita Reykhóla	1974	(10)	90	4.7%
Hitaveita Hvammstanga	1973	125	590	28.5%
Hitaveita Sauðárkróks	1953	440	2 180	20.8%
Hitaveita Ólafsfjarðar	1944	165	1 120	26.4%
Hitaveita Dalvíkur	1969	230	1 250	20.6%
Hitaveita Húsavíkur	1970	440	2 420	18.6%
Hitaveita Reykjahlíðar	1969	50	280	20.3%
Hitaveita Selfoss	1948	600	3 250	18.0%
Hitaveita Hveragerðis	1952	270	1 250	16.2%
Hitaveita Laugaráss	1964	12	90	21.9%
Hitaveita Flúða	1967	60	150	19.2%
Hitaveita Brautarholti	1979	(10)	30	4.1%
Hitaveita Suðurnesja (án flugvallar)	1975	1 900	11 510	43.0%
Hitaveita Hríseyjar	1973	43	290	41.3%
Hitaveita Bessastaðahrepps	1980	55	400	60.3%
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	1980	1 250	6 500	58.3%
Hitaveita Suðureyrar	1977	70	450	79.4%
Hitaveita Blönduóss	1977	200	900	57.7%
Hitaveita Siglufjarðar	1975	225	1 700	59.4%
Hitaveita Akureyrar	1977	2 400	11 500	59.4%
Hitaveita Egilsstaða og Fella	1979	155	700	82.0%
Hitaveita Vestmannaeyja	1976	760	3 800	55.7%
Hitaveita Þorlákshafnar	1979	110	800	58.7%
Hitaveita Eyra	1981	140	900	67.9%
27 hitaveitur alls		34 700	171 650	23.2%

*(Án rafmagns- og viðhaldskostnaðar á kynditækjum).

Olíukynding des. 1981	49.15	au/kWh	(100 %)
Vegið meðalverð 27 hitaveitna (des. 1981)	11.42	„	(23.2%)
Olíukynding febr. 1982	57.87	„	(100 %)
Vegið meðalverð 27 hitaveitna (des. 1981)	13.13	„	(22.7%)

TAFLA II:

Yfirlit yfir helstu orkugjafa og orkuverð í desember 1981.

	Íbúafjöldi þús.	Húsrými þús. m³ 1981—1982	Orkusala GWh/ár	Orkuverð au/kWh (des. 1981)	% af olíuverði	Orkusala mkr/ár
				[5]		
1. 27 hitaveitur	172	34 700	2 845	11.42	23.2%	325.3
2. Ódýr rafhitun	(6)	1 000	82	18.68	38.0%	15.3
3. Meðaldýr rafhitun	(4)	700	57	27.03	55.0%	15.4
4. Rarik, O.V. og R/O-veitur	(26)	4 500	369	31.65	64.4%[2]	116.8
5. Olía — olíustyrkur (4 íb.) .	(21)	(2 600)*	213	32.07	65.3%	68.3[1]
6. Olía (atvinnurekstur)		(1 400)	115	49.15	100.0%[3]	56.5
	229	44 900[4]	3 689			597.6

* Olíustyrkir fyrir íbúðir og skóla.

[1]) Eftir hækkun olíustyrks í desember 1981.

[2]) 32 800 kWh/400 m³ hús á ári.

[3]) Olíukyndingarkostnaður miðað við 5 200 l/400 m³ hús á ári. Rafmagns- og viðhaldskostnaður á kynditækjum er ekki meðtalinn.

[4]) Byggt á skýrslu Orkuspárnefndar: Húshitunarspá 1980—2000.

[5]) Orkuverð hækkaði í febrúar 1982:

1. 11.42 + 15% = 13.1 au/kWh (22.7%)
2. 18.68 + 19% = 22.2 au/kWh (38.4%)
3. 27.03 + 19% = 32.2 au/kWh (55.6%)
4. 31.65 + 19% = 37.7 au/kWh (65.1%)
5. 32.07 ⟶ 40.8 au/kWh (70.5%) (ef olíustyrkur óbreyttur)
6. 49.15 + 17.7% = 57.9 au/kWh (100 %)

Ed. 620. Frumvarp til laga [287. mál]

um verðtryggðan skyldusparnað á árinu 1982 vegna Byggingarsjóðs ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Allir menn og lögaðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, skulu, með þeim takmörkunum er greinir í a-lið 2. gr., leggja til hliðar fé á árinu 1982 til varðveislu í ríkissjóði. Skylda til sparnaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga nær þó ekki til þeirra manna sem náð hafa 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1982.

Ríkissjóður skal endurlána Byggingarsjóði ríkisins innheimtan skyldusparnað samkvæmt þessum lögum með sömu kjörum og hann sætir sjálfur, sbr. 5. og 6. gr.

2. gr.

Fjárhæð skyldusparnaðar reiknast af tekjuskattsstofni tekjuársins 1981 eins og hann ákveðst samkvæmt lögum nr. 75/1981 eftir svofelldum reglum:

a. Skyldusparnað manna skal reikna þannig að á tekjuskattsstofn umfram 90 000 kr. skal leggja á 6% skyldusparnað, en af lægri tekjuskattsstofni reiknast enginn skyldusparnaður. Veittur skal skyldusparnaðarafsláttur er nemur 2 700 kr. hjá hverjum manni, þannig að skyldusparnaður til greiðslu kemur aldrei til af 135 000 kr. tekjuskattsstofni manns eða lægri.

Auk skyldusparnaðarafsláttar samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðar skal veita 600 kr. skyldusparnaðarafslátt fyrir hvert barn sem er á framfæri manns. Þegar um fleiri en þrjú börn er að ræða á framfæri manns skal að auki veita 600 kr. skyldusparnaðarafslátt fyrir hvert barn umfram þrjú. Framfærandi telst sá maður sem hefur

barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981 teljast bæði framfærendur og skiptist þessi skyldusparnaðarafsláttur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Ónýttur skyldusparnaðarafsláttur fellur niður nema um sé að ræða ónýttan skyldusparnaðarafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. laga nr. 75/1981 og skal þá þessi hluti óráðstafað skyldusparnaðarafsláttar makans dragast frá reiknuðum skyldusparnaði hins makans. Það sem þá kann að verða ónýtt af skyldusparnaðarafslætti fellur niður.

Sé maki skyldusparnaðargreiðanda orðinn 67 ára eða eldri fyrir 1. janúar 1982 skal, þrátt fyrir ákvæði 1. gr., reikna honum skyldusparnaðarafslátt samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessa stafliðar er komi að fullu til lækkunar á reiknuðum skyldusparnaði hins makans. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981.

b. Skyldusparnaður lögaðila skal ávallt nema 6% af tekjuskattsstofni.

Skyldusparnaður reiknast í heilum tugum króna og skal lægri fjárhæð sleppt.

3. gr.

Skattstjórar annast útreikning skyldusparnaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga og fer að öðru leyti um ákvörðun hans eftir ákvæðum IX, X, XI og XII kafla laga nr. 75/1981 eftir því sem við á.

4. gr.

Skyldusparnað skal greiða til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Um innheimtu hans gilda ákvæði XIII kafla laga nr. 75/1981. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

5. gr.

Skyldusparnaður skal lagður inn á sérstakan reikning hjá ríkissjóði á nafni þess er sparar.

Hið sparaða fé skal bundið á reikningum til 1. febrúar 1986 með 1% vöxtum og verðtryggingu skv. 6. gr. Standi inneign á reikningi fram yfir 1. febrúar 1986 greiðir ríkissjóður jafnháa ársvexti af henni og greiddir eru af almennum sparisjóðsbókum hverju sinni. Hafi inneign eigi verið tekin út í síðasta lagi 31. janúar 1996 fellur hún til ríkissjóðs finnist eigi að henni réttur eigandi.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneignir á reikningum þeim sem hér um ræðir.

6. gr.

Hinn 30. janúar 1986 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á lánskjaravísitölu frá 1. nóvember 1982 til 1. janúar 1986. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1983 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

7. gr.

Skyldusparnaður samkvæmt þessum lögum er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en inneignir, svo og verðbætur af þeim, skulu hlíta sömu reglum um framtalsskyldu og skattlagningu og sparifé, sbr. nú ákvæði laga nr. 75/1981.

8. gr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð tilhögun alls reikningshalds, svo og önnur þau atriði er varða framkvæmd skyldusparnaðar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Með frumvarpi þessu er lagt til að á árinu 1982 verði innheimtur sérstakur verðtryggður skyldusparnaður vegna Byggingarsjóðs ríkisins. Ástæður fyrir flutningi frumvarpsins er m. a. að á þessu ári er gert ráð fyrir að hækkuð verði lán til þeirra sem eru að eignast íbúð í fyrsta sinn og að tekjur Byggingarsjóðs ríkisins af skyldusparnaði ungmenna hafa farið lækkandi undanfarin ár af ýmsum ástæðum, sem ekki verða sérstaklega tilgreindar hér. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins aukist um sem næst 35 m.kr. á þessu ári vegna hins sérstaka verðtryggða skyldusparnaðar. Að öðru leyti vísast til athugasemda með einstökum greinum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarp þetta mælir fyrir um að þeir sem tekjuskattsskyldir eru vegna tekjuársins 1981 skuli leggja fé til hliðar á árinu 1982 til varðveislu í ríkissjóði. Undanþegin eru þó börn innan 16 ára aldurs og menn sem náð hafa 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1982.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar skal ríkissjóður endurlána Byggingarsjóði ríkisins innheimtan sparnað samkvæmt lögunum. Lánskjör skulu vera þau sömu og hann sætir sjálfur, sbr. 5. og 6. gr., þ. e. a. s. lánið skal endurgreiðast 1. janúar 1986 og vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu og bera 1% vexti.

Um 2. gr.

Meginreglan varðandi einstaklinga er sú að skyldusparnaðarupphæð sé 6% af tekjuskattsstofni yfir 135 000 kr. Vegna sérsköttunar hjóna er þó talin þörf ítarlegri ákvæða. Væru þau ákvæði ekki fyrir hendi myndu hjón, þar sem aðeins annað þeirra aflar tekna verða sparnaðarskylt á sama hátt og einstaklingur, þ. e. a. s. þegar við 135 000 kr. markið. Á hinn bóginn myndi hjónum, sem eru með jafnháan tekjuskattsstofn, fyrst vera gert skylt að spara þegar samanlagður tekjuskattsstofn þeirra nær 270 000 kr. Til þess að leiðrétta þennan óeðlilega mun er farin hliðstæð leið og við álagningu tekjuskatts, þ. e. a. s. að lækka ofangreint sparnaðarmark formlega úr 135 000 kr. í 90 000 kr. en veita síðan afslátt frá reiknuðum skyldusparnaði að fjárhæð 2 700 kr. eða sem nemur 6% af 45 000 kr. (þ. e. 135 000 kr. — 90 000 kr.). Gagnvart einhleypingum breytir þessi formlega meðhöndlun engu, en þar sem umræddan afslátt skal millifæra milli hjóna eftir þörfum hækkar skyldusparnaðarmark annars hvors hjónanna um allt að 45 000 kr. miðað við að hitt hjóna hafi ekki haft tekjuskattsstofn yfir 90 000 kr. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar verður skyldusparnaðarmark af samanlögðum tekjuskattsstofni barnlausra hjóna á bilinu 180 000 kr. til 270 000 kr. Hvar skyldusparnaðarmark hjóna er á þessu bili er háð tekjuskiptingunni milli þeirra.

Þá er skyldusparnaðarmark hækkað vegna framfærslu barna og nemur sú hækkun 10 000 kr. í tekjuskattsstofni fyrir hvert barn (þ. e. 6% af 10 000 kr. = 600 kr. = afsláttur vegna hvers barns). Afsláttur þessi tvöfaldast fyrir hvert barn umfram þrjú. Þar sem þessi

ívilnun er einnig í formi afsláttar kemur hún hjónum að fullu til góða óháð tekjuskiptingu þeirra.

Að lokum eru í a-lið þessarar greinar ákvæði til ívilnunar þeim framteljendum sem eiga maka sem orðinn er 67 ára eða eldri fyrir 1. janúar 1982. Er þeim tryggð hlutdeild í skyldusparnaðarafslætti makans enda þótt hann sé undanþeginn ákvæðum um skyldusparnað.

Áætlað er að skyldusparnaður verði lagður á um 5% framteljenda (annarra en lögaðila) samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa og að heildarupphæð álagðs skyldusparnaðar þeirra nemi um 30 milljónum króna. Álagður skyldusparnaður á lögaðila er talinn geta numið 10 milljónum króna. Af fjárhæðum þessum er gert ráð fyrir að í ríkissjóð innheimtist 35 milljónir króna á árinu 1982.

Um 3. og 4. gr.

Samkvæmt þessum greinum er lagt til að skattstjórar reikni út skyldusparnað um leið og tekjuskatt og um hann gildi sömu reglur og um álagningu og innheimtu tekjuskatts. Ákvæði þessi eru hliðstæð ákvæðum laga nr. 77/1977 og laga nr. 3/1978 um þetta efni.

Um 5. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að myndaðir verði sérstakir reikningar hjá ríkisféhirði á nafni hvers eiganda skyldusparnaðar. Er þessi leið talin mun einfaldari og ódýrari auk þess sem hún er tryggari fyrir þá sem spara.

Skyldusparnaður verður bundinn á reikningi til 1. febrúar 1986 með 1% vöxtum en verðtryggingu sbr. 6. gr. Eftir það tímamark er unnt að leysa út inneign á reikningum hvenær sem er. Jafnframt breytast innlánskjör frá þessu tímamarki, þ. e. a. s. verðtrygging fellur niður en þess í stað greiðir ríkissjóður almenna sparisjóðsvexti.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um verðtryggingu skyldusparnaðar. Er lagt til að hann verði verðtryggður miðað við lánskjaravísitölu frá 1. nóvember 1982 til 1. janúar 1986.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að skyldusparnaður hljóti sömu skattameðferð og sparifé hverju sinni.

Um 8. og 9. gr.

Greinar þessar þarfnast eigi skýringa.

DÆMI I

Einstaklingur með 1 barn

Bruttótekjur	175 000
10% frádráttur	− 17 500
	157 500
Skyldusparnaðarmörk	− 90 000
Skyldusparnaðarstofn	67 500
Skyldusparnaður, 67 500 × 6%	4 050
2 700 kr. skyldusparnaðarafsláttur vegna einstaklings	− 2 700
	1 350
600 kr. skyldusparnaðarafsláttur vegna barns	− 600
Skyldusparnaður	750

(eða:
tekjuskattsstofn ... 157 500
skyldusparnaðarmörk ... 135 000
skyldusparnaðarstofn ... 22 500
afsláttur frá skattstofni vegna barns ... 10 000
skyldusparnaðarstofn ... 12 500 × 6% = 750 kr.)

DÆMI II

Hjón með 1 barn

Tekjulægri maki:

Heildartekjur	87 500
10% frádráttur	− 8 750
Tekjuskattsstofn	78 750
Skyldusparnaðarmörk	− 90 000
Skyldusparnaðarstofn	0

Skyldusparnaður er 0 en ónýttur skyldusparnaðarafsláttur, 3 000 kr. (þ. e. 2 700 + 600 : 2), flyst yfir til tekjuhærri maka.

Tekjuhærri maki:

Heildartekjur	175 000
10% frádráttur	− 17 500
Tekjuskattsstofn	157 500
Skyldusparnaðarmörk	− 90 000
Skyldusparnaðarstofn	67 500
Skyldusparnaður, 67 500 × 6%	4 050
2 700 kr. skyldusparnaðarafsláttur vegna einstaklings	− 2 700
	1 350
300 kr. skyldusparnaðarafsláttur vegna barns	− 300
Álagður skyldusparnaður	1 050
Ónýttur skyldusparnaðarafsláttur maka	− 3 000
Skyldusparnaður	0

Ónýttur skyldusparnaðarafsláttur, 1 950 kr., fellur síðan niður.

DÆMI III

Hjón með 2 börn

Tekjulægri maki:	
Tekjuskattsstofn	200 000
Skyldusparnaðarmörk	– 90 000
Skyldusparnaðarstofn	110 000
Skyldusparnaður, 10 000 × 6%	600
2 700 kr. afsláttur vegna einstaklings	– 2 700
	– 2 100
600 kr. afsláttur vegna tveggja barna (2 × 300)	– 600
Ónýttur skyldusparnaður, flyst yfir til maka	– 2 700
Tekjuhærri maki:	
Tekjuskattsstofn	200 000
Skyldusparnaðarmörk	– 90 000
Skyldsparnaðarstofn	110 000
Skyldusparnaður, 110 000 × 6%	6 600
2 700 kr. skyldusparnaðarafsláttur vegna einstaklings	– 2 700
	3 900
600 kr. afsláttur vegna barna	– 600
	3 300
Ónýttur skylduparnaður hins maka	– 2 700
Skyldusparnaður	600

DÆMI IV

Hjón með 1 barn

Annað hjóna:		
Heildartekjur	156 000	
10% frádráttur	– 15 600	
Tekjuskattsstofn	140 400	
Skyldusparnaðarmörk	– 90 000	
Skyldusparnaðarstofn	50 400	
Skyldusparnaður, 50 400 × 6%	3 024	
2 700 kr. afsláttur vegna einstaklings	– 2 700	
300 kr. afsláttur vegna barns	– 300	
Álagður skyldusparnaður	24	sem verður 20 kr., sbr. 2. mgr. 2. gr.
Hitt hjóna:		
Heildartekjur	156 000	
10% frádráttur	– 15 600	
Tekjuskattsstofn	140 400	
Skyldusparnaðarmörk	– 90 000	
Skyldusparnaðarstofn	50 400	
Skyldusparnaður, 50 400 × 6%	3 024	
2 700 kr. afsláttur vegna einstaklings	– 2 700	
300 kr. afsláttur vegna barns	– 300	
Álagður skyldusparnaður	24	sem verður 20 kr., sbr. 2. mgr. 2. gr.

DÆMI V
Hjón með 1 barn

Tekjulægri maki:	
Heildartekjur	0
Tekjuskattsstofn	0
Skyldusparnaðarmörk	90 000
Skyldusparnaðarstofn	0

Skyldusparnaður er 0 en ónýttur skyldusparnaðarafsláttur, 3 000 kr. (þ. e. 2 700 + 600 : 2), flyst yfir til tekjuhærri maka.

Tekjuhærri maki:	
Heildartekjur	300 000
10% frádráttur	− 30 000
Tekjuskattsstofn	270 000
Skyldusparnaðarmörk	− 90 000
Skyldusparnaðarstofn	180 000
Skyldusparnaður, 180 000 × 6%	10 800
2 700 kr. afsláttur vegna einstaklings	− 2 700
	8 100
300 kr. afsláttur vegna barns	− 300
Álagður skyldusparnaður	7 800
Ónýttur skyldusparnaðarafsláttur maka	− 3 000
Skyldusparnaður	4 800

Væri hvort þeirra um sig með 150 000 kr. í tekjuskattsstofn yrði ekki um álagningu skyldusparnaðar að ræða.

Nd. 621. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Albert Guðmundsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Matthías Á. Mathiesen.	Sighvatur Björgvinsson.	Guðrún Hallgrímsdóttir.

Nd. 622. Framhaldsnefndarálit [43. mál]

um frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til breytingu við 2. gr. frv., 3. málsgr., sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. apríl 1982.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Friðrik Sophusson, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Guðrún Hallgrímsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Steinþór Gestsson.
	Jóhann Einvarðsson.	

Nd. 623. Breytingartillaga [43. mál]

við frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

Við 2. gr. 3. mgr. orðist svo:

Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðherra brunamálastjóra. Skal hann vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa sérþekkingu á brunamálum.

Nd. 624. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar og sent það til umsagnar. Umsögn barst frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem lagðist ekki gegn frumvarpinu.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1982.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Friðrik Sophusson, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Guðrún Hallgrímsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Steinþór Gestsson.
	Jóhann Einvarðsson.	

Nd. 625. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. des. 1952.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið hagstofustjóra, Klemens Tryggvason, til viðræðna um efni þess.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingartillögu, sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. apríl 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Vilmundur Gylfason.	Friðrik Sophusson.	Eggert Haukdal.
	Garðar Sigurðsson.	

Nd. 626. Breytingartillaga [166. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. des. 1952.

Frá allsherjarnefnd.

Við 4. gr. Orðin „sem búsett eru hér á landi“ í 1. málsgr. verði: sem eiga lögheimili hér á landi.

Nd. 627. Frumvarp til laga [288. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Friðrik Sophusson, Steinþór Gestsson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn innlendrar matjurtaframleiðslu og setur reglur um mat og gæðaflokkun matjurta. Það getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast sölumál framleiðslu innlendra matjurta. Í því starfi skal það stuðla að því, að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að bestu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra.

2. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að takmarka eða banna innflutning á garðávöxtum og matjurtum, sem ræktaðar eru í gróðurhúsum hérlendis, þann tíma sem innlend framleiðsla er fáanleg í landinu. Á öðrum tíma er innflutningur heimill að fengnu leyfi sem ríkisstjórnin gefur út.

3. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráði er skylt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og aðra heildsöluaðila, enda fullnægi þeir ákvæðum þessarar greinar svo og ákvæðum 32. gr.

Varðandi innflutning og sölu matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

4. gr.

Fyrsti málsliður 38. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði numin úr lögum. Ekki er gerð önnur breyting á starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Lagt er til að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1983, þannig að Grænmetisverslun landbúnaðarins, núverandi framleiðendur og hugsanlegir nýir heildsöludreifendur fái nokkurn aðlögunartíma þar til lögin taka gildi.

Ákvæði þessa frumvarps um afnám einokunar í verslun með grænmeti eiga að vera til bóta fyrir neytendur, þá framleiðendur, sem framleiða 1. flokks kartöflur, og hugsanlega aðra heildsöludreifendur. Á Grænmetisverslun landbúnaðarins að geta starfað áfram þótt sérréttindi fyrirtækisins séu afnumin, en nú er álitamál hvort gildandi löggjöf brýtur ekki í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps er fyrst og fremst sá að stuðla að aukinni neyslu og jafnara framboði matjurta og gróðurhúsaframleiðslu allt árið um kring um leið og markaðsaðilar eru örvaðir með meira frjálsræði til að þjóna neytendum sem best á þessu sviði.

Í flestum nágrannalöndum okkar er neysla á grænmeti mun meiri en hérlendis, og ástæða er til að ætla að auka mætti neysluna hérlendis verulega frá því sem nú er. Er aukið frelsi til innflutnings og dreifingar líklegasta leiðin til að ná þessum markmiðum fram.

Sumir óttast að aukinn innflutningur og fjölbreyttara framboð þessara vörutegunda muni bitna á innlendu framleiðslunni þannig að framleiðsla minnki innanlands. Hér er einmitt því gagnstæða haldið fram í ljósi reynslu annarra þjóða um mikla neyslu á þessum vörutegundum. Til að eyða ótta þeirra, sem slíkt halda, er ríkisstjórninni veitt heimild til takmörkunar á innflutningi garðávaxta og matjurta, sem keppa mundu við innlendu framleiðsluna, á þeim tíma þegar innlend framleiðsla er nægjanleg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er heildsöludreifing á garðávöxtum svo og matjurtum, framleiddum í gróðurhúsum, gefin frjáls, þannig að nýir heildsöludreifendur geti starfað við hlið núverandi dreifingaraðila. Jafnframt er umsjón með þessum kafla framleiðsluráðslaganna færð í hendur landbúnaðarráðuneytisins til samræmis við 39. gr. laganna, enda er sú skipan eðlilegri vegna þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Landbúnaðarráðuneytið getur þó að sjálfsögðu engu að síður falið framleiðsluráði að framkvæma settar reglur og annast það eftirlit sem henta þykir.

Um 2. gr.

Með þessari breytingu fellur niður einkaréttur ríkisstjórnarinnar til innflutnings á kartöflum og grænmeti. Í stað þess er lagt til, að ríkisstjórnin hafi heimild til að takmarka innflutning þegar innlend framleiðsla er á boðstólum. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að setja reglur um innflutning þegar innlend framleiðsla er ekki fáanleg.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um skilyrði þau, sem söluaðilar þurfa að fullnægja til að annast heildsöludreifingu á gróðurhúsaframleiðslu. Rétt þykir að taka sérstaklega fram, að Sölufélag garðyrkjumanna starfi áfram með sama hætti, þótt öðrum aðilum verði ekki lengur bannað að stunda sömu viðskipti fullnægi þeir sömu skilyrðum.

Um 4. gr.

Felld er niður heimild til framleiðsluráðs til að skipta landinu í sölusvæði. Fylgir sú niðurfelling eðlilega þeirri breytingu, sem gerð er á verslun með þessar vörur.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki frekari skýringa.

Nd. 628. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til athugunar og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 15. apríl 1982.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Friðrik Sophusson, fundaskr.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Guðrún Hallgrímsdóttir.	Eggert Haukdal.	Jóhann Einvarðsson.
	Steinþór Gestsson.	

Sþ. 629. Tillaga til þingsályktunar [289. mál]

um skipun nefndar vegna söluerfiðleika búvara.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að skipuð skuli nefnd til að gera tillögu um, með hvaða hætti beri að bregðast við þeim vanda, sem íslenskur landbúnaður stendur nú frammi fyrir vegna söluerfiðleika hefðbundinna búvara á erlendum mörkuðum.

Hver þingflokkanna um sig tilnefnir einn mann í nefndina, en landbúnaðarráðherra skipar formann án tilnefningar.

Nefndin skili áliti fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis.

Greinargerð.

Íslenskur landbúnaður stendur nú frammi fyrir meiri óvissu varðandi útflutning hefðbundinna búvara en verið hefur um langt skeið.

Því veldur m. a. að útflutningsverð fer stöðugt lækkandi miðað við framleiðslukostnað innanlands og að sá markaður fyrir kindakjöt, sem hvað hagkvæmastur hefur verið, þ. e. norski markaðurinn, hefur dregist verulega saman.

Af þessu leiðir m. a. að vaxandi líkur eru á að lögbundnar heimildir til að verðbæta útfluttar búvörur muni ekki nægja til að tryggja bændum fullt verð fyrir framleiðslu sína, þrátt fyrir að búvöruframleiðslan hefur á undanförnum árum dregist saman.

Þau viðhorf, sem nú blasa við, eru að því leyti alvarlegri en verið hefur, að útflutningsvandinn er nú að stærstum hluta tengdur sauðfjárbúskap, en sú grein landbúnaðarins leggur, svo sem kunnugt er, grundvöll að þeim sveitabyggðum sem ekki nærast af hinum daglegu viðskiptum við þéttbýlið. Hér er því vandamál sem getur haft meiri áhrif til röskunar byggðar í landinu en áður hefur þekkst. Þess vegna er lögð áhersla á skjót viðbrögð.

Í þeim efnum er vert að hafa sérstaklega í huga:

1. Lækkun framleiðslukostnaðar búvara.
2. Skipulagningu framleiðslunnar með tilliti til að byggð haldist í svipuðu horfi og nú er.
3. Skipulegt átak í markaðsmálum.

Í greinargerð fyrir tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í landbúnaði, 32. mál, er gerð nákvæm grein fyrir hinum margvíslegu viðhorfum í landbúnaði um þessar mundir, og má þar finna frekari upplýsingar.

Nd. 630. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Til fundar við nefndina komu fulltrúar frá Verslunarráði og Sambandi ísl. samvinnufélaga. Einnig kom verðlagsstjóri á fund nefndarinnar.

Á þskj. 631 flytur nefndin breytingartillögur og einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum, m. a. brtt. á þskj. 375.

Alþingi, 15. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Guðrún Hallgrímsdóttir.
Ingólfur Guðnason, fundaskr.
Matthías Bjarnason, með fyrirvara.
Albert Guðmundsson, með fyrirvara.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.
Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara.

Fylgiskjal I.

Samband íslenskra samvinnufélaga.

23. mars 1982.

Með vísun til óska fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis um skriflega umsögn Sambandsins á frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, skal staðfest eftirfarandi umsögn fyrir nefndinni í dag og fleira:

1. Sambandið álítur að frumvarpið hnígi í frjálsræðisátt og er samþykkt meginefni þess, sbr. 4. grein.
2. Sambandið telur niðurfellingu Samkeppnisnefndar óheppilega, enda hefur nefndin þegar staðfest gildi sitt með umfjöllun og úrlausn nokkurra mála, sem til hennar hefur verið vísað.
3. Sambandið mælir eindregið gegn skipun þriggja manna verkefnanefndar sem „undirbúningsaðila" mála fyrir Verðlagsráð, enda einsýnt að þessi nefnd rýrir sjálfstæða ákvörðunartöku ráðsins. Miklu frekar ætti að leggja Samkeppnisnefnd og Verðlagsráð niður, en setja í staðinn þriggja manna ráð, þar sem ráðherra skipar einn, en Hæstiréttur tvo óvilhalla kunnáttumenn um þessi verkefni. Einnig mætti huga að því, að Verðlagsstofnun verði veitt frjálsari aðstaða til afgreiðslu margvíslegra mála, sem ekki væru stefnumarkandi fyrir stjórnvöld.

Vænst er vinsamlegrar skoðunar á ofangreindum ábendingum.

Virðingarfyllst,

Kj. P. Kjartansson.

Fylgiskjal II.

Félag íslenskra stórkaupmanna.

23. febr. 1982.

Athugasemdir um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breytingu á þeim lögum.

Frumvarp þetta um verðlagsmál, sem lagt er fram í framhaldi af skýrslu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum frá því í síðasta mánuði, hefur það að markmiði, eins og segir í skýrslunni, að dregið verði úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu. Í þessu frumvarpi, sem nú er lagt fram, eru þær breytingar helstar, að breytt er ákvæðum 8. gr. laganna um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti frá því sem þeim var breytt árið 1979. Þær breytingar, sem nú er lagt til að gerðar verði, miða í þá átt, eins og segir, að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun. Mikið vantar þó á að tryggt verði að verðmyndun verði frjáls og að ákvæði 8. gr., eins og hún var upphaflega samþykkt í lögunum, nái fram að ganga.

Að sjálfsögðu er ánægjulegt þegar opinber afskipti eru minnkuð, en að mati Félags ísl. stórkaupmanna ganga þessar breytingar allt of skammt þó þær séu að sjálfsögðu skref fram á við, því að eins og F.Í.S. hefur oft bent á er frelsi í verðlagsmálum samfara virkri samkeppni og auknum upplýsingum til neytenda um verð og vörugæði það sem tryggir best hagkvæmt vöruverð og þar með hag neytenda.

Í framhaldi af þessu má geta um það, að nú hefur í nærri ár legið hjá Verðlagsstofnun skýrsla um verðlagningarmál innflutningsverslunarinnar sem sýnir ljóslega að það verðlagskerfi, sem í gildi hefur verið, er löngu orðið allsendis úrelt og alls ekki að neinu gagni í

verðlagsmálum, og auk þess verka þau sem hemill á alla hagræðingu og framþróun í verslun, þannig að við höfum dregist enn frekar aftur úr miðað við nágranna okkar.

Varðandi önnur ákvæði frumvarpsins er Félag ísl. stórkaupmanna eftir atvikum ekki á móti þeirri skipulagsbreytingu, að samkeppnisnefnd verði lögð niður og Verðlagsráð taki við verkefnum þess og að skipuð verði sérstök þriggja manna nefnd til að undirbúa þau mál sem lögð skulu vera fyrir Verðlagsnefndina.

Félag ísl. stórkaupmanna mótmælir viðbót við 45. gr. og 53. gr. varðandi ítarlegri ákvæði um verðútreikninga og telur, að núgildandi lög veiti Verðlagsstofnun nægjanlegt svigrúm og heimild til eðlilegs eftirlits með verðlagi, og leggur til að 5. gr. í frumvarpinu falli niður.

Virðingarfyllst,
Félag ísl. stórkaupmanna.
Jónas Þór Steinarsson.

Fylgiskjal III.

Verðlagsstofnun.

Reykjavík, 18. mars 1982.

Vísað er til bréfs nefndarinnar, dags. 11. mars s. l., þar sem óskað er umsagnar Verðlagsstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 56/1978, sbr. lög nr. 13/1979, og breytingartillögu á þskj. 375.

Fyrstu þrjár greinar frumvarpsins fjalla um breytingar á stjórnsýslu. Gert er ráð fyrir að samkeppnisnefnd verði lögð niður og verðlagsráð taki við verkefnum hennar. Að mati Verðlagsstofnunar hefur núverandi skipan mála, þ. e. ákvörðunarvald samkvæmt lögunum í höndum tveggja aðila, haft vissa erfiðleika í för með sér, enda hlýtur með slíku fyrirkomulagi ávallt að vera hætta á að verksvið skarist. Með frjálsara verðmyndunarkerfi, eins og stefnt er að með frumvarpinu, er fyrirsjáanlegt að þessir framkvæmdaerfiðleikar munu enn aukast. Verðlagsstofnun telur það því vera til bóta að fela einum aðila ákvörðunarvald samkvæmt lögunum og að það geti stuðlað að auðveldari framkvæmd þeirra. Að mati stofnunarinnar gegnir sama máli um svokallaða þriggja manna nefnd, hún mun geta hraðað undirbúningi mála og ákvörðunartökum hjá verðlagsráði.

Fjórða grein frumvarpsins felur í sér aðalbreytinguna á lögunum. Gert er ráð fyrir að bein verðlagsákvæði verði ekki lengur meginregla laganna, heldur mun framkvæmd þeirra í ríkara mæli byggja á verðgæslu og samkeppnishvetjandi aðgerðum. Samkvæmt frumvarpinu getur verðlagsráð fellt verðlagningu undan verðlagsákvæðum án staðfestingar ríkisstjórnar. Verðlagsstofnun telur að sú breyting á lögunum, sem 4. gr. frumvarpsins felur í sér, sé mjög jákvæð og geri verðlagsyfirvöldum kleift að vinna á sjálfstæðari og faglegri hátt en verið hefur um langt árabil. Stofnunin hefur ávallt verið þeirrar skoðunar, að það sé í verkahring Alþingis og ríkisstjórnar að marka stefnuna í verðlagsmálum á hverjum tíma, en hins vegar eigi verðlagsyfirvöld að hafa svigrúm innan ramma stefnunnar til þess að vinna á sem faglegastan hátt. Að mati stofnunarinnar er með 4. gr. frumvarpsins verið að stíga veigamikið skref í þessa átt. Verðlagsstofnun er jafnframt sammála þeirri stefnumörkun, sem fram kemur í frumvarpinu, að hin breytta skipan mála skuli gerast í áföngum. Telur stofnunin að margt mæli með því, að sá háttur verði á hafður, svo sem hin sjálfvirku tengsl verðlags og launa, hin mikla verðbólga hérlendis og það hve núverandi kerfi er rótgróið. Ekki verður farið nánar út í þessi atriði í þessari umsögn, en að mati Verðlagsstofnunar á 4. gr. frumvarpsins að tryggja að framkvæmdin eigi að geta orðið á þann veg að ekkert þurfi að fara úrskeiðis. Breytingartillögurnar við frumvarpið (þskj. 375) tryggja að mati stofnunarinnar ekki eins vel og frumvarpið, að stjórnvöld geti haft hönd í bagga með verðlagsþróun-

inni, og er stofnunin ótvírætt þeirrar skoðunar, að ef ná á sem bestum og varanlegastum árangri með hinu breytta kerfi verði það gert með því að halda frumvarpinu óbreyttu.

5., 6. og 7. gr. frumvarpsins skýra sig að mestu leyti sjálfar. Í stuttri umsögn sem þessari er ekki hægt að gera sjónarmiðum Verðlagsstofnunar til frumvarpsins fullnægjandi skil. Ef nefndin telur þörf á því að fá frekara álit stofnunarinnar á þessu máli mun það að sjálfsögðu góðfúslega veitt.

Georg Ólafsson.

Fylgiskjal IV.

Kaupmannasamtök Íslands.

Reykjavík, 31. mars 1982.

Með tilvísan til bréfs yðar, dags. 11. mars s. l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 56/1978, um verðlag og fleira, viljum við taka fram eftirfarandi:

Það er stefna Kaupmannasamtaka Íslands, að ákvarðanir um verðmyndun séu í höndum fyrirtækjanna sjálfra sé samkeppni nægileg, en þegar um er að ræða einokunar- eða markaðsráðandi fyrirtæki, þá sé verðmyndun í höndum opinberra aðila. Kaupmannasamtök Íslands telja þar af leiðandi eðlilegast að verðlagseftirlit sé í höndum viðskiptavina fyrirtækja og samtaka neytenda, sem njóta stuðnings opinbers eftirlits sé þess talin þörf.

Kaupmannasamtök Íslands taka skýrt fram að frjáls verðmyndun er skilyrðið fyrir virkri samkeppni og því ætti það að vera meginstefna hins opinbera að taka ákvarðanir í verðlagsmálum sem efla samkeppni sé það stefnan að stuðlað sé að frjálsri verðmyndun í landinu.

Um 1. og 2. gr.

K.Í. telja að með skipun svokallaðrar samkeppnisnefndar hafi verið stuðlað að því, að ákvarðanir í verðlagsmálum væru óháðari hagsmunaaðilum vinnumarkaðarins og því tryggara að þær væru hlutlausari gagnvart fyrirtækjum og neytendum.

Nú er hins vegar fallið frá þessari stefnu með skipun þriggja manna nefndar, sem skipuð er tveim fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og verðlagsstjóra í stað hlutlausra aðila, sem eru tilnefndir af hlutlausum aðilum.

Með þessu móti er hættara við því, að umræðan um verðlagsmál færist í sama horf og hún var meðan eldri lög um verðlagsmál giltu. Þó verður að telja að viðhorf samtaka launþega og reynsla þeirra af núverandi skipan mála hafi breyst í ljósi efnahagsþróunar síðustu ára.

Um 3. gr.

K.Í. telja að þessi breyting stuðli að einföldun í meðferð verðlagsmála og geti orðið til þess að flýta ákvörðunartöku, því einn mesti vandi við núverandi verðlagskerfi er það, hversu langan tíma tekur að fá afgreidd einföldustu mál. Það er mikill kostur við þessar breytingar, að Verðlagsráð hefur nú vald til þess að taka endanlegar ákvarðanir, en þarf ekki að leggja þær fyrir ríkisstjórn.

Bent skal á það ósamræmi í valdsviði verðlagsstjóra, sem felst í þessari breytingu laganna, þ. e. að hann fær nú atkvæðisrétt í þriggja manna nefnd um ákvarðanir, sem þarf síðar að leggja fyrir verðlagsráð, en þar hefur verðlagsstjóri aðeins málfrelsi og tillögurétt.

K.Í. telja þó heppilegra að þriðji maður í þriggja manna nefnd sé verðlagsstjóri heldur en formaður Verðlagsráðs, sem yfirleitt er málsvari ráðherra.

Um 4. gr.

Þetta ákvæði í lögum (þ. e. 8. grein) hefur verið umdeildasta ákvæði laganna.

K.Í. telja eðlilegt að ákvæði þessarar greinar verði orðuð skýrt og skilmerkilega svo ljóst sé hver sé höfuðreglan í verðmyndun.

Í upphaflegum ákvæðum laganna svo og með síðari breytingum er gert ráð fyrir því, að verðlagshöft séu meginreglan en frjáls verðmyndun undantekning. Það er skylda flutningsmanna frumvarpsins að láta koma fram í þessari grein, hver sé vilji í þessum málum, í samræmi við yfirlýsta stefnu, en afsala ekki öllum rétti til ákvarðana í hendur Verðlagsráðs.

Það skal því aftur áréttað vegna 2. mgr. þessarar greinar að frjáls verðmyndun er skilyrði fyrir virkri samkeppni en ekki öfugt, eins og ráða má af orðalagi þessarar greinar.

K.Í. telja að þessi breyting sé spor í rétta átt og auðveldi Verðlagsráði að fella verðlagsákvæði úr gildi og gefa verðlagningu frjálsa, en mæla þó með því, að breytingartillaga sjálfstæðismanna varðandi þessa grein verði samþykkt.

Um 5. gr.

Margar kvartanir hafa borist samtökum verslunarinnar vegna framkvæmda á því ákvæði verðlagslaga að skylda fyrirtæki til þess að skila inn verðútreikningum. Ýmsar tafir hafa orðið á staðfestingu verðútreikninga þannig að fyrirtæki hafa orðið fyrir tjóni. Ljóst er að hvorki Verðlagsstofnun né aðrar opinberar stofnanir geta annað því að yfirfara alla verðlagsverðútreikninga vegna innfluttra vara, án þess að til þess þurfi að veita miklu viðbótarfjármagni og þar með að auka ríkisútgjöld.

K.Í. telja það eðlilegri leið að fylgjast með verðútreikningum fyrirtækja með athugunum hjá fyrirtækjunum sjálfum. Með öflugri samkeppni þarf minna að sinna þessum þætti verðlagsmála og væri því hagkvæmara að nota það fé og starfskrafta til að vinna að aukinni samkeppni.

Virðingarfyllst,

f. h. Kaupmannasamtaka Íslands.

Magnús E. Finnsson.

Nd. 631. Breytingartillögur [211. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. B. Við 1. mgr. bætist: og skulu þeir ekki eiga sæti í verðlagsráði.
2. Við 2. gr. Aftan við orðin „sem þurfa skjótrar úrlausnar við“ komi: enda samþykki allir nefndarmenn þær ákvarðanir.

Sþ. 632. Nefndarálit [88. mál]

um till. til þál. um áætlanagerð og sérstakt átak í kalrannsóknum á Íslandi.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að efla kalrannsóknir.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um eflingu kalrannsókna.

Alþingi, 16. apríl 1982.

Eggert Haukdal, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Halldór Ásgrímsson.	Magnús H. Magnússon.	Friðrik Sophusson.
	Sverrir Hermannsson.	

Ed. 633. Frumvarp til laga [290. mál]

um breyting á lögum nr. 51 9. júní 1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðbótum af veittum lánum.
2. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.
   Framlagið verði tvöfalt hærra að verðgildi en framlag á fjárlögum ársins 1982, eftir að sett hafa verið lög um aukna tekjuöflun vegna Byggingarsjóðs ríkisins.
3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða samkvæmt lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977, og á almennum markaði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnar hverju sinni.
4. Með tekjum af skyldusparnaði samkvæmt VII. kafla þessara laga.

2. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Lán samkvæmt 1. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum, félögum og fyrirtækjum til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Lánsfjárhæð til hverrar íbúðar fer eftir fjölskyldustærð umsækjanda og stærð íbúðar, sbr. nánar í 14. gr. og 15. gr.

Ef umsækjandi um lán ætlar að byggja leiguíbúð eina eða fleiri eða leigja sína fyrri íbúð þegar byggingu er lokið, skal hann undirrita skuldbindingu um að hann muni leigja hana til íbúðar þegar nýja íbúðin er fullgerð.

Ef lántakandi stendur ekki við skuldbindingu sína samkvæmt framansögðu, sameinar íbúðina annarri íbúð eða tekur til annarra nota en íbúðar, fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara.

Samkvæmt þessari grein skal einnig veita lán til þeirra, sem byggja sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða til einkaeignar.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til umsækjenda, sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð, er talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

3. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Lán samkvæmt 3. tl. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtökum, sem byggja íbúðir, hjúkrunarheimili eða dagvistunarstofnanir fyrir aldraða eða dagvistunarstofnanir fyrir börn.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar ákveða hámarkshlutfall lána samkvæmt þessari grein fyrir næsta ár. Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar byggingin verður fokheld.

Að fengnu leyfi Seðlabanka Íslands er sveitarfélögum, eða öðrum sem byggja samkvæmt þessari grein, heimilt að selja verðtryggð skuldabréf til einstaklinga, sem með kaupum á skuldabréfum vilja tryggja sér leigurétt á íbúð eða vistun á dvalarheimili. Skuldabréfin skulu tryggð með öðrum veðrétti í viðkomandi íbúð næst á veði Byggingarsjóðs ríkisins og vera verðtryggð samkvæmt lánskjaravísitölu og bera 0,5% ársvexti.

Heimilt er að setja í skuldabréfin ákvæði um að skylt sé að innleysa þau ef eigandi þeirra flytur úr íbúðinni eða vistheimilinu, svo og við andlát hans.

Ekki er heimilt að ráðstafa meira en helming íbúða eða vistrýma í hverjum byggingaráfanga gegn sölu á skuldabréfum, nema með sérstöku leyfi húsnæðismálastjórnar.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að setja það skilyrði fyrir lánum að íbúðir fyrir aldraða séu staðsettar í næsta nágrenni við heilsugæslustöð.

4. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðist þannig:

Lán til viðbygginga eða endurbóta á eldra húsnæði má nema allt að 40% af láni til nýbyggingar til sömu fjölskyldu. Ef um viðbyggingu er að ræða og jafnframt er eldra húsið endurbyggt og hvor verkþátturinn uppfyllir reglur húsnæðismálastjórnar um lánshæfni má lánið nema samtals allt að 70% af fullu láni til nýbyggingar.

5. gr.

Í 2. mgr. 24. gr. laganna falli brott orðin: „og með bakábyrgð sveitarstjórnar".

6. gr.

a. 1. mgr. 25. gr. laganna orðis þannig:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja, að mati byggingarfróðra manna sem tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir.

b. 4. mgr. 25. gr. laganna orðist þannig:

Lán samkvæmt þessari grein skulu veitt gegn veði í viðkomandi íbúð.

7. gr.

2. mgr. 27. gr. laganna orðist þannig:

Fjárhæð láns skv. 6. tl. 11. gr. má nema allt að 80% kostnaðar vegna framkvæmda skv. 26. gr.

Heimilt er að veita lánið gegn 2. veðrétti og er lánstími 11 ár. Ef lántaki er 70 ára eða eldri og fjárhag hans þannig varið, að sýnt þyki að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu, er heimilt að fresta afborgunum um ótiltekinn tíma. Gildir þá ekki ákvæði 1. ml. um hámarkslánstíma. Lánið fellur þó í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann muni ekki flytja þangað aftur. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um lánskjör.

8. gr.

4. mgr. 33. gr. laganna orðist þannig:

Gjalddagar lána samkvæmt 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera eigi færri en fjórir á ári. Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að fjölga gjalddögum, ef það er talið æskilegt. Gjalddaga lána samkvæmt 8. og 9. tl. 11. gr. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

9. gr.

Við 1. mgr. 35. gr. laganna bætist:

Heimilt er þó húsnæðismálastjórn að fengnu samþykki félagsmálaráðherra að ákveða hærra lánshlutfall til þeirra, sem enga íbúð eiga og hafa ekki átt íbúð eða aðra sambærilega eign á síðustu tveim árum. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga um að lán til nýrra íbúða miðist við fjölskyldustærð umsækjanda skal lán til nýbygginga á lögbýlum aldrei vera lægra en lán samkvæmt staðli 2 á sama ársfjórðungi.

10. gr.

e-liður 1. mgr. 37. gr. laganna falli brott.

11. gr.

Aftan við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein, er orðist þannig:

Verði umsóknir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga fleiri en sjóðurinn getur veitt á því ári skal húsnæðismálastjórn gera áætlun til þriggja ára í senn um það hvernig þörfum hvers sveitarfélags fyrir slíkar íbúðir verði fullnægt.

12. gr.

2. mgr. 48. gr. laganna orðist þannig:

Þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt lánveitingu til byggingaráfanga og framkvæmdir eru hafnar skal stjórn verkamannabústaða auglýsa íbúðirnar til sölu. Í auglýsingunni skal koma fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað, áætlaður afhendingartími og greiðsluskilmálar. Umsóknarfrestur má ekki vera skemmri en 3 vikur frá birtingu auglýsingar.

13. gr.

49. gr. laganna orðist þannig:

Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal inna af hendi fyrstu greiðslu sína upp á áætlað kostnaðarverð innan mánaðar frá því að úthlutun fer fram. Stjórn verkamannabústaða ákveður gjalddaga á framlagi kaupenda og skiptingu fjárhæðarinnar milli gjalddaga en miða skal við að hluti kaupenda greiðist á byggingartíma íbúðanna. Standi kaupandi að íbúð í verkamannabústað ekki í skilum með framlag sitt á réttum gjalddögum samkvæmt ákvörðun stjórnar verkamannabústaða, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður og fær hann þá endurgreitt það sem hann var búinn að greiða auk verðbóta samkvæmt lánskjaravísitölu en án vaxta.

14. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er íbúðareiganda að veðsetja íbúð í verkamannabústað fyrir öðrum lánum en frá Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins nema með leyfi Húsnæðisstofnunar ríkisins.

15. gr.

a. Úr 4. ml. 1. mgr. 52. gr. laganna falli niður orðin: „sem nemur 10% af byggingarkostnaði".

b. Úr 3. mgr. 52. gr. falli niður orðin: „þ. e. 1. febr., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. ár hvert".

16. gr.

Í stað orðanna í 53. gr. laganna „sem tilgreint er í 48. gr. fyrstu 30 árin“ komi: sem tilgreint er í 54, gr., fyrstu 15 árin.

17. gr.

54. gr. laganna orðist þannig:

Eigandi íbúðar í verkamannabústað, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það stjórn verkamannabústaða eða sveitarstjórn, sem kaupir íbúðina og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerða samkvæmt þeim.

Innkaupsverð íbúðar sem byggð er eða endurseld samkvæmt lögum þessum má ekki vera hærra en upphaflegt kostnaðarverð hennar, eða síðasta söluverð að viðbættri hækkun samkvæmt vísitölu lánskjara frá afhendingardegi til söludags. Seljandi skal fá endurgreitt það fjármagn, sem hann lagði fram við kaup íbúðarinnar. Auk þess skal hann fá greidd 2,5% af kaupverði íbúðarinnar fyrir hvert ár, sem hann hefur átt íbúðina og staðið í skilum með afborganir, að frádregnu fyrsta árinu eftir að íbúðin var afhent. Þó aldrei hærri fjárhæð, að meðtöldum eftirstöðvum áhvílandi lána, en kaupverð íbúðarinnar var samkvæmt kaupsamningi eða afsali. Til viðbótar þessum greiðslum skal koma hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu frá kaupdegi til söludags.

Frá kaupverði skal draga hæfilega fyrningu að dómi matsmanna allt að 1% fyrir hver ár, sem íbúðin hefur verið í notkun. Á sama hátt skal draga frá matsverði skemmdir, sem orðið hafa á íbúðinni umfram eðlilega fyrningu. Síðan skal meta endurbætur, sem gerðar hafa verið á íbúðinni og lóð hennar, og bæta matsverði þeirra endurbóta við kaupverð íbúðarinnar.

Stjórn verkamannabústaða skal endurselja íbúðina samkvæmt ákvæðum 47. gr. og skal söluverð vera innkaupsverð hennar, að viðbættum kostnaði við nauðsynlegar endurbætur, sem gerðar eru á íbúðinni, og öðrum kostnaði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Ennfremur má hækka endursöluverðið til samræmis við hækkun lánskjaravísitölu frá innkaupsdegi til endursöludags.

Við endursölu íbúðar er heimilt að veita kaupanda hennar nýtt lán úr Byggingarsjóði verkamanna, er nemi allt að 90% af kaupverði íbúðarinnar, tryggt með 1. veðrétti í íbúðinni, enda verði eldra lán sjóðsins gert upp og því aflýst.

18. gr.

4. mgr. 60. gr. laganna orðist þannig:

Gjalddagar lána skulu vera fjórir á ári. Heimilt er húsnæðismálastjórn að fjölga þeim síðar.

19. gr.

Fyrirsögn V. kafla laganna orðist þannig:

Um forkaupsrétt sveitarfélaga á verkamannabústöðum, sem byggðir hafa verið samkvæmt eldri lögum.

20. gr.

1. og 2. mgr. 65. gr. laganna orðist þannig:

Sveitarfélög hafa forkaupsrétt á öllum íbúðum sem byggðar hafa verið samkvæmt lögum um verkamannabústaði og fengið lán úr Byggingarsjóði verkamanna, enda hafi sveitarstjórn ekki áður hafnað forkaupsrétti.

Stjórn verkamannabústaða skal fyrir hönd sveitarstjórnar annast innkaup og endursölu íbúða í verkamannabústöðum. Fer um innkaup þeirra og endursölu eftir ákvæðum 66. gr., 67. gr. og 68. gr. laga þessara.

21. gr.

66. gr. laganna orðist þannig:

Þegar eigandi að íbúð í verkamannabústað, sem byggður var samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, vill selja íbúð sína skal hann senda ósk um það til sveitarstjórnar eða stjórnar verkamannabústaða. Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar síns að íbúðinni skal verð hennar ákveðið af sérstökum matsmönnum samkvæmt eftirfarandi reglum:

Finna skal upphaflegt kostnaðarverð íbúðarinnar eða síðasta söluverð og framreikna það verð frá afhendingardegi til söludags samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

Ef upphaflegt söluverð íbúðarinnar liggur ekki fyrir og ekki tekst að afla fullnægjandi gagna um hvað það var, þá skal miða við meðaltal byggingarkostnaðar á rúmmetra samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar eins og hann var á byggingartíma íbúðarinnar. Skal sú tala síðan framreiknuð til söludags.

Á sama hátt skal framreikna eftirstöðvar af láni Byggingarsjóðs verkamanna, sem veitt var til íbúðarinnar, en lækka þó eftirstöðvarnar um 4% fyrir hvert ár, sem liðið er frá afhendingu íbúðarinnar, að fyrsta árinu undanskildu. Með sama hætti skal ennfremur framreikna og afskrifa lán, sem veitt voru úr Byggingarsjóði ríkisins til íbúða, sem Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík byggði.

Eftirstöðvar stofnlánanna þannig framreiknaðar skal draga frá verði íbúðanna. Frá verði íbúðanna skal síðan draga fyrningu allt að 1% fyrir hvert ár, sem íbúðin hefur verið í notkun.

Ennfremur skal meta til verðs skemmdir, sem fram hafa komið á íbúðinni umfram eðlilega fyrningu, og draga frá verði íbúðarinnar. Þá skal meta til verðs endurbætur sem gerðar hafa verið á íbúðinni og lóð hennar og bæta því við kaupverðið.

Matsverð íbúðarinnar þannig reiknað skal seljandi íbúðarinnar fá greitt, að frádregnum áhvílandi lánum, þegar lán fæst til kaupanna hjá Byggingarsjóði verkamanna.

Heimilt er að greiða upp lán sem hvíla á íbúðum í verkamannabústöðum, ef eigandi íbúðarinnar óskar þess eða honum ber skylda til þess sökum vanskila, en það breytir ekki framangreindum reglum um útreikning á verði íbúðarinnar.

22. gr.

67. gr. laganna orðist þannig:

Endursöluverð íbúða í verkamannabústöðum skal vera innkaupsverð þeirra að viðbættum kostnaði við endurbætur, sem á þeim eru gerðar fyrir sölu, auk álags samkvæmt byggingarvísitöluhækkun frá innkaupsdegi til endursöludags.

Kaupandi greiðir þinglýsingu og annan kostnað við sölu íbúðanna. Stjórnir verkamannabústaða skulu annast endursölu samkvæmt sömu reglum varðandi rétt til kaupa á verkamannabústað og gilda um nýjar íbúðir.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána úr Byggingarsjóði verkamanna allt að 90% af söluverði íbúðanna til nýrra kaupenda, enda greiði viðkomandi sveitarfélag 10% af lánsfjárhæðinni til Byggingarsjóðs verkamanna sem óafturkræft framlag.

Heimilt er að greiða kostnað við rekstur íbúða á meðan á sölu stendur úr Byggingarsjóði verkamanna, enda renni mismunur á innkaupsverði íbúða og endursöluverði til sjóðsins ef um hann er að ræða.

Þegar íbúð hefur verið endurseld samkvæmt þessari grein og nýtt lán veitt kaupanda hennar úr Byggingarsjóði verkamanna gilda reglur 54. gr. þessara laga um verðlagningu hennar og endursölu, ef hún er seld öðru sinni.

23. gr.

Í stað 1. mgr. 72. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, er orðist þannig:

Þegar sá sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. mgr. 71. gr. hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin þarfa eða stofnað heimili og hefur barn á framfæri, skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt. Ennfremur skulu þeir sem stundað hafa nám samfellt í sex mánuði samkvæmt vottorði skólastjóra eiga þess kost að fá endurgreitt helming þess fjármagns, er þeir höfðu lagt í sjóðinn á síðastliðnum 12 mánuðum.

Vextir af innlánum á skyldusparnaðarreikningum hjá Byggingarsjóði ríkisins reiknast frá þeim tíma sem fjármagnið er lagt inn í sjóðinn og skulu vera þeir sömu og gilda á hverjum tíma fyrir lán úr sjóðnum samkvæmt 1. tl. 11. gr. þessara laga að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands samkvæmt 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

24. gr.

73. gr. laganna orðist þannig:

Undanþegnir skyldusparnaði eru:

a. Þeir sem búa við varanlega örorku samkvæmt vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
b. Gift fólk eða sambýlisfólk, sem heldur heimili og hefur barn á sínu framfæri.
c. Einstæðir foreldrar, sem halda heimili fyrir börn sín.
d. Þeir sem byggt hafa eða keypt íbúð til eigin þarfa.

Sá, sem á rétt til undanþágu frá sparnaðarskyldu, skal sanna það með formlegu vottorði frá skattstjóra. Ella verður hann að láta tilskilið sparifé af hendi en á þá rétt til endurgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

Útlendingar, sem hafa landvistarleyfi eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan er þeir hverfa af landi brott.

25. gr.

75. gr. laganna orðist þannig:

Póstgíróstofan skal annast innheimtu á skyldusparnaði samkvæmt lögum þessum með sama hætti og orlofsfé af tímakaupi launafólks. Skylt er launagreiðendum að halda eftir tilskildum hluta af launum við hverja útborgun og skila því til Póstgíróstofunnar samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð. Kaupgreiðendur hafa rétt til þess að krefjast þess að starfsmenn færi sönnur á aldur sinn með framvísun persónuskilríkja. Óheimilt er launagreiðanda að samþykkja undanþágu frá spariskyldu nema starfsmaður hans framvísi vottorði frá skattstjóra um undanþáguheimild sína.

26. gr.

76. gr. laganna orðist þannig:

Ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni sem skylt er að greiða hann samkvæmt lögum þessum, eða vanrækir að skila til Póstgíróstofunnar fjármagni sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna, er hann ábyrgur fyrir því fjármagni eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða. Með innheimtur á slíkum vanskilum skal fara með sama hætti og innheimtur annarra skatta, þ. á m. varðandi fjárnám og álagningu dráttarvaxta.

27. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög um Húsnæðisstofnun ríkisins *nr. 51/1980* komu til framkvæmda, kom fljótlega í ljós, að æskilegt var að breyta fáeinum atriðum í þeim lögum til þess að auðvelda framkvæmd þeirra. Húsnæðismálastjórn fjallaði nokkuð um hugsanlegar breytingar á lögunum seint á árinu 1981 og setti nefnd stjórnarmanna í að undirbúa málið. Hinn 9. nóvember s. l. barst stjórninni svohljóðandi bréf frá félagsmálaráðherra:

„Félagsmálaráðherra hefur haft til athugunar möguleika á því að lán til þeirra, sem byggja sína fyrstu íbúð, verði hækkuð svo og ýmsar fleiri breytingar á lánveitingum Húsnæðisstofnunar. Af þessu tilefni óskar félagsmálaráðherra eftir tillögum húsnæðismálastjórnar um eftirtaldar breytingar á lánveitingum á næsta ári.

1. Athugað verði með hvaða hætti hækka megi lánveitingar til þeirra sem byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð.
   Sérstaklega verði athugað í því sambandi hvort lagabreytinga sé þörf.
2. Húsnæðismálastjórn kanni og geri tillögur um með hvaða hætti unnt sé að auka byggingar leiguíbúða fyrir almennan leigumarkað. Athugað verði sérstaklega hvort veita ætti öðrum en sveitarfélögum lán í þessu skyni.
3. Athugað verði með hækkun lána til sérhannaðra íbúða fyrir aldraða.
   Kannað verði og gerðar tillögur um með hvaða hætti unnt sé að nýta það fjármagn sem aldraðir eiga og eru reiðubúnir að leggja fram til slíkra bygginga".

Með hliðsjón af þessu bréfi ráðherra og þeirri reynslu sem komin er á framkvæmd laganna, samdi húsnæðismálastjórn tillögu að lagafrumvarpi sem nú hefur verið til meðferðar hjá ríkisstjórninni. Þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, er í öllum meginatriðum byggt á tillögum húsnæðismálastjórnar, eins og þær komu frá stjórninni. Með tillögum húsnæðismálastjórnar er leitast við að sníða af lögunum nokkra ágalla og að aðlaga þau að starfsreglum viðskiptabankanna, sem í vaxandi mæli eiga að taka að sér afgreiðslu og innheimtu lána. Jafnframt er leitast við í frumvarpi húsnæðismálastjórnar að verða við þeim óskum sem félagsmálaráðherra setti fram í bréfi sínu.

Mikilvægustu breytingarnar sem frumvarp þetta felur í sér eru eftirfarandi:

1. Tekið er inn í frumvarpið ákvæði þess efnis að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skuli á næsta ári vera tvöfalt hærra að verðgildi en framlagið á fjárlögum ársins 1982 eftir að sett hafa verið sérstök lög um aukna fjáröflun til Byggingarsjóðs ríkisins. Hér er um að ræða hækkun sem næmi 50—60 milljónum króna á verðlagi fjárlaga ársins 1982. Byggist þetta ákvæði á þeirri forsendu að í haust verði lagt fyrir alþingi frumvarp, sem tryggi Byggingarsjóði ríkisins þann tekjustofn sem þarf til að standa undir þessum útgjöldum og samsvara tekjur Byggingarsjóðs ríkisins þá, að samþykktum slíkum lögum, þeim tekjum sem koma af 1% launaskatti. Í tillögum húsnæðismálastjórnar var gert ráð fyrir því að tekjur af 1% launaskatti rynnu beint til Byggingarsjóðs ríkisins. Miðað við núverandi fyrirkomulag hefði það haft í för með sér samsvarandi tekjuskerðingu fyrir ríkissjóð og ríkisstjórnin telur ekki unnt að taka ákvörðun um slíkt nema jafnhliða verði tekin ákvörðun um aðrar tekjur í staðinn.
2. Til þess að greiða fyrir byggingu leiguíbúða er lagt til að fella niður það bann, sem jafnan hefur verið í lögum, við því að veita einstaklingum sem eiga íbúð lán til að byggja leiguíbúðir. Eftir að öll lán eru verðtryggð er ekki ástæða til þess að neita þeim um lán til nýbygginga sem vilja leggja fjármagn í nýbyggingar. Sama gildir þá um fyrirtæki sem vilja byggja leiguíbúðir fyrir starfsfólk sitt.
   Tilgangurinn með þessum breytingum er að örva byggingar leiguíbúða fyrir almennan markað og afnema úreltar hömlur úr lögunum.

3. Áhugi og þörf fyrir byggingar íbúða og vistheimila fyrir aldrað fólk hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum. Þrátt fyrir stórauknar fjárveitingar til þessara mála vantar enn mikið á að þörfinni sé fullnægt.
   Sérstaklega eru sveitarfélög sem í slíkum byggingum standa í miklum vanda með að fjármagna þær. Hér er lagt til að heimila og stofnunum sem byggja slíkar íbúðir að selja skuldabréf þeim einstaklingum sem með kaupum á skuldabréfum vilja tryggja sér rétt til íbúðar eða vistar á dvalarheimili. Vegna þeirra sem ekki eiga fjármagn eru settar þær hömlur að ekki má ráðstafa nema helming íbúðanna gegn sölu skuldabréfa nema með sérstöku leyfi húsnæðismálastjórnar. Á það ákvæði að tryggja rétt þeirra sem ekki eiga fjármagn til kaupa á skuldabréfum.
4. Í 35. gr. gildandi laga er ákveðið að allir skuli fá lánað sama hlutfall af byggingarkostnaði staðalíbúðar, miðað við fjölskyldustærð. Með frumvarpinu er lagt til að heimila að lána hærra hlutfall til þeirra sem enga íbúð eiga og hafa ekki átt íbúð á síðastliðnum tveimur árum.
   Þá er einnig heimilað að þeir sem byggja á lögbýlum í sveitum skuli fá lán samkvæmt staðli 2 þó að aðeins einn maður sé þar með lögheimili.
5. Kaupskylda á íbúðum í verkamannabústöðum sem koma til endursölu hefur vakið umræður meðal sveitarstjórnarmanna og sætt nokkurri gagnrýni við framkvæmd laganna. Kaupskyldan var sett á sveitarfélögin vegna þess að íbúðir í verkamannabústöðum voru á nokkrum stöðum seldar hæstbjóðanda og lög og reglugerðir voru virt að vettugi að talið var. Í þessu frumvarpi er lagt til, að kaupskyldan nái ekki til eldri verkamannabústaða og aðeins til þeirra íbúða sem byggðar eru samkvæmt lögum nr. 51 frá 1980. Þá er kaupskyldutíminn styttur samkvæmt þeim lögum úr 30 árum í 15 ár. Með þessu ákvæði er komið til móts við óskir sveitarstjórnarmanna í landinu en í tillögum húsnæðismálastjórnar var gert ráð fyrir því að kaupskyldan yrði almennt stytt úr 30 árum í 15 ár. Í þessu frumvarpi, eins og það er nú flutt af ríkisstjórninni, er gengið nokkuð lengra en upphaflega var óskað eftir af húsnæðismálastjórn og er það, eins og áður segir, í samræmi við þær óskir sem bárust frá samtökum sveitarstjórnarmanna. Í stað kaupskyldu á eldri verkamannabústöðum er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir forkaupsrétti, eins og fram kemur í frumvarpinu.
6. Reglur um framreikning á verði íbúða í verkamannabústöðum og um matsgerðir við eigendaskipti eru gerðar fyllri og skýrari með frumvarpi þessu. Mikilvægasta breytingin er sú að hætta að láta eigendur íbúðanna öðlast verulega aukinn rétt aðeins við 10 eða 20 ára eignarhald á íbúðunum. Í stað þess er með frumvarpinu lagt til að þeir sem eiga íbúð í verkamannabústað eignist tiltekinn rétt til eignarauka fyrir hvert ár sem þeir hafa átt íbúðina, er þar um verulega réttarbót að ræða fyrir þá sem þurfa að selja íbúð sína áður en þeir hafa átt hana í 10 ár.
7. Skyldusparnaður unglinga var fyrst settur í lög árið 1957 og hefur síðan verið einn af tekjustofnum Byggingarsjóðs ríkisins jafnframt því að stuðla mjög að því að ungt fólk gæti eignast íbúð. Með breytingum sem orðið hafa á ávöxtun sparifjár var þess ekki gætt að bæta sem skyldi ávöxtun þessa fjár sem haldið var eftir af launum unglinga. Jafnframt var illa staðið að innheimtu þessa skyldusparnaðar. Þrátt fyrir stórlega bætta ávöxtun skyldusparnaðarins með lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 51/1980 þá er nú svo komið, að skyldusparnaðurinn skilar ekki umtalsverðum tekjum til Byggingarsjóðsins og kemur þá ekki heldur að tilætluðum notum fyrir unga fólkið við íbúðarkaup. Liggur því ekki annað fyrir en afnema lögin eða endurbæta þau verulega svo að þau fari aftur að gegna hlutverki sínu. Með frumvarpi þessu er lagt til að breyta verulega innheimtukerfi skyldusparnaðarins og setja fastari reglur um endurgreiðslur á því sem kemur inn í Byggingarsjóð ríkisins.

8. Komið er til móts við sjónarmið sem nefnd um málefni aldraðra kom á framfæri við ríkisstjórnina og gerist það í 7. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir því að ef lántaki er 70 ára eða eldri, og fjárhag hans þannig varið að sýnt þyki að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láni, sé heimilt að fresta afborgunum af láninu. Lánið falli hins vegar í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Hið sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er, að hann muni ekki flytja þangað aftur. Hér er um að ræða viðbót við þær breytingar sem húsnæðismálastjórn lagði til.

Eins og fram kemur af þessari upptalningu hefur í öllum meginatriðum verið fallist á tillögur húsnæðismálastjónrar og aðeins verið vikið frá tillögunum í einu atriði auk þess sem komið er til móts við sjónarmið nefndar um málefni aldraðra og gengið nokkuð lengra en húsnæðismálastjórn lagði til varðandi kaupskyldu á verkamannabústöðum.

Vert er að geta þess að þetta frumvarp til laga um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er flutt samhliða frumvarpi til laga um verðtryggðan skyldusparnað á árinu 1982 í þágu Byggingarsjóðs ríkisins. Þessi frumvörp eru lögð fram samtímis með það fyrir augum að leggja áherslu á að styrkja stöðu Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári 1982 til að hann geti betur þjónað því hlutverki sem honum er ætlað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginbreytingin í þessari grein felst í því, að gert er ráð fyrir því að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári verði tvöfalt að verðgildi á við framlagið árið 1982, eftir að sérstök lög hafa verið sett um aukna fjáröflun til Byggingarsjóðs ríkisins. Hér er með öðrum orðum við það miðað, að á haustþinginu verði lagt fram frumvarp til laga um aukna fjáröflun til Byggingarsjóðs ríkisins. Að öðru leyti vísast til greinargerðar framar í þessu þingskjali.

Um 2. gr.

Hér er heimildin til lánveitinga mjög aukin frá því sem gilt hefur. Breytingin felst einkum í því að nú verði ekki aðeins heimilað að veita einstaklingum þessi lán, heldur einnig félögum og fyrirtækjum til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Er þar einnig átt við leiguíbúðir og sérhannaðar íbúðir aldraðra.

Um 3. gr.

Með greininni er bætt inn heimild til lánveitinga til byggingar hjúkrunarheimila fyrir aldraða. Þá eru í greininni settar reglur um heimild byggingaraðila til að gefa út og selja verðtryggð veðskuldabréf til einstaklinga, sem vilja tryggja sér leigurétt á íbúð eða vistun á dvalarheimili.

Um 4. gr.

Hér eru settar fyllri reglur en áður um lán til endurbóta á eldra húsnæði og viðbygginga, einkum þegar þetta tvennt fer saman.

Um 5. gr.

Með greininni er felld niður krafan um bakábyrgð sveitarstjórnar, sem er eðlilegt þar sem 1. veðréttur í viðkomandi íbúða á að duga.

Um 6. gr.

Þessi grein felur í sér tvennskonar breytingar. Annars vegar að bætt er inn heimild til að lána einstaklingum og fyrirtækjum fé til að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði. Hins vegar að felld er niður bakábyrgð sveitarstjórnar eins og í 5. gr.

Um 7. gr.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að heimilt verði að fresta afborgunum af lánum lántaka sem orðinn er 70 ára að aldri, ef fjárhag hans er þannig varið að sýnt þyki að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu.

Um 8. gr.

Að fenginni reynslu þykir óheppilegt að lögbinda gjalddaga lána við tiltekna daga ársins og er sú binding felld niður með greininni.

Um 9. gr.

Með greininni er heimilað að hækka lánshlutfall til þeirra, sem enga íbúð eiga og hafa ekki átt á síðustu tveimur árum. Ennfremur er í greininni mælt svo fyrir að lán til nýbygginga á lögbýlum verði aldrei lægra en lán til 2—4 manna fjölskyldu.

Um 10. gr.

Liðurinn, sem greinin fellir á brott, var byggður á misskilningi þar sem Byggingarsjóður verkamanna er ekki seljandi íbúða í verkamannabústöðum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Hér er gert ráð fyrir að auglýst verði eftir umsóknum um íbúðir í verkamannabústöðum, sem eru í smíðum, á fyrra byggingarstigi en tíðkast hefur.

Um 13. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal kaupandi nýrrar íbúðar í verkamannabústað inna útborgun sína af hendi í tveim áföngum. Hér er því stefnt að því að fjölga útborgunargreiðslum, sem þýðir vitanlega minni greiðslu hverju sinni.

Um 14. gr.

Hér er sett sú regla, að íbúðareiganda í verkamannabústað sé óheimilt að veðsetja íbúð sína fyrir öðrum lánum en frá Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins nema leyfi Húsnæðisstofnunar ríkisins komi til. Að athuguðu máli er þetta talin heppilegri lausn heldur en að setja bindandi reglur um þessa veðheimild, sbr. 1. mgr. 51. gr. gildandi laga nr. 51/1980.

Um 15. gr.

Þar sem framlag kaupanda þarf ekki í öllum tilvikum að nema 10% af byggingarkostnaði er þessi prósenttala felld niður. Að öðru leyti vísast til skýringa við 7. gr.

Um 16. gr.

Hér er kaupskylda sveitarfélaga á íbúðum sem byggðar eru samkvæmt nýju lögunum um húsnæðismál stytt úr 30 árum í 15 ár, en sveitarfélögin hafa lagt mikla áherslu á þessa breytingu. Að öðru leyti er hér um leiðréttingu að ræða, en auk þess vísast til 20. gr. frumvarpsins varðandi aðrar breytingar sem hér eru gerðar á kaupskyldunni.

Um 17. gr.

Hér eru gerðar nokkrar lagfæringar á þeim reglum, sem gilt hafa um innkaupsverð íbúða, sem byggðar eru eftir gildistöku núgildandi laga og koma til endursölu. Sett er ákvæði um fyrningu. Þá eru einnig sett ákvæði um endursöluverð þessara íbúða, en ákvæði þar um hefur vantað í lögin.

Um 18. gr.

Vísað er til athugasemdar við 7. gr.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Hér er kaupskyldan einnig stytt úr 30 árum í 15 ár. Ennfremur er húsnæðismálastjórn heimilað að veita sveitarfélagi undanþágu frá kaupskyldu ef sérstakar ástæður mæla með því.

Um 21. gr.

Í þessari grein felst ein meginbreyting þessa frumvarps, en greinin tekur til allra íbúða í verkamannabústöðum, sem byggðar voru fyrir gildistöku laga nr. 51/1980, þar með taldar íbúðir reistar af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík. Í greininni felast lagfæringar á gildandi reglum um verðlagningu eldri íbúða, sem keyptar eru. Helstu breytingarnar eru þær að svonefnd 10 ára regla og 20 ára regla eru felldar niður, en í staðinn heimiluð sérstök verðbót, sem vex í réttu hlutfalli við eignartímann á ári hverju. Þá er veitt svigrúm til að meta fyrningu innan vissra marka.

Um 22. gr.

Í greininni eru fyrst og fremst lagfærð gildandi ákvæði um endursöluverð eldri íbúða til samræmis við framangreindar breytingar varðandi innkaupsverð þeirra.

Um 23. gr.

Hér er þrengdur réttur manns til endurgreiðslu á skyldusparnaði áður en 26 ára aldri er náð. Vaxtaákvæði eru gerð skýrari.

Um 24. gr.

Með greininni er dregið úr undanþágum frá skyldusparnaði: Hjón verða að eiga barn eða hafa keypt íbúð til þess að njóta undanþágu.

Um 25. gr.

Horfið er frá sparimerkjakerfinu en Póstgíróstofunni falið að innheimta skyldusparnaðinn með sama hætti og orlofsfé af tímakaupi launafólks, en þessi kerfisbreyting er af kunnugum aðilum talin mjög til bóta.

Um 26. gr.

Í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um það, að Póstgíróstofan eigi að annast innheimtu á skyldusparnaði samkvæmt húsnæðislögunum með sama hætti og hún annast innheimtu á orlofsfé af tímakaupi launafólks.

Greinin kveður skýrt að orði um þessi atriði, þannig að ekki er þörf á því að fjölyrða um það frekar í greinargerð þessari að öðru leyti en því, að bent skal á, að síðasta setning frumvarpsgreinarinnar gerir ráð fyrir að launagreiðanda sé óheimilt með öllu að samþykkja undanþágu frá spariskyldu nema starfsmaður hans framvísi áður vottorði frá skattstjóra um undanþáguheimild sína.

Um 27. gr.

Í þessari grein er ákvæði um það hvað gerist ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni sem skylt er að greiða skyldusparnað samkvæmt þessum lögum eða vanrækir að skila til Póstgíróstofunnar fjármagni sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna. Sé þannig háttað til, er launagreiðandinn ábyrgur fyrir því fjármagni eins og um eigin skattgreiðslur væri að ræða og með innheimtur á slíkum vanskilum skal fara með sama hætti og innheimtu annarra skatta, þ. á m. varðandi fjárnám og álagningu dráttarvaxta.

Um 28. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 634. Frumvarp til laga [291. mál]

um breytingu á lögum nr. 58 4. júní 1981 um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Í stað „31. desember 1982“ í 13. gr. kemur „31. desember 1984“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar Sölustofnunar lagmetis sem telur áríðandi að yfirstandandi þing framlengi núverandi starfsréttindi stofnunarinnar. Sérstaklega telur stjórn stofnunarinnar mikilvægt að stofnunin hafi áfram einkarétt til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau, að í löndum Austur-Evrópu er einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni kaupandamegin. Þessi einkakaupandi væri í aðstöðu til að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Einhliða samkeppni seljandamegin hlýtur að verða seljendum í óhag. Rétt er að bregðast við þessu með einkarétti seljandamegin og jafna þar með samningsaðstöðu seljanda og kaupanda.

Eftir yfirvegaða skoðun á máli þessu sýnist iðnaðarráðuneytinu rétt að framlengja beri einkarétt Sölustofnunarinnar skv. ofanrituðu um tvö ár. En rétt þykir að einkarétturinn verði bundinn sömu skilyrðum og áður, og að því tilskildu að starf stofnunarinnar verði áfram háð reglum 1.—8. gr. laga nr. 58/1981.

Er því í frumvarpinu lagt til að I. kafli laga nr. 58/1981, þ. e. greinar 1.—8. að báðum meðtöldum, falli ekki úr gildi fyrr en 31. des. 1984.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér að I. kafli laga nr. 58 4. júní 1981, greinar 1.—8. að báðum meðtöldum, fellur úr gildi 31. desember 1984, en samkvæmt núgildandi lögum átti þessi kafli að falla úr gildi 31. desember 1982.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 635. Breytingartillaga [168. mál]

við frv. til laga um dýralækna.

Frá Vilmundi Gylfasyni og Albert Guðmundssyni.

Við 20. gr. bætist:
Lög þessi falla úr gildi 1. janúar 1984.

Ed. 636. Lög [169. mál]

um breytingu á lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 273.

Ed. 637. Frumvarp til laga [43. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 43 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.
Ráðherra skipar 3ja manna stjórn brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn mann eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna og ákveður þóknun til þeirra fyrir stjórnarstörf. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar.
Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðherra brunamálastjóra. Skal hann vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa sérþekkingu á brunamálum.
Brunamálastjóri veitir brunamálastofnuninni forstöðu. Hann ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar og taka þeir laun samkv. kjarasamningi opinberra starfsmanna.

3. gr. hljóðar svo:
Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:

a. Að leiðbeina sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
b. Að hafa á hendi tækniaðstoð við brunavarnaeftirlit sveitarfélaga og í öllum meiri háttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og bensín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv. í samráði við viðkomandi slökkviliðsstjóra.

c. Að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum, sem kveðið er á um í reglugerð, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum, sem að brunamálum lúta, sé fullnægt.
d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
e. Að hafa æfingar með slökkviliðum, gangast fyrir reglubundnum námskeiðum fyrir slökkviliðsmenn og undirbúa reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.
f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála og leiðbeina um val, uppsetningu og notkun á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi, þar með talið að kynna hönnuðum mannvirkja nýjungar á sviði brunavarna og gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og tæknimenn sveitarfélaga.
h. Að semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögunum og aðalniðurstöður þeirra skal birta opinberlega.
i. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál, og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
j. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

4. gr. hljóðar svo:

Sveitarfélög skulu halda uppi brunavörnum, þar með talið eldvarnareftirlit, í samræmi við kröfur, sem nánar skal kveða á um í reglugerð um brunavarnir og brunamál. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

Sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri fara með brunavarnamál sveitarfélagsins.

Sá, sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (slökkviliðsstjóra), getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið að fenginni umsögn brunamálastjóra.

Félagsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunar, undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum, berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

11. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið sveitarfélag þeirri skyldu að hafa slökkvilið, ef það hefur samið um, að slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélagi annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning, og skal hann staðfestur af félagsmálaráðuneytinu að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunarinnar.

18. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau. Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastjóra.

19. gr. hljóðar svo:

Eiganda eða umráðamanni fasteignar eða annars mannvirkis er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til björgunar á fólki úr eldsvoða. Hann skal, að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talist kostnaðar vegna, sjá um, að fyrir hendi séu tæki og útbúnaður til viðvörunar svo og til að slökkva og hefta útbreiðslu elds. Einnig ber honum að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

Félagsmálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, lagt svo fyrir, að stærri fyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að sporna við eldsvoða hjá sér,

t. d. með útvegun sérstaks búnaðar til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

23. gr. hljóðar svo:

Lögreglustjóri skal sjá um að lögregluranns6kn fari fram þegar eftir brunatjón. Ef kveða þarf til sérfróða menn vegna rannsóknar á eldsvoða, skal stjórn brunamálastofnunarinnar tilnefna þá samkvæmt tillögu brunamálastjóra. Réttarrannsókn þarf hins vegar ekki að fara fram, ef brunatjón er óverulegt og eldsupptök kunn. Afrit af gögnum um hverja slíka rannsókn ber að senda viðkomandi tryggingafélagi og brunamálastofnun þegar þau liggja fyrir.

24. gr. hljóðar svo:

a. Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1.75% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Viðlagatrygging Íslands skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni.

   Framlög þessi skulu greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.

b. Stjórn brunamálastofnunar er heimilt að semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðuneytinu. Í slíkri gjaldskrá skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.

c. Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

25. gr. hljóðar svo:

Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi, að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

Honum og eftirlitsmönnum hans skal heimil umferð um híbýli manna, vinnustaði og aðra þá staði, þar sem eftirlits skv. 1. mgr. er þörf.

26. gr. hljóðar svo:

Nú kemur í ljós, að ákvæði laga þessara eða reglugerðar samkvæmt þeim eru brotin og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Þegar svo stendur á og upp kemur ágreiningur milli hans og húsráðanda um úrbætur, ber slökkviliðsstjóra tafarlaust að vísa málinu til stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, sem úrskurðar ágreininginn. Slökkviliðsstjóra eða brunamálastjóra ber að kæra brot til héraðsdómara sé ekki farið að úrskurði þeirra.

Að fengnu samþykki Brunamálastofnunar ríkisins getur slökkviliðsstjóri í samráði við lögreglustjóra eða héraðsdómara ákveðið, að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað húsráðanda eða ákveðið dagsektir á hendur honum allt að 0.1% af brunabótamati viðkomandi byggingar á dag, uns úr verður bætt. Dagsektir renni til ríkissjóðs. Þá getur slökkviliðsstjóri eða lögreglustjóri ákveðið, ef almannahætta stafar af því, að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt, að stöðva rekstur í viðkomandi byggingu og loka henni, þar til úr hefur verið bætt með fullnægjandi hætti að mati þessara aðilja.

27. gr. hljóðar svo:

Nú telur brunamálastjóri að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 26. gr., og skal brunamálastjóri þá, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar, benda slökkviliðsstjóra á misbrestina, og

hefur brunamálastjóri síðan rétt til að beita þeim heimildum, sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein, ef ekki er úr bætt.

Ef brunamálastjóri telur að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar.

28. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur, að fenginni tillögu stjórnar brunamálastofnunar, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

Nd. 638. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. des. 1952.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 255 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

5. grein orðist þannig:

Fái einhver ríkisfang, samkvæmt 3. og 4. gr., og öðlast þá jafnframt skilgetin ógift börn hans undir 18 ára aldri, sem eiga lögheimili hér á landi, ríkisfangið. Þetta nær þó eigi til barna, sem eftir hjúskaparslit foreldranna eða skilnað þeirra að borði og sæng eru falin forráðum hins foreldrisins.

Ákvæði 1. málsliðs 1. málsgreinar gildir með sama hætti um samband óskilgetins barns og móður þess, nema faðir þess sé útlendingur og hann hafi forráð barnsins.

Nd. 639. Frumvarp til laga [221. mál]

um búnaðarmálasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 400 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Vöru- og leigusala í landbúnaði skiptist í tvo gjaldflokka.

Af afurðum þessara búgreina skal greiða 0.25% gjald:

a. Alifugla- og svínarækt.
b. Fiskeldi, fiskrækt, veiðileigu og leigu á landi til annarra nota en búrekstrar.

Af afurðum annarra búgreina en áður eru nefndar skal greiða 0.50% gjald, þ. á m.:

a. Nautgripaafurðum.
b. Sauðfjárafurðum.
c. Garð- og gróðurhúsaafurðum hvers konar.
d. Loðdýraafurðum.
e. Afurðum hrossa.
f. Með reglugerð skal ákveða, eftir því sem ástæða þykir til, gjald af sölu lífgripa, skógarafurðum, hlunnindum og annarri leigu hvers konar söluvöru í landbúnaði.

Nd. 640. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og orðið sammála um að leggja til að það verði samþykkt óbreytt eins og það er á þingskjali 353.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Matthías Á. Mathiesen.	Guðrún Hallgrímsdóttir.	Sighvatur Björgvinsson.
	Albert Guðmundsson.	

Nd. 641. Frumvarp til laga [292. mál]

um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—1982.)

I. KAFLI
Um kirkjuþing þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Kirkjuþing þjóðkirkjunnar fjallar um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar að eigin frumkvæði og leysir úr þeim málum, sem til þingsins er vísað af hálfu biskups, kirkjuráðs, Alþingis og kirkjumálaráðherra.

Kirkjuþing skal halda ár hvert, að jafnaði í október, og starfa allt að 10 dögum.

Kirkjuþing og kirkjuráð vinna að því að efla íslenska kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar í þjóðlífinu.

2. gr.

Á kirkjuþingi eiga sæti 20 kjörnir þingfulltrúar. Eru 18 kjörnir í 8 kjördæmum, 1 kýs guðfræðideild Háskóla Íslands og 1 guðfræðingar, er vinna í þágu þjóðkirkjunnar að sérstökum verkefnum. Enn fremur eiga sæti á kirkjuþingi biskup og kirkjumálaráðherra eða fulltrúi hans. Vígslubiskupar og kirkjuráðsmenn eiga rétt á fundarsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hafa þeir ekki, nema þeir séu jafnframt kjörnir þingfulltrúar.

3. gr.

Kjördæmi til kirkjuþingskosninga eru þessi:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Kjalarnessprófastsdæmi.
3. Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
4. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
5. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
6. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
7. Múla- og Austfjarðaprófastsdæmi.
8. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnesprófastsdæmi.

Í hverju þessara kjördæma skulu kosnir tveir kirkjuþingsmenn, prestur og leikmaður, þó svo að kjósa skal fjóra kirkjuþingsmenn, tvo presta og tvo leikmenn, í 1. kjördæmi, sbr. 4. og 5. gr.

4. gr.

1. Prófastar og prestar, sem ábyrgð hafa á prestakalli innan hvers kjördæmis, kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn, nema í 1. kjördæmi, þar sem kjósa skal tvo kirkjuþingsmenn og fjóra til vara.

2. Kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar), enda séu þeir guðfræðikandídatar, kjósa einn kirkjuþingsmann úr sínum hópi og tvo til vara.

3. Guðfræðingar og prestar, sem eru fastráðnir til sérstakra verkefna innan þjóðkirkjunnar án þess að bera ábyrgð á prestakalli, svo og biskupsritari og rektor Skálholtsskóla, enda séu þeir guðfræðingar, kjósa einn kirkjuþingsmann úr sínum hópi og tvo til vara, eftir því sem nánar segir í reglugerð.

5. gr.

Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar hvers kjördæmis kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann og tvo til vara, þó svo að í 1. kjördæmi skal kjósa tvo kirkjuþingsmenn og fjóra til vara.

6. gr.

Kjörstjórn skipa þrír menn. Kirkjumálaráðherra tilnefnir formann og varaformann, og skulu þeir vera lögfræðingar. Biskup tilnefnir annan kjörstjórnarmann og varamann hans, en hinn þriðja kýs kirkjuráð og varamann hans. Tilnefning er til fjögurra ára í senn, í fyrsta skipti til ársloka 1985, og skal fara fram þegar eftir gildistöku laga þessara.

7. gr.

Kosið skal til kirkjuþings á árinu 1982 og síðan á 4 ára fresti, sbr. 10. gr.

Kjörstjórn semur kjörskrá í byrjun þess árs, sem kjósa skal. Á hún að liggja frammi í 4 vikur á biskupsstofu eða öðrum stað eða stöðum, sem kjörstjórn ákveður, eftir því sem nánar segir í auglýsingu kjörstjórnar. Hún úrskurðar kærur út af kjörskrá og gengur endanlega frá henni.

8. gr.

1. Eigi síðar en 1. apríl ár það, sem kjósa skal, sendir kjörstjórn þeim, sem kosningarrétt eiga, nauðsynleg kjörgögn: auðan kjörseðil, óáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um það, að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Þá skal fylgja leiðbeining um það, hvernig kosning fari fram. Greina skal glögglega, fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli hafa borist kjörstjórn.

2. Kjósandi utan 1. kjördæmis ritar nafn þess, sem hann vill kjósa að'mann, svo og nöfn tveggja varamanna, á kjörseðilinn, setur hann í óáritaða umslagið, sbr. 1. málsgr., og lokar því, útfyllir eyðublaðið og undirritar og leggur gögnin í áritaða umslagið og sendir kjörstjórn það í ábyrgðarpósti. Í 1. kjördæmi gildir hið sama, en þar kýs kjósandi þó tvo aðalmenn og svo fjóra varamenn.

3. Kjörgögn til presta og leikmanna skulu vera sín með hvorum litnum. Kjörgögnum til leikmanna fylgi kjörskrá.

9. gr.

1. Kjörstjórn telur atkvæði að loknum skilafresti, sbr. 1. málsgr. 8. gr., og úrskurðar þau.

2. Sá er kjörinn aðalmaður, sem flest fær atkvæði sem aðalmaður, og þeir tveir í 1. kjördæmi, sem flest fá atkvæði. Sá er kjörinn 1. varamaður, sem flest fær atkvæði sem varamaður að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut sem aðalmaður, en sá 2. varamaður, sem næstflest fær atkvæði, talin með sama hætti, og gegnir hinu sama með 3. og 4. varamann í 1. kjördæmi. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesti, og gildir það einnig um röð varamanna, ef því er að skipta.

3. Kjörstjórn gefur út kjörbréf til þingfulltrúa, aðalmanna og varamanna, og skal röð varamanna greind sérstaklega.

10. gr.

Kjörtímabil hinna kjörnu þingfulltrúa er 4 ár.

Ef kirkjuþingsmaður andast á tímabilinu eða verður vanhæfur til þingsetu eða getur ekki sótt þing, taka varamenn þess kjördæmis við eftir röð.

11. gr.

Kærur út af kosningu til kirkjuþings skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 4 vikum eftir að fresti lauk til að skila atkvæðum, sbr. 1. málsgr. 8. gr. Leggur hún þær fyrir kirkjuþing til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum.

12. gr.

Biskup er forseti kirkjuþings. Kirkjuþing kýs á fyrsta fundi sínum 1. og 2. varaforseta og tvo skrifara.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema þingsköp kirkjuþings mæli annan veg. Í þingsköpum, er kirkjuþing setur sér, skal m. a. mælt fyrir um framlagningu, meðferð og afgreiðslu mála svo og um nefndarskipanir.

13. gr.

Kirkjuþing hefir ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir svið löggjafarvaldsins eða sæta úrskurði forseta Íslands.

Það hefir og rétt til að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, skírn, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík. Þær samþykktir eru þó eigi bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki prestastefnu og biskups.

14. gr.

Kirkjuþingsmenn fá greidda úr ríkissjóði dagpeninga og ferðakostnað. Kýs kirkjuþing þingfararkaupsnefnd, sem endurskoðar reikninga kirkjuþingsmanna, en kirkjumálaráðherra úrskurðar þá og ákveður upphæð dagpeninga.

II. KAFLI

Um kirkjuráð þjóðkirkjunnar.

15. gr.

Kirkjuráð þjóðkirkjunnar er skipað fimm mönnum, biskupi, sem er forseti þess, og fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum, sem kirkjuþing kýs, og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kosið skal í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi, að aflokinni kosningu. Eru kirkjuráðsmenn kjörnir til loka kjörtímabils kirkjuþingsmanna.

Kirkjuráð kýs sér varaforseta, en biskupsritari, er ritari kirkjuráðs.

16. gr.

1. Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þ. á m. verkefna, sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því, og erinda, sem vísað er til þess af hálfu kirkjuþings, biskups, Alþingis. kirkjumálaráðherra, héraðsfunda sóknarnefnda eða starfsmanna sókna eða þjóðkirkjunnar.

2. Biskup undirbýr ásamt kirkjuráði fundi kirkjuþings og fylgir eftir samþykktum þess. Kirkjuráð getur átt frumkvæði að samningu lagafrumvarpa og stjórnvaldsreglna um málefni þjóðkirkjunnar. Kirkjumálaráðherra leitar umsagnar og tillagna þess um lagafrumvörp um þessi efni, er hann hyggst flytja á Alþingi, svo og um drög að stjórnvaldsreglum um kirkjumál, er hann hyggst setja.

3. Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til kirkjunnar á fjárlögum og leitar af því efni tillagna frá kirkjuþingi og aðiljum, sem fjalla um fjármál kirkjunnar.

4. Kirkjuráð hefir á hendi umsjá og stjórn kristnisjóðs, sbr. 23. gr. laga nr. 35/1970, og ráðstafar öðru því fé, sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi. Kirkjuráð hefir forræði og forsjá um Skálholtsstað, svo sem greinir í lögum nr. 32/1963, og hefir þau afskipti af málefnum Skálholtsskóla, er greinir í lögum nr. 31/1977.

17. gr.

Biskup kveður kirkjuráð til fundar, þegar þurfa þykir, og jafnan, þegar tveir kirkjuráðsmenn óska þess. Hann undirbýr fundi ráðsins.

Kirkjumálaráðuneytið úrskurðar reikninga kirkjuráðs, sem greiddir eru úr ríkissjóði, þ. á m. framlagðan kostnað og dagpeninga.

III. KAFLI

Gildistaka, stjórnvaldsreglur og brottfallin lög.

18. gr.

Kirkjumálaráðherra getur, að fengnum tillögum biskups, kirkjuþings og kirkjuráðs, sett reglugerð um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 43/1957, sbr. lög nr. 109/1970 um breytingu á þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1982 semur kjörstjórn, þegar eftir að hún hefir verið skipuð, kjörskrá, sbr. 7. gr., og sendir þeim, sem greinir í 8. gr., kjörgögn svo fljótt sem auðið er. Að því skal stefnt, að kosningarúrslit liggi fyrir eigi síðar en 15. ágúst 1982. Frumreglugerð um kosningarrétt til kirkjuþings 1982 getur kirkjumálaráherra sett að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta samdi kirkjulaganefnd. Í henni eiga sæti: Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller ráðuneytisstjóri, en Pétur Sigurgeirsson biskup hefir nú tekið sæti dr. Sigurbjörns í nefndinni. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi:

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð var stofnað samkvæmt lögum nr. 21/1931 að tillögu kirkjumálanefndar þeirrar, sem skipuð var 1929. Hefir kirkjuráð nú starfað um hálfrar aldar skeið. Til kirkjuþings var stofnað með lögum nr. 43/1957. Hugmyndin um kirkjuþing er þó eldri, sbr. frumvarp séra Þórarins Böðvarssonar á Alþingi 1893. Kirkjumálanefndin, er starfaði 1904—1906, bar þessa hugmynd einnig fram, þótt frv. nefndarinnar yrði ekki flutt á Alþingi. Prófessor Magnús Jónsson flutti frv. til laga um kirkjuþing 1941. Það náði að vísu ekki fram að ganga (féll með jöfnum atkvæðum), en frumvarpi til laga 43/1957 um kirkjuþing og kirkjuráð svipaði mjög til frv. hans, að því er kirkjuþing varðar. Hefir kirkjuþing nú starfað nálega aldarfjórðung.

Þessar tvær stofnanir þjóðkirkjunnar hafa leyst af hendi mikilvæg störf, sem horft hafa til heilla fyrir kirkjuna. Býr kirkjuþing enn við fyrstu lögin, lítið breytt, sem um það voru sett. Lögin um kirkjuráð frá 1931 voru endurskoðuð í tengslum við frv. til laga um kirkjuþing. Voru ákvæðin um kirkjuráð felld inn í kirkjuþingslögin og komu þau í stað laga nr. 21/1931.

Endurskoðun sú, sem nú hefir farið fram á lögum nr. 43/1957, eins og þeim var síðar breytt með lögum nr. 109/1970, er reist á afstöðu kirkjuþings, eins og hún lýsir sér í frv. um breytingar á lögum þessum, er samþykkt var 1976, og í ályktunum þess í nóvember 1980 um tímabærar breytingar á lögunum. Kirkjuráð hefir einnig fjallað um frumvarpið og samþykkt það. Þess skal og getið, að starfsháttanefnd Þjóðkirkjunnar vann mikið verk við athugun m. a. á kirkjulöggjöf og samdi drög að frumvörpum, þ. á m. varðandi kirkjuþing og kirkjuráð. Í nefndinni áttu sæti sr. Halldór Gunnarsson, sr. Jón Bjarman, sr. Jón Einarsson, sr. Jónas Gíslason og sr. Þórhallur Höskuldsson.

I.

Breytingar, sem felast í frv., stefna að þessum atriðum:

1. Lagt er til, að kjörnum kirkjuþingsmönnum verði fjölgað um fimm. Bætt verði við tveimur í Reykjavíkurprófastsdæmi (1. kjördæmi) og myndað verði nýtt kjördæmi, Kjalarnesprófastsdæmi, og verði þá 2. kjördæmi skipt í tvö kjördæmi, þ. e. Kjalarnesprófastdæmi, er verður 2. kjördæmi og Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, er verður 3. kjördæmi. Enn fremur er lagt til, að guðfræðikandidatar og prestar sem gegna föstum störfum í þágu þjóðkirkjunnar án þess að bera ábyrgð á prestakalli kjósi úr sínum hópi einn aðalmann og tvo varamenn til setu á kirkjuþingi. Verður þessi hópur þá kjördeild með sama hætti og guðfræðideild að sínu leyti.

Breyting sú á kjördæmum, sem hér var reifuð, styðst við augljós rök. Reykjavíkurprófastsdæmi er langfjölmennasta prófastsdæmi landsins með rösklega tvisvar og hálfum sinnum fleiri íbúa en næst stærsta prófastsdæmið, Kjalarnessprófastsdæmi, en það er aftur nálega tvisvar sinnum mannfleira en þriðja stærsta prófastsdæmið, Eyjafjarðarprófastsdæmi. Hefir lengi verið ljóst, að fulltrúatala úr Reykjavíkurprófastsdæmi hefir verið of lág og að nauðsyn bæri til þess að Kjalarnessprófastsdæmi yrði sjálfstætt kjördæmi við þingkosningar. Hefir náðst samstaða á kirkjuþingi um þá tilhögun þessara mála, sem greinir í frv.

Lagt er til að kjörtímabil verði 4 ár, en ekki 5 ár, eins og nú er.

2. Í 2. gr. frv. er lagt til, að vígslubiskupar eigi rétt til fundarsetu á kirkjuþingi. Með því nýtist starfsreynsla þeirra í þágu kirkjuþings.

3. Lagt er til í 1. gr. frv., að kirkjuþing komi saman ár hvert, en ekki annað hvert ár eins og verið hefir. Starfstími verði allt að 10 dögum, en ekki allt að hálfum mánuði, eins og nú er. Ýmis vandkvæði eru því samfara, að þingið starfi aðeins annað hvert ár. T. d. er þá ógerlegt að leita umsagnar þingsins um ýmis mál, sem upp kunna að koma milli þinga, og þingið getur ekki markað stefnu í málefnum þjóðkirkjunnar með jafn skilvirkum hætti og þörf er á — og

fylgt henni eftir. Eðlilegt er, að kirkjuþing móti í megindráttum stefnu í tillögugerð um fjárveitingar til þjóðkirkjunnar, en þessa er ekki kostur, miðað við þann starfsgrundvöll, sem nú er lögmæltur. Yfirleitt er það almenn regla, að fulltrúasamkomur haldi fundi a. m. k. einu sinni á ári, og reynslan sýnir, að þessa er þörf, ef slík þing eiga að geta valdið hlutverki sínu til hlítar. Athyglisvert er, að í frv. séra Þórarins Böðvarssonar frá 1893 er gert ráð fyrir, að kirkjuþing komi saman ár hvert.

4. Til viðbótar þessu felast svo í frv. smærri breytingar, þ. á m. um ýmislegt, er varðar kosningu til kirkjuþings. Verður vikið að þeim í athugasemdum við einstakar greinar frv.

II.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv.

Um I. kafla

Í þeim kafla eru ákvæðin um kirkjuþing þjóðkirkjunnar, og er þeim ætlað að koma í stað 1.—14. gr. laga nr. 43/1957.

Um 1. gr.

Rétt þykir að hefja frv. á almennu ákvæði um, að kirkjuþing fjalli um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar. Ekki er hér haggað við stjórnun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á kirkjumálum. Ákvæðið raskar ekki heldur að sínu leyti valdsviði biskups. Í ákvæðinu felst, að kirkjuþing sé æðsta fulltrúastofnun þjóðkirkjunnar — æðsta stofnunin í lýðræðislegri uppbyggingu þjóðkirkjunnar.

Í 2. málsgr. er lagt til, að kirkjuþing komi saman ár hvert, og vísast um rökstuðning til almennu athugasemdanna hér að framan. Starfstíminn verður allt að 10 dögum, en er nú allt að hálfum mánuði.

Í 3. málsgr. er tekið upp ákvæði 1. málsgr. 16. gr. laga 43/1957, og þykir eðlilegt, að það taki bæði til kirkjuþings og kirkjuráðs.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að kjörnum kirkjuþingsmönnum sé fjölgað um fimm, úr fimmtán í tuttugu. Er lagt til, að í Reykjavíkurprófastsdæmi verði kjörnir fjórir þingfulltrúar, í stað tveggja nú, sbr. og lög 96/1980 um biskupskosningu, og að sérstakt kjördæmi, Kjalarnessprófastsdæmi, verði myndað, er kjósi tvo þingmenn. Vísast um það til almennu athugasemdanna hér að framan. Kirkjumálaráðherra og biskup eiga sæti á kirkjuþingi samkvæmt embættisstöðu sinni, svo sem verið hefir, en að auki eiga vígslubiskupar rétt á fundarsetu. Tekið er fram í greininni, að kirkjuráðsmenn eigi rétt til setu á kirkjuþingi og hafi þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hafa þeir eigi, nema þeir séu jafnframt kjörnir þingfulltrúar, sbr. 16. gr. laga nr. 43/1957. Hefir það komið fyrir, að kirkjuráðsmaður sé eigi úr hópi þingfulltrúa.

Um 3. gr.

Um kjördæmaskiptinguna og nýmæli í sambandi við hana vísast til athugasemdanna að framan, svo og um töluröð kjördæma. Um fjölda þingfulltrúa í hverju kjördæmi er og áður rætt.

Um 4. gr.

Í 2. málsgr. er lagt til, að kjörnir verði tveir varamenn þess þingfulltrúa, sem guðfræðideild kýs, í stað eins nú.

Í 3. málsgr. er það nýmæli, að guðfræðingar og prestar, sem eru fastráðnir til starfa að sérstökum verkefnum í þágu þjóðkirkjunnar, svo og biskupsritari og rektor Skálholtsskóla, kjósi úr sínum hópi einn þingfulltrúa og tvo varamenn. Þessir menn bera ekki ábyrgð á prestakalli, og njóta því ekki kosningarréttar samkvæmt hinum almennu ákvæðum frv. um

kosningarrétt guðfræðinga. Samkv. 2. gr. 1. tl. laga nr. 96/1980 var guðfræðingum, er vinna að sérstökum verkefnum í þágu þjóðkirkjunnar veittur kosningarréttur til biskupskosninga. Þessir menn eru auk þeirra tveggja, sem sérstaklega eru greindir í 3. málsgr.: æskulýðsfulltrúi og fréttafulltrúi þjóðkirkjunnar, sbr. 7. gr. laga nr. 35/1970, fangaprestur, prestur með aðsetri í Kaupmannahöfn, sbr. 9. gr. laganna, svo og prestar, er gegna störfum í þágu heyrnarskertra og áfengissjúkra. Er eðlilegt, að þeir fái sérstakan þingfulltrúa á kirkjuþingi og að því ætti að vera styrkur fyrir kirkjuþingið. Biskupsritari og rektor Skálholtsskóla njóta ekki atkvæðisréttar, nema þeir séu guðfræðingar, sbr. og 2. gr. 1. tl. laga nr. 96/1980.

Um 5. gr.

Hún felur aðeins í sér breytingu að því er varðar kosningu í Reykjvíkurprófastsdæmi, sbr. 2. gr.

Um 6. gr.

Hér er sú breyting frá því, er greinir í 6. gr. laga nr. 43/1957, að kveðið er svo á, að varamenn séu tilnefndir fyrir kjörstjórnarmenn.

Um 7.—8. gr.

Hér er sú breyting lögð til, að kjörstjórn semji kjörskrá er liggi frammi í fjórar vikur. Úrskurðar kjörstjórn síðan kærur og gengur endanlega frá kjörskrá. Kjörstjórn setur þeim, er kosningarrétt eiga, skilafrest um sendingu kjörseðla, og verða þeir kjörseðlar, sem síðar berast, eigi taldir með. Annars er kjörtilhögunin hin sama í megindráttum sem nú, sbr. 7. gr. laga nr. 43/1957, sbr. og lög nr. 96/1980, en talning fer fram að loknum skilafresti.

Um 9. gr.

Í 1. málsgr. er boðið að atkvæði skuli talin þegar að loknum skilafresti, og úrskurðar kjörstjórn þau, en í 11. gr. er mælt fyrir um kæru út af kosningunni.

Í 2. málsgr. felst nokkur breyting á ákvæðum 9. gr. laga nr. 43/1957, sbr. lög nr. 109/1970, 2. gr. Er hér lagt til, að sá sé kjörinn 1. varamaður, sem flest fær atkvæði sem aðalmaður og varamaður, og 2. varamaður með hliðstæðum hætti, sá, sem hlotið hefir næst flest atkvæði sem aðalmaður og varamaður o. s. frv. að því er varðar Reykjvíkurprófastsdæmi. Hlutkesti ræður milli þeirra, sem fá jöfn atkvæði. Sá, er eigi telst kosinn aðalmaður, þegar hlutkesti ræður, verður ekki sjálfkrafa 1. varamaður, heldur veltur það á atkvæðamagni sem hann hefir hlotið, samanborið við aðra, og gegnir þessu þá einnig um önnur varamannssæti. Með þeirri kosningatilhögun, sem hér er brotið upp á og kirkjuráð hefir samþykkt, er þess vænst, að gleggri úrslit fáist en samkv. gildandi reglum.

Um 10. gr.

Hún er að mestu í samræmi við 10. gr. laga nr. 43/1957. Tekið skal fram, að þótt prestur, sem kjörinn hefir verið kirkjuþingsmaður, taki við prestsembætti í öðru kjördæmi, á hann allt að einu setu á kirkjuþingi út kjörtímabilið. Sama er um leikmann, sem flytur úr kjördæmi. Hinu sama gegnir enn fremur, þótt prestur láti af embætti. Ef kirkjuþingsmaður gengur úr þjóðkirkjunni, getur hann ekki setið á kirkjuþingi eftir það.

Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um kærufrest vegna kosningar til kirkjuþings með öðrum hætti en er samkv. 11. gr. laga nr. 43/1957. Kjörstjórn telur atkvæði þegar eftir lok skilafrests, svo sem áður segir. Kjörstjórn úrskurðar ekki kærur út af lögmæti kosningar, en sendir kærur til kirkjuþings og lætur fylgja með athugasemdir sínar. Kirkjuþing úrskurðar síðan kærurnar til fullnaðar.

Um 12. gr.

Hér er því bætt við 12. gr. laga nr. 43/1957, að afl atkvæða ráði úrslitum mála, nema þingsköp segi annað. Er hægt að áskilja í þeim, að mál nái ekki fram að ganga, nema það hafi hlotið aukinn meirihluta atkvæða. Hér er gert ráð fyrir, að kirkjuþing setji sér þingsköp.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta er nálega óbreytt 14. gr. laga nr. 43/1957. Hér er þó kirkjuráð fellt niður úr lagatextanum, enda þykir ekki rétt, að samþykktir kirkjuþings, um innri málefni kirkjunnar, séu háðar staðfestingu þess.

Um 14. gr.

Hún er að mestu í samræmi við 13. gr. laga nr. 43/1957.

Um II. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um kirkjuráð, og eiga þau að koma í stað 15.—17. gr. laga nr. 43/1957.

Um 15. gr.

Hún er sama efnis og 15. gr. laga nr. 43/1957, en þó er hér lagt til, að kirkjuþing kjósi tvo guðfræðinga og tvo leikmenn, en orðalag er annað í tilvitnuðu lagaákvæði.

Um 16. gr.

Um verkefni kirkjuráðs er ákvæði í 1. gr. 3. málsgr. Hér eru sérgreind verkefni kirkjuráðs og hversu þau beri að. Er ákvæðið nokkru rækilegra en 16. gr. laga nr. 43/1957, en að mestu í samræmi við lagaframkvæmd. Í 4. málsgr. er tilvísun til nokkurra lagaákvæða, sem greina tiltekin verkefni kirkjuráðs.

Tekið skal fram, að venjur hafa myndast um það, hvaða málefni kirkjumálaráðherra beri undir kirkjuráð, og raskar þessi grein því í engu.

Um 17. gr.

Hún er að mestu í samræmi við 17. gr. laga nr. 43/1957.

Um III. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um stjórnvaldsreglur, gildistöku og brottfallin lög. Að því er varðar reglugerð má t. d. á það benda, að réttmætt getur verið að setja fyllri reglur um kosningu til kirkjuþings í reglugerð. Um framkvæmd laganna og gildistöku skal bent á, að í 7. gr. segir, að næst skuli kosið til kirkjuþings á árinu 1982 og þá samkv. þeim reglum, sem í felast, ef að lögum verða. Umboð núverandi kirkjuþingsmanna helst því uns sú kosning hefir farið fram. Sama er um kirkjuráð. Gert er ráð fyrir því í frv., að nýkjörið kirkjuþing kjósi nýtt kirkjuráð, þ. e. á árinu 1982, og helst umboð þeirra, sem nú sitja í kirkjuráði, uns sú kosning hefir átt sér stað.

Um ákvæði til bráðabirgða

Það er bundið við kosningu til kirkjuþings á árinu 1982, og samkv. eðli máls er þörf á sérákvæðum um hana, sbr. t. d. um það, hvenær kjörskrá verði samin.

Nd. 642. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frv. á fundum sínum. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Undirritaður meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Matthías Bjarnason, frsm. Matthías Á. Mathiesen. Albert Guðmundsson.

Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 643. Frumvarp til laga [168. mál]

um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

I. KAFLI

Yfirstjórn, læknisleyfi, dýralæknaskipun.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála, sem varða starfandi dýralækna, dýralækningar og heilsufar húsdýra. Honum til ráðuneytis skal starfa yfirdýralæknir með búsetu í Reykjavík.

2. gr.

Þeir einir eru taldir dýralæknar í lögum þessum, sem lokið hafa prófi við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum (landbúnaðarráðuneyti) og hlotið hafa dýralækningaleyfi hjá landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn yfirdýralæknis, með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem landbúnaðarráðherra setur á hverjum tíma.

3. gr.

Til að öðlast leyfi til dýralækninga hér á landi skal umsækjandi hafa starfað við dýralækningar hérlendis í tvo mánuði hið skemmsta að loknu kandidatsprófi undir handleiðslu héraðsdýralæknis, sem hefur að minnsta kosti fimm ára starf í héraði að baki. Hann skal hafa kynnt sér rækilega þau lög og reglur, sem lúta að störfum dýralækna og lyfjamálum hér á landi. Skal yfirdýralæknir eða aðrir, sem hann kveður til, sannprófa þekkingu umsækjanda á þessum sviðum samkvæmt nánari reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur. Þeir einir geta hlotið leyfi til að stunda dýralækningar sjálfstætt, sem eru íslenskir ríkisborgarar og lögráða.

Landbúnaðarráðherra getur veitt mönnum, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, tímabundið lækningaleyfi, þegar sérstaklega stendur á, enda uppfylli þeir skilyrði 2. og 3. gr. og hafi að dómi yfirdýralæknis nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

Ákvæði laga þessara um veitingu læknisleyfis til handa dýralæknum ná ekki til þeirra, sem þegar hafa fengið slíkt leyfi.

Landbúnaðarráðuneytið skal birta í Lögbirtingablaðinu nöfn þeirra, sem hlotið hafa heimild til dýralækninga.

4. gr.

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1) Hafnarfjarðarumdæmi: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Gullbringusýsla, Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Bessastaðahreppur.
2) Reykjavíkurumdæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur.

3) Akranesumdæmi: Akranes, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur.
4) Borgarfjarðarumdæmi: Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur.
5) Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla nema Hvítársíðuhreppur.
6) Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Flateyjarhreppur.
7) Dalaumdæmi: Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla að undanteknum Múlahreppi og Flateyjarhreppi.
8) Barðastrandarumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla, Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu.
9) Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvík, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslur.
10) Strandaumdæmi: Strandasýsla. Íbúar Bæjarhrepps geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Vestur-Húnaþingsumdæmi, ef þeir óska þess.
11) Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.
12) Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
13) Skagafjarðarumdæmi: Sauðárkrókur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Rípurhreppur, Akrahreppur.
14) Hofsósumdæmi: Hofsóshreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur, Holtshreppur Siglufjörður.
15) Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Hríseyjarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur.
16) Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.
17) Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímseyjarhreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur.
18) Þingeyjarþingsumdæmi vestra: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur vestan Fljótsheiðar.
19) Þingeyjarþingsumdæmi eystra: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Kelduneshreppur.
20) Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur.
21) Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiðahreppur í Suður-Múlasýslu, Seyðisfjörður.
22) Austurlandsumdæmi syðra: Búðahreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur.
23) Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarhreppur, Helgustaðahreppur, Eskifjörður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur.
24) Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.
25) Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Skaftártunguhreppur, Álftavershreppur.
26) Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur.
27) Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur austan Eystri-Rangár.
28) Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur.
29) Hreppaumdæmi: Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur.

30) Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur.
31) Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoss, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur, Vestmannaeyjar.

Skipting héraðsdýralæknisumdæma skv. þessari grein kemur til framkvæmda á næstu fimm árum eftir því sem landbúnaðarráherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77/1981 gera ráð fyrir.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður hvar héraðsdýralæknar skuli hafa aðsetur og starfsaðstöðu, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og viðkomandi búnaðarsambanda.

Þar sem ekki er embættisbústaður, er ráðherra heimilt að láta byggja sérstaka embættisaðstöðu.

Heimilt er ráðherra að ákveða, að tveir eða fleiri héraðsdýralæknar hafi aðsetur á sama stað, ef það er hentugra að dómi yfirdýralæknis, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og viðkomandi búnaðarsambanda.

Við veitingu embætta dýralækna í þjónustu ríkisins skal viðkomandi ráðherra leita álits yfirdýralæknis og nefndar 3ja manna, sem kosin er af Dýralæknafélagi Íslands úr hópi meðlima félagsins. Að öðru jöfnu skal sá umsækjandi sitja fyrir, sem lengstan hefur starfsaldur, en einnig skal taka tillit til sérmenntunar, svo og starfstíma í afskekktum og rýrum héruðum.

Heimilt er að ráða tvo dýralækna án fasts læknisaðseturs til þess að gegna dýralæknisþjónustu í forföllum héraðsdýralæknis, þegar sérstakar annir eða vanda ber að höndum í einstökum umdæmum eða til aðstoðar yfirdýralækni við sérstök verkefni. Um starf og starfstilhögun þessara manna skal ákveða nánar í sérstöku erindisbréfi.

Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu starfa þrír sérmenntaðir dýralæknar, sem hafa aflað sér ýtarlegrar sérþekkingar með framhaldsnámi og störfum.

II. KAFLI

Skyldur dýralækna.

6. gr.

Yfirdýralæknir skal vera ríkisstjórn til ráðuneytis um dýralæknamál og annast yfirumsjón með öllu, sem varðar heilbrigðismál búfjár og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða. Um mál, sem gætu varðað heilsufar neytenda, skal hann hafa samráð við landlækni.

Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn varnaraðgerða gegn smitsjúkdómum húsdýra, innflutningi og útflutningi lifandi dýra og hvers konar búfjárafurða, að því er varðar sóttvarnir, heilbrigði og hollustuhætti og segja fyrir um nauðsynlega vottorðagjöf í því sambandi. Honum ber að fylgjast með heilsufari húsdýra í viðskiptalöndum Íslands, svo sem við verður komið.

Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og þeirra dýralækna annarra, sem dýralæknisstörfum sinna, svo og þeim sem starfa við hjúkrun dýra.

7. gr.

Héraðsdýralæknar skulu, hver í sínu umdæmi, vinna að bættu heilsufari búpenings og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu leitast við að fræða dýraeigendur um þau ráð, sem tiltæk eru til varnar sjúkdómum, og beita þekkingu sinni og reynslu til þess að lækna sjúk dýr, þegar þeir eru til kvaddir.

Dýralæknar skulu vera á verði gegn því, að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma. Þeir skulu leitast við að fræða dýraeigendur um þau ráð, sem tiltæk eru til varnar gegn sjúkdómum, og beita þekkingu sinni og reynslu til þess að lækna sjúk dýr, þegar þeir eru til kvaddir.

Dýralæknar skulu gegna störfum sínum og skyldum með árvekni, halda þekkingu sinni sem best við og gæta fyllstu vandvirkni og samviskusemi í öllum dýralæknisstörfum.

Dýralæknar skulu vanda svo sem kostur er allar skýrslur, umsagnir og vottorð og skrá þar eingöngu það, sem þeir vita fullar sönnur á, hvort sem vottorðin eru ætluð til leiðbeininga eða sem sönnunargagn í tilteknu máli.

Dýralæknar skulu forðast að baka dýraeigendum óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum.

Héraðsdýralæknar eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum þegar þess er leitað, nema þeir séu sjúkir eða hindraðir af aðkallandi embættisstörfum.

Nú er héraðsdýralæknis vitjað úr öðru dýralæknisumdæmi í mjög brýnni nauðsyn, þegar ekki næst til viðkomandi héraðsdýralæknis, til dæmis vegna ófærðar, og ber honum þá skylda til að sinna vitjunarbeiðni, ef hann getur komið því við.

Héraðsdýralækni er skylt að svara fyrirspurnum í síma og veita upplýsingar varðandi sjúkdóma í dýrum, þegar þess er óskað.

Landbúnaðarráðherra setur dýralæknum erindisbréf, samkvæmt tillögum yfirdýralæknis. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýralækna.

Enginn dýralæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Þriggja manna nefnd, skipuð yfirdýralækni, forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum og fulltrúa, er stjórn Dýralæknafélags Íslands tilnefnir, skal setja reglur um nám og menntun, sem metin er nægileg til sérfræðingsviðurkenningar, og meta hæfni umsækjanda og störf.

8. gr.

Nú hyggst dýralæknir hefja starf við dýralækningar á eigin vegum eða á vegum félagssamtaka. Skal hann þá tilkynna það bréflega yfirdýralækni og viðkomandi héraðsdýralækni með rúmum fyrirvara og gera grein fyrir fyrirhuguðum störfum og starfsaðstöðu.

Yfirdýralæknir getur einnig kvatt þá, sem starfa við dýralækningar, á þennan hátt til þess að taka þátt í vörnum gegn smitsjúkdómum, og honum er einnig heimilt að fela þeim vaktaþjónustu í umdæminu, ef héraðsdýralæknir óskar þess.

Nú óska einstaklingar eða félög að koma á fót rannsóknaraðstöðu eða sjúkraskýli (spítala) fyrir sjúk dýr, og skal þá senda um það umsókn til landbúnaðarráðuneytisins. Ráðuneytinu er rétt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og stjórn Dýralæknafélags Íslands, að setja sérstakar reglur um slíka starfsemi að því er varðar ábyrgð dýralæknis, útbúnað, húsnæði o. s. frv.

9. gr.

Forseti Íslands skipar yfirdýralækni og héraðsdýralækna. Dýralæknar í þjónustu ríkisins taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna.

Héraðsdýralæknar skulu fá greiðslu fyrir störf sín og ferðir fyrir einstaklinga og hið opinbera samkvæmt gjaldskrá, sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Dýralæknafélags Íslands. Er þeim óheimilt að taka hærri greiðslur fyrir störf sín heldur en greint er í gildandi gjaldskrá. Aðrir dýralæknar mega ekki taka hærri þóknun fyrir læknisstörf en sanngjarnt er, miðað við hve vandasöm og tímafrek aðgerðin er.

Þegar nauðsyn krefur er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi gegn hálfum byrjunarlaunum þessa umdæmis.

Héraðsdýralæknar skulu skipuleggja orlofstöku í samráði við yfirdýralækni. Landbúnaðarráðuneytið útvegar staðgengil í samráði við yfirdýralækni og héraðsdýralækni.

Staðgengill héraðsdýralæknis skal hafa starfsaðstöðu í húsnæði embættisins, ef hann óskar þess, þar með talin afnot af síma. Um dvalarkostnað staðgengils og verkefnaskiptingu (eftirlitsstörf, lyfjasölu o. þ. h.) fer samkvæmt samkomulagi dýralæknanna hverju sinni.

Dýralæknisnema, sem ekki hefur lokið námi að fullu, má fela að gegna héraðsdýralæknisumdæmi um stundarsakir, ef yfirdýralæknir mælir með því, enda sé ekki tiltækur dýralæknir til starfsins. Einnig má fela dýralæknisnema tiltekin störf á starfssviði dýralækna um stundarsakir, og hefur hann þá læknisleyfi á meðan hann gegnir þeim.

10. gr.

Héraðsdýralæknar stunda almennar dýralækningar, hver í sínu umdæmi. Þeir annast sölu lyfja handa dýrum eða ávísa þeim, ef betur hentar. Ekki er öðrum en dýralæknum heimilt að ávísa lyfjum handa dýrum. Héraðsdýralæknum er heimilt að kaupa lyf handa dýrum í lyfjabúðum, lyfjaheildverslunum og hjá lyfjaframleiðendum.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum selur og framleiðir undir stjórn sérmenntaðs dýralæknis ónæmislyf handa húsdýrum. Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með þessari starfsemi. Óheimilt er að flytja inn ónæmisefni hvers konar handa húsdýrum nema að fenginni skriflegri heimild yfirdýralæknis.

Lyfjaverslun ríkisins og Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum annast útvegun ónæmisefna frá útlöndum þegar þörf krefur. Nánar skal kveða á um innflutning slíkra lyfja í reglugerð.

III. KAFLI

Um smitnæma sjúkdóma, læknisaðgerðir og eftirlitsstörf.

11. gr.

Verði dýralæknir var við alvarlegan smitsjúkdóm í húsdýrum eða villtum dýrum eða hefur grun um slíkt, skal hann þegar í stað gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón, sem af honum gæti leitt. Hann skal án tafar tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn, ef um héraðsdýralækni er að ræða, en héraðsdýralækni, ef um almennar dýralækningar er að ræða. Gera þeir í samráði þær ráðstafanir, sem þurfa þykir. Komi upp smitsjúkdómur í dýrum, sem mönnum gæti stafað hætta af, skulu höfð samráð við landlækni um nauðsynlegar aðgerðir.

Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum, ef ætla verður að aðgerðin muni baka dýrinu verulega þjáningu. Skal við slíkar aðgerðir nota svefn- eða deyfilyf, eftir því sem við á. Dýralæknum einum er heimilt að gefa dýrum lyf, sem eru sérstaklega varasöm eða hættuleg. Skal kveða nánar á um notkun slíkra lyfja í reglugerð.

Landbúnaðarráðherra setur reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, um meðferð helstu smitsjúkdóma húsdýra og varnir gegn þeim.

12. gr.

Héraðsdýralæknar annast heilbrigðiseftirlit með sláturgripum og sláturfé, þar með taldir alifuglar, og afurðum þeirra, eftir því sem aðstæður leyfa.

Þegar héraðsdýralæknar geta ekki sjálfir annað eftirliti þessu er þeim heimilt að ráða aðra dýralækna við þetta heilbrigðiseftirlit að fengnu samþykki yfirdýralæknis. Ef ekki er völ á dýralækni eða dýralæknisefni til starfsins, skulu læknisefni eða aðrir, sem lokið hafa sérstöku námskeiði í heilbrigðisskoðun sláturafurða, annast eftirlit undir stjórn og leiðbeiningum viðkomandi héraðsdýralæknis.

Landbúnaðarráðherra setur reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og umsögn Hollustuverndar ríkisins, um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturdýrum og afurðum

þeirra, meðferð afurða, flutning og geymslu, útbúnað, vinnutilhögun og þrifnað í sláturhúsum, kjötfrystihúsum og kjötvinnslustöðvum.

Dýralæknar skulu í lok hvers árs gefa yfirlitsskýrslu um heilbrigðiseftirlit þetta og senda yfirdýralækni fyrir 15. febrúar næsta árs.

13. gr.

Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu nautgripa og þrifnaði í fjósum, þar sem framleidd er sölumjólk. Þeir skulu leitast við með leiðbeiningum og á annan hátt að bæta þrifnað og hollustuhætti hjá framleiðendum sölumjólkur.

Stjórnvöld setja reglur um framkvæmd þessa eftirlits og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda. Heimilt er að áfrýja ákvörðun héraðsdýralæknis um sölustöðvun mjólkur þegar í stað til yfirdýralæknis, sem fellir fullnaðarúrskurð.

Héraðsdýralæknar skulu halda skýrslur um þetta eftirlit, samkvæmt nánari fyrirsögn yfirdýralæknis. Mjólkurstöðvar skulu hafa greiðan aðgang að skýrslum héraðsdýralækna, ef þess er óskað.

Héraðsdýralæknar skulu árlega vinna úr gögnum þessum yfirlitsskýrslu um heilbrigði mjólkurkúa og þrifnað í fjósum, sem framleiða sölumjólk. Skal hún send yfirdýralækni fyrir 1. ágúst árið eftir.

Héraðsdýralæknar skulu hafa reglulegt eftirlit með hreinlæti og þrifnaði mjólkurstöðva í umdæmi sínu og sjá um, að starfsemi öll sé í samræmi við gildandi reglur. Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og skýrsluhald, er það varðar, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

14. gr.

Dýralæknar skulu færa dagbækur um heilsufar, sjúkdóma og læknisaðgerðir á húsdýrum. Úr þeim gögnum skal mánaðarlega gera skýrslu um smitsjúkdóma og senda yfirdýralækni jafnóðum.

Dýralæknar skulu einnig um hver áramót gera yfirlitsskýrslur um heilsufar, sjúkdóma og læknisaðgerðir á liðnu ári og senda yfirdýralækni fyrir 15. febrúar.

Nú vanrækir dýralæknir að gera og senda fyrirskipaðar skýrslur á réttum tíma, án þess að lögmæt forföll, svo sem veikindi, banni að mati yfirdýralæknis, og er þá heimilt, ef áminning ber ekki árangur, að ákveða í reglugerð lögtakskræfar dagsektir fyrir hvern dag sem vanrækt er að senda lögboðnar skýrslur. Dagsektir þessar skulu renna í vísindasjóð Dýralæknafélags Íslands.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Allir dýralæknar, sem læknisstörfum sinna, skulu háðir eftirliti yfirdýralæknis.

Ef yfirdýralæknir verður þess var, að dýralæknir, sem læknisleyfi hefur, vanrækir skyldur sínar og störf eða brýtur alvarlega í bága við fyrirmæli, sem dýralæknum ber að starfa eftir, skal yfirdýralæknir áminna hann um að bæta ráð sitt.

Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi, þá ber yfirdýralækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi sé sviptur lækningaleyfi um tiltekinn tíma. Kærður dýralæknir getur skotið málið sínu til dýralæknaráðs. Dýralæknaráð skal skipað yfirdýralækni og stjórn Dýralæknafélags Íslands á hverjum tíma. Leyfissviptingu má fresta þar til umsögn ráðsins liggur fyrir, en hún skal lögð fram innan þriggja mánaða.

Ef ástæða þykir til, er yfirdýralækni rétt að krefjast ítarlegra upplýsinga um notkun fíkni- og eiturlyfja til dýralækninga samkvæmt nánari reglum, sem um það verða settar.

Nú telur yfirdýralæknir, að dýralæknir, sem lækningaleyfi hefur, hafi sýnt að hann uppfylli ekki lengur þær kröfur, sem gerðar voru, er honum var veitt læknisleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri heilsu, eiturlyfjanotkunar eða drykkjuskaparóreglu, sem gerir hann óhæfan eða hættulegan við störf sín, þá skýri hann ráðherra frá því. Ráðherra leitar álits læknaráðs um málið. Má svipta viðkomandi dýralækni lækningaleyfi, ef læknaráð telur nauðsynlegt, en skjóta má sakborningur máli sínu til dómstólanna.

16. gr.

Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknis. Þó er honum heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma, læknavakt, orlof o. s. frv. sem og birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum. Um hvers konar auglýsingar á lyfjum og læknisáhöldum til dýralækninga fer samkvæmt lögum nr. 49/1978.

Á sama hátt eru bannaðar gyllandi umsagnir um sjúkrahús, sjúkraskýli og sjúkrastofur ætlaðar dýrum og sérstakan lækningamátt tiltekinna tegunda dýrafóðurs eða fóðurblandna.

17. gr.

Í afskekktum umdæmum, þar sem umsvif eru lítil og samgöngur erfiðar, er heimilt að greiða staðaruppbót allt að hálfum byrjunarlaunum í umdæminu. Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar greinar skulu sett í reglugerð.

Heimilt er að greiða héraðsdýralæknum símastyrk skv. ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins og að auki leigu vegna embættisaðstöðu til þeirra, sem eigi njóta embættisbústaða.

Þeir dýralæknar, sem búa í húsnæði í eigu ríkisins, skulu undirrita sérstakan leigusamning, þar sem kveðið er á um tryggingar, leiguupphæð, skyldur leigutaka og leigusala og annað er máli skiptir.

18. gr.

Þegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til þess að starfa sem héraðsdýralæknir næstu þrjú ár.

Í þessu skyni skal gera ráð fyrir sérstakri upphæð á fjárlögum til bifreiðakaupa fyrir nýja héraðsdýralækna. Landbúnaðarráðherra setur reglur um fjárreiður sjóðs þessa.

Heimilt er að sjá hverju dýralæknisumdæmi fyrir sérstökum læknisáhöldum og tækjum, samkvæmt tillögum yfirdýralæknis og stéttarfélags dýralækna. Héraðsdýralæknum ber að gæta og varðveita áhaldasafn þetta á óaðfinnanlegan hátt og skila í hendur eftirmanna sinna.

Fyrir hver fimm ár, sem héraðsdýralæknir eða annar dýralæknir í þjónustu ríkisins hefur gegnt störfum, á hann rétt á allt að 3ja mánaða leyfi frá störfum með fullum launum til endurmenntunar eða sérstakrar starfsþjálfunar. Skal leyfið skipulagt í samráði við yfirdýralækni. Þeir, sem nýta þessi réttindi, skulu gera yfirdýralækni skriflega grein fyrir náminu og starfsþjálfuninni. Að öðru leyti gilda kjarasamningar á hverjum tíma um framkvæmd þessa atriðis.

19. gr.

Þegar dýralæknir er kvaddur til vitjana á eigin farkosti á fleiri en einn stað í sömu akstursleið, ber honum að aka sem beinasta og greiðasta leið til þeirra, sem vitjana hafa óskað. Þegar þannig stendur á, skal jafna greiðslu fyrir ferðakostnað niður á þá, sem vitjana hafa óskað hverju sinni.

Nú er héraðsdýralæknir kvaddur í mjög brýnni nauðsyn til staðar, sem er yfir 40 km frá heimili hans, og greiðir þá sá, sem vitjunar beiðist, ferðakostnað fyrir 80 km akstur, en það, sem umfram er, greiðist af opinberu fé. Landbúnaðarráðherra setur reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 77/1981 um dýralækna, svo og lög nr. 123 frá 27. desember 1935 um geldingu húsdýra.

Þrátt fyrir ákvæði þessara laga halda lög nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og síðari breytingar á þeim lögum fullu gildi.

Nd. 644. Breytingartillaga [168. mál]

við frv. til laga um dýralækna.

Frá Vilmundi Gylfasyni, Albert Guðmundssyni og Karvel Pálmasyni.

Við 18. gr. Tveir fyrstu málsliðir falli niður.

Nd. 645. Breytingartillögur [211. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 1. mgr. 4. gr. laganna komi:
   Verðlagsráð getur falið sérstakri 3ja manna nefnd, sem viðskiptaráðherra skipar, að undirbúa mál, sem lögð skulu fyrir verðlagsráð.
   Nefnd þessi skal skipuð verðlagsstjóra, sem er formaður nefndarinnar, einum fulltrúa skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einum fulltrúa skv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, og skulu þeir ekki jafnframt eiga sæti í verðlagsráði. Þá getur verðlagsráð einnig heimilað nefndinni að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál, sem þurfa skjótrar úrlausnar við, enda samþykki allir nefndarmenn þær ákvarðanir. Ef slíkar ákvarðanir hljóta eigi samþykki verðlagsráðs á næsta fundi ráðsins falla þær sjálfkrafa úr gildi.
   Verðlagsráð getur falið nefndinni eða verðlagsstofnun önnur ákvörðunarefni eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.

Nd. 646. Lög [203. mál]

um breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 334.

Nd. 647. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Skúli Alexandersson.	Pétur Sigurðsson.	Þórarinn Sigurjónsson.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 648. Breytingartillögur [168. mál]

við frv. til laga um dýralækna.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 4. gr. Við 23. lið bætist:
   Íbúar hreppanna sunnan Oddsskarðs geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Austurlandsumdæmi nyrðra, ef þeir óska þess.
2. Við 20. gr. Framan við greinina bætist svohljóðandi ný málsgrein:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 649. Breytingartillaga [168. mál]

við frv. til l. um dýralækna.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Aftan við 20. gr. bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða fyrir 1. janúar 1985.

Ed. 650. Frumvarp til laga [168. mál]

um dýralækna.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 643 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1) Hafnarfjarðarumdæmi: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Gullbringusýsla, Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Bessastaðahreppur.
2) Reykjavíkurumdæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur.
3) Akranesumdæmi: Akranes, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur.
4) Borgarfjarðarumdæmi: Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur.
5) Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla nema Hvítársíðuhreppur.
6) Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Flateyjarhreppur.
7) Dalaumdæmi: Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla að undanteknum Múlahreppi og Flateyjarhreppi.
8) Barðastrandarumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla, Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu.
9) Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvík, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslur.
10) Strandaumdæmi: Strandasýsla. Íbúar Bæjarhrepps geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Vestur-Húnaþingsumdæmi, ef þeir óska þess.
11) Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.
12) Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
13) Skagafjarðarumdæmi: Sauðárkrókur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Rípurhreppur, Akrahreppur.
14) Hofsósumdæmi: Hofsóshreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur, Holtshreppur Siglufjörður.
15) Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Hríseyjarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur.
16) Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.
17) Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímseyjarhreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Hálshreppur.
18) Þingeyjarþingsumdæmi vestra: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur vestan Fljótsheiðar.
19) Þingeyjarþingsumdæmi eystra: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Keldunes-hreppur.
20) Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur.
21) Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiðahreppur í Suður-Múlasýslu, Seyðisfjörður.
22) Austurlandsumdæmi syðra: Búðahreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur.

23) Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarhreppur, Helgustaðahreppur, Eskifjörður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarheppur. Íbúar hreppanna sunnan Oddskarðs geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Austurlandsumdæmi nyrðra, ef þeir óska þess.
24) Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.
25) Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Skaftártunguhreppur, Álftavershreppur.
26) Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur.
27) Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur austan Eystri-Rangár.
28) Hellumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur.
29) Hreppaumdæmi: Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur.
30) Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur.
31) Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoss, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur, Vestmannaeyjar.

Skipting héraðsdýralæknisumdæma skv. þessari grein kemur til framkvæmda á næstu fimm árum eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77/1981 gera ráð fyrir.

20. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 77/1981 um dýralækna, svo og lög nr. 123 frá 27. desember 1935 um geldingu húsdýra.

Þrátt fyrir ákvæði þessara laga halda lög nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og síðari breytingar á þeim lögum fullu gildi.

Nýtt ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skal endurskoða fyrir 1. janúar 1985.

Nd. 651. Breytingartillaga [216. mál]

við frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá Friðrik Sophussyni.

Við 1. gr. Orðið „stéttarfélag“ falli brott.

Sþ. 652. Fyrirspurn [293. mál]

til iðnaðarráðherra um vatnaflutninga af vatnasvæði Skjálfandafljóts.

Frá Guðmundi Bjarnasyni.

1. Eru fyrirhugaðir eða hafa átt sér stað vatnaflutningar af vatnasvæði Skjálfandafljóts vegna virkjunarframkvæmda Landsvirkjunar?
2. Hafa farið fram umræður eða verið gerðir samningar um þessa vatnaflutninga og hverjir eru þá samningsaðilar?
3. Hvaða áhrif hafa slíkir vatnaflutningar á hugsanlega virkjun Skjálfandafljóts?
4. Ef af vatnaflutningum sem þessum verður tjón eða skaði á landi eða mannvirkjum, svo sem vegna breytinga á árfarvegi eða framburði fljótsins, hver ber þá ábyrgðina?

Sþ. 653. Fyrirspurn [294. mál]

til sjávarútvegsráðherra varðandi afstöðu af Íslands hálfu á fundum Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Frá Stefáni Jónssyni.

Ósk um skriflegt svar.

1. Um hvaða mál hafa verið greidd atkvæði af hálfu Íslendinga innan Alþjóðahvalveiðiráðsins?
2. Hvernig hefur atkvæði Íslands fallið við atkvæðagreiðslu í þessum málum og með hvaða rökum?
3. Hvaða vísindalegar athuganir liggja til grundvallar þessari afstöðu Íslendinga?
4. Hefur sjávarútvegsráðuneytið kannað hver áhrif óbreytt afstaða Íslands í hvalveiðimálunum hefur haft á markaðsstöðu íslenskra sjávarafurða erlendis?
5. Hefur ráðuneytið kannað ásakanir af hálfu hvalfriðunarmanna á þá lund, að Íslendingar hafi vanrækt störf í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins?

Nd. 654. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Pétri Sigurðssyni, Matthíasi Bjarnasyni og Magnúsi H. Magnússyni.

Á eftir 3. mgr. komi svohljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á fjárlögum fyrir árið 1983 skal greiðslufyrirkomulag samkvæmt 1. gr. aðeins gilda fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, auk ríkisspítalanna, meðan verið er að kanna reynsluna af breyttu greiðslufyrirkomulagi.
2. Þegar skal lagfæra ágalla á gildandi daggjaldakerfi, m. a. með því að fjölga reiknilíkönum til samræmis við starfsemi stofnana. Einnig skal setja reglur um samræmt bókhald fyrir öll sjúkrahús og aðrar stofnanir sem undir daggjaldakerfið falla eða eru á fjárlögum.
3. Heilbrigðisráðherra skal láta fara fram heildarendurskoðun á gildandi greiðslufyrirkomulagi með það að markmiði að kanna hagkvæmustu framtíðarskipulagningu á greiðsluformi, og skal leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta Alþingi.

Ed. 655. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og það var afgreitt frá Nd.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jón Helgason.
Gunnar Thoroddsen.	Lárus Jónsson.	Helgi Seljan.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Ed. 656. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95 20. des. 1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Gunnar Thoroddsen.	Jón Helgason.	Helgi Seljan.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Ed. 657. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52/1975, um Viðlagatryggingu Íslands.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og kallað til viðræðna Ásgeir Ólafsson fyrrv. forstjóra Brunabótafélags Íslands. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Jón Helgason.	Helgi Seljan.	Gunnar Thoroddsen.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Sþ. 658. Tillaga til þingsályktunar [295. mál]

um langtímaáætlun um þróunarsamvinnu.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Árni Gunnarsson, Eiður Guðnason, Vilmundur Gylfason, Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Þróunarsamvinnustofnun Íslands gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna fimm ára áætlun um aukinn stuðning Íslendinga við þau ríki sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær, að framlög hins opinbera nemi 0.7% þjóðarframleiðslunnar í lok áætlunartímabilsins, jafnhliða því sem frjáls framlög almennings verði 0.3% — eða aðstoðin samtals 1% af þjóðarframleiðslu. Til að ná þessu marki verði við það miðað að tvöfalda opinbert framlag á hverju ári næstu árin.

Greinargerð.

Fjárframlög til þessa málaflokks hér á landi eru langt frá því að vera sambærileg við þann stuðning sem önnur Norðurlönd veita. Það er yfirlýst markmið, sem Ísland hefur aðhyllst, að 1% þjóðarframleiðslu þróaðra þjóða renni til aðstoðar við þau lönd sem skemmst eru komin á þróunarbrautinni, og er þá miðað við að opinber framlög nemi 0.7% þjóðarframleiðslunnar, en einkaframlög 0.3%.

Fjárveiting Íslands til þróunarríkja á fjárlögum 1982 nemur 0.005% af þjóðarframleiðslu. Þetta framlag þarf rúmlega að tífalda til að ná settu marki. Til þess að ná því markmiði virðist ráðlegt að stíga ákveðin skref á hverju ári. Með árlegri tvöföldun framlaga næðist hið setta mark á fimmta ári.

Áríðandi er að þetta fé nýtist sem best. Með þessari þingsályktunartillögu er stefnt að því tvíþætta markmiði, að Alþingi ákveði annars vegar að ná settu marki í þróunaraðstoð innan fimm ára og hins vegar að Þróunarsamvinnustofnun Íslands fái tækifæri til að vinna skipulega að verkefni þessu.

Ed. 659. Frumvarp til laga [296. mál]

um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1981, um loðdýrarækt.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Stefán Jónsson, Eiður Guðnason, Egill Jónsson, Davíð Aðalsteinsson.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og búnaði til loðdýrabúa, vélbúnaði og tækjum til fóðurstöðva, vélbúnaði og tækjum til pelsverkunar og hvers konar öðrum sérhæfðum búnaði til loðdýraræktar.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hefur mönnum verið ljós nauðsyn þess að auka fjölbreytni atvinnulífs til sveita. Byggja þarf upp nýjar búgreinar og renna fleiri og styrkari stoðum undir afkomumöguleika bænda.

Hefðbundnar búgreinar hafa átt við vaxandi örðugleika að stríða í markaðsmálum. Stöðugt hefur breikkað bilið milli þess verðs, sem bændur þurfa að fá fyrir framleiðsluvörur sínar, og þess verðs, sem fáanlegt er fyrir þær erlendis. Á síðustu 2—3 árum hefur reynst óhjákvæmilegt að draga mjög úr framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða og er nú nær eingöngu miðað við innanlandsneyslu. Horfur á útflutningi dilkakjöts á þessu ári eru mjög tvísýnar og gæti því þurft að draga einnig verulega úr framleiðslu sauðfjárafurða.

Árið 1979 varð samkomulag um breytingar á jarðræktarlögum í þá veru að draga úr fjárveitingu til jarðræktar og annarra framkvæmda sem fyrst og fremst þjónuðu hinum hefðbundnu búgreinum, en verja í þess stað auknu fjármagni til nýrra búgreina og hagræðingar í landbúnaði og auðvelda á þann hátt þá stefnubreytingu sem menn voru sammála um að þyrfti að eiga sér stað í landbúnaði. Því miður vantar mikið á að staðið hafi verið við þau fyrirheit sem gefin voru, og þar af leiðandi hefur þróunin frá hefðbundnum búgreinum inn á nýjar brautir orðið hægari en æskilegt væri, miðað við þau skilyrði sem nú eru fyrir hendi í markaðsmálum landbúnaðarins. Nokkur þróun hefur orðið í fiskrækt og loðdýrarækt. Á undanförnum árum hafa risið nokkrar fiskræktarstöðvar og stofnuð hafa verið allmörg minka- og refaræktarbú, einkum þó á tveim seinustu árum.

Eftir samþykkt laga nr. 68/1969, um loðdýrarækt, hófst minkarækt að nýju hér á landi, upp úr 1970. Stofnuð voru átta minkabú. En því miður átti þessi nýja starfsemi við ýmsa erfiðleika að etja. Stofnkostnaður var mikill og búin urðu fyrir áföllum, þannig að nokkur þeirra hættu starfsemi. Nú munu þó vera starfandi fjögur minkabú og áhugi manna aftur mjög vaxandi. Refarækt hófst að nýju fyrir þremur árum. Er því ekki mikil reynsla komin á starfsemina enn þá, en óhætt mun þó að segja að upphafið lofi góðu. Sú hætta er hins vegar enn fyrir hendi, að mikill stofnkostnaður og hár fjármagnskostnaður leiði til þess, að íslensk loðdýrarækt eigi erfitt uppdráttar og verði ekki samkeppnisfær á þeim mörkuðum, sem keppa þarf á, við þróaða framleiðslu frá nágrannaþjóðunum og sagan upp úr 1970 endurtaki sig.

Mikil áhersla er nú á það lögð af hálfu Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands og Sambands íslenskra loðdýraræktenda, að loðdýraræktin verði framtíðarbúgrein á Íslandi. Jafnframt sé búið þannig um hnútana að hún geti létt undir með hefðbundnum búgreinum vegna þess samdráttar, sem þar hefur þegar átt sér stað og virðist enn blasa við, og tryggi þannig afkomu og styrki búsetu í dreifbýli á ný.

Margt bendir til að loðdýrarækt sé æskileg búgrein hér á landi. Má til dæmis nefna að hér fellur til mikið af góðu fóðurhráefni frá sláturhúsum og fiskvinnslustöðvum og að veðurfar hér er talið mjög ákjósanlegt. Hins vegar verður að benda á að loðdýraræktin er samkeppnisbúgrein við erlendan landbúnað, en byggist ekki að neinu leyti á innlendum markaði, og er því mjög frábrugðin hinum hefðbundnu búgreinum. Þarf því að búa henni samkeppnishæfa stöðu gagnvart erlendum keppninautum, ekki lakari en gerist með útflutningsiðnað okkar. Í nágrannalöndum okkar, Bretlandi og Norðurlöndunum, hefur verið mikil gróska í loðdýrarækt tvo til þrjá síðustu áratugina. Í þessum löndum er lögð áhersla á að skapa loðdýrarækt sem hagstæðust skilyrði. Þannig eru danskir loðdýrabændur undanþegnir greiðslu hvers konar opinberra gjalda af búnaði og húsum sem til framleiðslunnar þarf.

Ný lög um loðdýrarækt voru samþykkt á Alþingi 21. maí 1981. Er að sjálfsögðu í þeim að finna ýmis nýmæli sem eru mjög til bóta frá eldri löggjöf. En reynslan sýnir að enn þá er margt sem þarf að breyta og lagfæra svo starfsskilyrði þessarar búgreinar, sem nú er að ryðja sér til rúms hér að nýju, verði sem ákjósanlegust. Sumt af því er að sjálfsögðu framkvæmda- og skipulagsatriði, en annað varðar löggjafarvaldið.

Ljóst er að frumskilyrði þess, að loðdýrarækt nái að festa rætur og verða trygg atvinnugrein hér á landi, er að starfsemin fáist viðurkennd sem „samkeppnisbúgrein" hliðstæð samkeppnisiðnaði. Frumvarpi því, sem hér er flutt, er ætlaður sá tilgangur að koma til móts við framangreind sjónarmið. Tekjutap ríkissjóðs af frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er mjög óverulegt þar sem hér er um nýja starfsemi að ræða svo ríkissjóður hefur ekki enn haft tekjur sem neinu nemur af þeim aðflutnings- og sölugjöldum sem hér er lagt til að fella niður. Mætti auk þess líta á þetta sem svolitla uppbót á vanefndum fjárveitingavaldsins varðandi fjárveitingar til nýrra búgreina og hagræðingar í landbúnaði sem áður er að vikið.

Þar sem hér er um að ræða ákvæði, er varða tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum og sölugjaldi, og þannig háttar til, að um endurgreiðslu á sköttum er að ræða í sumum tilvikum, þykir rétt að fjármálaráðherra setji reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

Greinargerð þessari fylgir bréf Sambands íslenskra loðdýraræktenda til Búnaðarfélags Íslands, dagsett 19. febrúar 1982, og varðar leiðréttingu á samkeppnisaðstöðu loðdýraræktar (Fylgiskjal I). Þá fylgir einnig greinargerðinni listi yfir flestar þær vörur (ekki tæmandi) sem ákvæði frumvarpsins taka til (Fylgiskjal II).

Fylgiskjal I.

SAMBAND ÍSLENSKRA LOÐDÝRARÆKTENDA

Búnaðarfélag Íslands
c/o Hr. búnaðarmálastjóri,
Jónas Jónsson.

Reykjavík, 19. febrúar 1982.

Efni: Leiðrétting á samkeppnisaðstöðu loðdýraræktar.

Sem kunnugt er stefna opinberir aðilar nú að því að fjölga mjög loðdýrabúum hér á landi á næstu misserum. Af því tilefni vill stjórn S. Í. L. enn á ný árétta það baráttumál sitt, að loðdýraræktinni séu sköpuð svipuð skilyrði og gerist með erlendum samkeppnisaðilum.

A. Endurgreiðsla aðflutningsgjalda:

Krafa stjórnar S. Í. L. er að loðdýrarækt njóti sömu aðstöðu og fiskvinnsla og útflutningsiðnaður nýtur, enda er um algerlega sambærilegar framleiðsluforsendur að ræða. Í auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981, um „Niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar", segir í 9. grein: „Samkeppnisiðnaður í auglýsingu þessari tekur til iðngreina sem framleiða vörur er tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) eða samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), sbr. 1. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, svo og iðngreina sem framleiða vörur sem tollar hafa verið felldir niður af skv. 1. gr. tollskrárlaga, án tillits til uppruna, enda falli vörur þessar undir tollalækkunarákvæði nefndra fríverslunarsamninga." Loðdýraræktun fellur að öllu leyti að þessum skilyrðum, nema hvað hún er skilgreind skv. lögum sem landbúnaður en ekki sem iðngrein.

Án þess að hér sé tilgreint í smáatriðum hvaða vöruflokka er um að ræða má sem dæmi nefna: tæki og áhöld til skinnaverkunar, blöndunarvélar í fóðureldhús, fóðrunarvélar, drykkjarker og brynningarkerfi, hreiðurkassa, vírnet í búr og hús o. s. frv.

B. Endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts:

Þar sem virðisaukaskatti hefur ekki verið komið á hér á landi hafa íslensk iðnfyrirtæki í svonefndum samkeppnisgreinum fengið samkeppnisaðstöðu sína gagnvart erlendum aðilum leiðrétta með endurgreiðslu á þeim söluskatti, sem færa má rök fyrir að hafi á hinum ýmsu stigum verið lagður á þjónustu og aðföng sem þau kaupa til framleiðslu sinnar. Hefur Þjóðhagsstofnun metið þennan uppsafnaða söluskatt sem hlutfall af söluveltu fyrirtækjanna og Hagstofa Íslands síðan gefið fjármálaráðuneytinu ársfjórðungslega upplýsingar um útflutningsverðmæti hvers fyrirtækis.

C. Innlend aðföng fáist á verði, sem ekki er yfir heimsmarkaðsverði:

Má í því sambandi benda á verð á ull og gærum til iðnaðarframleiðslu og mjólkurduft til kex- og sælgætisiðnaðar.

Stjórn S. Í. L. telur það ótvírætt réttlætismál að loðdýrabúskapur njóti sömu kjara hvað snertir uppsafnaðan söluskatt og endurgreidd aðflutningsgjöld eins og aðrar útflutningsgreinar. Er í raun ekki verjandi að stefna að aukinni loðdýrarækt án þess að skapa þessari atvinnugrein sömu starfsaðstöðu og gerist í sambærilegum atvinnugreinum. Treystir stjórn S. Í. L. því, að forsvarsmenn íslensks landbúnaðar beiti sér nú þegar fyrir þeim laga- og/eða reglugerðarbreytingum sem nauðsynlegar eru til að þetta réttlætismál nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar S. Í. L.
Haukur Halldórsson.

Fylgiskjal II.

Tollflokkur:		Tollur	Vörugj.	Jöfnunargj.	Sölusk.
Byggingarvörur:					
73—27—02	Vírnet	10%	24%		23,5%
73—27—09	Vírnet (grennra en 2 mm)	0%	24%		23,5%
73—10—19	Vírstengur				23,5%
73—31—02	Klips, lykkjur				23,5%
82—03—30	Klipstengur, refatengur, síðubítar		24%		23,5%
82—04—00	Beygjarar		24%		23,5%
84.28.10	Drykkjarkör, sjálfvirk Drykkjarventlar, fóðursíló, fóðurbretti, allt sjálfvirkur útbúnaður.	4%			23,5%
76—16—19	Drykkjarkör án sjálfvirkni	70%	30%		23,5%
39.07.99	Drykkjarkör án sjálfvirkni	70%	30%		23,5%
84—61—16	Þrýstijafnari				23,5%
39—02—13	Slöngur			3%	23,5%
39—07—77	Fittings á sama			3%	23,5%
82—04—00	Gatarar	0%	24%		23,5%
73—31.09	Búrlok, fittings á búr			3%	23,5%
73—35—09	Armfjaðrir	35%	24%		23,5%
Vélar og tæki í fóðurstöðvar:					
84—30—13	Kjötvinnsluvélar, hakkavélar og blöndunarvélar	0%			23,5%
82—06—00	Vélhnífar	0%			23,5%
84—30—20	Ristar, sniglar	0%			23,5%
84—21—00	Háþrýstiþvottavélar	7%			23,5%
84—17—29	Rafmagnssuðupottar	0%			23,5%
87—01—	Fóðrunarvélar	25%	24%		23,5%
84—15—39	Frysti- og kælibúnaður	5%		3%	23,5%

Tollflokkur:		Tollur	Vörugj.	Jöfnunargj.	Sölusk.
Pelsunarvörur:					
84—42—0	Skrapvélar, kembivélar, tönur, tromlur, skinnablásarar, skrapstokkar, fláningsbekkir og varahlutir í sama	0	0	0	23,5%
92—09—09	Fláningshnífar	80%	30%		23,5%
48—16—05	Pappakassar til pökkunar loðskinnum til útflutnings			3%	23,5%
48.16.11	Tönubréf, tönupokar			3%	23,5%
42.03.05	Minkahanskar				23,5%
84—11—49	Viftur í skinnablásara		24%		23,5%
82—04—00	Handverkfæri, skraphnífar, skinnakambar, fóðurskeiðar, fótakrókar, klofið halajárn				23,5%
39—07—73	Plastskrapa		24%		23,5%
82—13—09	Fótasöx	70%	24%		23,5%
40.14.09	Tönuteygjur	70%	30%		23,5%
44—01—20	Sútarasag	15%			23,5%
40—14—06	Gúmmíhnífar (mekaniskir)		24%		23,5%
82—03—30	Heftilosari		24%		23,5%
73—31—09	Stifti			3%	23,5%
84—55—21	Tölvukort og festingar	7%	24%		23,5%
Ýmsar vörur:					
49—01—09	Fagbækur og fagrit				23,5%
90—17—30	Rafmótstöðumælar (Notaðir á fengitíma)	35%	24%		23,5%
70—17—09	Sogpípur (strá) (Til blóðprufa)	35%	24%		23,5%
85—05—00	Rafmagnstattóveringarpenni	4%	24%		23,5%
73—40—59	Fellur úr málmi	70%	30%		23,5%
44—28—99	Viðarfellur	70%	30%		23,5%
90—12—00	Smásjár til sæðisprufu	35%	24%		23,5%

Sþ. 660. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til umfjöllunar og mælir með að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Páll Pétursson.
Guðm. G. Þórarinsson.	Halldór Blöndal.	Steinþór Gestsson.
	Guðrún Helgadóttir.	

Sþ. 661. Breytingartillaga [117. mál]

við till. til þál. um könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að leiði könnun, sem nú fer fram á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi, til jákvæðrar niðurstöðu, þá verði þegar unnið að því að koma upp sérstakri aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða.

Sþ. 662. Nefndarálit [185. mál]

um till. til þál. um íslenskt efni á myndsnældum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillöguna til umfjöllunar og mælir með að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Páll Pétursson.
Guðm. G. Þórarinsson.	Halldór Blöndal.	Steinþór Gestsson.

Nd. 663. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundi sínum og mælir með að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá efri deild.

Friðjón Þórðarson og Guðrún Helgadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1982.

Ingólfur Guðnason, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson, fundaskr.	Vilmundur Gylfason.
Halldór Blöndal.	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Nd. 664. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63 1974, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.
Friðjón Þórðarson og Guðrún Helgadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1982.

Ingólfur Guðnason, form., frsm. | Ólafur G. Einarsson, fundaskr. | Vilmundur Gylfason.
Halldór Blöndal. | Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 665. Nefndarálit [122. mál]

um till. til þál. um Orkubú Suðurnesja.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir um tillöguna frá þessum aðilum: Sambandi ísl. rafveitna, Hitaveitu Suðurnesja og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.
Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.
Guðrún Helgadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm. | Páll Pétursson.
Steinþór Gestsson. | Guðmundur G. Þórarinsson. | Halldór Blöndal.

Nd. 666. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið til viðtals skattrannsóknarstjóra svo og fulltrúa Verslunarráðs Íslands.
Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson, form. | Ingólfur Guðnason, fundaskr., frsm. | Sighvatur Björgvinsson,
Guðrún Hallgrímsdóttir.

Fylgiskjal.

Sighvatur Björgvinsson undirritar nefndarálitið með svofelldum fyrirvara:

Sú tekjuöflunaraðferð að innheimta háan söluskatt á síðasta stigi viðskipta með þeim hætti, sem gildandi lög gera ráð fyrir, er gengin sér til húðar. Meginástæðurnar eru tvær: Sú fyrri, að hin fjölmörgu undantekningartilvik, sem gefin eru í lögunum, gera alla framkvæmd laganna ákaflega ruglingslega og eftirlit erfitt. Sú síðari, að álagsprósenta skattsins er orðin svo há og skiptir svo miklu máli í viðskiptum aðila, að það getur verið mikið fjárhagslegt hagsmunamál kaupanda og seljanda að viðskipti þeirra séu ekki skráð, söluskattur sé ekki greiddur og um frekari undanbrögð frá skattheimtu sé samið. Þar að auki hafa uppsöfnunaráhrif skattsins slæm áhrif á atvinnulífið í landinu og rýra samkeppnisstöðu margra atvinnugreina gagnvart innflutningi.

Hætt er við, að þegar svo er í pottinn búið sem að framan greinir hafi það litla raunhæfa þýðingu að herða viðurlög og auka hefðbundið opinbert eftirlit til þess að bæta skil á skatti sem byggist á svo gölluðu kerfi, enda hefur reynsla grannþjóðanna ótvírætt tekið af allan vafa í því sambandi. Mun raunhæfari og heilladrýgri aðferð er að breyta innheimtu- og álagningarkerfinu sjálfu — hverfa frá innheimtu söluskatts á síðasta stigi viðskipta, en taka þess í stað upp svokallaðan virðisaukaskatt. Sú er stefna Alþýðuflokksins.

Á hans vegum lagði undirritaður fram á Alþingi haustið 1979 tillögur um virðisaukaskatt í stað söluskatts (88. mál 102. löggjafarþings), en málið hlaut ekki afgreiðslu. Reynsla undanfarinna ára staðfestir hins vegar í síauknum mæli nauðsyn slíkrar breytingar, og ítreka ég þá stefnu Alþýðuflokksins, að raunhæfasta leiðin til að bæta söluskattsskilin og eyða mikilvægustu ágöllum hans er slík breyting yfir í virðisaukaskattkerfi, miklu fremur en þau úrræði sem frv. gerir ráð fyrir.

Sú kerfisbreyting er hins vegar ekki á dagskrá nú og tillögur Alþýðuflokksins þar um hafa ekki fengist afgreiddar. Þrátt fyrir það vil ég ekki standa í vegi fyrir þeim tilraunum til þess að bæta skil og eftirlit með skattinum í núverandi mynd, sem frv. gerir ráð fyrir, og mun því ljá frv. samþykki mitt þótt ég hafi ekki mikla von um að árangurinn geti orðið mikill.

Nd. 667. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið umsagnir frá ýmsum aðilum, auk þess sem hún hefur fengið menn til viðtals um frv.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðjón Þórðarson og Guðrún Helgadóttir.

Alþingi, 20. apríl 1982.

Ingólfur Guðnason, form., frsm. | Ólafur G. Einarsson, fundaskr. | Vilmundur Gylfason.

Halldór Blöndal. | Ólafur Þ. Þórðarson.

Nd. 668. Breytingartillögur [155. mál]

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Þeir, sem eiga rétt á láni samkvæmt lögum þessum, skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lánasjóður skal standa honum skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu er telst viðbót við lán eins og það annars reiknast. Það rýrir ekki rétt námsmanns til lánsfyrirgreiðslu úr Lánasjóði sem svarar þeim hluta, er nemur iðgjaldi að Söfnunarsjóði, þótt hann taki ekki námslán til framfærslu sér eða námskostnaðar.
2. Við 7. gr.
   a. Í stað tveggja síðustu málsliða 3. mgr. komi:
      Ábyrgð ábyrgðarmanns skv. 3. mgr. 6. gr. getur fallið niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið innt af hendi, enda setji lánþegi aðra tryggingu fyrir lánum, sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.
   b. Á eftir orðinu „víxilvöxtum“ í 1. málslið 4. mgr. komi: og ábyrgð tveggja manna.
3. Við 8. gr. Í stað „ekki síðar en 30 árum“ í 4. mgr. komi: ekki síðar en 40 árum.
4. Við 12. gr. Á eftir orðunum „má veita honum “ í 3. mgr. komi: aukalán eða.

Sþ. 669. Þingsályktun [38. mál]

um fangelsismál.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi.

Á grundvelli þeirrar úttektar skal nefndin skila áliti jafnóðum og það liggur fyrir er feli í sér:

1. Stöðu fangelsismála.
2. Tillögur um brýnar úrbætur.
3. Áætlun um æskilega framtíðarskipan fangelsismála.

Dómsmálaráðherra skipar formann nendarinnar úr hópi nefndarmanna.

Sþ. 670. Þingsályktun [22. mál]

um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum.

Í þessu sambandi verði áhersla lögð á:

1. Að efla rannsóknir og tilraunir í veiðimálum, svo að unnt sé að fá sem haldbesta vitneskju um þau skilyrði sem fyrir hendi eru í landinu til fiskræktar.
2. Að auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum.
3. Að afla þekkingar í markaðsmálum.
4. Að samræma fjárveitingar til fiskræktarmála.

Sþ. 671. Þingsályktun [151. mál]

um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—86.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 184.

Sþ. 672. Þingsályktun [53. mál]

um stöðu, þróunarhorfur og stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er geri athugun á stöðu og þróunarhorfum í upplýsinga- og tölvumálum og á hvern hátt er unnt að stjórna þeirri þróun.

Jafnframt skal nefndin benda á kosti varðandi stefnumótun og opinbera ákvarðanatöku á fyrrgreindu sviði. Sérstaklega skal athuga hvernig vinnumarkaðurinn geti aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu.

Nefndin skal við störf sín hafa hliðsjón af þeirri vinnu og þeim skýrslum sem þegar kann að vera lokið hérlendis og erlendis.

Skal nefndin skila niðurstöðum og tillögum fyrir árslok 1982.

Sþ. 673. Þingsályktun [141. mál]

um Kolbeinsey.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 163.

Sþ. 674. Þingsályktun [256. mál]

um staðfestingu á samningum við Færeyjar og Noreg um gagnkvæmar heimildir til veiða á kolmunna.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 539.

Ed. 675. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni hf.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og aflað upplýsinga frá iðnaðarráðuneyti og stjórn Kísiliðjunnar. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Stefán Jónsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Ed. 676. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979, um breytingu á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kallað til fundar forsvarsmenn Iðnlánasjóðs og fulltrúa samtaka iðnaðarins og iðnverkafólks. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Stefán Guðmundsson.
Stefán Jónsson.	Egill Jónsson.	Gunnar Thoroddsen.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Nd. 677. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og sent það til umsagnar og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. apríl 1982.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Magnús H. Magnússon, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Pálmi Jónsson.	Páll Pétursson.	Jósef H. Þorgeirsson.
	Guðm. G. Þórarinsson.	

Nd. 678. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 21. apríl 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Vilmundur Gylfason.	Friðrik Sophusson.	Garðar Sigurðsson.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 679. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til 1. um breyt. á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Garðar Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Eggert Haukdal.	Vilmundur Gylfason.	Friðrik Sophusson.

Ed. 680. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. lög nr. 7/1982 og breyt. á lögum nr. 84 21. des. 1981.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1982.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Egill Jónsson.	Kjartan Jóhannsson.	Guðmundur Karlsson.
	Gunnar Thoroddsen.	

Nd. 681. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. des. 1981.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 21. apríl 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Vilmundur Gylfason.	Jósef H. Þorgeirsson.	Friðrik Sophusson.
	Garðar Sigurðsson.	

Nd. 682. Lög [188. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

(Afgreidd frá Nd. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 314.

Nd. 683. Frumvarp til laga [211. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. apríl.)

1. gr.

A.

Í stað orðsins „samkeppnisnefndar“ í 1. mgr. 3. gr. laganna komi orðin: þriggja manna nefndar.

B.

Á eftir 3. mgr. 3. gr. laganna komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:

Verðlagsstjóri er formaður þriggja manna nefndar. Viðskiptaráðherra skipar aðra nefndarmenn, annan skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og hinn skv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og skulu þeir ekki eiga sæti í verðlagsráði.

Varaformaður þriggja manna nefndar er varaverðlagsstjóri. Aðrir varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 4. mgr. greinar þessarar. Nefndarmenn skulu skipaðir til sama tíma og verðlagsráðsmenn.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð getur fjallað um öll þau mál er lög þessi taka til og er ákvörðunarvald skv. lögunum í höndum ráðsins. Þriggja manna nefndin undirbýr mál sem lögð skulu fyrir verðlagsráð. Nefndinni er jafnframt heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál

sem þurfa skjótrar úrlausnar við, enda samþykki allir nefndarmenn þær ákvarðanir. Ef slíkar ákvarðanir hljóta eigi samþykki verðlagsráðs á næsta fundi ráðsins falla þær sjálfkrafa úr gildi. Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið þriggja manna nefndinni og verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur.

3. gr.

A.

Í stað orðsins „samkeppnisnefnd“ í 1. ml. 2. og 3. mgr. 14. gr., 2. mgr. 16. gr., 2. mgr., 3. mgr. og 1. ml. 4. mgr. 19. gr., 1. mgr. 24. gr., 1. ml. 1. mgr. og 1. og 2. ml. 3. mgr. 25. gr., 38. gr., 1. ml. 3. mgr. 43. gr. og 48. gr. laganna komi orðið: verðlagsráð. Í stað orðsins „samkeppnisnefndar“ í 1. mgr. 51. gr. komi: þriggja manna nefndar.

B.

Orðið „samkeppnisnefndar“ verði fellt niður úr 46. gr., og orðin „og samkeppnisnefndar“ úr 1. ml. 2. mgr. og 4. mgr. 47. gr. laganna.

C.

18. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð getur ákveðið að verði og álagningu, sem ákveðin hefur verið af markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki breyta án leyfis ráðsins.

D.

Síðasti ml. 4. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Reynist samkeppni þá enn ófullnægjandi getur verðlagsráð beitt ákvæðum 8. gr.

E.

2. mgr. 21. gr. falli niður.

4. gr.

8. gr. laganna, sbr. 59. gr. laga nr. 13/1979, orðist svo:

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram. Verðlagsráð getur tekið ákvarðanir um breytingar á þessum samþykktum og þegar samkeppni er að mati ráðsins nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag, getur það fellt verðlagningu á vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum.

Nú hafa verðlagsákvæði verið afnumin og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir. Nú er samkeppni takmörkuð að mati verðlagsráðs á sviði þar sem verðlagning er ekki undir verðlagsákvæðum, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, og getur þá ráðið ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki sem um ræðir í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Setningu annarra reglna um verðlagningu og viðskiptakjör sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

5. gr.

A.

Við 45. gr. laganna bætist tvær nýjar mgr.:

Þeim aðilum sem flytja inn vörur til endursölu er skylt að senda verðlagsstofnun verðútreikninga yfir þær vörur sem þeir flytja inn og skulu útreikningar hafa borist stofnuninni eigi síðar en 15 dögum eftir að vara er tollafgreidd. Verðlagsstofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

Óheimilt er að hefja sölu á vöru sem er háð verðlagsákvæðum fyrr en söluverð hennar hefur verið staðfest af verðlagsstofnun. Einnig er óheimilt að hefja sölu á öðrum vörum fyrr en verðútreikningur er kominn til verðlagsstofnunar.

B.

Við 53. gr. laganna bætist ný mgr. sem orðist svo:

Það skal talið fullframið brot gegn ákvæðum 4. mgr. 45. gr. um skil á verðútreikningum til verðlagsstofnunar, ef liðnir eru 15 dagar frá tollafgreiðslu vara, sem skylt er að skila verðútreikningum fyrir, og skyldunni hefur ekki verið fullnægt.

6. gr.

Orðin „5 000 — 20 000 kr.“ í 1. mgr. 49. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella texta þeirra inn í lög nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 684. Breytingartillaga [211. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyt. á þeim lögum.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

Við 2. gr. 2., og 3. málsliðir orðist svo:

Verðlagsráð getur falið þriggja manna nefndinni að undirbúa mál, sem lögð skulu fyrir verðlagsráð, samkvæmt nánari ákvörðunum ráðsins þar um. Verðlagsráð getur jafnframt heimilað nefndinni að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál, sem þurfa skjótrar úrlausnar við, enda samþykki allir nefndarmenn þær ákvarðanir.

Nd. 685. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft frv. á þingskjali 190 til meðferðar.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með tveimur breytingum, sem hún leggur fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Sighvatur Björgvinsson, frsm.
Matthías Á. Mathiesen.	Matthías Bjarnason.	Guðrún Hallgrímsdóttir.
	Albert Guðmundsson.	

Nd. 686. Breytingartillögur [153. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:

Á eftir 68. gr. komi nýr kafli, XIII. kafli, með tveimur nýjum greinum, en númer annarra greina, sem á eftir koma, breytist samkvæmt því. Hinn nýi XIII. kafli heiti: **Fylgirit með ríkisreikningi** — og orðist svo:

b. Nýr töluliður bætist við ákvæði greinarinnar er hljóði svo:

IV. **Ferðakostnaður:**

a) Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.

b) Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Sþ. 687. Nefndarálit [57. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur á nokkrum funda sinna rætt tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila. Nefndin hefur orðið ásátt um að mæla með samþykkt tillögunnar með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila. Í því sambandi ber sérstaklega að hafa í huga:

a) hvernig efla megi Félagsheimilasjóð þannig að hann geti staðið að greiðslum til félagsheimilanna svo sem honum er ætlað að gera samkvæmt lögum.

b) með hvaða hætti styrkja megi rekstrargrundvöll félagsheimilanna, m. a. með tilliti til skattlagningar hins opinbera, hitunarkostnaðar og fleiri atriða, sem rekstur félagsheimilanna varðar.

2. Fyrirsögnin orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um að kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila.

Guðrún Helgadóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Halldór Blöndal, frsm.
Steinþór Gestsson.	Páll Pétursson.	Guðm. G. Þórarinsson.

Nd. 688. Frumvarp til laga [297. mál]

um breytingu á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt, lögum nr. 50 frá 26. maí 1972 og lögum nr. 46 frá 12. maí 1978, um breytingu á þeim lögum.

Flm.: Halldór Blöndal, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Albert Guðmundsson, Pétur Sigurðsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Jósef H. Þorgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Eftirlifandi maki skal undanþeginn erfðafjárskatti. Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

a) Af erfðafé, sem hverfur til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta er ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af hverjum arfshluta:
Af fyrstu 100 þús. kr. 5%,
af næstu 100 þús. kr. 6%,
og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1% á hverjum 100 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 10%.
Við fyrirframgreiðslu arfs til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 10%.

b) Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið a, skal svara af hverjum arfshluta:
Af fyrstu 100 þús. kr. 15%,
af næstu 100 þús. kr. 17%,
og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2% á hverjum 100 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 25%.
Við fyrirframgreiðslu upp í arf til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 25%.

c) Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir staflið a eða b hér að framan, eða til fjarskyldra erfingja eða óskyldra, skal svara af hverjum arfshluta:
Af hverjum 100 þús. kr. 30%,
af næstu 100 þús. kr. 33%,
og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 3% á hverjum 100 þús. kr. sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 45%.
Við fyrirframgreiðslu upp í arf til þessara aðila ákveðst skatturinn þó 45%.

d) Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana eða annars slíks, skal ekki greiða erfðafjárskatt.

Afsali erfingi eða gjafþegi sér arfi eða dánargjöf, skal sá, er við afsalið fær aukinn arf, greiða af hinum aukna arfshluta þann erfðafjárskatt, er hinum hefði borið að greiða, er afsalaði sér arfi.

2. gr.

Í stað „60 000“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: 5000.

3. gr.

Í stað „600 000“ í fyrri mgr. 12. gr. laganna komi: 50 000.

4. gr.

Fjárhæðir þær, sem um getur í 2. gr., 1. mgr. 6. gr. og fyrri mgr. 12. gr., skulu hækkaðar í réttu hlutfalli við þá hækkun, sem verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún var 1. jan. 1982.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til þeirra búa, sem skipt er eftir gildistöku þeirra, en fram til þess tíma gilda óbreyttar fyrri reglur um álagningu erfðafjárskatts.

Greinargerð.

Það er svo um fjárhæðir í lögum, að verðgildi þeirra breytist mjög ört, ef ekki er sjálfvirk viðmiðun við vísitölu eða tengsl við verðbólguþróun með öðrum hætti. Lögin um erfðafjárskatt eru frá 1978 og hefur vöxtur verðbólgunnar frá þeim tíma legið nálægt 50%. Af þeim sökum er erfðafjárskattur nú mun þyngri en löggjafinn ætlaðist til þegar umrædd lög voru sett. Frumvarp þetta hnígur að því að leiðrétta þá skekkju, sem þannig hefur myndast, og tengja lögin byggingarvísitölunni til þess að sæmilegt réttaröryggi megi verða varðandi erfðafjárskatt í framtíðinni. Þessar breytingar eru svo sjálfsagðar, að um þær þarf ekki að hafa fleiri orð. Vilji Alþingis liggur fyrir frá árinu 1978, og ekkert hefur komið fram um það, að hann hafi breyst frá þeim tíma. Hér er því nánast um leiðréttingu að ræða.

Í frv. þessu felst það nýmæli, að eftirlifandi maki skuli undanþeginn erfðafjárskatti. Hér er vissulega brotið í blað, sem réttlætist af því, að missir maka veldur hinum eftirlifandi þungum búsifjum sem erfitt er að færa rök fyrir að geti orðið þjóðfélaginu tekjulind, — a. m. k. ef það vill kalla sig menntað eða siðfágað.

Það nýmæli er í frv. þessu, að skattprósentan er í hámarki á hverri tröppu, ef um fyrirframgreiðslu er að ræða. Það er gert til þess að auðvelda framkvæmd laganna og gera hana skýrari.

Í frumvarpinu er sú breyting, að því er slegið föstu að erfðafjárskattur verði aldrei hærri en 45% í stað 50% eins og nú er.

Þá er sú breyting að ekki skuli greiða erfðafjárskatt af fé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana eða annars slíks, en samkv. núgildandi lögum er gert ráð fyrir 10% erfðafjárskatti.

Það er erfitt að meta um hversu háar fjárhæðir hér er að ræða, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um það, hversu mikill erfðafjárskattur innheimtist t. d. á árinu 1981. Að beiðni flutningsmanna hefur þó verið kannað hversu háum fjárhæðum erfðafjárskatturinn nam þá við borgarfógetaembættið í Reykjavík og reyndist hann vera 9 988 450 kr. Sennilegt má telja að þær breytingar, sem í frumvarpinu felast, muni lækka þessa fjárhæð um 20%.

Nú er það að vísu svo, að lögum samkvæmt á erfðafjárskattur að renna óskiptur í sérstakan sjóð, sem hefur það að markmiði að lána og veita styrki til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Reynslan hefur þó orðið sú, að ríkissjóður hefur tekið til

sín verulegan hluta erfðafjárskattsins svo að hann hefur ekki komist allur til skila í erfðafjársjóð. Nauðsynlegt er í tengslum við þetta frumvarp að bæta erfðafjársjóði þann tekjumissi, sem frumvarpið felur í sér. Eðlilegt er að það verði gert við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, enda liggur raunar fyrir að nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar, hvort erfðafjársjóður hafi bolmagn til þess að standa undir skuldbindingum sínum eða hvort nauðsynlegt sé að gera frekari ráðstafanir til þess að meira fé renni til uppbyggingar á vinnuheimilum og öðrum stofnunum öryrkja en nú er.

Nd. 689. Nefndarálit [207. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á s. l. ári skipaði samgönguráðherra nefnd til að endurskoða tekjuöflun til vegagerðar af umferðinni. Skilaði nefndin fyrir nokkru ítarlegum skýrslum og tillögum um breytta tekjuöflun, sem eru nú til athugunar hjá samgöngu- og fjármálaráðuneytunum.

Undirritaðir nefndarmenn telja sjálfsagt að endurskoða hlutdeild vegasjóðs í óbeinum sköttum sem lagðir eru á bensín. Í því sambandi kemur til greina sú leið, er frv. gerir ráð fyrir, eða að taka tillit til þess við ákvörðun ríkisframlags samkvæmt fjárlögum. Í því sambandi vísast til meðfylgjandi umsagnar fjármálaráðuneytisins.

Með tilvísun til ofanritaðs leggja undirritaðir nefndarmenn til að **málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 21. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr., frsm.	Guðrún Hallgrímsdóttir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið.
15. apríl 1982.

Ráðuneytið vísar til erindis nefndarinnar, dags. 14. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, 207. mál. Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að af innheimtum söluskatti af bensíni á tímabilinu 1. mars til 31. desember 1982 skuli renna 0.09 kr. af hverjum lítra til framkvæmda í vegamálum 1982.

Af þessu tilefni tekur ráðuneytið fram að söluskattur er almennur tekjustofn og rennur algerlega ómarkaður í ríkissjóð. Ráðuneytið hefur ætíð lagt áherslu á að tekjur af söluskatti verði ekki markaðar til tiltekinna þarfa, enda eru slíkar ráðstafanir almennt andstæðar hugmyndum um sveigjanlega hagstjórn. Að því er þetta tiltekna mál varðar má benda á að ákvarðanir um fjárframlög til vegamála eru í höndum Alþingis. Telji Alþingi þörf á að auka þessi fjárframlög sýnist eðlilegast að slík ákvörðun fari fram með venjulegum hætti án þess að til mörkunar á tilteknum söluskattstekjum komi, enda sú leið mun einfaldari að því markmiði sem að er stefnt samkv. frumvarpi þessu.

F.h.r.
Höskuldur Jónsson.

Ed. 690. Frumvarp til laga [298. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, lögum nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, svo og lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, lög nr. 21/1975 og lög nr. 98/1980, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Jón Helgason, Helgi Seljan, Karl Steinar Guðnason, Þorv. Garðar Kristjánsson.

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna.

1. gr.

2. gr. laga nr. 46/1965 orðist svo:

Fyrrverandi alþingismaður á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum þegar svo stendur á að:

1. Hann verður 65 ára.
2. Hann lætur af þingmennsku, enda verði hann 65 ára innan 4 ára frá því þingmennsku hans lýkur.
3. Samanlagður aldur hans og tvöfaldur sá tími, sem hann hefur setið samtals á þingi, nær 95 árum, enda hafi hann náð 60 ára aldri.
4. Hann verður öryrki. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum er átt við 75% örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrrverandi alþingismanni, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%. Í slíkum tilvikum skal farið eftir meginreglum 13. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

2. gr.

3. gr. laga nr. 46/1965 orðist svo:

Fyrrverandi alþingismaður, sem uppfyllir ákvæði 2. gr. laga þessara, á eftirlaunarétt sem hér segir:

1. Fyrir þingsetu í samtals 5 ár eða skemur: 2% fyrir hvert heilt ár og samsvarandi fyrir hluta úr ári.
2. Fyrir þingsetu í samtals allt að 9 ár: 30%.
3. Fyrir þingsetu í samtals allt að 12 ár: 40%.
4. Fyrir þingsetu í samtals allt að 15 ár: 50%.
5. Fyrir þingsetu í samtals allt að 18 ár: 55%.
6. Fyrir þingsetu í samtals allt að 21 ár: 60%.
7. Fyrir þingsetu í samtals 21 ár eða lengur: 62% að viðbættum 2% fyrir hvert heilt ár, og samsvarandi fyrir hluta úr ári, sem þingsetan er samtals lengri en 21 ár. Eftirlaunaréttturinn verður þó aldrei meiri en 70%.

Fyrir þingsetu umfram 5 ár skv. töluliðum 2 til 6 skal lífeyrisréttur breytast hlutfallslega fyrir hvert ár innan hinna tilgreindu tímabila.

Eftirlaunin skulu fylgja þingfararkaupi alþingismanns eins og það er á hverjum tíma og vera sá hundraðshluti þess, sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.

Eftirlaun greiðast ekki meðan hinn fyrrverandi alþingismaður fær greidd biðlaun samkvæmt 8. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna.

3. gr.

4. gr. laga nr. 46/1965 falli niður.

4. gr.

Núverandi 5. gr. laga nr. 46/1965 verði 4. gr. og orðist svo:

Eftirlifandi maki alþingismanns eða fyrrverandi alþingismanns á rétt á eftirlaunum að honum látnum. Eftirlaunaréttur maka skal vera 20% að viðbættum helmingnum af þeim hundraðshluta sem hinn látni alþingismaður hafði áunnið sér sem eftirlaunarétt skv. 3. gr.

Eftirlaun maka skulu fylgja þingfararkaupi alþingismanns eins og það er á hverjum tíma og vera sá hundraðshluti þess sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.

5. gr.

Ný grein, er verði 5. gr. laga nr. 46/1965, orðist svo:

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist. Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga. Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri. Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóti sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

6. gr.

7. gr. laga nr. 46/1965 orðist svo:

Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, er sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum og hefur ekki áhrif á slík réttindi að öðru leyti en um getur í 2. mgr.

Nú hefur fyrrverandi alþingismaður áunnið sér eftirlaunaréttt í hinni almennu deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samtímis því að hann ávann sér rétt í alþingismannadeild sjóðsins, án þess þó að launaskerðing samkvæmt 11. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna, eða ákvæði eldri þingfararkaupslaga hafi skert eftirlaunaréttinn í almennu deildinni og skulu þá eftirlaunin úr alþingismannadeildinni lækka um sömu upphæð og því nemur sem eftirlaunin úr almennu deildinni hefðu lækkað ef eftirlaunarétturinn þar hefði skerst í samræmi við launaskerðingu þingfararkaupslaga eins og þau voru á hverjum tíma.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur maður þegar eða við lok yfirstandandi kjörtímabils öðlast betri rétt samkvæmt þeim reglum, sem settar voru með lögum nr. 46 14. maí 1965, og heldur hann þá rétti til eftirlauna samkvæmt þeim reglum.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra.

7. gr.

2. gr. laga nr. 47/1965 orðist svo:

Þegar maður hefur látið af ráðherraembætti og er 65 ára eða eldri eða er öryrki á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 3. gr. þessara laga. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum er átt við 75% örorku eða meiri. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrrverandi ráðherra, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%. Skal í slíkum tilvikum farið eftir meginreglum 13. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

8. gr.

3. gr. laga nr. 47/1965 orðist svo:

Fyrrverandi ráðherra, sem gegnt hefur embætti a. m. k. eitt ár og uppfyllir ákvæði 2. gr. laga þessara, á eftirlaunarétt, er nemur 6% fyrir hvert ár og samsvarandi hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð í ráðherraembætti, þó aldrei meira en 50%.

Eftirlaunin skulu fylgja ráðherralaununum, eins og þau eru á hverjum tíma, og vera sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.

Eftirlaunin greiðast ekki meðan hinn fyrrverandi ráðherra fær greidd biðlaun samkvæmt 29. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, og ekki heldur meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun samkvæmt lögum nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna.

9. gr.

4. gr. laga nr. 47/1965 falli niður. (Númer annarra greina breytist til samræmis).

10. gr.

Núverandi 5. gr. laga nr. 47/1965, er verði 4. gr., orðist svo:

Eftirlifandi maki ráðherra eða fyrrverandi ráðherra á rétt á eftirlaunum að honum látnum. Eftirlaunaréttur maka skal vera 20% að viðbættum 50% af þeim hundraðshluta sem hinn látni ráðherra hafði áunnið sér sem eftirlaunarétt skv. 3. gr.

Eftirlaun maka skulu fylgja ráðherralaunum eins og þau eru á hverjum tíma og vera sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunarétturinn samkv. 1. mgr. segir til um.

11. gr.

Núverandi 6. gr. laga nr. 47/1965, er verði 5. gr., orðist svo:

Nú andast ráðherra eða fyrrverandi ráðherra, sem öðlast hefur eftirlaunarétt samkvæmt 3. gr. laga þessara áður en hann náði 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á lífi er, rétt til eftirlauna samkvæmt 5. gr. laga þessara. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. eiga einnig við í þessu tilviki.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur maður þegar öðlast betri rétt samkvæmt þeim reglum, sem settar voru með lögum nr. 47 14. maí 1965, og fer þá um rétt hans til eftirlauna samkvæmt þeim reglum.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, lög nr. 21/1975 og lög nr. 98/1980, um breyting á þeim lögum.

12. gr.

Aftan við 12. gr. laga nr. 29/1963 bætist ný málsgrein er verði 10. mgr. svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, á alþingismaður ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun.

13. gr.

Aftan við 12. gr. laga nr. 29/1963 bætist ný málsgrein er verði 11. mgr. svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, á ráðherra ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greidd ráðherralaun eða biðlaun.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lagafrumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, og lögum nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra.

Á undanförnum árum hafa átt sér stað verulegar breytingar á löggjöf um lífeyrismál. Með lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, var lögfest að öllum launþegum og einstaklingum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði sinnar starfsstéttar eða starfshóps. Meginmarkmið þessarar löggjafar er að tryggja öllum starfandi mönnum nokkurn lífeyri er starfsævi þeirra lýkur, hvort heldur er vegna aldurs eða örorku, og jafnframt skylda þá til að kaupa þennan rétt. Í samræmi við þessa meginstefnu hefur reglugerðum fjölmargra lífeyrissjóða svo og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 98/1980, verið breytt á þann veg að öll greidd iðgjöld veiti sjóðfélögum einhver réttindi, en áður var algengt að reglur lífeyrissjóðanna áskildu nokkurra ára iðgjaldagreiðslur áður en réttur til lífeyris kviknaði.

Núverandi lög um eftirlaun alþingismanna og ráðherra eru þessu marki brennd. Samkvæmt núverandi lögum um eftirlaun alþingismanna þarf 6 ára iðgjaldagreiðslur til að réttindi skapist, en samkvæmt lögum um eftirlaun ráðherra þarf 5 ára iðgjaldagreiðslur til að skapa rétt til lífeyris. Með frumvarpi þessu er lagt til að öll iðgjöld veiti réttindi, sbr. það sem nú er orðin almenn regla og áður er greint.

Sú breyting er og gerð að alþingismenn, sem sækja umboð sitt til starfa við almennar kosningar, geti farið á eftirlaun eftir þær kosningar sem fram fara næst á undan því að þeir verða 65 ára í stað þess að leita endurkjörs til næstu fjögurra ára.

Jafnframt er svokölluð 95-ára regla, sem í gildi er í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, tekin hér upp, þó eilítið breytt vegna annarra aðstæðna.

Ákvæði um barnalífeyri og makalífeyri eru samræmd hliðstæðum ákvæðum í lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Ed. 691. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til laga um afnám laga nr. 28 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. apríl 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Kjartan Jóhannsson, fundaskr., frsm. Guðm. Bjarnason.
Lárus Jónsson. Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 692. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. apríl 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Lárus Jónsson, frsm.
Davíð Aðalsteinsson. Guðmundur Bjarnason.

Ed. 693. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarp þetta á allmörgum fundum. Til fundar við nefndina hafa mætt fulltrúar frá Sambandi ísl viðskiptabanka, Sambandi ísl. sparisjóða, bankaeftirlitinu svo og bankastjórn Seðlabanka Íslands. Þá hafa nefndinni borist umsagnir, greinargerðir og bréf frá ofangreindum aðilum, Iðnaðarbanka Íslands hf., Verslunarráði Íslands og fleiri aðilum.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. apríl 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Guðmundur Bjarnason, frsm. Davíð Aðalsteinsson, með fyrirvara.
Gunnar Thoroddsen.

Ed. 694. Breytingartillögur [215. mál]

við frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (ÓRG, GB, DA, GTh).

1. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 5. gr. og hljóði svo:
   Þar til álagning liggur fyrir, skulu skattskyldir aðilar skv. lögum þessum greiða mánaðarlega fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar tekju- og eignarskatts, sem ákvarðast með eftirgreindum hætti:
   Fyrirframgreiðslan skal vera 0.06% af heildarinnlánum þeirra aðila, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum.
   Stofn til fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. desember 1981.
   Fyrirframgreiðslan skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.
   Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.
   Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um fyrirframgreiðslu þessa eftir því sem við á.
   Að öðru leyti skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981 um innheimtu og ábyrgð á fyrirframgreiðslu skv. þessari grein.
2. 6. gr. frumvarpsins verði 7. gr. og hljóði svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 5. gr. kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1983.
3. Eftirtaldar breytingar verði á ákvæði til bráðabirgða I:
   a) Í stað ártalsins „1982“ í 1., 2., 6. og 9. mgr. komi ártalið: 1983.
   b) Í stað ártalsins „1981“ í lok 1. ml. 3. mgr. komi ártalið: 1982.
   c) Í stað orðanna „þessarar greinar“ í 4. mgr. komi orðin: þessa ákvæðis.
   d) Í stað orðanna „1967 til 1981“ í 1. ml. 5. mgr. komi orðin: 1968 til 1982.
   e) Í stað ártalsins „1967“ í 3. ml. 5. mgr. komi ártalið: 1968.
   f) Í stað ártalsins „1983“ í 9. mgr. komi ártalið: 1984.
4. Eftirtaldar breytingar verði á ákvæði til bráðabirgða II:
   a) Í stað ártalsins „1982“ í 1. mgr. komi ártalið: 1983.
   b) Í stað ártalsins „1967“ í 2. mgr. komi ártalið: 1968.
5. Í stað orðanna „1982 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1981“ í ákvæði til bráðabirgða III komi orðin: 1983 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1982.
6. Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV bætist nýr málsliður svohljóðandi:
   Undanþegnir skatti þessum eru þeir sparisjóðir þar sem innistæður námu lægri fjárhæð en 30 millj. kr. hinn 31. 12. 1981.
7. Í stað ártalsins „1983“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða V komi ártalið: 1984.

Nd. 695. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1982.

Ingólfur Guðnason, form. | Ólafur G. Einarsson, fundaskr., frsm. | Vilmundur Gylfason.
Friðjón Þórðarson. | Halldór Blöndal.

Nd. 696. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um Blindrabókasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt. Guðrún Helgadóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. apríl 1982.

Ingólfur Guðnason, form. | Ólafur G. Einarsson, fundaskr. | Vilmundur Gylfason, frsm.
Ólafur Þ. Þórðarson. | Friðjón Þórðarson. | Halldór Blöndal.

Ed. 697. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana er augljóslega snöggsoðið og þarfnast ítarlegrar endurskoðunar ef setja á reglur um svo flókið viðfangsefni. Í umsögn Sambands ísl. viðskiptabanka og Sambands ísl. sparisjóða segir svo orðrétt:

„Umrætt frv. er stuttort og við undirbúning þess hefur augljóslega ekki gefist tími til að athuga og taka afstöðu til ýmissa veigamikilla atriða varðandi skilgreiningu á stofni til útreiknings á fyrirhuguðum tekjuskatti innlánsstofnana.“

Síðan eru talin upp sjö veigamikil atriði sem þarfnast ítarlegrar skoðunar áður en löggjöf um skattskyldu innlánsstofnana yrði fullburða. (Sjá fskj. I, töluliði 1—7 að báðum meðtöldum).

Þá hafa einstakir bankar mótmælt mismun sem felst í frv., sbr. bréf, dags. 29. mars s. l., frá Sambandi viðskiptabankanna og sparisjóðanna og frá Iðnaðarbanka Íslands hf., dags 19. mars, þar sem mótmælt er skattlagningu á veðdeild bankans, sbr. skattfrelsi Stofnlánadeildar samvinnufélaganna og fleiri hliðstæðra stofnana.

Ítrekað hefur verið spurt um hvort ætlunin sé að auka vaxtabil til þess að standa undir þessari skattlagningu. Fram kemur í umsögn Seðlabankans (fskj. II) að auka þurfi vaxtabilið

í þessu skyni um 0,7—0,9% eftir því, hvort afurðalánavextir eru meðtaldir eða ekki — að öðrum kosti rýri skattlagningin eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

Engin svör hafa fengist frá stjórnarsinnum um það, hvort ætlunin sé að mæta skattlagningunni 1) með hækkun útlánsvaxta, 2) lækkun vaxta af sparifé eða 3) með rýrnun eiginfjárstöðu banka og sparisjóða. Ljóst er að lagareglur skortir sem tryggja eiginfjárstöðu innlánsstofnana og þar með öryggi sparifjáreigenda, en slíkar lagareglur eru í öllum vestrænum löndum.

Öll framangreind rök hníga í þá átt, að þetta frv. sé ekki nægilega undirbúið og að allar forsendur skorti til þess að leggja á slíkan skatt eins og sakir standa, m. a. ákvæði í lög um lágmarkskröfur til eiginfjárstöðu innlánsstofnana. **Því leggjum við til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 26. mars 1982.

Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Lárus Jónsson, frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fylgiskjal I.

Samband ísl. viðskiptabanka.
Samband ísl. sparisjóða.

Umsögn um tæknileg atriði er varða frv. um skattskyldu innlánsstofnana.

Samband ísl. viðskiptabanka og Samband ísl. sparisjóða hafa sent greinargerð til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis þar sem ítarlega er lýst afstöðu viðskiptabanka og sparisjóða til fram komins frumvarps um skattskyldu innlánsstofnana. Meginniðurstöður greinargerðarinnar eru þær, að álagning tekjuskatts og eignarskatts á innlánsstofnanir yrði að verulegu leyti í ósamræmi við skattfrelsisákvæði almennra skattalaga, en að öðru leyti rof fyrirheita sem fjölmennum landssamtökum voru gefin við stofnun hlutafélagsbankanna. Viðbótarskattlagning á banka og sparisjóði mundi jafnframt ganga þvert á þær kröfur sem gerðar eru til þessara stofnana um rekstraröryggi og fjárhagslegan styrk. Í greinargerðinni er lögð áhersla á að ef byrðum af aukinni skattheimtu yrði ekki velt yfir á herðar lántakenda eða innstæðueigenda mundi skattheimtan leiða til rýrnandi trausts á innlánsstofnununum og að öllum líkindum valda því, að ýmsar minni stofnanir yrðu fljótlega að hætta rekstri. Þá er bent á að rekstrarafkoma innlánsstofnana sé alfarið í höndum ríkisvaldsins og að einkaaðilar eigi hlutfallslega litla eignaraðild að þessum stofnunum. Óeðlilegur hagnaður einkaaðila sé því ekki röksemd fyrir aukinni skattheimtu á innlánsstofnanir. Með skírskotun til þessara sterku röksemda hafa Samband ísl. viðskiptabanka og Samband ísl. sparisjóða lagt eindregið til að framangreint frumvarp nái ekki fram að ganga.

Þótt forráðamenn innlánsstofnananna leyfi sér því að vænta þess, að aukin tekjuþörf ríkissjóðs verði ekki látin ráða framgangi þessa frumvarps, þykir rétt af hálfu þessara stofnana að gera nú þegar grein fyrir ýmsum tæknilegum atriðum sem varða hugsanlega álagningu tekjuskatts og eignarskatts á viðskiptabanka og sparisjóði. Þótt með frumvarpinu sé stefnt að því að taka af innlánsstofnunum skattfrelsi sem þær hafa að verulegu leyti samkvæmt almennum lögum, hlýtur að mega vænta þess, að ekki verði litið fram hjá ýmsum öðrum meginsjónarmiðum, er varða framkvæmd skattamála, þannig að fyrirhuguð skattlagning verði ekki enn þungbærari fyrir innlánsstofnanirnar og viðskiptaaðila þeirra en almennar skattareglur gefa tilefni til. Hér þarf fyrst og fremst að hafa í huga þá meginreglu,

að tæknileg ákvæði um ákvörðun skattstofna verður að sníða eftir eðli þess atvinnurekstrar sem í hlut á.

Umrætt frumvarp er stuttort og við undirbúning þess hefur ljóslega ekki gefist tími til að athuga og taka afstöðu til ýmissa veigamikilla atriða varðandi skilgreiningu á stofni til útreiknings á fyrirhuguðum tekjuskatti innlánsstofnana.

Hér á eftir skal því gerð grein fyrir atriðum sem þarfnast ítarlegrar skoðunar ef samþykkja á álagningu tekjuskatts á innlánsstofnanir þrátt fyrir þau þungvægu rök sem gegn því mæla, og einnig verður vikið að þeim hugmyndum að leggja eignarskatt á þessar stofnanir.

1. Heimildir til frádráttar frá tekjum vegna niðurfærslu útlána og veittra ábyrgða.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að ákvæði 2. málsliðs 3. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981 gildi ekki við ákvörðun tekjuskattsstofns innlánsstofnana. Í því ákvæði skattalaganna, sem hér er vísað til, segir að útistandandi viðskiptaskuldir í árslok sé heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum. Í 74. gr. skattalaganna eru útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi skilgreindar sem kröfur sem stofnast hafa vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra var stofnað.

Í athugasemdum með 3. gr. frumvarpsins segir m. a. að framangreint ákvæði í 31. gr. skattalaganna „gildi almennt ekki um kröfur þær sem aðilar eiga á aðra vegna lánastarfsemi, en til að taka af öll tvímæli sé lagt til að það sé berlega tekið fram að ákvæðið gildi ekki um innlánsstofnanir."

Þótt þessa umsögn megi til sanns vegar færa er langt frá því að hún segi alla söguna um þetta atriði. Raunar er flókið mál afgreitt hér með allt of einföldum hætti á þann hátt að neita innlánsstofnunum um hliðstæðan skattalegan frádrátt og önnur atvinnufyrirtæki í landinu njóta. Þá er alls ekki litið til ákvæða um þetta atriði í skattalöggjöf í nágrannalöndunum.

Í þessu sambandi skal lögð áhersla á að auk framangreindrar heimildar til 5% niðurfærslu viðskiptakrafna hafa almenn fyrirtæki í landinu heimild til 10% skattalegrar niðurfærslu vörubirgða. Almenn atvinnufyrirtæki stunda ekki beina útlánastarfsemi þannig að þau hafa samkvæmt þessu heimild til verulegrar skattalegrar niðurfærslu á helstu eignaliðum sínum öðrum en varanlegum rekstrarfjármunum.

Þau fyrirtæki og stofnanir, sem einkum reka beina útlánastarfsemi, eru innlánsstofnanir, ýmsir lánasjóðir og vátryggingarfélög. Flest vátryggingarfélögin hafa verið háð skattskyldu samkvæmt almennum skattalögum, en innlánsstofnanir og lánasjóðir ekki. Nokkur hluti af lánastarfsemi vátryggingarfélaganna hefur verið í formi viðskiptareikningsskulda og skammtímavíxla til viðskiptamanna sinna, en slíkar kröfur njóta framangreindrar 5% niðurfærslu. Þá er þess að gæta, að samkvæmt skattalögunum njóta vátryggingarfélögin heimilda til að draga frá tekjum sínum það fé sem þau færa í árslok í iðgjaldasjóð vegna þess hluta iðgjalda, sem fellur á næsta reikningsár, og í bótasjóð til að inna af hendi áfallnar skyldur sínar við vátryggingartaka. Á það hefur verið bent, að þessir tæknilegu sjóðir vátryggingarfélaganna séu um sumt hliðstæðir vörubirgðum hjá almennum fyrirtækjum, með öfugu formerki þó. Réttur til að leggja í þessa sjóði hefur skattalega sömu áhrif og réttur til niðurfærslu vörubirgða.

Ljóst er að útlán og veittar ábyrgðir innlánsstofnana eru um sumt hliðstæðir liðir og viðskiptakröfur annarra fyrirtækja og um sumt hliðstæðir vörubirgðum. Engin rök eru fyrir því að synja innlánsstofnunum alfarið um þann rétt að færa útlán sín og ábyrgðir niður til öryggis við skattauppgjör með hliðstæðum hætti og færa má niður sambærilega efnahagsliði í ársreikningum annarra atvinnufyrirtækja. Að sjálfsögðu þarf að sníða niðurfærsluréttinum hæfilegan stakk með hliðsjón af þeirri áhættu, sem um er að ræða, og þeim öryggiskröfum,

sem gerðar eru. Eins og sjá má á meðfylgjandi yfirliti eru rúmar heimildir til niðurfærslu útlána og ábyrgða innlánsstofnana í skattalöggjöf annarra Norðurlanda. Heildarheimild til niðurfærslu útlána er þannig á bilinu 3—6%, en í Finnlandi og Noregi er takmörkun á niðurfærslu hvers einstaks árs.

2. Frádráttarbærni gjalda vegna lífeyrisskuldbindinga.

Margar innlánsstofnanir hér á landi hafa tekið á sig verulegar lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna sinna umfram þær skuldbindingar að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða á móti framlögum starfsmanna. Hér er fyrst og fremst um að ræða ríkisviðskiptabankana þrjá og þá sparisjóði sem greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða lífeyrissjóða starfsmanna sveitarfélaga, en hlutafélagsbankarnir og stærri sparisjóðirnir hafa allir tekið á sig sérstakar lífeyrisskuldbindingar samkvæmt heildarkjarasamningi við Samband ísl. bankamanna.

Útreikningur á höfuðstólsverðgildi þessara skuldbindinga hjá einstökum stofnunum hefur ekki verið framkvæmdur með reglubundnum hætti, en nýlegar athuganir benda til að miðað við áframhaldandi verðbólguþróun, núverandi ávöxtunarmöguleika og fleiri atriði nemi þessar skuldbindingar og árlegar hækkanir þeirra verulegum fjárhæðum. Eru flestar stofnanir nú farnar að taka tillit til þess í ársreikningum sínum.

Eðli málsins samkvæmt ættu árlegar hækkanir á útreiknuðum lífeyrisskuldbindingum tvímælalaust að vera frádráttarbærar við ákvörðun tekjuskattsstofns. Bein ákvæði um þetta atriði er þó ekki að finna í hinum almennu skattalögum enda hafa innlánsstofnanir nokkra sérstöðu að því er þessar skuldbindingar varðar. Verði innlánsstofnanir gerðar tekjuskattsskyldar er því nauðsynlegt að kveða skýrt á um skattalegan rétt þeirra að því er þetta atriði varðar.

Í meðfylgjandi töflu kemur fram að öll gjöld vegna lífeyrirsskuldbindinga eru yfirleitt frádráttarbær til skatts í nágrannalöndunum.

3. Afmörkun vaxta og verðbóta í skattauppgjöri.

Í nágrannalöndunum miðast afmörkun vaxtatekna og vaxtagjalda í skattauppgjörum innlánsstofnana ýmist við gjaldfallna vexti eða áfallna vexti til uppgjörsdags, sbr. meðfylgjandi yfirlit.

Reglan í þessu efni hér á landi samkvæmt almennum skattalögum er að miða við áfallna vexti og verðbætur til loka reikningsársins. Þessi regla er í meginatriðum notuð í ársreikningum innlánsstofnana, og beint liggur því við að nota hana í skattauppgjörum þessara stofnana ef til skattlagningar kæmi.

Í þessu sambandi þarf hins vegar að hafa í huga að reikningsskilaaðferðir innlánsstofnananna varðandi árlega afmörkun áfallinna vaxta og verðbóta hafa enn ekki verið samræmdar. Mismunandi aðferðir í þessu efni geta leitt til mjög mismunandi niðurstaðna um skattstofn og skapað óeðlilega mismunun milli stofnana.

Ef til skattlagningar kæmi er því nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur um framkvæmd meginatriða á þessu sviði þannig að innlánsstofnanirnar sitji nokkurn veginn við sama borð. Ef ekki þykir henta að setja fyrirmæli um meginatriði þessara mála í lög þyrfti að lögfesta fyrirmæli um útgáfu framkvæmdareglna um þetta efni.

4. Útreikningur verðbreytingafærslu.

Óumdeilt er að ákvæði skattalaganna um útreikning verðbreytingafærslu eru ónákvæm, en kosturinn við þau felst í einföldum útreikningi, auk þess sem aðferðin gefur nægilega nákvæmni í flestum tilvikum í almennum atvinnurekstri.

Ljóst er að eignasamsetning innlánsstofnana skapar þeim sérstöðu að þessu leyti og nauðsynlegt virðist að athugað verði til hlítar hvort ástæða sé til að setja sérreglur um útreikning verðbreytingafærslu hjá innlánsstofnunum ef til tekjuskattlagningar þeirra kemur.

Hér er um allflókið mál að ræða og skal því ekki farið út í einstök atriði að öðru leyti en því að benda á að rétt og nauðsynlegt gæti verið að taka í þessu sambandi sérstakt tillit til innborgunar nýs hlutafjár hjá hlutafélagsbönkunum. Innborgun nýs hlutafjár hefði þá áhrif til hækkunar á gjaldfærslu eða lækkunar á tekjufærslu strax á innborgunarári. Útboð nýs hlutafjár er ekki algengt í almennum atvinnurekstri, en hlutafjárútboð hafa verið alltíð hjá hlutafélagsbönkunum á seinni árum og aukin skattheimta, samhliða væntanlegum lágmarkskröfum um eiginfjárstöðu, mundi auka líkurnar á nauðsyn innborgunar nýs eigin fjár til að mæta auknum umsvifum.

5. Sérstakur skattfrádráttur eða skattfrelsi stofnana með veika eiginfjárstöðu.

Eins og ítarlega er fjallað um í áðurnefndri greinargerð til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis hafa lágmarkskröfur um eiginfjárstöðu innlánsstofnana ekki verið lögfestar hér á landi ef undan eru skilin ófullnægjandi ákvæði í lögum um sparisjóði frá árinu 1941. Í löggjöf annarra Norðurlanda er að finna allstrangar kröfur í þessu efni, og reynslan hefur sýnt að full þörf er á slíkum lagaákvæðum hérlendis. Hafa löggjafartillögur um það þegar komið fram og vænta má lögfestingar slíkra reglna áður en mörg ár líða.

Óháð öllum lagareglum er ljóst að innlánsstofnun fær ekki starfað til lengdar nema henni takist að halda viðunandi hlutfalli milli eigin fjár og heildarskuldbindinga í formi innlána og ábyrgða. Álagning tekjuskatts og eignarskatts yrði innlánsstofnunum að sjálfsögðu alvarlegur fjötur um fót í þessu efni og gæti í ýmsum tilvikum riðið baggamuninn um getu stofnunar til áframhaldandi rekstrar. Hættan, sem felst í aukinni skattlagningu, er hliðstæð fyrir allar innlánsstofnanir, en mest er hún kannske fyrir sparisjóðina sem flestir eru sjálfseignarstofnanir og geta því ekki aukið eigið fé sitt með nýjum framlögum frá eigendum.

Framangreind hætta leiddi til þess, að sparisjóðir hafa verið tekjuskattsfrjálsir í Noregi frá árinu 1976, og einnig má nefna að allt til ársins 1972 giltu í Svíþjóð sérstakar skattfrádráttarreglur fyrir sparisjóði sem höfðu veika eiginfjárstöðu.

Þegar til þessa er litið má ljóst vera að mjög varhugavert er að leggja tekjuskatt á innlánsstofnanir án tillits til fjárhagsstöðu þeirra og getu til að fullnægja lágmarkskröfum um rekstraröryggi. Nái fyrirliggjandi frumvarp meirihlutafylgi á Alþingi verður því að athuga þetta atriði sérstaklega og setja í frumvarpið nauðsynleg ákvæði um sérstakan skattfrádrátt eða skattfrelsi innlánsstofnana með hlutfallslega eiginfjárstöðu undir tilteknu marki.

6. Ákvörðun skattstofns á fyrsta skattári.

Í bráðabirgðaákvæðum I—III í frumvarpinu er kveðið á um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna eigna sem keyptar voru fyrir gildistöku laganna. Þá er þar einnig kveðið á um stofn til verðbreytingafærslu. Í athugasemdum við þessi ákvæði segir jafnframt að þar sem umræddar stofnanir hafi ekki verið skattskyldar fram að þessu þyki ekki rétt að taka tillit til afkomu liðinna ára við skattlagningu þeirra nú. Af þeirri ástæðu sé þeim t. d. ekki heimil yfirfærsla á rekstrartapi sem kann að hafa myndast á rekstrarárinu 1981 eða fyrr.

Í þessu sambandi verður að benda á að margvísleg ákvörðunaratriði, önnur en þau sem minnst er á í frumvarpinu, hljóta að valda óvissu við ákvörðun á tekjuskattsstofni á fyrsta skattári. Til að draga úr þessari óvissu, og tryggja viðunandi samræmi milli stofnana, er nauðsynlegt að settar verði reglur um öll meginatriði sem hér koma við sögu. Slíkar reglur þyrfti að setja annaðhvort í lögin sjálf eða lögfesta fyrirmæli um gerð þeirra.

7. Eignarskattur.

Í þeirri greinargerð, sem viðskiptabankar og sparisjóðir hafa þegar lagt fram, eru færð rök að því, að álagning eignarskatts samrýmist engan veginn þeim lágmarkskröfum sem almennt eru gerðar til innlánsstofnana um rekstraröryggi og fjárhagslegan styrk. Sparisjóðir eru eignarskattsfrjálsir á Norðurlöndunum öllum og sama gildir um viðskiptabankana í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Er þess því eindregið að vænta, að fallið verði frá hugmyndum um álagningu eignarskatts á innlánsstofnanir, jafnvel þótt álagning tekjuskatts hlyti meirihlutafylgi á Alþingi.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 19. mars 1982.

Fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis.

Vísað er til fundar, er bankastjórn Seðlabankans átti með nefndinni 15. þ. m., og bréfs nefndarinnar, dags. sama dag. Til ítrekunar á því, sem fram kom á fyrrgreindum fundi, svo og vegna fyrirspurna, er þar voru lagðar fram, vill bankastjórn Seðlabankans taka fram eftirfarandi:

1) **Um álagningu veltuskatts á árinu 1982.**

Almennt er viðurkennt, að veltuskattur er óheppilegt form skattlagningar, þar sem veltan er mjög ófullkominn mælikvarði á afkomu og greiðslugetu fyrirtækja. Vitað er, að afkoma innlánsstofnana hér á landi er um þessar mundir mjög mismunandi, en það veldur því, að veltuskattur mun leggjast mjög mismunandi þungt á þessar stofnanir. Getur slík skattlagning haft mjög alvarleg áhrif á fjárhag þeirra innlánsstofnana, er standa tæpast að því er varðar afkomu og eigið fé, en í þeirra hópi eru m. a. ýmsir smáir sparisjóðir. Einnig er á það að benda, að hvergi kemur ótvírætt fram í frumvarpinu, hvort veltuskattur á árinu 1982 verði frádráttarhæfur við álagningu tekjuskatts á tekjur þessa árs, sem framkvæma á á árinu 1983. Úr þessu þarf að bæta, svo að ekki komi til tvísköttunar á tekjur yfirstandandi árs.

2) **Um álagningu tekjuskatts.**

Sú stefna er valin í umræddu frumvarpi, að tekjuskattur verði lagður á innlánsstofnanir skv. núgildandi tekjuskattslögum án nokkurra sérákvæða, er taki tillit til sérstaks hlutverks og ábyrgðar innlánsstofnana. Seðlabankanum hefur ekki gefist tóm til þess að láta fara fram rækilega könnun á þessu máli, enda hefur það borið brátt að. Það er hins vegar ljóst, að nauðsynlegt er, að ýmis sérákvæði gildi um skattlagningu innlánsstofnana, ef hún á ekki að verða heilbrigðri bankastarfsemi fjötur um fót. Til dæmis má hér nefna tvö atriði, sem ástæða er til að kanna rækilega. Í fyrsta lagi er í frumvarpinu felld niður 5% heimild til afskriftar á útistandandi skuldum, sem í gildi eru um annan atvinnurekstur skv. núgildandi skattalögum. Fyrir því kunna að vera góð rök, að 5% frádráttur af þessu tagi hæfi ekki, þegar um er að ræða fyrirtæki, sem hafa lánastarfsemi að meginverkefni. Á hinn bóginn er ljóst, að útlánastarfsemi innlánsstofnana fylgir veruleg áhætta, og er því nauðsynlegt, að hæfileg heimild sé í lögum til þess, að þær geti lagt fé til hliðar á afskriftareikning til þess að standa undir þessari áhættu. Í öðru lagi er nauðsynlegt, að tekið sé tillit til þess í skattlagningu innlánsstofnana, hver eiginfjárstaða þeirra er. Eiginfjárstaða er grundvöllur þess öryggis, er innstæðueigendur njóta, svo og trausts innlánsstofnana bæði út á við og inn á við. Mikilvægt

er því, að eiginfjárhlutfallið falli aldrei niður fyrir tiltekið lágmark, og er æskilegt, að í lögum sé ákvæði er heimili innlánsstofnunum að leggja fé í varasjóð án skattlagningar, á meðan eiginfjárhlutfall þeirra er fyrir neðan þau mörk, sem talin eru æskileg frá öryggissjónarmiði.

3) **Svör við spurningum, er fram komu á fundi nefndarinnar.**

a) Áhrif skattlagningar á afkomu innlánsstofnana.

Veltuskattur sá, sem fyrirhugað er að leggja á innlánsstofnanir á þessu ári, skal nema 0,06% af heildarinnlánum þeirra í lok hvers mánaðar. Án tekjuaukningar á móti mun því afkoma og ráðstöfunarfé innlánsstofnana dragast saman um samsvarandi fjárhæð, sem áætluð hefur verið 55 millj. kr. Eigi að jafna þessi áhrif á afkomu og ráðstöfunarfé þarf til að koma 0,7% aukning vaxtabils, þ. e. a. s. mismunar á útláns- og innlánsvöxtum, sem væntanlega yrði að gerast með hækkun útlánsvaxta, þar sem við ákvörðun innlánsvaxta yrði að taka tillit til verðlagsþróunar. Verði slík vaxtahækkun ekki látin taka til endurkaupanlegra afurðalána, yrði hækkun annarra útlánsvaxta að nema 0,9%.

b) **Afkoma bankanna nú.**

Enn liggja ekki fyrir lokatölur um afkomu bankanna 1981, en ljóst er að hún hefur orðið mjög misjöfn og lakari hjá sumum en árið á undan, þannig að eiginfjárhlutfall á sambærilegum grundvelli hefur ekki batnað hjá flestum innlánsstofnunum. Útlit er fyrir, að afkoma innlánsstofnana muni versna á árinu 1982, m. a. vegna aukningar á verðtryggðum inn- og útlánum, þar sem vaxtabilið er lægra en í öðrum viðskiptum bankastofnana. Enn liggja ekki fyrir nægilega traustar áætlanir um þetta efni, en ekki er ólíklegt, að auka þurfi vaxtabilið á þessu ári jafnvel þótt tvískattlagning innlánsstofnana komi ekki til. Það er því ljóst, að erfitt verður að komast hjá því að hækka útlánsvexti sérstaklega, ef lagður verður veltuskattur á innlánsstofnanirnar á þessu ári.

c) **Þróun eiginfjárstöðu innlánsstofnana undanfarin ár.**

Tekið hefur verið saman yfirlit yfir eigið fé innlánsstofnana sem hlutfall af niðurstöðu efnahagsreiknings viðskiptabankanna frá 1960 og sparisjóðanna frá 1962 (tafla 1). Innifalið í því er bókfært verðmæti fasteigna og áhalda samkvæmt mjög mismunandi mati, og ýmis annar munur er á uppgjörsmáta, nýtt eigið fé hefur áhrif o. s. frv. Hafa innlánsstofnanir í vaxandi mæli tekið upp endurmat fasteigna, meðfram vegna þess að eigið fé nemur að öðrum kosti ákaflega lágu hlutfalli. Hins vegar er eigið fé í formi fasteigna og áhalda að sjálfsögðu með engu móti handbært sem varafé rekstrarins. Til þess að sneiða hjá þessum ágöllum eru jafnframt birtar talnaraðir um eigið fé án fasteigna, áhalda og búnaðar, en um sparisjóðina ná þær aðeins aftur til 1972.

Í upphafi þess tímabils, sem hér er sýnt, höfðu bæði bankar og sparisjóðir þokkalega eiginfjárstöðu, en hún fór þegar lækkandi, mjög ört frá miðjum sjöunda tugnum, og náði lágmarki 1974 (sparisjóðir) og 1975 (viðskiptabankar). Rýrnun hlutfallsins var gerð minna áberandi með því að tjalda endurmati fasteigna, en að þeim og tækjum og búnaði slepptum hrapaði fjáreignaleg eiginfjárstaða viðskiptabanka niður í 1,5% árin 1976—78, en þó ekki nema í 3,5% hjá sparisjóðunum 1973. Er staða viðskiptabankanna aðeins lítillega tekin að rétta við eftir þetta, en verður þó að teljast mjög slök.

Auk þess eru tiltæk sundurliðuð yfirlit um einstaka viðskiptabanka (töflur 2 og 3). Sýnir tafla 2 tilraun til samræmingar að endurmati fasteigna þeirra banka, sem ekki hafa þegar fært það upp. Tafla 3 sýnir hins vegar ósamræmdar reikningsniðurstöður sem og fjáreignalega

eiginfjárstöðu (kölluð handbært eigið fé). Sýnir hún þá markverðu niðurstöðu, að síðar greinda staðan hefur verið neikvæð hjá ýmsum bönkum nokkur síðustu árin, eða litlu einu yfir núllmarki.

Tilvitnaðar töflur fylgja hér með.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Ólafsson. Guðmundur Hjartarson.

Fylgiskjal III.

Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild

17. mars 1982.

Tafla 1.

Eignarfjárhlutföll banka og sparisjóða.

Árslok	Eigið fé sem % af niðurstöðutölu efnahagsreiknings		Eigið fé að frádregnum fasteignum og áhöldum sem % af niðurstöðutölu efnahagsreiknings að frátöldum fasteignum og áhöldum	
	Viðskipta-bankar	Spari-sjóðir	Viðskipta-bankar	Spari-sjóðir
1960	10,0		9,1	
1961	9,8		9,0	
1962	9,7	7,4	8,9	
1963	9,6	7,6	8,6	
1964	8,9	7,4	7,7	
1965	8,1	7,1	7,2	
1966	7,9	7,2	6,9	
1967	8,0	7,7	6,6	
1968	7,2	7,6	5,7	
1969	6,9	7,0	5,4	
1970	6,6	6,5	5,0	
1971	6,0	6,1	4,4	
1972	5,7	5,9	3,9	3,6
1973	5,1	5,6	3,5	3,5
1974	4,0	5,5	2,4	3,7
1975	3,8	5,9	1,7	4,5
1976	4,0	6,4	1,5	5,1
1977	4,3	7,1	1,5	4,6
1978	5,0	9,8	1,5	5,8
1979	5,4	11,0	2,0	6,2
1980	6,5	11,8	2,4	6,7

Tölurnar byggjast á ársreikningum banka og sparisjóða. Mismunandi uppgjörsmáti, einkum við mat fasteigna, veldur því, að tölur eru ekki sambærilegar ár frá ári. Með frádrætti fasteigna, áhalda og búnaðar, eins og gert er hér í tveim seinni dálkunum, er að nokkru komist hjá þessum vanda.

Fylgiskjal IV.

Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild.

3. nóvember 1981.

Tafla 2.
Eigið fé viðskiptabanka í hlutfalli af niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

	Lands-banki	Útvegs-banki	Búnaðar-banki	Iðnaðar-banki	Verslunar-banki	Samv.-banki	Alþýðu-banki	Viðskiptab. alls
1960	12,2	7,8	6,2	7,3	—	—	—	10,0
1	11,8	8,5	6,0	6,7	5,6	—	—	9,8
2	11,9	8,9	5,0	6,7	4,8	—	—	9,7
3	12,7	8,1	4,4	6,6	4,3	4,1	—	9,6
4	12,0	7,7	3,8	6,5	3,8	2,8	—	8,9
5	11,3	6,8	3,4	5,5	3,5	2,2	—	8,1
6	11,2	6,5	3,0	4,5	4,6	2,7	—	7,9
7	11,6	6,3(9,5)	2,9	3,8	5,7	2,4	—	8,0
8	10,7	5,1(7,9)	2,7	3,5	6,2	2,3	—	7,2
9	10,9	4,8(8,1)	2,4	3,1	5,2	2,2	—	6,9
70	10,6	4,8(8,3)	2,2	2,8	5,0	2,5	—	6,6
1	9,5	3,7(6,3)	2,1	2,5	5,0	2,2	12,4	6,0
2	8,4	3,7...	1,9	3,8	4,7	6,1	8,1	5,7
3	6,8	3,3...	1,9	3,3	7,8	6,4	6,1	5,1
4	4,7	2,1(5,3)	2,1	4,0	7,6	5,9	5,9	4,0
5	4,4	2,1(5,1)	2,3	3,6	7,0	4,9	4,2	3,8
6	4,4	2,0(5,6)	2,6	8,6	5,7	5,2	8,3	4,0
7	4,1(6,3)	3,7(4,8)	2,7(6,0)	8,0(8,9)	8,1(8,3)	(6,8)	(8,5)	4,3(6,2)
8	4,0(6,0)	(4,5)	(6,5)	(7,7)	7,9(8,4)	(6,7)	(7,9)	5,0(6,1)
9	4,3(6,5)	(4,4)	(7,0)	(7,7)	(11,2)	(6,9)	(7,5)	5,4(6,5)
80	(6,3)	(4,3)	(7,5)	(8,6)	(11,8)	(6,9)	(6,7)	(6,5)

Ath.: Svigatölur sýna endurmetið eigið fé í hlutfalli við niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Útvegsbanki, Búnaðarbanki og Iðnaðarbanki sýna endurmetið eigið fé í reikningum sínum frá og með árinu 1978. Samvinnubanki og Alþýðubanki frá og með árinu 1977. Verslunarbanki frá og með árinu 1979, en Landsbanki ekki fyrr en árið 1980. Hér er ekki tekið með í myndina Verslunarsparisjóður, Samvinnusparisjóður og Alþýðusparisjóður.

Endurmat eigin fjár byggist á mismun milli bókfærðs fasteignaverðs og endurmetins fasteignaverðs, en þá er annars vegar tekið mið af hinu opinbera fasteignamati síðustu fjögur árin og hins vegar áætluðu fasteignamati út frá uppgefnu brunabótamati árin þar á undan.

Fylgiskjal V.

Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild.

3. nóv. 1981.

Tafla 3.

Eigið fé viðskiptabanka að frádregnu bókfærðu verði fasteigna, áhalda og búnaðar = handbært eigið fé.

	Bókfært eigið fé í m.gkr. að frádregnu bókfærðu verði fasteigna, áhalda og búnaðar, I								I í % af niðurstöðutölu efnahags-reiknings án fasteigna, áhalda og búnaðar, II							
Í árslok	1	2	3	4	5	6	7	8	1	2	3	4	5	6	7	8
1960	245	80	26	6	−4[1]	—	—	353	11,9	7,7	5,5	4,4	−2,3[1]	—	—	9,1
1961	286	91	23	4	4	1[2]	—	409	11,5	8,5	4,4	2,1	1,6	1,3[2]	—	9,0
1962	345	104	24	5	6	7[2]	—	491	11,6	8,9	3,4	2,2	1,7	4,9[2]	—	8,9
1963	405	109	25	8	6	5	—	558	12,5	6,9	3,0	2,9	1,5	2,6	—	8,6
1964	448	114	26	9	−14	3	—	586	11,7	6,2	2,5	2,6	−3,3	1,2	—	7,7
1965	518	119	28	6	−13	4	—	662	11,0	6,8	2,0	1,3	−2,4	1,0	—	7,2
1966	572	125	24	7	−10	8	—	726	10,7	6,5	1,4	1,2	−1,6	1,7	—	6,9
1967	611	128	6	−2	9	4	—	756	10,8	6,1	0,3	−0,2	1,3	0,7	—	6,6
1968	624	120	−11	−14	12	2	—	733	9,8	4,7	−0,5	−1,9	1,5	0,3	—	5,7
1969	664	117	−28	−12	17	7	−2[3]	763	9,8	4,2	−1,0	−1,4	1,8	0,9	−1,8[3]	5,4
1970	725	120	−40	−13	22	9	−1[3]	822	9,5	4,1	−1,2	−1,2	1,8	1,0	−0,7[3]	5,0
1971	770	111	−57	−16	26	−10	−1	823	8,3	3,0	−1,4	−1,3	2,2	−0,9	−0,3	4,4
1972	851	127	−46	−13	27	59	4	1009	7,3	2,9	−0,9	−0,9	1,9	3,7	0,9	3,9
1973	984	140	−28	−22	105	86	6	1271	5,9	2,4	−0,4	−1,3	5,5	3,9	1,0	3,5
1974	1051	55	1	7	124	73	16	1327	3,7	0,5	0	0,3	5,5	2,6	1,6	2,4
1975	1246	−3	52	−41	101	−55	−46	1254	3,2	0	0,4	−1,4	3,7	−1,4	−3,6	1,7
1976	1626	9	72	−58	99	−201	−69	1478	3,2	0,1	0,5	−1,5	2,7	−3,8	−5,0	1,5
1977	2140	31	250	−218	−67	−80	−30	2026	3,1	0,1	1,1	−4,2	−1,5	−1,0	−1,6	1,5
1978	3397	−325	422	−244	−79	−75	−48	3048	3,1	−1,0	1,2	−3,0	−1,1	−0,6	−1,9	1,5
1979	5898	−520	1074	−234	185	49	−164	6288	3,6	−1,0	1,9	−1,7	1,9	0,3	−4,1	2,0
1980	10 772	−635	2668	166	62	240	−206	13 067	3,6	−0,8	2,9	0,6	0,4	0,7	−2,9	2,4

1. Landsbanki Íslands.
2. Útvegsbanki Íslands.
3. Búnaðarbanki Íslands.
4. Iðnaðarbanki Íslands.
5. Verslunarbanki Íslands,
6. Samvinnubanki Íslands.
7. Alþýðubankinn h.f.
8. Viðskiptabankar alls.

Heimildir:
1971—1980 Bankaeftirlit.
1960—1970 Ársskýrslur bankanna.

1) Verslunarsparisjóður.
2) Samvinnusparisjóður.
3) Alþýðusparisjóður.

Fylgiskjal VI.

Reykjavík, 29. mars 1982

Til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis.

Samband viðskiptabankanna og Samband sparisjóða hafa sent nefndinni sameiginlega umsögn og mótmæli gegn frv. um skattskyldu innlánsstofnana (215. mál), en undirritaðar stofnanir telja óhjákvæmilegt að vekja athygli á og andmæla einu atriði frumvarpsins, sem alvarlega mismunar þeim stofnunum, sem frv. er ætlað að ná til, ef það yfirleitt nær fram að ganga.

Skattlagning innlánsstofnana er þáttur í fjáröflun vegna efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar. Þegar fjármálaráðherra gerði grein fyrir þeirri fjáröflun, áætlaði hann tekjur af skattlagningu innlánsstofnana 40 millj. kr. Í frv. á þskj. 372 er ráðgerð skattheimta hins vegar 50 millj. kr. Ástæðan er sú, að ráðgert er að lækka hluta ríkissjóðs af gengismun og umboðsþóknun gjaldeyrisbankanna vegna erlendra viðskipta úr 60% í 50%, sem áætlað er að rýri tekjur ríkissjóðs um 9 millj. kr. Niðurstaðan er því sú, að innlánsstofnunum almennt er ætlað að greiða þetta tekjutap ríkissjóðs.

Þessari fyrirætlun hljóta aðrar innlánsstofnanir harðlega að mótmæla og lýsa furðu sinni yfir þessari fráleitu hugmynd fjármálaráðherra.

Hér er ruglað saman tveimur óskyldum málum. Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur frá upphafi hlutdeildar ríkissjóðs í tekjum gjaldeyrisbankanna af erlendum viðskiptum verið lögð á það áhersla, að ekki mætti líta á þessa gjaldtöku sem skattheimtu af gjaldeyrisbönkunum, heldur sem eðlilega hlutdeild ríkisins í tekjum vegna forréttinda, sem aðeins tveir bankar njóta. Hér er því um svipaða skattlagningu að ræða og skatt á ferðmannagjaldeyri, en alls ekki sambærilegt við tekjuskatt.

Það er auðvitað ljóst, að þessi hlutdeild ríkissjóðs í tekjum gjaldeyrisbankanna af erlendum viðskiptum er orðin óhæfileg, en málið verður ekki leyst með því að ætla þeim stofnunum bankakerfisins, sem ekki njóta að neinu leyti hlunninda af erlendum viðskiptum, að axla þessa skattbyrði að stórum hluta.

Ekki virðast vera nema tvær leiðir til þess að koma í veg fyrir þau rangindi, sem frv. felur í sér að þessu leyti. Annaðhvort er að lækka umrædda hlutdeild ríkissjóðs í tekjum af gjaldeyrisviðskiptum, án þess að hækka skattgreiðslur annarra innlánsstofnana sem því nemur, eða fresta lækkuninni til ársins 1983, þegar innlánsstofnunum er ætlað að greiða skatta eftir almennum skattalögum, og lækka hið sérstaka skattgjald innlánsstofnana 1982 í 40 millj. kr. svo sem fjármálaráðherra upphaflega áætlaði.

Undirritaðar innlánsstofnanir treysta háttv. nefnd til að breyta frv. á þann hátt, að komið sé í veg fyrir það misrétti, sem hér hefur verið vakin athygli á.

Virðingarfyllst
Búnaðarbanki Íslands
Magnús Jónsson, Þórh. Tryggvason.

Iðnaðarbanki Íslands h. f.
Bragi Hannesson, R. Önundarson.

Verslunarbanki Íslands h. f.
Höskuldur Ólafsson, Kristján Oddsson.

Samvinnubanki Íslands h. f.
Pétur Erlendsson.

Alþýðbankinn h. f.
Stefán Gunnarsson.

Samband íslenskra sparisjóða
Sigurður Hafstein.

Fylgiskjal VII.

IÐNAÐARBANKI ÍSLANDS HF.

19. mars 1982

Til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis.

Samband íslenskra viðskiptabanka og Samband íslenskra sparisjóða hafa sent nefndinni umsögn um frumvarp til laga um skattskyldu innlánsstofnana. Iðnaðarbankinn vill þó vekja athygli á einu atriði frumvarpsins sérstaklega, sem mundi að óbreyttu mismuna bankanum.

Með 2. gr. frumvarpsins er ætlunin að undanþiggja skattlagningu þá fjárfestingarlánasjóði sem sambærilegir eru fjárfestingarlánasjóðum í eigu hins opinbera. Meðal þeirra sjóða, sem upp eru taldir í greininni, er „Iðnlánasjóður Íslands", sem raunar heitir réttu nafni Iðnlánasjóður. Hér er um misskilning að ræða, því Iðnlánasjóður er opinber fjárfestingarlánasjóður og því óþarft að undanþiggja hann skattlagningu sérstaklega, fremur en aðra opinbera sjóði.

Hins vegar er Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands hf. fjárfestingarlánasjóður, alveg hliðstæður Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (Verslunarlánasjóði) og Stofnlánadeild samvinnufélaga. Veðdeildin er í eigu bankans rétt eins og ofantaldir tveir sjóðir eru í eigu Verslunarbankans og Samvinnubankans. Fjárhagur Veðdeildarinnar er algjörlega aðskilinn frá fjárhag bankans, skv. fyrirmælum í reglugerð fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf. Tekjuafgangur deildarinnar hefur jafnan verið lagður óskertur í varasjóð hennar.

Hlutverk Veðdeildarinnar er að veita lán á þeim sviðum iðnaðar sem aðrir fjárfestingarlánasjóðir iðnaðarins veita ekki lán til, þ. e. til kaupa á verkfærum og tækjum fyrir iðnaðarmenn. Með því að deildin yrði skattlögð umfram það, sem öðrum sambærilegum sjóðum er lagt á herðar, væri geta hennar til að rækja hlutverk sitt alvarlega skert, enda verður deildin að búa við sömu kjör og aðrir sjóðir varðandi útlánsvexti og vexti aðfengins lánsfjár.

Vér vonum að háttvirt nefnd muni breyta frumvarpinu á þann hátt, að komið verði í veg fyrir þá mismunun sem hér hefur verið vakin athygli á, enda líklegast að um mistök eða misskilning hafi verið að ræða við samningu frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

IÐNAÐARBANKI ÍSLANDS HF.

Bragi Hannesson. Ragnar Önundarson.

Sþ. 698. Nefndarálit [124. mál]

um till. til þál. um aukið sjálfsforræði sveitarfélaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Reykjavík, 23. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Halldór Blöndal.
	Steinþór Gestsson.	

Sþ. 699. Breytingartillögur [124. mál]

við till. til þál. um aukið sjálfsforræði sveitarfélaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JS, BÍG, HBl, SteinG).

Í fyrstu mgr. tillögunnar komi: Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til — í stað orðanna „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni".

2. a-liður 2. mgr. orðist svo:
   Að skattlagning á tekjum einstaklinga og á eignum einstaklinga og fyrirtækja verði einvörðungu á vegum sveitarfélaga, en tekjuskattur og eignarskattur einstaklinga til ríkissjóðs falli niður, svo og eignarskattur fyrirtækja.
   Innan rúmra marka, sem m. a. taki mið af tekjujöfnunarmöguleikum skattsins, ákveði sveitarstjórnir álagningarhlutföllin án afskipta ríkisvaldsins.
3. b-liður orðist svo:
   Að skattar af veltu verði alfarið á vegum ríkissjóðs, en aðstöðugjald til sveitarfélaga falli niður.
4. Í stað orðanna „Að jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjóni fyrst og fremst" í d-lið komi: Að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjóni í auknum mæli.

Sþ. 700. Nefndarálit [224. mál]

um till. til þál. um aðgerðir til þess að tryggja eðlilega byggðaþróun í Árneshreppi í Strandasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og mælir með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Síðari málsgrein falli niður.

Alþingi, 23. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Halldór Blöndal, frsm.
Steinþór Gestsson.	Páll Pétursson.	Haraldur Ólafsson.

Ed. 701. Lög [108. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 423.

Nd. 702. Frumvarp til laga [155. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 192 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanna og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett í reglugerð.

Þeir, sem eiga rétt á láni samkvæmt lögum þessum, skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lánasjóður skal standa honum skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu er telst viðbót við lán eins og það annars reiknast. Það rýrir ekki rétt námsmanns til lánsfyrirgreiðslu úr Lánasjóði sem svarar þeim hluta, er nemur iðgjaldi að Söfnunarsjóði, þótt hann taki ekki námslán til framfærslu sér eða námskostnaðar.

7. gr. hljóðar svo:

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölu eða útreikningi hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur skv. nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefnir einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

Endurgreiðsla lána hefst þremur árum eftir námslok en sjóðsstjórnin skal skilgreina nánar hvað telja beri námslok í þessu sambandi. Ári eftir námslok skal námsmanni tilkynnt upphæð heildarskuldar og sú vísitala sem samsvarar raungildi hennar. Ábyrgð ábyrgðarmanns skv. 3. mgr. 6. gr. getur fallið niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið innt af hendi, enda setji lánþegi aðra tryggingu fyrir lánum, sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum námsaðstoð til bráðabirgða með víxilkaupum gegn venjulegum víxilvöxtum og ábyrgð tveggja manna, sbr. 1. mgr. 6. gr., til að greiða tímabundinn námskostnað, enda fullnægi námsmenn almennum skilyrðum til námsaðstoðar. Víxlarnir skulu annaðhvort endurgreiðast í reiðufé eða með námsaðstoð sem veitt verður síðar skv. almennum reglum.

8. gr. hljóðar svo:

Árleg endurgreiðsla af skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

Föst ársgreiðsla er kr. 1 200 miðað við lánskjaravísitölu 135 nema eftirstöðvar láns, ásamt verðbótum, séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðsla miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 3,75% margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Frá þessum hundraðshluta af útsvarsstofni dregst fasta greiðslan skv. 2. mgr.

Endurgreiðslum skal ljúka ekki síðar en 40 árum eftir að þær hefjast og eru eftirstöðvar lánsins þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr. um vanskil og vantalningu tekna. Endurgreiðslur skulu standa yfir í 5 ár hið skemmsta, þó þannig að það skerði ekki fasta greiðslu skv. 2. mgr.

Stjórn Lánasjóðs er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 2. og 3. mgr. ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum lánþega milli ára, t. d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórninni er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá fastri ársgreiðslu skv. 2. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

Lánþegi er sækir um undanþágu skv. 5. mgr. skal leggja fyrir sjóðsstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta. Undanþága frá árlegri endurgreiðslu getur verið annaðhvort að hluta eða öllu leyti, eftir atvikum.

Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

12. gr. hljóðar svo:

Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. og 2. gr. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað.

Fé því sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja skal m. a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám sem ekki verður stundað hérlendis.

Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðsstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum aukalán eða styrk úr sjóðnum, enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf.

Ed. 703. Frumvarp til laga [299. mál]

um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingalána til verkefna.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—1982.)

1. gr.

Alþingi samþykkir, að ríkissjóður taki á sig ábyrgð á hluta Íslands, allt að fjárhæð 2.830.000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingalána og -ábyrgða til verkefna.

2. gr.

Alþingi samþykkir að heimila ríkisstjórninni að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð ríkissjóðs skv. 1. gr. laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi.

Í janúarmánuði 1981 lagði ráðherranefnd Norðurlanda til við Norðurlandaráð, að norrænt samstarf um verkefnaútflutning („projektexport") skyldi aukið. Með hugtakinu „verkefnaútflutningur" er átt við sölu fullgerðra mannvirkja („anlæg") til útflutnings.

Norðurlandaráð tók tillögu ráðherranefndarinnar til meðferðar á fundi hinn 4. mars 1981 og ákvað að fela nefndinni að gera ráðstafanir, er miðuðu að því að koma tillögunni í framkvæmd. Ráðherranefndin ákvað síðan á fundi sínum 15. og 16. september 1981, að hafið skyldi norrænt samstarf um verkefnaútflutning. Að baki þessari ákvörðun lá sú hugsun að auka þar með samkeppnisgetu fyrirtækja á Norðurlöndum við sölu verkefna, einkum til þróunarlanda, en einnig til landa, sem búa við ríkisrekinn áætlunarbúskap. Hinn 28. febrúar 1982 voru gerðar minniháttar breytingar á ákvörðuninni.

Fyrir Íslands hönd sat Friðjón Þórðarson, dómsmálaráðherra, fund ráðherranefndarinnar í september, en staðgengill hans í nefndinni, Guðmundur Benediktsson, ráðuneytisstjóri, sat fundinn 28. febrúar s. l., er gengið var endanlega frá ákvörðuninni.

Ákvörðun ráðherranefndarinnar skiptist í fjóra meginþætti:

1. Gera skal margþættar ráðstafanir til að auka upplýsingamiðlun milli fyrirtækja og efla markaðsstarf utan Norðurlandanna á sviði verkefnaútflutnings.
2. Lagt er til, að auk þess verði unnið að samræmingu á reglum Norðurlandanna varðandi kjör útflutningslána („exportkrediter") og ríkisábyrgða þeirra vegna.
3. Stofnaður verður norrænn verkefnaútflutningssjóður frá 1. júlí 1982 að telja, og verður hann starfræktur í Helsingfors.
4. Komið skal á fót frá sama tíma sérstökum lánaflokki, vegna norrænna fjárfestingalána til verkefna, innan Norræna fjárfestingarbankans. Heildarlánin geta numið allt að 350 milljónum SDR, sem er jafnvirði um 4.0 milljarða ísl. króna (gengi 16. apríl 1982).

Með frumvarpi þessu, sem er hliðstætt frumvörpum sama efnis, sem lögð eru fyrir þjóðþing hinna Norðurlandanna, er verið að skapa nauðsynleg skilyrði þess, að unnt sé að hrinda 4. tl. ákvörðunarinnar í framkvæmd. Jafnframt fylgja frumvarpinu samþykktir fyrir norræna verkefnaútflutningssjóðinn í íslenskri þýðingu (sjá fskj. I). Ætlunin er að þessi sjóður verði starfræktur til reynslu í þrjú ár, og verður fé veitt til hans af fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar. Frumvarp þetta er samið í viðskiptaráðuneytinu.

2. Norræn fjárfestingalán til verkefna.

Eins og að framan segir var m. a. gert ráð fyrir í ákvörðun ráðherranefndarinnar, að stofnaður skyldi sérstakur sameiginlegur nýr lánaflokkur innan Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingalána til verkefna. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir Norræna fjárfestingarbankann vegna þessa.

Starfsemi Norræna fjárfestingarbankans hefur færst sífellt í vöxt, frá því er hann hóf starfsemi sína á árinu 1976. Samkvæmt 1. gr. samnings um stofnun bankans er hlutverk hans að veita lán og ábyrgðir með bankakjörum og samkvæmt almennum þjóðhagslegum sjónarmiðum með það í huga að hrinda í framkvæmd fjárfestingaáformum og efla útflutning í þágu Norðurlandanna. Samkvæmt sérstökum samþykktum, sem gilda um starfsemi bankans, gegnir hann hlutverki sínu á þann hátt að veita lán og ábyrgðir. Geta heildarlán og ábyrgðir bankans nú numið einum milljarði SDR eða um 11.5 milljörðum kr. (gengi 16. apríl 1982). Frá stofnun bankans hefur hann veitt 121 lán að heildarfjárhæð 592 milljónir SDR, og á s. l. ári veitti hann 37 lán að heildarfjárhæð 175 milljónir SDR. Af lánum ársins 1981 var 84% varið til fjárfestinga á Norðurlöndum.

Nú er ákveðið að Norræni fjárfestingarbankinn fái til viðbótar það hlutverk að veita lán og ábyrgðir til stærri verkefna utan Norðurlanda. Er talið, að þetta muni styrkja norræna

útflytjendur í alþjóðlegri samkeppni á verkefnamarkaðnum. Loks gætu slík lán opnað athyglisverða leið til útflutnings á verkþekkingu frá Norðurlöndunum, einkum til þróunarlanda.

Nánar til tekið er með norrænum fjárfestingalánum til verkefna átt við lán til ríkja, stjórnvalda og fyrirtækja, fyrst og fremst í þróunarlöndunum, en jafnframt m. a. til landa, sem búa við ríkisrekinn áætlunarbúskap, til þess að fjármagna fjárfestingaverkefni, þegar fleira en eitt Norðurlandanna telja sig hafa hag af því. Lánunum er ætlað að koma til viðbótar þeim alþjóðlegu og norrænu fjármögnunarmöguleikum, sem þegar eru fyrir hendi. Lánin eiga m. a. að auðvelda fjármögnun á opinberum framkvæmdum og nauðsynlegum kostnaði þeim samfara. Lán þessi eru hins vegar ekki ætluð til fjármögnunar á þeim útflutningi frá Norðurlöndum, sem venju samkvæmt er fjármagnaður með tryggðum útflutningslánum.

Lánin verða takmörkuð við verkefni eða verkefnaþætti utan Norðurlanda, þar sem til er að dreifa viðskiptahagsmunum tveggja eða fleiri Norðurlanda. Þau á að veita til verkefna, þar sem Norðurlönd eru samkeppnisfær á alþjóðavettvangi. Við skilgreiningu á norrænum hagsmunum ber að taka mið af þeim höfuðreglum, sem fylgt hefur verið og þróast hafa í starfi Norræna fjárfestingarbankans.

Lánin verða veitt í samræmi við heföbundna bankaskilmála, og því myndu lánveitingar fyrst og fremst ganga til landa með tiltölulega gott lánstraust. Lánin verða veitt af Norræna fjárfestingarbankanum, en einnig af öðrum bönkum og lánastofnunum á Norðurlöndum. Fjárfestingalán til verkefna fela í sér áhættu, sem þessar lánastofnanir geta ekki tekið á sig án þess að veikja eigið lánstraust. Til þess að fjárfestingalán til verkefna geti talist til eðlilegrar lánastarfsemi, verður að undanþiggja þessar stofnanir lánsáhættu með sérstökum ábyrgðum, sem Norðurlöndin veita.

Það kemur í hlut Norræna fjárfestingarbankans að hafa umsjón með þessari starfsemi, eins og áður hefur verið vikið að. Norðurlöndin veita bankanum nefndar ábyrgðir með sérstökum samningi bankans við hvert og eitt Norðurlandanna, sbr. 2. gr. frumvarpsins, hvað Ísland varðar. Þessir samningar munu m. a. hafa að geyma reglur, um hvernig greiðslum skuli háttað, ef til þeirra kemur. Ábyrgðirnar eru „pro rata" ábyrgðir, og er hlutur Íslands 0.89% af heildarfjárhæð ábyrgða. Ábyrgðirnar munu tryggja Norræna fjárfestingarbankann gegn hugsanlegum tjónum af veitingu fjárfestingalána til verkefna. Ábyrgðir Norðurlanda geta hæst numið 90% af einstökum fjárfestingalánum til verkefna, þ. e. a. s. sjálfsábyrgð ábyrgðartaka getur eigi verið lægri en 10%.

Svo sem fyrr greinir geta auk Norræna fjárfestingarbankans aðrir bankar og lánastofnanir veitt fjárfestingalán til verkefna. Í þessum tilvikum gengur Norræni fjárfestingarbankinn í ábyrgð á lánunum innan settra reglna, enda uppfylli lánin skilmála bankans fyrir veitingu þeirra.

Samkvæmt samþykktum um bankann, sem áður hefur verið minnst á, gegnir hann hlutverki sínu á þann hátt að veita lán og ábyrgðir, sem geta numið allt að 250 hundraðshlutum af stofnfé, sem nemur 400 milljónum SDR. Heildarlán og ábyrgðir bankans geta þannig numið 1 milljarði SDR, eða ca. 11.5 milljörðum króna. Ákveðin hefur verið heildarfjárhæð leyfilegra fjárfestingalána og ábyrgða til verkefna. Nemur þessi fjárhæð 350 milljónum SDR eða um 4.0 milljörðum ísl. króna (gengi 16. apríl 1982). Fjárhæðin er talin hæfileg með hliðsjón af heildarlánum og lánsmöguleikum Norræna fjárfestingarbankans. Þetta felur í sér nánar tiltekið, að um 25% af útlánagetu Norræna fjárfestingabankans, að meðtöldum áðurnefndum 350 milljónum SDR, má ráðstafa til fjárfestingalána vegna verkefna.

Ráðherranefndinni er heimilt að samþykkja, að fenginni beiðni Norræna fjárfestingarbankans, að bankinn veiti lán eða ábyrgðir umfram 350 milljóna SDR hámarkið. Þetta

breytir því þó ekki, að ábyrgðir Norðurlandanna nema allt að einu að hámarki 90% af 350 milljónum SDR, þ. e. a. s. 315 milljónum SDR.

Til þess að setja á laggirnar það sameiginlega fjármögnunarkerfi, sem hér um ræðir — kerfi norrænna fjárfestingalána til verkefna — er nauðsynlegt að samþykktum Norræna fjárfestingarbankans sé breytt (sjá fskj. II). Ráðherranefndin hefur þegar tekið ákvörðun um þær breytingar, en skv. 2. gr. samningsins um stofnun bankans er nefndinni falið að annast það verk. Áður en ráðherranefndin samþykkti breytinguna, var hún lögð fyrir Norðurlandaráð til umsagnar á 29. fundi ráðsins í Kaupmannahöfn 1981. Breytingin var einnig lögð fyrir fund Efnahagsnefndar Norðurlandaráðs, sem haldinn var hér á landi 29. — 31. júlí 1981. Breytingar þessar öðlast gildi hinn 1. júlí 1982, að því tilskildu að Norðurlöndin hafi gengið í ábyrgð gagnvart bankanum á fjárfestingalánum og -ábyrgðum til verkefna.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Alþingi samþykki að ríkissjóður taki á sig ábyrgð á hluta Íslands, allt að fjárhæð 2,830 milljónir SDR eða um 32,4 milljónir ísl. kr. (gengi 16. apríl 1982) gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingalána og -ábyrgða til verkefna og heimili ríkisstjórninni að ganga frá samningi við bankann í því skyni.

Fylgiskjal I.

Samþykktir fyrir Norræna verkefnaútflutningssjóðinn.

1. gr.

Markmið sjóðsins.

Markmið sjóðsins er að efla samkeppnisaðstöðu norrænna fyrirtækja á alþjóðavettvangi með því að styrkja verkefni, þar sem Norðurlönd eiga hagsmuna að gæta.

2. gr.

Starfssvið sjóðsins.

Sjóðurinn skal styrkja norræn fyrirtæki og samtök við gerð skilyrða- og arðsemisathugana í tengslum við alþjóðleg verkefni (s. n. prefeasibility og feasibility athuganir). Sjóðurinn getur einnig stutt framkvæmd eftirfarandi mála:

1. Norrænt og alþjóðlegt námsskeiðshald á þeim sviðum og í þeim greinum, þar sem norræn fyrirtæki eru samkeppnisfær á alþjóðavettvangi;
2. Grundvallarmarkaðskannanir og rannsóknir á eftirspurn á þeim svæðum, er ætla má, að norrænir viðskiptahagsmunir séu til staðar;
3. Úttekt á hæfnissviðum meðal Norðurlandaþjóða t. d. með athugunum á iðngreinum og ráðgjafaþjónustu á Norðurlöndum.

3. gr.

Heimildir sjóðsins til styrkveitingar.

Sjóðurinn ákveður að fengnum umsóknum — innan þeirra fjárhagsmarka, sem honum eru sett — styrkveitingar við verkefni og áætlanir, í samræmi við 1. og 2. gr. þessara samþykkta, svo og í samræmi við fyrirmæli ráðherranefndar um starfrækslu sjóðsins.

Eigi er veittur styrkur til verkefna á Norðurlöndum. Styrkjum skal þannig skipt, að yfir lengri tíma skapist sanngjarnt jafnvægi milli landanna.

Styrkur samkvæmt 2. gr. þessara samþykkta má eigi nema hærri fjárhæð en 50% af kostnaði.

Styrkur við gerð skilyrða- og arðsemisathugana skv. 1. mgr. 2. gr. í samþykktum þessum er bundinn því, að viðkomandi athuganir standi í beinu sambandi við framkvæmd ákveðins

verkefnis og markmiðið sé að gera síðar tilboð, er tengist verkefninu. Leiði tilboð, sem reist er á athugunum, sem sjóðurinn hefur styrkt, til þess að verkefnið gangi fram, ber að endurgreiða fjárhagsaðstoðina. Við sérstakar aðstæður getur sjóðurinn veitt undanþágu frá endurgreiðslukvöðinni að fullu eða hluta. Endurgreitt fé rennur í sjóðinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins eiga sæti tveir tulltrúar frá hverju landanna, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Viðkomandi ríkisstjórn tilnefnir stjórnarmenn til þriggja ára. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar minnst sex stjórnarmenn, sem jafnframt eru fulltrúar minnst fjögurra landa, eru viðstaddir. Leggist mættir fulltrúar tveggja landa gegn ákvörðun, öðlast hún ekki gildi. Á stjórnarfundum má Norræni fjárfestingarbankinn hafa áheyrnarfulltrúa.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Halda skal gerðabók um stjórnarfundi.

Stjórnin ræður starfslið sjóðsins og setur því starfsreglur.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu berast til skrifstofu hans.

Um fjárhagsáætlun, bókhald, endurskoðun o. fl. gildir eftirfarandi:

1. Reglugerð um fjárhagsáætlun fyrir ráðherranefnd Norðurlanda;
2. Sérstakar reglur um fjármálastjórn Norræna verkefnaútflutningssjóðsins, sem ráðherranefnd Norðurlanda setur.

5. gr.

Önnur atriði.

Sjóðurinn hefur aðsetur sitt í Helsingfors.

Ráðherranefnd Norðurlanda ákveður breytingar, viðauka eða afnám samþykkta þessara.

Samþykktir þessar taka gildi hinn 1. júlí 1982.

Fylgiskjal II.

Breytingar á samþykktum fyrir Norræna fjárfestingarbankann.

Ráðherranefnd Norðurlanda hefur ákveðið eftirfarandi viðauka við samþykktir Norræna fjárfestingarbankans:

a) Við 6. gr. bætist ný grein, sem verður 2. málsgrein:

Að auki getur bankinn veitt fjárfestingalán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingalánum til verkefna skv. 6. gr. a, sem nema allt að jafnvirði 350 milljóna SDR.

b) Á eftir 6. gr. kemur ný grein, 6. gr. A:

Samkvæmt ákvörðun stjórnar má veita lán og ábyrgðir til fjárfestinga utan Norðurlanda, sem fjárfestingalán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingalánum til verkefna. Þátttökuríkin bera tjón bankans af slíkum lánum og ábyrgðum allt að eftirtöldum fjárhæðum: Danmörk 74,655 milljónum SDR, Finnland 50,400 milljónum SDR, Ísland 2,830 milljónum SDR, Noregur 56,700 milljónum SDR og Svíþjóð 130,415 milljónum SDR. Ábyrgð þátttökulandanna nemur þannig hæst 90% af lánsfjártapi vegna sérhvers fjárfestingaláns til verkefnis. Greiðsla fer fram, þegar stjórnin svo óskar, í samræmi við samning, sem gerður er milli bankans og sérhvers þátttökulands. Leggja skal til hliðar fjármuni í sérstakan lánsáhættusjóð vegna veittra fjárfestingalána til verkefna og ábyrgða á fjárfestingalánum til verkefna. Skal fyrst greitt úr sjóðnum, þegar tjón verður vegna fjárfestingalána til verkefna og vegna ábyrgða á fjárfestingalánum til verkefna.

Breytingar á samþykktunum taka gildi hinn 1. júlí 1982, enda hafi löndin fyrir þann tíma veitt bankanum nauðsynlegar ábyrgðir.

Nd. 704. Lög [230. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. des. 1981.

(Afgreidd frá Nd. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 521.

Nd. 705. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. apríl.)

1. gr.

Á eftir 68. gr. komi nýr kafli, XIII. kafli, með tveimur nýjum greinum, en númer annarra greina, sem á eftir koma, breytist samkvæmt því. Hinn nýi XIII. kafli heiti: **Fylgirit með ríkisreikningi** — og orðist svo:

69. gr. Með ríkisreikningi skal leggja fram greinargerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar um forsendur fjárlaga ársins og breytingar á þeim forsendum. Einnig skal gerð grein fyrir þróun verðlags, launa og annarra helstu þátta í efnahagslífinu sem áhrif höfðu á niðurstöður ríkisreiknings.

Yfirlit fylgi um aukafjárveitingar ásamt fullnægjandi skýringum. Sýna skal sérstakt yfirlit um frávik ríkisreiknings og samþykktra fjárveitinga, þ. e. fjárlaga, ásamt aukafjárveitingum. Frávikin skulu skýrð sérstaklega og flokkuð eftir einstökum ráðuneytum, stofnunum og verkefnum.

70. gr. Með ríkisreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað og risnukostnað einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. **Launagreiðslur:**
   a) Heildarlaunagreiðslur.
   b) Föst yfirvinna.
   c) Önnur yfirvinna.
   d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

II. **Bifreiðakostnaður:**
   a) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
   b) Notkun bílaleigubifreiða.
   c) Notkun leigubifreiða.
   d) Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. **Risnukostnaður:**
a) Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
b) Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. **Ferðakostnaður:**
a) Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
b) Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 706. Frumvarp til laga [300. mál]

um stjórn flugmála.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

I. KAFLI

Flugmálastjórn.

1. gr.

Stjórn flugmála á landinu skal heyra undir þann ráðherra sem fer með samgöngumál.

2. gr.

Flugmálastjóri hefur á hendi stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra. Forseti skipar flugmálastjóra, að fengnum tillögum ráðherra. Flugmálastjóri skal hafa almenna og góða þekkingu á flugmálum og umtalsverða reynslu af störfum, sem beinlínis tengjast flugmálum. Flugmálastjóra skal skipa til 6 ára í senn, en hann má endurskipa.

3. gr.

Embætti flugmálastjóra skal heita Flugmálastjórn. Um skipulag, starfshætti og verkefni Flugmálastjórnar skal nánar ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Ráðherra ræður og skipar starfsmenn flugmálastjóra til aðstoðar, að fengnum tillögum hans, eftir því sem þörf krefur.

5. gr.

Markmið Flugmálastjórnar er að stuðla að öruggum og hagkvæmum flugsamgöngum innanlands og til annarra landa, svo og öruggri og hagkvæmri notkun loftfara við hvers kyns önnur verkefni, þ. á m. í þjónustuflugi, í flugkennslu og við einkaafnot. Með það markmið í huga skal flugmálastjóri annast eftirfarandi:

a) Framkvæmd laga, reglna og fyrirmæla um flugmál.
b) Byggingu og rekstur allra flugvalla ríkisins ásamt tilheyrandi mannvirkjum, búnaði og þjónustu.
c) Byggingu og rekstur fjarskiptastöðva og búnaðar til fjarskipta við loftför og til flugleiðsögu fyrir leiðarflug og aðflug.
d) Framkvæmd flugumferðarþjónustu, leitar- og björgunarþjónustu, upplýsingaþjónustu, ásamt útgáfu flugkorta.

e) Skráningu loftfara, eftirlit með flughæfi þeirra svo og almennt eftirlit með flugrekstri.
f) Útgáfu, endurnýjun og eftirlit með skírteinum fluglíða, flugvéltækna, flugumferðarstjóra, flugumsjónarmanna og flugradíómanna.
g) Rannsókn flugslysa og óhappa í flugi.
h) Samskipti við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO), svo og önnur alþjóða- eða fjölþjóðasamtök á sviði flugmála, sem íslenska ríkið er aðili að.
i) Annað það er ráðherra ákveður.

II. KAFLI
Flugráð.

6. gr.

Flugráð skipað fimm mönnum er ráðherra til ráðuneytis um flugmál. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, en ráðherra skipar tvo, og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir fimm varamenn í flugráð.

7. gr.

Flugráð skal kosið til fjögra ára í senn. Enginn má sitja lengur en 8 ár samfellt í flugráði.

8. gr.

Auk þess að flugráð fjallar almennt um markmið og leiðir í flugmálum og hefur það frumkvæði á því sviði, sem það ákveður og gefur ráðherra skýrslur þar um, skal flugráð:
a) gefa umsögn um veitingu flugrekstrarleyfa, þ. m. t. áætlunarleyfa og sérleyfa, breytingar á lögum og reglugerðum um flugmál, áætlanir í flugmálum og annað það sem ráðherra ákveður,
b) hafa eftirlit með og gera tillögur til ráðherra um framkvæmdir í flugmálum og fjármálum flugmálastjórnar og gefa ráðherra skýrslu þar um eftir því sem þörf krefur,
c) fjalla um önnur mál eftir ákvörðun ráðherra.

9. gr.

Ráðherra setur flugráði starfsreglur.

III. KAFLI
Flugmálaáætlun.

10. gr.

Í júní annað hvert ár skal flugmálastjóri hafa tilbúna tillögu að flugmálaáætlun til fjögra ára í senn. Ráðherra skal leggja fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Flugmálaáætlun öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri, sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu, og útgjöld sundurliðuð eftir helstu rekstrar- og framkvæmdaflokkum.

Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða, og tillagan afgreidd endanlega sem þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir fjögra ára tímabil. Ef fé er veitt á annan hátt til framkvæmda í flugmálum, þá skal farið með það innan flugmálaáætlunar.

Er þingsályktun hefur gilt í tvö ár, skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir að minnsta kosti tvö ár.

11. gr.

Í flugmálaáætlun skulu taldir allir flugvellir, svo og nýbyggingar flugvalla á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda. Ennfremur áætlaður kostnaður við flugvallaviðhald og annar kostnaður flugmálastjórnar á sama tímabili.

Ráðherra tilkynnir flugmálastjórn, í janúar ár hvert, hve háa fjárhæð skuli miða við þegar gerð er áætlun um nýframkvæmdir fyrir þarnæsta ár.

12. gr.

Í þingsályktun um flugmálaáætlun skal flugvöllum og öryggistækjum til flugs skipað í flokka samkvæmt því sem hér segir:

Áætlunarflugvellir: Allir flugvellir sem flogið er til í reglubundnu áætlunarflugi.

Aðrir flugvellir: Allir flugvellir, sem eru aðallega ætlaðir til sjúkraflugs.

Flugöryggisþjónusta: Öll tæki og búnaður er ætlaður er til flugleiðsögu eða flugumferðarstjórnar.

Önnur flugmálastarfsemi: Undir það falli öll önnur flugmálastarfsemi, en sú sem að ofan er talin.

13. gr.

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd flugmálaáætlunar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum falla niður lög nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, sbr. lög nr. 26 24. mars 1954 um breytingu á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. fer utanríkisráðherra, sbr. auglýsingu nr. 96 frá 31. desember 1969, með flugmál á Keflavíkurflugvelli.

Í umboði utanríkisráðherra fer flugmálastjóri með tækni- og flugöryggissvið flugumferðarþjónustu flugvallarins, en flugvallarstjórinn þar annast að öðru leyti stjórn flugmála á flugvellinum í umboði utanríkisráðherra, þ. m. t. fjármál og starfsmannahald flugumferðarþjónustu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með bréfi dags. 21. apríl 1980 skipaði Steingrímur Hermannsson, samgönguráðherra, nefnd til að gera sem víðtækasta athugun á lögum og reglum er varða stjórnun flugmála, þ. m. t. skipulagi flugmálastjórnar, með tilliti til hugsanlegrar endurskipulagningar eða breytingar á þessum málum. Í nefndina voru skipaðir þeir Pétur Einarsson, lögfræðingur, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Birgir Guðjónsson, deildarstjóri, og Garðar Sigurðsson, alþingismaður.

Frumvarp þetta er einn þáttur í starfi nefndarinnar, en nefndin hefur einnig gert tillögur að reglugerð um störf, skipulag og verkefni flugálastjórnar, starfsreglum fyrir flugráð og unnið að skipuriti flugmálastjórnar, allt í samræmi við og í framhaldi af lagafrumvarpi þessu.

Frumvarpið var sent flugráði og flugmálastjóra til umsagnar, og er að nokkru tekið tillit til sjónarmiða þeirra í frumvarpinu.

II. Helstu nýmæli frumvarpsins.

Frumvarpinu er skipt í 3 kafla. Fyrsti kafli fjallar um embætti flugálastjóra, annar um flugráð og sá þriðji um flugmálaáætlun.

Flugmálastjórn.

Hér eru flugmálastjóra sett ákveðin hæfnisskilyrði og skipunartími hans bundinn við 6 ár í senn. Þá eru verkefni flugmálastjóra nákvæmar ákveðin en áður hefur verið. Flugmálastjóri geri tillögur um ráðningu starfsmanna sinna, beint til ráðherra. Skipulag, starfshættir og verkefni flugmálastjórnar skulu nú ákveðin með reglugerð.

Breytingar þessar eru gerðar með hliðsjón af nútíma viðhorfum í stjórnum ríkisfyrirtækja. Þá er reynt að gæta fyllsta samræmis við lög um sambærileg ríkisfyrirtæki.

Flugráð.

Staða flugráðs er að mestu óbreytt frá því, sem hún er í raun í dag. Flugráð verður ekki lengur stjórnandi stofnunarinnar heldur til ráðgjafar fyrir ráðherra, enda á fyrri stjórnunarleg staða flugráðs sér ekki hliðstæðu í ríkisrekstri á Íslandi og ekki er vitað um hliðstætt fyrirkomulag hjá aðildarríkjum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (International Civil Aviation Organization).

Þó er í 8. gr. kveðið ákveðnar á um það en áður að flugráð skuli fjalla um tiltekið mál. Eru það þeir sömu málaflokkar, sem flugráð fjallar að jafnaði um nú.

Setutími manna í ráðinu er bundinn við átta ára hámark. Ekki þótti rétt að ákveða sérstök hæfnisskilyrði, en það er hins vegar skoðun nefndarinnar er frumvarp þetta samdi, að flugráðsmenn eigi að jafnaði ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta í flugrekstri, enda er það í samræmi við almennar reglur.

Með breytingum þessum verða stjórnunarleiðir beinni og einfaldari, sem ætti að leiða til greiðari úrlausnar verkefna. Þá er höfð hliðsjón af nýlegum lagasetningum um ríkisfyrirtæki og skipulagi flugmála í öðrum löndum.

Flugmálaáætlun.

Flugmálaáætlun er lögfest hér með eftirfarandi meginsjónarmið í huga:

1. Að unnin sé reglulega heildaráætlun um framkvæmdir og rekstur flugmála með hliðsjón af stöðu og þróun samgangna innanlands og utan.
2. Að Alþingi ákveði á skýran og einfaldan hátt fjármagn til flugmála og að vilji Alþingis sé bindandi fyrir framkvæmdavaldið í þessu efni.
3. Að fjárþörf til flugmála sé áætluð ákveðið árabil í senn.
4. Að Alþingi fái reglulegt yfirlit um störf flugmálastjórnar.
5. Að stuðla að betri nýtingu fjármagns, auknum afköstum og skipulegri viðbrögðum.

Kafli þessi er saminn með hliðsjón af vegáætlunarákvæðum laga um vegamál.

Bráðabirgðaákvæði.

Bráðabirgðaákvæði er í lögum þessum um stjórn flugmála á Keflavíkurflugvelli. Er þar engin afstaða tekin til verkefnaskiptingar milli ráðuneyta, sbr. 5. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 og 13. gr. 9. liðar reglugerðar um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969, sem og laga um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o. fl. nr. 106/1954, heldur er hér gerð tilraun til þess að koma eðlilegu skipulagi á stjórn Keflavíkurflugvallar með lögákveðnum stjórnunarleiðum, meðan utanríkisráðuneytið fer með þennan þátt samgöngumála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI.

Flugmálastjórn.

Um 1. gr.

Er í samræmi við það sem tíðkast hefur um langan tíma, að málaflokkar er tengjast samgöngum eru undir stjórn sama ráðherra, sem samræmist lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969.

Um 2. gr.

Flugmálastjóra er skipað undir yfirstjórn ráðherra, án milligöngu flugráðs. Þessi breyting er lögð til þar sem erfitt er í reynd að flugráð sé í daglegum stjórnunarmálum milliliður milli ráðuneytis og flugmálastjóra.

Að forseti skipi flugmálastjóra er til samræmis við skipan forstöðumanna annarra mikilvægra ríkisstofnana. Nauðsynlegt er að flugmálastjóri hafi víðtæka þekkingu og reynslu í flugmálum.

Í samræmi við nútímaviðhorf um endurnýjun í æðstu stöður framkvæmdavaldsins er flugmálastjóri skipaður til 6 ára. Valin eru 6 ár með hliðsjón af því að enginn sitji lengur en 8 ár í flugráði og því skarist ekki starfslengd þannig að bæði verði nýr flugmálastjóri og nýir flugráðsmenn á sama tíma.

Eftir hver 6 ár skal auglýsa starf flugmálastjóra laust til umsóknar í samræmi við lög um opinbera starfsmenn.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Er í samræmi við framkvæmd mála af þessu tagi hjá flestum stofnunum ríkisins.

Um 5. gr.

Hér er fest í lögum að flugmálastjóra ber að framfylgja lögum um flugmál. Verkefni eru að öðru leyti í samræmi við loftferðalög nr. 34/1964, þ. e. almennur rekstur skrifstofu stofnunarinnar, stjórnun flugumferðar, rekstur flugvallamannvirkja og eftirlit með flugrekstri.

II. KAFLI
Flugráð.

Um 6. gr.

Svo sem áður er rakið er hér ákveðið að flugráð skuli ekki vera stjórnandi stofnunarinnar heldur til ráðgjafar fyrir ráðherra, og þarfnast sú breyting ekki frekari skýringar hér.

Með hliðsjón af því að verkefni flugráðs varða mjög stóran hóp manna, og oft samfélagið allt, þá þykir eðlilegt að meirihluti flugráðs verði valin af sameinuðu Alþingi.

Eðlilegt er að ráðherra hafi í hendi sér, hver er formaður ráðsins.

Um 7. gr.

Meginsjónarmið með grein þessari er að til þess að nauðsynleg endurnýjun fáist fram er engum heimilt að sitja samfleytt lengur en 8 ár í flugráði, sem kjörinn fulltrúi.

Hins vegar má endurkjósa mann eftir að hann hefur fallið út eitt kjörtímabil, þ. e. 4 ár.

Um 8. gr.

Hér er ákveðið, að auk þess sem flugráð fylgist með og fjalli um flugmál á sem víðtækastan hátt þá skuli ráðið:

a) hafa eftirlit með framkvæmdum í flugmálum og gefa ráðherra skýrslu, ef eitthvað það kemur á daginn, sem athugavert þykir. Skýrslur flugráðs og athugasemdir vegna þessa skulu vera trúnaðarmál milli ráðsmanna og ráðherra nema hann ákveði annað.

   Þetta verksvið ráðsins er í samræmi við hugmyndir um eftirlit alþingismanna með ríkisstofnunum.

b) fjalla um veitingu flugrekstrarleyfa, þ. m. t. áætlunarleyfa og sérleyfa því veiting heimilda í flugsamgöngum getur verið afdrifarík fyrir íbúa tiltekinna svæða, og eðlilegt er að

slíkt sé rætt í fjölskipuðu ráði. Breytingar á lögum og reglugerðum um flugmál, sem eðli síns vegna geta haft mjög víðtæk áhrif, og um áætlanir í flugmálum vegna mikilvægis þessa samgönguþáttar,

c) ræða önnur mál sem ráðherra vísar til umfjöllunar í flugráði þegar hann telur þess þurfa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

III. KAFLI

Flugmálaáætlun.

Um 10. gr.

Eins og áður segir er III. kafli þessara laga saminn með hliðsjón af lögum um vegáætlun, sem góð reynsla er af. Þessi grein laganna er nánast í fullu samræmi við III. kafla vegalaga nr. 6/1977 um vegáætlun.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Í samræmi við ákvæði vegalaga um framkvæmdir í vegamálum.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Bráðabirgðaákvæði.

Hér er kveðið á um stjórnun íslenskra flugmála á Keflavíkurflugvelli og er gert ráð fyrir óbreyttri skipan frá því sem nú gildir.

Ed. 707. Frumvarp til laga [301. mál]

um breyting á lögum nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

141. gr. 3. mgr. laganna breytist þannig, að í stað orðanna „Skylt er flugmálaráðherra að skipa nefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið“ komi:

Flugmálaráðherra skal skipa 5 kunnáttumenn til 4 ára í senn í rannsóknarnefnd flugslysa. Nefndin skal kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum, eða miklu tjóni á munum. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins.

Rannsóknarnefndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Henni er heimilt að leita til flugmálastjórnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndarmenn skulu víkja úr sæti og ráðherra skipa aðra í þeirra stað ef rannsóknin beinist að slysi er varðar þá sjálfa, vandamenn þeirra eða skyldmenni, svo og fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða eiga hlut í.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Kostnaður vegna nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Nauðsynlegt er talið að sett verði nánari ákvæði en nú gilda um óháða nefnd sérfræðinga, sem geri sjáifstæða úttekt á rannsókn flugslysa, orsökum þeirra, og tillögur til úrbóta. Ekki er gert ráð fyrir því að rannsóknarnefnd þessi kanni að jafnaði vettvang flugslyss. Það verður hlutverk flugmálastjórnar. Þó getur nefndin sjálf farið á vettvang, ef hún telur það nauðsynlegt, eða krafist nánari rannsóknar.

Nefndin skal starfa óháð og draga ályktanir sjálfstætt, áþekkt og dómstóll skipaður sérmenntuðum mönnum, en af því leiðir m. a. að hún getur gert athugasemdir við slysarannsóknir telji nefndarmenn ástæðu til

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 708. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og mælir með samþykkt þess með þeim breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Eggert Haukdal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. apríl 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Garðar Sigurðsson.	Friðrik Sophusson.	Vilmundur Gylfason.

Nd. 709. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Buthmann, Horst, nemandi í Hafnarfirði, f. 24. september 1953 í Þýskalandi. Fær réttinn 14. september 1982.

2. Þóra Kristín Ludwigsdóttir, barn í Hafnarfirði, f. 24. janúar í Indónesíu.
3. Öycan, Ómar, barn í Noregi, f. 29. nóvember 1980 á Íslandi.

b. Niður falli 34. töluliður (Marlowe, Christopher George).

Ed. 710. Frumvarp til laga [302. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

21. gr. laganna (sbr. 5. gr. laga nr. 82/1980) orðist svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaðri ábyrgð, skal greiða 2% af fjárhæð bréfanna. Framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er stimpilfrjálst.

Hlutabréf, sem gefin eru út í stað eldri hlutabréfa, er sannanlega hafa verið stimpluð, og jöfnunarhlutabréf, sem gefin eru út í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu þó undanþegin gjaldi fyrir stimplun, enda beri hvert einstakt hlutabréf með sér að um endurútgefið bréf eða jöfnunarhlutabréf sé að ræða. Þeir, sem gjaldfrjálsrar stimplunar beiðast, skulu sýna fram á að þau hlutabréf, sem hin nýju hlutabréf leysa af hólmi, hafi verið úr gildi felld eða að viðkomandi útgáfa jöfnunarhlutabréfa hafi ekki í för með sér raunverulega verðmætisaukningu hlutafjár í viðkomandi félagi. Gjaldfrjáls stimplun skal fara fram áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfu hlutabréfa þeirra sem um ræðir í þessari málsgrein. Að öðrum kosti ber að innheimta stimpilgjald af þeim í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum skal innheimta 2% stimpilgjald af öllum hlutabréfum, þ. á m. þeim hlutabréfum sem gefin eru út í stað eldri hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfum. Á móti er fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða stimpilgjald af þeim hlutabréfum sem úr gildi hafa verið felld. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að endurútgefin hlutabréf og jöfnunarhlutabréf skuli undanþegin gjaldi við stimplun, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Sjónarmið það, sem hér býr að baki, er fyrst og fremst það, að ósanngjarnt þykir að heimta stimpilgjald af bréfum þessum þar sem ljóst er að útgáfa þeirra hefur engin áhrif á raunverulegt verðmæti eigin fjár viðkomandi félaga. Jöfnunarhlutabréf eru t. d. aðeins gefin út til þess að halda raungildi bréfanna óbreyttu. Í kjölfar gjaldmiðilsbreytingarinnar hafa mörg félög viljað gefa út ný hlutabréf í nýkrónum. Núgildandi ákvæði leiðir til þess, að þau veigra sér við slíku vegna gjaldtöku þeirrar sem af endurútgáfunni leiðir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að umrædd bréf verði stimpluð án gjaldtöku, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

a) Sé um endurútgáfu hlutabréfs að ræða skal hið nýja bréf bera með sér að það komi í stað eldra bréfs. Jafnframt skal sýna fram á að hið eldra bréf hafi verið úr gildi fellt.
b) Sé um jöfnunarhlutabréf að ræða skal koma fram í því að svo sé. Jafnframt skal sá, sem gjaldfrjálsrar stimplunar beiðist, sýna fram á að útgáfa viðkomandi jöfnunarhlutabréfa sé í samræmi við heimild til slíkrar útgáfu án þess að slík útgáfa teljist til skattskyldra tekna hjá hlutareiganda, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.
c) Gjaldfrjáls stimplun kemur aðeins til greina fari stimplun fram áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfu bréfanna.

Ed. 711. Lög [244. mál]

um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. lög nr. 7/1982 og breyting á lögum nr. 84 21. des. 1981.

(Afgreidd frá Ed. 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 476.

Nd. 712. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að leggja til að það verði samþykkt með orðalagsbreytingu skv. breytingartillögu á sérstöku þskj.

Alþingi, 23. apríl 1982.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Friðrik Sophusson, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Steinþór Gestsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Guðrún Hallgrímsdóttir.

Eggert Haukdal.

Nd. 713. Breytingartillaga [242. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Frvgr. orðist svo:

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:

Atvinnurekandi getur þó ekki ákveðið orlof launþega á tímabilinu 2. mars — 31. maí og 1. sept. — 15. sept., nema í samráði við launþega.

Ed. 714. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen og Ólafur R. Grímsson.

Alþingi, 24. apríl 1982.

Guðm. Bjarnason, varaform., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Sigurlaug Bjarnadóttir.	Davíð Aðalsteinsson.	

Ed. 715. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, lögum nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, svo og lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, lög nr. 21/1975 og lög nr. 98/1980, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen og Ólafur R. Grímsson.

Alþingi, 24. apríl 1982.

Guðm. Bjarnason, varaform., frsm. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Lárus Jónsson.
Sigurlaug Bjarnadóttir. Davíð Aðalsteinsson.

Nd. 716. Lög [212. mál]

um breyting á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 360.

Nd. 717. Lög [231. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 496.

Ed. 718. Frumvarp til laga [215. mál]

um skattskyldu innlánsstofnana.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. apríl.)

1. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir og Söfnunarsjóður Íslands skulu, með þeim takmörkunum er síðar greinir, skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattskyldan tekur til þessara aðila sem lögaðila samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1981 þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. sömu laga eða ákvæði annarra laga sem kunna að hafa undanþegið einstakar stofnanir opinberum gjöldum og sköttum.

2. gr.

Til skattskyldra tekna og eigna aðila samkvæmt 1. gr. þessara laga teljast þó ekki tekjur og eignir Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Iðnlánasjóðs Íslands, Stofnlánadeildar verslunarfyrirtækja (Verslunarlánasjóðs) og Stofnlánadeildar samvinnufélaga, enda sé fjárhagur þessara sjóða greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana.

3. gr.

Ákvæði 2. málsliðs 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málsliðs 2. mgr. 5. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 um heimild til niðurfærslu útistandandi viðskiptaskulda gilda ekki við ákvörðun á tekjuskatts- og eignarskattsstofni aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Sé sparisjóði slitið, þannig að hann sé algjörlega sameinaður öðrum sparisjóði, ríkisstofnun eða hlutafélagi þá skulu slitin sjálf ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann aðila sem við tekur og heldur ekki fyrir þann sem slitið var. Við slíkan samruna skal sá aðili, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess sparisjóðs sem slitið var.

5. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, skulu skattskyldir aðilar skv. lögum þessum greiða mánaðarlega fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar tekju- og eignarskatts, sem ákvarðast með eftirgreindum hætti:

Fyrirframgreiðslan skal vera 0.06% af heildarinnlánum þeirra aðila, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum.

Stofn til fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. desember 1981.

Fyrirframgreiðslan skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um fyrirframgreiðslu þessa eftir því sem við á.

Að öðru leyti skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981 um innheimtu og ábyrgð á fyrirframgreiðslu skv. þessari grein.

6. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 5. gr. kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Á árinu 1983 skulu aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum þessara laga, framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1983.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1982. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1968 til 1982. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981 fyrir ársbyrjun 1968 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tl. greindrar 32. gr., sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1983 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981 og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1983 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1984, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

II

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I hefur eignast fyrir árið 1983, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981 um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem aðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1968, eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

III

Aðilar sem skattskyldir eru skv. 1. gr. þessara laga skulu reikna verðbreytingarfærslu samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt í fyrsta sinn vegna ársins 1983 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1982.

IV

Á árinu 1982 skal leggja skatt á aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum er nema skal 0,06% af heildarinnlánum þeirra, svo sem nánar greinir í ákvæði þessu. Undanþegnir skatti þessum eru þeir sparisjóðir þar sem innstæður námu lægri fjárhæð en 30 millj. kr. hinn 31. 12. 1981.

Skattur þessi rennur í ríkissjóð.

Stofn til skattsins skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands og 31. gr. laga nr. 13/1979 um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. desember 1981.

Skatturinn skal innheimtur af Seðlabanka Íslands og greiddur fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjalddagi skattsins er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um skatt þennan eftir því sem við á.

V

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna skulu bankar þeir sem versla með erlendan gjaldeyri greiða ríkissjóði frá gildistöku laga þessara til ársloka 1982 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Á árinu 1983 skulu ofangreind hlutföll lækka í 40%.

Lög þessi og lög nr. 40/1969 skulu tekin til endurskoðunar eigi síðar en í árslok 1984 í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd þeirra.

Ed. 719. Lög [262. mál]

um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.

(Afgreidd frá Ed. 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 557.

Nd. 720. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er öllum ljóst, hversu þýðingarmikið það er, að ákvæðum um skil á allri skattheimtu sé svo háttað að þau hvetji aðila til skila. Ekki síður er mönnum ljós sú nauðsyn, að skattheimtan sé með þeim hætti að hún stuðli að slíku og verki ekki til hins gagnstæða.

Með flutningi þessa frv. er látið í það skína, að skil á söluskatti hafi farið versnandi að undanförnu. Því er lagt til að rýmka heimildir til þess að beita refsingu við vanskilum og veita ráðherra heimildir með reglugerð til þess að auka á skriffinnsku hjá þeim sem án þóknunar annast innheimtu á stórum hluta af tekjum ríkissjóðs.

Undirritaðir nefndarmenn eru þeirrar skoðunar, að það vandamál, sem valdhafar telja að við sé að glíma, megi mjög rekja til þeirrar stefnu í skattheimtu, sem verið hefur í tíð þeirra ríkisstjórna sem setið hafa frá því síðla árs 1978, og þar þurfi fyrst og fremst að koma til breytingar. Við leggjum því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 23. apríl 1982.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Albert Guðmundsson. Matthías Bjarnason.

Ed. 721. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Egill Jónsson. Eiður Guðnason.

Stefán Guðmundsson. Stefán Jónsson. Gunnar Thoroddsen.

Ed. 722. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá Guðmundi Bjarnasyni.

Við 7. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi málsgrein:

Ákvæði til bráðabirgða IV kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1982 og skal skattur vegna mánaðanna janúar, febrúar og mars greiddur 15. maí ásamt greiðslu fyrir apríl.

Sþ. 723. Nefndarálit [246. mál]

um till. til þál. um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Geir Gunnarsson, form.	Eggert Haukdal, fundaskr.	Alexander Stefánsson, frsm.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.	Lárus Jónsson, með fyrirvara.	Egill Jónsson, með fyrirvara.
Friðrik Sophusson, með fyrirvara.	Guðm. Bjarnason.	Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 724. Nefndarálit [124. mál]

um till. til þál. um aukið sjálfsforræði sveitarfélaga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin athugaði tillöguna á fundum sínum. Þar sem stjórnskipuð nefnd, sem hefur það hlutverk að endurskoða núgildandi sveitarstjórnarlög og sameiningu sveitarfélaga og lög um sveitarstjórnarkosningar, er nýtekin til starfa og enn fremur þar sem nefnd, sem hefur unnið að endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þ. m. t. tekjustofna sveitarfélaga, hefur skilað ítarlegu áliti til ríkisstjórnarinnar nýlega, þá leggur minni hluti allsherjarnefndar til að **þingsályktunartillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 26. apríl 1982.

Páll Pétursson, frsm.	Skúli Alexandersson.	Haraldur Ólafsson.

Sþ. 725. Nefndarálit [127. mál]

um till. til þál. um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna á nokkrum fundum sínum. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. telur að þar sem unnið er á vegum ríkisstjórnarinnar að athugunum á hagnýtingu orkulinda landsins, m. a. til stóriðju, sé ástæðulaust að taka upp þá stefnu, sem till. greinir, en leggur þó til að **málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 23. apríl 1982.

Páll Pétursson, frsm.	Haraldur Ólafsson.	Skúli Alexanderson.

Ed. 726. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. des. 1952.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.
Stefán Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Jón Helgason.	Stefán Guðmundsson.
Salome Þorkelsdóttir.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Egill Jónsson.

Ed. 727. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Stefán Jónsson.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Salome Þorkelsdóttir.
Jón Helgason.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Egill Jónsson.

Sþ. 728. Nefndarálit [127. mál]

um till. til þál. um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni og leggur meiri hluti nefndarinnar til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem verða fluttar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm.	Halldór Blöndal.
	Steinþór Gestsson.	

Sþ. 729. Breytingartillögur [127. mál]

við till. til þál. um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JS, BÍG, SteinG og HBl).

1. Við 2. tl. Orðin „á næstu 15 árum“ verði: á næstu 12—15 árum.
2. Við 3. tl. Liðurinn orðist svo:
   við uppbyggingu stóriðju verði kannaðir hugsanlegir möguleikar á samvinnu og samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki, sérstaklega á sviði tækni og markaðsmála. Í þeim tilvikum, þar sem erlend eignaraðild kemur til álita, verði að því stefnt, að innlendir aðilar geti, er stundir líða, keypt hlut hinna erlendu aðila.
3. Við 6. tl. Liðurinn orðist svo:
   stóriðjunefnd er heimilt að leita samstarfs við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar.
4. Við 7. tl. Liðurinn falli brott og tölusetning síðari liða breytist í samræmi við það.

Sþ. 730. Nefndarálit [200. mál]

um till. til þál. um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir um tillöguna frá eftirtöldum aðilum: Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Leirlistarfélaginu, Textilfélaginu, Félagi ísl. gullsmiða, Arkitektafélagi Íslands og Iðntæknistofnun Íslands. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum og verður tillaga um þær flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm.	Haraldur Ólafsson.
Páll Pétursson.	Halldór Blöndal.	Steinþór Gestsson.
	Guðrún Helgadóttir.	

Sþ. 731. Breytingartillögur [200. mál]

við till. til þál. um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar.

Frá allsherjarnefnd.

1. 2. töluliður orðist svo:
   Hvernig staðið verði að því að safna heimildum um þróun listiðnaðar og listhönnunar á Íslandi, þannig að hér geti myndast vísir að listiðnaðarsafni, svo og hvernig staðið verði að vernd á hönnun og mynstrum (design).
2. Aftan við síðustu setningu tillögunnar komi eftirfarandi:
   Við tillögugerð um þessi efni verði tekið mið af reynslu annarra þjóða á þessu sviði og haft sem víðtækast samstarf við þá aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í þessum efnum.

Nd. 732. Lög [191. mál]

um Blindrabókasafn Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 317.

Nd. 733. Lög [3. mál]

um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 466.

Ed. 734. Nefndarálit [282. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.
Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur Ragnar Grímsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, varaform., frsm. Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. Jón Helgason.
Karl Steinar Guðnason. Gunnar Thoroddsen.

Ed. 735. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.
Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur Ragnar Grímsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, varaform., frsm. Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. Jón Helgason.
Karl Steinar Guðnason. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 736. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu frv.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Halldór Blöndal.	Páll Pétursson.	Halldór Ásgrímsson.

Nd. 737. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og hefur kynnt sér umsagnir ýmissa aðila og fengið á sinn fund sérfræðinga og hagsmunaaðila.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem birtar eru á sérstöku þingskjali.

Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu frv.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Páll Pétursson.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.	Halldór Ásgrímsson.

Nd. 738. Breytingartillögur [131. mál]

við frv. til l. um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr. 1. töluliður orðist svo:
   Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingum skipverja, sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna 41%.
2. Við 4. gr.
   a) Í stað „Samtaka“ komi: samtaka.
   b) Við greinina bætist:
   Þeir útgerðaraðilar, sem kaupa vilja þessar tryggingar sjálfir, eiga rétt á endurgreiðslu þess hluta útflutningsgjaldsins, sem þeir hafa greitt í þessu skyni.
3. Við 14. gr. Í stað „1. apríl 1982“ komi: 1. maí 1982.

Nd. 739. Frumvarp til laga [215. mál]

um skattskyldu innlánsstofnana.

(Eftir 3. umr. í Ed., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 718 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 5. gr. kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1983.

Ákvæði til bráðabirgða IV kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1982 og skal skattur vegna mánaðanna janúar, febrúar og mars greiddur 15. maí ásamt greiðslu fyrir apríl.

Nd. 740. Frumvarp til laga [303. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum sem Skallagrímur hf. tekur til kaupa á nýju ferjuskipi til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skallagrímur hf., sem nú rekur Akraborgina milli Reykjavíkur og Akraness, átti snemma á árinu 50 ára afmæli.

Núverandi skipakostur Skallagríms hf., Akraborgin, er smíðuð árið 1966. Skipið var keypt til landsins árið 1974 og hóf rekstur í júní það ár.

Frá upphafi og allt til ársins 1974 fluttu skip Skallagríms hf. fyrst og fremst farþega og vörur. Árið 1974 verður hins vegar um eiginlega bílaflutninga að ræða með núverandi skipakosti. Akraborgin er hönnuð sem bílferja. Hún tekur 30 bíla á bílaþilfar sem hægt er að aka á viðstöðulaust frá bryggju. Auk þess má lyfta allt að 10 bílum á efra þilfar.

Að sögn forráðamanna Skallagríms hf. hefur Akraborgin reynst vel í alla staði. Þess er þó að vænta að aldur fari að segja til sín í auknu viðhaldi. Viðvaranir hafa fengist um ástand véla, þannig að búast má við miklum kostnaði vegna þeirra á næstunni.

Þegar bílaflutningar hófust fyrir alvöru með Akraborginni árið 1974 voru að sögn eigenda margir vantrúaðir á þörf fyrir slíka flutninga. Þrátt fyrir allar hrakspár hefur komið í ljós að Akraborgin hefur átt vaxandi vinsældum að fagna.

Að sögn forráðamanna Skallagríms hf. hefur skipið varla getað annað meiri flutningum mánuðina apríl til og með september á s. l. tveim árum. Á þessum mánuðum eru langar biðraðir við nærfellt hverja brottför skipsins og verða margir frá að hverfa hverju sinni að sögn áhafnar.

Samkvæmt upplýsingum stjórnar Skallagríms hf. voru flutningar með Akraborginni sem hér segir:

Ár	Tala bíla	Ár	Tala farþega
1974	4 811		
1975	19 552		
1976	37 797	1976	142 000
1977	38 000	1977	143 000
1978	42 100	1978	151 000
1979	45 372	1979	153 000
1980 og 1981 um	60 000	1980	222 504
		1981	214 039

Þess skal getið að árið 1981 var skipið ekki í rekstri í febrúarmánuði vegna stórviðgerða.

Segja má að flutningsgeta skipsins til bílaflutninga sé nú sem næst fullnýtt. Öll frekari aukning yrði að koma yfir á veturinn þegar veður eru verri og skipið lætur illa í sjó. Þó er stöðug aukning yfir vetramánuðina, þótt minni sé.

Í janúar 1975 voru fluttir 445 bílar með skipinu. Í janúar 1982 3 993. Í október og nóvember 1974 voru fluttir 656 og 648 bílar. Í október — nóvember 1981 voru fluttir 4 416 og 4 113 bílar. Það sem af er þessu ári bendir til aukningar á flutningum, bæði bíla og fólks.

Stjórn Skallagríms hf. telur ýmis veigamikil rök mæla með því að ráðist verði í kaup á nýju og afkastameira skipi í stað Akraborgarinnar. Stjórn félagsins hefur þess vegna, með heimild síðasta aðalfundar, leitað eftir nýju og hentugu skipi á síðastliðnu ári, en árangur hefur ekki orðið fyrr en í mars s. l., að skip fannst sem mjög vel hentar til þessara flutninga og er öllum þeim kostum búið sem óskað var og leitað. Aldur Akraborgarinnar vegur þungt í þessu máli, þannig að óumflýjanlegt er að taka ákvörðun um það á næstunni hver framtíð bílferju skuli vera milli Akraness og Reykjavíkur. Núverandi Akraborg er að ýmsu leyti óhentug til þessara flutninga. Hún lætur ekki sem best í sjó og síðast en ekki síst er flutningageta skipsins ekki nægileg miðað við stærð og kostnað við úthald. Stjórn félagsins er þeirrar skoðunar að stóraukinni eftirspurn verði að svara með nýjum skipakosti.

Hinn 7. apríl s. l. gerði formaður stjórnar Skallagríms hf. bráðabirgðakaupsamning um skipið „BETANCURIA". Samningurinn er háður samþykki íslenskra stjórnvalda, bæði um kaup og fjármögnun. Kaupverð skipsins er 2,9 millj. bandaríkjadollara, eða nálægt 29 millj. ísl. króna. Hins vegar er skipið til afhendingar á Kanaríeyjum og má gera ráð fyrir allmiklum kostnaði við að koma því heim. Er fjárþörf fyrirtækisins vegna þess áætluð um 100 þús. dollarar.

Skipið „BETANCURIA" er í eigu fyrirtækisins Ferry Omera S.A. á Spáni. Það félag er dótturfélag Fred. Olsen & Co. í Noregi. Skipið er smíðað árið 1974. Það er aðeins 10 metrum lengra en Akraborgin en ber allt að 75 bíla, eða 80—100% meira en Akraborgin nú. Ástæða þess er sú að bílaþilfar er á tveim hæðum. Að sögn forráðamanna Skallagríms hf. er skipið lítið kostnaðarsamara í rekstri, olíunotkun svipuð eða heldur meiri og áhöfn skipsins jafnstór. Skipið er hagkvæmt að því leyti að það getur nýtt hafnaraðstöðu og flotbrýr sem nú eru í Reykjavík og á Akranesi. Skipið má ekki vera stærra til þess að ekki þurfi að lengja viðlegukant á Akranesi. Skipið er mjög glæsilegt í alla staði. Það er búið glæsilegum farþegasölum, teppalögðum með þægilegum húsgögnum. Skipið er búið fullkomnum stöðugleikaútbúnaði sem tekur af mesta velting.

Skipstjóri og vélstjóri Akraborgar hafa skoðað skipið og gefið því hin bestu meðmæli fyrir allan frágang og búnað. Þeir benda m. a. á, að skipið er búið óvenjulega miklum

varahlutalager, sem er vel skráður og aðgengilegur. Siglingamálastofnun ríkisins hefur í skýrslu sinni, dags. 9. mars s. l., gefið skipinu mjög góða einkunn og mælir með innflutningi þess til landsins.

Gerð hefur verið hagkvæmnisathugun á „BETANCURIA" sem bílferju milli Akraness og Reykjavíkur. Skýrsla þessi er bráðabirgðaáætlun um rekstrarmöguleika og hagkvæmni skipsins. Í skýrslunni kemur fram hverjar viðbótartekjur kunni að verða miðað við svipaða samsetningu farþega og bíla.

Skýrslan bendir til, miðað við að „BETANCURIA" nái 58% tekjuaukningu, að skipið standi undir viðbótarrekstrarkostnaði og jafnframt undir greiðslum afborgana og vaxta, miðað við 12 ára lánstíma og 15% ársvexti. Á öðru ári þarf, miðað við sömu forsendur, 55% tekjuaukningu.

Stjórn Skallagríms er þeirrar skoðunar, meðal annarra, og byggir það á reynslu sinni, að eftirspurn eftir flutningum með Akraborginni verði eftir sem áður meiri en hægt er að svara, þrátt fyrir kaup á nýju skipi, en slíkt gefur auðvitað mjög mikla möguleika til tekjuaukningar án aukins rekstrarkostnaðar.

Jafnhliða lántöku og kaupum á „BETANCURIA" hefur stjórn Skallagríms hf. reynt að koma Akraborginni á framfæri erlendis og er sú vinna í gangi nú. Bæði innlendir og erlendir aðilar þreifa nú fyrir sér um sölu á Akraborginni. Skipið er hins vegar gamalt og markaður fyrir það þröngur. Má ætla að einhvern tíma taki að selja skipið, en yfirleitt er talið að sala á því sé alls ekki útilokuð. Samkvæmt upplýsingum skipamiðlara má að sögn stjórnar Skallagríms hf. ætla að söluverð skipsins sé á bilinu 8—12 hundruð þúsund dollarar. Ætla verður að söluverð Akraborgarinnar nægi vel til greiðslu áhvílandi skuldar við ríkisábyrgðasjóð.

Frumvarp það sem hér er á ferðinni gerir ráð fyrir heimild ríkisstjórnarinnar til að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni allt að 80% af kaupverði hins nýja skips. Það hefur úrslitaþýðingu að frumvarp þetta verði að lögum á yfirstandandi þingi. Kaupsamningurinn fellur úr gildi sex vikum eftir 7. apríl og hefur fyrirtækið þá og allir sem við það skipta misst af þeim möguleika sem hér gefst til að endurnýja farkost félagsins og koma flutningum þess í nýtískulegt horf, sem svarar kröfum tímans um allan aðbúnað og þægindi.

Skuld Skallagríms hf. við ríkisábyrgðasjóð var um s. l. áramót 12,8 m.kr. og eru þá meðtaldir dráttarvextir til ríkisábyrgðasjóðs. Þá hefur verið tekið tillit til innborgana félagsins á rekstrartíma Akraborgar, samtals að fjárhæð 2,6 millj. kr. Vakin skal athygli á, að í fjárlögum yfirstandandi árs er sérstakt heimildarákvæði fyrir fjármálaráðherra til að semja við Skallagrím hf. um vanskil fyrirtækisins hjá ríkisábyrgðasjóði, m. a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta að hluta með þeim skilyrðum sem talin eru nauðsynleg. Viðræður standa nú yfir við forráðamenn Skallagríms hf. um framkvæmd þessa heimildarákvæðis.

Ed. 741. Lög [153. mál]

um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 705.

Nd. 742. Frumvarp til laga [193. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adal, Peggy Annadale, kennari á Laugarvatni, f. 27. júlí 1956 í Guyana.
2. Anderiman, Dísa, nemi í Reykjavík, f. 18. maí 1962 í Tyrklandi.
3. Axel Ásmundsson, barn í Reykjavík, f. 27. september 1981 í Indónesíu.
4. Ágúst Smári Henrýsson, barn í Reykjavík, f. 26. ágúst 1976 á Íslandi.
5. Bach, Rita Nørgaard, húsmóðir í Borgarnesi, f. 20. febrúar 1943 í Danmörku.
6. Bentína Björgólfsdóttir, snyrtifræðingur í Reykjavík, f. 22. júlí 1957 í Bandaríkjunum.
7. Buthmann, Horst, nemandi í Hafnarfirði, f. 24. september 1953 í Þýskalandi. Fær réttinn 14. september 1982.
8. Christiansen, Judith, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. október 1944 í Færeyjum.
9. Cilia, María Dís, barn í Reykjavík, f. 29. ágúst 1968 á Íslandi.
10. Cubero, Andrew Markus, barn í Reykjavík, f. 20. des. 1968 í Bandaríkjunum.
11. Cubero, Erika Erna, barn í Reykjavík, f. 8. júní 1972 í Bandaríkjunum.
12. Einar Magnússon, fulltrúi í Reykjavík, f. 29. september 1928 á Íslandi.
13. Evans, Trausti, barn á Akureyri, f. 27. ágúst 1976 á Íslandi.
14. Eymar Geir Eymarsson, barn á Akranesi, f. 27. maí 1981 í Guatemala.
15. Favre, Gabriel Christian, kennari í Reykjavík, f. 28. febrúar 1944 í Frakklandi.
16. Guðrún Elíasdóttir, skrifstofustúlka í Keflavík, f. 9. september 1919 á Íslandi.
17. Gunnhildur Viðarsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 1. nóvember 1963 í Danmörku.
18. Güngör, Tamzok, verkamaður á Eskifirði, f. 27. desember 1954 í Tyrklandi.
19. Gökken, Gören, barn í Mosfellshreppi, f. 24. janúar 1979 í Tyrklandi.
20. Halldór Jóhann Ragnarsson, barn í Kópavogi, f. 13. sept. 1981 í Indónesíu.
21. Helga Guðríður Ottósdóttir, barn á Kjalarnesi, f. 22. sept. 1981 í Indónesíu.
22. Helgi Már Hannesson, barn í Keflavík, f. 22. janúar 1980 í Guatemala.
23. Henocque, Matthieu Charles Florimond, sjómaður í Reykjavík, f. 17. júní 1949 í Frakklandi. Fær réttinn 27. sept. 1982.
24. Higazi, Fawaz Kamal Abdel Fattah, verkamaður í Reykjavík, f. 13. mars 1953 í Jerúsalem.
25. Jones, Alan, sjómaður á Raufarhöfn, f. 7. janúar 1948 í Englandi.
26. Jóhannes Birgir Pálmason, barn í Reykjavík, f. 3. desember 1981 í Líbanon.
27. Júlíus Þór Sigurjónsson, barn í Keflavík, f. 18. febrúar 1981 í Indónesíu.
28. Kelley, Donald Thor, verkamaður á Akureyri, f. 6. júlí 1964 í Bandaríkjunum.
29. Kettler, Ernst Rudolf, kvikmyndatökumaður í Reykjavík, f. 23. febrúar 1942 í Austurríki.
30. Keyser, William Gísli, nemi í Reykjavík, f. 8. júní 1957 á Íslandi.
31. Lassen, Helle, húsmóðir í Breiðdalshreppi, f. 2. janúar 1952 í Danmörku.
32. Lindgren, Milda Elvira, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. október 1912 í Finnlandi.
33. Lundgren, Per Bjarni Haumann, verkamaður í Kópavogi, f. 10. ágúst 1957 á Íslandi.
34. Marlies, Michael Willard, lektor á Seltjarnarnesi, f. 26. mars 1943 í Bandaríkjunum.
35. Marlowe, Halldóra Patricia, barn á Ísafirði, f. 21. nóvember 1975 í Bandaríkjunum.
36. Marlowe, María Berglind, barn á Ísafirði, f. 26. janúar 1980 á Íslandi.
37. Merbt, Petra Maren, húsmóðir í Glæsibæjarhreppi, f. 22. júlí 1943 í Þýskalandi. Fær réttinn 29. júlí 1982.

38. Mikkelsen, Ann, röntgentæknir í Reykjavík, f. 19. júní 1950 í Danmörku.
39. Münoz, Simeona, ljósmóðir á Akureyri, f. 18. febrúar 1951 í Filipseyjum.
40. Nielsen, Jens Grome Schirmer, sjómaður í Neskaupstað, f. 6. júní 1947 í Danmörku.
41. Olsen, Johannes Martin, sjómaður í Reykjavík, f. 1. mars 1927 í Færeyjum.
42. Olivvares, Juana Dominga Cardenas, starfsstúlka í Kópavogi, f. 4. ágúst 1950 í Nicaragua.
43. Ólafur Geir Ottósson, barn á Kjalarnesi, f. 4. ágúst 1980 í Indónesíu.
44. Ólafur Pálsson, barn í Reykjavík, f. 31. október 1981 í Líbanon.
45. Rakel Rós María Njálsdóttir, barn á Seltjarnarnesi, f. 2. janúar 1981 í Guatemala.
46. Schneider, Sebastian Bernhard, barn í Glæsibæjarhreppi, f. 5. mars 1967 í Þýskalandi.
47. Singh, Manjit Singh Nand Singh Santa, þjónn í Reykjavík, f. 7. október 1949 í Kenya.
48. Stapelfeldt, Dörte Maria Elli, húsmóðir í Bandaríkjunum, f. 29. janúar 1941 í Þýskalandi.
49. Steen-Johan Steingrímsson, öryrki í Reykjavík, f. 8. ágúst 1954 á Íslandi.
50. Takefusa, Björgólfur Hideaki, barn í Reykjavík, f. 11. maí 1980 á Íslandi.
51. Than, Samuel Neak, verkamaður í Reykjavík, f. 28. sept. 1937 í Cambodíu.
52. Tryggvi Ottósson, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 2. mars 1961 á Íslandi.
53. Winkel, Jón Ólafur, nemi í Reykjavík, f. 4. maí 1967 í Danmörku.
54. Winkel, Poul Eigil, nemi í Reykjavík, f. 10. júlí 1973 í Danmörku.
55. Þóra Kristín Ludwigsdóttir, barn í Hafnarfirði, f. 24. janúar í Indónesíu.
56. Özcan, Ómar, barn í Noregi, f. 29. nóvember 1980 á Íslandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 743. Frumvarp til laga [242. mál]

um breyting á lögum nr. 87/1971, um orlof.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:

Atvinnurekandi getur þó ekki ákveðið orlof launþega á tímabilinu 2. mars—31. maí og 1. sept.—15. sept., nema í samráði við launþega.

Nd. 744. Breytingartillaga [242. mál]

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Frvgr. verði 1. gr. og á eftir henni komi ný grein sem orðist svo:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 745. Fyrirspurn [304. mál]

til samgönguráðherra um björgunarnetið Markús.

Frá Helga Seljan.

Hvað veldur því, að ekki hafa verið sett ákvæði í reglugerð um björgunarnetið Markús sem fullgilt og nauðsynlegt öryggistæki jafnt á bátum og skipum sem við hafnir landsins?

Óskað er skriflegs svars.

Sþ. 746. Fyrirspurn [305. mál]

til samgönguráðherra um aðvörunarmerki, þegar breytingar hafa orðið á vegum eða vegamannvirkjum.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvaða lög eða reglugerðir mæla fyrir um uppsetningu aðvörunarmerkja þegar breytingar hafa verið gerðar á vegum, vegir hafa orðið fyrir skemmdum eða unnið er við viðgerðir á vegum, ljós við gatnamót eru óvirk, þeim breytt eða ný sett upp?
2. Hverjum ber skylda til að sjá um framkvæmd þeirra?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 747. Tillaga til þingsályktunar [306. mál]

um aukin áhrif starfsmanna á málefni vinnustaða.

Flm.: Skúli Alexandersson, Guðrún Hallgrímsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja viðræður við samtök launafólks um aukin áhrif starfsmanna og samtaka þeirra á málefni vinnustaða.

Jafnframt verði í framhaldi af samningum ríkisins við BSRB og BHM um starfsmannaráð í ríkisstofnunum könnuð viðhorf þeirra samtaka og ASÍ til lögbindingar á rétti starfsmanna til að tilnefna fulltrúa í stjórnir ríkisfyrirtækja.

Greinargerð.

Þessi tillaga til þingsályktunar er fram komin til að koma af stað viðræðum um aukin áhrif starfsmanna á málefni vinnustaða, jafnframt því sem könnuð verði viðhorf stærstu launþegasamtaka landsins til lögbindingar á því, að fulltrúar starfsmanna eigi sæti í stjórnum ríkisfyrirtækja.

Umræða um aukin áhrif starfsmanna á stjórn vinnustaða og aukið lýðræði á vinnustöðum hefur verið nokkur undanfarin ár, en litlar breytinggar hafa þó átt sér stað í þá átt, að starfsfólk hafi fengið aukin áhrif á stjórn fyrirtækja eða vinnustaða.

Nýgerðir samningar BSRB og BHM við ríkið um starfsmannaráð í ríkisfyrirtækjum eru góður áfangi í þessa átt. Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að kannað verði hvort ekki skuli taka skref til viðbótar til aukinna áhrifa starfsfólks hjá ríkisfyrirtækjum með því að fulltrúar þess fái rétt til aðildar að stjórn.

Stjórnir ríkisfyrirtækja eru kosnar eftir breytilegum reglum. Í sumum þeirra munu starfsmenn eiga aðild að stjórn (Siglósíld), en aðalreglan er að svo sé ekki. Nokkur fyrirtæki eru í eigu ríkisstofnana og hafa enga formlega stjórn (Álafoss h/f og Norðurstjarnan h/f eru í eigu Framkvæmdastofnunar ríkisins), er jafnvel stjórnað eingöngu af forstjórum eða þá af stjórn stofnunar sem kjörin hefur verið til allt annarra hluta en þeirra að stjórna fyrirtæki sem stofnunin hefur eignast.

Á Íslandi er hlutfallslega meira um opinberan rekstur en í flestum löndum Vestur-Evrópu. Við höfum því betri stöðu til að auka áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækja í nokkuð ríkum mæli með því að veita því aðild að stjórn ríkisfyrirtækja heldur en nágrannar okkar, t. d. á Norðurlöndum.

Ed. 748. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd. Karl Steinar Guðnason ritar undir nefndarálit með fyrirvara. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Jón Helgason. Gunnar Thoroddsen.

Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara. Helgi Seljan.

Ed. 749. Nefndarálit [216. mál]

um frv. til l. um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Egill Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Davíð Aðalsteinsson, frsm.
Jón Helgason.	Helgi Seljan.	Sigurlaug Bjarnadóttir.

Ed. 750. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Egill Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Davíð Aðalsteinsson, frsm.
Jón Helgason.	Helgi Seljan.	Sigurlaug Bjarnadóttir.

Ed. 751. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til laga um búnaðarmálasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Egill Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Helgason, frsm.
Davíð Aðalsteinsson.	Helgi Seljan.	Sigurlaug Bjarnadóttir.

Ed. 752. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 1982.

Egill Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Helgason, frsm.
Davíð Aðalsteinsson.	Helgi Seljan.	Sigurlaug Bjarnadóttir.

Ed. 753. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, varaform., frsm.	Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.	Jón Helgason.
Gunnar Thoroddsen.	Karl Steinar Guðnason.	

Ed. 754. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Á liðnu ári við umfjöllun iðnaðarnefndar um lagmetisiðnaðinn komu fram þau viðhorf, að sölusamtök um lagmeti ættu að starfa á sama grundvelli og hliðstæð samtök annarra útflutningsgreina. Meiri hluti nefndarinnar leggur því áherslu á að fyrirkomulag þessara mála verði endurskoðað að frumkvæði iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra í samráði við þá aðila sem starfa í lagmetisiðnaði. Framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetis og fulltrúar nokkurra framleiðenda lagmetis mættu til fundar með nefndinni. Meiri hl. nefndarinn-

ar mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Egill Jónsson. Gunnar Thoroddsen.

Stefán Guðmundsson. Stefán Jónsson.

Ed. 755. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Guðm. Bjarnason, varaform., frsm. Davíð Aðalsteinsson. Gunnar Thoroddsen.

Ed. 756. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði fellt og vísa til afstöðu Sjálfstæðisflokksins fyrr og síðar.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Lárus Jónsson, frsm. Sigurlaug Bjarnadóttir.

Ed. 757. Breytingartillaga [58. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EG).

Við 6. gr. Í stað „1.4% af skattstofni“ komi: 0.7% af skattstofni.

Ed. 758. Nefndarálit [211. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.
Ólafur Ragnar Grímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Guðm. Bjarnason, varaform., frsm.	Eiður Guðnason, með fyrirvara.	Lárus Jónsson, með fyrirvara.
Sigurlaug Bjarnadóttir, með fyrirvara.	Davíð Aðalsteinsson.	Gunnar Thoroddsen.

Ed. 759. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1978.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt.
Ólafur Ragnar Grímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Guðm. Bjarnason, varaform., frsm.	Davíð Aðalsteinsson.	Lárus Jónsson.
Sigurlaug Bjarnadóttir.	Gunnar Thoroddsen.	

Sþ. 760. Nefndarálit [210. mál]

um till. til þál. um slysa-, líf- og örorkutryggingar þeirra sem að almannavörnum og björgunarstörfum vinna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að þar sé hreyft þörfu máli.
Í trausti þess, að fundnar verði hagkvæmar leiðir til að koma á sérstakri slysa-, og örorkutryggingu fyrir þá, sem kallaðir eru til starfa að almannavörnum og vinna sjálfboðastörf á vegum björgunar- og hjálparsveita, leggur nefndin til að **málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 27. apríl 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.	Haraldur Ólafsson, frsm.
Páll Pétursson.	Halldór Blöndal.	Steinþór Gestsson.
	Guðrún Helgadóttir.	

Ed. 761. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á sínum tíma áttu þingmenn Alþýðuflokksins hlut að því að leggja sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem tímabundið úrræði til eins árs, vegna sérstakra efnahagsaðgerða haustið 1978. Þingmenn Alþýðuflokksins hafa fallist á tilmæli um tímabundna framlengingu þessa skatts tvívegis síðar. Það er þó skoðun þingflokks Alþýðuflokksins, að gjalda beri mikinn varhug við að festa slíka skammtímafjáröflun í sessi, en í þá átt stefnir vissulega með þessari skattheimtu. Telur þingflokkur Alþýðuflokksins að nú sé kominn tími til að taka ákvörðun um að stöðva þessa þróun, þannig að aðilum, sem undirbúa fjárlagagerð, verði gert ljóst, að Alþingi muni ekki fallast á að endurnýja umræddan skatt til frambúðar um eitt ár í senn, og jafnframt hvenær þessi skattheimta verði látin niður falla.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár lagði þingflokkur Alþýðuflokksins til að umræddur skattur yrði felldur niður í tveimur áföngum, lækkaður um helming á þessu ári og alfarið felldur niður á næsta ári.

Þá kom fram að þetta sjónarmið virtist eiga skilningi og stuðningi að mæta hjá öðrum þingmönnum, m. a. úr Framsóknarflokki. Báru þeir því hins vegar við, að nægur tími væri til að taka afstöðu til þessa máls, fyrir vorið 1982. Nú er sá tími kominn, og því þykir rétt að láta reyna á hvort hugur fylgdi máli.

Ég flyt á sérstöku þingskjali breytingartillögu um að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði lækkaður um helming. Verði sú tillaga samþykkt munum við Alþýðuflokksmenn greiða atkvæði með framlengingu skattsins í því formi eitt ár til viðbótar. Verði sú tillaga felld styðjum við ekki framlengingu skattsins og munum greiða atkvæði gegn frekari framlengingu hans verði þess leitað á næsta þingi.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Eiður Guðnason.

Ed. 762. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frv. þetta fjallar um beiðni stjórnar Sölustofnunar lagmetis um að framlengja núverandi starfsréttindi stofnunarinnar, sem falla eiga úr gildi um næstu áramót, um eitt ár til viðbótar. Til fundar við nefndina hafa komið fulltrúar ýmissa fyrirtækja í lagmetisiðnaði og kom í ljós að þeir voru síður en svo á einu máli um hvort samþykkja skyldi umrætt frumvarp.

Ég tel eðlilegt að sölusamtök í lagmetisiðnaði starfi á sama grundvelli og önnur útflutningssamtök. Ljóst virðist vera að viðleitni löggjafans til þess að efla samtök og samvinnu með niðurlagningarverksmiðjum hefur ekki borið þann árangur sem til var ætlast. Sýnist mér því eðlilegt að umrædd lög falli úr gildi um næstu áramót, svo sem samþykkt var á Alþingi í fyrra, og hef ekki heyrt þau rök, er mæli með framlengingu laganna. Legg ég því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Eiður Guðnason.

Nd. 763. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og mælir með að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þingskjali 282.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr., frsm.	Matthías Á. Mathiesen.
Matthías Bjarnason.	Sighvatur Björgvinsson.	Albert Guðmundsson.
	Guðrún Hallgrímsdóttir.	

Ed. 764. Frumvarp til laga [307. mál]

um neyðarbirgðir olíu o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast fyrir Íslands hönd aðili að samningi um alþjóðaorkuáætlun sem gerður var í París hinn 18. nóvember 1974, eins og honum hefur verið breytt, með þeim skilyrðum sem greind eru í athugasemd við grein þessa.

2. gr.

Til að uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um alþjóðaorkuáætlun getur ríkisstjórnin tekið ákvarðanir eða sett reglur um eftirfarandi:

a) skyldu aðila sem flytja inn eða framleiða olíuvörur eða jarðolíu til að halda svo miklar birgðir að Ísland eigi nægar neyðarbirgðir olíu, samanber m. a. I. kafla samningsins;

b) ráðstafanir sem þörf telst á til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu þegar skortur er fyrirsjáanlegur eða hefur gert vart við sig, þ. á m. fyrirmæli um sölu olíu, samanber m. a. II. og IV. kafla samningsins;

c) skyldu aðila sem flytja inn eða framleiða olíu til að selja hana og flutningsskyldu svo að Ísland geti ef þörf krefur úthlutað henni á neyðartímum, samanber m. a. III.—IV. kafla samningsins;

d) skyldu aðila sem versla með olíu til að gefa m. a. upplýsingar um birgðamál, ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn, viðskipti, framleiðslu og flutninga, svo og upplýsingaskyldu flutningsaðila, samanber m. a. V. kafla samningsins.

3. gr.

Ef almannaþörf krefur getur ríkisstjórnin framkvæmt eignarnám til að tryggja takmörkun á eftirspurn eftir olíu og hugsanlega úthlutun hennar á neyðartímum.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur við öflun upplýsinga samkvæmt 2. gr. látið kveðja viðkomandi menn á fund til munnlegrar skýrslugerðar, kanna gögn, m. a. af löggiltum endurskoðanda, og framkvæma nauðsynlegar athuganir á starfsstað.

Upplýsingar samkvæmt 2. gr. má láta í té stofnunum samkvæmt samningnum um alþjóðaorkuáætlun, svo og einstökum ríkjum sem taka þátt í starfi Alþjóðaorkustofnunarinnar, enda sé gætt trúnaðar í meðferð fenginna upplýsinga um einstaka aðila.

5. gr.

Hver sá sem framkvæmir ekki fyrirmæli ríkisstjórnarinnar samkvæmt 2. og 4. gr. innan tilskilins frests eða gefur rangar eða villandi upplýsingar þar að lútandi skal sæta sektum nema mælt sé fyrir um þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

Nú hefur stjórnanda félags eða öðrum sem komið hefur fram fyrir hönd þess verið dæmd sekt fyrir brot í starfi sínu fyrir félagið og ber félagið þá ábyrgð á greiðslu sektar ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Kveða þarf þó á um ábyrgð félagsins í dóminum.

Mál vegna brota sæta meðferð opinberra mála.

Ríkisstjórnin getur boðið ákveðnum aðilum að inna skylduverk af hendi innan tiltekins frests að viðlögðum hæfilegum dagsektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Efnisyfirlit.

Formáli .....

1. AÐDRAGANDI .....

2. SAMNINGUR UM ALÞJÓÐAORKUÁÆTLUN .....
2.1 Inngangur .....
2.2 Neyðarbirgðir olíu .....
2.3 Takmörkun á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum .....
2.4 Úthlutun olíu á neyðartímum .....
2.5 Framkvæmd neyðarráðstafana .....
2.6 Upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn .....
2.7 Aðstaða til samráðs við olíufélög .....
2.8 Langtímasamstarf í orkumálum .....
2.9 Tengsl við olíuframleiðslulönd og notkunarlönd .....
2.10 Ákvæði um stjórnun og almenn atriði .....
2.11 Lokaákvæði .....

3. ÚTDRÁTTUR OG NIÐURSTÖÐUR .....

4. ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR FRUMVARPSINS ...

FYLGISKJÖL .....
I. Samningur um alþjóðaorkuáætlun .....
II. Áætlun um langtímasamstarf .....
III. Hópmarkmið og meginreglur orkustefnu .....

Formáli.

Alþjóðaorkustofnunin (International Energy Agency — IEA) er sjálfstæð stofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar (Organisation for Economic Co-operation and Development — OECD) sem Ísland er aðili að og hefur hún aðsetur í París. Alþjóðaorkustofnuninni var komið á fót hinn 15. nóvember 1974 með ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar og greiddi fulltrúi Íslands í ráðinu atkvæði með þeirri ákvörðun. Hinn 18. nóvember 1974 var samningur um alþjóðaorkuáætlun sem starfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur grundvallast á frá þeim degi síðan undirritaður af fulltrúum 16 af 24 aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Ísland var ekki í þeim hópi.

Í skýrslu sinni til ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar í september 1979 gerði fimm manna **olíuviðskiptanefnd** sem dr. Jóhannes Nordal, bankastjóri Seðlabanka Íslands, var formaður fyrir m. a. almenna grein fyrir Alþjóðaorkustofnuninni, skipulagi, starfi og aðildarskilmálum. Mælti nefndin með því að Ísland óskaði eftir aðild að stofnuninni. Einn nefndarmanna hafði þó fyrirvara á um þessa afstöðu.

Ríkisstjórn Benedikts Gröndals ákvað í lok október 1979 að efna til könnunarviðræðna við fulltrúa Alþjóðaorkustofnunarinnar um hugsanlega aðild Íslands að stofnuninni. Ákvað ríkisstjórnin síðan snemma í janúar 1980 að skipuð skyldi **nefnd til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar** náið. Af hálfu viðskiptaráðherra voru skipaðir í nefndina Jón Ögmundur Þormóðsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, formaður, Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneytinu, Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, og Geir H. Haarde, ritari olíuviðskiptanefndar. Hóf nefndin störf um miðjan janúar og kannaði málið ítarlega, m. a. allar ákvarðanir stjórnarnefndar stofnunarinnar og ýmis önnur gögn frá henni. Skömmu eftir myndun ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens átti formaður nefndarinnar ásamt Einari Benediktssyni sendiherra, fastafulltrúa Íslands hjá Efnahags- og framfarastofnuninni, og Sveini Björnssyni, viðskiptafulltrúa við sendiráð Íslands í París, könnunarviðræður í París við framkvæmdastjóra og aðra forráðamenn Alþjóðaorkustofnunarinnar, nánar tiltekið dagana 25.—28. febrúar 1980. Við sama tækifæri var einnig rætt við fastafulltrúa Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hjá stofnuninni. Í könnunarviðræðum þessum var einkum fjallað um á annað hundrað skriflegar spurningar um Alþjóðaorkustofnunina, skipulag, starf og aðildarskilmála, sem nefndin hafði útbúið. Fengust munnleg svör við spurningunum í viðræðunum en mikilvægustu spurningunum var einnig svarað skriflega síðar. Talið var nauðsynlegt að gera síðan ítarlega **nefndarskýrslu** um mál þetta sem byggja mætti á við ákvarðanatöku en nefndinni var ekki falið að gera tillögu um það hvort Ísland skyldi gerast aðili að stofnuninni eða ekki. Við undirbúning skýrslunnar var m. a. leitað til íslensku olíufélaganna um nauðsynlegar upplýsingar varðandi olíugeymarými og olíubirgðahald hér á landi. Skýrslan var afhent viðskiptaráðherra um miðjan júlí 1980. Síðan var hún lögð fyrir ríkisstjórnina og henni dreift til ýmissa aðila, m. a. þingflokkanna.

Rétt þótti að gera grein fyrir nauðsynlegri **löggjöf** í skýrslunni um leið og samningurinn um alþjóðaorkuáætlun var reifaður enda þarf atbeina Alþingis til að tryggja framkvæmd samningsins ef Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Fæst þannig heildaryfirlit yfir málefni stofnunarinnar eins og þau horfa við Íslandi. Við samningu lagafrumvarps var m. a höfð hliðsjón af danskri og sænskri löggjöf um þessi efni en einnig íslenskum lögum um viðbúnað við sérstakar aðstæður, t. d. lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, nr. 37 12. júní 1939.

Nefnd skipuð fulltrúum aðila að ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens — Guðmundi G. Þórarinssyni alþm., Ólafi Ragnari Grímssyni alþm. og Jóni Ormi Halldórssyni, aðstoðarmanni forsætisráðherra — hefur kannað málið sérstaklega, m. a. þau atriði nefndarskýrsl-

unnar sem snerta mörkun sérstöðu af Íslands hálfu vegna aðildar, og aflað nánari upplýsinga, m. a. um þróun olíumála.

Eins og áður segir er Alþjóðaorkustofnunin sjálfstæð stofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Veigamikill þáttur í starfi Alþjóðaorkustofnunarinnar varðar olíuneyðarkerfi hennar. Gert er ráð fyrir því að viðskiptaráðherra sem fer með skipti Íslands við Efnahags- og framfarastofnunina og ber ábyrgð á viðskiptum með olíu hér á landi fari einnig með skipti Íslands við Alþjóðaorkustofnunina. Við framkvæmd samningsins um alþjóðaorkuáætlun þarf að koma til margháttaður atbeini annarra ráðherra, fyrst og fremst iðnaðarráðherra vegna langtímasamstarfs í orkumálum en af öðrum má nefna dóms- og kirkjumálaráðherra vegna hugsanlegra hraðatakmarkana í bensínsparnaðarskyni á tímum olíuneyðar. Valdsvið einstakra ráðherra markast hér sem endranær af lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Leggur viðskiptaráðherra þetta frumvarp fyrir Alþingi.

1. AÐDRAGANDI.

Á síðustu áratugum hefur nokkrum sinnum skollið á **olíuneyð** meðal olíunotkunarlanda vegna alvarlegra truflana á olíuaðstreymi frá Miðausturlöndum. Fyrst var um að ræða afgreiðslur á jarðolíu og olíuvörum frá Íran árið 1951. Meðan Súezdeilan stóð yfir á árunum 1956—1957 minnkuðu aðdrættir olíu öðru sinni. Í þriðja skipti urðu truflanir vegna sex daga stríðsins árið 1967. Alvarlegast varð ástandið veturinn 1973—1974 í kjölfar styrjaldar Araba og Ísraelsmanna. Vissir erfiðleikar hafa skotið upp kollinum síðar, t. d. á árinu 1979 út af innanlandsástandinu í Íran og á árinu 1980 af völdum styrjaldar Íraka og Írana.

Vegna reynslunnar af Súezdeilunni gerði **Efnahagssamvinnustofnun Evrópu** (Organisation for European Economic Co-operation — OEEC) sem Ísland var aðili að tillögur til aðildarríkjanna um að hafa ætíð sextíu daga birgðir af olíu tiltækar vegna hugsanlegrar olíuneyðar. **Efnahags- og framfarastofnunin** sem leysti Efnahagssamvinnustofnun Evrópu af hólmi hefur síðan látið þessi mál til sín taka. Má geta þess að ráð Efnahags- og framfarastofnunarinnar samþykkti hinn 29. júní 1971 tillögu þar sem aðildarríkin voru hvött til að ná sem fyrst því marki að eiga níutíu daga olíubirgðir. Ísland greiddi atkvæði með tillögunni. Einnig samþykkti ráðið bindandi ákvörðun hinn 14. nóvember 1972 um neyðaráætlanir og ráðstafanir og úthlutun olíubirgða á neyðartímum á svæði OECD í Evrópu sem Ísland greiddi jafnframt atkvæði með. Þetta **viðbúnaðarkerfi** af hálfu Efnahags- og framfarastofnunarinnar brást hins vegar í olíuneyðinni 1973—1974. Þá minnkuðu olíuaðdrættir frá Miðausturlöndum nokkuð vegna eyðileggingar af völdum stríðsins þar. Ákvörðun arabískra olíuútflutningslanda um að draga úr framleiðslu og setja afgreiðslubann m. a. á Bandaríkin og Holland hafði þó sýnu meiri áhrif. Þrátt fyrir hina alvarlegu olíuneyð tók Efnahags- og framfarastofnunin aldrei ákvörðun um að láta koma til úthlutunar samkvæmt áætlun þar um þar eð stjórnmálalegar forsendur voru ekki fyrir hendi. Innan vébanda stofnunarinnar var heldur ekki unnt að afla nauðsynlegra upplýsinga um þróun neyðarástandsins þrátt fyrir óskir einstakra aðildarríkja þar að lútandi. Alþjóðlegu olíufélögin báru því fyrst og fremst ábyrgð á úthlutun tiltækrar olíu meðan á neyðinni stóð.

Olíuneyðin sýndi þörfina á að finna **nýjar leiðir** í alþjóðasamvinnu um orkumál, m. a. olíumál. Komu ýmsar tillögur fram á sjónarsviðið. M. a. var að frumkvæði Bandaríkjamanna efnt til utanríkisráðherrafundar nokkurra vestrænna ríkja í Washington dagana 11.—13. febrúar 1974. Ríkin sem tóku þátt í fundi þessum voru þrettán talsins, Bandaríkin, Japan, Kanada, Noregur og öll níu aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu, þ. e. Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg og sambandslýðveldið Þýskaland. Á fundinum voru fulltrúar allra ríkjanna að Frakklandi undanskildu sammála um nauðsyn þess að gera sérstaka áætlun um samstarf í orkumálum. Tóku þau ríki sem þessu voru hlynnt þátt í starfi samstarfsnefndar um orkumál (Energy Coordinating Group — ECG). Á grund-

velli samþykkta utanríkisráðherrafundarins gerði nefndin drög að samningi um alþjóðaorkuáætlun þar sem m. a. var leitast við að smíða agnúana af hinu eldra viðbúnaðarkerfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

Með ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar hinn 15. nóvember 1974 var **Alþjóðaorkustofnuninni** komið á fót sem sjálfstæðri stofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Greiddi 21 af 24 aðildarríkjum stofnunarinnar atkvæði með ákvörðuninni, þ. á m. Ísland, en Finnland, Frakkland og Grikkland sátu hjá. **Samningur um alþjóðaorkuáætlun** var síðan undirritaður hinn 18. nóvember 1974 af 16 aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Ríkin voru Austurríki, Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Holland, Írland, Ítalía, Japan, Kanada, Lúxemborg, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tyrkland og sambandslýðveldið Þýskaland. Beittu ríkin samningnum til bráðabirgða frá og með þeim degi en hann gekk endanlega í gildi hinn 19. janúar 1976 gagnvart fyrstu ríkjunum er gengið höfðu frá formsatriðum.

Frá því að samningurinn var undirritaður hefur þátttökulöndum í starfi Alþjóðaorkustofnunarinnar farið fjölgandi. Samningur milli Alþjóðaorkustofnunarinnar og ríkisstjórnar konungdæmisins Noregs varðandi þátttöku ríkisstjórnar konungdæmisins Noregs í starfi stofnunarinnar var þannig undirritaður hinn 7. febrúar 1975. Norðmenn töldu nauðsynlegt að taka þátt í starfi stofnunarinnar samkvæmt sérsamningi þar eð þeir yrðu brátt nettóútflytjendur olíu. Nýja-Sjáland gerðist aðili að stofnuninni í mars 1975, Grikkland í september 1976, Ástralía í maí 1979 og Portúgal í maí 1980. Tekur 21 af 24 aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar nú þátt í starfi Alþjóðaorkustofnunarinnar en einungis Finnland, Frakkland og Ísland eru ekki meðal þátttökulanda.

Efnahags- og framfarastofnunin hefur ætíð látið orkumál til sín taka en með því að koma Alþjóðaorkustofnuninni á fót innan vébanda stofnunarinnar hefur samstarf aðildarríkjanna á sviði orkumála verið styrkt svo að um munar. Olíumálin hafa nú mun meiri áhrif en áður á efnahagsmál aðildarríkjanna almennt.

Íslendingar hafa ekki einungis tekið þátt í **alþjóðlegu samstarfi** um orkumál á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar heldur og í ýmsum öðrum alþjóðastofnunum, t. d. Sameinuðu þjóðunum. Jarðhitadeild Háskóla Sameinuðu þjóðanna er hér á landi og íslenskir sérfræðingar í jarðhitamálum hafa m. a. starfað í þróunarlöndunum á vegum samtakanna. Þá hafa Íslendingar verið virkir þátttakendur í norrænni samstarfsstofnun um raforkumál (NORDEL) og fylgst með norrænu samstarfi í orkumálum almennt, m. a. með þátttöku í fundum orkuráðherra Norðurlanda.

2. SAMNINGUR UM ALÞJÓÐAORKUÁÆTLUN.

Samningurinn um alþjóðaorkuáætlun greinist í **efnisþætti** svo sem hér segir:

Inngangur
I. kafli: Neyðarbirgðir olíu
II. kafli: Takmörkun á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum
III. kafli: Úthlutun olíu á neyðartímum
IV. kafli: Framkvæmd neyðarráðstafana
V. kafli: Upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn
VI. kafli: Aðstaða til samráðs við olíufélög
VII. kafli: Langtímasamstarf í orkumálum
VIII. kafli: Tengsl við olíuframleiðslulönd og notkunarlönd
IX. kafli: Ákvæði um stjórnun og almenn atriði
X. kafli: Lokaákvæði
Viðauki: Neyðarbirgðir olíu.

Olíuneyðarkerfi Alþjóðaorkustofnunarinnar sem miðast við olíuneyð á friðartímum hefur stoð í I.—IV. kafla samningsins og viðauka við samninginn en auk þess fjalla V.—VI. kafli um **olíumál.** Í V. kafla eru reyndar ákvæði sem snerta olíuneyðarkerfið, þ. e. ákvæðin um sérstakan hluta upplýsingamiðlunar til að tryggja árangursríka framkvæmd neyðarráðstafana. Í VII. kafla er fjallað um **langtímasamstarf í orkumálum** en það miðar m. a. að því að gera aðildarríki stofnunarinnar óháðari olíuinnflutningi. Ekki hefur enn reynt á olíuneyðarkerfið.

Hér á eftir verður leitast við að **gera grein fyrir** meginatriðum samningsins, starfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar á undanförnum árum eftir því sem við á og réttindum og skyldum aðildarríkja stofnunarinnar með sérstöku tilliti til hugsanlegrar aðildar Íslands að henni. Vikið verður að ákvörðunum og tillögum stjórnarnefndar stofnunarinnar þar sem máli skiptir. Má á þessum grundvelli meta kosti og galla aðildar.

Rétt er að taka fram að samkvæmt 66. gr. samningsins skal hvert þátttökuland gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma samninginn og ákvarðanir sem stjórnarnefndin tekur. Í þessu felst að Alþjóðaorkustofnunin er **ekki yfirþjóðleg stofnun.** Aðildarríki stofnunarinnar afsala m. ö. o. ekki valdi stjórnvalda sinna í hendur stofnuninni. Á hinn bóginn felast í samningnum víðtækar skyldur og víðtæk réttindi svo sem gleggst kemur fram í olíuneyðarkerfi stofnunarinnar. Nánar verður greint frá þeim hér á eftir.

Texta samningsins með áorðnum breytingum til 1. apríl 1982 er að finna sem fylgiskjal hér á eftir.

2.1. Inngangur.

Í inngangsorðum samningsins um alþjóðaorkuáætlun segir m. a. að þátttökulöndin vilji stuðla að öruggum olíuaðdráttum á hóflegum og sanngjörnum kjörum og séu ákveðin í að gera í sameiningu virkar ráðstafanir til að takast á við olíuaðdráttaneyð með því að verða sjálfum sér nóg um olíu á neyðartímum, takmarka eftirspurn og úthluta tiltækri olíu milli landa sinna á sanngjarnan hátt. Löndin vilja gegna virkara hlutverki gagnvart olíuiðnaðinum með því að koma á víðtækri alþjóðlegri upplýsingamiðlun og skapa varanlega aðstöðu til samráðs við olíufélög. Þau eru ákveðin í að verða óháðari olíuinnflutningi með því að taka þátt í langtímasamstarfi um orkusparnað, hraðari þróun annarra orkugjafa, orkurannsóknir og þróun og úranauðgun. Jafnframt er stefnt að auknu samstarfi við olíuframleiðslulönd og önnur olíunotkunarlönd, m. a. þróunarlönd.

2.2. Neyðarbirgðir olíu.

Í I. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun og viðauka við samninginn eru ákvæði um neyðarbirgðir olíu. Á grundvelli 2. gr. samningsins skulu þátttökulöndin nú eiga neyðarbirgðir er nægi til a. m. k. níutíu daga notkunar án nettóinnflutnings á olíu. Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. viðaukans skal hvert þátttökuland draga 10% frá heildarbirgðum sínum við útreikning á neyðarbirgðum sínum þannig að **níutíu daga neyðarbirgðaregla** Alþjóðaorkustofnunarinnar samsvarar í reyndinni olíu til hundrað daga notkunar við venjulegar aðstæður. Í 1. mgr. 1. gr. viðaukans er gerð grein fyrir því hvaða birgðir teljast með. Af þeirri málsgrein leiðir m. a. að olíubirgðir í birgðastöðvum utan innflutningshafnanna tveggja, Reykjavíkur og Seyðisfjarðar, teljast með jafnvel þótt stöðvarnar kunni að vera litlar. Hins vegar teljast t. d. birgðir á bensínstöðvum ekki með. Hernaðarbirgðir þátttökulanda teljast heldur ekki með. Samkvæmt 3. gr. viðaukans geta þátttökulönd að vissum skilyrðum uppfylltum reiknað olíubirgðir í öðru landi með til að uppfylla neyðarbirgðaskyldu sína og eru dæmi slíks.

Í 3. gr. samningsins kemur fram að þátttökulönd geta ekki einungis uppfyllt neyðarbirgðaskyldu sína með olíubirgðum þótt sú hafi verið reyndin til þessa heldur einnig með eldsneytisskiptagetu og aukagetu til olíuframleiðslu. Skilgreiningu á eldsneytisskiptagetu og aukagetu til olíuframleiðslu er að finna í 2. og 4. gr. viðaukans. Eldsneytisskiptagetan er þó

óhagkvæm þar eð gert er ráð fyrir því að mannvirki standi ónotuð þar til neyð skellur á. Í 6. gr. viðaukans er fjallað um það hvort reikna megi langtímafjárfestingu sem gerir þátttökuland óháðara olíuinnflutningi með til að uppfylla neyðarbirgðaskyldu landsins. Ekki er þó talið að fjárfesting Íslendinga í hitaveituframkvæmdum falli hér undir til lækkunar neyðarbirgðaskyldu. Undir greinina falla sem sé aðeins eldsneytisskiptageta og aukageta til olíuframleiðslu en ekki venjulegar fjárfestingar. Ef skýra ætti greinina frjálslega gæti t. d. sambandslýðveldið Þýskaland bent á fjárfestingu sína til að auka notkun kola.

Samkvæmt samningnum skyldu þátttökulönd í fyrstu eiga sextíu daga neyðarbirgðir olíu. Frá og með 1. janúar 1980 skyldu hins vegar öll löndin eiga birgðir til níutíu daga og höfðu öll nema Austurríki og Tyrkland náð því marki á þeim degi. Þátttökulöndin hafa því almennt haft fimm ára aðlögunartíma til að koma sér upp níutíu daga birgðum. Hafa fulltrúar landanna gefið óformlega til kynna í sambandi við fund stjórnarnefndar stofnunarinnar að Íslandi yrði veittur **fimm ára aðlögunartími** ef það kýs að sækja um aðild að stofnuninni með þeim skilmálum. Mætti þá auka olíubirgðahald og eftir atvikum olíubirgðarými í áföngum.

Samkvæmt reglum Alþjóðaorkustofnunarinnar má **reikna neyðarbirgðir** með tvennum hætti. Annars vegar eru teknar þrjár helstu olíuvörurnar sem notaðar eru og margfaldað með 1,2 til að fá út jarðolíugildi en allir útreikningar hjá stofnuninni miðast við jarðolíu (hráolíu). Hins vegar er miðað við allar olíuvörur sem notaðar eru og margfaldað með 1,065. Fyrri leiðin virðist Íslendingum nokkru hagstæðari nú.

Þrjár helstu olíuvörurnar um þessar mundir á Íslandi eru gasolía, svartolía (brennsluolía) og bensín. Á árinu 1981 var notkunin á þessum vörum samkvæmt reglum Alþjóðaorkustofnunarinnar en í venjulegum tonnum talið (innflutningur að frádregnum birgðum í árslok og að viðbættum birgðum í ársbyrjun) sem hér segir: gasolía 221 000 tonn, svartolía 169 000 tonn og bensín 92 000 tonn eða samtals 482 000 tonn. Notkunina á árinu 1987, eftir fimm ára aðlögunartíma, mætti áætla sem hér segir: svartolía 185 000 tonn, gasolía 175 000 tonn og bensín 110 000 tonn eða samtals 470 000 tonn sem er um 3% minna en á árinu 1981.

Sé miðað við þessa spá um notkun á ofangreindum olíuvörum á Íslandi á árinu 1987, 470 000 tonn, þyrfti **Ísland** samkvæmt reglum Alþjóðaorkustofnunarinnar um níutíu daga birgðir að eiga ætíð tiltækar í landinu **129 000 tonn** samtals af svartolíu, gasolíu og bensíni. Þessi tala er fundin með því að deila í heildarnotkun ársins á þessum olíuvörum, 470 000 tonn, með dagafjölda ársins, 365, til að fá út olíunotkun á dag. Síðan er margfaldað með 90 til að fá út 90 daga olíunotkun. Loks er margfaldað með 10% til að taka tillit til ótiltækra birgða. Í stuttu máli er dagleg notkun olíuvaranna þriggja margfölduð með hundrað til að reikna níutíu daga birgðaskyldu Íslands samkvæmt reglum stofnunarinnar.

Samkvæmt upplýsingum íslensku olíufélaganna höfðu þau 216 347 tonna geymarými fyrir gasolíu, svartolíu og bensín á landinu öllu hinn 31. október 1981 en annað tiltækt rými er hverfandi. Á innflutningshöfnunum Reykjavík og Seyðisfirði er rými fyrir 137 600 tonn en í litlum birgðastöðvum víðs vegar um landið eru geymar fyrir 78 747 tonn. Þar eð geymarými fyrir 12 000 tonn bætist við á næstunni er birgðarýmið samtals rösk 228 000 tonn. Telja þeir sem best þekkja til að **ekki** þurfi að **auka við geymarýmið** til að rúma ofangreint magn, 129 000 tonn (um 57% nýting). Heppilegast má telja að birgðir Íslands yrðu geymdar á Íslandi þótt heimilt sé eins og áður segir að taka tillit til birgða erlendis.

Talsvert hefur skort á að Ísland uppfyllti skilyrði Alþjóðaorkustofnunarinnar um olíubirgðahald á undanförnum árum. Meðalbirgðir af gasolíu, svartolíu og bensíni með mánaðarmillibili 1. janúar—31. desember voru sem sé samanlagt:

1978: 89 000 tonn
1979: 82 000 tonn
1980: 99 000 tonn
1981: 91 000 tonn.

Ofangreindar tölur sýna að birgðahaldið hefur aukist talsvert. Á sama tíma hefur olíunotkunin dregist talsvert saman. Sé gert ráð fyrir 95 000 tonna meðalbirgðum áranna 1980—1981 þarf Ísland að **auka birgðahald um 34 000 tonn** til að fullnægja níutíu daga birgðaskyldu Alþjóðaorkustofnunarinnar sem jafngildir 129 000 tonnum. Meðalbirgðirnar 1980—1981 eru 74% af því sem þarf, þ. e. þær samsvara 66 daga birgðum.

Meðalbirgðir í upphafi janúar—mars 1982 voru 129 000 tonn. Þetta er sama og þarf, níutíu daga birgðir. Samkvæmt reynslunni eru birgðir á þessum árstíma meiri en venjulega og því ekki unnt að gera ráð fyrir að meðalbirgðir alls ársins verði í líkingu við þær. Þetta er þó vísbending um áherslu á aukið olíubirgðahald hérlendis. Til samanburðar má geta þess að meðalbirgðirnar í janúar—mars 1981 voru 101 000 tonn og í janúar—mars 1980 109 000 tonn.

Ef íslensk stjórnvöld telja rétt að hér séu níutíu daga birgðir af þremur helstu olíuvörunum hvort sem Ísland er aðili að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki yrði út af fyrir sig ekki um að ræða **aukakostnað** (bráttókostnað) **vegna aukningar birgðahalds** samfara aðild Íslands að stofnunni. Nauðsynlegt þykir þó að gera hér grein fyrir kostnaði við aukið birgðahald miðað við undanfarin ár.

Kostnaðurinn við að halda 34 000 tonna birgðir af þremur helstu olíuvörunum umfram það sem gert var á árabilinu 1980—1981 er breytilegur, m. a. vegna sífelldra verðbreytinga á alþjóðlega olíumarkaðinum og mismunandi fjármagnskostnaðar. Sé tekið mið af fobkaupverði á tonn í Rotterdam hinn 26. mars 1982 (svartolía: $ 189,25, gasolía: $ 263,75 og bensín: $ 269,25) og flutningskostnaði frá Sovétríkjunum ($ 9,96 á tonn í mars 1982) mundu þessi **34 000 tonn** kosta 8,4 milljónir Bandaríkjadala **hingað komin** sem gerir á sölugengi sama dag (1 $ = 10,17 krónur) **85,4 milljónir króna.** Hér er miðað við sama hlutfall og í áætlaðri notkun árið 1987 (svartolía 39% eða 13 260 tonn, gasolía 37% eða 12 580 tonn og bensín 24% eða 8 160 tonn). Kaupin á viðbótarolíunni mætti framkvæma í áföngum á fimm ára aðlögunartímanum þegar markaðsaðstæður teldust hentugar.

Sé gert ráð fyrir 50% **vaxtakostnaði** vegna kaupa á 34 000 tonnum af viðbótarolíu fyrir 85,4 milljónir króna kemur út talan **42,7 milljónir króna á ári.** Eðlilegt sýnist að miða við 50% vaxtakostnað, þ. e. gengistryggt lán. Í því sambandi má nefna að gengi Bandaríkjadals gagnvart krónunni hækkaði um 31% frá árslokum 1980 til ársloka 1981, svo og að millibankavextir í Lundúnum af sex mánaða lánum í Bandaríkjadölum voru að meðaltali 16,1% í júlí 1981—febrúar 1982. Þá má benda á að lánskjaravísitalan hækkaði um 48% frá desember 1980 til desember 1981. Vaxtakostnaðurinn legðist fyrst að fullu á í lok fimm ára aðlögunartímans.

Ef vaxtakostnaðurinn væri látinn koma fram í verðlagi á svartolíu, gasolíu og bensíni — miðað við áætlaða 470 000 tonna notkun á árinu 1987 (557 220 000 lítra, þ. e. 185 000 tonn af svartolíu × 1 095 lítra í tonni eða 202 575 000 lítra, 175 000 tonn af gasolíu × 1 183 lítra í tonni eða 207 025 000 lítra og 110 000 tonn af bensíni × 1 342 lítra í tonni eða 147 620 000 lítra) og jafna krónutöluhækkun á lítra — þyrfti að **hækka útsöluverð á hverjum lítra um 8 aura,** þ. e. svartolíulítrann (lægsta verð) úr 2,28 krónum (hinn 26. mars 1982) í 2,36 krónur eða um 3,5%, gasolíulítrann úr 3,65 krónum í 3,73 krónur eða um 2,2% og bensínlítrann úr 9,45 krónum í 9,53 krónur eða um 0,8%. Ef hins vegar væri miðað við jafnháa hundraðshlutahækkun á hvern lítra af olíu — á grundvelli áætlaðrar notkunar árið 1987 og útsöluverðs hinn 26. mars 1982— kæmi út **meðalhækkunin 1,6%** sem þýddi að svartolíulítrinn (lægsta verð) þyrfti að hækka úr 2,28 krónum í 2,32 krónur eða um 4 aura, gasolíulítrinn úr 3,65 krónum í 3,71 krónu eða um 6 aura og bensínlítrinn úr 9,45 krónum í 9,60 krónur eða um 15 aura.

Það gæti auðveldað lausn birgðahaldsmálsins ef heimiluð yrði tollgeymsla á bensíni þannig að verðtollur væri greiddur við sölu en ekki innflutning. Slíkt kæmi til móts við

notendur að því leyti að þeir þyrftu þá ekki að greiða allan kostnað af aukningu birgða af olíuvörunum.

Í olíukaupasamningum viðskiptaráðuneytisins við sovéska ríkisolíufélagið Sojuznefteexport hefur verið almennt ákvæði þess efnis að kaupandi megi ekki selja olíuna áfram til þriðja lands án skriflegs samþykkis seljanda. Samningsákvæði þetta kom inn í olíukaupasamninga okkar við Sovétmenn löngu áður en Alþjóðaorkustofnuninni var komið á fót árið 1974. Haustið 1979 var ekki samþykkt að fella ákvæðið niður en bent á að sækja mætti um undanþágu í einstökum tilvikum. Miðað við óbreytt ákvæði í samningunum við Sovétmenn og úthlutunarskyldu Íslands á neyðartímum ef það gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni mundi koma til úthlutunar olíu sem **væntanleg** væri til landsins frá öðrum löndum en Sovétríkjunum, væntanlega gasolíu, en til úthlutunar af þeirri gasolíu sem er komin til Íslands mundi aðeins koma í algerum undantekningartilvikum. Til álita kæmi að eiga eitthvert **umframmagn** af gasolíu hér á landi eða jafnvel erlendis til að vera betur undir það búnir að úthluta af einni olíutegund þótt það sé ekki skylt. Í þessu sambandi má minna á að samkvæmt 16. gr. samningsins um alþjóðaorkuáætlun getur þátttökuland á neyðartímum notast við umframbirgðir sínar í stað þess að gera ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn. Olíubirgðir Íslendinga yrðu gefnar upp í jarðolíugildum. Þyrftum við því ekki að eiga níutíu daga birgðir af hverri olíutegund um sig þótt það skapaði reyndar mest öryggi heldur samanlagt níutíu daga birgðir af þremur helstu olíuvörunum, gasolíu, svartolíu og bensíni. Til að draga úr hugsanlegum úthlutunarerfiðleikum ef hlutfall sovésku olíunnar í heildarinnflutningi væri óvenjuhátt (hærra en 60—70% eins og verið hefur undanfarin ár) gætu Íslendingar í stað umframbirgðaleiðarinnar **hnikað birgðahlutföllum til,** sem sé haft meira en níutíu daga birgðir af úthlutunarhæfri vestrænni olíu en minna en níutíu daga birgðir af sovésku olíunni.

Í aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar hafa olíufélög að jafnaði **fjármagnað** byggingu olíugeyma og kaup á olíu. Þó eru nokkur dæmi um annað fyrirkomulag. Svissneska ríkisstjórnin hefur veitt lán í þessu skyni með góðum kjörum. Í sambandslýðveldinu Þýskalandi hefur sérstök stofnun í eigu olíufélaga haldið birgðir en ríkisstjórnin hefur gengið í ábyrgð fyrir lánum til hennar. Í Bandaríkjunum, Japan og sambandslýðveldinu Þýskalandi hafa ríkisstjórnir fjármagnað geyma og birgðir að hluta til. Í aðildarríkjunum lendir aukinn kostnaður við byggingu geyma eða birgðahald alls staðar á notendum að lokum, kemur fram í hærra verði eða jafnvel skattlagningu.

Nefna má að í Danmörku er um að ræða talsverða aðstoð af hálfu stjórnvalda. Komið hefur verið á fót sjálfseignarstofnun, Danske Olieberedskabslagre, og geta þeir sem halda skulu neyðarbirgðir orðið aðilar að stofnuninni. Sér hún um neyðarbirgðahald gegn gjaldi en aðilarnir geta hækkað verð á olíu undir eftirliti verðlagsyfirvalda til að standa straum af kostnaðinum. Unnt er að veita ríkisábyrgðir fyrir innlendum og erlendum lánum.

Hér á landi virðist einfaldast að fela **olíufélögunum** að sjá um að auka birgðahald en verðlagsyfirvöld mundu heimila þá verðhækkun sem þarf til að standa undir kostnaði af slíku. Nauðsynlegt kann að vera að veita ríkisábyrgð á lánum vegna aukinna kaupa á olíu.

Í **stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens** er mælt fyrir um athugun á því hvernig tryggt verði að nauðsynlegt magn birgða af olíuvörum sé ætíð til í landinu. Markmiðið er aukið öryggi í olíumálum eins og hjá Alþjóðaorkustofnuninni þar sem nú er miðað við níutíu daga neyðarbirgðir olíu. Öll aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar nema Finnland og Ísland miða nú við þetta ákveðna lágmark, m. a. Frakkland vegna aðildar að Efnahagsbandalagi Evrópu. Þess má geta að olíubirgðirnar í bandalagsríkjunum nægðu til um 130 daga notkunar hinn 1. janúar 1981 og 1982. Finnland hefur sem hin ríkin hernaðarbirgðir til vara. Aukningu birgðahalds hér á landi fylgir að vísu umtalsverður **kostnaður** eins og tölurnar hér að framan sýna. Á hitt ber að líta í þessu sambandi að olíufélögin og aðrir ábyrgir aðilar, t. d. olíuviðskiptanefnd, hafa bent á nauðsyn á auknu olíubirgðahaldi til að

auka olíuöryggi hér á landi. Virðist óhjákvæmilegt að leggja í aukinn kostnað við olíubirgðahald á næstunni hvort sem það gerist í tengslum við aðild að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki. Síðar verður vikið nánar að kostnaðarhlið aðildar.

Við athugun á **birgðastöðu** fyrir landið allt í upphafi hvers mánaðar árið 1979 kemur fram að birgðir gasolíu nægja minnst til 42 daga notkunar hinn 1. apríl, birgðir svartolíu til 19 daga notkunar hinn 1. júlí og birgðir bensíns til 16 daga notkunar hinn 1. janúar. Eru ótiltækar birgðir þó reiknaðar með. Hefur því ekki alltaf mátt miklu muna að út af brygði. Birgðastaðan að þessu leyti batnaði 1980—1981, einkum gasolíubirgðastaðan þar eð minnstu birgðir á árinu 1980 nægðu til 85 daga notkunar. Geta má þess að til skorts á flugvélabensíni fyrir smáflugvélar kom í apríl og nóvember 1980.

Nágrannaþjóðir okkar hafa talið nauðsynlegt að hafa olíubirgðamál sín í lagi og hika ekki við að leggja í þann kostnað sem því er samfara. Hið ótrygga ástand og horfur í olíumálum heimsins valda mestu og þjóðirnar vilja ekki vera háðar einstökum olíuframleiðslulöndum um of. Að vísu mætti halda því fram að ódýrasta lausnin fyrir okkur Íslendinga væri sú að liggja með sem minnstar olíubirgðir en þetta gildir aðeins svo lengi sem allt gengur vel. Ófyrirsjáanlegar efnahagslegar afleiðingar geta hlotist af því ef olíuflutningaskip sem koma á með olíu til Íslands á síðustu stundu á miðri loðnuvertíð verður fyrir óvæntum töfum svo að aðeins eitt dæmi sé tekið. Íslendingar eru það háðir olíuinnflutningi að þeir verða sem aðrar þjóðir að auka olíubirgðahald til að auka **öryggi** í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum, samgöngum og upphitun húsa. Í aðild að Alþjóðaorkustofnuninni mundi felast meira öryggi en á grundvelli einhliða birgðaaukningar vegna olíuneyðarkerfis stofnunarinnar og þá möguleika á úthlutun olíu frá öðrum aðildarríkjum þegar illa stæði á.

2.3. Takmörkun á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum.

Samkvæmt II. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun skal hvert þátttökuland ætíð hafa tilbúna **áætlun um mögulegar ráðstafanir** til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum. Nánari ákvæði um takmörkun á eftirspurn eru í IV. kafla samningsins um framkvæmd neyðarráðstafana og verður vikið að þeim í kafla 2.5 hér á eftir. Almenna reglan er 7 eða 10% minnkun olíunotkunar en í undantekningartilvikum er hugsanlegt að takmörkun á eftirspurn verði hert umfram það, samanber 15. og 20. gr. samningsins.

Ekki er skilyrði að þessi áætlun liggi fyrir um leið og ríki gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni heldur skal gera hana eins fljótt og auðið er. Hefur stofnunin **eftirlit** með því að þátttökulöndin uppfylli skyldu sína um gerð áætlunarinnar. Beinist eftirlitið að því að tryggja að þátttökulöndin séu búin undir takmörkun á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum. Fara athuganir á áætlunum einstakra landa fram annað hvert ár, venjulega í höfuðborgum viðkomandi landa, og taka 1—2 daga. Niðurstöðurnar eru síðan ræddar í fastanefndinni um neyðartilvik.

Með því að takmarka eftirspurn eftir olíu á neyðartímum **lengist** verulega sá **tími** sem þátttökulöndin eru sjálfum sér nóg um olíu þrátt fyrir samdrátt í olíuinnflutningi. Fyrir þau ríki sem framleiða ekki olíu skiptir verulegu máli að brugðist sé við olíuskorti að hluta til með takmörkun á eftirspurn þar sem það hefur í för með sér að þátttökulönd sem framleiða olíu leggja fram verulegan skerf til olíuneyðarkerfis stofnunarinnar. Þess má geta hér að **olíuframleiðsla þátttökulandanna** er töluverð, var röskar 600 milljónir tonna árið 1977 og verður væntanlega rúmlega 700 milljónir tonna árið 1990. Helstu framleiðslulöndin eru Bandaríkin, Kanada, Bretland og Noregur. Olíuinnflutningsmarkmið þátttökulandanna fyrir árið 1980 var röskar 1200 milljónir tonna. Hér er gert ráð fyrir jarðolíugildum.

Skylda allra þátttökulanda til að takmarka eftirspurn eftir olíu á neyðartímum nær aðeins til almennra neyðartilvika, þ. e. þegar olíuaðdrættir þátttökulandanna í heild (hópsins) minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um minnst 7%. Í sérstökum

neyðartilvikum, þ. e. þegar olíuaðdrættir einhvers þátttökulands, eins eða fleiri, en ekki hópsins alls minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um minnst 7%, skal einungis það þátttökuland bera sjálft fyrstu 7% minnkunarinnar en önnur þátttökulönd úthluta því olíumagni sem á vantar. Geta þau uppfyllt úthlutunarskyldu sína með hvaða ráðstöfunum sem þau kjósa, m. a. ráðstöfunum til takmörkunar á eftirspurn eða notkun neyðarbirgða. Eins og sagt er frá í kafla 2.2 má notast við hugsanlegar umframbirgðir í stað þess að takmarka eftirspurn á grundvelli 16. gr. samningsins. Þá er unnt að hnika til hlutföllum innan ramma níutíu daga heildarbirgða af þremur helstu olíuvörunum þannig að legið sé með meira en níutíu daga birgðir af þeirri tegund olíu sem erfiðast er að spara en minna en níutíu daga birgðir af hinum tegundunum.

Þátttökulöndin ráða hvers konar **ráðstafanir** gerðar eru til að framkvæma hina samningsbundnu takmörkun á eftirspurn í neyðartilvikum og geta þær verið **mismunandi.** Hér kemur til greina sjálfviljug takmörkun, fyrirmæli í formi tilskipana, t. d. um lægri hámarkshraða ökutækja, og loks skömmtun, jafnvel á olíu til húshitunar. Þegar samningurinn um alþjóðaorkuáætlunina var gerður bjuggust þátttökulöndin ekki við að þurfa að grípa til skömmtunarseðla ef takmarka þyrfti eftirspurn eftir olíu um 10% eða minna. Voru löndin sammála um að skömmtunarseðla fyrir bensín og dísilolíu á bíla þyrfti ekki að nota fyrr en olíuaðdráttaneyðin færi yfir 15% af meðalnotkun þar eð slík skömmtun hefði í för með sér mikið stjórnarfarslegt vafstur og óþægindi fyrir notendur vegna mjög mismunandi akstursþarfa þeirra.

Danir hafa í sinni áætlun gert ráð fyrir takmörkun olíunotkunar í akstri, til raforkuframleiðslu og annarra nota. Ef til 7% takmörkunar kæmi mundi hámarkshraði á hraðbrautum og þjóðvegum verða lækkaður í 70 kílómetra á klukkustund. Ef þetta nægði ekki mundi akstur einkabíla annan hvern sunnudag verða bannaður. Ef til 10% takmörkunar kæmi væru aksturstakmarkanir á sunnudögum ætíð nauðsynlegar og þyrftu þær jafnvel að ná til hluta af laugardegi. Danir benda á að áhrif þessara aðgerða minnki fyrir þá sök að hátt bensínverð hefur nú þegar dregið úr frístundaakstri. Jafnhliða þessu yrði hafður uppi bensínsparnaðaráróður. Ekki þarf að fara sérstökum orðum um aðgerðir Dana til að spara rafmagn þar eð innan við 2% af raforkuframleiðslu Íslendinga grundvallast á notkun dísilolíu. Danir gera ráð fyrir því að olíufélög afhendi minni olíu en ella. Vegna árstíðabundinna sveiflna í olíunotkun, nauðsynjar á vissum undanþágum og annars konar forgangsröðun er þó talið að miða þurfi við lítið eitt hærri hundraðshluta takmörkunar á eftirspurn en greint er frá í samningnum um alþjóðaorkuáætlun. Gengið er út frá því að almenningsfarartæki og skip séu meðal forgangsaðila.

Svíar hafa gert áætlun sem nær til því sem næst allra olíuvara. Unnt er að úthluta bensíni eða jafnvel skammta það en í olíuneyðinni 1973—1974 var bensín skammtað um hríð. Í áætluninni er gert ráð fyrir óframseljanlegum miðum sem úthlutað er á grundvelli bifreiðaskráningar. Koma má við forgangsröðun, láta t. d. almenningsfarartæki og leigubíla sitja fyrir. Þá má veita undanþágur frá skömmtun sem miðað er við að standi skamman tíma. Kleift er að koma við skömmtun á olíu til húshitunar og er þá notkunin á síðustu tveimur árum lögð til grundvallar. Jafnframt er gert ráð fyrir forgangi vissra aðila, t. d. sjúkrahúsa, svo og undanþágukerfi á grundvelli beiðna. Þá er sérstakt kerfi vegna úthlutunar til iðnaðarþarfa en forgangsröðun var ekki lokið vorið 1980. Þess má geta að Svíar beittu aðallega orkusparnaðaráróðri og að nokkru leyti tilskipunum þegar þeir áttu í sérstökum erfiðleikum með olíu vorið 1979. Undirbúningi áætlana, orkusparnaðaráróðri og framkvæmd takmörkunar á eftirspurn fylgir að sjálfsögðu nokkur kostnaður.

Norðmenn vinna að gerð áætlunar þar sem gert er ráð fyrir úthlutun og skömmtun og hefur lögum frá árinu 1956 um neyðarskipulag og viðbúnað verið breytt á þann veg að þau taka nú til olíuneyðar.

Orkusparnaðarnefnd iðnaðarráðuneytisins hefur gefið **umsögn** um það með hvaða hætti unnt væri að minnka olíunotkun hér á landi um **10%** ef á þyrfti að halda vegna olíuneyðar og komið þar fram með vissar ábendingar. Telur nefndin að með áróðri í fjölmiðlum og miðlun upplýsinga þar sem gerð væri grein fyrir aðdraganda olíuneyðarinnar og mikilvægi þess að minnka **bensínnotkun** megi ná allt að 7% tímabundnum samdrætti. Ef minnka þyrfti bensínnotkun umfram 7% telur nefndin að eina leiðin sem til greina kæmi væri skömmtun á bensíni. Telur hún nauðsynlegt að útbúa slíkt skömmtunarkerfi hvort sem Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki. Áður en til skömmtunar kæmi telur nefndin þó eðlilegt að sjá hversu miklum bensínsparnaði yrði náð fyrsta mánuðinn og gera síðan frekari ráðstafanir í ljósi þeirrar reynslu. Í þessu sambandi ræddi nefndin einnig möguleika á ýmsum hliðarráðstöfunum, svo sem bættum almenningssamgöngum og tímabundnum aukaskatti á bensín, m. a. til að leggja áherslu á mikilvægi málsins og greiða almenningssamgöngurnar niður.

Orkusparnaðarnefnd telur að skammta beri **gasolíu** á fiskiskip strax og ákvörðun er tekin um að minnka olíunotkun um 10%. Skömmtuninni yrði þannig háttað að hvert skip fengi ákveðinn olíukvóta meðan á neyðinni stæði, t. d. 85% af notkuninni árið áður. Jafnframt yrði um hríð stefnt að því að leggja orkufrekustu skipunum og/eða auka hlutfallslega sókn minni báta sem nota minna magn af olíu á hvert tonn afla. Í húshitun yrði gripið til þeirra ráða að stilla öll kynditæki á landinu, stilla hitakerfi og bæta stýringu þeirra þar sem það hefur ekki þegar verið gert. Opinberir aðilar hefðu frumkvæði að slíkum aðgerðum og hópur manna yrði beinlínis ráðinn til að sinna þessum verkefnum, svo og til að aðstoða og upplýsa fólk á hverjum stað til að minnka orkunotkun eftir öðrum leiðum. Að því er varðar gasolíunotkun bifreiða yrði farið að á sama hátt og með bensínið að öðru leyti en því að draga mætti um hríð verulega úr vöruflutningum með langferðabílum og leggja í þess stað áherslu á flutninga með skipum.

Orkusparnaðarnefnd bendir á að loðnuverksmiðjur séu stærstu notendur **svartolíu** hér á landi en mikill mismunur sé á orkunýtingu einstakra verksmiðja. Telur nefndin því eðlilegt að vinnslunni yrði beint til þeirra verksmiðja sem nota minnsta olíu á hvert tonn hráefnis að svo miklu leyti sem unnt er og hagkvæmt þykir með tilliti til lengri flutninga. Svartolíunotkun fiskiskipa yrði takmörkuð með sama hætti og gasolíunotkun þeirra. Varðandi aðra notkun svartolíu, svo sem í sementsverksmiðjunni, grasköggla verksmiðjum o. fl., eru möguleikar á skyndilegum samdrætti minni ef halda á fullum afköstum. Hugsanlegt er að kol komi í einhverjum mæli í stað svartolíu á næstu árum, a. m. k. í sementsverksmiðjunni.

Orkusparnaðarnefnd bendir að lokum á að eina leiðin til að draga úr notkun þotueldsneytis sé hreinlega fækkun ferða.

Nefndin til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar telur að fara þyrfti varlega í að gera upp á milli einstakra olíunotenda vegna þeirra erfiðleika sem slíkt kynni að skapa í framkvæmd þótt ekki verði komist hjá vissri forgangsröðun, t. d. vegna sjúkraþjónustu. Úthlutun olíu miðað við fyrri notkun sama notanda kynni að vera auðfarnari til **árangurs** almennt séð, svo og áróður og jafnvel tímabundin verðhækkun.

Þess skal getið að ekki er út af fyrir sig nauðsynlegt að grípa til jafnmikillar takmörkunar á öllum tegundum **olíuvara.**

Takmörkun á eftirspurn eftir olíu þegar neyð er ekki fyrir hendi fellur undir ráðstafanir til orkusparnaðar. Verður nánar vikið að þeim í kafla 2.8 hér á eftir. Umræður um þetta atriði geta þó átt sér stað í tengslum við athugun á áætlun þátttökulanda um takmörkun á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum enda geta vissar ráðstafanir jafnt komið að gagni í neyð sem við almennar aðstæður, t. d. olíusparnaðaráróður.

Ekki hefur enn komið til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum þótt Alþjóðaorkustofnunin hafi starfað frá því í nóvember 1974.

2.4. Úthlutun olíu á neyðartímum.

Í III. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun eru ákvæði um úthlutun olíu á neyðartímum. Nánari ákvæði er að finna í IV. kafla samningsins um framkvæmd neyðarráðstafana sem vikið verður að í kafla 2.5 hér á eftir. Kemur til úthlutunar ásamt takmörkun á eftirspurn hvenær sem olíuaðdrættir alls hópsins eða einhvers þátttökulands minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um minnst 7%. **Markmiðið** með reglunum er að tryggja að þátttökulöndin beri öll jafnan hluta byrðanna sem af neyðinni hljótast.

Í 7. gr. samningsins er að finna **skilgreiningar** sem snerta úthlutun í **almennum neyðartilvikum,** þ. e. þegar olíuaðdrættir þátttökulandanna í heild minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um minnst 7%. Taka má fræðilegt dæmi til nánari skýringar.

Ef minnkun aðdrátta hópsins í apríl—maí 1982 næmi meira en 12% væri þátttökulöndunum öllum skylt, samanber þó 16. gr., að takmarka eftirspurn um 10%. Það hrykki samt ekki til og má hugsa sér að 5 milljónir tonna vanti svo að vegið sé upp á móti minnkun aðdráttanna á mánuði (sem samsvarar um 13,5% minnkun nánar tiltekið). Miðað væri við heildarolíunotkun Íslendinga á öllum fullunnum olíuvörum á árinu 1981, **endanlega notkun,** en hún var um 540 000 tonn eða 45 000 tonn á mánuði. Á neyðartímunum í apríl og maí ætti Ísland þá samkvæmt því að **takmarka eftirspurn** um 10% eða 4 500 tonn á mánuði. Þegar takmörkunin er dregin frá mánaðarnotkuninni koma út 40 500 tonn, **leyfileg notkun** Íslands á mánuði. Síðan yrði reiknuð skyldunotkun neyðarbirgða Íslands á mánuði, þ. e. hlutdeild Íslands í aðdráttaskorti hópsins, 5 milljónum tonna. Hlutfallið milli neyðarbirgðaskyldu Íslands og neyðarbirgðaskyldu hópsins er 0,0005 og mundi skyldunotkun neyðarbirgða hjá Íslendingum því vera 5 milljónir tonna×0,0005 eða 2500 tonn á mánuði. Dregst sú tala frá 40 500 og koma þá út 38 000 tonn sem yrði **aðdráttaréttur** Íslands á mánuði. Ef aðdrættir Íslands væru minni en 38 000 tonn á mánuði, t. d. 33 000 tonn, ætti Ísland að fá **úthlutað** því magni sem á vantaði fyrir hvern mánuð sem neyðin stæði, þ. e. 5 000 tonnum í apríl og sama í maí í þessu dæmi. Ef aðdrættir Íslands væru hins vegar meiri en 38 000 tonn á mánuði, t. d. 45 000 tonn eins og venjulega, ætti Ísland að úthluta umframmagninu til annarra þátttökulanda fyrir hvorn mánuðinn um sig, þ. e. 7 000 tonnum fyrir hvorn neyðarmánuðinn um sig.

Í sérstökum neyðartilvikum, þ. e. þegar olíuaðdrættir einhvers þátttökulands, eins eða fleiri, en ekki hópsins alls minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki sem nemur meira en 7% skal viðkomandi þátttökuland bera af endanlegri notkun sinni minnkun olíuaðdrátta sinna sem nemur allt að 7% af endanlegri notkun þess á eins árs viðmiðunartíma en fær úthlutað frá hinum þátttökulöndunum því sem á vantar. Ákvæði hér að lútandi er að finna í 8. gr. samningsins.

Í 9.—11. gr. samningsins eru síðan ýmis ákvæði sem snerta bæði almenn og sérstök neyðartilvik. Í 10. gr. er reynt að tryggja sanngjarnt verð á þeirri olíu sem úthlutað er á neyðartímum. Í júlí 1980 voru samþykktar reglur til að greiða fyrir lausn deilna um verðlagningu olíunnar í slíkum tilvikum.

Ef Íslandi væri skylt að úthluta olíu á neyðartímum og sams konar ákvæði væri í olíukaupasamningum okkar við Sovétmenn og verið hafa, sem sé að Ísland geti ekki selt olíuna þriðja landi án skriflegs samþykkis, gæti Ísland án umsvifa **úthlutað olíu** sem væntanleg væri til landsins frá öðrum löndum, **t. d. Bretlandi.** Til þess að þetta gæti tekist þyrfti þó að vera fyrir hendi samningur við það ríki sem olían kemur frá þess efnis að olíuna mætti flytja þaðan, jafnvel á neyðartímum. Svo sem greint er frá í kafla 2.2 má draga úr áhrifum hugsanlegrar úthlutunar olíu af Íslands hálfu með því að hnika til hlutföllum innan ramma níutíu daga heildarbirgða af þremur helstu olíuvörunum þannig að til séu meira en níutíu daga birgðir af úthlutunarhæfri vestrænni olíu en minna en níutíu daga birgðir af sovésku olíunni. Einnig kæmu birgðir umfram skyldubundnar níutíu daga heildarbirgðir til greina en það væri dýrari kostur.

Ekki er talið sennilegt að úthlutun olíu til Íslands gæti dregist svo mjög á neyðartímum að landið yrði olíulaust þar sem fjarlægðin hingað frá öðrum löndum er ekki mikil.

Þótt Ísland mundi ekki uppfylla hið almenna skilyrði um níutíu daga olíubirgðir meðan á **aðlögunartíma** stæði hefði það ekki áhrif á hugsanlega **olíuúthlutun** til Íslands á þessum tíma, þ. e. til lækkunar, þar sem byggt er á endanlegri notkun á viðmiðunartíma við úthlutun. Hitt er annað mál að ríki sem hefur ónógar birgðir og á rétt á úthlutun kynni að þurfa að grípa til strangari takmörkunar á eftirspurn eftir olíu en almennt er nauðsynlegt meðan beðið væri olíuúthlutunar. Jafnframt kynni það að þurfa að grípa til strangari takmörkunar á eftirspurn eftir olíu en almennt gerist ef það þyrfti að úthluta olíu. Þótt Ísland gæfi neyðarbirgðir sínar upp í gasolíu, svartolíu og bensíni mundi það þó hafa rétt til úthlutunar á öðrum tegundum **olíuvara** á neyðartímum, t. d. þotueldsneyti, þar eð neyðarbirgðaskyldan miðast við jarðolíugildi. Almenna skilyrðinu um vissa lágmarksminnkun aðdrátta yrði þó að vera fullnægt.

Enn hefur **ekki** komið til **úthlutunar olíu á neyðartímum** frá því að Alþjóðaorkustofnuninni var komið á fót í nóvember 1974.

2.5. Framkvæmd neyðarráðstafana.

Í IV. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun er fjallað um framkvæmd neyðarráðstafana. Eru **tvenns konar** neyðarráðstafanir tilgreindar, skyldubundin takmörkun á eftirspurn eftir olíu samkvæmt II. kafla samningsins og úthlutun tiltækrar olíu samkvæmt III. kafla hans. Eins og áður segir hefur ekki enn reynt á neyðarráðstafanirnar. Það er **skilyrði** fyrir framkvæmd neyðarráðstafana að olíuaðdrættir þátttökulanda í heild eða einhvers þátttökulands minnki eða ætla megi með rökum að þeir minnki svo sem nú verður greint frá. Átt er við samanlagða innflutta olíu og olíu sem unnin er innanlands.

Í 13.—15. gr. samningsins eru ákvæði um skyldu þátttökulanda til að takmarka eftirspurn eftir olíu og úthluta henni í **almennum neyðartilvikum,** þ. e. þegar olíuaðdrættir þátttökulandanna í heild minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um minnst 7%. Samkvæmt 13. gr. skal hvert þátttökuland hvenær sem daglegt magn olíuaðdrátta hópsins minnkar eða ætla má með rökum að það minnki sem nemur a. m. k. 7% af daglegu meðaltali endanlegrar notkunar hans á viðmiðunartíma gera ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn er nægja til að draga úr endanlegri notkun þess sem nemur 7% af endanlegri notkun þess á viðmiðunartímanum. Úthlutun tiltækrar olíu milli þátttökulandanna skal einnig fara fram, samkvæmt 7. gr. samningsins sem snertir úthlutun í almennum neyðartilvikum og auk þess 9.—11. gr. Í 14. gr. er síðan mælt fyrir um 10% takmörkun á eftirspurn og úthlutun olíu þegar olíuaðdrættir hópsins minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um a. m. k. 12%. Samkvæmt 13. gr. er minnkun olíuaðdrátta því 7—12% en samkvæmt 14. gr. 12% eða meira. Samkvæmt 15. gr., samanber 20. gr., getur komið til þess að skyldubundin takmörkun á eftirspurn í almennum neyðartilvikum verði hert umfram áðurgreind 7 og 10% auk þess sem til úthlutunar olíu kemur. Getur þetta hugsast þegar samanlögð dagleg skyldunotkun neyðarbirgða hefur náð 50% af neyðarbirgðaskyldu, þ. e. neyðarbirgðirnar endast einungis í 45 daga.

Í **sérstökum neyðartilvikum,** þ. e. þegar daglegt magn olíuaðdrátta einhvers þátttökulands minnkar eða ætla má með rökum að það minnki þannig að daglegt meðaltal endanlegrar notkunar þess minnki sem nemur meira en 7% af daglegu meðaltali endanlegrar notkunar þess á viðmiðunartímanum skal úthlutun tiltækrar olíu til þess þátttökulands fara fram, samkvæmt 8. gr. samningsins sem varðar úthlutun í sérstökum neyðartilvikum og þar að auki 9.—11. gr. Leiðir þetta af 17. gr. samningsins. Skal viðkomandi þátttökuland þá bera af endanlegri notkun sinni minnkun olíuaðdrátta sinna sem nemur allt að 7% af endanlegri notkun þess á viðmiðunartímanum. Önnur þátttökulönd úthluta því olíumagni sem á skortir. Þurfa þau ekki að gera ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn.

Samkvæmt 18. gr. merkir **viðmiðunartími** fjóra næstliðna ársfjórðunga að undanskildum einum ársfjórðungi til að safna upplýsingum. Ef neyðarráðstafanir hefðu t. d. komið til framkvæmda hinn 1. apríl 1982 hefði takmörkun á eftirspurn verið miðuð við endanlegar tölur um olíunotkun þátttökulanda á árinu 1981.

Samkvæmt 16. gr. getur þátttökuland notast við þær **neyðarbirgðir** sem það á **umfram neyðarbirgðaskyldu** sína samkvæmt áætluninni í stað þess að gera ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn. Kemur því til athugunar að hafa meiri neyðarbirgðir en skylt er samkvæmt samningnum ef ætla má að erfiðleikum sé bundið að ná fram nægilega mikilli takmörkun eftirspurnar eftir olíu á neyðartímum eða úthluta henni til annarra þátttökulanda.

Samkvæmt 19. gr. samningsins skal skrifstofan kveða upp úrskurð þegar olíuaðdrættir hafa minnkað eða ætla má með rökum að þeir minnki um a. m. k. 7% (13. gr.) eða 12% (14. gr.) hjá þátttökulöndunum í heild eða um a. m. k. 7% (17. gr.) hjá einhverju þátttökulandi. Í 19. gr. eru nánari ákvæði um meðferð mála hjá stofnuninni í þessum tilvikum. Framkvæmd neyðarráðstafana skoðast **sjálfkrafa** staðfest í síðasta lagi átta dögum eftir uppkvaðningu úrskurðar skrifstofunnar nema stjórnarnefndin ákveði með sérstökum meirihluta að þær skuli ekki koma til framkvæmda, að þær skuli aðeins koma til framkvæmda að hluta til eða að setja skuli önnur tímamörk fyrir framkvæmd þeirra. Þátttökulöndin skulu gera neyðarráðstafanirnar innan fimmtán daga frá ofangreindri staðfestingu. Við meðferð málsins hefur skrifstofan samráð við olíufélög og alþjóðleg ráðgjafarnefnd frá olíuiðnaðinum aðstoðar stofnunina við að tryggja öruggan framgang ráðstafananna, samanber 6.—7. mgr. 19. gr.

Ýmis þátttökulönd telja til mikilla bóta að neyðarráðstafanir skuli koma til framkvæmda sjálfkrafa nema stjórnarnefndin ákveði annað með sérstökum meirihluta. Þannig sé unnt að girða fyrir að sama ástand skapist og haustið 1973 þegar ekki reyndist kleift að framkvæma olíuúthlutunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar þar sem einróma samþykki þurfi til. Er einnig talið mikilvægt að til olíuúthlutunar skuli koma í þeim tilvikum þegar eitt eða nokkur þátttökulanda en ekki löndin í heild mega þola minnkun olíuaðdrátta sinna. Með þessu sé samhjálparstefna þátttökulandanna skýrt undirstrikuð og einstök þátttökulönd séu ekki berskjölduð ef olíuframleiðslulönd grípa til aðgerða gagnvart þeim einum. Danir leggja t. d. áherslu á þessi atriði. Svo sem sjá má af 20. gr. samningsins, samanber 15. gr., gildir sjálfvirknin ekki þegar hin verulega olíuneyð sem þar er getið er skollin á heldur ákvarðanataka með sérstökum meirihluta.

Hvert þátttökuland getur beðið skrifstofuna að kveða upp **úrskurð** um minnkun olíuaðdrátta í því skyni að neyðarráðstafanir komi til framkvæmda eða verði afnumdar. Við afnám neyðarráðstafana gætir samsvarandi sjálfvirkni og við framkvæmd þeirra.

Í kafla 2.10 hér á eftir verður vikið að reglum þeim sem gilda um atkvæðagreiðslur við töku á ákvörðunum um framkvæmd eða afnám neyðarráðstafana.

Samkvæmt 22. gr. samningsins getur stjórnarnefndin hvenær sem er ákveðið að viðeigandi neyðarráðstafanir sem ekki er gert ráð fyrir í samningnum komi til framkvæmda ef aðstæður krefjast. Til þess þarf þó samhljóða ákvörðun fulltrúa þátttökulandanna.

Á fjórum fyrstu mánuðum ársins 1979 áttu **Svíar** í vissum erfiðleikum og minnkuðu olíuaðdrættir þeirra um meira en 7%. Erfiðleikarnir stöfuðu m. a. af köldum vetri, verðlagshömlum, tæknilegum vandkvæðum við hleðslu í útflutningslandi og jafnvel slæmu veðri er hamlaði löndun. Sendu Svíar beiðni um aðstoð til Alþjóðaorkustofnunarinnar í aprílmánuði. Stofnunin fjallaði um málið og hafði m. a. samband við olíufélög, bæði alþjóðleg olíufélög og olíukaupendur í Svíþjóð. Ástandið í Svíþjóð varð verst í maí en þá var þó sjáanlegt að það kæmist aftur í eðlilegt horf þegar í júní. Var því ekki talin nauðsyn á að láta neyðarráðstafanir stofnunarinnar koma til framkvæmda þótt samningsskilyrði væru uppfyllt. Þessi ákvörðun var tekin í samráði við ríkisstjórn Svíþjóðar sem hafði m. a. breytt um stefnu í verðlagningarmálum til að greiða úr vandanum. Svíar gátu fengið viðbótarolíu á hinum alþjóðlega olíumarkaði. Má taka fram að þrýst er á alþjóðlegu olíufélögin ef í harðbakkann

slær í þátttökulöndunum þótt ástandið sé ekki orðið það slæmt að virkja þurfi neyðarkerfi stofnunarinnar. Er þetta talinn einn af kostunum við aðild að stofnuninni. Svíar álíta að stofnunin hafi í sjálfu sér staðið sig vel í þessu máli þótt lausn þess hafi frekar mátt þakka aðgerðum Svía sjálfra innanlands. Telja þeir reyndar eftir á að hyggja að þeir hefðu mátt biðja stofnunina fyrr um aðstoð.

2.6. Upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn.

Í V. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun er vikið að upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn. Samkvæmt 25. gr. samningsins skiptist upplýsingamiðlunin í tvo hluta, annars vegar **almennan hluta** varðandi ástandið á alþjóðlega olíumarkaðinum og starfsemi olíufélaga og hins vegar **sérstakan hluta** til að tryggja árangursríka framkvæmd ráðstafana þeirra sem lýst er í I.—IV. kafla samningsins, m. ö. o. olíuneyðarkerfis stofnunarinnar. Skal miðlunin starfrækt á varanlegum grundvelli, jafnt við venjulegar aðstæður sem á neyðartímum, og á þann hátt sem tryggir trúnað í meðferð fenginna upplýsinga. Upplýsingasamstarfið er mun víðtækara en innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Gerir upplýsingamiðlunin ríkisstjórnum þátttökulandanna kleift að fylgjast með þróun mála á alþjóðlega olíumarkaðinum, m. a. stefnu olíufélaganna í aðdrátta- og verðlagningarmálum. Einstök þátttökulönd eiga rétt á að fá hlutdeild í þeim upplýsingum sem skrifstofa stofnunarinnar fær frá öðrum þátttökulöndum. Telja ýmsar þátttökuþjóðir, t. d. Danir, að upplýsingamiðlunin geti verið til mikils gagns og m. a. komið í veg fyrir sams konar óvissuástand og skapaðist í olíuneyðinni haustið 1973 að því er snerti aðdrætti og verðlagningu. Upplýsingar um alþjóðlega olíumarkaðinn eru ætlaðar **aðildarríkjum** Alþjóðaorkustofnunarinnar einum og geta því aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem eru ekki jafnframt aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni ekki fengið þessar upplýsingar nema í algerum undantekningartilvikum.

Aðalákvæðin um **almenna hluta** upplýsingamiðlunarinnar varðandi ástandið á alþjóðlega olíumarkaðinum og starfsemi olíufélaga er að finna í 27. gr. samningsins. Þar eru taldar upp ýmsar upplýsingar sem þátttökulöndin skulu reglulega láta skrifstofunni í té um olíufélög. Ísland mundi þó aðeins þurfa að gefa mánaðarlega upplýsingar um **verð** á olíu með því að fylla út sérstaka vöruskrá (stafliðir h) og i) í 1. mgr. 27. gr.). Almenni hluti upplýsingamiðlunarinnar tekur til stórra olíufélaga, „skýrslufélaga", sem skulu mánaðarlega útfylla spurningaskrá A. Íslensku olíufélögin mundu ekki teljast skýrslufélög og þyrfti því ekki að senda spurningaskrá A frá Íslandi.

Ekki er fyrir hendi nein formleg upplýsingamiðlun um hinn svokallaða uppboðsmarkað („spot market") en fylgst er með verði þar. Við ýmsa tæknilega erfiðleika er þó að etja í þessu sambandi.

Samkvæmt **sérstaka hluta** upplýsingamiðlunarinnar skulu þátttökulöndin láta skrifstofunni í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja árangursríka framkvæmd neyðarráðstafana. Er mælt fyrir um þetta í 32. gr. samningsins. Í 33. gr. eru taldar upp ýmsar upplýsingar sem þátttökulöndin skulu reglulega láta skrifstofunni í té. Í framkvæmdinni er málum þannig háttað að þátttökulöndin senda skrifstofunni upplýsingarnar í **skeyti** og skal senda það á ákveðnum degi **í hverjum mánuði.** Skal ákveðinn samstarfsaðili á Íslandi bera ábyrgð á slíkri upplýsingagjöf en byggt yrði á upplýsingum frá olíufélögunum. Hér er nánar tiltekið um að ræða svör við **spurningaskrá B.** Samkvæmt henni skulu þátttökulönd gefa upplýsingar um **olíuaðdrætti, olíunotkun og birgðir á fimm mánaða tímabili,** þ. e. fyrir upplýsingamánuðinn, tvo næstu mánuði þar á undan og tvo næstu mánuði þar á eftir. Hefur flestum stjórnvöldum þótt nokkuð erfitt að útfylla spurningaskrá þessa. Þess ber þá að gæta að olíuviðskipti þeirra eru iðulega flókin. Olíuviðskipti Íslendinga eru hins vegar einföld í sniðum. Er því ekki sérstökum erfiðleikum bundið að uppfylla skilyrðið um sendingu upplýsinganna. Aðalbreytingarnar við aðild að Alþjóðaorkustofnuninni yrðu þær að senda ætti

olíuupplýsingar mánaðarlega en Efnahags- og framfarastofnuninni hafa verið sendar upplýsingar um ársfjórðunga og heil ár.

Að því er varðar skyldu þátttökulanda til að láta skrifstofunni í té **upplýsingar um ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu** samkvæmt staflið b) í 33. gr. samningsins er framkvæmdin sú að send er nefnd til höfuðborga þátttökulanda á tveggja ára fresti í mesta lagi og athugar hún ástand og horfur að þessu leyti í viðkomandi löndum. Athugun þessi fer jafnvel sjaldnar fram ef ríki hafa gott skipulag á þessum málum, t. d. Kanada og Sviss. Önnur þátttökulönd geta jafnvel fengið aðstoð við að skipuleggja þessi mál, t. d. sérfræðing frá Sviss, þannig að athugunin beinist ekki eingöngu að því að gagnrýna það sem ábótavant er. Á neyðartímum yrði fylgst óformlega með takmörkun á eftirspurn eftir olíu.

Í reyndinni eru ekki gefnar reglulega upplýsingar um tiltæk flutningatæki og notkun þeirra, samanber staflið d) í 33. gr. Að því er snertir staflið e) varðandi upplýsingar um raunverulegt og áætlað alþjóðlegt framboð og eftirspurn má nefna að Efnahags- og framfarastofnunin dreifir árlega spurningaskrám um þetta efni, m. a. olíuhreinsun. Ákvarðanir hafa ekki verið teknar um að afla upplýsinga um önnur atriði en nefnd eru í stafliðum a)—e) í 33. gr.

Ekki er annað sjáanlegt en að upplýsingaskylda um olíumál samkvæmt framansögðu yrði viðráðanleg fyrir Ísland ef það gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

2.7. Aðstaða til samráðs við olíufélög.

Í VI. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun er fjallað um aðstöðu til samráðs við olíufélög sem sköpuð hefur verið innan vébanda Alþjóðaorkustofnunarinnar. Samkvæmt 37. gr. samningsins geta eitt eða fleiri þátttökulönd á viðeigandi hátt haft samráð við eða leitað upplýsinga hjá einstökum olíufélögum um alla mikilvæga þætti olíuiðnaðarins. Auk þess geta þátttökulöndin með samstarfi sín á milli deilt með sér niðurstöðum slíks samráðs. Fastanefnd stofnunarinnar um olíumarkaðinn hefur eftirlit með þessu samráði. Ýmis þátttökulönd telja samráðið mikilvægt þar eð það treystir upplýsingasamstarf þátttökulandanna um olíumarkaðinn, bæði varðandi skammtímavandamál og langtímaþróun. Hér undir falla t. d. aðdrættir, verð og fjárfesting. Í framkvæmdinni hefur fremur verið byggt á 3. mgr. 56. gr. samningsins en 37. gr. hans þar eð upplýsinga er reglulega leitað á vettvangi fastanefndarinnar um olíumarkaðinn en síður af hálfu einstakra þátttökulanda.

2.8. Langtímasamstarf í orkumálum.

Í VII. kafla **samningsins** um alþjóðaorkuáætlun er greint frá meginatriðum langtímasamstarfs þátttökulandanna í orkumálum. Nánari ákvæði um samstarfið er m. a. að finna í **ákvörðunum** stjórnarnefndar stofnunarinnar, einkum ákvörðuninni um áætlun um langtímasamstarf og ákvörðuninni um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu.

Markmiðið með langtímasamstarfinu í orkumálum kemur fram í 1. mgr. 41. gr. samningsins þar sem segir að þátttökulöndin séu ákveðin í að verða þegar til lengri tíma er litið **óháðari olíuinnflutningi** til að fullnægja heildarorkuþörf sinni. Samstarf þátttökulandanna í olíumálum byggist þannig ekki einungis á I.—IV. kafla samningsins um olíuneyðarkerfið, V. kafla hans um upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn og VI. kafla um aðstöðu til samráðs við olíufélög. Langtímasamstarfið miðar bæði að því að auka olíuöryggi þátttökulanda og bæta efnahag þeirra, m. a. greiðslujöfnuð, með því að minnka notkun olíu.

Leiðirnar að markmiðinu eru fólgnar í því að þátttökulöndin beita sér í orkumálum fyrir landsáætlunum, samstarfsáætlunum og samræmingu á stefnu einstakra landa.

Í 42. gr. samningsins eru tilgreind fjögur **samstarfssvið** sem einkum skal gefa gaum, þ. e. 1) orkusparnaður, 2) þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu, 3) orkurannsóknir og þróun og 4) úranauðgun.

Að því er varðar **orkusparnað** skal m. a. hugað að samstarfsáætlunum um:

1) miðlun reynslu einstakra landa og upplýsinga um orkusparnað og
2) aðferðir til að draga úr aukningu orkunotkunar með sparnaði.

Viðvíkjandi **þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu,** svo sem innlendrar olíu, kola, jarðgass, kjarnorku og vatnsorku, er m. a. gert ráð fyrir samstarfsáætlunum um:

1) miðlun upplýsinga um t. d. auðlindir, framboð og eftirspurn, verð og skatta,
2) aðferðir til að draga úr aukningu notkunar á innfluttri olíu með þróun annarra orkugjafa,
3) ákveðin verkefni, m. a. verkefni sem eru fjármögnuð sameiginlega og
4) mælikvarða, gæðamörk og staðla fyrir umhverfisvernd.

Jarðhiti mundi falla undir þetta svið.

Í **orkurannsóknum og þróun** eru taldar upp sem forgangsverkefni tíu samstarfsáætlanir, þ. á m. um:

1) kolatækni,
2) framleiðslu vetnis úr vatni,
3) orkusparnað og
4) nýtingu úrgangs frá borgum og iðnaði til orkusparnaðar.

Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. má fjármagna samstarfsáætlanir sameiginlega og verður vikið að þessu atriði síðar þegar gerð verður grein fyrir orkurannsóknum og þróun, m. a. jarðhitarannsóknum.

Hinn 30. janúar 1976 var gengið frá texta **áætlunar um langtímasamstarf** í stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar. Hefur áætlunin verið skoðuð sem formleg ákvörðun stjórnarnefndarinnar frá og með 8. mars sama ár. Í áætluninni eru ákvæði VII. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun varðandi markmið og leiðir í langtímasamstarfi þátttökulandanna í orkumálum nánar útfærð.

Áætlunin um langtímasamstarf skiptist í fimm kafla og tvo viðauka. Í I. kafla er fjallað um almenn markmið langtímasamstarfsins, í II. kafla um orkusparnað, í III. kafla um hraðari þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu, í IV. kafla um orkurannsóknir og þróun og í V. kafla um löggjafar- og stjórnsýslutálma og mismunun í framkvæmd. Í viðauka I eru nánari ákvæði um lágmarksverndarverð á olíu en sett eru í D-hluta III. kafla og í viðauka II eru leiðbeiningarreglur um samstarf í orkurannsóknum og þróun.

Í I. kafla áætlunarinnar segir m. a. að þátttökulöndin séu ásátt um að framkvæma áætlun um langtímasamstarf í orkumálum til að stuðla að því að skapa öryggi í orkuöflun sinni, verða óháðari olíuinnflutningi sem hópur og efla stöðugleika á olíumarkaðinum í heiminum. Tekið skal tillit til hagsmuna og markmiða þátttökulandanna í efnahags- og félagsmálum.

Samkvæmt II. kafla áætlunarinnar skulu þátttökulöndin m. a. gera landsáætlanir og beita sér fyrir samstarfsaðgerðum til að spara orku. Markmiðið með þessu starfi skal vera að draga úr vexti orkunotkunar almennt og þó einkum olíunotkunar hjá þátttökulöndunum í heild. Skal hér fyrst og fremst lögð áhersla á að útiloka sóun og gera orkunýtingu hagkvæmari enda sé þá m. a. tekið tillit til áhrifa orkuverðs á eftirspurn eftir orku. Þá skulu sett orkusparnaðarmarkmið fyrir þátttökulöndin.

Í III. kafla áætlunarinnar er m. a. rætt um gerð landsáætlana og samstarfsáætlana til að örva og auka framleiðslu orku úr öðrum orkugjöfum en innfluttri olíu eins fljótt og auðið er. Skal þá taka tillit til efnahagslegra og félagslegra aðstæðna í þátttökulöndunum. Löndin skulu eftir því sem við á og nauðsynlegt getur talist skapa hagstæð skilyrði fyrir fjárfestingu á sviði orkumála, veita opinberu fé til þessara mála og stuðla að eða taka beinlínis þátt í framleiðslu orku úr öðrum orkugjöfum en innfluttri olíu. Hér er og gert ráð fyrir meðaltíma- og langtímamarkmiðum fyrir þátttökulöndin í heild að því er varðar framleiðslu úr öðrum orkugjöfum en innfluttri olíu. Í A-hluta III. kafla er fjallað um athugun landsáætlana. Í

B-hluta III. kafla er síðan vikið að samstarfi í sérstökum orkugreinum. Í C-hluta III. kafla eru reglur um aðstöðu til samstarfs um orkuverkefni. Er þar m. a. gert ráð fyrir sérstakri aðstoð við framkvæmd orkuverkefna og leiðum til að örva fjárfestingu í orkuframleiðslu svo sem nánar verður vikið að í lok þessa kafla. Í D-hluta III. kafla eru ákvæði um lágmarksverndarverð á vissum olíuvörum — sjö Bandaríkjadali tunnan — til að hvetja til og vernda nýja fjárfestingu í þorra annarra hefðbundinna orkugjafa en innfluttrar olíu. Þetta lágmarksverndarverð hefur samt sem áður verið með öllu óraunhæft vegna mikilla verðhækkana á olíu á alþjóðlega olíumarkaðinum. Er lágmarksverndarverðið nú margfalt lægra en t. d. verð á gasolíu og svartolíu. Ekki eru uppi neinar ráðagerðir um að endurskoða lágmarksverndarverðið til hækkunar en tæknilega er unnt að gera það. Þarf þá til að koma einróma samþykki þátttökulandanna.

Í IV. kafla áætlunarinnar kemur m. a. fram að þátttökulöndin hyggjast kanna vandlega möguleika á að gera samstarfsáætlanir á nýjum rannsókna- og þróunarsviðum, þ. á m. um nýtingu jarðhita, vinds og sjávarfalla til orkuframleiðslu.

Í V. kafla áætlunarinnar er fjallað um löggjafar- og stjórnsýslutálma og mismunun í framkvæmd sem hamla því að allsherjarmarkmið áætlunarinnar náist. Verður vikið nánar að þessum ákvæðum í lok þessa kafla.

Í 4. og 6. gr. viðauka II við áætlunina er greint frá því að þau aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem eru ekki jafnframt aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni geti með samþykki stjórnarnefndar Alþjóðaorkustofnunarinnar tekið þátt í samstarfsáætlunum og verkefnum á grundvelli áætlunarinnar. Í 5. gr. sama viðauka er greint frá því í hvaða formi samstarfsáætlanirnar og verkefnin geti verið. Þar er m. a. vikið að miðlun upplýsinga, heimsóknum vísindamanna, samræmingu sérstakra rannsóknastarfa og þátttöku í framkvæmd sérstakra rannsókna- og tilraunaverkefna.

Texta ákvörðunar stjórnarnefndarinnar um áætlun um langtímasamstarf er að finna sem fylgiskjal hér á eftir.

Í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um **hópmarkmið og meginreglur orkustefnu** sem samþykkt var hinn 5. október 1977 er enn frekari útfærsla á markmiðum og leiðum í langtímasamstarfi þátttökulanda en gert er í VII. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun og ákvörðun stjórnarnefndarinnar um áætlun um langtímasamstarf.

Í meginmáli ákvörðunarinnar er vikið að ástandinu í orkumálum heimsins. Er talin alvarleg hætta á því að þegar á níunda áratug tuttugustu aldarinnar muni heimurinn ekki hafa nægilega olíu og orku í öðru formi á hóflegu verði nema rennt sé stoðum undir núverandi orkustefnu. Er bent á að slíkt ástand mundi hafa alvarleg áhrif í aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar og um heim allan. Sett er olíuinnflutningsmarkmið fyrir árið 1985 fyrir aðildarríkin í heild — hópmarkmið — og lýsa ríkin því yfir að þau muni athuga árlega á kerfisbundinn hátt þörfina á setningu hópmarkmiða fyrir síðari ár. Þá er ákveðið hvaða leiðir skuli fara til að ná hópmarkmiðunum. Er í því sambandi bent á að ríkin séu staðráðin í að fara eftir ákveðnum meginreglum í orkustefnu sinni.

Meginreglurnar, tólf talsins, eru síðan birtar sem viðauki I við ákvörðunina.

Í 1. meginreglu er gert ráð fyrir því að það sé meðal markmiða í orkustefnu þátttökulandanna að draga beinlínis úr eða takmarka olíuinnflutning í framtíðinni með orkusparnaði og aukinni notkun innlendra orkugjafa. Samkvæmt 2. meginreglu skal m. a. stöðugt gefa góðan gaum mikilvægum umhverfis- og byggðasjónarmiðum. Gengið er út frá því í 3. meginreglu að þátttökulöndin leyfi innlendu orkuverði að ná marki sem hvetur til orkusparnaðar og þróunar annarra orkugjafa en innfluttrar olíu. Í 4. meginreglu er gert ráð fyrir stórauknum orkusparnaði sem hafi algeran forgang hvað snertir aukin fjárframlög. Þegar gerðar eru orkusparnaðarráðstafanir skal leitast við að fylgja stefnu í verðlagsmálum (m. a. ríkisfjármálum) sem hvetur til sparnaðar. Jafnframt skal þá fara eftir stöðlum fyrir lágmarksorkunýtingu og hvetja til og auka fjárfestingu í búnaði og tækni sem sparar orku. Í 5.

meginreglu er stefnt að því að olía skuli smám saman leyst af hólmi við raforkuframleiðslu, í hverfishitun, iðnaði og öðrum atvinnugreinum, m. a. með því að ráða frá því að reist séu ný orkuver sem nota eingöngu olíu. Samkvæmt 6. meginreglu er m. a. gert ráð fyrir mjög aukinni notkun steinkola í iðnaði. Í 7. meginreglu er stefnt að aukinni notkun jarðgass og í 8. meginreglu er miðað við stöðugt aukna nýtingu kjarnorku. Nánar verður vikið að 8. meginreglu í lok þessa kafla. Samkvæmt 9. meginreglu skal leggja meiri áherslu á orkurannsóknir, þróun og kynningu til þess að gera orkunýtingu hagkvæmari og fullnægja orkuþörf framtíðarinnar. Hvert þátttökuland skal leggja sitt af mörkum til að þróa orkutækni, m. a. að því er varðar endurnýjanlega orkugjafa sem komið geta að almennum notum. Í 10. meginreglu er gert ráð fyrir því að sköpuð skuli hagstæð fjárfestingarskilyrði sem hvetji til fjármögnunar opinberra aðila og einkaaðila til þróunar orkuauðlinda. Nánar verður vikið að 10. meginreglu í lok þessa kafla. Samkvæmt 11. meginreglu skal m. a. við mótun orkustefnu gera ráð fyrir öðrum leiðum en aukinni olíunotkun ef ekki tekst að ná sparnaðarmarkmiðum. Samkvæmt 12. meginreglu skal hafa viðeigandi samstarf í orkumálum við þróuð lönd, þróunarlönd og alþjóðastofnanir.

Í viðbæti A við meginreglurnar eru tillögur um sparnaðarráðstafanir. Í iðnaði er m. a. gert ráð fyrir ráðgjafarþjónustu til handa litlum og meðalstórum iðnfyrirtækjum og skýrslugjöf, endurskoðun og setningu takmarka í orkumálum fyrir orkufrekar iðngreinar. Að því er varðar íbúðir og verslun er m. a. mælt með byggingarsamþykktum með lágmarkskröfum um nýtingu við upphitun á öllum nýjum byggingum, virkum aðgerðum til að stuðla að endurbótum á eldri byggingum og sérmælum vegna notkunar á heitu vatni. Í samgöngum er bent á háa skatta á bensín og stighækkandi skatta á bifreiðar eftir þyngd eða eldsneytisnýtingu. Þar að auki er hvatt til aðgerða til að stuðla að almenningssamgöngum. Loks má nefna að gert er ráð fyrir aðgerðum til að stuðla að aukinni notkun úrgangsvarma.

Í viðbæti B við meginreglurnar er bent á helstu svið rannsókna, þróunar og kynningar sem áherslu þarf að leggja á. Í 1. tölulið er fjallað um skammtíma- og meðaltímatækni til að spara orku með bættum vinnsluaðferðum í iðnaði, eyðslugrennri flutningavélum og farartækjum, bættum aðferðum til að nýta úrgangsvarma og einangrun bygginga. Þá er m. a. vikið að bættum aðferðum við kolabrennslu. Í 2. tölulið um millistigstækni er m. a. bent á framleiðslu vökva- og gaskennds eldsneytis úr kolum. Í 3. tölulið um endurnýjanlegar auðlindir sem komið geta að almennum notum er m. a. minnst á jarðhitaorku. Í 4. tölulið um könnun á öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum er m. a. bent á vindorku og ölduorku.

Texta ákvörðunar stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu er að finna sem fylgiskjal hér á eftir.

Nú verður vikið nánar að **helstu samstarfssviðum í orkumálum.**

Í **orkusparnaði** hefur mest borið á setningu hópmarkmiða og landsmarkmiða varðandi olíuinnflutning til aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar. Má t. d. nefna að með ákvörðun stjórnarnefndar stofnunarinnar um aðgerðir vegna ástandsins á olíumarkaðinum árið 1979 var miðað að 5% samdrætti í eftirspurn eftir olíu. Ekki var með þessu stefnt að 5% samdrætti í eftirspurninni miðað við eftirspurn á árinu 1978 heldur 5% minnkun miðað við áætlaða eftirspurn árið 1979. Var ýmsum ráðum beitt, t. d. sérstakri orkusparnaðarherferð í Noregi vorið 1979, og október 1979 var almennur orkusparnaðarmánuður í þátttökulöndunum. Ekki tókst að ná markmiðinu til fulls heldur var minnkun eftirspurnar á árinu 1979 3,5% af áætlaðri eftirspurn. Stóðu þátttökulöndin sig misjafnlega. Þess ber þó að gæta að hópmarkmið sem þetta eru ekki lagalega bindandi fyrir þátttökulöndin, heldur aðeins stjórnmálalega, fela í sér heitstrengingu þeirra um að leggja sig fram til að ná markmiðunum. Sama gildir um landsmarkmið varðandi olíuinnflutning sem sett voru í fyrsta sinn á ráðherrafundi stofnunarinnar hinn 10. desember 1979, fyrir árin 1980 og 1985, samtímis því sem hópmarkmið voru sett. Ekki hefur verið talin þörf á setningu sérstakra markmiða fyrir árin 1981 og 1982 en tekist hefur að minnka olíunotkun á árinu 1980 samanborið við 1979.

Hópmarkmiðið fyrir árið 1980 var 1 205,3 milljónir tonna eða 24,5 milljónir tunna á dag (1 135,3 milljónir tonna eða 23,1 milljón tunnur á dag ef eigin eldsneytisbirgðir skipa eru dregnar frá). Olíuinnflutningsmarkmið hópsins fyrir árið 1985 er hins vegar 1 289,56 milljónir tonna eða 26,2 milljónir tunna á dag (1 209,6 milljónir tonna eða 24,6 milljónir tunna á dag ef eigin eldsneytisbirgðir skipa eru dregnar frá). Sést af þessu að olíuinnflutningurinn mun aukast milli áranna 1980 og 1985. Er þróunin í innflutningi einstakra landa nokkuð ólík vegna mismunandi aðstæðna en búast má við að innflutningurinn yrði mun meiri ef ekki væri markvisst unnið að því að halda honum í skefjum. Olíuinnflutningur Bandaríkjanna, sambandslýðveldisins Þýskalands, Spánar, Sviss og Nýja-Sjálands stendur svo til alveg í stað. Bretar eru innflytjendur árið 1980 en verða útflytjendur árið 1985 (nokkrum árum síðar aftur innflytjendur). Norðmenn flytja út nokkru meira árið 1985 en árið 1980. Olíuinnflutningur mun aukast talsvert í Japan, á Ítalíu, í Kanada, Hollandi og Lúxemborg. Olíuinnflutningur Dana mun minnka til mikilla muna eða úr 16,5 í 11,0 milljónir tonna. Til samanburðar má nefna að heildarinnflutningurinn á árinu 1978 var 1 177,4 milljónir tonna en á árinu 1979 1 187,6 milljónir tonna. Tölurnar hér að framan miðast við jarðolíugildi. Markmiðin eru oft endurskoðuð til lækkunar. Er jafnvel gert ráð fyrir að heildarinnflutningurinn á árinu 1985 geti orðið mun minni en samkvæmt hópmarkmiðinu.

Líkurnar á því að hópmarkmið fyrir einstök ár náist hafa vaxið þar eð markmið fyrir einstök lönd voru í fyrsta sinn ákveðin fyrir árið 1980. Þá fylgdist stjórnarnefndin á ársfjórðungsfresti með aðgerðum einstakra landa til að ná landsmarkmiðunum sem sett voru. Var þetta nýmæli og sýnir að áherslan hefur færst í auknum mæli frá hópmarkmiðum til markmiða fyrir einstök lönd, svo og aukins aðhalds.

Að hálfu þátttökulanda hafa upplýsingaskipti um orkusparnað verið talin sérlega nytsamleg. Starfandi eru fimm sérstakar undirnefndir til að fjalla um orkusparnað. Fjalla þær um orkusparnað í iðnaði, samgöngum, byggingum og hverfishitun, svo og upplýsingamiðlun af hálfu sérfræðinga. Af einstökum verkefnum má nefna kanadíska orkuvagninn sem mælir óþarfa orkueyðslu í iðnaði og hefur hann náð mjög góðum árangri. Hefur verið farið með hann til ýmissa Evrópuríkja í kynningarskyni. Þá hafa verið byggð hús í Kanada sem hönnuð eru fyrir litla orkunotkun (20%) og var efnt til kynnisferðar þangað haustið 1980. Hollendingar hafa gert áætlun um endurbætur á eldra húsnæði. Einstök verkefni hafa þótt árangursrík og geta önnur þátttökulönd fært sér í nyt reynsluna sem fæst. Má segja að í þessu sé fólgin viss aðstoð í orkusparnaðarmálum.

Að því er varðar **þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu** má nefna að ekki hefur verið um sérstakt samstarf að ræða um framleiðslu rafmagns með vatnsafli nema í orkurannsóknum. Eitthvert samstarf kann þó að eiga sér stað á milli einstakra þátttökulanda. Þátttökulöndin telja kol og kjarnorku helstu orkugjafana sem nota megi til að draga úr innflutningi olíu í náinni framtíð. Orkusparnaði er skipað á sama bekk hvað snertir vænlegustu leiðir að markmiðinu. Á ráðherrafundi Alþjóðaorkustofnunarinnar sem haldinn var í París dagana 21.—22. maí 1979 voru samþykktar meginreglur um aðgerðir Alþjóðaorkustofnunarinnar varðandi kol. Er þar gert ráð fyrir ýmsum aðgerðum þátttökulanda til að auka framleiðslu kola, notkun þeirra og viðskipti með þau. Á þessum ráðherrafundi stjórnarnefndarinnar var beinlínis tekið fram að I. og II. hluti meginreglnanna og viðaukinn við þær hefðu ekki að geyma lagalegar skuldbindingar heldur væri þar lýst ákveðnum stjórnmálalegum vilja. Hinn 19. janúar 1978 samþykkti stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar starfsáætlun varðandi kjarnorku sem hefur samkvæmt upplýsingum lögfræðings stofnunarinnar ekki að geyma lagalegar skuldbindingar fyrir aðildarríkin. Á grundvelli áætlunarinnar hefur aðeins verið fjallað um áætlanir og spár til þessa en tekið verður til athugunar hvort gera þurfi breytingar á henni. Ekki er unnt að nefna dæmi um samstarf þátttökulanda til að auka framleiðslu orku í sérstökum orkugreinum né dæmi um aðstoð við orkuverkefni,

samanber B- og C-hluta III. kafla áætlunarinnar um langtímasamstarf en sá kafli fjallar um hraðari þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu.

Mikil gróska hefur verið í **orkurannsóknum og þróun** á vegum Alþjóðaorkustofnunarinnar. Í febrúarlok 1980 var unnið að 49 verkefnum á ýmsum sviðum rannsókna og þróunar. Verkefnunum má skipta í ýmsa flokka, m. a. orkusparnað, kolatækni, jarðhitaorku, sólarorku, ölduorku, vindorku og öryggi í notkun kjarnorku. Flest þeirra beinast að nýjum orkugjöfum. Aðildarríkin ráða hvort þau taka þátt í einstökum verkefnum en fjöldi þeirra er breytilegur.

Alþjóðaorkustofnunin á frumkvæði að samningum um einstök verkefni og hefur eftirlit með gangi mála með hliðsjón af skyldum aðildarríkjanna. Gerðir eru sérstakir samningar um framkvæmd verkefnanna. Ríki þau sem eru aðilar að samningunum ákveða hver stýra skuli framkvæmdum þar eð Alþjóðaorkustofnunin gerir það ekki. Stofnunin reynir að koma í veg fyrir að verkefnin komi aðeins þátttökuaðilum að gagni. Fær hún því að vita um ný atriði sem koma upp. Getur það gefið tilefni til nánari athugunar og þá eftir atvikum nýrra verkefna.

Þau lönd sem taka þátt í einstökum orkuverkefnum geta fjármagnað þau sameiginlega. Skal þá jafna útgjöldunum niður á löndin í þeim hlutföllum sem þau samþykkja samhljóða sín í milli, samanber 3. mgr. 42. gr., 2. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 65. gr. samningsins um alþjóðaorkuáætlun. Kostnaðarskiptingin getur verið misjöfn í einstökum tilvikum. Sem dæmi má nefna að Bandaríkin, Bretland og sambandslýðveldið Þýskaland taka þátt í kolabrennsluverkefni og skipta níutíu milljón Bandaríkjadala kostnaði jafnt. Hins vegar var allt önnur kostnaðarskipting ákveðin í einu verkefni varðandi nýtingu sólarorku þar sem Bandaríkin, Grikkland, Spánn, Svíþjóð og sambandslýðveldið Þýskaland hafa verið meðal þátttökulanda. Þá má nefna að til svokallaðs Fenton Hill jarðhitaverkefnis sem Bandaríkjamenn og Þjóðverjar tóku fyrst einir þátt í greiddu hinir fyrrnefndu sextíu milljónir Bandaríkjadala en hinir síðarnefndu fimmtán milljónir.

Ekki er veitt fé á fjárhagsáætlun Alþjóðaorkustofnunarinnar til einstakra rannsóknaverkefna. Ísland gæti hins vegar lagt til að rannsóknaverkefni yrði framkvæmt hér á landi og kostnaði skipt á ákveðinn hátt. Þau aðildarríki sem taka mundu þátt í verkefninu yrðu þó öll að samþykkja kostnaðarskiptinguna.

Vinnuframlögum getur eigi síður en fjárframlögum verið hagað með ýmsum hætti. Í einu verkefni er störfum t. d. skipt þannig á milli viðkomandi þátttökulanda að sólarhiti sem orkugjafi er rannsakaður á fleiri en einum stað og niðurstöður síðan bornar saman.

Unnið hefur verið að þremur jarðhitaverkefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða áætlun um rannsóknir og þróun jarðhitaorkukerfa sem mótuð eru af mönnum (Programme of Research and Development on Man-made Geothermal Energy Systems-MAGES) með þátttöku Bandaríkjamanna, Breta, Svisslendinga og Þjóðverja. Áætluninni er nú lokið. Í öðru lagi má nefna áætlun um rannsóknir, þróun og kynningu á tækni varðandi heitt, þurrt berg (Programme of Research, Development and Demonstration on Hot Dry Rock Technology — þekkt undir nafninu "The Fenton Hill Project"). Bandaríkjamenn, Japanir og Þjóðverjar eru þátttakendur í verkefni þessu sem kennt er við staðinn Fenton Hill í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum. Í þriðja lagi kemur áætlun um rannsóknir, þróun og kynningu á jarðhitabúnaði (Programme of Research, Development and Demonstration on Geothermal Equipment). Þátttökuaðilar eru Bandaríkjamenn, Ítalir, Ný-Sjálendingar og Mexíkóbúar. Mexíkó er ekki aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

Ársskýrsla Alþjóðaorkustofnunarinnar um orkurannsóknir, þróun og kynningu er gefin út á vorin til almennrar dreifingar. Skjal sem er ítarlegra en ársskýrslan er afhent aðildarríkjunum í janúar ár hvert. Loks ber að nefna upplýsingar sem eru eignarréttareðlis og eru þær nákvæmastar.

Aðeins eitt aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem er ekki jafnframt aðili að Alþjóðaorkustofnuninni hefur farið fram á að fá að taka þátt í rannsóknaverkefnum. Er

það Finnland sem hefur tekið þátt í fjórþættu rannsóknaverkefni um öryggi kjarnaofna og tveimur verkefnum um umbreytingu lífefna.

Frá og með árinu 1977 hefur farið fram **tvíþætt allsherjarathugun á orkustefnu og orkuáætlunum** aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar. Er m. a. höfð hliðsjón af VII. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun varðandi langtímasamstarf í orkumálum, ákvörðun stjórnarnefndar stofnunarinnar um áætlun um langtímasamstarf og síðast en ekki síst ákvörðun stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu. Í fastanefndinni um langtímasamstarf hefur orkusparnaður og þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu verið tekin til athugunar en orkurannsóknir, þróun og kynning hefur verið athuguð í nefnd um orkurannsóknir og þróun.

Allsherjarathuguninni á orkusparnaði og þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu hefur verið þannig háttað að byrjað er á að dreifa spurningaskrá til þátttökulandanna í marsmánuði ár hvert. Drög að skýrslu fyrir einstök lönd eru gerð í októbermánuði. Athugunin nær til allra þátttökulanda. Löndunum er síðan skipt í þrjá hópa og fer fram rækileg athugun á hverju landi á þriggja ára fresti. Er þá send nefnd til viðkomandi landa, skipuð fulltrúum frá skrifstofu stofnunarinnar, sérstaklega tilnefndum fulltrúa frá öðru þátttökulandi og jafnvel einhverjum úr fastanefndum annarra þátttökulanda. Stendur ferðin um viku. Fram til þessa hefur einu sinni farið fram athugun í öllum þátttökulöndunum. Einhverjar breytingar eru fyrirhugaðar á framkvæmd mála í ljósi fenginnar reynslu. Ef Ísland gengur í Alþjóðaorkustofnunina mundi rækileg athugun á orkustefnu og orkuáætlunum Íslands fara fram innan tveggja ára.

Að því er varðar **allsherjarathugun á orkurannsóknum og þróun** í þátttökulöndunum er byrjað á að senda út spurningaskrá í maímánuði ár hvert. Þar eru öll þátttökulöndin beðin að veita upplýsingar um fjárframlög á fjárlögum til þessara mála, fjármögnun að öðru leyti, stefnu, stjórnun og skipulagsbreytingar, samskipti við iðnfyrirtæki, markaði og ráðstafanir vegna tillagna í fyrri allsherjarathugunum. Þessar upplýsingar þarf hvert aðildarríki að veita árlega og er fjallað um þær í nefnd undir lok ársins, m. a. með hliðsjón af væntanlegri skýrslugerð. Hins vegar fer ekki fram ítarleg athugun á orkurannsóknum og þróun einstakra þátttökulanda ár hvert heldur aðeins þriðja hvert ár. Eru þá sex lönd tekin fyrir í einu. Farið er til höfuðborga þessara landa og málin athuguð, jafnvel rætt við stjórnarandstöðu og einstaklinga. Ekki þykir nauðsyn á þessari ítarlegu athugun á ári hverju þar eð ekki verða alltaf miklar breytingar á svo stuttum tíma. T. d. kann að verða gerð tillaga um umbætur á fyrsta ári, sú tillaga er samþykkt á öðru ári og síðan framkvæmd á þriðja, fjórða og fimmta ári.

Ráðgert er að athugun á stefnu aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar í kolamálum verði felld inn í framangreinda allsherjarathugun á orkustefnu og orkuáætlunum aðildarríkjanna.

Segja má að ofangreindri allsherjarathugun á orkumálum aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar svipi á ýmsan hátt til athugunar þeirrar sem fram hefur farið um langt skeið í Efnahags- og framfarastofnuninni varðandi stefnu aðildarríkja þeirrar stofnunar í efnahagsmálum. Í allsherjarathuguninni sem skapar aðhald koma fram fróðlegar upplýsingar fyrir öll aðildarríkin.

Stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur ekki kveðið á um það hvort **áætlunin um langtímasamstarf** felur í sér **lagalegar skuldbindingar eða ekki.** Þarf að athuga ákvæði áætlunarinnar hvert fyrir sig til að meta þetta. Sum ákvæðin geta verið stjórnmálalegs eðlis en önnur fela hins vegar í sér lagalega bindandi skyldur. Er nauðsynlegt að víkja hér nánar að þessum atriðum.

Lögfræðingur stofnunarinnar hefur í þessu sambandi upplýst að ákvæðin um lágmarksverð á olíu í D-hluta III. kafla áætlunarinnar teljist lagalega bindandi. Þau ákvæði hafa eins og áður segir verið óvirk í framkvæmd og verða ekki gerð virk með hækkun lágmarksvernd-

arverðsins nema til komi einróma samþykki þátttökulandanna. Á hinn bóginn hefur lögfræðingurinn bent á að leiðbeiningarreglurnar í 5. mgr. C-hluta III. kafla áætlunarinnar séu ekki lagalega bindandi. Þar segir að ríkisstjórnir þátttökulanda skuli m. a. auðvelda fjárfestingu með því að leitast við að veita opinberum aðilum eða einkaaðilum sem eiga hlut að samstarfsverkefnum um aukna framleiðslu úr öðrum orkugjöfum en innfluttri olíu þjóðleg kjör og bestu kjör. Ekki hefur enn reynt á samstarf þátttökulanda að þessu leyti. Í þessu sambandi má nefna að í yfirlýsingu ráðherrafundar Efnahags- og framfarastofnunarinnar hinn 21. júní 1976 sem Ísland samþykkti voru ákvæði um þjóðleg kjör í fjárfestingarmálum. Yfirlýsingin telst ekki fremur en leiðbeiningarreglurnar lagalega bindandi. Leiðbeiningarreglurnar hafa ekki valdið neinum erfiðleikum í framkvæmd enda eru einu dæmin um eiginleg samstarfsverkefni varðandi þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu á vettvangi Alþjóðaorkustofnunarinnar enn sem komið er rannsókna- og þróunarverkefni. Hitt er ekki útilokað að eitthvað kveði að öðrum samstarfsverkefnum milli einstakra þátttökulanda án milligöngu stofnunarinnar.

Í **V. kafla áætlunarinnar** um langtímasamstarf er leitast við að koma í veg fyrir að í einu aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar sé þegnum annarra aðildarríkja mismunað í löggjöf eða stjórnarframkvæmd miðað við ríkisborgara heimaríkisins, m. a. þegar um er að ræða fjárfestingu á sviði orkumála og kaup og sölu orku. Lögfræðingur stofnunarinnar hefur skýrt frá því að líta megi á V. kaflann sem lagalega bindandi í formlegum skilningi þar eð textinn sé í fyrirmælaformi. Á hitt beri að líta að orðalagið sé talsvert teygjanlegt. Eru fyrirvarar í ákvæðum kaflans, heimaríkinu til hagsbóta. Aðeins Ástralíumenn og Kanadamenn hafa gert formlega fyrirvara við þennan kafla, fyrst og fremst af stjórnskipulegum ástæðum, þar sem stjórnir einstakra fylkja ráða orkumálum en ekki alríkisstjórnin. Norðmenn hafa talið að í kaflanum felist aðeins markmið. Þar sem orðalagið sé hins vegar ekki nógu skýrt vildu þeir hafa vaðið fyrir neðan sig til að forðast misskilning um afstöðu sína síðar meir. Lýsti fulltrúi þeirra því yfir á fundi stjórnarnefndar stofnunarinnar að þeir teldu kaflann fela í sér almennar meginreglur sem væru ekki lagalega bindandi. Þeir telja að ákvæði kaflans skapi ekki vandamál við byggingu raforkuvera í Noregi og sölu raforku þar svo að dæmi séu nefnd.

Ef sótt verður um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni sýnist vel koma til greina að marka **sérstöðu Íslands** á sama hátt og Norðmenn gerðu fyrir sitt leyti. Mætti taka fram í bréfi þar sem sótt væri um aðild að íslensk stjórnvöld teldu kaflann hafa að geyma almennar meginreglur sem væru ekki lagalega bindandi. Í þessu sambandi yrði undirstrikað í samræmi við upphafsákvæði kaflans að Ísland hefði rétt til að eiga og ráða yfir náttúruauðlindum og efnahag sínum og til að vernda umhverfi sitt og öryggi þegna sinna, og auk þess að það mundi framkvæma V. kafla á þann hátt sem samræmdist íslenskri orkustefnu, m. a. í fjárfestingarmálum. Ekki þyrfti að hreyfa sérstökum athugasemdum vegna framangreindra leiðbeiningarreglna í 5. mgr. C-hluta III. kafla, m. a. af því að ákvæðin þar varðandi fjárfestingarmál eru örugglega ekki lagalega bindandi og áþekk fjárfestingarákvæðum V. kafla þar sem sérstaða er mörkuð.

Ekki er vitað um neina erfiðleika í framkvæmd vegna V. kafla áætlunarinnar, svo sem að þrýst sé á um erlenda fjárfestingu til að reisa raforkuver og verksmiðjur eða kanna olíusvæði og nýta þau.

Talið er að V. kaflinn snerti ekki skilyrði fyrir stofnun félaga í aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Athugun á framkvæmd V. kafla fellur undir allsherjarathugun á orkustefnu og orkuáætlunum þátttökulandanna. Athyglin hefur þó ekki beinst sérstaklega að honum, hvorki í fastanefndinni um langtímasamstarf né annars staðar. Skýringar á fjárfestingar- og viðskiptastefnu í orkumálum ásamt fjölmörgum öðrum atriðum um stefnu þátttökulandanna koma fram í athuguninni og er ekki vitað til þess að beitt hafi verið neinum þrýstingi gagnvart einstökum löndum að þessu leyti.

Stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur lýst því yfir að ákvörðunin um **hópmarkmið og meginreglur orkustefnu** hafi **ekki** að geyma **lagalegar skuldbindingar.** Þrátt fyrir þetta þykir koma til greina að marka **sérstöðu Íslands** að því er varðar 8. og 10. meginreglu þessarar ákvörðunar.

Í **8. meginreglu** er gert ráð fyrir stöðugt aukinni nýtingu kjarnorku enda eru þátttökulöndin almennt ekki mótfallin því þótt sum þeirra hafi efasemdir um nýtingu hennar heima fyrir. Taka mætti fram í bréfi ef Ísland sækti um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni að Íslendingar ættu mikla ónýtta vatnsorku og jarðhitaorku og hygðu því ekki á nýtingu kjarnorkunnar né virkt starf á því sviði í stofnuninni. Þess má geta að Norðmenn hafa formlega markað sérstöðu sína varðandi þessa meginreglu.

Í **10. meginreglu** er gert ráð fyrir því að sköpuð skuli hagstæð fjárfestingarskilyrði sem hvetji til fjármögnunar opinberra aðila og einkaaðila til þróunar orkuauðlinda. Í þessu skyni skal fylgja viðeigandi stefnu í verðlagsmálum og draga sem mest úr óvissu um almenn stefnumið, m. a. í orku- og umhverfismálum. Einnig er miðað við að stjórnvöld grípi þar sem nauðsyn krefur til aðgerða til að stuðla að því að 1) gera rannsóknir, m. a. undan ströndum fram og á jaðarsvæðum, að forgangsverkefni og 2) hvetja til aukins hraða í rannsóknum og þróun tiltækrar framleiðslugetu til að ná sem bestri efnahagslegri nýtingu auðlinda.

Norðmenn hafa á formlegan hátt markað sérstöðu sína varðandi síðasta málslið 10. meginreglu og tekið fram að norsk stjórnvöld hafi rétt til að mæla fyrir um vinnsluhraða, m. a. með tilliti til umhverfissjónarmiða og skynsamlegrar nýtingar auðlinda. Ef Ísland sækir um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni sýnist réttast að marka í bréfi þar sem sótt er um aðild sérstöðu Íslands varðandi tvo síðustu málsliði 10. meginreglu. Mætti taka fram á svipaðan hátt og gert er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens að haldið verði áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forystu íslenskra stofnana og stjórnvalda. Við rannsóknir og hugsanlega nýtingu auðlinda yrði gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða, fyrst og fremst til að tryggja að hinar lifandi auðlindir hafsins yrðu ekki fyrir skaða. Áskildu íslensk stjórnvöld sér rétt til að mæla fyrir um hraða rannsókna og hugsanlegrar nýtingar m. a. með þau sjónarmið í huga.

Ef Ísland markar sérstöðu um framangreind atriði er ekki gert ráð fyrir því að tekin yrði bein afstaða til þess í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um aðild Íslands.

Benda má á að á Íslandi sem og í öðrum löndum er lögð **aukin áhersla á orkumál** og nauðsyn virkra aðgerða. Um það vitnar m. a. **stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens.** Áður hefur verið vikið að ákvæðum sáttmálans um öryggi í olíumálum en ákvæði hans um orkusparnað, þróun innlendra orkugjafa, orkurannsóknir og orkustefnu hníga mjög í sömu átt og hjá Alþjóðaorkustofnuninni. Segir í sáttmálanum að 1) mörkuð verði samræmd orkustefna til langs tíma, 2) rík áhersla verði lögð á orkusparnað og hagkvæma orkunýtingu í atvinnurekstri, samgöngum og heimilisnotkun, 3) sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir í orkumálum, m. a. með það að markmiði að innlendir orkugjafar komi sem fyrst í stað innfluttrar orku og 4) rannsóknir á sviði orkumála og orkunýtingar verði efldar og gerð framkvæmdaáætlun til næstu 5—10 ára.

2.9. Tengsl við olíuframleiðslulönd og notkunarlönd.

Í VIII. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun er fjallað um tengsl aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar við olíuframleiðslulönd og önnur olíunotkunarlönd. Segir í 44. gr. samningsins að þátttökulöndin muni leitast við að styrkja samstarfstengsl, m. a. við þróunarlöndin. Ekki er einungis leitast við að örva stöðug alþjóðaviðskipti með olíu og stuðla að öruggum olíuaðdráttum á hóflegum og sanngjörnum kjörum fyrir hvert þátttökuland heldur skal og fylgst með horfunum á samstarfi við olíuframleiðslulönd um orkumál þar sem hagsmunir fara saman, svo sem að því er varðar orkusparnað, þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu og orkurannsóknir og þróun. Er hér um að ræða meginreglur sem skapað

geta **grundvöll** fyrir framtíðarsamstarfi milli landa í orkumálum, m. a. olíumálum. Má geta þess hér að Danir, Norðmenn og Svíar hafa allir lagt áherslu á þennan þátt í starfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar. Í 63. gr. samningsins er greint frá því að Alþjóðaorkustofnunin geti tekið upp viðeigandi tengsl við önnur lönd en þátttökulönd en auk þess við alþjóðastofnanir, aðra aðila og einstaklinga.

Fastanefndin um tengsl við framleiðslulönd og önnur notkunarlönd hefur í reyndinni verið leyst af hólmi af **sérstakri nefnd um alþjóðleg orkumál** sem er óformlegri. Stafar þetta í og með af því að Alþjóðaorkustofnunin hefur ekki síður tengsl við alþjóðastofnanir en lönd.

Sú skoðun var uppi hjá **Samtökum olíuútflutningslanda** (Organization of Petroleum Exporting Countries-OPEC) þegar Alþjóðaorkustofnunin var sett á laggirnar að henni væri stefnt gegn samtökunum. Andrúmsloftið hefur þó breyst til batnaðar á síðustu árum og eru nú vinsamleg, óformleg tengsl milli stofnananna. Skrifstofu samtakanna hefur vaxið fiskur um hrygg og er hún nú álíka fjölmenn og skrifstofa Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Nokkur tengsl eru við **Samtök arabískra olíuútflutningslanda** (Organization of Arab Petroleum Exporting Countries — OAPEC) en það er vísindastofnun sem hefur t. d. engin afskipti af verðlagningu olíu. Eru ekki alveg sömu lönd í þeirri stofnun og Samtökum olíuútflutningslanda.

Samskipti við einstök **Arabalönd** hafa verið góð. Hefur verið skipst á reynslu og t. d. hafa verið góð samskipti við fulltrúa Arabaríkja á opnum fundum Samtaka olíuútflutningslanda.

Af hálfu Dana hefur verið upplýst að aðild Danmerkur að Alþjóðaorkustofnuninni hefði á engan hátt verið til baga í samningaviðræðum um olíukaup frá Saudí-Arabíu en samningar tókust milli landanna vorið 1980. Þá má nefna að ýmis aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar, t. d. Japan, hafa keypt olíu frá Arabalöndunum á sömu kjörum og ríki utan stofnunarinnar, t. d. Frakkland.

Að því er varðar tengsl aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar við önnur olíunotkunarlönd skal fyrst ítrekað að **Finnland, Frakkland og Ísland** eru nú einu aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem eru ekki jafnframt aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Tengsl Íslands við Alþjóðaorkustofnunina hafa svo til engin verið en Ísland hefur notið góðs af starfi sameiginlegs starfsliðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar og Alþjóðaorkustofnunarinnar í orkumálum og tekið þátt í kostnaði vegna þess starfs. Bæði Finnland og Frakkland hafa hins vegar haft nánari tengsl við Alþjóðaorkustofnunina þótt með mismunandi hætti sé. Alþjóðaorkustofnunin hefur haft samband við finnsku fastanefndina hjá Efnahags- og framfarastofnuninni og ráðgast m. a. við hana um viðræður iðnaðarlandanna við þróunarlöndin. Ekki eru þó haldnir reglulegir fundir. Áður hefur verið greint frá þátttöku Finnlands í nokkrum rannsóknaverkefnum. Frakkar fá hins vegar skjöl Alþjóðaorkustofnunarinnar frá stjórnarnefnd Efnahagsbandalags Evrópu og hefur þetta verið samþykkt með þögninni. Auk þess eru allregluleg tengsl við ýmsa franska embættismenn um starfsemi stjórnarnefndarinnar og fastanefnda stofnunarinnar.

Alþjóðaorkustofnunin hefur einnig haft tengsl við ýmis **önnur lönd,** t. d. Brasilíu, Kenýa og Mexíkó. Er Mexíkó aðili að einu rannsóknaverkefni í jarðhitamálum og Brasilía að einu verkefni um notkun vínanda sem bílaeldsneytis.

Fremur má segja að samstarf Alþjóðaorkustofnunarinnar við Efnahags- og framfarastofnunina sé samstarf innan einnar alþjóðastofnunar en á milli tveggja **alþjóðastofnana.** Hér má m. a. nefna að starfslið í orkumálum er að hluta til sameiginlegt. Viðvíkjandi tengslum við Sameinuðu þjóðirnar nýtur Alþjóðaorkustofnunin góðs af starfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar að því er varðar t. d. þátttöku í fundum. Þó eru töluverð bein tengsl milli Alþjóðaorkustofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna og þá í báðar áttir. Er fylgst vel með starfi Sameinuðu þjóðanna, t. d. undirbúningi undir ráðstefnu þá sem samtökin héldu um nýja og endurnýjanlega orkugjafa. Skipst er reglulega á upplýsingum sem flokkast ekki

undir trúnaðarmál. Einnig eru bein tengsl við sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna, t. d. Alþjóðabankann. Mjög lítil tengsl hafa verið við Norðurlandaráð hingað til. Þó má nefna að einn embættismaður Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur tekið þátt í starfi vinnuhóps Norðurlandaráðs um byggingarmálefni. Tengsl eru við Efnahagsbandalag Evrópu, Skrifstofu samveldislanda og Orkustofnun rómönsku Ameríku. Vorið 1980 áttu alls tuttugu ríki aðild að síðastnefndu stofnuninni sem komið var á fót árið 1974, sama ár og Alþjóðaorkustofnuninni.

2.10. Ákvæði um stjórnun og önnur atriði.

Í IX. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun eru ákvæði um stjórnun Alþjóðaorkustofnunarinnar og almenn atriði. Verður nú vikið stuttlega að þeim.

Í 49. gr. segir að í Alþjóðaorkustofnuninni skuli vera stjórnarnefnd, framkvæmdanefnd og fjórar fastanefndir, þ. e. fastanefnd um neyðartilvik, fastanefnd um olíumarkaðinn, fastanefnd um langtímasamstarf og fastanefnd um tengsl við framleiðslulönd og önnur notkunarlönd. Stjórnarnefndin getur ákveðið að koma á fót öðrum **stofnunum** og hefur það verið gert. Sem dæmi má nefna nefnd um orkurannsóknir og þróun og sérstaka nefnd um alþjóðleg orkumál. Skrifstofa Alþjóðaorkustofnunarinnar aðstoðar hinar einstöku stofnanir hennar.

Í IX. kafla eru sérstakir undirkaflar. Er þar fjallað um stjórnarnefndina, framkvæmdanefndina, fastanefndirnar, skrifstofuna, atkvæðagreiðslur, tengsl við aðra aðila, fjárhagsráðstafanir, sérstakar aðgerðir og framkvæmd samningsins.

Samkvæmt 50. gr. samningsins skipa **stjórnarnefndina** einn eða fleiri ráðherrar frá hverju þátttökulandi eða fulltrúar þeirra. Í reyndinni hafa þátttökulöndin fastanefndir hjá stofnuninni í París. Þess má geta að fastafulltrúar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hjá Efnahags- og framfarastofnuninni eru jafnframt fastafulltrúar hjá Alþjóðaorkustofnuninni. Auk þátttöku fulltrúa úr fastanefnd landanna koma iðulega ráðherrar eða fulltrúar þeirra frá heimalöndunum til að sitja fundi stofnunarinnar.

Fram til 10. desember 1981, á röskum sjö árum, hafa verið haldnir 67 **fundir** í stjórnarnefndinni eða tæpir tíu á ári að meðaltali. Sjö fundir stjórnarnefndarinnar hafa verið ráðherrafundir, þ. e. í maí 1975, október 1977, maí 1979, desember 1979, maí 1980, desember 1980 og júní 1981 eða einn á ári að jafnaði. Fundum stjórnarnefndarinnar hefur farið fjölgandi upp á síðkastið og voru þannig tólf talsins á árinu 1979 eða að meðaltali einn í mánuði hverjum (ellefu 1980, sex 1981). Ráðherrafundum hefur fjölgað á síðari árum, voru tveir árið 1979 og tveir árið 1980. Ástandið í Íran átti nokkurn þátt í fjölgun funda á árinu 1979. Að sama skapi hefur fundum fastanefndanna fjölgað. Ef olíuneyð skylli á mætti enn búast við auknum fundahöldum. Fundirnir taka stuttan tíma, 1—2 daga að jafnaði, en stundum jafnvel hluta úr degi. Fundarsókn er mismunandi eftir mikilvægi funda. Jafnframt fer það eftir mikilvægi funda hvort og þá hversu margir eru sendir frá heimalandinu til þátttöku í þeim. Ráðherrafundirnir eru best sóttir. Sem dæmi má nefna að ráðherrafundinn í desember 1979 sóttu níu danskir fulltrúar, þ. e. orkuráðherrann og fjórir úr orkuráðuneytinu, tveir úr utanríkisráðuneytinu og tveir úr fastanefndinni. Norsku fulltrúarnir voru níu, þar af olíu- og orkuráðherrann og þrír úr fastanefndinni. Sænsku fulltrúarnir voru sömuleiðis níu, þ. á m. orkuráðherrann og þrír úr fastanefndinni. Fæstir komu þrír fulltrúar frá Lúxemborg, þar af einn úr fastanefndinni, og Tyrklandi, allir úr fastanefndinni. Ráðherra kom frá öllum þátttökulöndum nema Lúxemborg og Tyrklandi. Aðeins Tyrkir voru með fulltrúa úr fastanefndinni eingöngu. Fundi sem haldnir eru rétt fyrir ráðherrafundi sækja að jafnaði fleiri fulltrúar frá þátttökulöndunum en að öðru jöfnu. Venjulega stjórnarnefndarfundi sækja alloft 1—2 fulltrúar frá minnstu þátttökulöndunum og eru þeir stundum eingöngu úr fastanefndunum. Fundir fastafulltrúa eru auk þess haldnir stöku sinnum til undirbúnings stjórnarnefndarfundum.

Í 52. gr. samningsins er tekið fram að **ákvarðanir** stjórnarnefndarinnar skuli vera **bindandi** fyrir þátttökulöndin en tillögur ekki. Undantekningar um skuldbindingargildi ákvarðana geta grundvallast á 2. mgr. 61. gr. og 65. gr. Samkvæmt 2. mgr. 61. gr. geta þær ákvarðanir sem samþykkja skal samhljóða falið í sér að þær skuli ekki vera bindandi fyrir eitt eða fleiri þátttökulönd. Gerist þetta mjög sjaldan. Bestu dæmin eru þau að V. kafli áætlunarinnar um langtímasamstarf er ekki bindandi fyrir Ástralíu og Kanada. Á hinn bóginn eru ekki dæmi þess að ákvarðanir séu aðeins bindandi við viss skilyrði, samanber heimild í sömu málsgrein. Í 65. gr. er fjallað um sérstakar aðgerðir þátttökulanda, aðrar en þær sem öll þátttökulönd skulu framkvæma samkvæmt I.—V. kafla samningsins. Er þátttökulöndunum í sjálfsvald sett hvort þau taka þátt í þessum sérstöku aðgerðum sem hingað til hafa einungis verið á sviði orkurannsókna og þróunar. Ekki hefur verið venja hjá Alþjóðaorkustofnuninni að skíra bindandi samþykktir ákvarðanir og aðrar samþykktir sem eru ekki bindandi tillögur. Verður að athuga innihald hverrar samþykktar fyrir sig til að ákvarða hvort hún sé bindandi eða ekki. Sama samþykktin getur jafnvel falið í sér ákvæði sem eru mismunandi í eðli sínu. Stundum hefur stjórnarnefndin lýst því yfir að vissar ákvarðanir feli ekki í sér lagalegar skuldbindingar. Ekki má þó gagnálykta frá þessu sem svo að aðrar ákvarðanir stjórnarnefndarinnar feli í sér lagalegar skuldbindingar. Þess má geta til samanburðar að ákvarðanir ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar geta sömuleiðis verið bindandi.

Ekki hafa verið teknar bindandi ákvarðanir af hálfu annarra stofnana Alþjóðaorkustofnunarinnar en stjórnarnefndarinnar á grundvelli valdframsals frá nefndinni.

Framkvæmdanefndin hefur ekki haldið sérstaka fundi heldur sameiginlega fundi með stjórnarnefndinni.

Samkvæmt 54. gr. samningsins skulu einn eða fleiri fulltrúar ríkisstjórna hvers þátttökulands skipa hverja fastanefnd.

Samkvæmt 59. gr. samningsins er **skrifstofa** Alþjóðaorkustofnunarinnar skipuð framkvæmdastjóra og því starfsliði sem nauðsynlegt er. Dr. Ulf Lantzke hefur verið framkvæmdastjóri frá upphafi. Var starfsliðið um 120 manns vorið 1980. Er starfslið Alþjóðaorkustofnunarinnar og Efnahags- og framfarastofnunarinnar í orkumálum sameiginlegt að hluta til. Skrifstofa Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur aðsetur í aðalstöðvum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París.

Í 61. og 62. gr. samningsins eru ákvæði um **atkvæðagreiðslur** við samþykkt ákvarðana og tillagna. Við samþykkt tillagna gildir meirihluti en ákvarðanir skal samþykkja með meirihluta, sérstökum meirihluta eða samhljóða. Með meirihluta skal samþykkja ákvarðanir um framkvæmd áætlunarinnar og ákvarðanir um fundarsköp. Með sérstökum meirihluta skal samþykkja ýmsar meiri háttar ákvarðanir, t. d. ákvarðanir um aukningu á neyðarbirgðaskyldu og ákvarðanir um að vissar neyðarráðstafanir skuli ekki koma til framkvæmda. Samhljóða skal m. a. taka ákvarðanir um að leggja á þátttökulöndin nýjar skyldur sem eru ekki þegar tilgreindar í samningnum en slíkar ákvarðanir snerta einkum langtímasamstarf í orkumálum.

Reglur Alþjóðaorkustofnunarinnar um atkvæðagreiðslur eru frábrugðnar reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar þar sem ákvarðanir skulu teknar og tillögur gerðar með gagnkvæmu samþykki allra aðildarríkja nema stofnunin ákveði annað einróma í sérstökum málum. Þar við bætist að aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar hafa mismunandi mörg atkvæði þegar samþykktir eru gerðar með meirihluta eða sérstökum meirihluta svo sem nánar er greint frá í 62. gr. samningsins. Þar sést að öll þátttökulöndin hafa þrjú almenn atkvæði hvert. Auk þess hafa þau mismunandi mörg atkvæði í samræmi við olíunotkun, þ. e. olíunotkunaratkvæði. Samanlögð atkvæði þátttökulandanna verða því misjafnlega mörg, allt frá þremur og upp í fimmtíu. Ef Ísland mundi bætast í hóp þeirra þátttökulanda sem talin eru upp í 62. gr. mundi það hafa þrjú almenn atkvæði, engin olíunotkunaratkvæði og þrjú samanlögð atkvæði. Noregur er ekki talinn upp meðal þátttökulanda í 62. gr. en hefur á

grundvelli sérsamnings þrjú almenn atkvæði, engin olíunotkunaratkvæði og þrjú samanlögð atkvæði. Atkvæðaskipting hefur verið hugsuð þannig að ekkert eitt ríki né hópur ríkja, t. d. Bandaríkin eða ríkin úr Efnahagsbandalagi Evrópu, hafi neitunarvald.

Þess má geta hér að í sumum alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að, t. d. Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, er misvægi atkvæða margfalt meira en í stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Í framkvæmd hafa mál verið afgreidd með samkomulagi en ekki atkvæðagreiðslu í stjórnarnefnd Alþjóðaorkustofnunarinnar. Er ekki vitað til þess að nein óánægja sé hjá þátttökulöndum með atkvæðagreiðslukerfið og hefur ekki komið til deilu út af því. Ekki hefur verið formleg samstaða með einstökum hópum þótt um samráð hafi verið að tefla, t. d. af hálfu þeirra aðildarríkja Efnahagsbandalags Evrópu sem eru aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni.

Undir I. hluta fjárhagsáætlunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir árið 1982 koma **framlög** aðildarríkjanna til sameiginlegs starfsliðs þeirrar stofnunar og Alþjóðaorkustofnunarinnar í orkumálum. Greiðir Ísland nú 0,10% af 9 169 200 frönskum frönkum eða 9 169 franska franka á árinu (14 900 krónur samkvæmt gengi hinn 26. mars 1982). Á II. hluta fjárhagsáætlunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir sama ár eru framlög aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar, að upphæð 51 842 200 franskir frankar. Ef Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni mundi það þurfa að greiða 0,10% af þessari upphæð í framlag eða 51 842 franska franka (84 300 krónur samkvæmt gengi hinn 26. mars 1982). Hér er miðað við framlag fyrir allt árið 1982. Ella lækkar framlagið hlutfallslega.

Ef af aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni verður má búast við ýmsum **öðrum kostnaði** samfara aðild en fjárframlögum til stofnunarinnar. Verður nú gerð grein fyrir hinu helsta.

Búast má við að vinna í sendiráði Íslands í París vegna aðildar að Alþjóðaorkustofnuninni jafngildi hálfu starfi, e. t. v. hálfu viðbótarstarfi. Auk þess má gera ráð fyrir auknu starfi í viðskiptaráðuneytinu vegna afgreiðslu mála og yfirumsjónar vegna aðildar Íslands að stofnuninni, þó eigi meiru en sem nemur hálfu starfi. Vegna upplýsingaskyldu um olíuaðdrætti o. fl. yrði leitað til olíufélaganna um aðstoð. Þá má gera ráð fyrir auknu starfi í iðnaðarráðuneytinu og undirstofnunum þess, m. a. vegna athugunar gagna, þátttöku í ráðherrafundum og einstökum fundum öðrum og skýrslugerðar auk meira starfs í samræmi við markmið stofnunarinnar og ríkari áherslu á framkvæmd íslenskrar orkustefnu. Auknar líkur má telja á því að Ísland mundi taka þátt í einstökum rannsókna- og þróunarverkefnum, t. d. í jarðhitamálum. Byggist þátttaka í verkefnum á sérstökum framlögum þátttökuaðila eins og áður segir, samanber 2. mgr. 64. gr. samningsins. Auk vissra utanferða á fundi stofnunarinnar eru líkur á einhverri þátttöku í ferðum til annarra þátttökulanda til að kynnast t. d. sérstökum framkvæmdum til orkusparnaðar. Þá yrði talið æskilegt þegar fram liðu stundir að Ísland legði til rannsóknarfulltrúa þegar gera skal 1) allsherjarathugun á ráðstöfunum einhvers annars þátttökulands varðandi orkusparnað og þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu, 2) allsherjarathugun á orkurannsóknum og þróun í öðru þátttökulandi eða 3) athugun á áætlunum annarra þátttökulanda um mögulegar ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum. Mætti auk þess búast við að kallað yrði á aukin fjárframlög til einstakra þátta orkumála innanlands í samræmi við sérgreind markmið Alþjóðaorkustofnunarinnar í orkumálum.

Í kafla 2.2 hér að framan og kafla 3 hér á eftir er fjallað um hinn mikla kostnað við aukið birgðahald olíu miðað við undanfarin ár. Ef stjórnvöld vilja láta halda níutíu daga birgðir af þremur helstu olíuvörunum í öryggisskyni eins og gert er í nágrannalöndum okkar yrði út af fyrir sig ekki um að tefla aukakostnað vegna aukningar birgðahalds við aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni.

Samkvæmt 66. gr. samningsins skal hvert þátttökuland gera nauðsynlegar ráðstafanir, m. a. nauðsynlegar löggjafarráðstafanir, til að **framkvæma samninginn** um alþjóðaorkuáætlun og ákvarðanir sem stjórnarnefndin tekur. Hafa flest þátttökulöndin sett **lög** vegna aðildar sinnar að samningnum. Ekki er vitað til þess að þátttökulöndin hafi þurft að setja sérstök lög vegna ákvarðana stjórnarnefndarinnar. Ný þátttökulönd þurfa að samþykkja samninginn og allar ákvarðanir stjórnarnefndarinnar. Aftast í kafla 2.8 hér að framan var vikið að hugsanlegum athugasemdum af Íslands hálfu varðandi tvær ákvarðanir stjórnarnefndarinnar.

2.11. Lokaákvæði.

Í X. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun eru ýmis ákvæði er snerta aðild að Alþjóðaorkustofnuninni. Samkvæmt 71. gr. er öllum aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem geta og vilja uppfylla skilyrði áætlunarinnar heimilt að gerast **aðilar** að samningnum. Ísland getur annaðhvort sótt um **fulla aðild** á grundvelli 1. mgr. 71. gr. eða **aðild til bráðabirgða** samkvæmt 3. mgr. 71. gr. Eðlilegra þykir að miða við fulla aðild þar eð atbeina Alþingis þarf til að framkvæma samninginn um alþjóðaorkuáætlun og miklar fjárhagslegar skuldbindingar eru samfara aðild.

Ef af bráðabirgðaaðild yrði gæti Ísland að vísu lýst því yfir síðar að það vildi ekki vera bundið af samningnum og mundi bráðabirgðaaðildin þá falla niður sextíu dögum eftir móttöku tilkynningar þar að lútandi.

Ef Ísland yrði fullgildur aðili að Alþjóðaorkustofnuninni gæti það hvenær sem er **sagt** samningnum um alþjóðaorkuáætlunina **upp** með tólf mánaða fyrirvara samkvæmt 2. mgr. 69. gr. samningsins.

Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. samningsins skal samningurinn **gilda** í tíu ár frá gildistökudegi — eða til ársins 1986 — og skal gilda áfram þangað til stjórnarnefndin ákveður með meirihluta að nema hann úr gildi. Samkvæmt 73. gr. samningsins getur stjórnarnefndin hvenær sem er breytt samningnum samhljóða. Samkvæmt 74. gr. skal taka samninginn til almennrar endurskoðunar eftir 1. maí 1980. Ekkert aðildarríki hefur þó farið fram á þessa almennu endurskoðun. Er álitið mjög ólíklegt að nokkur endurskoðun fari fram á samningnum í bráð.

3. ÚTDRÁTTUR OG NIÐURSTÖÐUR.

Á síðustu áratugum hefur nokkrum sinnum skollið á umtalsverð **olíuneyð** meðal **olíunotkunarlanda** vegna alvarlegra truflana á olíuaðstreymi frá Miðausturlöndum. Hefur hún bitnað mjög misjafnlega á einstökum löndum. Samhliða hefur þjóðum heims orðið ljósara en áður að **olían**, mikilvægasti orkugjafi jarðar, fer ört þverrandi miðað við núverandi notkun og stefnir í óefni varðandi aðdrætti og verð. Með hliðsjón af þessu hefur verið lögð **aukin áhersla á orkumál**, m. a. olíumál, í einstökum löndum. Jafnframt hefur verið talin þörf á að efla alþjóðlegt samstarf í þessum málum.

Árið 1971 samþykkti ráð Efnahags- og framfarastofnunarinnar (Organisation for Economic Co-operation and Development — OECD) í París sem Ísland er aðili að tillögu þar sem aðildarríki stofnunarinnar voru hvött til að ná sem fyrst því marki að eiga níutíu daga olíubirgðir. Greiddi Ísland atkvæði með tillögunni. Einnig samþykkti ráðið árið 1972 bindandi ákvörðun um neyðaráætlanir og ráðstafanir og úthlutun olíubirgða á neyðartímum á svæði stofnunarinnar í Evrópu. Ísland greiddi sömuleiðis atkvæði með henni. Þetta **viðbúnaðarkerfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar** brást hins vegar í olíuneyðinni 1973—1974.

Vegna þessarar reynslu ákváðu flest aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar að reisa samstarf sitt á traustari grunni. Var Alþjóðaorkustofnuninni (International Energy Agency — IEA) komið á fót hinn 15. nóvember 1974 sem sjálfstæðri alþjóðastofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Er samstarf aðildarríkja stofnunarinnar grundvallað á samningi um alþjóðaorkuáætlun sem gerður var hinn 18. nóvember 1974. Í

upphafi gerðust 16 af 24 aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Nú tekur 21 aðildarríki þátt í starfi hennar, m. a. Danmörk, Svíþjóð og Noregur, hið síðastnefnda samkvæmt sérsamningi. Aðeins Finnland, Frakkland og Ísland standa enn utan stofnunarinnar.

Alþjóðaorkustofnunin er ekki alþjóðastofnun sem stendur aðildarríkjunum ofar. Hins vegar felast í samningnum um alþjóðaorkuáætlun víðtækar **skyldur** miðað við flesta aðra millirikjasamninga sem Ísland er aðili að. Nefna má að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna gengur lengra hvað snertir fyrirmæli öryggisráðsins. Á móti skyldunum koma víðtæk **réttindi.** Samspil réttinda og skyldna kemur gleggst fram í **olíuneyðarkerfi** stofnunarinnar. Aðalþættir þess eru neyðarbirgðir olíu, takmörkun á eftirspurn eftir olíu og úthlutun hennar á neyðartímum, svo og upplýsingamiðlun til að tryggja framkvæmd neyðarráðstafana. Olíuneyðarkerfið byggir á samhjálp aðildarríkjanna. Óhjákvæmilega felst í því aukið öryggi fyrir aðildarríkin en í neyðartilvikum geta einstök aðildarríki ýmist verið veitendur eða þiggjendur eftir því hvernig stöðu þeirra í olíumálum er háttað. Olíuneyðarkerfið hefur **aldrei komið til framkvæmda** frá því að stofnuninni var komið á fót í nóvember 1974. Á grundvelli samstarfs aðildarríkjanna er **þrýst á alþjóðlegu olíufélögin** svo að þau greiði úr minni háttar vanda einstakra aðildarríkja. Eru dæmi slíks.

Einn grundvallarþáttur olíuneyðarkerfisins er sá að aðildarríkin skulu eiga **neyðarbirgðir olíu** til níutíu daga. Skilyrðið má uppfylla á Íslandi með 129 000 tonnum af þremur helstu olíuvörunum, gasolíu, svartolíu og bensíni, miðað við fimm ára aðlögunartíma til ársins 1987. Með hliðsjón af birgðarými olíufélaganna um þessar mundir, 228 000 tonnum, er **ekki þörf á að auka birgðarýmið** hér á landi til að rúma ofangreint magn, 129 000 tonn (um 57% nýting). Sé gengið út frá því að íslensk stjórnvöld telji níutíu daga neyðarbirgðir nauðsynlegar hvort sem Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki yrði út af fyrir sig ekki um að ræða **aukakostnað** (bráttókostnað) **vegna aukningar birgðahalds** samfara aðild Íslands að stofnuninni. Miðað við meðalbirgðir áranna 1980—1981 (95 000 tonn eða 66 daga birgðir) þarf Ísland að auka birgðahald um 34 000 tonn til að ná 129 000 tonna markinu og yrði 50% **vaxtakostnaður** vegna þess **42,7 milljónir króna á ári.** Þessi tala sem er reiknuð hinn 26. mars 1982 er háð breytingum á verði olíu, gengi o. fl. Samsvarar hún **1,6% hækkun verðs** á gasolíu, svartolíu og bensíni. Þess má geta að meðalbirgðir í janúar-mars 1982 voru miklum mun meiri en á sama tímabili 1980 og 1981, 129 000 tonn eða níutíu daga birgðir. Meðalbirgðir á þessum árstíma eru þó ekki marktækar um meðalbirgðir viðkomandi árs, voru t. d. 10 000 tonnum meiri en meðalbirgðir ársins 1980 og 1981.

Taka má fram að olíufélögin og aðrir ábyrgir aðilar hafa lagt á það áherslu að nauðsynlegt sé að auka birgðahald að mun hér á landi til að auka öryggi í olíubirgðamálum. Skiptir í þessu sambandi ekki höfuðmáli hvort Ísland er aðili að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki þótt meira öryggi fengist með aðild. Ef farið yrði að þessum tillögum sem álíta má nauðsynlegt yrði ekki unnt að telja nema hluta ofangreindrar upphæðar sem aukakostnað (bráttókostnað) vegna birgðahaldsskyldu Alþjóðaorkustofnunarinnar, þ. e. ef minna olíubirgðahald en fylgir aðild telst nægja.

Önnur aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar hafa talið rétt að auka birgðir sínar að níutíu daga marki á undanförnum árum og hefur **öryggið** þá verið þyngra á metunum en kostnaðurinn. Miðað við hið ótrygga ástand og horfur í olíumálum í heiminum er ekki unnt að útiloka olíuskort á Íslandi í framtíðinni jafnvel þótt venjulegrar fyrirhyggju sé gætt í olíuinnkaupum. Þá gæti olíuskip orðið fyrir óvæntum töfum þegar olíubirgðir á Íslandi væru í lágmarki. Jafnvel tímabundinn olíuskortur gæti haft verulegar efnahagslegar afleiðingar á Íslandi, t. d. á miðri loðnuvertíð.

Hér á landi virðist einfaldast að fela olíufélögunum að auka birgðahald en verðlagsyfirvöld heimili nauðsynlega **verðhækkun** olíuvara vegna kostnaðarins.

Íslendingar eru mjög **háðir olíuinnflutningi** í atvinnulífi, samgöngum og húshitun. Sést þetta m. a. á því að á árinu 1978 var hlutdeild eldsneytis í heildarorkunotkun Íslendinga 59% samkvæmt áfangaskýrslu olíunefndar í júlí 1979. Ýmsar aðrar þjóðir, t. d. Svíar, eru í svipaðri aðstöðu og hafa talið rétt að skapa fjölbreytni í olíuaðdráttum til þess að vera ekki um of háðar sveiflum. Meginhluti innfluttrar olíu hingað til lands hefur allt frá árinu 1953 komið frá Sovétríkjunum en viðskiptin við það land voru á vöruskiptagrundvelli á árunum 1953—1975. Þá voru tekin upp viðskipti í frjálsum, skiptanlegum gjaldeyri. Viðskiptajöfnuðurinn við Sovétríkin hefur allt frá olíuneyðinni 1973—1974 verið óhagstæður, einkum hin síðari ár, og hafa hlutföllin jafnvel verið 1:3 Íslandi í óhag. Þessar breytingar í viðskiptunum hafa ýtt undir það að athugaðar væru **nýjar leiðir varðandi dreifingu olíuviðskipta.** Hefur nokkurt magn olíu verið keypt frá Portúgal til að draga úr viðskiptahalla Portúgals gagnvart Íslandi. Einnig hefur verið samið um kaup á olíu frá Bretlandi til þess að draga úr verðsveiflum í innkaupum en sovéska olían er bundin Rotterdamverðskráningu. Þótt öryggi í olíuaðdráttum frá Sovétríkjunum hafi verið gott er rétt að hafa í huga það mat sérfróðra aðila að Austur-Evrópuríkin sem heild verði orðin umtalsverðir nettóinnflytjendur olíu þegar á árinu 1985 og innflutningsþörfin aukist síðan til muna. Þetta getur óefað skapað þrýsting á Sovétríkin sem búist er við að verði væntanlega sjálfum sér nóg um olíu á níunda áratugnum. Geta því orðið breytingar á olíusölu Sovétmanna.

Að olíuaðdráttum er vikið sérstaklega hér þar eð þeir skipta veigamiklu máli í olíuneyðarkerfi Alþjóðaorkustofnunarinnar. Aðalatriðin eru sem hér segir. Ef **olíuaðdrættir** aðildarríkjanna í heild **minnka** eða ætla má með rökum að þeir minnki á bilinu 7—12% skulu þau gera ráðstafanir til **takmörkunar á eftirspurn eftir olíu** um 7%. Jafnframt kemur til **úthlutunar á olíu** eftir ákveðnum reglum. Þau ríki sem standa vel að vígi láta þeim sem standa illa að vígi í té olíu. Ef olíuaðdrættir hópsins minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki um 12% eða meira er aðalreglan sú að koma skal til 10% takmörkunar á eftirspurn eftir olíu auk úthlutunar. Ef olíuaðdrættir einhvers aðildarríkis minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki sem nemur meira en 7% skal það aðildarríki bera af endanlegri notkun sinni minnkun olíuaðdrátta sinna sem nemur allt að 7% en önnur aðildarríki skulu úthluta því olíumagni sem á vantar. Úthlutað er af olíu sem væntanleg er til aðildarríkja en aðeins er tekið af birgðum í landi er úthlutar olíu í algerum undantekningartilvikum. Taka má fram hér að aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar framleiða talsvert af olíu, einkum Bandaríkin, Bretland, Kanada og Noregur. Framleiðslan var t. d. röskar 600 milljónir tonna árið 1977. Til samanburðar má nefna að olíuinnflutningsmarkmið aðildarríkjanna fyrir árið 1980 var rúmlega 1 200 milljónir tonna (í jarðolíugildum).

Einkennandi fyrir **olíuneyðarkerfi** Alþjóðaorkustofnunarinnar er **sjálfvirkni**, þ. e. framkvæma skal neyðarráðstafanir nema stjórnarnefndin ákveði annað með sérstökum meirihluta innan ákveðins frests. Ákvæðin um sjálfvirkni eru bragarbót miðað við þann viðbúnað Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem brást í olíuneyðinni 1973—1974 þar eð ekki tókst að fá fram ákvörðun um að grípa til úthlutunar. Skyldan til að takmarka eftirspurn eftir olíu og úthluta henni þegar minnkun verður á aðdráttum til hópsins og skyldan til að úthluta olíu þegar minnkun verður á aðdráttum til einhvers aðildarríkis geta ýmist verið kostur eða galli eftir því hvernig á stendur í olíumálum einstakra landa. Draga má úr hugsanlegum erfiðleikum á tvennan hátt: 1) með því að hnika til hlutföllum innan ramma níutíu daga heildarbirgða, eiga sem sé meira en níutíu daga birgðir af þeirri olíu sem erfiðast er að spara eða úthluta en minna en níutíu daga birgðir af annarri olíu og 2) með því að eiga einhverjar birgðir umfram níutíu daga heildarbirgðir en það er dýrari kostur.

Olíukaup Íslendinga frá öðrum ríkjum en Sovétríkjunum á síðustu árum skapa fyrst raunhæfa **möguleika til úthlutunar olíu** þar eð það ákvæði hefur verið í olíukaupasamningum viðskiptaráðuneytisins við sovéska ríkisolíufélagið Sojuznefteexport að Ísland megi ekki selja olíuna áfram til þriðja lands án skriflegs samþykkis. Í olíusamningaviðræðunum haustið

1979 féllst félagið ekki á að fella ákvæðið niður en sækja mætti um undanþágu í einstökum tilvikum ef þörf þætti á.

Sérstök upplýsingaskylda hvílir á aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar til að tryggja árangursríka framkvæmd neyðarráðstafana. Sú skylda er þó aðeins þáttur í **upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn** og auk þess hefur verið sköpuð aðstaða til samráðs við olíufélög. Telja aðildarríkin mikið gagn að þeim olíuupplýsingum sem hér fást, m. a. um verð á olíu. Þau aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem standa utan Alþjóðaorkustofnunarinnar hafa ekki aðgang að einstökum upplýsingum nema í algerum undantekningartilvikum. Upplýsingar um ástand og horfur í olíumálum, m. a. einstökum framleiðslulöndum, geta að sjálfsögðu reynst mikilsverðar við stefnumótun í olíumálum og haft efnahagslegt gildi samkvæmt því.

Á grundvelli samningsins um alþjóðaorkuáætlun og ákvarðana stjórnarnefndar Alþjóðaorkustofnunarinnar, m. a. ákvörðunarinnar um áætlun um **langtímasamstarf** og ákvörðunarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu, hafa aðildarríkin lagt áherslu á að ná því markmiði að verða þegar til lengri tíma er litið **óháðari olíuinnflutningi** til að fullnægja heildarorkuþörf sinni. Ljóst er að viðleitni í þessa átt getur skipt aðildarríkin miklu máli fjárhagslega, stuðlað að gjaldeyrissparnaði með minni kaupum á dýrri olíu. Aðildarríkin heita því að beita sér fyrir landsáætlunum og stuðla að samþykkt samstarfsáætlana, sem fela m. a. í sér eftir atvikum sameiginleg fjár- og vinnuframlög, og samtímis munu þau samræma stefnu einstakra ríkja. Telja aðildarríkin mikilvægt að fylgjast með þróuninni í orkumálum og fá nauðsynlegar **upplýsingar** svo fljótt sem unnt er. Mest áhersla er lögð á orkusparnað, þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu og orkurannsóknir og þróun svo sem ítarlega hefur verið rakið hér að framan.

Að því er varðar **orkusparnað** hefur setning **hópmarkmiða og landsmarkmiða varðandi olíuinnflutning** til aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar verið mest áberandi. Var hópmarkmiðið t. d. 5% takmörkun á eftirspurn eftir olíu á árinu 1979. Ekki var með þessu stefnt að 5% takmörkun á eftirspurninni miðað við árið 1978 heldur áætlaða eftirspurn á árinu 1979. Markmiðin eru ekki lagalega bindandi. Áherslan hefur færst í auknum mæli frá hópmarkmiðum til markmiða fyrir einstök lönd, svo og aukins aðhalds. **Skipti á upplýsingum um orkusparnað** hafa aðildarríkin talið sérlega nytsamleg. Eru starfandi sérstakar nefndir er fjalla um orkusparnað, m. a. í iðnaði, samgöngum og byggingum.

Olíusparnaðarmarkmið geta að sjálfsögðu valdið aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar vissum erfiðleikum en líta verður á hagræðið í þessu sambandi, t. d. **gjaldeyrissparnað.** Nefna má sem dæmi að á árinu 1979 voru fluttar inn jarðolía og jarðolíuafurðir til Íslands fyrir röska 56 milljarða gamalla króna (samkvæmt Hagtíðindum) eða 560 milljónir nýkróna. Jafngilti þetta rúmlega 19% alls innflutnings Íslendinga á árinu. Markviss stefna í orkusparnaðarmálum, m. a. vegna aðhalds frá Alþjóðaorkustofnuninni, gæti leitt til umtalsverðs gjaldeyrissparnaðar. Í þessu sambandi má nefna fréttatilkynningu frá orkusparnaðarnefnd iðnaðarráðuneytisins í maí 1980. Kemur þar fram að bensínnotkun Íslendinga minnkaði um 3,4% á árinu 1979 miðað við árið þar á undan en á síðastliðnum sex árum hefði meðaltalsaukningin hins vegar verið um 7%. Miðað við að þróunin hefði verið óbreytt á árinu 1979 er því í raun um 10% bensínsparnað að ræða sem nefndin taldi jafngilda um 1,5 milljörðum gamalla króna í gjaldeyrissparnaði á verðlagi vorsins 1980 (15 milljónum nýkróna). Til samanburðar gat nefndin þess að jafnmikill gjaldeyrir sparaðist vegna aukinnar nýtingar innlendra orkugjafa í húshitun á árinu 1979.

Þau dæmi sem nú hafa verið nefnd sýna að raunhæft virðist að gera ráð fyrir möguleikum á umtalsverðum olíusparnaði þjóðarbúinu og þegnunum til hagsbóta. Ef aðild að Alþjóðaorkustofnuninni gæti enn aukið möguleika á olíusparnaði hér á landi yrði það þjóðinni til hagsbóta og gæti breytt kostnaðarmyndinni við hugsanlega aðild. Aukins olíusparn-

aðar yrði þó að vænta annars staðar en í húshitun þar sem olíusparnaðarmöguleikarnir verða hverfandi vegna skipulegs átaks við að láta innlenda orkugjafa leysa olíuna af hólmi.

Að því er varðar **þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu** má nefna að helstu leiðirnar til að draga úr innflutningi olíu í náinni framtíð eru auk orkusparnaðar taldar fólgnar í aukinni notkun **kóla** og meiri nýtingu kjarnorku. Á ráðherrafundi í maí 1979 voru samþykktar meginreglur um aðgerðir Alþjóðaorkustofnunarinnar varðandi kol.

Mikil gróska hefur verið í **orkurannsóknum og þróun** á vegum Alþjóðaorkustofnunarinnar. Í febrúarlok 1980 var þannig unnið að 49 **verkefnum** á ýmsum sviðum rannsókna og þróunar. Aðildarríkin ráða hvort þau taka þátt í þessum verkefnum. Má skipta verkefnunum í ýmsa flokka, m. a. orkusparnað, kolatækni, jarðhitaorku, sólarorku, ölduorku, vindorku og öryggi í notkun kjarnorku. Beinast flest verkefnanna að nýjum orkugjöfum. Hér má geta þess að unnið hefur verið að þremur rannsóknaverkefnum í jarðhitamálum, þ. e. 1) áætlun um rannsóknir og þróun jarðhitaorkukerfa sem mótuð eru af mönnum, 2) áætlun um rannsóknir, þróun og kynningu á tækni varðandi heitt, þurrt berg og 3) áætlun um rannsóknir, þróun og kynningu á jarðhitabúnaði. Ekki er veitt fé á fjárhagsáætlun Alþjóðaorkustofnunarinnar til einstakra rannsóknaverkefna heldur er útgjöldum jafnað niður á þau lönd sem taka þátt í verkefnunum í þeim hlutföllum sem þau samþykkja samhljóða sín í milli. Getur **kostnaðarskiptingin** verið ærið misjöfn. Aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem eru ekki jafnframt **aðilar** að Alþjóðaorkustofnuninni geta tekið þátt í einstökum verkefnum með samþykki stjórnarnefndar stofnunarinnar.

Ár hvert fer fram **tvíþætt allsherjarathugun á orkustefnu og orkuáætlunum** aðildarríkja. Beinist hún sérstaklega að orkusparnaði og þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu annars vegar og orkurannsóknum, þróun og kynningu hins vegar. Þriðja hvert ár fer fram ræki leg athugun á stefnu og áætlunum þriðjungs aðildarríkjanna í höfuðborgum þeirra. Allsherjarathugunin skapar aðildarríkjunum aðhald.

Í samningnum um alþjóðaorkuáætlun er m. a. gert ráð fyrir eflingu **samstarfs við olíuframleiðslulönd og önnur olíunotkunarlönd,** m. a. þróunarlönd. Hefur stofnunin tengsl við ýmis lönd og alþjóðastofnanir, t. d. Sameinuðu þjóðirnar. Tortryggni varð vart í garð stofnunarinnar í fyrstu, einkum af hálfu arabískra olíuframleiðslulanda. Andrúmsloftið hefur þó batnað mjög og á stofnunin nú m. a. vinsamleg, óformleg samskipti við Samtök olíuútflutningslanda (Organization of Petroleum Exporting Countries — OPEC).

Ef af aðild Íslands verður má búast við að það jafngildi hálfu starfi eða hálfu viðbótarstarfi við sendiráð Íslands í París og nokkurri **starfsaukningu** í viðskiptaráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu og undirstofnunum þess og hjá olíufélögunum, m. a. vegna upplýsingaskyldu um olíumál og orkumál almennt. Nokkur **kostnaður** fylgir þessu. Ef Ísland kýs að taka þátt í einstökum rannsóknaverkefnum geta fylgt því talsverð útgjöld. Þá má búast við að áhersla verði lögð á að auka fjárframlög hér á landi til orkurannsókna svo að dæmi séu nefnd.

Löndum þeim sem taka þátt í orkustarfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur farið fjölgandi og eru þau **almennt ánægð með starf stofnunarinnar** eins og einkum má merkja á ráðherrafundum. Er athyglisvert að Bandaríkin, Bretland, Japan, Kanada og sambandslýðveldið Þýskaland hafa fylgt þeirri föstu reglu að vísa málum sem snerta alþjóðlegt orkusamstarf til Alþjóðaorkustofnunarinnar. Nefna má að t. d. **Danir og Svíar** leggja mikið upp úr hinu aukna olíuöryggi sem fæst vegna aðildar að Alþjóðaorkustofnuninni þar eð þeir verða ekki eins háðir sveiflum í aðdráttum frá einstökum viðskiptalöndum sínum. Sama máli gegnir um afstöðu þeirra til sjálfvirkni í framkvæmd neyðarráðstafana, upplýsingastarfsemi stofnunarinnar um olíumálefni og orkumál almennt og orkusparnaðarstarf hennar. Að sjálfsögðu er unnt að benda á atriði sem til bóta mega horfa og nefndu Danir og Svíar t. d. að æskilegt hefði verið að setja landsmarkmið varðandi olíuinnflutning fyrir árið 1980 fyrr en í desember 1979. Það atriði stendur til bóta en sérstök ný markmið fyrir árin 1981 og 1982 voru ekki talin nauðsynleg. Norðmenn taka þátt í starfi stofnunarinnar samkvæmt sér-

samningi og ákveður norska ríkisstjórnin t. d. á grundvelli hans hvernig Noregur standi að framkvæmd neyðarráðstafana. Er gert ráð fyrir því að í reyndinni verði framlag landsins til olíuneyðarkerfis stofnunarinnar svipað og af hálfu hinna ríkjanna.

Ef Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni felur það í sér **samþykki á samningnum um alþjóðaorkuáætlun og ákvörðunum stjórnarnefndar** stofnunarinnar frá byrjun. Þar eð nauðsyn er á löggjöf hér á landi til framkvæmdar samningsins þykir rétt að leggja **frumvarp til laga** fram þegar í upphafi þannig að fá megi heildaryfirlit yfir málefni stofnunarinnar þegar afstaða er tekin til þess hvort sækja skuli um aðild að henni eða ekki. Af hálfu aðildarríkja stofnunarinnar hefur verið gefið óformlega til kynna að Íslandi mundi veittur **fimm ára aðlögunartími** til að auka olíubirgðahald og eftir atvikum olíugeymarými í áföngum við hagkvæmar aðstæður.

Greint er frá **skilyrðum fyrir aðild** í athugasemd við 1. gr. hér á eftir.

Það skal tekið fram að Ísland gæti **sagt** samningnum um alþjóðaorkuáætlun **upp með tólf mánaða fyrirvara** hvenær sem er eftir að það gerðist aðili að stofnuninni.

Á Íslandi og í öðrum löndum er eins og áður segir lögð aukin áhersla á orkumál og nauðsyn virkra aðgerða. Þetta kemur m. a. fram í **stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens** þar sem vikið er að öryggi í olíumálum, orkusparnaði, þróun innlendra orkugjafa, orkurannsóknum og orkustefnu. Eru markmiðin svipuð og hjá Alþjóðaorkustofnuninni. Þegar **tekin** er **afstaða til hagkvæmni aðildar** þarf fyrst og fremst að meta hina fjárhagslegu hlið málsins, m. a. tjón fyrir atvinnulíf og þjóðarbú ef til tímabundins olíuskorts kæmi, kostnað við aukið olíubirgðahald til að uppfylla níutíu daga neyðarbirgðaskyldu Alþjóðaorkustofnunarinnar, nauðsyn þess að auka olíubirgðahald til muna hvort sem af aðild yrði eða ekki og hvort auknar líkur yrðu á olíusparnaði ef Ísland nyti aðhalds frá stofnuninni og fengi þar jafnóðum upplýsingar um olíumál og orkumál almennt. Í þessu sambandi má nefna að réttar upplýsingar á réttum tíma geta komið að notum við stefnumótun og þá um leið haft fjárhagslega þýðingu fyrir Íslendinga.

Í Alþjóðaorkustofnuninni er um að ræða frekari útfærslu á samstarfi innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem Íslendingar hafa tekið þátt í. Samvinna um hin ýmsu atriði samningsins um alþjóðaorkuáætlun er Íslendingum ávinningur. Vegna samhjálpar þátttökulandanna í olíuneyð á friðartímum fæst aukið olíuöryggi sem ekki næst með öðrum hætti. Aðildin hvetur til áætlanagerðar um viðbúnað á neyðartímum. Upplýsingar frá stofnuninni gætu hjálpað Íslendingum til að ná hagstæðum samningum í olíukaupum og má telja samstarf sem þetta mjög mikilvægt fyrir land þar sem olíukaup og verðlagning hafa svo víðtæk áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar. Þá má fá upplýsingar um orkusparnaðarstarf nágrannalandanna og Ísland getur jafnvel miðlað fróðleik, t. d. í jarðhitamálum, og stungið upp á nytsamlegum samstarfsverkefnum á því sviði.

4. ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR FRUMVARPSINS.

Um 1. gr.

Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað að gerast fyrir Íslands hönd aðili að samningnum um alþjóðaorkuáætlun sem gerður var í París hinn 18. nóvember 1974, með áorðnum breytingum. Jafnframt er reynt að tryggja að Ísland geti uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Í bréfi til framkvæmdastjóra Alþjóðaorkustofnunarinnar þar sem sótt verður um aðild að stofnuninni verður mörkuð formlega sérstaða Íslands um fimm atriði sem eru efnislega svohljóðandi:

1. Ísland fer fram á fimm ára aðlögunartíma til að auka olíubirgðahald í áföngum við hagkvæmar aðstæður og jafnframt olíugeymarými ef nauðsynlegt reynist.

2. Ísland telur að V. kafli í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um áætlun um langtímasamstarf hafi að geyma almennar meginreglur sem séu ekki lagalega bindandi. Vill Ísland í þessu sambandi undirstrika að það hefur rétt til að eiga og ráða yfir náttúruauðlindum sínum og efnahag, svo og vernda umhverfi sitt og öryggi þegna sinna, og mun framkvæma V. kaflann á þann hátt sem samræmist íslenskri orkustefnu, m. a. í fjárfestingarmálum.
3. Varðandi 8. meginreglu í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu skal tekið fram að Ísland á mikla ónýtta vatnsorku og jarðhitaorku og mun því ekki stefna að hagnýtingu kjarnorku né taka virkan þátt í þeim málum sem snerta kjarnorku á vettvangi stofnunarinnar.
4. Varðandi 10. meginreglu í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu skal tekið fram að Ísland hyggst halda áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forystu íslenskra stofnana og stjórnvalda. Við rannsóknir og hugsanlega nýtingu auðlinda verður gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða, fyrst og fremst til að tryggja að hinar lifandi auðlindir hafsins verði ekki fyrir skaða. Áskilja íslensk stjórnvöld sér rétt til að mæla fyrir um hraða rannsókna og hugsanlegrar nýtingar m. a. með þau sjónarmið í huga.
5. Áratugum saman hefur Ísland flutt megnið af sinni olíu inn frá einum aðila, 60—70% af heildarinnflutningi olíunnar á síðustu árum. Ísland getur ekki úthlutað þessari olíu á olíuneyðartímum andstætt hefðbundnum ákvæðum gildandi olíukaupasamninga. Hugsanleg úthlutun af Íslands hálfu yrði af þeirri olíu sem flutt væri inn frá öðrum aðilum.

Ekki er gert ráð fyrir því að breyta þurfi lögum þessum vegna hugsanlegra breytinga á samningnum í framtíðinni ef þær eru þess eðlis að samþykki ríkisstjórnarinnar teljist nægilegt. Sem dæmi um slíkt má nefna þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar á samningnum, m. ö. o. breytingar á 62. gr. hans vegna nýrra þátttökulanda og 3. mgr. 71. gr. um aðild til bráðabirgða þegar Grikkland gerðist þátttökuland.

Texta samningsins með áorðnum breytingum fram til 1. apríl 1982 er að finna sem fylgiskjal hér á eftir. Um skýringar skal vísað til greinargerðarinnar hér að framan. Rétt þykir þó að ítreka hér í athugasemdunum við einstakar greinar lagafrumvarpsins viss aðalatriði og bæta nokkru við.

Um 2. gr.

Viðskiptaráðherra sem hefur með höndum málefni Efnahags- og framfarastofnunarinnar og viðskipti með olíu hér á landi fer með framkvæmd samningsins um alþjóðaorkuáætlun. Veigamikill þáttur framkvæmdarinnar varðar olíuneyðarkerfi Alþjóðaorkustofnunarinnar sem er sjálfstæð stofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Í Danmörku og Svíþjóð bera viðskiptaráðherrarnir einnig ábyrgð á þessum málum. Við framkvæmdina þarf að koma til margháttaður atbeini annarra ráðherra en valdsvið þeirra markast af lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Stafliður a) í 2. gr. snertir skyldu aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar til að halda neyðarbirgðir olíu til níutíu daga, samanber m. a. I. kafla samningsins um alþjóðaorkuáætlun. Hugtakið olíu ber að skilgreina rúmt. Tekur það ekki einungis yfir jarðolíu heldur og t. d. ýmsar tegundir olíuvara, svo sem gasolíu, svartolíu, bensín, þotueldsneyti og flugvélabensín. Neyðarbirgðir má reikna með tvennum hætti og miða annaðhvort við þrjár helstu tegundir olíuvara eða alla olíu í viðkomandi ríki. Rétt þykir að gera strax ráð fyrir því í lögum að íslenskir aðilar kunni síðar að gerast framleiðendur enda hefur sá möguleiki þegar komið til tals að þeir muni hreinsa eða láta hreinsa jarðolíu.

Stafliður b) snertir fyrst og fremst skyldu aðildarríkjanna til að takmarka eftirspurn eftir olíu á neyðartímum. Hvert aðildarríki skal ætíð hafa tilbúna áætlun um mögulegar ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum sem almennt er gert ráð fyrir að sé

7 eða 10%, samanber m. a. II. og IV. kafla samningsins. Ráðstafanir geta verið margs konar og m. a. tekið til notkunar, skiptingar, flutninga og staðsetningar olíu. Það er á valdi aðildarríkjanna hvernig þau haga takmörkunum þessum en þær geta skipt ýmsa aðila og jafnvel einstakar atvinnugreinar töluverðu máli. Gott samráð þarf m. a. að hafa við einstök ráðuneyti, einkum við mótun áætlunarinnar.

Stafliður c) snertir úthlutun olíu á neyðartímum. Það færi þá eftir atvikum hvort Ísland skyldi úthluta eða fá úthlutað olíu, samanber m. a. III.—IV. kafla samningsins. Ef um úthlutun af Íslands hálfu yrði að ræða er gengið út frá því að hún færi í langflestum tilvikum fram erlendis. Yrði þá tekið af þeirri olíu sem von væri á til landsins en ekki neyðarbirgðum olíu á Íslandi. Olía yrði samkvæmt þessu aðeins flutt héðan í algerum undantekningartilvikum. Ekki eru settar hér reglur um ákvörðun verðs en gengið út frá venjulegu söluverði með tilliti til allra aðstæðna, m. a. magns, afhendingarstaðar og afhendingartíma.

Staflið d) er fyrst og fremst ætlað að tryggja að stjórnvöld geti fengið allar þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að gefa Alþjóðaorkustofnuninni til að tryggja árangursríka framkvæmd neyðarráðstafana, samanber m. a. V. kafla samningsins. Hér má nefna að senda þarf skrifstofu stofnunarinnar á ákveðnum degi í hverjum mánuði ýmsar upplýsingar um olíubirgðir og olíuviðskipti svo að sjá megi í tíma hvort búast megi við olíuneyð, svo og fylgjast með henni. Sérstakur hluti upplýsingamiðlunar aðildarríkjanna tekur yfir þessi atriði. Þá mun í framkvæmdinni þurfa að gefa upplýsingar um verð á grundvelli almenns hluta upplýsingamiðlunar ríkjanna. Eðlilegt telst að hafa skýra lagaheimild um upplýsingaskylduna þótt unnt sé að afla ýmissa upplýsinga á grundvelli gildandi laga, t. d. verðlagslaga.

Um 3. gr.

Rétt þykir að hafa í lögunum heimild til framkvæmdar eignarnáms til að tryggja takmörkun á eftirspurn eftir olíu og hugsanlega úthlutun hennar á neyðartímum þótt ekki sé líklegt að eignarnámi þurfi að beita. Flutningar olíu falla undir 2. gr. b) og c) en taka mætti t. d. skip leigunámi samkvæmt heimild í þessari grein. Að öðru leyti skal vísað í lög um framkvæmd eignarnáms, nr. 11 6. apríl 1973.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er ákveðið hvernig öflun upplýsinga um olíumálefni samkvæmt 2. gr. megi hátta. Svipuð ákvæði, að breyttu breytanda, eru í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56 16. maí 1978.

Með 2. mgr. er ætlunin að veita óyggjandi lagaheimild til þess að stjórnvöld geti látið stofnunum samkvæmt samningnum um alþjóðaorkuáætlun, svo og einstökum ríkjum sem taka þátt í starfi Alþjóðaorkustofnunarinnar, í té upplýsingar um olíumál samkvæmt 2. gr. enda sé gætt trúnaðar í meðferð fenginna upplýsinga um einstaka aðila. Í 25., 30. og 35 gr. samningsins er greint frá því að upplýsingamiðlun aðildarríkjanna um alþjóðlega olíumarkaðinn skuli starfrækt á þann hátt sem tryggir trúnað í meðferð fenginna upplýsinga og skal setja starfsreglur þar sem kveðið er nánar á um þetta atriði.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru heimildir um ákvæði um sektir og févíti.

Um 6. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

FYLGISKJÖL.

Fylgiskjal I. Samningur um alþjóðaorkuáætlun.

SAMNINGUR UM ALÞJÓÐAORKUÁÆTLUN

RÍKISSTJÓRNIR LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS, BANDARÍKJANNA, KONUNGDÆMISINS BELGÍU, BRETLANDS, KONUNGDÆMISINS DANMERKUR, KONUNGDÆMISINS HOLLANDS, ÍRLANDS, LÝÐVELDISINS ÍTALÍU, JAPANS, KANADA, STÓRHERTOGADÆMISINS LÚXEMBORGAR, SPÁNAR, RÍKJASAMBANDSINS SVISS, KONUNGDÆMISINS SVÍÞJÓÐAR, LÝÐVELDISINS TYRKLANDS OG SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS

SEM VILJA stuðla að öruggum olíuaðdráttum á hóflegum og sanngjörnum kjörum,

ERU ÁKVEÐNAR Í að gera í sameiningu virkar ráðstafanir til að takast á við olíuaðdráttaneyð með því að verða sjálfum sér nógar um olíu á neyðartímum, takmarka eftirspurn og úthluta tiltækri olíu milli landa sinna á sanngjarnan hátt,

VILJA efla samstarf við olíuframleiðslulönd og önnur olíunotkunarlönd, m. a. þróunarlönd, með markvissum viðræðum og annars konar samstarfi til að stuðla að auknum skilningi milli notkunar- og framleiðslulanda,

HAFA Í HUGA hagsmuni annarra olíunotkunarlanda, m. a. þróunarlanda,

VILJA gegna virkara hlutverki gagnvart olíuiðnaðinum með því að koma á víðtækri alþjóðlegri upplýsingamiðlun og skapa varanlega aðstöðu til samráðs við olíufélög,

AGREEMENT ON AN INTERNATIONAL ENERGY PROGRAM

THE GOVERNMENTS OF THE REPUBLIC OF AUSTRIA, THE KINGDOM OF BELGIUM, CANADA, THE KINGDOM OF DENMARK, THE FEDERAL REPUBLIC OF GERMANY, IRELAND, THE ITALIAN REPUBLIC, JAPAN, THE GRAND DUCHY OF LUXEMBOURG, THE KINGDOM OF THE NETHERLANDS, SPAIN, THE KINGDOM OF SWEDEN, THE SWISS CONFEDERATION, THE REPUBLIC OF TURKEY, THE UNITED KINGDOM OF GREAT BRITAIN AND NORTHERN IRELAND, AND THE UNITED STATES OF AMERICA,

DESIRING to promote secure oil supplies on reasonable and equitable terms,

DETERMINED to take common effective measures to meet oil supply emergencies by developing an emergency self-sufficiency in oil supplies, restraining demand and allocating available oil among their countries on an equitable basis,

DESIRING to promote co-operative relations with oil producing countries and with other oil consuming countries, including those of the developing world, through a purposeful dialogue, as well as through other forms of co-operation, to further the opportunities for a better understanding between consumer and producer countries,

MINDFUL of the interests of other oil consuming countries, including those of the developing world,

DESIRING to play a more active role in relation to the oil industry by establishing a comprehensive international information system and a permanent framework for consultation with oil companies,

ERU ÁKVEÐNAR Í að verða óháðari olíuinnflutningi með því að taka þátt í langtímasamstarfi um orkusparnað, hraðari þróun annarra orkugjafa, orkurannsóknir og þróun og úranauðgun,

DETERMINED to reduce their dependence on imported oil by undertaking long-term co-operative efforts on conservation of energy, on accelerated development of alternative sources of energy, on research and development in the energy field and on uranium enrichment,

ERU ÞESS FULLVISSAR að þessum markmiðum verður aðeins náð með stöðugu samstarfi í virkum stofnunum,

CONVINCED that these objectives can only be reached through continued co-operative efforts within effective organs,

LÁTA Í LJÓS áform um að slíkum stofnunum verði komið á fót innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar,

EXPRESSING the intention that such organs be created within the framework of the Organisation for Economic Co-operation and Development,

GERA SÉR LJÓST að önnur aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar kunna að vilja taka þátt í starfi þeirra,

RECOGNISING that other Member countries of the Organisation for Economic Co-operation and Development may desire to join in their efforts,

HAFA HLIÐSJÓN AF sérstakri skyldu ríkisstjórna til öflunar orku,

CONSIDERING the special responsibility of governments for energy supply,

OG ÁLÍTA nauðsynlegt að gera alþjóðaorkuáætlun sem framkvæmd verði fyrir tilstilli alþjóðaorkustofnunar,

CONCLUDE that it is necessary to establish an International Energy Program to be implemented through an International Energy Agency, and to that end,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTAR UM eftirfarandi í því skyni:

HAVE AGREED as follows:

1. gr.

1. Þátttökulöndin skulu framkvæma alþjóðaorkuáætlunina í samningi þessum fyrir tilstilli Alþjóðaorkustofnunarinnar sem lýst er í IX. kafla og hér á eftir nefnist „stofnunin".

Article 1

1. The Participating Countries shall implement the International Energy Program as provided for in this Agreement through the International Energy Agency, described in Chapter IX, hereinafter referred to as the "Agency".

2. Hugtakið „þátttökulönd" merkir ríki sem samningnum er beitt gagnvart til bráðabirgða og ríki sem samningurinn hefur gengið í gildi gagnvart og gildir enn fyrir.

2. The term "Participating Countries" means States to which this Agreement applies provisionally and States for which the Agreement has entered into and remains in force.

3. Hugtakið „hópurinn" merkir þátttökulöndin í heild.

3. The term "group" means the Participating Countries as a group.

I. kafli

NEYÐARBIRGÐIR

2. gr.

1. Þátttökulöndin skulu í sameiningu verða sjálfum sér nóg um olíu á neyðartímum. Í þessu skyni skal hvert þátttökuland eiga neyðarbirgðir er nægi til a. m. k. 60 daga notkunar án nettóinnflutnings á olíu. Bæði notkun og nettóinnflutningur á olíu skulu miðast við daglegt meðaltal undangengins almanaksárs.

2. Stjórnarnefndin skal eigi síðar en 1. júlí 1975 ákveða með sérstökum meirihluta dag þann er neyðarbirgðaskylda hvers þátttökulands sem er grundvöllur aðdráttaréttar þess samkvæmt 7. gr. skal skoðast aukin að 90 daga marki. Hvert þátttökuland skal auka raunverulegar neyðarbirgðir sínar í 90 daga birgðir og stefna að því að gera það fyrir þann dag sem ákveðinn verður.

3. Hugtakið „neyðarbirgðaskylda" merkir neyðarbirgðir sem jafngilda 60 daga nettóinnflutningi á olíu samkvæmt 1. mgr. og frá þeim degi sem ákveðinn verður samkvæmt 2. mgr. merkir það birgðir sem jafngilda 90 daga nettóinnflutningi á olíu samkvæmt 2. mgr.

3. gr.

1. Unnt er að uppfylla neyðarbirgðaskyldu 2. gr. með
   — olíubirgðum,
   — eldsneytisskiptagetu,
   — aukagetu til olíuframleiðslu,

í samræmi við viðaukann sem er óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

2. Stjórnarnefndin skal eigi síðar en 1. júlí 1975 ákveða með meirihluta að hve miklu leyti unnt sé að uppfylla neyðarbirgðaskylduna með þeim þáttum sem nefndir eru í 1. mgr.

4. gr.

1. Fastanefndin um neyðartilvik skal hafa til at-

Chapter 1

EMERGENCY SELF-SUFFICIENCY

Article 2

1. The Participating Countries shall establish a common emergency self-sufficiency in oil supplies. To this end, each Participating Country shall maintain emergency reserves sufficient to sustain consumption for at least 60 days with no net oil imports. Both consumption and net oil imports shall be reckoned at the average daily level of the previous calendar year.

2. The Governing Board shall, acting by special majority, not later than 1st July, 1975, decide the date from which the emergency reserve commitment of each Participating Country shall, for the purpose of calculating its supply right referred to in Article 7, be deemed to be raised to a level of 90 days. Each Participating Country shall increase its actual level of emergency reserves to 90 days and shall endeavour to do so by the date so decided.

3. The term "emergency reserve commitment" means the emergency reserves equivalent to 60 days of net oil imports as set out in paragraph 1 and, from the date to be decided according to paragraph 2, to 90 days of net oil imports as set out in paragraph 2.

Article 3

1. The emergency reserve commitment set out in Article 2 may be satisfied by:
   — oil stocks,
   — fuel switching capacity,
   — stand-by oil production,

in accordance with the provisions of the Annex which forms an integral part of this Agreement.

2. The Governing Board shall, acting by majority, not later than 1st July, 1975, decide the extent to which the emergency reserve commitment may be satisfied by the elements mentioned in paragraph 1.

Article 4

1. The Standing Group on Emergency Ques-

hugunar áhrif ráðstafana sem þátttökuland gerir til að uppfylla neyðarbirgðaskyldu sína.

2. Fastanefndin um neyðartilvik skal gefa framkvæmdanefndinni skýrslu og skal hún eftir atvikum gera tillögur til stjórnarnefndarinnar. Stjórnarnefndin getur með meirihluta samþykkt tillögur til þátttökulanda.

tions shall, on a continuing basis, review the effectiveness of the measures taken by each Participating Country to meet its emergency reserve commitment.

2. The Standing Group on Emergency Questions shall report to the Management Committee, which shall make proposals, as appropriate, to the Governing Board. The Governing Board may, acting by majority, adopt recommendations to Participating Countries.

II. kafli
TAKMÖRKUN Á EFTIRSPURN

5. gr.

1. Hvert þátttökuland skal ætíð hafa tilbúna áætlun um mögulegar ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu sem gerir því kleift að draga úr endanlegri notkun sinni í samræmi við IV. kafla.

2. Fastanefndin um neyðartilvik skal hafa til athugunar og meta:

— áætlun hvers þátttökulands um ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn,

— áhrif ráðstafana sem hvert þátttökuland hefur í raun gert.

3. Fastanefndin um neyðartilvik skal gefa framkvæmdanefndinni skýrslu og skal hún eftir atvikum gera tillögur til stjórnarnefndarinnar. Stjórnarnefndin getur með meirihluta samþykkt tillögur til þátttökulanda.

Chapter II
DEMAND RESTRAINT

Article 5

1. Each Participating Country shall at all times have ready a program of contingent oil demand restraint measures enabling it to reduce its rate of final consumption in accordance with Chapter IV.

2. The Standing Group on Emergency Questions shall, on a continuing basis, review and assess:

— each Participating Country's program of demand restraint measures,

— the effectiveness of measures actually taken by each Participating Country.

3. The Standing Group on Emergency Questions shall report to the Management Committee, which shall make proposals, as appropriate, to the Governing Board. The Governing Board may, acting by majority, adopt recommendations to Participating Countries.

III. kafli
ÚTHLUTUN

6. gr.

1. Hvert þátttökuland skal gera nauðsynlegar ráðstafanir svo að úthluta megi olíu samkvæmt þessum kafla og IV. kafla.

Chapter III
ALLOCATION

Article 6

1. Each Participating Country shall take the necessary measures in order that allocation of oil will be carried out pursuant to this Chapter and Chapter IV.

2. Fastanefndin um neyðartilvik skal hafa til athugunar og meta:

— ráðstafanir hvers þátttökulands svo að úthluta megi olíu samkvæmt þessum kafla og IV. kafla.

— áhrif ráðstafana sem hvert þátttökuland hefur í raun gert.

3. Fastanefndin um neyðartilvik skal gefa framkvæmdanefndinni skýrslu og skal hún eftir atvikum gera tillögur til stjórnarnefndarinnar. Stjórnarnefndin getur með meirihluta samþykkt tillögur til þátttökulanda.

4. Stjórnarnefndin skal hið fyrsta ákveða með meirihluta hvernig úthlutun olíu skuli háttað í framkvæmd, svo og hvernig og í hvaða formi þátttöku olíufélaga verði hagað í því sambandi á grundvelli samnings þessa.

7. gr.

1. Þegar úthlutun olíu fer fram samkvæmt 13., 14. eða 15. gr. skal hvert þátttökuland hafa aðdráttarétt sem nemur leyfilegri notkun þess að frádreginni skyldunotkun neyðarbirgða.

2. Þátttökuland sem hefur aðdráttarétt umfram samanlagða venjulega innanlandsframleiðslu og raunverulegan nettóinnflutning til ráðstöfunar á neyðartímum skal hafa úthlutunarrétt er veitir því heimild til aukins nettóinnflutnings sem samsvarar þeim mismun.

3. Þátttökuland þar sem samanlögð venjuleg innanlandsframleiðsla og raunverulegur nettóinnflutningur til ráðstöfunar á neyðartímum er meiri en nemur aðdráttarétti þess skal hafa úthlutunarskyldu sem gerir því að leggja öðrum þátttökulöndum beint eða óbeint til olíumagn sem nemur þeim mun. Þetta skal þó ekki hindra neitt þátttökuland í að flytja áfram út olíu til annarra landa en þátttökulanda.

2. The Standing Group on Emergency Questions shall, on a continuing basis, review and assess:

— each Participating Country's measures in order that allocation of oil will be carried out pursuant to this Chapter and Chapter IV,

— the effectiveness of measures actually taken by each Participating Country.

3. The Standing Group on Emergency Questions shall report to the Management Committee, which shall make proposals, as appropriate, to the Governing Board. The Governing Board may, acting by majority, adopt recommendations to Participating Countries.

4. The Governing Board shall, acting by majority, decide promptly on the practical procedures for the allocation of oil and on the procedures and modalities for the participation of oil companies therein within the framework of this Agreement.

Article 7

1. When allocation of oil is carried out pursuant to Article 13, 14, or 15, each Participating Country shall have a supply right equal to its permissible consumption less its emergency reserve drawdown obligation.

2. A Participating Country whose supply right exceeds the sum of its normal domestic production and actual net imports available during an emergency shall have an allocation right which entitles it to additional net imports equal to that excess.

3. A Participating Country in which the sum of normal domestic production and actual net imports available during an emergency exceeds its supply right shall have an allocation obligation which requires it to supply, directly or indirectly, the quantity of oil equal to that excess to other Participating Countries. This would not preclude any Participating Country from maintaining exports of oil to non-participating countries.

4. Hugtakið „leyfileg notkun“ merkir meðaltal daglegrar endanlegrar notkunar sem leyfð er þegar neyðartakmörkun á eftirspurn á viðkomandi stigi hefur komið til framkvæmda; hugsanleg frekari sjálfviljug takmörkun á eftirspurn af hálfu einhvers þátttökulands skal ekki hafa áhrif á úthlutunarrétt né skyldu þess.

4. The term "permissible consumption" means the average daily rate of final consumption allowed when emergency demand restraint at the applicable level has been activated; possible further voluntary demand restraint by any Participating Country shall not affect its allocation right or obligation.

5. Hugtakið „skyldunotkun neyðarbirgða“ merkir neyðarbirgðaskyldu þátttökulands deilt með samanlagðri neyðarbirgðaskyldu hópsins og margfaldað með aðdráttaskorti hópsins.

5. The term "emergency reserve drawdown obligation" means the emergency reserve commitment of any Participating Country divided by the total emergency reserve commitment of the group and multiplied by the group supply shortfall.

6. Hugtakið „aðdráttaskortur hópsins“ merkir þann skort hópsins sem nemur samanlagðri leyfilegri notkun hópsins að frádregnum þeim olíuaðdráttum sem hópnum eru tiltækir á degi hverjum á neyðartímum.

6. The term "group supply shortfall" means the shortfall for the group as measured by the aggregate permissible consumption for the group minus the daily rate of oil supplies available to the group during an emergency.

7. Hugtakið „olíuaðdrættir sem hópnum eru tiltækir“ merkir:

— alla jarðolíu sem hópnum er tiltæk,
— allar olíuvörur sem fluttar eru inn frá löndum utan hópsins og
— allar fullunnar vörur og hálfunnar vörur í olíuhreinsunarstöðvum sem framleiddar eru með notkun jarðgass og jarðolíu og hópnum eru tiltækar.

7. The term "oil supplies available to the group" means

— all crude oil available to the group,
— all petroleum products imported from outside the group, and
— all finished products and refinery feedstocks which are produced in association with natural gas and crude oil and are available to the group.

8. Hugtakið „endanleg notkun“ merkir heildarnotkun innanlands á öllum fullunnum olíuvörum.

8. The term "final consumption" means total domestic consumption of all finished petroleum products.

8. gr.

1. Þegar úthlutun olíu til þátttökulands fer fram samkvæmt 17. gr. skal það þátttökuland

— bera af endanlegri notkun sinni minnkun olíuaðdrátta sinna sem nemur allt að 7 hundraðshlutum af endanlegri notkun þess á viðmiðunartímanum,

— hafa úthlutunarrétt til jafns við þá minnkun olíuaðdrátta sinna sem leiðir til samdráttar í endanlegri notkun þess umfram það mark.

Article 8

1. When allocation of oil to a Participating Country is carried out pursuant to Article 17, that Participating Country shall

— sustain from its final consumption the reduction in its oil supplies up to a level equal to 7 per cent of its final consumption during the base period,

— have an allocation right equal to the reduction in its oil supplies which results in a reduction of its final consumption over and above that level.

2. Skylduna til að úthluta þessu olíumagni bera önnur þátttökulönd sameiginlega á grundvelli endanlegrar notkunar þeirra á viðmiðunartímanum.

3. Þátttökulöndin mega uppfylla úthlutunarskyldu sína með hvaða ráðstöfunum sem þau kjósa, m. a. ráðstöfunum til takmörkunar á eftirspurn eða notkun neyðarbirgða.

2. The obligation to allocate this amount of oil is shared among the other Participating Countries on the basis of their final consumption during the base period.

3. The Participating Countries may meet their allocation obligations by any measures of their own choosing, including demand restraint measures or use of emergency reserves.

9. gr.

1. Þegar uppfylla skal úthlutunarrétt og úthlutunarskyldu eru eftirfarandi þættir teknir með:

- öll jarðolía,
- allar olíuvörur,
- allar hálfunnar vörur í olíuhreinsunarstöðvum og
- allar fullunnar vörur sem framleiddar eru með notkun jarðgass og jarðolíu.

2. Þegar úthlutunarréttur þátttökulands er reiknaður skulu allar olíuvörur sem það þátttökuland flytur venjulega inn, hvort heldur frá öðrum þátttökulöndum eða öðrum löndum, umreiknaðar í jarðolíugildi og taldar sem innflutningur jarðolíu til þess þátttökulands.

3. Eftir því sem unnt er verður miðað við venjulegar aðdráttaleiðir, svo og venjulegt aðdráttahlutfall milli jarðolíu og vara og milli mismunandi tegunda jarðolíu og vara.

4. Þegar úthlutun fer fram skal eitt markmið áætlunarinnar vera að tiltækri jarðolíu og vörum sé eftir því sem unnt er deilt niður innan olíuhreinsunar- og dreifingargreina og á milli olíuhreinsunarstöðva og dreifingaraðila í samræmi við hefðbundið fyrirkomulag aðdrátta.

Article 9

1. For purposes of satisfying allocation rights and allocation obligations, the following elements will be included:

- all crude oil,
- all petroleum products,
- all refinery feedstocks, and
- all finished products produced in association with natural gas and crude oil.

2. To calculate a Participating Country's allocation right, petroleum products normally imported by that Participating Country, whether from other Participating Countries or from non-participating countries, shall be expressed in crude oil equivalent and treated as though they were imports of crude oil to that Participating Country.

3. Insofar as possible, normal channels of supply will be maintained as well as the normal supply proportions between crude oil and products and among different categories of crude oil and products.

4. When allocation takes place, an objective of the Program shall be that available crude oil and products shall, insofar as possible, be shared within the refining and distributing industries as well as between refining and distributing companies in accordance with historical supply patterns.

10. gr.

1. Það skal vera meðal markmiða áætlunarinnar að tryggja öllum þátttökulöndum sanngjarna meðferð og að verð á olíu sem úthlutað er taki mið af almennri verðlagningu í sambærilegum viðskiptum.

Article 10

1. The objectives of the Program shall include ensuring fair treatment for all Participating Countries and basing the price for allocated oil on the price conditions prevailing for comparable commercial transactions.

2. Vandamál varðandi verðlagningu á olíu sem úthlutað er á neyðartímum skal taka til athugunar í fastanefndinni um neyðartilvik.

11. gr.

1. Það er ekki markmið áætlunarinnar að leitast við að auka á neyðartímum hlutdeild hópsins í olíuaðdráttum heimsins umfram það sem verið hefur við venjulegar markaðsaðstæður. Hefðbundnum olíuviðskiptaháttum skal viðhaldið að svo miklu leyti sem skynsamlegt þykir og tilhlýðilegt tillit skal tekið til stöðu einstakra landa sem eru ekki þátttökulönd.

2. Svo að halda megi meginreglurnar í 1. mgr. skal framkvæmdanefndin eftir atvikum gera tillögur til stjórnarnefndarinnar sem tekur með meirihluta ákvarðanir um þessar tillögur.

2. Questions relating to the price of oil allocated during an emergency shall be examined by the Standing Group on Emergency Questions.

Article 11

1. It is not an objective of the Program to seek to increase, in an emergency, the share of world oil supply that the group had under normal market conditions. Historical oil trade patterns should be preserved as far as is reasonable, and due account should be taken of the position of individual non-participating countries.

2. In order to maintain the principles set out in paragraph 1, the Management Committee shall make proposals, as appropriate, to the Governing Board, which, acting by majority, shall decide on such proposals.

IV. kafli

FRAMKVÆMD

FRAMKVÆMD

12. gr.

Hvenær sem olíuaðdrættir alls hópsins eða einhvers þátttökulands minnka eða ætla má með rökum að þeir minnki skulu neyðarráðstafanirnar, þ. e. skyldubundin takmörkun á eftirspurn samkvæmt II. kafla og úthlutun tiltækrar olíu samkvæmt III. kafla, koma til framkvæmda samkvæmt þessum kafla.

13. gr.

Hvenær sem daglegt magn olíuaðdrátta hópsins minnkar eða ætla má með rökum að það minnki sem nemur a. m. k. 7 hundraðshlutum af daglegu meðaltali endanlegrar notkunar hans á viðmiðunartímanum skal hvert þátttökuland gera ráðstafanir til takmörkunar á eftirspurn er nægja til að draga úr endanlegri notkun þess sem nemur 7 hundraðshlutum af endanlegri notkun þess á viðmiðunartímanum og úthlutun tiltækrar olíu milli þátttökulandanna skal fara fram samkvæmt 7., 9., 10. og 11. gr.

Chapter IV

ACTIVATION

ACTIVATION

Article 12

GENERAL GUIDELINES CONCERNING INFORMATION AND INTELLECTUAL PROPERTY IN IMPLEMENTING AGREEMENTS PURSUANT TO ARTICLE VI (A) OF THE DECISION OF THE GOVERNING BOARD ON GUIDING PRINCIPLES FOR CO-OPERATION IN THE FIELD OF ENERGY RESEARCH AND DEVELOPMENT

I. INTRODUCTION

1. The Participating Countries anticipate that the Decision of the IEA Governing Board of 28th July, 1975 on Guiding Principles for Co-operation in the Field of Research and Development [IEA/GB/DEC/75.8], will result in a wide range of programmes and projects among a variety of participants.Implementing Agreements between participants in particular co-operative activities should, where appropriate, contain detailed operational provisions including rules governing dissemination of scientific and technical information and rights to intellectual property. It is understood that such Agreements will be developed with regard to the special circumstances of each programme or project, taking into account the following Guidelines.

2. DEFINITIONS

As used in this Annex,
- — "Participating Countries" shall mean all states which participate in the International Energy Program as Participating Countries of the International Energy Agency.
- — "participants" shall mean the Governments of Participating Countries, or the designated national agencies, public organisations, private corporations, companies or other entities which take part in programmes or projects under the Governing Board Decision of 28th July, 1975.
- — "intellectual property" shall mean intellectual property as defined in Article 2 *(viii)* of the Convention Establishing the World Intellectual Property Organisation, signed on 14th July, 1967, as well as proprietary information.
- — "proprietary information" shall mean information of a confidential nature (including e. g. "know-how" and "software") and information appropriately marked which is not yet patented or is not patentable but is subject to property rights or to commercial or other restrictions of a contractual, customary or legal nature.

II. GENERAL DISSEMINATION OF INFORMATION

3. Participants involved in a programme or project under an Implementing Agreement should support the widest possible dissemination of information to all Participating Countries, subject only to the need for protecting intellectual property and in particular, retaining in confidence that type of property which can be destroyed by improper or premature disclosure. Implementing Agreements should therefore provide for appropriate arrangements for the dissemination of such information to Participating Countries according to Article VIII *(a)* of the Guiding Principles. This policy should be applied in relation to programmes and projects for industrial and commercial applications, such as consortia, as well as to purely scientific forms of co-operation.

4. The participants in a programme or project may invite other Participating Countries to make available or to identify all published information known to them which concerns the programme or project.

III. EXCHANGES OF INFORMATION AND JOINT MEETINGS

5. With respect to intellectual property generated as a direct result of participants exchanging information in a specified field ("resulting intellectual property"), it will be difficult in many cases to identify specific, underlying information used to generate such property ("underlying information"), as well as the origin of the information used. However, to the extent such property can be identified:

— The generating participant (or its Government, where appropriate) shall determine the allocation of all rights to resulting intellectual property in all countries, provided however that the participant which supplied the underlying information used (and, where appropriate, its Government and the nationals designated by it) shall be granted a non-exclusive licence to resulting intellectual property in all countries other than the country of the generating participant.

IV. EXCHANGES OF SCIENTISTS OR OTHER EXPERTS

6. With respect to intellectual property generated as a direct result of visits and exchanges of scientists or other experts between participants:

— The generating participant (or its Government, where appropriate) receiving the scientists or experts shall determine the allocation of all rights to such intellectual property in its own country and in all third countries, provided however that the participant sending the scientists or experts (and, where appropriate, its Government and nationals designated by it) shall be granted a non-exclusive licence to such property in third countries other than that of the generating participant;

— The participant (or its Government, where appropriate) sending the scientists or the experts shall determine the allocation of all rights to such intellectual property in its own country.

V. ADDITIONAL PROVISIONS FOR EXCHANGES OF INFORMATION AND SCIENTISTS (AND FOR OTHER SIMPLIFIED ARRANGEMENTS)

7. Each participant will take all necessary steps to protect and respect the intellectual property referred to in paragraphs 5 and 6 in accordance with the laws of its respective country and international law.

8. Each participant in a programme or project will, without prejudice to any rights of inventors under its national law, take all necessary steps to provide the co-operation from its authors and inventors required to carry out the provisions in the Implementing Agreement regarding intellectual property.

9. Each participant will assume the responsibility to pay awards or compensation required to be paid to its employees according to the laws of its country.

VI. FOR SPECIAL JOINT PROJECTS AND PROGRAMMES

A. Use of pre-existing intellectual property for the purpose of programmes and projects

10. Intellectual property which is in the possession of, owned by or otherwise at the disposition of either a participant or its Government at the commencement of the co-operative activity and which is needed for the purposes of the project or programme, should be made available to the other participants (and, where appropriate, to the Governments of other participants) and to their prime or subcontractors for use in the project or programme only. This obligation concerns only intellectual property which is freely at the disposal of the participant or Government and the transmission or use of which is not subject to contractual and/or legal obligations.

11. A participant and its Government contributing pre-existing information and/or intellectual property for the purpose of the project or programme should normally be given recognition of this contribution, on terms and conditions to be defined by or pursuant to the Implementing Agreement.

B. Rights in intellectual property resulting from the co-operative activities

12. In most cases, projects and programmes will generate intellectual property, the detailed treatment of which can only be agreed on a case-by-case basis, in view of the complexity of the factors to be taken into account. However, the following principles should be followed:

- Arrangements should be agreed for appropriate dissemination of proprietary information resulting from the co-operative activity;
- Steps should be taken for ensuring appropriate protection of intellectual property generated by programmes or projects;
- Each participant (or its Government, where appropriate) should be granted the exclusive right to licence the manufacturing of a product or use of a process in its own country, and a non-exclusive right to licence the sale of a product in the countries of all participants, on terms and conditions to be agreed to on an equitable basis related to the sharing of obligations, contributions, rights and benefits of the participants and their Governments;
- Use of such property by the participants in the territory of other countries should be agreed upon between the participants (or their Governments, where appropriate) on an equitable basis related to the sharing of obligations, contributions, rights and benefits of the participants and their Governments;
- Other Participating Countries, in order to meet their energy needs, will have the right (in agreement with the participants) to a non-exclusive licence in their own country on terms that are equitable to the participants.

C. Use of pre-existing intellectual property for related purposes

13. This paragraph concerns the continued use for related purposes of pre-existing intellectual property *after the termination of a programme or project.* Detailed treatment of such property can only be agreed on a case-by-case basis, in view of the complexity of factors to be taken into account. However, the following principles should be followed:

- Arrangements should be agreed by all recipients for respecting pre-existing intellectual property and maintaining proprietary information in confidence;
- Steps should be taken to restrict further dissemination of proprietary information which is not covered by agreement of the originating participant;
- Each participant (and, where appropriate, its Government and nationals designated by it) should be granted a non-exclusive licence to such property in the countries of all participants, for use as determined by the Implementing Agreement and on terms and conditions agreed to on an equitable basis related to the sharing of obligations, contributions, rights and benefits of the participants and their Governments;
- Use of such property by the participants in the territory of other countries should be agreed upon between the participants (or their Governments, where appropriate) on an equitable basis related to the sharing of obligations, contributions, rights and benefits of the participants and their Governments;
- Other Participating Countries, in order to meet their energy needs, will have the right (in agreement with the participants) to a non-exclusive licence in their own country on terms that are equitable to the participants.

D. Other Provisions

14. Implementing Agreements should contain provisions with respect to:

- The protection of intellectual property;
- Co-operation from authors and inventors; and
- Awards and compensation due to authors and inventors.

VII. EXPLANATORY NOTES

15. As used in the text, the term "non-exclusive licence" and the term "exclusive licence" do not indicate whether or not such licences are royalty bearing; this issue is left for decision of the participants.

16. In providing for the protection of intellectual property with regard to a specific project, participants may take account of the effectiveness of the protection afforded under the respective laws of all countries.

17. In regard to the designation of nationals to receive licences provided for in these Guidelines, such designation may be delegated to a private participant by its Government.

18. Nothing herein shall derogate from the rights of the Governments of participants in respect of intellectual property and proprietary information as provided for by their national laws.

Fylgiskjal III. Hópmarkmið og meginreglur orkustefnu.

ÁKVÖRÐUN UM HÓPMARKMIÐ OG MEGINREGLUR ORKUSTEFNU

Stjórnarnefndin

sem hefur í huga:

að heimurinn stendur frammi fyrir þeirri alvarlegu hættu að þegar á níunda áratug tuttugustu aldarinnar muni hann ekki hafa nægilega olíu og orku í öðru formi á hóflegu verði nema rennt sé stoðum undir núverandi orkustefnu;

að slíkt ástand mundi hafa alvarleg efnahagsleg, félagsleg og stjórnmálaleg áhrif í öllum aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar og um heim allan;

að aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar verða að veita atbeina sinn til að draga úr þessari hættu með því að móta styrka og staðfasta orkustefnu, til þess ætlaða að bæta nýtingu orkuauðlinda og leggja meiri áherslu á þá orkugjafa sem ekki er hætt við að gangi fljótt til þurrðar;

að skjótar aðgerðir í þessu tilliti ættu að vera nauðsynlegur meginþáttur í orkustefnu aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar við mótun almennrar efnahagsstefnu þeirra enda sé tekið tillit til umhverfis- og varúðarsjónarmiða vegna notkunar orkuauðlinda;

að stefnumörkun aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar ætti að vera samhæfð og taka tillit til afleiðinga aðgerða í einstökum aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar á framboð og eftirspurn eftir orku í öðrum löndum, svo og ákvæða samningsins um alþjóðaorkuáætlun og áætlunarinnar um langtímasamstarf;

ákveður:

1. að það muni vera markmið aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar sem hóps, til þess að viðhalda jafnvægi á orkumarkaðinum, að láta heildarolíuinnflutning sinn ekki fara yfir 26 milljónir tunna á dag á árinu 1985 og þau muni setja sér hópmarkmið fyrir síðari tímabil;
2. að aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar muni, til þess að ná hópmarkmiðunum, efla núverandi aðgerðir sínar:
   a) með því að samþykkja meginreglur orkustefnu samkvæmt viðauka I hér á eftir sem aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar eru staðráðin í að fara eftir við mótun og framkvæmd orkustefnu einstakra landa;

DECISION ON GROUP OBJECTIVES AND PRINCIPLES FOR ENERGY POLICY

The Governing Board,

Considering:

that the world is confronted with the serious risk that as early as the 1980s it will not have sufficient oil and other forms of energy available at reasonable prices unless present energy policies are strengthened;

that such a situation would have severe economic, social and political repercussions in all International Energy Agency countries and throughout the world;

that IEA countries must help reduce this risk by a strong and sustained policy response designed to make more effective use of energy resources and put more emphasis on less depletable energy sources;

that prompt action in this regard should be a major and essential element of IEA countries' energy policies in the development of their general economic strategy, taking into account environmental and safety aspects of the use of energy resources;

that the policy response of IEA countries should be concerted, having regard to the consequences of action in individual IEA countries for energy supply and demand in other countries, and taking into account the provisions of the Agreement on an International Energy Program and the Long-Term Co-operation Programme;

Decides:

1. that, in order to maintain equilibrium in energy market conditions, it will be the objective of IEA countries as a group to hold their total oil imports to not more than 26 million barrels per day in 1985; and that they will establish group objectives for successive periods;
2. that, in order to achieve the group objectives, IEA countries will reinforce their present efforts:
   (a) by endorsing the Principles for Energy Policy set forth in Annex I hereto, which IEA countries are determined to follow in the establishment and implementation of national energy policies;

b) með því að stuðla að því sem einstök aðildarríki Alþjóðaorkustofnunarinnar, með þeirri stefnu og ráðstöfunum sem þau samþykkja í orkumálum, að hópmarkmiðin náist; einstakar yfirlýsingar í viðauka II hér á eftir lýsa stefnu og ráðstöfunum sem ríkisstjórnir hyggjast beita sér fyrir í þessu skyni og er þar tekið tillit til meginreglna orkustefnu samkvæmt viðauka I hér á eftir og niðurstaðnanna í athugunum Alþjóðaorkustofnunarinnar á ríkjunum;

c) með því að athuga árlega á kerfisbundinn hátt við framkvæmd athugana Alþjóðaorkustofnunarinnar:
— framlag aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar til þess að náð verði þeim hópmarkmiðum sem um ræðir í 1. mgr.;
— áframhaldandi gildi hópmarkmiðanna; og
— þörfina á setningu hópmarkmiða fyrir síðari ár;
taka skal hér tillit til mismunandi aðstæðna í aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar (m. a. hvenær tímabært má telja að framkvæma orkustefnu), meginreglna orkustefnu samkvæmt viðauka I hér á eftir, stefnu og ráðstafana sem tilgreindar eru í viðauka II hér á eftir og þarfarinnar á að tryggja hliðstætt átak allra aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar;

d) með því að viðurkenna þörfina á að styrkja enn — með aðgerðum einstakra landa og auk þess eftir atvikum sérstökum ráðstöfunum til alþjóðlegs samstarfs og samstöðu með tilhlýðilegu tilliti til fjárhagslegra og tæknilegra afleiðinga — stefnu sína og ráðstafanir eins og nauðsynlegt kann að vera til að ná hópmarkmiðunum enda sé tekið tillit til niðurstaðnanna í athugunum Alþjóðaorkustofnunarinnar.

(b) by contributing, as individual IEA countries, to the achievement of the group objectives through the energy policies and measures which they adopt; the individual statements set forth in Annex II hereto describe the policies and measures which Government intend to take for this purpose, having taken into account the Principles for Energy Policy set forth in Annex I hereto and the results of the IEA's country reviews;

(c) by reviewing systematically each year within the review process of the International Energy Agency:
— the contribution of IEA countries to the achievement of the group objectives referred to in paragraph 1;
— the continuing validity of the group objectives; and
— the need for establishment of objectives for later years;
taking account of IEA countries' individual circumstances (including the timing considered appropriate for the implementation of energy policies), of the Principles for Energy Policy set forth in Annex I hereto, of the policies and measures stated in Annex II hereto, and of the need for ensuring equivalence of effort among all IEA countries;

(d) by accepting the need to further strengthen — by national action supplemented where appropriate by concrete measures for international cooperation and solidarity with due regard for the financial and technological implications — their policies and measures as may be necessary to meet the group objectives, taking into account the results of the reviews in the International Energy Agency.

VIÐAUKI I VIÐ ÁKVÖRÐUNINA

Meginreglur orkustefnu

1. Frekari mótun hvers þátttökulands á eigin orkuáætlunum og/eða stefnu sem setja m. a. fram á eins skýran hátt og verða má það markmið að draga beinlínis úr eða takmarka olíuinnflutning í

ANNEX I TO THE DECISION

Principles for Energy Policy

1. Further development by each Participating Country of national energy programmes and/or policies which include the objective, formulated as specifically as possible, of reducing in absolute

framtíðinni með orkusparnaði, aukinni notkun innlendra orkugjafa og notkun annarra orkugjafa í stað olíu.

2. Stöðugt skal gefa góðan gaum mikilvægum umhverfis-, varúðar-, byggða- og öryggissjónarmiðum sem tengjast framleiðslu, flutningi og notkun orku og aukinn sé hraði og samræmi hjá opinberum aðilum við lausn árekstra sem kunna að vera milli þessara sjónarmiða og orkuþarfar.

3. Leyfa skal innlendu orkuverði að ná marki sem hvetur til orkusparnaðar og þróunar annarra orkugjafa.

4. Stóraukinn orkusparnaður, sem hafi algeran forgang hvað snertir aukin fjárframlög, í því skyni að draga úr aukningu eftirspurnar eftir orku miðað við hagvöxt, útiloka óhagkvæma nýtingu orku, sérstaklega eldsneytis sem gengur fljótlega til þurrðar, og hvetja til notkunar annarrar orku en þess eldsneytis sem minnst er til af, með því að gera strangar sparnaðarráðstafanir á ýmsum sviðum þar sem m. a. er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- stefnu í verðlagsmálum (m. a. ráðstafana í ríkisfjármálum) sem hvetur til sparnaðar;
- staðla fyrir lágmarksorkunýtingu;
- hvatningar til og aukningar á fjárfestingu í búnaði og tækni sem sparar orku.

5. Smám saman skal olía leyst af hólmi við raforkuframleiðslu, í hverfishitun, iðnaði og öðrum atvinnugreinum með því að:

- ráða frá því að reist séu ný orkuver sem nota eingöngu olíu;
- hvetja til þess að horfið sé frá núverandi notkun olíu til eldsneytis sem meira er til af við raforkuframleiðslu, í iðnaði og öðrum atvinnugreinum;
- hvetja til nauðsynlegra kerfisbreytinga í olíuhreinsun til þess að koma í veg fyrir of mikið af þungri svartolíu;
- beina kröftum að því að minnka notkun þungrar svartolíu sem aðalorkugjafa í þeim atvinnugreinum þar sem nýting er léleg.

6. Stefnt skal að mjög aukinni notkun steinkola sem henta til gufuframleiðslu og hvatt með virkum hætti til aukinna og traustra alþjóðaviðskipta með steinkolin þar sem gert er ráð fyrir eftirfarandi þáttum:

- steinkol verði ört tekin í notkun sem aðaleldsneyti við raforkuframleiðslu og í iðngreinum;

terms or limiting future oil imports through conservation of energy, expansion of indigenous energy sources and oil substitution.

2. Constant and careful attention to important environmental, safety, regional and security concerns to which the production, transportation and use of energy give rise, and improvement of the speed and consistency of public procedures for resolving conflicts which may exist between these concerns and energy requirements.

3. Allowing domestic energy prices to reach a level which encourages energy conservation and development of alternative sources of energy.

4. Strong reinforcement of energy conservation, on a high priority basis with increased resources, for the purpose of limiting growth in energy demand relative to economic growth, eliminating inefficient energy use, especially of rapidly depleting fuels, and encouraging substitution for fuels in shortest supply, by implementing vigorous conservation measures in various sectors along lines which include the following elements:

- pricing policies (including fiscal measures) which give incentives to conservation;
- minimum energy efficiency standards;
- encouragement and increase of investment in energy saving equipment and techniques.

5. Progressive replacement of oil in electricity generation, district heating, industries and other sectors by:

- discouraging the construction of new exclusively oil-fired power stations;
- encouraging the conversion of existing oil-fired capacity to more plentiful fuels in electricity, industrial and other sectors;
- encouraging the necessary structural adjustments in the refinery sector in order to avoid an excess of heavy fuel oil;
- directing efforts to the reduction of the use of heavy fuel oil as a primary energy source in those sectors where efficiency is low.

6. Application of a strong steam coal utilisation strategy and active promotion of an expanded and reliable international trade in steam coal, composed of the following elements:

- rapid phasing-in of steam coal as a major fuel for electrical power generation and in industrial sectors;

— frekari mótun stefnu í steinkolamálum í framleiðslu-, útflutnings- og notkunarlöndum innan Alþjóðaorkustofnunarinnar til að, hvetja til aukinnar notkunar með því að treysta stöðugleika markaðarins með traustum og auknum út- og innflutningi á hóflegum viðskiptakjörum;
— stefnumótun til að bæta úr fyrirsjáanlegum kerfistálmum.

7. Notkun jarðgass sé einkum takmörkuð við þarfir forgangsnotenda og leitað sé leiða sem nauðsynlegar eru til að auka framboð jarðgass.

8. Stöðug aukning kjarnorkuframleiðslugetu sé ómissandi meginþáttur við að ná hópmarkmiðunum og þá í samræmi við settar varúðar-, umhverfis- og öryggisreglur í viðkomandi ríkjum og þörfina á að koma í veg fyrir dreifingu kjarnorkuvopna. Til þess að ná þessari aukningu er nauðsynlegt að tryggja með samstarfi að örugglega séu fyrir hendi:

— nægar birgðir kjarnorkueldsneytis (úran og aðstaða til úranauðgunar) á sanngjörnu verði;
— fullnægjandi aðstaða og tækni til að framleiða rafmagn með kjarnorku, fara með fullnýtt eldsneyti og úrgang og yfirleitt að fást við allt það er snýr að lokum meðferðar með kjarnorkueldsneyti.

9. Meiri áhersla á orkurannsóknir, þróun og kynningu, m. a. samstarfsáætlanir og meira og samræmdara átak einstakra landa, til þess að gera orkunýtingu hagkvæmari og fullnægja orkuþörf framtíðarinnar. Hvert þátttökuland skal leggja sitt af mörkum til að þróa orkutækni, með áherslu á a) tækni sem komið getur að notum tiltölulega fljótt, b) stefnu sem auðveldar hagnýtingu nýrrar orkutækni sem rannsökuð og þróuð hefur verið, c) tækni fyrir endurnýjanlega orkugjafa sem komið geta að almennum notum og d) könnun á því hvort tæknilegir möguleikar séu á umtalsverðri nýtingu annarra endurnýjanlegra orkugjafa, með því að:

— veita eins miklu fé og unnt er til orkurannsókna, þróunar og kynningar;

— auka þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum til að nýta betur það fé sem fyrir hendi er;

— further development of steam coal policies within producing, exporting and consuming IEA countries to support increased utilisation by enhancing market stability through reliable and increased export and import flows under reasonable commercial terms;
— development of policies to remedy anticipated infrastructure bottlenecks.

7. Concentration of the use of natural gas on premium users' requirements, and development of the infrastructure necessary to expand the availability of natural gas.

8. Steady expansion of nuclear generating capacity as a main and indispensable element in attaining the group objectives, consistent with safety, environmental and security standards satisfactory to the countries concerned and with the need to prevent the proliferation of nuclear weapons. In order to provide for this expansion, it will be necessary through co-operation to assure reliable availability of:

— adequate supplies of nuclear fuel (uranium and enrichment capacity) at equitable prices;
— adequate facilities and techniques for development of nuclear electricity generation, for dealing with spent fuel, for waste management, and for overall handling of the back end of the nuclear fuel cycle.

9. Stronger emphasis on energy research, development and demonstration, including collaborative programmes, more intensive national efforts and greater co-ordination of national efforts, in order to make energy use more efficient and to meet future energy requirements. Each Participating Country should contribute to energy technology development, with emphasis on (a) technologies which can have relatively near-term impact, (b) policies which facilitate the transition of new energy technologies from the research and development phase to the point of utilisation, (c) technologies for broadly applicable renewable energy sources, and (d) investigation of whether there are technological possibilities for significant contributions from other renewable resources, through:

— providing the fullest possible financial support for energy research, development and demonstration;
— increasing participation in international collaborative projects to extend the effectiveness of funds available;

— hvetja til fjárfestingar í þróun orkutækni með viðeigandi aðgerðum;

— tryggja að stefna í rannsóknum og þróun verði í samræmi við og styðji markmið þeirrar orkustefnu sem fylgt er.

10. Skapa skal hagstæð fjárfestingarskilyrði sem hvetja til fjármögnunar opinberra aðila og einkaaðila til þróunar orkuauðlinda með því að fylgja viðeigandi stefnu í verðlagsmálum, með því að draga sem mest úr óvissu um almenn stefnumið í orkumálum og stefnuna í öðrum málum svo sem minnst er á í 2. meginreglu hér að framan og með því að ríkisstjórnir grípi þar sem nauðsyn krefur til aðgerða til að stuðla að því að:

— gera rannsóknir, m. a. undan ströndum fram og á jaðarsvæðum, að forgangsverkefni;

— hvetja til aukins hraða í rannsóknum og þróun tiltækrar framleiðslugetu til að ná sem bestri efnahagslegri nýtingu auðlinda.

11. Gera skal við mótun orkustefnu ráð fyrir öðrum leiðum en aukinni olíunotkun til að bregðast við því ef aðdráttaskortur verður eða ekki tekst að ná sparnaðarmarkmiðum og taka þá tillit til viðeigandi þarfar á hagþróun og félagslegum framförum.

12. Viðeigandi samstarf í orkumálum við þróuð lönd, þróunarlönd og alþjóðastofnanir, m. a. um mat á ástandinu í orkumálum heimsins, orkurannsóknir og þróun og tæknileg og fjárhagsleg atriði.

— encouraging investment in energy technology development by appropriate incentives;

— ensuring that R & D policies remain consistent with and supportive of the objective of ongoing energy policy.

10. Establishment of a favourable investment climate which encourages the flow of public and private capital to develop energy resources by appropriate pricing policies, by minimising uncertainties about the general directions of energy and other policies such as mentioned in Principle 2, and by providing government incentives where necessary, in order to:

— give priority to exploration activities including those in offshore and frontier areas;

— encourage rates of exploration and development of available capacities which are consistent with the optimum economic development of resources.

11. Providing in energy policy planning for alternative means, other than increased oil consumption, for meeting any development of supply shortfall or failure to attain conservation objectives, taking into account the appropriate requirements of economic development and social progress.

12. Appropriate co-operation in the field of energy, including evaluation of the world energy situation, energy research and development and technical and financial requirements, with developed or developing countries or international organisations.

VIÐBÆTIR A VIÐ MEGINREGLURNAR

Tillögur um sparnaðarráðstafanir

Iðnaður

— Virkar aðgerðir til að stuðla að fjárfestingu sem sparar orku. m. a. hvatning til framleiðslu á endingarbetri vörum.

— Ráðgjafarþjónusta til handa litlum og meðalstórum iðnfyrirtækjum og skýrslugjöf, endurskoðun og setning takmarka í orkumálum fyrir orkufrekar iðngreinar.

Íbúðir/verslun

— Byggingarsamþykktir með lágmarkskröfum um nýtingu við upphitun á og loftkælingu í öllum nýjum byggingum.

— Virkar aðgerðir til að stuðla að endurbótum á eldri byggingum.

APPENDIX A TO THE PRINCIPLES

Suggested Conservation Measures

Industry

— Effective incentives for energy saving investments, including encouragement of the manufacture of more durable goods.

— Advice service for small and medium industry and energy reporting, auditing and target setting for energy intensive industries.

Residential/Commercial

— Building codes with minimum thermal and air conditioning efficiencies for all new buildings.

— Effective incentives for retrofitting existing buildings.

— Áætlanir um fræðslu og upplýsingamiðlun.
— Sérmælar vegna notkunar á gasi, rafmagni, hita og heitu vatni.
— Lágmarksstaðall fyrir orkunýtingu tækja.

Samgöngur
— Lágmarksstaðall fyrir eldsneytisnýtingu vélknúinna ökutækja.
— Háir skattar á bensín og stighækkandi skattar á bifreiðar eftir þyngd eða eldsneytisnýtingu.
— Aðgerðir til að stuðla að almenningssamgöngum.
— Fjárfesting í uppbyggingu á og tækjum til almenningssamgangna.
— Hraðatakmarkanir á vegum.

Orkuframleiðsla
— Aðgerðir til að stuðla að og reglugerðir um hverfishitun, sameiginlega framleiðslu á hita og afli og aukna notkun úrgangsvara og úrgangsvarma.
— Fullt kostnaðarverð fyrir raforkuframleiðslu og þá með tilliti til kostnaðar við gerð nýrra virkjana.

— Education and information programmes.
— Individual metering of gas/electricity, heat and hot water.
— Minimum energy efficiency standard for appliances.

Transport
— Minimum fuel efficiency standard for motor vehicles.
— Significant taxes on gasoline and progressive taxes on cars according to weight or fuel efficiency.
— Incentives for public transport.
— Investments in infrastructure and equipment for public transport.
— Speed limits on roads.

Energy Sector
— Incentives and regulations for district heating, combined production of heat and power and for the greater use of waste products and waste heat.
— Full cost tariffs for electricity generation, taking into account the costs of replacement.

VIÐBÆTIR B VIÐ MEGINREGLURNAR

Helstu svið rannsókna, þróunar og kynningar sem áherslu þarf að leggja á eru:

1. Skammtíma- og meðaltímatækni:
   a) Sparnaður
      — bættar vinnsluaðferðir í iðnaði
      — eyðslugrennri flutningavélar og farartæki
      — bættar aðferðir til að nýta úrgangsvarma
      — einangrun bygginga
   b) Aðdrættir
      — bættar aðferðir við að ná upp olíu
      — aðferðir við kolabrennslu sem eru virkari og skaða síður umhverfið
      — upphitun með sólarorku.
2. Millistigstækni:
   — olíuleirsteinn, tjörusandur
   — vinnsluvarmi úr kolum (beint eða með umbreytingu í gas)
   — bætt vinnsla kjarnaofna sem umbreyta eldsneyti
   — úrlausnaratriði varðandi meðferð kjarnorkueldsneytis, m. a. öryggi og meðferð úrgangs

APPENDIX B TO THE PRINCIPLES

The principal R, D & D areas requiring emphasis are:

1. Near and medium-term technologies:
   (a) Conservation
      — improved industrial processes
      — more efficient transport engines and vehicles
      — improved means of utilising waste heat
      — building insulation
   (b) Supply
      — enhanced oil recovery
      — more effective and environmentally acceptable means of coal combustion
      — solar heating.
2. Transition technologies:
   — oil shale, tar sands
   — process heat from coal (directly or through conversion to gas)
   — improved performance of nuclear convertor reactors
   — nuclear fuel cycle issues, including safety and waste disposal

— vökva- eða gaskennt eldsneyti, unnið úr kolum.

3. Endurnýjanlegar auðlindir sem komið geta að almennum notum:
— meiri háttar bein og óbein notkun sólarorku
— jarðhitaorka
— lífefni
— kjarnaofnar sem framleiða eldsneyti og önnur meðferð eldsneytis sem viðurkennd er með tilliti til efnahags-, stjórnmála- og umhverfissjónarmiða
— kjarnasamruni.

4. Könnun á öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum:
— vindar
— öldur
— breytingar á ástandi sjávar.

— coal-derived liquid and gaseous fuels.

3. Broadly applicable renewable resources:
— large scale direct and indirect solar energy uses
— geothermal energy
— biomass
— breeder reactors and alternative fuel cycles which are economically, politically and environmentally acceptable
— fusion.

4. Investigation of other renewable sources:
— wind
— wave
— ocean gradients.

Ed. 765. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kynnt sér þau gögn, sem lögð hafa verið fram í málinu. Eftirtaldir aðilar mættu til viðræðna: Páll Flygenring, iðnaðarráðuneyti, Ólafur Davíðsson og Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun, sem einnig lét af hendi skriflega umsögn, Garðar Ingvarsson frá Seðlabanka, Jón Sigurðsson, forstjóri járnblendiverksmiðjunnar, Stefán Kristinsson fjármálastjóri og Hjörtur Torfason, formaður stjórnar Járnblendifélagsins.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Stefán Jónsson ritar undir nefndarálitið með fyrirvara. Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Eiður Guðnason.
Egill Jónsson.	Gunnar Thoroddsen.	Stefán Jónsson, með fyrirvara.

Nd. 766. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

Paruksa, Ubonwan, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. 20. mars 1949 í Thailandi. Fær réttinn 21. desember 1982.

Nd. 767. Nefndarálit [255. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Vilmundur Gylfason.	Garðar Sigurðsson.
	Eggert Haukdal.	

Sþ. 768. Tillaga til þingsályktunar [308. mál]

um iðnaðarstefnu.

Frá atvinnumálanefnd.

I.

Með tilliti til líklegra breytinga í atvinnulífi landsmanna á næstu árum og vaxandi hlutdeildar iðnaðar í atvinnuöryggi og lífskjörum þjóðarinnar ályktar Alþingi að stuðla beri að framkvæmd iðnaðarstefnu sem hafi eftirfarandi meginmarkmið:

1. Að skapa iðnaðinum almenn skilyrði fyrir heilbrigðan rekstur fyrirtækja, tryggja iðnþróun með tilliti til fríverslunar og örva til nýrra átaka og nýjunga í framleiðslu.
2. Að örva framleiðni í íslenskum iðnaði þannig að framleiðnistig hans verði sambærilegt við það, sem gerist í helstu viðskiptalöndum, og skilyrði skapist fyrir bætt lífskjör.
3. Að stuðla að hagkvæmri fjárfestingu í iðnaði til að tryggja ný störf og bæta lífskjör.
4. Að leggja sérstaka áherslu á að efla iðnað á sviðum þar sem innlendir samkeppnisyfirburðir geta nýst til arðbærrar framleiðslu á vörum og þjónustu, jafnt fyrir heimamarkað sem til útflutnings.
5. Að nýta sem best þá möguleika til iðnaðarframleiðslu, sem felast í innlendum orkulindum, og efla innlenda aðila til forustu á því sviði. Orkufrekur iðnaður verði þáttur í eðlilegri iðnþróun í landinu, og jafnframt verði lögð áhersla á úrvinnsluiðnað í tengslum við hann.
6. Að bæta starfsskilyrði og auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum í samráði við samtök launafólks og atvinnurekendur í iðnaði. Komið verði í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum iðnvæðingar á náttúru landsins og umhverfi.
7. Að tryggja forræði landsmanna yfir íslensku atvinnulífi og auðlindum og stuðla að æskilegri dreifingu iðnaðar og jafnvægi í þróun byggðar í landinu.

II.

Meðal leiða til að ná ofangreindum markmiðum verði gerðar áætlanir, er taki til einstakra iðngreina og verkefna í nýiðnaði, svo og opinberar aðgerðir sem miði að eftirfarandi:

1. Bætt verði aðstaða til iðnrekstrar. Iðnaður búi við eigi lakari starfsskilyrði en aðrir höfuðatvinnuvegir. Í því skyni verði m. a. kannað hvort taka beri upp virðisaukaskatt. Álagning opinberra gjalda verði samræmd og iðnfyrirtæki fái sambærilegan aðgang að rekstrar- og framleiðslulánum.

2. Við gengisákvarðanir verði tekið tillit til samkeppnisaðstöðu iðnaðarins jafnt á innlendum og erlendum markaði.
3. Lánasjóðir iðnaðarins verði efldir með því að rýmka heimildir þeirra til lántöku og þeim þannig gert kleift að takast á við stærri verkefni og auka verulega þátttöku sína í fjármögnun á umbótum og nýsköpun í iðnaði. Arðsemi fjárfestinga sitji að öðru jöfnu í fyrirrúmi við veitingu fjárfestingarlána.
4. Fjármagn til rannsókna- og þróunarstarfsemi verði aukið eftir föngum og fyrirtæki örvuð til aðgerða í þeim efnum.
5. Þjónustustofnanir iðnaðarins verði efldar og starfsemi þeirra löguð að breyttum þörfum, er m. a. miðist við að efla fræðslu og stuðla að aukinni framleiðni, nýsköpun í iðnaði og útflutningi iðnaðarvara. Jafnframt verði reynt að tryggja sem best samstarf þjónustustofnana við iðnfyrirtæki og samtök þeirra.
6. Ríkisvaldið stuðli að uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar, m. a. orkufreks iðnaðar, er hagnýti innlenda orku og hráefni. Orkufrekur iðnaður lúti íslenskum lögum og forræði. Leitað verði eftir samvinnu við erlenda aðila um einstaka þætti, eftir því sem nauðsynlegt og hagkvæmt er talið á hverjum tíma. Slíkur iðnaður taki mið af æskilegri atvinnu- og byggðaþróun og umhverfisvernd.
7. Nýting orkulinda og verðlagning orku miði að því að skapa innlendum iðnaði vaxtarmöguleika og bætta samkeppnisaðstöðu.
8. Stjórn á iðnrekstri ríkisins verði samræmd og gerð markvissari með tilliti til iðnþróunar. Þannig verði skipulagslegt forræði slíks iðnaðar í höndum aðila er hafi fjárhagslegt bolmagn til að undirbúa og standa fyrir arðvænlegum nýiðnaðarverkefnum. Jafnframt verði almenningi gefinn kostur á að gerast beinn eignaraðili að iðnfyrirtækjum.
9. Stuðlað verði að iðnþróun í landshlutum, m. a. með starfsemi iðnráðgjafa.
10. Iðngarðar verði byggðir með lánafyrirgreiðslu til sveitarfélaga eða samtaka í iðnaði.
11. Viðleitni fyrirtækja til útflutnings verði örvuð og m. a. kannaðir möguleikar á verðjöfnunarsjóðum í því skyni.
12. Innkaupum opinberra aðila verði hagað á þann veg, að þau örvi innlendan iðnað og iðnþróun.
13. Komið verði á samstarfi viðeigandi aðila til að bæta og kynna íslenska iðnhönnun og listiðnað og auka tengsl þessara þátta við framleiðsluiðnaðinn.
14. Felld verði niður aðflutningsgjöld af aðföngum þess iðnaðar sem á í beinni eða óbeinni samkeppni innanlands sem á erlendum mörkuðum.
15. Iðnaður á heimamarkaði fái aðstöðu til verðlagningar hliðstætt því sem gerist um innfluttar samkeppnisvörur.
16. Í því skyni að auka fjárfestingu í iðnaði verði stuðlað að eðlilegri eiginfjármyndun fyrirtækja.
17. Stuðlað verði að aukinni samvinnu stjórnenda og starfsfólks fyrirtækja í samráði við samtök launafólks og atvinnurekenda í iðnaði.
18. Framhaldsnám og tæknimenntun taki mið af æskilegri iðnþróun, m. a. með aukinni samvinnu milli skóla og stofnana og samtaka iðnaðarins. Aukin áhersla verði lögð á fullorðinsfræðslu bæði á sviði verkkunnáttu og stjórnunar.
19. Upplýsingasöfnun og rannsóknir varðandi hag og þróunarhorfur í iðnaði verði efldar.
20. Mótuð verði stefna um verktakastarfsemi sem m. a. geri innlendum aðilum kleift að annast meiri háttar verklegar framkvæmdir. Samkeppnisstaða innlendra verktaka gagnvart erlendum aðilum verði jöfnuð.
21. Rík áhersla verði lögð á bætt starfsumhverfi og að koma í veg fyrir óæskilega röskun umhverfis af völdum iðnrekstrar. Samstarf stjórnvalda og aðila í iðnaði verði aukið til að ná því markmiði svo og til að tryggja nauðsynlegar mengunarvarnir.

III.

Við framkvæmd þeirra fjölþættu verkefna, sem þingsályktunin gerir ráð fyrir, þurfa stjórnvöld, samtök iðnaðarins og aðrir aðilar að stilla saman krafta sína.

Iðnaðarráðuneytið hafi forustu um að samræma aðgerðir og áætlanir til að greiða fyrir framgangi þessarar stefnu.

Í þessum tilgangi verði sett á fót „samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu", sem í eigi sæti samkvæmt tilnefningu: einn fulltrúi frá viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Félagi ísl. iðnrekenda, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi iðnverkafólks, Alþýðusambandi Íslands og fulltrúi iðnaðarráðuneytis, sem jafnframt verði formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt af atvinnumálanefnd sem haft hefur til meðferðar tvær tillögur um iðnaðarstefnu, 84. og 140. mál þingsins.

Nefndin hefur sameinað tillögurnar í nýrri tillögu. Þess gætir að sjálfsögðu í orðalagi hennar, að nefndarmenn hafa sveigt skoðanir sínar til samkomulags.

Nánar verður gerð grein fyrir tillögunni í framsögu.

Nd. 769. Frumvarp til laga [309. mál]

um viðskiptabanka.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Albert Guðmundsson, Matthías Bjarnason, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal, Friðrik Sophusson, Geir Hallgrímsson, Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson, Ólafur G. Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem hér eftir verða nefndir ríkisviðskiptabankar, og viðskiptabanka, sem reknir eru í hlutafélagsformi, bæði þeirra, sem þegar eru starfandi, og þeirra, sem síðar kunna að verða stofnaðir. Viðskiptabankar í hlutafélagsformi verða hér eftir nefndir hlutafélagsbankar.

Ríkisviðskiptabankarnir eru Búnaðarbanki Íslands, Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands.

Ríkisviðskiptabankarnir eru sjálfstæðar stofnanir, er lúta hver um sig sérstakri stjórn samkvæmt lögum þesum.

Viðskiptabankar, aðrir en ríkisviðskiptabankar, verða ekki reknir nema í hlutafélagsformi. Til þess að nýr hlutafélagsbanki verði stofnaður þarf inngreitt hlutafé að nema 5 milljónum króna hið lægsta, miðað við verðgildi peninga við gildistöku þessara laga, og skal þessi lágmarkskrafa breytast í hátt við breytingar á verðgildi peninga, eins og þær hafa verið að mati ráðherra. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka, brjóti þau ekki í bága við lög þessi.

Ráðherra skal veita viðskiptabanka starfsleyfi að uppfylltum þeim skilyrðum, sem lög mæla fyrir um.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna.

3. gr.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabankanna er í Reykjavík. Viðskiptabanki getur haft útibú og umboðsskrifstofur þar sem bankaráð ákveður.

4. gr.

Hlutverk viðskiptabanka er að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, eins og hún er nánar skýrgreind í III. kafla laganna.

Viðskiptabönkum er einum heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi.

Seðlabanka Íslands, ríkisviðskiptabönkunum og hlutaðfélagsbönkunum er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „banki“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum. Nú hefur aðili notað orðið banki í firma sínu eða til skýringar á starfsemi sinni, og skal þá ráðherra veita honum hæfilegan frest til að leggja það niður.

5. gr.

Mál, er varða viðskiptabanka, falla stjórnarfarslega undir ráðherra þann, er fer með bankamál.

Um starfsemi Stofnlánadeildar verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóðs) og Stofnlánadeildar samvinnufélaga fer eftir sérstökum lögum og reglugerðum, sem um þessar stofnanir gilda.

Um starfsemi Veðdeildar Landsbanka Íslands, Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og Stofnlánadeildar landbúnaðarins fer eftir sérstökum lögum og reglugerðum, sem um þær gilda.

II. KAFLI

Stjórn.

Ríkisviðskiptabankar.

6. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum þess ráðherra, sem fer með bankamál, svo og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. hefur ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, yfirstjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Bankastjórn skipuð bankastjórum, sem ekki skulu vera fleiri en þrír, hefur með höndum framkvæmdastjórn hvers banka.

7. gr.

Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð og bankastjórn um yfirlit yfir rekstur og hag bankans.

8. gr.

Bankaráð hvers ríkisviðskiptabanka skipa fimm menn kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan þeirra varaformann.

9. gr.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð að höfðu samráði við ráðherra vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi.

Bankaráð setur bankastjórum erindisbréf. Einnig staðfestir það, að fengnum tillögum bankastjórnar, verkaskiptingu bankastjóra.

Hlutafélagsbankar.

10. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka með þeim hætti, sem lög ákveða og samþykktir bankans, sbr. 50. gr. þessara laga.

11. gr.

Bankaráð fer með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda.

Bankaráð hlutafélagsbanka skal skipað minnst fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð skal kosið af hluthöfum á aðalfundi. Formaður skal kosinn sérstaklega. Nánari reglur um kosninguna skal setja í samþykktir, sbr. 50. gr.

12. gr.

Bankastjórn skipuð bankastjórum, sem ekki skulu vera fleiri en þrír, hefur með höndum framkvæmdastjórn hvers banka. Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi.

Bankaráð setur bankastjórum erindisbréf. Einnig staðfestir það verkaskiptingu bankastjóra, að fengnum tillögum þeirra.

Sameiginleg ákvæði.

13. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum viðskiptabanka í samræmi við lög og reglugerðir eða samþykktir.

Bankaráð ræður, að fengnum tillögum bankastjóra, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra og segir þeim upp starfi.

Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi.

14. gr.

Bankaráð ákveður hverjir hafi heimild til að rita firma bankans svo að skuldbindandi sé fyrir hann.

15. gr.

Bankaráð skal ávallt taka ákvarðanir um eftirtalda málaflokka, að fengnum tillögum bankastjórnar:

a) Byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum bankans.
b) Kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í öðrum fyrirtækjum.
c) Stofnun útibúa og umboðsskrifstofa.
d) Ákvörðun um almenna innláns- og útlánsvexti.
e) Yfirtöku eða framsal á starfsemi (eignum og skuldum) frá eða til annarrar innlánsstofnunar.
f) Afskriftir af eignum bankans í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.

Við ákvörðun vaxta samkvæmt staflið d er bankastjórn og bankaráði viðskiptabanka óheimilt að hafa samráð við bankastjórnir eða bankaráð annarra banka.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skal taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annnarra sjóða bankans, að fengnum tillögum bankastjórnar. Bankaráð hlutafélagsbanka skal leggja fyrir hluthafafund tillögu um ráðstöfun tekjuafgangs, að fengnum tillögum bankastjórnar.

Bankaráð getur, að fenginni umsögn bankastjórnar, sett almennar reglur um lánveitingar bankans, ef það telur ástæðu til.

Bankaráð fjallar einnig um önnur mál, sem bankastjórn leggur fyrir það eða það skal annast samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Bankastjórn viðskiptabanka annast daglega stjórn bankans. Hún tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar og ráðstafar að öðru leyti fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum og ákvörðunum bankaráðs.

17. gr.

Formaður bankaráðs og bankastjórn undirbúa fundi bankaráðs, þar sem reglulega skulu gefnar skýrslur um störf og hag bankans.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en nánari ákvæði um fundafjölda skal setja í reglugerð eða samþykktir.

18. gr.

Bankastjórar eða aðstoðarbankastjórar mega ekki eiga sæti í bankaráði, en þeir skulu sitja bankaráðsfundi nema fjallað sé um mál, er varða þá sjálfa.

19. gr.

Bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar mega ekki stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Þeir mega ekki heldur án leyfis bankaráðs taka þátt í stjórn eða rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana en bankans, sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt.

20. gr.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna ríkisviðskiptabanka og varamanna þeirra.

Hluthafafundur (aðalfundur) ákveður þóknun bankaráðsmanna hlutafélagsbanka og varamanna þeirra.

Laun, eftirlaun og önnur ráðningarkjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra skulu ákveðin af bankaráði.

Bankaráð kemur fram fyrir hönd viðskiptabanka við samningagerð um laun og kjör annarra starfsmanna. Um ákvörðun launa og starfskjara annarra starfsmanna ríkisviðskiptabanka fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

III. KAFLI

Starfsemi.

21. gr.

Starfsemi viðskiptabanka er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri banka- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

Viðskiptabanka er ekki heimil önnur starfsemi en um getur í 1. mgr. Um frekari afmörkun á starfsvettvangi viðskiptabanka fer eftir öðrum ákvæðum í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, sbr. 50. gr., og samþykktum, þegar í hlut á hlutafélagsbanki, sbr. 50. gr.

22. gr.

Viðskiptabanki hefur rétt til að versla með erlendan gjaldeyri.

Við verslun með erlendan gjaldeyri, varðveislu erlends gjaldeyris, samninga um yfirdráttarheimildir hjá erlendum bönkum og um erlendar lántökur er viðskiptabanki háður ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands og laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála.

23. gr.

Viðskiptabanka er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans eða vegna líklegrar aukningar á þeirri starfsemi.

Viðskiptabanka er heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er bankastarfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Um heimild viðskiptabanka til að eiga hlutabréf í öðrum innlendum viðskiptabanka skal þó fara eftir ákvæðum í næstu mgr. hér á eftir.

Umfram það, sem segir í 2. mgr., má samtala bókfærðs virðis hlutabréfaeignar í fyrirtæki og lána, tryggðra með handveði í hlutabréfum sama fyrirtækis, ekki fara fram úr 2% af eigin fé viðskiptabanka, miðað við upphaf árs. Þessi heimild tekur einungis til hlutabréfa, sem selja má og veðsetja hömlulaust, sbr. 18. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978. Bókfært heildarvirði hlutabréfa af þessu tagi í eigu viðskiptabanka má ekki fara fram úr 15% af eigin fé.

Umfram það, sem hér er heimilað, má viðskiptabanki ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, sbr. þó 24. gr.

24. gr.

Viðskiptabanka er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankaráðs, að fengnum tillögum bankastjórnar, sbr. 15. gr., a- og b-lið.

25. gr.

Við opnun allra innlánsreikninga skal skrá nafn reikningseiganda ásamt nafnnúmeri eða fyrirtækisnúmeri.

Eigendur innlánsreikninga, sem ekki eru í samræmi við framangreind ákvæði, skulu koma þeim í rétt horf samkvæmt ákvæðum lagagreinar þessarar innan 5 ára frá gildistöku laganna.

Nánari ákvæði um inn- og útborgun innlánsfjár skal setja í reglugerð ríkisviðskiptabanka, sbr. 50. gr., og í samþykktir hlutafélagsbanka, sbr. 50. gr.

26. gr.

Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í viðskiptabanka.

Viðskiptabanki tekur við geymslufé (depositum).

Fé það, sem lagt hefur verið í viðskiptabanka, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

27. gr.

Um fyrningu á innlánsfé fer eftir 2. gr. laga nr. 14/1905.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa nefndra skjala með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram innan frestsins falla niður öll réttindi á hendur bankanum skv. innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal banki þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánsskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr bankanum, gefa út nýtt innlánsskilríki eða viðtökuskírteini honum til handa eða þeim, sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila, og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

28. gr.

Fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til við viðskiptabanka, skulu að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans.

Heimilt er að stofna til skuldbindinga við viðskiptabanka án veðs eða ábyrgðar annarra hafi bankinn aflað sér upplýsinga um viðkomandi viðskiptaaðila, sem að mati bankans sýna að slíkra trygginga sé ekki þörf. Á meðan slík skuldbinding stendur skal bankinn fylgjast

reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðilans, þannig að grípa megi í tæka tíð til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans, ef þörf krefur.

Þegar um smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé bankans er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati bankans um greiðslugetu viðskiptaaðilans.

29. gr.

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við viðskiptabanka mega ekki nema meiru en 30% af bókfærðu eigin fé bankans, nema til komi samþykki bankaráðs, en með öllu er óheimilt, að farið sé fram úr 50% af eigin fé. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir, að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða skuldbindingar þeirra við bankann í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við bankann, þ. m. t. ábyrgðir, sem bankinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðilann. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, víxlakvóti eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.

Til heildarskuldbindinga skal einnig telja eignaraðild, sem viðskiptabanki kann að eiga að viðkomandi fyrirtækjum og stofnunum, sbr. 2. og 3. mgr. 23. gr.

30. gr.

Bankastjórar og aðstoðarbankastjórar og makar þeirra mega ekki vera skuldugir viðkomandi viðskiptabanka, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra.

Aðrir starfsmenn en um getur í 1. mgr. mega ekki vera skuldugir viðkomandi banka nema eftir sérstökum reglum, sem bankaráð setur, að fengnum tillögum bankastjórnar.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal á hálfs árs fresti gefa bankaráði og bankaeftirlitinu skýrslu um stöðu fjárhagslegra viðskipta bankaráðsmanna, varamanna þeirra, endurskoðenda og maka þeirra við viðkomandi banka.

Ekki mega bankaráðsmenn, varamenn þeirra, endurskoðendur né starfsmenn koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankastjórn varðandi lánbeiðnir eða aðrar fyrirgreiðslubeiðnir.

IV. KAFLI

Lausafjárstaða og eiginfjárstaða.

31. gr.

Viðskiptabanki skal kappkosta að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi bankans fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

32. gr.

Bókfært eigið fé viðskiptabanka má ekki vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings að frádregnum peningum í sjóði, innstæðum í Seðlabanka Íslands og í öðrum viðskiptabönkum, ríkisvíxlum og ríkisskuldabréfum, en að viðbættum þeim ábyrgðum, sem bankinn hefur tekið að sér fyrir viðskiptaaðila sína.

V. KAFLI

Reikningsskil.

33. gr.

Reikningsár viðskiptabanka skal ákveðið í reglugerð eða samþykktum. Fyrir hvert reikningsár skal gerður ársreikningur.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar uppsetningu reikningsins, mat á hinum einstöku liðum og önnur atriði.

Ráðherra skal setja nánari reglur um gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

34. gr.

Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðendur eigi síðar en tveim mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði og bankastjórum. Hafi bankaráðsmaður eða bankastjóri fram að færa athugasemdir við ársreikning, skal hann undirritaður með fyrirvara, og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal lagður fyrir ráðherra til staðfestingar eigi síðar en þrem mánuðum eftir lok reikningsárs.

35. gr.

Ársreikningur viðskiptabanka skal liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum bankans og skal afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar.

Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum. Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit skal jafnframt birta í Lögbirtingablaðinu í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður.

VI. KAFLI

Endurskoðun.

36. gr.

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af tveim endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn, og löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn.

Endurskoðun hjá hlutafélagsbanka skal framkvæmd af a. m. k. tveim endurskoðendum, sem aðalfundur kýs hlutbundinni kosningu til eins árs í senn. Einn endurskoðenda skal vera löggiltur endurskoðandi. Endurskoðendur má jafnt kjósa úr hópi hluthafa sem utan hans. Í samþykktum hlutafélagsbanka má ákveða annan hátt á tilnefningu löggilts endurskoðanda.

Endurskoðandi viðskiptabanka má ekki eiga sæti í bankaráði, vera starfsmaður bankans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun.

Þóknun endurskoðenda ríkisviðskiptabanka er háð samþykki ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs.

Þóknun endurskoðenda hlutafélagsbanka er háð samþykki aðalfundar, að fengnum tillögum bankaráðs.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum bankans, og jafnframt skulu bankaráð og starfsmenn bankans veita honum allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té.

37. gr.

Við viðskiptabanka skal starfa endurskoðunardeild, sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 13. gr.

38. gr.

Endurskoðendum, sbr. 36. gr., er heimilt að byggja endurskoðun sína á starfsemi endurskoðunardeildar og öðru innra eftirliti bankans. Þeir skulu gefa gaum að því, að starfsemi endurskoðunardeildar og annað innra eftirlit bankans sé í fullnægjandi horfi. Að öðru leyti skulu þeir framkvæma endurskoðun í samræmi við viðteknar endurskoðunarvenjur á hverjum tíma.

39. gr.

Endurskoðendur skulu árita ársreikning. Einnig skulu þeir semja endurskoðunarskýrslu, sem fylgi ársreikningi, þar sem gerð sé grein fyrir endurskoðun á árinu og athugasemdum, ef einhverjar eru.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skal fá skýrslu endurskoðenda í hendur hæfilegum tíma áður en ársreikningur er lagður fyrir ráðherra til staðfestingar. Bankaráð hlutafélagsbanka skal fá skýrslu endurskoðenda í hendur hæfilegum tíma áður en ársreikningur er lagður fyrir aðalfund. Skal bankaráð semja svar við athugasemdum endurskoðenda, ef einhverjar eru.

Endurskoðendur skulu færa endurskoðunarbók yfir störf sín. Þeir skulu með reglubundnum hætti og ekki sjaldnar en ársfjórðungslega gera bankaráði grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar.

Endurskoðendum er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni bankans og framkvæmd endurskoðunar, sem það kann að óska eftir og þeir geta látið í té. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla í rekstri bankans, varðandi innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði, sem veikt geta fjárhagslega stöðu bankans eða viðskiptatraust hans, skulu endurskoðendur gera bankaeftirlitinu og bankaráði viðvart.

40. gr.

Forstöðumaður endurskoðunardeildar skal gera bankaráði og endurskoðendum, sbr. 36. gr., reglulega grein fyrir störfum deildarinnar. Hann skal jafnframt árita ársreikning bankans.

VII. KAFLI

Lok viðskiptabanka.

41. gr.

Hafi bankaráð, bankastjórn eða endurskoðendur ástæðu til að ætla, að viðskiptabanki fullnægi ekki ákvæði um eiginfjárstöðu í 32. gr. þessara laga, skal viðkomandi aðili þegar í stað gera bankaeftirlitinu viðvart.

Fáist við uppgjör bankans eða bankaeftirlitsins staðfesting á því, að eiginfjárstaðan sé ekki í tilskildu horfi, skal bankaráð þegar gera bankaeftirlitinu grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem það hyggst gera til úrbóta.

Bankaeftirlitið leggur greinargerð bankaráðs ásamt umsögn sinni fyrir ráðherra og skal bankanum veittur sex mánaða frestur til að koma eiginfjárstöðunni í tilskilið horf. Ráðherra getur framlengt þennan frest um sex mánuði, þegar ríkar ástæður eru fyrir hendi og það getur orðið án áhættu fyrir þá, sem kröfur eiga á bankann.

Sé eiginfjárstöðu viðskiptabanka ekki komið í tilskilið horf innan áðurgreinds lokafrests, skal bankinn stöðva greiðslur sínar og skiptameðferð hefjast í samræmi við ákvæði 43. gr.

Stöðvi viðskiptabanki greiðslur sínar af öðrum ástæðum en að framan greinir, skal skiptameðferð hefjast í samræmi við ákvæði 43. gr. Að fengnum tillögum bankaeftirlitsins getur ráðherra þó tekið ákvörðun um frestun skiptameðferðar og heimilað bankanum að hefja viðskipti á ný að uppfylltum skilyrðum um fjárhagslega endurskipulagningu.

42. gr.

Ákvörðun um slit á starfsemi hlutafélagsbanka í öðrum tilvikum en greinir í 41. gr. fer eftir ákvæðum laga um hlutafélög.

Eigi að ljúka starfseminni með skuldaskilum fer um skiptameðferðina eftir ákvæðum 43. og 44. gr. laga þessara.

Sé um að ræða slit á starfseminni án skuldaskila með þeim hætti, að bankinn sé yfirtekinn af annarri innlánsstofnun, eða með sameiningu tveggja eða fleiri innlánsstofnana þannig að stofnað sé nýtt félag um reksturinn, gilda ákvæði laga um hlutafélög að því er varðar slit á starfsemi hlutafélagsbanka.

43. gr.

Skiptameðferð á búi viðskiptabanka skal framkvæmd af þriggja manna skilastjórn, sem ráðherra skipar. Skilastjórn tekur við öllum heimildum bankaráðs og bankastjórnar, og jafnframt falla niður heimildir bankaráðsmanna og bankastjóra. Ef í hlut á hlutafélagsbanki, skal skilastjórn þegar kalla saman hluthafafund og kynna hluthöfum, hvernig komið er.

Laun skilastjórnar og kostnað af störfum hennar skal greiða af eignum bankans.

Ráðherra setur nánari reglur um störf skilastjórnar, þ. á m. um innköllun til þeirra, sem kröfur eiga á bankann.

44. gr.

Bú hlutafélagsbanka verður eigi tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum, sem um þau skipti fjalla. Þó skulu eftirfarandi ákvæði gjaldþrotalaga gilda um greiðslustöðvun skv. 4. mgr. 41. gr. eftir því sem við á: 24. gr., 2. mgr. 30. gr., 31.—67. gr., 69—76. gr., svo og 77. gr., sbr. 8. kapítula skiptalaga, nr. 3/1878. Alla fresti skal miða við upphaf greiðslustöðvunar. Riftunarmál skv. 51.—67. gr. gjaldþrotalaga skal höfða innan árs frá því að greiðslustöðvun hefst.

VIII. KAFLI

Refsiákvæði.

45. gr.

Um mál út af brotum á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

46. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði og gildistaka.

47. gr.

Viðskiptabanki er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs, sveitarsjóða og annarra opinberra stofnana, nema sérstaklega sé um skattskylduna mælt í lögum.

Bækur viðskiptabanka, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

48. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn viðskiptabanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna bankans, og um önnur atriði, sem þeir fá

vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

49. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett viðskiptabanka, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal honum eða útibúum hans gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

50. gr.

Setja skal í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs ríkisviðskiptabanka, nánari ákvæði um starfsemi hans.

Samþykktir hlutafélagsbanka skulu staðfestar af ráðherra þeim, er fer með bankamál, að fenginni umsögn bankaeftirlitsins. Í samþykktum skulu vera nánari ákvæði um félagið og starfsemi bankans.

51. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1983.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirtalin lög:

Nr. 11 frá 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands, nr. 12 frá 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands, nr. 34 frá 29. maí 1957, um Útvegsbanka Íslands, nr. 28 frá 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands, nr. 31 frá 19. maí 1930, um sveitabanka, nr. 49 frá 8. september 1931, um Ríkisveðbanka Íslands, nr. 113 frá 29. desember 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., nr. 46 frá 10. júní 1960, um Verslunarbanka Íslands hf., nr. 46 frá 21. apríl 1962, um Samvinnubanka Íslands hf., nr. 71 frá 12. maí 1970, um Alþýðubankann hf., og síðari breytingar á ofangreindum lögum, svo og önnur lög, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna ríkisviðskiptabankanna og varamanna þeirra. Skal Alþingi þá kjósa ný bankaráð samkvæmt ákvæðum laganna og skal kjörtími vera til ársloka 1986.
2. Við gildistöku laganna fellur niður umboð núverandi endurskoðenda ríkisviðskiptabankanna. Skal Alþingi þá kjósa nýja endurskoðendur samkv. ákvæðum 36. gr. og skal kjörtími þeirra vera til ársloka 1986.
3. Viðskiptabankar skulu innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara hafa samræmt reglugerðir sínar eða samþykktir og starfsemi ákvæðum laganna. Þar til svo hefur verið gert skulu gildandi reglugerðir og samþykktir halda gildi sínu.
4. Viðskiptabankar skulu innan eins árs frá gildistöku laga þessara hafa komið eiginfjárstöðu sinni, sbr. 32. gr., og lánum einstakra aðila, sbr. 29. gr., í tilskilið horf.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er eitt af frumvörpum, sem hafa verið samin á vegum þingflokks Sjálfstæðisflokksins og eru flutt á vegum hans. Frumvarpið tekur til allra viðskiptabanka, þ. e. bæði viðskiptabanka í eigu ríkissjóðs og viðskiptabanka, sem reknir eru í hlutafélagsformi. Í frumvarpinu er tekið á öllum þeim atriðum, sem þykja eiga erindi í altæka löggjöf um viðskiptabanka.

Nú starfa hér á landi alls sjö viðskiptabankar, þrír í eigu ríkisins og fjórir hlutafélagsbankar. Um sérhvern þessara banka gilda sérstök lög. Þá er Seðlabanka Íslands, samkv. lögum sem um hann gilda, heimilt að taka ákvarðanir um ýmis efni, sem varða mjög starfsskilyrði viðskiptabankanna. Lúta þau lagaákvæði að því að takmarka sjálfsforræði viðskiptabankanna.

Þau lög, sem starfsemi viðskiptabankanna lýtur, fela í sér verulega mismunun að því er varðar starfsheimildir einstakra banka. Enn fremur þykja ekki vera gild rök fyrir því, að Seðlabankinn hafi forræði fyrir viðskiptabönkunum um mál, sem þeir ættu að hafa hag af að skipa á þann veg, að öðrum sé fyrir bestu. Loks eru núgildandi lög um einstaka viðskiptabanka að öðru leyti, m. a. vegna úreldingar, háð margvíslegum annmörkum, sem tímabært þykir að ráða bót á.

Fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—1978 voru lögð tvö frumvörp til laga um viðskiptabanka, annað um viðskiptabanka í eigu ríkisins, hitt um hlutafélagsbanka. Við samningu þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, hefur margt nýtilegt verið tekið úr þessum tveim frumvörpum, og í skýringum hér á eftir við einstakar greinar frumvarpsins hefur, þar sem við gat átt, verið notast við árangur þeirrar umfangsmiklu vinnu, sem í var lagt við gerð frumvarpanna tveggja.

Skal nú gefið yfirlit um hið helsta, sem ólíkt er með annars vegar þeim lögum, sem nú gilda um starfsemi viðskiptabankanna, og þeim tillögum til breytinga, sem í frumvarpinu felast.

1) Samkvæmt frumvarpinu um viðskiptabanka skulu sameiginleg lög gilda um alla ríkisviðskiptabankana og alla hlutafélagsbankana, í stað þess að nú gilda sérstök lög um sérhvern banka, eins og almennt tíðkast nú í nágrannalöndum, og jafnframt eru sett ákvæði til þess að tryggja eðlilega samkeppni milli stofnana á þessu sviði.

2) Horfið skal frá þeirri skipan, að lögfest sé, að banki sérhæfi sig til þjónustu við ákveðna atvinnugrein eða þjóðfélagshóp. Ekkert yrði þó því til fyrirstöðu, að t. d. hlutafélagsbanki þrengdi starfsvettvang sinn með ákvæðum í samþykktum sínum.

3) Starfsheimildir beggja tegunda banka, þ. e. ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka, verði nákvæmlega hinar sömu.

4) Starfsheimildir viðskiptabanka verði auknar verulega frá því sem verið hefur og þó sérstaklega að því er varðar hlutafélagsbanka, sbr. liði 5—9 hér á eftir.

5) Gert er ráð fyrir, að löggjöfin sé með þeim hætti, að sérhverjum viðskiptabanka sé frjálst að ákveða almenna vexti af inn- og útlánum sínum.

6) Sérhverjum viðskiptabanka verði frjálst að ákveða stofnun útibús og umboðsskrifstofu, sbr. ákvæði frumvarps um Seðlabanka um afnám réttar hans og ráðherra til afskipta af þessum málum.

7) Sérhverjum viðskiptabanka verði heimilt að versla með erlendan gjaldeyri í samræmi við reglur, sem séu hinar sömu fyrir alla banka. Nú hafa aðeins Landsbanki og Útvegsbanki þennan rétt.

8) Settar verði altækar reglur um takmörk heimilda viðskiptabanka til að eiga fasteignir, hlutabréf og annars konar eignarhluta í öðrum fyrirtækjum og stofnunum. Þessar reglur eru sumpart þrengjandi, að því er varðar fasteignir viðskiptabanka og hlutabréfaeign ríkisvið-

skiptabanka, en sumpart rýmkandi, að því er varðar hlutabréfaeign hlutafélagsbanka. Reglurnar verði í meginatriðum sem hér segir:

a) Banka skal óheimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfseminnar eða vegna líklegrar aukningar á henni.
b) Viðskiptabanka verði heimilt að eiga aðild að fyrirtækjum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem er skyld eða í nánum tengslum við bankastarfsemi.
c) Umfram framangreint verði viðskiptabanka heimilt að eiga hlutabréf innan ákveðinna, þröngra marka: Hlutabréfaeign má ekki fara fram úr 2% af eigin fé banka og samanlögð hlutabréfaeign banka skal ekki fara fram úr 15% af eigin fé hans. Heimild þessi tekur einungis til hlutabréfa, sem selja má og veðsetja hömlulaust. — Viðskiptabanka skal þó heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu.

9) Í frumvarpinu eru altæk ákvæði um heimild manna til að setja á stofn hlutafélagsbanka. Skal lágmark hlutafjár vera 5 millj. kr. við gildistöku laganna. Eftir þann tíma breytist lágmarkið í takt við breytingar á verðgildi peninga. Sýni t. d. almennt viðurkennd verðlagsvísitala hækkun, hækkar lágmark hlutafjár í sama mæli.

10) Allir bankar skuli heyra undir einn og sama ráðherra. Afnumin verði heimild ráðherra til að skipa menn í stjórn Iðnaðarbanka Íslands hf.

11) Við opnun innlánsreikninga skal gert skylt að skrá nafn reikningseiganda og nafnnúmer.

12) Fyrir alla viðskiptabanka skuli gilda sömu reglur um ákveðið mælanlegt hámark fyrirgreiðslu við einstaka viðskiptaaðila. Hámarkið skal vera sem svarar 30% af eigin fé banka, nema til komi samþykki bankaráðs, þá hæst 50%. Engar skuldir og ábyrgðir viðskiptamanns viðskiptabanka skuli vera undanskildar við þennan útreikning. — Í núgildandi lögum er ekki að finna nein ákvæði um þetta efni.

13) Frumvarpið gerir ráð fyrir, að með lögum verði komið fastri, samræmdri skipan á leyfileg fjárhagsleg tengsl starfsmanna og stjórnunar- og eftirlitsaðila við viðkomandi viðskiptabanka. Með lögum verði bankastjórum og aðstoðarbankastjórum meinað að vera skuldugir viðkomandi banka. Strangt eftirlit verði með viðskiptalegum tengslum bankaráðsmanna og endurskoðenda við bankann. Bankaráðsmenn, endurskoðendur og starfsmenn megi ekki koma fram sem umboðsaðilar varðandi lánbeiðnir eða aðrar fyrirgreiðslubeiðnir. Aðrir starfsmenn en að ofan greinir megi ekki vera skuldugir banka sínum, nema eftir sérstökum reglum, sem bankaráð og bankastjórar setja. — Ákvæði í núgildandi lögum um einstaka banka um þessi efni eru sundurleit og að ýmsu leyti ófullkomin.

14) Um lausafjárstöðu er í frumvarpinu lagt til, að horfið verði frá nákvæmri tölulegri viðmiðun, svo sem nú er í lögum allra bankanna, sbr. ákvæði í lögum um Landsbanka, svohljóðandi: „Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum.“ Í staðinn verði kveðið á um skyldu banka til að kappkosta að hafa yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar nauðsynlegar útgreiðslur.

15) Ákvæðið um eiginfjárstöðu er nýmæli í frumvarpinu. Lagt er til, að eigið fé megi ekki vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings, að frádregnum vissum kvikum fjármunum, svo sem innstæðum í Seðlabanka o. fl., en að viðbættum þeim ábyrgðum, sem banki hefur tekið að sér fyrir viðskiptaaðila sína.

16) Lagt er til, að reikningsár viðskiptabanka skuli ákveðið í reglugerð eða samþykktum, fremur en að með lögum sé ákveðið, að reikningsárið sé almanaksárið. Þá er lagt til, að ráðherra setji reglur um gerð ársreiknings viðskiptabanka og mundi þar vera kveðið á um reglur, sem fylgja beri um virðingu eigna. Þetta ákvæði ásamt ákvæðinu um eiginfjárstöðu ætti að leiða til að ársreikningar banka yrðu sannari og samanburðarhæfari en verið hefur.

17) Ákvæði um endurskoðun eru mjög ítarleg og ströng. Tryggt skal, að löggiltur endurskoðandi hafi atbeina að endurskoðun banka. Í sérhverjum banka skal starfa sérstök endurskoðunardeild undir stjórn forstöðumanns, sem ráðinn skal af bankaráði, og skal deildin sjá um, að innra eftirlit sé í lagi.

18) Ákvæði er um skyldu banka til að hætta starfsemi, ef brotið er ákvæði laganna um eiginfjárhlutfall, og eru þessi ákvæði, eftir því sem við getur átt, hin sömu fyrir báðar tegundir viðskiptabanka.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gerð grein fyrir þeim tegundum viðskiptabanka, sem sú lagasetning, sem hér er um fjallað, tekur til. Lögin skuli taka til bæði viðskiptabanka í eigu ríkisins og allra viðskiptabanka, sem reknir verða í hlutafélagsformi.

Í 2. mgr. eru nefndir þeir viðskiptabankar, sem eru í eigu ríkisins.

Ákvæði 3. mgr. er efnislega samhljóða ákvæðum í gildandi lögum.

Í 4. mgr. er lagt til, að viðskiptabankar, aðrir en ríkisviðskiptabankar, verði ekki reknir öðruvísi en í hlutafélagsformi. Jafnframt er í þessari málsgrein altækt ákvæði um heimild til að setja á stofn hlutafélagsbanka. Þess skuli krafist, að við stofnun slíks banka nemi inngreitt hlutafé 5 milljónum króna hið lægsta, og er þá miðað við verðgildi peninga við gildistöku laganna, en upp frá því breytist lágmarkskrafan í hátt við breytingar á verðgildi peninga, þannig að kaupmáttur þeirrar lágmarksfjárhæðar hlutafjár, sem krafist er við stofnun, haldist óbreyttur.

Í lok 4. mgr. er vísað til laga um hlutafélög. Skulu þau gilda um hlutafélagsbanka, nema annað leiði af ákvæðum þessa frv. Rétt þykir, að áskilið sé að viðskiptabankar, aðrir en ríkisviðskiptabankar, sem hafi heimild til að falast eftir innlánsfé frá almenningi, verði einungis reknir í formi hlutafélags, vegna þeirrar skipulagslegu og fjárhagslegu festu, sem hlutafélagsforminu er ásköpuð.

Í síðustu mgr. er kveðið á um skyldu ráðherra til að veita viðskiptabanka sérstakt starfsleyfi, þegar hann hefur fullvissað sig um að uppfyllt séu öll þau skilyrði, sem lög mæla fyrir um.

Um 2. gr.

Í þessari grein felst breyting frá samsvarandi ákvæðum gildandi laga. Auk reglu um ábyrgð ríkissjóðs á öllum skuldbindingum viðkomandi ríkisviðskiptabanka eru ákvæði um, að til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum þurfi ríkisviðskiptabanki sérstaka lagaheimild hverju sinni. Nokkur vafi hefur þótt leika á efni hins nefnda ákvæðis að því er varðar umfang ríkisábyrgðar á skuldbindingum við erlenda aðila. Með ákvæði frv. eru öll tvímæli tekin af um ábyrgð ríkissjóðs. Um heimild viðskiptabanka til að taka erlend lán eru ákvæði í 22. gr. frv.

Um 3. gr.

Ákvæði 1. málsl. greinarinnar þarfnast ekki skýringar. Í sambandi við 2. málsl. skal vísað í 15. gr. frv. þar sem lagt er til, að bankaráð skuli taka ákvörðun um stofnun útibúa og umboðskrifstofa.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli. Í 1. mgr. er lagt til, að hlutverk viðskiptabanka sé að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi, sem er nánar skýrgreind í III. kafla frumvarpsins, og skal vísað til athugasemda við greinar þess kafla. Í þessu ákvæði felst, að horfið verði frá þeirri skipan, að lögfest sé, að banki sérhæfi sig í þjónustu við tiltekna atvinnugrein eða hagsmunahóp, eins og verið hefur um alla viðskiptabanka aðra en Landsbankann. Í stað þess skuli banki geta veitt almenna og alhliða bankaþjónustu öllum greinum atvinnuvega landsmanna.

Í 2. mgr. er lagt til, að viðskiptabönkum sé einum heimilt að stunda almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi. Með þessu ákvæði er ætlunin að girða fyrir að aðilar, sem ekki uppfylla skilyrði laga um viðskiptabanka, geti rekið viðskiptabankastarfsemi. Rétt þykir að taka fram, að ákvæði þetta mun ekki hafa áhrif á starfsemi sparisjóða, en skilgreining á sparisjóðsstarfsemi og viðskiptabankastarfsemi er eins og í lögum um sparisjóði þeim einum heimilað að reka almenna sparisjóðsstarfsemi hér á landi.

Í 3. mgr. er lagt til, að Seðlabanka Íslands og viðskiptabönkunum verði einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „banki". Öðrum aðilum, sem notað hafa orðið „banki" í firma sínu eða til skýringar á starfsemi sinni, verði gert að leggja það niður. Þótt álíta megi, að misjafnlega mikil hætta sé á að aðilar þeir, sem nú eða síðar kynnu að nota orðið „banki" með þessum hætti, villi á sér heimildir, þykir ekki fært að draga markalínu milli verðugra og óverðugra notenda orðsins. Þess vegna er lagt til algjört bann.

Um 5. gr.

Með 1. mgr. er lögð til sú breyting frá ríkjandi skipan, að bæði Búnaðarbankinn og Iðnaðarbankinn hf. falli stjórnarfarslega að öllu leyti undir bankamálaráðherra, eins og allir hinir viðskiptabankarnir hafa gert.

Með 2. mgr. er tekið fram, að með frv. verði engu breytt um skipan starfsemi Stofnlánadeildar verslunarfyrirtækja og Stofnlánadeildar samvinnufélaga. Í 3. mgr. er ákvæði sama efnis um Veðdeild Landsbanka Íslands, Veðdeild Búnaðarbanka Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Um 6. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 8. gr. gildandi laga um Landsbankann og Útvegsbankann. Hér er lagt til, að Búnaðarbankinn skuli sæta sömu meðferð að því er varðar ráðherrann, sem fer með yfirstjórn hans.

Samkvæmt 2. mgr. fer landbúnaðarráðherra áfram með umsjón Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana eru ákvæði um, að bankastjórar skuli vera þrír og myndi þeir bankastjórn. Réttara þykir, eins og hér er lagt til, að bankastjórar ríkisviðskiptabanka skuli ekki vera fleiri en þrír, enda gæti sú skipan síðar þótt betur við hæfi, að bankastjóri — aðalbankastjóri — yrði aðeins einn. Það yrði á valdi bankaráðs að ákveða, ef bankastjórar eru þrír, að þeir velji einn úr sínum hópi sem formann.

Um 7. gr.

Grein þessi er nýmæli. Rétt þykir, að ráðherra sé veitt virkt úrræði til að fylgjast með rekstri ríkisviðskiptabanka.

Um 8. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru samhljóða ákvæðum í gildandi lögum um skipan bankaráða ríkisviðskiptabankanna.

Í gildandi lögum um Landsbankann og Útvegsbankann eru í 2. mgr. 9. gr. ákvæði um, að bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skuli vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt

Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er. Ekki þykir eðlilegt að halda lengur í skilyrði af þessu tagi og er lagt til, að þau verði felld niður. Þess konar skilyrði eru ekki og hafa ekki verið í lögum um Búnaðarbankann.

Um 9. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru efnislega hliðstæð samsvarandi ákvæðum í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana. Þær breytingar eru þó, að um aðstoðarbankastjóra er hér fjallað í 13. gr. og lagt til, að bankaráð skuli hafa samráð við ráðherra, þegar til stendur að víkja bankastjóra frá fyrirvaralaust.

Um 10. gr.

Hér er einungis áréttuð sú almenna regla, að hluthafafundir fari með æðsta vald í málefnum hlutafélags. Greinin er því í samræmi við ákvæði gildandi laga um hlutafélög um vald hluthafafunda.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um, að bankaráð sem stjórn hlutafélagsbanka fari með málefni bankans milli hluthafafunda.

Í 2. mgr. eru ákvæði um skipan og kosningu bankaráðs. Ákvæði gildandi laga um hlutafélagsbankana fjóra um þetta efni eru allsundurleit. Þau eru ólík að því er varðar: 1) kröfu um lágmarksfjölda bankaráðsmanna, frá þrem upp í fimm; 2) ákvæði um fyrirkomulag kosningar þeirra bankaráðsmanna, sem kosnir skulu á aðalfundi; 3) atbeina aðalfundar að vali formanns bankaráðs; og 4) rétt ráðherra til að skipa menn í bankaráð. Iðnaðarbankinn hf. sker sig úr um síðastnefnda atriðið. Samkvæmt gildandi lögum skal ráðherra skipa tvo stjórnarmenn til eins árs í senn.

Síðan ákvæðið um skipan stjórnar Iðnaðarbankans var lögfest, hefur eignarhlutdeild ríkisins í bankanum minnkað og alls er óvíst um, hver hún verður í framtíðinni. Í frv. felst tillaga um að ríkissjóður sitji við sama borð og aðrir hluthafar, og getur hann þá neytt þeirra úrræða, sem lög um hlutafélög bjóða, til að hafa áhrif á starfsemi bankans.

Ákvæðin í 2. mgr. fela í sér samræmingu á reglum um kosningu bankaráða hlutafélagsbankanna. Við mótun tillögunnar um lágmarksfjölda bankaráðsmanna hefur verið litið til þess í fyrsta lagi, að viðskiptabanki í hlutafélagsformi er og mundi, ef frv. þetta verður að lögum, halda áfram að vera tiltölulega stórt fyrirtæki, sem mun þar af leiðandi með starfsemi sinni hafa veruleg áhrif á gang þjóðarbúsins. Í öðru lagi hefur verið horft til þeirra tengsla, sem ætla má að séu á milli fjölda umfjöllunaraðila og gæða þeirra mikilvægu ákvarðana, sem er á valdi bankaráðs að taka. Hefur verið talið við hæfi, að bankaráð skyldu skipa fimm menn hið fæsta.

Þá er lagt til, að lögfest verði, að formaður skuli kosinn sérstaklega, í stað þess að leyfilegt verði að ákveða í samþykktum, að formaður skuli valinn af bankaráðsmönnum sjálfum. Hin nýja skipan veitir hluthafafundi meira vald en ella og er jafnframt til þess fallin að styrkja formann bankaráðs í forustuhlutverki sínu.

Í síðasta málsl. 2. mgr. er ákvæði þess efnis, að nánari reglur um kosningu bankaráðs skuli setja í samþykktir. Með þessu ákvæði er haldið opinni þeirri leið, að hluthafafundur geti haft annan hátt á stjórnarkosningu en hlutfallskosningu, sbr. 2. og 3. málsl. 47. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978. Þá yrði og í samþykktum hlutafélagsbanka tekin afstaða til lengdar kjörtíma.

Um 12. gr.

Í 6. gr. allra gildandi laga um hlutafélagsbankana er ákvæði um að stjórn félagsins (bankaráð) ráði bankastjóra, ákveði ráðningarkjör þeirra og setji þeim erindisbréf. Í reglugerðum og samþykktum fyrir bankana eru nánari ákvæði um hlutverk bankastjóra.

Hér þykir rétt að setja almennt ákvæði um hlutverk bankastjóra, og er hér um svipað ákvæði að ræða og í 9. gr. þessa frv. um ríkisviðskiptabankana.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. svipar, að því er ríkisviðskiptabankana varðar, til ákvæða gildandi laga um hlutverk bankaráðanna. Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana er hins vegar ekki sérstaklega kveðið á um meginhlutverk bankaráðanna. Aftur eru í samþykktum og reglugerðum fyrir þá ákvæði er að þessu lúta. Rétt þykir að kveða á um meginhlutverk bankaráða allra viðskiptabanka með þeim hætti, sem gert er í 1. mgr. þessarar greinar.

Í 2. og 3. mgr. er um nýmæli að ræða. Samkv. gildandi lögum um Landsbankann ræður bankaráð eftirtalda starfsmenn án tillagna frá bankastjórn: aðalféhirði, aðalbókara, forstöðumann endurskoðunardeildar og útibúa utan Reykjavíkur. Sama gildir um Útvegsbankann að undanskildum forstöðumanni endurskoðunardeildar, sem ekki er nefndur í hliðstæðri lagagrein í Útvegsbankalögunum. Lög Búnaðarbankans kveða á um, að bankaráð ráði aðalbókara og aðalféhirði og stjórnendur útibúa bankans.

Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana er einungis mælt fyrir um, að bankaráð ráði bankastjóra. Hins vegar er í samþykktum og reglugerðum kveðið á um, að bankaráð ráði forstjóra útibúa og umboðsskrifstofa svo og aðalbókara og aðalgjaldkera, í Iðnaðarbankanum enn fremur aðstoðarbankastjóra samkv. samþykktum bankans.

Rétt þykir að kveða á um það í lögum, að bankaráð ráði helstu starfsmenn bankans. Eru þeir starfsmenn taldir upp, sem ráðnir skulu af bankaráði. Er þar um að ræða aðstoðarbankastjóra, útibússtjóra og forstöðumenn endurskoðunardeilda. Að því er varðar aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra þykir eðlilegt, að bankastjórar eigi tillögurétt um stöðuveitingar, þar sem störfin, sem um er að ræða, eru svo nátengd störfum þeirra sjálfra. Hins vegar þykir rétt, að forstöðumaður endurskoðunardeildar verði ráðinn án tillagna frá viðkomandi bankastjórn, enda er litið svo á, að endurskoðunardeild heyri undir bankaráð viðkomandi banka.

Í frumvarpi þessu er ekki sagt berum orðum, hverjir ráði aðra starfsmenn og segi þeim upp starfi. Þykir óþarfi að nefna það, þar sem eðli málsins samkvæmt hljóta það að vera bankastjórnirnar, sem annast daglega stjórn bankanna og standa fyrir rekstri þeirra.

Um 14. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 15. gr.

Í gildandi lögum um einstaka viðskiptabanka er ekki getið neins þeirra sex málaflokka, sem bankaráð skal samkv. 1. mgr. ávallt taka ákvörðun um að fengnum tillögum bankastjórnar. Á þessum málum er aftur tekið með ýmsum hætti í reglugerðum og samþykktum. Þessir málaflokkar eru það mikilvægir fyrir starfsemi og stefnumótun banka, að ástæða þykir til að nefna þá sérstaklega.

Rétt þykir að benda á, að í 23. gr. frv. er fjallað um takmarkanir á heimild banka til að eignast fjármuni þá, sem nefndir eru í liðum a og b. Enn fremur skal haft í huga í sambandi við málaflokka c og d, að gera þarf breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands til samræmis.

Eftir að vaxtaákvarðanir hafa færst frá miðstjórnarvaldinu til einstakra stofnana, er nauðsynlegt að komið sé í veg fyrir að viðskiptabankar geti myndað samtök sín í milli um vaxtaákvarðanir, til þess að tryggja að heilbrigð samkeppni geti ríkt í innláns- og útlánsviðskiptum.

Fyrri málsl. 3. mgr. er sama efnis og gildandi ákvæði. Síðari málsl. er í samræmi við ákvæði gildandi hlutafélagalaga um valdsvið hluthafafundar.

Í 4. mgr. er nýmæli, þar sem bankaráði er veitt heimild til að setja, að fenginni umsögn bankastjórnar, almennar reglur um lánveitingar bankans. Hér er ekki um að ræða, að

bankaráð gefi fyrirmæli um einstakar lánveitingar, heldur aðeins almenna stefnumörkun.

5. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 16. gr.

Greinin er að meginefni samhljóða hliðstæðum greinum í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana.

Í gildandi lögum eru ekki sérstök ákvæði um starfssvið og hlutverk bankastjóra hlutafélagsbankanna. Á þessum atriðum er hins vegar tekið í reglugerðum og samþykktum. Hér er lagt til, að um þetta efni verði lögfest sömu ákvæðin fyrir alla viðskiptabanka.

Um 17. gr.

Grein þessi er nýmæli að því er varðar hlutafélagsbanka. Greinin er efnislega samhljóða þeim ákvæðum laga um ríkisviðskiptabankana, sem um þessi mál gilda.

Um 18. gr.

Greinin er nýmæli að því er varðar hlutafélagsbanka. Hún er efnislega samhljóða þeim ákvæðum laga um ríkisviðskiptabankana, sem um þessi mál gilda.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar er að því er varðar bankastjóra ríkisviðskiptabankanna svipað ákvæðum laga, sem nú gilda. Í frv. er lagt bann við því, að bankastjórar, aðstoðarbankastjórar og útibússtjórar stundi sjálfstæðan atvinnurekstur. Til þátttöku í stjórn eða rekstri annarra fyrirtækja en viðkomandi banka sem stjórnarmenn, starfsmenn eða á annan hátt skulu þeir þurfa leyfi bankaráðs.

Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana eru engin ákvæði um þetta efni. Þeim eru hins vegar gerð skil í reglugerðum og samþykktum á svipaðan hátt að því er varðar bankastjóra og í lögum um ríkisviðskiptabankana. Í frv. felst, að sömu ákvæði skuli gilda um alla viðskiptabanka.

Um 20. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við gildandi ákvæði.

Með 2. mgr. er lagt til, að með lögum verði kveðið á um þá skipan, að hluthafafundur ákveði þóknun bankaráðsmanna hlutafélagsbankanna í stað þess sem verið hefur, að kveðið sé á um þetta efni í samþykktum.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða gildandi ákvæðum.

Ákvæði 4. mgr. er sniðið eftir lögum, sem nýlega hafa verið sett um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins (lög nr. 34 12. maí 1977).

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er reynt að skýrgreina hugtakið bankastarfsemi þannig, að það rúmi allt það, sem samkvæmt almennri orðnotkun felst í því hugtaki. Eins og fram kemur í 1. mgr. 4. gr. frv. og í almennum athugasemdum hér að framan hefur verið lagt til, að fallið verði frá þeirri skipan, að með lögum sé starfsemi banka bundin við ákveðna atvinnugrein, heldur skuli þeir gerðir að alhliða viðskiptabönkum, sem eigi að geta þjónað landsmönnum og atvinnuvegum þeirra á öllum sviðum bankastarfsemi.

Með ákvæði 1. mgr. er fallið frá þeirri venju að tíunda, hvernig viðskiptabanki leysi hlutverk sitt, sbr. t. d. eftirfarandi upptalningu, sem er 5. gr. laga um Landsbankann:

„Hlutverk sitt leysir Landsbankinn með því:

a. Að taka fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
c. að kaupa og selja verðbréf;
d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;

f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;
g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.“

Sem dæmi um hlutverkaskrá hlutafélagsbanka, skal tekin eftirfarandi upptalning, sem er að finna í 9. gr. laga nr. 46/1960, um Verslunarbanka Íslands hf.:

„Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:
1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.“

Með 1. mgr. er síður en svo verið að þrengja starfsvettvang viðskiptabankanna frá því, sem nú er, og má segja, að í ákvæðum 1. mgr. felist öll þau atriði, sem er að finna í hinum tilvitnuðu ákvæðum gildandi laga.

2. mgr. takmarkar starfsvettvang viðskiptabanka innan ramma frumvarps þessa.

Um 22. gr.

Með 1. mgr. er lagt til, að sérhverjum viðskiptabanka, sem þess óskar, sé heimilt að versla með erlendan gjaldeyri. Samkv. núgildandi lögum um Seðlabanka Íslands er þessi réttur nú bundinn við Seðlabankann, Landsbankann og Útvegsbankann, en heimilt er bankastjórn Seðlabankans, að fengnu samþykki ráðherra, að leyfa öðrum bönkum svo og póststjórninni að versla með gjaldeyri innan takmarka, sem hún ákveður. Gera þarf breytingu á lögum um Seðlabankann, þar sem numið verði úr gildi lagaákvæðið, sem hindrar viðskiptabanka í að hefja verslun með erlendan gjaldeyri, nema fyrir liggi heimild frá Seðlabanka.

Lögin um Seðlabanka hafa eftir sem áður að geyma almennar reglur um umsjón með gjaldeyrisverslun. Þá hafa lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sem tóku gildi 1. sept. 1979, að geyma ítarleg altæk ákvæði um verslun með erlendan gjaldeyri, um varðveislu þess gjaldeyris, sem viðskiptabanka er seldur, um gjaldeyriseftirlit Seðlabanka, um heimild viðskiptabanka til að semja um yfirdráttarheimildir hjá erlendum bönkum og um heimildir þeirra til að taka lán erlendis. Í 2. gr. frv. er tekið fram, að viðskiptabönkunum verði gert að lúta þessum reglum í hvívetna.

Um 23. gr.

Grein þessi er nýmæli bæði um ríkisviðskiptabankana og hlutafélagsbanka. Í 1. mgr. er lagt til, að viðskiptabanka sé óheimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi bankans eða vegna líklegrar aukningar hans. Hér er gengið til móts við það sjónarmið, að óeðlilegt sé, að viðskiptabanki geti fest laust fé sitt, sem að meginhluta getur verið fengið með innlánum til skamms tíma, í fasteignum, enda samrýmist það ekki hlutverki þeirra samkv. 21. gr. frv. Ákvæði þessu er þó ekki ætlað að koma í veg fyrir að banki geti leigt út húsnæði, enda sé það í húsi, sem að megintilgangi sé ætlað starfsemi bankans.

Í 2. mgr. er lagt til, að viðskiptabanka sé heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka bankastarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er bankastarfsemi eða í eðlilegum tengslum við hana. Í þessu sambandi má geta aðildar Landsbankans að Scandinavian Bank Ltd., þátttöku hans ásamt Iðnaðarbanka hf. samkv. sérstökum lögum í Útflutningslánasjóði og samstarfs viðskiptabankanna um Reiknistofu bankanna. Þá hafa viðskiptabankarnir haft til athugunar að setja á fót sameiginlega stofnun, er fengist við kröfukaup (factoring). Erlendis er einnig algengt, að bankar reki leigukaupafyrirtæki (leasing).

Í núgildandi lögum viðskiptabankana gætir nokkurs ósamræmis og jafnvel óvissu að því er varðar efni ákvæða um heimild þeirra til að eiga hlutabréf, sem fengin eru með öðrum hætti en til að tryggja fullnustu kröfu. Í lögum um Verslunarbanka Íslands hf. er lagt bann við að bankinn kaupi og selji hlutabréf, nema í umboði annarra. Í lögum um Landsbankann segir, að bankinn ræki hlutverk sitt m. a. með því að kaupa og selja verðbréf, og er þar engra takmarkana getið að því er varðar hlutabréfaeign. Að vísu segir í reglugerð, 32. gr., að verðbréf skuli vera trygg. Í lögum um Iðnaðarbankann er ekki tekið berum orðum á þessu máli, en óbeint í ákvæðinu um að bankinn skuli „annast öll önnur venjuleg bankastörf" (8. gr.). Í reglugerð bankans er sett það skilyrði, að þau verðbréf, sem honum sé heimilt að kaupa, séu trygg.

Rétt þykir, að viðskiptabönkum verði heimilt innan þröngra marka að leggja fyrirtækjum lið við öflun áhættufjármagns með því að kaupa hlutabréf þeirra, allajafna til tímabundinnar eignar, enda séu engar hömlur lagðar á viðskipti með viðkomandi hlutabréf. Kaup hlutabréfa í lokuðum hlutafélögum, þar sem stjórn eða hluthafar hafa forkaupsrétt að fölum hlutum, koma því ekki til álita. Í 3. mgr. er lagt til, að hámark þess, sem viðskiptabanki megi hafa í hendi af hlutabréfum eins og sama fyrirtækis, sé 2% af eigin fé bankans. Jafnframt er lagt til, að samanlagt bókfært virði hlutabréfaeignar viðskiptabanka fari ekki fram úr 15% af eigin fé bankans, og eru þá með talin hlutabréf, sem út hafa verið gefin af hálfu annars viðskiptabanka, sbr. 2. málsl. 2. mgr.

Í 4. mgr. er tekið skýrt fram, að viðskiptabanka sé ekki heimilt, umfram það sem segir í 1.—3. mgr., að bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, en jafnframt er vísað til 24. gr. frv. til staðfestingar því, að takmarkanir þær, sem um hefur verið fjallað, taki ekki til eigna, sem yfirteknar hafa verið til fullnustu kröfu.

Um 24. gr.

Hér er lagt til, að yfirtaka eigna sé heimil, t. d. þegar banki eignast fasteign á nauðungaruppboði. Óraunhæft þykir að setja ákveðna fresti fyrir bankann til að selja eignir, sem yfirteknar eru á þennan hátt, til þess að koma í veg fyrir að banki verði að selja eign á óhæfilega lágu verði á tímum, þegar áhugi á kaupum er í lægð.

Um 25. gr.

Í þessari grein er það nýmæli, að við opnun innlánsreikninga skuli skylt að skrá nafn reikningseiganda ásamt nafnnúmeri eða fyrirtækisnúmeri og jafnframt skuli eigendur innlánsreikninga, sem ekki eru í samræmi við framangreint ákvæði, koma þeim í rétt horf innan 5 ára frá gildistöku laganna.

Álitið er mikilvægt, að tekin verði upp nafnskráning á öllum innlánsreikningum. Röksemdir fyrir þessu áliti eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða verulegt öryggisatriði í rekstri innlánsstofnana og hins vegar mál er varðar örugga réttargæslu í þjóðfélaginu.

Sé innlánsreikningur ekki nafnskráður, á endurskoðandi bankans þess ekki kost að hafa samband við innstæðueigandann til staðfestingar á því, að skráð innstæða í bókhaldi bankans komi heim við þá upphæð, sem innstæðueigandinn telur sig eiga á reikningi sínum. Hér er um að ræða afar þýðingarmikla endurskoðunaraðferð, sem beitt er í hæfilegum mæli við bankaendurskoðun í nágrannalöndum okkar. Einnig skal bent á, að hætt er við, að ónafnskráðum reikningum fylgi tilslökun á nauðsynlegum formsatriðum við innborganir og útborganir, en því getur fylgt veruleg áhætta fyrir bankann.

Varðandi almenn réttargæslusjónarmið er á það að líta, að tilvist ónafnskráðra bankareikninga gerir skattyfirvöldum erfiðara um vik við skattrannsóknir. Einnig má nefna þá hættu, sem á því er, að ónafnskráð bankainnstæða komi ekki fram við hugsanleg skipti á búi reikningseigandans, t. d. við gjaldþrotaskipti eða við skipti á dánarbúi.

Á það má og minna, að nú á síðustu árum hafa verið teknir upp tveir nýir innlánsflokkar í bankakerfinu, þ. e. vaxtaaukareikningar og innlendir gjaldeyrisreikningar, og er skylt að nafnskrá eigendur þessara reikninga.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru samhljóða gildandi ákvæðum í lögum um ríkisviðskiptabankana, en samsvarandi ákvæði er hins vegar ekki í gildandi lögum um hlutafélagsbankana. Eðlilegt er, að sömu reglur gildi um alla viðskiptabanka í þessum efnum.

Ákvæði 3. mgr. hnígur að því að tryggja sem best hagsmuni innstæðueigenda gagnvart ásælni annarra.

Um 27. gr.

2. gr. laga nr. 14/1905 kveður m. a. svo á, að kröfur á hendur banka um endurgjald á fé, er lagt hefur verið í bankann, fyrnist á 20 árum. Tilkynningarfrest mætti setja í reglugerð.

2. og 3. mgr. eru efnislega í samræmi við gildandi ákvæði.

Um 28. gr.

Í 5. gr. gildandi laga um Landsbanka og Útvegsbanka segir m. a., að þessum bönkum sé heimilt að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir, að kaupa og selja verðbréf og að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar. Í lögum um Verslunarbankann segir (9. gr.) m. a., að honum sé heimilt að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir, að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda, að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð og að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg, auðseljanleg verðbréf. Svipuð ákvæði eru í lögum um aðra hlutafélagsbanka.

Önnur ákvæði, sem varða tryggingar fyrir útlánum, er ekki að finna í gildandi lögum um viðskiptabankana.

Í 1. mgr. þessarar greinar frv. er kveðið á um, að fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til gagnvart viðskiptabanka, skuli að jafnaði teknar fullnægjandi tryggingar að mati bankans. Með tryggingum er hér fyrst og fremst átt við veðsetningu eða ábyrgð, sbr. 2. mgr.

Á síðari árum hefur það farið í vöxt, að bankar afli með reglubundnum hætti upplýsinga frá lánþegum um afkomu þeirra og efnahag og noti þessar upplýsingar til að meta lánsverðleika þeirra eða lánshæfi. Ljóst þykir, að í framtíðinni verður slíkum vinnubrögðum beitt í vaxandi mæli við afgreiðslu á lánsumsóknum. Með hliðsjón af þessari þróun, sem telja verður eðlilega og æskilega, er viðskiptabanka í 2. mgr. heimilað að lána út fé án veðs eða ábyrgðar annarra, ef lánveitingin er byggð á mati bankans á afkomu og efnahag lántaka. Í slíkum tilfellum skal bankinn fylgjast reglulega með fjárhag lántaka, þannig að ef þörf krefur megi í tæka tíð grípa til ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans. Ekki er gerð tillaga um að settar verði nákvæmar lagareglur um form og umfang þeirra upplýsinga, sem bankinn aflar um fjármál lántaka, né hvernig fylgst skal með fjármálum hans á lánstímanum. Um þetta fer eftir mati bankans og hlýtur m. a. að miðast við lánsupphæð og lánstíma hverju sinni.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að heimilt verði að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., þegar um mjög smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé bankans, enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati bankans um greiðslugetu viðskiptaaðilans. Hér eru t. d. höfð í huga svokölluð sparilán Landsbankans og önnur svipuð lánsform annarra viðskiptabanka, þar sem bankinn byggir lánveitinguna á því, að lántakinn hefur sparað reglulega í bankanum og sýnt fyllstu reglusemi í þeim viðskiptum.

Um 29. gr.

Grein þessi er nýmæli. Engin ákvæði eru í gildandi lögum um hámark heildarskuldbindinga eins viðskiptaaðila við viðskiptabanka. Þau er ekki heldur að finna í reglugerðum eða staðfestum samþykktum, að undanteknum ákvæðum í reglugerð Iðnaðarbankans, sem hefur að geyma almennt orðað ákvæði um þetta efni (42. gr.). Reglur um þetta efni eru mikilvægur þáttur almennrar viðskiptabankalöggjafar. Þær eru til komnar vegna þeirrar áhættu, sem í því getur falist, að innlánsstofnun láni einum viðskiptaaðila mjög háar fjárhæðir miðað við eigið fé stofnunarinnar. Sú áhætta ræðst að vísu af öryggi þeirra trygginga, sem settar hafa verið fyrir lánunum, og fjárhagslegum styrk lánþegans. Nefna má, að í viðskiptabankalöggjöf í Danmörku og Noregi eru nákvæmar reglur settar um hámark lánveitinga til eins viðskiptaaðila, þar sem tekið er mið af eigin fé bankans og þeim tryggingum, sem fyrir lánunum eru. Í viðskiptabankalöggjöf Finnlands og Svíþjóðar eru hins vegar almenn ákvæði um þetta efni.

Sá kostur hefur hér verið valinn að miða hámark heildarskuldbindinga eins aðila við eigið fé viðskiptabanka. Er gert ráð fyrir tveim viðmiðunum, og skal ekki heimilt að fara fram úr lægra markinu, nema samþykki bankaráðs komi til, en upp fyrir hærra markið mundi undir engum kringumstæðum mega fara. Rétt þykir að benda á, að til greina hefði komið að miða umrætt þak skuldbindinga við aðra stærð en eigið fé banka, t. d. við niðurstöðutölu efnahagsreiknings banka eða við heildarútlán viðkomandi banka. Þar sem þessar síðarnefndu stærðir eru að jafnaði margfalt hærri að tölugildi en eigið fé, mundu samsvarandi þaktölur verða aðeins lítið brot af þeim þaktölum, sem fyrir koma í frv. Ef t. d. væri miðað við niðurstöðutölu efnahagsreiknings og eigið fé banka væri eins lágt og það gæti orðið lægst samkv. ákvæðum þessa frv. þ. e. 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings, sbr. 32. gr., mundi jafngildi þaktalnanna í frv. verða aðeins 1.5% og 2.5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings, og er þá hvorki gert ráð fyrir því, að banki eigi frádráttarbærar eignir, né heldur hafi hann gengið í ábyrgðir.

Í 2. og 3. mgr. er gerð tillaga um, hvernig skuli reikna heildarskuldbindingar eins aðila. Tekið er fram, að ábyrgðir, sem banki hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila, skuli lagðar að jöfnu við lán til hans.

Um 30. gr.

Í gildandi lögum um ríkisviðskiptabankana eru ákvæði, sem banna bankastjórum og starfsmönnum að vera skuldugir viðkomandi banka sem aðalskuldarar eða ábyrgðarmenn. Þetta eru einu ákvæði laga um ríkisviðskiptabanka, sem varða efni þessarar greinar. Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana eru engin ákvæði um þessi efni. Þeim eru hins vegar gerð nokkur skil í reglugerðum og samþykktum þessara banka.

Nauðsynlegt þykir, að í lögum sé skýrt kveðið á um þau efni, sem þessi grein fjallar um, og á sama hátt hjá öllum viðskiptabönkum. Sá tilgangur er með öllum ákvæðum greinarinnar, að koma í veg fyrir, að aðilar nátengdir banka geti notað aðstöðu sína innan viðkomandi banka til að afla sér óeðlilegra hlunninda.

Í 1. mgr. er lagt til, að bankastjórar og aðstoðarbankastjórar og makar þeirra megi ekki vera skuldugir viðkomandi banka. Samkv. 2. mgr. geta aðrir starfsmenn verið skuldugir viðkomandi banka, en þó því aðeins að farið sé eftir sérstökum reglum, sem bankaráð hefur sett. Verður að ætla, að ákvæði þetta tryggi, að gætt yrði bæði hófs og jafnréttis innan banka.

Með hliðsjón af því, hvers konar menn geta valist í hlutverk bankaráðsmanna og endurskoðenda, sér í lagi í hlutafélagsbönkum, þykir ekki koma til álita að meina þeim að vera skuldugir viðkomandi banka. Með 3. mgr. er hins vegar lagt til, að þess úrræðis verði neytt, að með strangri kröfu um skýrslugjöf af hálfu bankaeftirlitsins verði tryggt, að fyllsta hófs verði gætt í þessu efni.

Með ákvæði 4. mgr. er stefnt að því að girða fyrir, að þeir aðilar, sem eiga m. a. að hafa eftirlit með bankastjórum, misnoti aðstöðu sína til að hafa áhrif á bankastjórn umbjóðendum sínum í vil.

Um 31. gr.

Í gildandi lögum um einstaka ríkisviðskiptabanka eru ákvæði, sem miða að því að tryggja, að lausafjárstaða þeirra sé við hæfi. Í þessum ákvæðum er m. a. að finna fyrirmæli um, að eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum skuli að minnsta kosti nema sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum. Í gildandi lögum um hina einstöku hlutafélagsbanka eru svipuð ákvæði m. a. að því leyti, að þar eru settar nákvæmar tölulegar lágmarkskröfur um hlutfallið milli ákveðinna öruggra fjármuna og spariinnlána.

Aðstæður á peninga- og fjármagnsmarkaðinum geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma og reynslan þykir hafa sýnt, að óraunhæft sé að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um lausafjárstöðu banka og annarra innlánsstofnana.

Í þessari grein er reynt að leysa þetta mál með því að skilgreina laust fé bankans sem peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir, jafnframt því sem kveðið er á um skyldu banka til að kappkosta að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar nauðsynlegar útgreiðslur.

Um 32. gr.

Í gildandi lögum um hina einstöku viðskiptabanka eru engar lágmarkskröfur gerðar um eigið fé þeirra í hlutfalli við umsvif. Kröfur um þetta efni eru samt sem áður taldar vera mikilvægur þáttur í löggjöf um innlánsstofnanir. Í viðskiptabankalöggjöf allra hinna Norðurlandanna eru ákvæði um þetta efni.

Í frv. er lagt til, að eigið fé viðskiptabanka megi ekki vera lægra en sem svarar 5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings að frádregnum peningum í sjóði, innstæðum í Seðlabanka Íslands og í öðrum viðskiptabönkum, ríkisvíxlum og ríkisskuldabréfum, en að viðbættum þeim ábyrgðum, sem bankinn hefur tekið að sér.

Með slíku ákvæði er stefnt að því, að innlánsfé verði varðveitt óskert, þótt banki kynni að verða fyrir talsverðum óvæntum áföllum. Meðal úrræða, sem hlutafélagsbanki getur gripið til, þegar eiginfjárhlutfall nálgast hið ákveðna lágmark, má nefna þau, að hann dragi úr útlánum sínum og að hann auki við hlutafé sitt. Báðar þessar aðgerðir eru til þess fallnar að auka traust innstæðueigenda á, að kröfum þeirra sé ekki hætta búin.

Þar sem ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka, sbr. 2. gr., er ekki eins rík þörf fyrir ákvæði um lágmark eiginfjárstöðu og er um hlutafélagsbanka. Engu að síður getur það skipt máli um álit erlendra banka á íslenskum ríkisviðskiptabanka, að eiginfjárstaða sú, sem ársreikningur leiðir í ljós, sé í sæmilegu horfi. Enn fremur felst í slíku ákvæði gagnlegt aðhald og þykir sjálfsagt, að ríkisviðskiptabankar sæti að þessu leyti sömu starfsskilyrðum og aðrir viðskiptabankar.

Mikilvæg forsenda þess, að hald sé í ákveðinni tölulegri viðmiðun bókfærðs eiginfjár við niðurstöðutölu efnahagsreiknings, er sú, að bókfært virði fasteigna banka sé hverju sinni sem næst skynsamlegu mati á raunverulegu virði þeirra. Skyldi þetta sjónarmið haft í huga við setningu reglna um gerð ársreiknings, sbr. 34. gr.

Í 41. gr. er kveðið á um sérstakar aðgerðir, sem efnt skuli til, ef eiginfjárstaða banka skyldi fara niður fyrir sett mark.

Um 33. gr.

Í 1. mgr. er lagt til, að reikningsár viðskiptabanka skuli ákveðið í reglugerð eða samþykktum og að fyrir hvert reikningsár skuli gerður ársreikningur. Í gildandi lögum fyrir

einstaka ríkisviðskiptabanka er ákvæði um, að reikningsár (starfsár) skuli vera almanaksárið, en að því er hlutafélagsbankana varðar er tekið á þessu máli í reglugerð og samþykktum, og eru þau ákvæði sama efnis og lögin um ríkisviðskiptabankana.

Þar sem staða viðskiptabanka um áramót getur verið mjög frábrugðin stöðu hans á flestum öðrum tímum ársins getur þótt vera gild ástæða til að hafa reikningsár hans annað en almanaksárið, og þykja því ekki vera rök til þess að lögbinda almanaksárið sem reikningsár.

Í 2. mgr. eru settar fram almennar reglur um gerð ársreiknings og er vísað til laga og hugtaksins góð reikningsskilavenja. Þetta hugtak er þegar til í lögum hér á landi, þ. e. lögum nr. 51/1968, um bókhald. Segja má, að með þessu hugtaki sé einkum átt við að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við það, sem almennt gerist hjá sérhæfðu og samviskusömu fólki, sem að reikningsskilum vinnur á hverjum tíma, enda hafi það þekkingu á almennt viðurkenndum reikningsskilavenjum. Þau lög, sem við er átt, eru fyrst og fremst lög um bókhald og lög um hlutafélög.

Í 3. mgr. er ráðherra gert skylt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Það er óhjákvæmilegt að fyllsta samræmis verði gætt í þeim reglum, sem einstakir bankar fylgja við gerð ársreiknings, vegna margvíslegra ákvæða í þessu frv. um eftirlit, sem m. a. byggir á upplýsingum, sem um er fjallað í ársreikningum, sbr. t. d. ákvæði 32. og 41. gr. um eiginfjárstöðu. Þar sem bankaeftirlit Seðlabankans skal samkv. frv. gegna hlutverki viðtæks eftirlits með viðskiptabönkunum, er eðlilegt að ráðherra hafi samráð við bankaeftirlitið við setningu reglna um gerð ársreiknings.

Um 34. gr.

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að tryggja, að ársreikningur í viðeigandi búningi verði tilbúinn í tæka tíð þannig að ráðherra geti staðfest hann þegar þrír mánuðir eru liðnir frá lokum reikningsársins.

Að öðru leyti þarfnast þessi grein ekki skýringa.

Um 35. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 36. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að haldið sé því fyrirkomulagi, að Alþingi kjósi tvo endurskoðendur fyrir hvern ríkisviðskiptabanka. Sú breyting er þó gerð, að hér er lagt til, að endurskoðendurnir verði kosnir til fjögurra ára í senn í stað tveggja ára eins og er samkvæmt gildandi lögum. Það mikilvæga nýmæli er í 1. mgr., að lagt er til, að auk hinna þingkjörnu endurskoðenda skuli starfa að endurskoðun ríkisviðskiptabanka löggiltur endurskoðandi, sem ráðherra skipar.

Í 2. mgr., sem fjallar um hlutafélagsbanka, er lagt til að endurskoðun skuli framkvæmd af a. m. k. tveimur endurskoðendum, sem aðalfundur kýs, og skal einn endurskoðenda vera löggiltur endurskoðandi. Í samþykktum banka megi þó ákveða annan hátt á sjálfri tilnefningu hins löggilta endurskoðanda.

Í gildandi lögum um hlutafélagsbankana eru engin ákvæði um endurskoðun yfirleitt eða um endurskoðendur bankanna önnur en þau, að setja skuli reglur um þessi efni í samþykktir og reglugerðir þeirra. Þessi ákvæði hafa til skamms tíma ekki mælt fyrir um skyldu fyrir hlutafélagsbanka til að hafa löggiltan endurskoðanda í þjónustu sinni né heldur hefur svo orðið í framkvæmd. Í kjölfar nýsettra laga um hlutafélög hefur á undanförnum mánuðum orðið breyting í þessum efnum. Ákvæði hlutafélagalaganna um gerð ársreiknings hafa þegar tekið gildi fyrir það reikningsár, sem hefst á árinu 1979. Samkv. þessum lögum verða allir þegar starfandi hlutafélagsbankar skyldir til að hafa löggiltan endurskoðanda, þótt þau ákvæði komi reyndar ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1983.

Nýmæli 1. og 2. mgr. um skyldu allra viðskiptabanka til að njóta atbeina löggilts endurskoðanda við endurskoðun verður að skoða í ljósi þeirra staðreynda, að fjölþættari starfsemi og vaxandi umsvif banka og annarra innlánsstofnana, ásamt breyttri tækni við bókhald og á fleiri sviðum, krefst aukinnar faglegrar þekkingar þeirra, sem við endurskoðun fást í þessum stofnunum, og breyttrar skipulagningar þessara starfa. Má benda á, að á Norðurlöndum hafa kröfur til faglegrar þekkingar þeirra, sem ábyrgð bera á endurskoðun hjá innlánsstofnunum, farið sífellt vaxandi, og inn í flest þau lög, sem slíkar stofnanir varða, er nú komið ákvæði um, að löggiltur endurskoðandi skuli eiga aðild að endurskoðuninni.

Ákvæði 3.—6. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 37. gr.

Ákvæði greinar þessarar er nýmæli um aðra banka en Landsbankann. Í öðrum bönkum, þar sem starfar sérstök endurskoðunardeild, er málum hennar skipað með reglugerðarákvæðum. Hér er lagt til, að við sérhvern viðskiptabanka skuli starfa sérstök endurskoðunardeild, sem annist um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sem ráðinn er af bankaráði, sbr. 13. gr.

Innri endurskoðun felur í sér aðgerðir, sem mjög eru til þess fallnar að tryggja, að allt sé með felldu um þá starfsemi, sem um er að ræða. Með ákvæði þessu er stefnt að því, að að staðaldri sé gengið úr skugga um, að ekkert fari úrskeiðis um þau efni, sem falla undir svið endurskoðunar.

Um 38. gr.

Með ákvæðum í þessari grein eru fyrirmæli um, hvernig endurskoðendur þeir, sem um er fjallað í 36. gr., skuli haga störfum sínum. Í síðasta málslið greinarinnar er vísað til hugtaksins „viðurkenndar endurskoðunarvenjur“. Skulu endurskoðendur framkvæma endurskoðun í samræmi við þær venjur eins og þær eru á hverjum tíma.

Um 39. gr.

Hér er kveðið á um áritun endurskoðenda á ársreikninginn og um það, hvernig þeir skuli gera frekari grein fyrir endurskoðun á árinu og niðurstöðum hennar. Kveðið er skýrt á um upplýsingaskyldu þeirra gagnvart bankaeftirlitinu.

Um 40. gr.

Grein þessi þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 41. gr.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um einstaka viðskiptabanka um lok þeirra. Reglugerðir hafa ekki heldur ákvæði, sem að þessu lúta. Hins vegar eru ófullkomin ákvæði um félagsslit í samþykktum hlutafélagsbankanna. Þar segir, að þyki ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu fari um tillögu þar að lútandi sem lagabreytingar, þ. e. sem breytingar á ákvæðum samþykkta. Skuli fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu, kveða á um, hvernig skuli ráðstafa eignum þess og greiðslu skulda. Í samþykktum þriggja hlutafélagsbanka hefur síðan verið vísað til 39. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, en sú grein fjallar um frjáls slit hlutafélags. Í lögum þeim um hlutafélög, sem öðluðust gildi 1. janúar 1980, eru mjög ítarleg ákvæði um félagsslit, og skulu hlutafélög fljótlega samræma samþykktir sínar ákvæðum þeirra laga.

Rekstur innlánsstofnana er sérstaks eðlis, flókinn, viðkvæmur og áhættusamur. Þótt innlánsstofnun sé rekin í formi hlutafélags, er ekki talið nægilegt að láta ákvæði almennrar löggjafar um slíkar stofnanir gilda alfarið um slitin.

Nú skortir í lög um viðskiptabanka reglur um þetta efni eins og að framan er lýst. Í VII.

kafla (41.—44. gr.) eru ýmsar sérreglur um slit viðskiptabanka. Aðalákvæðið er í þessari grein (41. gr.), þar sem einkum er fjallað um skyldu til að ljúka starfsemi þegar ákvæði 32. gr. um eiginfjárstöðu er ekki uppfyllt.

Þessi grein er í tengslum við hin nýju eiginfjárákvæði 32. gr. frumvarpsins. Hér er í 1.—4. mgr. mælt fyrir um, hvernig með skuli fara, ef út af eiginfjárákvæðunum er brugðið og mælt fyrir um þau úrræði, sem grípa skal til. Þar er í fyrsta lagi um að ræða upplýsingaskyldu bankaráðs, bankastjórnar og endurskoðenda gagnvart bankaeftirlitinu, ef þessir aðilar hafa ástæðu til að ætla, að bankinn fullnægi ekki eiginfjárákvæðum. Því næst fer fram athugun á eiginfjárstöðunni og ef staðfest verður að athugun lokinni, að hún sé ekki í tilskildu horfi, skal bankaráð gera bankaeftirlitinu grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem það hyggst gera til úrbóta. Í 3. gr. er rætt um tvenns konar fresti, sem ráðherra veitir banka til að koma málum sínum í lag.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um, að hafi eiginfjárstöðu banka ekki verið komið í tilskilið horf að lokinni ofangreindri málsmeðferð og eftir atvikum að frestum liðnum skuli koma til greiðslustöðvunar og skiptameðferðar í samræmi við ákvæði 43. gr.

Sérreglur eru í 5. mgr. komi til greiðslustöðvunar og skiptameðferðar af öðrum ástæðum en ófullnægjandi eiginfjárstöðu.

Um 42. gr.

Hér er mælt fyrir um, að ákvörðun um slit hlutafélagsbanka fari í öðrum tilfellum en þeim, sem um ræðir í 41. gr., eftir ákvæðum almennrar löggjafar um hlutafélög. Getur hér bæði verið um tilfelli að ræða, þegar skylt er að slíta félaginu, og ákvörðun um frjáls slit. Sé um að ræða full slit á starfsemi hlutafélagsbanka, þ. e. a. s. enginn tekur við rekstri bankans, skal skiptameðferð fara eftir ákvæðum 43. og 44. gr. Renni bankinn hins vegar saman við aðra innlánsstofnun, sem þannig yfirtekur hann, eða sameinist annarri eða öðrum innlánsstofnunum með þeim hætti, að úr stofnununum er mynduð ný innlánsstofnun, gilda ákvæði almennrar löggjafar um hlutafélög að öllu leyti um slit hlutafélagsbankans.

Um 43. gr.

Hér eru sett ákvæði um sérstaka skilastjórn, sem annast skal skiptameðferð á búi viðskiptabanka. Einstök ákvæði greinarinnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 44. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um, að bú hlutafélagsbanka verði ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum lögum um gjaldþrotaskipti. Rekstur hlutafélagsbanka sem annarra innlánsstofnana er þess eðlis, að nauðsynlegt er talið að hafa sérstakt opinbert eftirlit með honum. Margvíslegar reglur eru settar til að tryggja sem heilbrigðastan rekstur þeirra, þ. á m. um lausafjár- og eiginfjárstöðu. Ef út af þessum reglum er brugðið, kemur til sérstakrar málsmeðferðar og úrræða, sbr. einkum 41. gr. Reglur almennrar gjaldþrotaskiptalöggjafar eru því einar sér ekki fullnægjandi. Hins vegar er heppilegt, að beitt sér tilteknum ákvæðum almennrar gjaldþrotaskiptalöggjafar við meðferð bús hlutafélagsbanka, þ. e. þeim reglum, sem með góðu móti eiga við. Er vísað til þeirra reglna í greininni. Hér er einkum um að ræða ákvæði laganna um kröfur á þrotabú, gagnkvæma samninga, riftun ráðstafana þrotamanns og fullnustu sérstakra réttinda. Frestur til höfðunar riftunarmáls er hér hafður lengri en í gjaldþrotalögum eða eitt ár í stað sex mánaða.

Um 45. og 46. gr.

Greinar þessar gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa.

Um 47. gr.

Viðskiptabankarnir hafa verið undanþegnir skyldu til að greiða tekjuskatt og eignarskatt. Þeim hefur, samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga, verið gert að greiða landsútsvar og hafa því verið undanþegnir álagningu aðstöðugjalds til sveitarfélags. Þeir bankar, sem hafa rétt til að versla með erlendan gjaldeyri, hafa samkvæmt lögum um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna (lögum nr. 40/1969) orðið að greiða ríkissjóði 60% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris svo og 60% af þóknun þeirri, sem þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda. Gengismunur ræðst af ákvörðunum Seðlabanka um skráningu kaup- og sölugengis gjaldeyris. Gjaldskrá bankanna um þóknanir fyrir gjaldeyrisviðskipti skal, samkvæmt lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, samin og útgefin af Seðlabankanum í samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana.

Meðal þeirra atriða, sem mestu ráða um afkomu viðskiptabanka, eru eftirfarandi: 1) vaxtamismunur, þ. e. mismunur á út- og innlánsvöxtum, 2) þóknun, sem tekin er fyrir ýmsa þjónustu, sem viðskiptabanki veitir, 3) rekstrarkostnaður og 4) ráðstöfun eigin fjár, þ. e. a. s. hvort það hefur verið fest í fasteignum eða öðrum verðtryggðum fjármunum, fremur en að vera bundið í venjulegum útlánum. Á undanförnum árum hefur viðskiptabanki ekki haft heimild til þess að ákveða vexti af inn- og útlánum né heldur hefur viðskiptabanki haft heimild til þess að setja af sjálfsdáðum gjaldskrá fyrir alls konar þjónustu. Stjórnvöld hafa því í rauninni haft afkomu viðskiptabanka í hendi sér. Eftir á er hægt að halda því fram, að það hefði gilt viðskiptabankana sem heild einu máli, hvort þeir hefðu verið undanþegnir tekju- og eignarskatti, eða hitt, að á einhvern veginn mældar hreinar tekjur og hreina eign hefðu verið lagðir skattar, en bönkunum svo verið bættar skattgreiðslurnar með hærri vaxtamun.

Á meðan skattalög höfðu ekki verið löguð að almennum verðbreytingum hefði tekjuskattsskylda bankanna þó leitt til eyðingar eigin fjár þeirra á skömmum tíma. Á þessu er ekki sama hætta og áður eftir að verðbreytingafærslur komu til skjalanna. Á hinn bóginn þarf skattlagning banka nákvæmrar yfirvegunar við. Taka verður tillit til margvíslegra sérstakra atriða í rekstri banka og setja viðeigandi reglur um reikningsskil þeirra. Má í þessu sambandi nefna vaxtayfirfærslur milli ára, niðurfærslu viðskiptakrafna, fyrningu vafasamra lána og skuldbindingar gagnvart lífeyrissjóðnum. Þá er einnig álitamál, hvort verðbreytingafærslur ættu að fylgja sömu reglum og nú eru í skattalögum. Þá ber brýna nauðsyn til, að fastar reglur séu um eiginfjárstöðu. Loks er mikilvægt, að þess sé gætt, að hliðstæðar reglur gildi um allar tegundir innlánsstofnana.

Af þeim sökum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, er í þessu frumvarpi lagt til, að tekju- og eignarskattsfrelsi bankanna haldist óbreytt nema sérstaklega sé um það mælt í lögum. Eðlilegt væri, ef til slíkrar skattskyldu kæmi, að um hana væru sett ákvæði í almenn skattalög að málinu vandlega athuguðu og hún þá í kjölfarið á þeirri breytingu, að vaxtaákvörðun væri í höndum viðskiptabankanna sjálfra.

Ákvæði 2. mgr. eru í samræmi við gildandi lög.

Um 48. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í meginatriðum samhljóða ákvæðum gildandi laga um ríkisviðskiptabankana og ákvæðum þeim um þagnarskyldu, sem nú er að finna í reglugerðum og samþykktum hlutafélagsbankanna.

Um 49. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga um einstaka banka.

Um 50. gr.

Fyrri mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir, að ekki verði gefnar út sérstakar reglugerðir um starfsemi hlutafélagsbankanna, eins og nú er, ef frumvarp þetta verður að lögum. Sömu ákvæðin eru að miklu leyti í samþykktum og reglugerðum. Einfaldara er því, að bankarnir starfi einungis á grundvelli laganna og staðfestra samþykkta.

Um 51. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að hér er notað tækifæri til þess að fella úr gildi lög um sveitabanka og Ríkisveðbanka Íslands, en þessi lög hafa verið í gildi yfir fjóra áratugi án þess að ákvæði þeirra hafi nokkurn tíma komið til framkvæmda.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 1. og 2. gr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. gr. er mælt fyrir um lengd þess frests, sem talið er hæfilegt að viðskiptabönkum sé veittur til að samræma reglugerðir sínar eða samþykktir ákvæðum laganna. Þá er viðskiptabönkum í 4. gr. veittur eins árs frestur frá gildistöku laganna til að koma eiginfjárstöðu sinni og lánum til einstakra aðila í rétt horf.

Ed. 770. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um lyfjadreifingu.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á mörgum fundum. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Lyfjaeftirliti ríkisins, Lyfjatæknifélagi Íslands, Lyfjatækniskóla Íslands, Læknafélagi Íslands, Apótekarafélagi Íslands, Félagi ísl. stórkaupmanna, Lyfjafræðingafélagi Íslands og Samstarfsnefnd sjúkrahúsalyfjafræðinga. Ingolf Petersen deildarstjóri starfaði með nefndinni.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur í afstöðu sinni til einstakra breytingartillagna.

Alþingi, 27. apríl 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.
Lárus Jónsson, með fyrirvara.
Karl Steinar Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.
Gunnar Thoroddsen.
Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.
Helgi Seljan.
Jón Helgason, með fyrirvara.

Ed. 771. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til l. um lyfjadreifingu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum og Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum.
   Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.
   Heimilt er ráðherra að leggja þá kvöð á handhafa lyfsöluleyfis, að hann reki lyfjaútibú og/eða lyfjaforða í héraði sínu. En fremur að hann annist faglegt eftirlit með lyfjabirgðum heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana.
   Umsóknir um lyfsöluleyfi skulu sendar ráðherra. Þær skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem skipuð er af ráðherra þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands, auk lyfjamálastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Varamenn félaganna eru skipaðir á sama hátt, en varamaður lyfjamálastjóra er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Sæki nefndarmaður um lyfsöluleyfi tekur varamaður sæti hans í nefndinni.
   Skipunartími nefndarmanna er þrjú ár. Nefndin lætur ráðherra í té umsögn um faglega hæfni þeirra umsækjenda, sem að hennar áliti eru hæfastir, þó aðeins þriggja hæfustu, ef umsækjendur eru fleiri en þrír.
   Nú sækir enginn um tiltekið lyfsöluleyfi eða enginn umsækjandi er talinn hæfur að dómi nefndarinnar og er þá lyfsölusjóði skylt að kaupa viðkomandi lyfjabúð og annast rekstur hennar til bráðabirgða með þeim réttindum og skyldum er því fylgir samkvæmt lögum þessum. Lyfsölusjóður annast rekstur lyfjabúðar í slíku tilviki þangað til umsækjandi gefur sig fram, og er þá lyfsöluleyfi auglýst að nýju, eða lyfsöluleyfi úr gildi fellt.
   Háskóli Íslands getur öðlast eitt lyfsöluleyfi með sérstöku tilliti til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala. Lyfsöluleyfi, sem Háskóli Íslands hefur þannig hlotið, verður ekki framselt. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um starfsemi slíks Háskólaapóteks.
   Háskóli Íslands skal hafa frumkvæði að tímabundinni vistun stúdenta í lyfjaverslun ríkisins, sjúkrahúsapótekum og öðrum lyfjabúðum og lyfjagerðum eftir því sem þörf krefur.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi eða fá skipun í stöðu forstöðumanns lyfjabúðar er að umsækjandi hafi starfsleyfi í samræmi við I. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.
   Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu áfram. Fer um réttarstöðu forstöðumanna þeirra á sama hátt og segir í 1. málsgr. 3. gr.
   Áður en leyfisbréf er afhent ber lyfsala að undirrita heit um að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og í samræmi við landslög.
   Skilyrði þessarar greinar eiga jafnt við um forstöðumenn sjúkrahúsapóteka, samvinnulyfjabúða, forstöðumann háskólaapóteks og forstöðumenn skv. 1. málsgr. 3. gr. Umsóknir um slíkar stöður forstöðumanna skulu lagðar fyrir nefnd þá sem um getur í 4. málsgr. 3. gr., og staðfestir ráðherra ráðningu þeirra.

3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Lyfjabúðum er skylt að versla með lyf, sem selja má hér á landi, enn fremur helstu gerðir lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna.

Ráðherra ákveður með reglugerð hverjar lyfjavörur, hjúkrunar- og sjúkragögn sem og aðrar vörur lyfjabúðir mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

Lyfjanefnd skal gera tillögur um reglugerð þessa í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins, Apótekarafélag Íslands og Lyfjafræðingafélag Íslands.

4. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Nú tekur lyfsali við rekstri annarrar lyfjabúðar eða fær lausn frá starfi og er honum þá rétt og skylt að reka lyfjabúðina þar til hinn nýi leyfishafi tekur við, sbr. 10. gr., eða lyfjabúðin er lögð niður.

Nú deyr lyfsali og fer þá með réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:

1. Ef erfingjar taka á sig ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda staðfesti ráðherra ráðningu hans. Hafi lyfsöluleyfinu ekki verið ráðstafað að þeim tíma loknum tekur lyfsölusjóður við rekstrinum og annast hann þar til leyfið hefur verið veitt að nýju.
2. Ef erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta annast lyfsölusjóður rekstur lyfjabúðarinnar þar til leyfi til rekstrar hennar hefur verið veitt.

Þegar lyfsöluleyfi fellur niður vegna annarra orsaka ákveður ráðherra hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar, og má þá um stundarsakir reka hana á kostnað lyfsölusjóðs.

5. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Handhafi lyfsöluleyfis skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Geta skal í auglýsingu um lyfsöluleyfi, sem laust er til umsóknar, hvenær verðandi lyfsali skuli hefja reksturinn.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt frest þennan séu knýjandi ástæður fyrir hendi.

Nú er það ráðið, að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, og getur sá, er tekur við af honum, ekki krafist þess að hefja reksturinn fyrr en hinn fyrrnefndi hefur hafið rekstur lyfjabúðar þeirrar er hann tekur við, enda hefjist sú starfræksla innan þess frests sem greindur er í 1. og 2. málsgrein.

6. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Í fjarveru lyfsala vegna orlofs, sjúkdóms eða af öðrum ástæðum skal hann fela lyfjafræðingi að annast daglega stjórn lyfjabúðarinnar, enda sé ekki um lengra tímabil en tvo mánuði að ræða.

Heimilt er að fela aðstoðarlyfjafræðingi að annast daglega stjórn innan greinds tímabils, ef hann er starfsmaður lyfjabúðarinnar og enginn lyfjafræðingur er fáanlegur til starfa. Samráð skal ávallt hafa við Lyfjaeftirlit ríkisins um setningu staðgengils lyfsala, nema um yfirlyfjafræðing lyfjabúðarinnar sé að ræða.

Líði tveir mánuðir svo, að lyfsali geti ekki annast rekstur lyfjabúðar sinnar eða verði í upphafi að álíta að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn áfram og bera faglega ábyrgð á honum. Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á ráðningu forstöðumanns. Sá forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

7. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu í hvívetna hlíta fyrirmælum löggiltrar lyfjaskrár.

Ráðherra mælir fyrir í reglugerð um tilhögun lyfjaafgreiðslu og meðferð og geymslu lyfja.

8. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
   Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði.
9. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Með afgreiðslurétti á lyfjum og eiturefnum er átt við rétt til að bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og framkvæma lokaeftirlit með að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni. Slíkan rétt hafa lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar.
   Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaforða, enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af ráðuneytinu eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í lyfjaforða er heimilt að veita hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður slíkan afgreiðslurétt.
10. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
    Í lyfjaútibúi má framleiða lyf eða aðrar vörur, aðrar en skyndilyf (ordinatio magistralis), sbr. 7. gr. laga nr. 49/1978, 3. tölul., og er slík framleiðsla háð leyfi ráðuneytisins að fengnum meðmælum Lyfjaeftirlits ríkisins. Í lyfjaútibúi skulu vera til sölu öll algeng lausasölulyf, sem eftirspurn er eftir á viðkomandi svæði, auk allra algengra lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna. Lyfseðilsskyld lyf má afgreiða í lyfjaútibúi samkvæmt lyfjaávísun. Skulu slík lyf geymd í hirslum sem má læsa.
    Afgreiðslutími lyfjaútibús skal ákveðinn af ráðuneytinu og skal þar sérstaklega kveðið á um afgreiðslutíma lyfseðilsskyldra lyfja.
11. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
    Starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar og lyfjafræðingar (aðstoðarlyfjafræðingar) í apótekum og sjúkrahúsapótekum mega ekki vera umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda. Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) að sérlyfjainnflutningsfyrirtækjum og lyfjaheildsölum er þó heimil ef enginn þeirra á verulegra hagsmuna að gæta í fyrirtækinu, sbr. ákvæði 3 til bráðabirgða.
12. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
    Ráðherra setur reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsmenn fyrirtækja sem flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu, samkvæmt tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins.
13. Við 42. gr. Greinin orðist svo:
    Íslenska ríkið rekur lyfjaheildsölu og lyfjagerð sem sjálfstæða stofnun undir nafninu Lyfjaverslun ríkisins. Lyfjaverslun ríkisins er skylt að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn, bóluefni, ónæmisefni og sjúkragögn fyrir sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra og aðrar heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríki og sveitarfélögum.
14. Við 43. gr. Greinin orðist svo:
    Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og sölu til sjúkrahúsa, lyfjabúða, dvalarheimila aldraðra og annarra heilbrigðisstofnana í landinu.
    Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og birgðahald Almannavarna.
15. Við 44. gr. Greinin orðist svo:
    Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af fjármálaráðuneyti, hinn þriðji skal vera lyfjamálastjóri og er hann formaður stjórnarinnar.
16. Við 45. gr. Greinin orðist svo:
    Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins. Skal hann vera lyfjafræðingur eða viðskiptafræðingur. Umsóknir um starf forstjóra skulu lagðar fyrir nefnd þá, sem um getur í 3. gr., og stjórn Lyfjaverslunar ríkisins, sem láta ráðherra í té umsögn um hæfni umsækjenda.

17. Við 46. gr. Greinin orðist svo:
Um búnað og fyrirkomulag í Lyfjaverslun ríkisins fer eftir þeim reglum sem gilda um lyfjagerðir og lyfjaheildsölur.
18. Við 50. gr. Greinin orðist svo:
Óheimilt er að afhenda lyf frá sjúkrahúsi til sjúklinga, sem ekki eru liggjandi á sjúkrahúsinu, með öðrum hætti en um getur í 49. gr.
19. Við 57. gr. Greinin orðist svo:
Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur heimild til að selja lyfjabúðum og héraðsdýralæknum framleiðslu sína á dýralyfjum og bóluefni í heildsölu, enda fullnægi hún ákvæðum lyfjalaga, nr. 49/1978, um framleiðslu lyfja. Þá getur tilraunastöðin flutt inn og selt sömu aðilum í heildsölu ormalyf sem skráð eru hér á landi eða gerðar eru tilraunir með.
Tilraunastöðin að Keldum getur selt bændum slík lyf og bóluefni í smásölu eftir því sem aðstæður krefjast, enda sé slík sala undir eftirliti dýralækna tilraunastöðvarinnar.
20. Við 58. gr. Greinin orðist svo:
Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu hafa á boðstólum algengustu dýralyf miðað við þarfir í hverju lyfsöluumdæmi. Þeim er skylt að selja héraðsdýralæknum þau lyf, er þeir þurfa, á heildsöluverði að viðbættu þjónustugjaldi, sem ákveðið er af ráðherra að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar, og skulu þau vera í stöðluðum, órofnum umbúðum.
Þar sem héraðsdýralæknir situr, en ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú á staðnum, skal hann hafa í umdæmi sínu á hendi sölu dýralyfja sem hann kaupir frá lyfjaheildsölu, lyfjabúð eða hjá Tilraunastöðinni að Keldum.
21. Við 59. gr. Greinin orðist svo:
Lyfjaeftirlit og annað eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.
22. Bráðabirgðaákvæði 3 orðist svo:
Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) er heimil að fyrirtækjum sem rekin eru í hlutafélagsformi, ef eignaraðild hvers þeirra fer ekki fram yfir 5% eignarhlut. Fyrirtæki, sem starfa í bága við 39. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 5 ára frest til að aðlaga sig þeim.

Sþ. 772. Þingsályktun [13. mál]

um orlofsbúðir fyrir almenning.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að kanna og gera tillögur um hvaða jarðeignir í eigu ríkisins megi nýta undir orlofsbúðir félagasamtaka og sumarhúsabyggingar einstaklinga.

Nefndin skal skila skýrslu um niðurstöður til Alþingis.

Sþ. 773. Þingsályktun [71. mál]

um kornrækt.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 74.

Sþ. 774. Þingsályktun [88. mál]

um eflingu kalrannsókna.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að efla kalrannsóknir.

Sþ. 775. Þingsályktun [54. mál]

um ávana- og fíkniefni.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram heildarendurskoðun á því, hvaða leiðir séu helstar til úrbóta til að hamla frekar gegn innflutningi, tilbúningi, útbreiðslu og neyslu ávana- og fíkniefna.

Tillögur þar að lútandi liggi fyrir í árslok 1982.

Sþ. 776. Þingsályktun [21. mál]

um votheysverkun.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að aukinni votheysverkun frá því sem nú er.

Skal þetta gert með því að

1) kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun,
2) kynna bændum nýjungar og tækniframfarir í votheysverkun og votheysfóðrun,
3) endurskoða reglur um stofnlán í því skyni að auðvelda bændum að breyta yfir í votheysverkun.

Sþ. 777. Þingsályktun [95. mál]

um skipun nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni skipun fimm manna nefndar til að gera heildarathugun á fiski- og farskipahöfnum landsins með tilliti til slysahættu sjómanna og annarra sem um hafnir fara.

Í nefndinni sitji einn fulltrúi tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands og sé hann formaður nefndarinnar. Eftirtaldir aðilar skipi hver einn fulltrúa í nefndina: Siglingamálastofnun ríkisins, Hafnamálastofnun ríkisins, Landssamband ísl. útvegsmanna og Sjómannasamband Íslands.

Skal starf nefndarinnar miða að því:

a) að benda á kunnar eða hugsanlegar slysagildrur við hafnarmannvirki og landgang skipa og báta,
b) að benda á við hvaða hafnir landsins og á hvaða sviði sé helst og brýnust þörf úrbóta,

c) að kanna aðbúnað til björgunar og slysavarna við hafnir landsins,
d) að gera tillögur um leiðir til úrbóta í ofangreindu efni, sjómönnum og öðrum, sem um hafnir fara, til aukins öryggis.

Ofangreind athugun og tillögugerð skal liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1982.

Nd. 778. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til laga um málefni fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar á yfirstandandi þingi, en því var vísað til nefndarinnar á síðasta fundi deildarinnar fyrir þinghlé 18. des. Sama dag vísaði nefndin frumvarpinu til umsagnar eftirtalinna aðila: Landssamtakanna þroskahjálpar, Öryrkjabandalags Íslands. Jafnframt voru þessi samtök beðin að kynna frv. aðildarfélögum. Enn fremur var frv. sent til umsagnar Félagi heyrnarlausra, Samtökum gegn astma og ofnæmi, Félagi sykursjúkra, Félagi psoriasissjúklinga, M. s.-félaginu, Landssamtökunum Hjartavernd, Geðvernd, Geðlæknafélagi Íslands, Barna- og geðlæknafélaginu, Félagi þroskaþjálfa, Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Læknafélagi Íslands og Endurhæfingarráði.

Svör hafa borist frá flestum þessum aðilum, enn fremur upplýsingar frá Stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, upplýsingar um úthlutun úr Erfðafjársjóði s. l. þrjú ár. Umsögn frá Magnúsi Magnússyni sérkennslufulltrúa menntamálaráðuneytisins, frá Stéttarfélagi ísl. félagsráðgjafa, frá svæðisstjórn Reykjavíkur, Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra.

Nefndin hefur haldið fundi með fulltrúum frá Öryrkjabandalagi Íslands, fulltrúum frá Þroskahjálp og fulltrúum frá öllum svæðisstjórnum í landinu, sem jafnframt hafa lagt fram greinargerðir um frumvarpið og breytingartillögur.

Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, hefur komið á fundi nefndarinnar. Jafnframt hefur hún í samráði við nefndina samið greinargerð um 2. gr. frv., þ. e. um skilgreiningu á orðinu fatlaður í frv. — enn fremur samið greinargerð um IV. kafla, 16. gr., þ. e. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, en báðar þessar greinargerðir eru prentaðar sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti.

Eins og við mátti búast eru skiptar skoðanir um þetta frumvarp. Í ítarlegri greinargerð með frumvarpinu kemur m. a. fram að megineinkenni frumvarpsins um málefni fatlaðra eru:

1. Steypt er saman þrennum gildandi lögum, þ. e. lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952, að undanskilinni 1. gr. þeirra laga, lögum um endurhæfingu, nr. 27/1970, og lögum um aðstoð við þroskahefta, nr. 47/1979. Segir í greinargerð að í samráði við fulltrúa hagsmunaaðila hafi þessi leið verið valin.
2. Frumvarpið einkennist af því, að nú er í fyrsta sinni komið á heildarskipulagningu félagslegrar þjónustu hins opinbera við fatlað fólk, án tillits til þess, hver fötlunin er, þar sem markmiðið er að stuðla að jafnrétti og fullkominni þátttöku fatlaðra í daglegu lífi.

Frv. er að meginstofni byggt á lögum um aðstoð við þroskahefta, nr. 47/1979, þau lög gerð víðfeðmari og látin taka til allra fatlaðra. Öryrkjabandalag Íslands ásamt flestum aðildarfélögum innan bandalagsins mælir eindregið með því, að þetta lagafrumvarp verði samþykkt, með nokkrum athugasemdum, sem nefndin hefur að nokkru tekið tillit til. Hins vegar hafa fulltrúar Landssamtakanna þroskahjálpar, sérstaklega fulltrúar svæðisstjórna, talið rétt að bíða með samþykkt frv. og óskað eftir meiri tíma til að fjalla um málið milli þinga, — telja þó margt í frumvarpinu horfa til bóta, en ýmis atriði þurfi frekari athugunar við að fenginni reynslu við framkvæmd laganna um aðstoð við þroskahefta. Sendu fulltrúar svæðisstjórnanna nefndinni skriflega umsögn frá fundi sem þeir héldu 16. apríl s. l.

Læknafélag Íslands og Geðlæknafélag Íslands eru eindregið andvíg frumvarpinu. Nefndin hefur rætt á fundum sínum nauðsyn þess, að sett verði hér á landi sérstök félagsmálalöggjöf þar sem í einum lagabálki er steypt saman öllum ákvæðum félagslegrar aðstoðar og þjónustu hins opinbera við alla þjóðfélagsþegna án tillits til þess, hvort þeir eru fatlaðir, ófatlaðir, ungir eða aldnir.

Slík heildarlöggjöf hefur verið sett t. d. í Danmörku og Svíþjóð, en í þeim löndum tók sú lagasmíð tugi ára og er enn umdeild, en áður höfðu verið í þessum löndum í gildi sérlög t. d. fyrir aldraða, fatlaða og börn.

Nefndinni er ljóst að löng leið er að ná því markmiði hér á landi, þess vegna sé rétt að setja sérstaka löggjöf fyrir fatlaða og aldraða sem áfanga að heildarfélagsmálalöggjöf sem sett verði í næstu framtíð. Um þetta vitnar reynsla sem þegar er fengin af lögum um málefni þroskaheftra.

Eftir þá miklu vinnu, sem félagsmálanefnd hefur lagt á frumvarpið, m. a. víðtæka gagna- og umsagnaöflun, fundahöld með hagsmunaaðilum, hefur hún valið þá leið að gera á frv. ýmsar breytingar, sem hún er sammála um að horfi til bóta, og hefur tekið tillit til ýmissa umsagna og ábendinga, er borist hafa, og flytur 21 breytingartillögu við frv. á sérstöku þingskjali.

Viðamesta breytingin er við IV. kafla frv. um Greiningarstöð ríkisins, sem lagt er til að verði Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Vísast í greinargerð Margrétar Margeirsdóttur, sem fylgir hér með.

Ljóst er að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ein mikilvægasta stofnun í þessum málum, um það eru flestir sammála, en aukið fjármagn þarf í uppbyggingu og rekstur slíkrar stofnunar. Er áætlað að stofnkostnaður verði um 30—40 millj. kr., en árlegur rekstrarkostnaður um 10—12 millj., miðað við núgildandi verðlag. Til starfa við slíka greiningar- og ráðgjafarstöð muni þurfa um 51 stöðugildi. Starfsemi, sem nú er rekin í Kjarvalshúsi, yrði sameinuð þessari nýju stofnun.

Ýmsar breytingartillögur nefndarinnar miðast við að draga skarpari skil að því er varðar framkvæmd laganna.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma við frumvarpið.

Alþingi, 25. apríl 1982.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Friðrik Sophusson, fundaskr.	Jóhann Einvarðsson.
Guðrún Hallgrímsdóttir.	Eggert Haukdal.	Steinþór Gestsson.
	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	

Fylgiskjal I.

Greinargerð um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Eins og yfirskriftin ber með sér er lagt til að orðið Greiningarstöð breytist í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Ástæðan er sú, að á undanförnum vikum og mánuðum hafa átt sér stað allmiklar umræður fjölmargra aðila um hlutverk og starfssvið þessarar stofnunar.

Þar hefur komið í ljós að orðið Greiningarstöð ríkisins hefur valdið misskilningi og verið túlkað á annan veg en gildandi lög um aðstoð við þroskahefta gera ráð fyrir svo og í frumvarpi til laga um fatlaða.

Einn meginþátturinn í starfsemi stofnunarinnar er víðtæk ráðgjafarþjónusta við einstaklinga og stofnanir, og þess vegna verður að teljast eðlilegt að gefa það til kynna í heiti stofnunarinnar. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ný stofnun, sem ekki á sér algera hliðstæðu hér á landi.

Í 10. gr. laga um aðstoð við þroskahefta er gert ráð fyrir þessari stofnun en hún hefur ekki tekið til starfa enn sem komið er. Undirbúningur er þó hafinn að byggingu stofnunarinnar við Dalbraut í Reykjavík.

Gert er ráð fyrir að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði algerlega sjálfstæð stofnun og engri annarri stofnun háð sem slík. Eins og fram kemur í kaflanum um Greiningar- og ráðgjafarstöðina er um starfsemi að ræða, sem að hluta til er fyrir hendi og hefur farið fram á ýmsum stöðum án samræmingar og gerir það að verkum að enginn einn aðili er ábyrgur fyrir ráðgjöf og samfelldri aðstoð og þjónustu við fötluð börn og unglinga, foreldra þeirra og forráðamenn. Þetta veldur því, að margir fara á mis við nauðsynlega aðstoð.

Aldrei verður of mikil áhersla lögð á mikilvægi aðstoðar og þjálfunar við fötluð börn og aðstandendur þeirra. Slíkt getur ráðið úrslitum um framtíð þessara barna og komið að miklu leyti í veg fyrir að þörf verði á sólarhringsvistun, sem er margfalt dýrara fyrir þjóðfélagið og óheppilegra úrræði fyrir einstaklinginn.

Á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er **ekki** gert ráð fyrir innlögnum af neinu tagi, hins vegar er gert ráð fyrir göngudeildarþjónustu og meðferðardeildum fyrir þá einstaklinga, sem þess þurfa með, sbr. atriði 1—3 í 16. gr.

1.—3.

Rannsókn og greining þroskahefts/fatlaðs einstaklings getur spannað yfir skemmri eða lengri tíma. Ekki er í stuttu máli unnt að gefa fullnægjandi lýsingu á hvernig slíkt fer fram. Hér er um einstaklingsbundnar athuganir/greiningu að ræða, sem fer eftir aldri, fötlun/þroskahömlun, líkamlegri, andlegri eða hvort tveggja.

Margir sérfræðingar þurfa oftast að koma við sögu varðandi hvern einstakling, svo sem læknar, sálfræðingar, sjúkraþjálfar, talkennarar, félagsráðgjafar o. fl.

Augljóst er að rannsókn og greining er ferli, sem getur spannað yfir lengri eða skemmri tíma og felur í sér ýmiss konar prófanir og mat á ástandi einstaklingsins og aðferðum til að örva og þjálfa þroskann til að bæta úr meðfæddum og/eða áunnum ágöllum.

Einn og sami einstaklingur getur þurft á meðferð og þjálfun að halda frá unga aldri til fullorðinsára. Ekki er þó þar með sagt að slíkt fari fram á Greiningar- og ráðgjafarstöð. En þar yrði athugað hvaða þjálfunaraðferðir henta, sem aðrir meðferðaraðilar, e. t. v. foreldrar, fóstrur, þroskaþjálfar, sálfræðingar o. fl., gætu notað, en þjálfunaráætlanir og aðferðir eru eins margar og einstaklingarnir, sem þarfnast þeirra, og jafnframt taka þær breytingum eftir því þroskastigi, sem einstaklingurinn er á hverju sinni.

Í þessu felst, að um reglubundið eftirlit og endurmat á framförum og þroska hins fatlaða er í verkahring stofnunarinnar að annast og sjá um.

4.

Að lokinni fullnægjandi athugun/greiningu eða annarri þjónustu, sem stofnunin getur og telur nauðsynlegt að láta í té, er tekin ákvörðun um tilvísun til annarra stofnana/meðferðaraðila þar sem viðeigandi og áframhaldandi þjálfun/meðferð/þjónusta er veitt.

Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að leita ávallt viðeigandi úrræða.

Þetta útheimtir að starfsfólk Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar verður að þekkja til hlítar aðrar stofnanir, sem annast þjónustu við fatlaða/þroskahefta. Náin samvinna þarf að

vera milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar og annarra stofnana, enda er gert ráð fyrir að þær geti fengið faglegar leiðbeiningar þegar þess er óskað.

5.

Í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er gert ráð fyrir þjónustu leikfangasafns (Legotek) og hafa ekki verið gerðar áætlanir um önnur leikfangasöfn af þessari tegund á öllu stór-Reykjavíkursvæðinu. Auk útlána og ráðleggingaþjónustu við foreldra fatlaðra barna er gert ráð fyrir að veittar verði leiðbeiningar til allra svæða landsins viðvíkjandi uppbyggingu og þjónustu leikfangasafna, en undirbúningur er hafinn við að koma þeim á fót í samræmi við lög um aðstoð við þroskahefta.

Telja verður í alla staði hagkvæmt að fella þessa starfsemi að annarri þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar bæði frá faglegu og rekstrarlegu sjónarmiði.

1. Þeir lyfsalar, sem höfðu lyfsöluleyfi 1. júlí 1963 og fullnægja ákvæðum laganna, eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs.
2. Ákvæði 4. málsgreinar 7. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 um hlutbundið lyfsöluleyfi (Reykjavíkur Apótek) eiga við meðan starfandi er lyfsali, sem öðlast hefur leyfið fyrir gildistöku laga þessara.
3. Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) er heimil að fyrirtækjum sem rekin eru í hlutafélagsformi, ef eignaraðild hvers þeirra fer ekki fram yfir 5% eignarhlut. Fyrirtæki, sem starfa í bága við 39. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 5 ára frest til að aðlaga sig þeim.
4. Lyfjaverslun ríkisins er heimilt, uns ráðherra ákveður, að starfa í rekstrarlegum tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hafa sameiginlegt skrifstofuhald með henni.

Ed. 802. Lög [2. mál]

um Listskreytingasjóð ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 591.

Ed. 803. Lög [222. mál]

um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16. apríl 1971, ásamt síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 598.

Ed. 804. Lög [166. mál]

um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. des. 1952.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 638 (sbr. 255).

Ed. 805. Lög [221. mál]

um búnaðarmálasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 639 (sbr. 400).

Ed. **806. Lög** [216. mál]

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 379.

Ed. **807. Lög** [217. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 380.

Ed. **808. Lög** [107. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 110.

Ed. **809. Lög** [248. mál]

um breyting á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 502.

Ed. **810. Lög** [282. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 613.

Ed. **811. Lög** [211. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 683.

Ed. 812. Lög [58. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 61.

Nd. 813. Lög [130. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 577 (sbr. 138).

Ed. 814. Frumvarp til laga [310. mál]

um sparisjóði.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um sparisjóði og starfsemi þeirra.

Hlutverk sparisjóðs er að reka hvers konar sparisjóðsstarfsemi, eins og hún er nánar skilgreind í VII. kafla laga þessara.

Stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðilar, sem hér eftir nefnast sparisjóðsaðilar, bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram upphæð stofnfjárinneignar sinnar og inneignar í séreignarsjóði eða skráðra ábyrgða sinna.

Sparisjóðsaðilar hafa ekki rétt til ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Ennfremur er eignarréttur stofnfjáreigenda háður þeim takmörkunum, sem lög þessi kveða á um.

2. gr.

Sparisjóðum er einum heimilt að reka sparisjóðsstarfsemi hér á landi, nema lög heimili annað, og jafnframt er þeim óheimilt að reka annars konar starfsemi.

Sparisjóðum einum er rétt og skylt að hafa orðið „sparisjóður“ í heiti sínu. Öðrum er óheimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „sparisjóður“ eða önnur orð, sem bent geta til þess, að um rekstur sparisjóðs sé að ræða. Að öðru leyti fer um firmu sparisjóða eftir ákvæðum firmalaga.

II. KAFLI

Stofnun sparisjóðs.

3. gr.

Stofnun sparisjóðs er háð leyfi viðskiptaráðherra. Umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, upphæð stofnfjár, starfssvæði, ef fyrirhugað er, að starfræksla verði bundin við ákveðið svæði, svo og aðrar þær upplýsingar, sem taldar eru máli skipta.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um leyfi til stofnunar sparisjóðs, skal leitað umsagnar hlutaðeigandi sýslunefnda eða bæjarstjórna, Seðlabanka Íslands og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Skal sérstaklega gefa því gaum, hvort stofnun sparisjóðs sé líkleg til að vera til

hagsbóta fyrir byggðarlagið og íbúa þess, og hvort stofnfé teljist í eðlilegu samræmi við væntanleg heildarviðskipti sjóðsins.

Ráðherra getur bundið leyfi til stofnunar sparisjóðs því skilyrði, að hefji sparisjóður ekki starfsemi sína innan þess tíma, sem ráðherra ákveður, falli leyfið úr gildi.

4. gr.

Stofnendur sparisjóðs geta verið sýslufélög, sveitarfélög, starfandi sparisjóðir, skráð samvinnu- og hlutafélög, stéttarfélög, félög vinnuveitenda, einstaklingar, og sjálfseignarstofnanir undir opinberu eftirliti.

Stofnendur skulu vera a. m. k. 30 talsins. Sýslufélag getur þó stofnað sparisjóð eitt sér eða í samvinnu við einn eða fleiri þeirra aðila, sem taldir eru upp í 1. mgr. Hið sama gildir um sveitarfélag og samvinnufélag með starfandi innlánsdeild við gildistöku laga þessara.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir, sbr. þó 6. gr. Í samþykktum er heimilt að kveða svo á, að sparisjóðsaðilar geti allir þeir orðið, sem uppfylla tiltekin almenn skilyrði.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði, skulu stofnendur sem og aðrir sparisjóðsaðilar vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði.

5. gr.

Sparisjóð má ekki stofna með lægra stofnfé en kr. 500 000. Verði frá gildistöku laga þessara verulegar breytingar á almennu verðlagi í landinu, skal færa framangreinda lágmarksfjárhæð til sem mests samræmis við verðlag á hverjum tíma.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir nefnt bankaeftirlitið) og Tryggingarsjóðs sparisjóða að víkja frá ákvæðum 1. mgr. um lágmark stofnfjár til hækkunar eða lækkunar, þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 61. gr.

Sparisjóður má ekki hefja starfsemi sína fyrr en minnst helmingur stofnfjár hefur verið greiddur. Stofnfé skal greitt að fullu í síðasta lagi innan árs, eftir að starfsemi sparisjóðs hefst.

Stofnfé má aðeins greiða með peningum.

6. gr.

Samþykktir sparisjóðs og breytingar á þeim öðlast þá fyrst gildi, er ráðherra hefur staðfest þær að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Í samþykktum sparisjóðs skulu fyrst og fremst vera ákvæði, sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. Heiti sparisjóðs.
2. Heimili sparisjóðs og varnarþing.
3. Heildarupphæð stofnfjár og skiptingu í stofnfjárhluti.
4. Hvaða reglur gildi um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár.
5. Hverjir séu stofnendur sparisjóðs og hvernig stofnfé skiptist á einstaka stofnendur. Sé um að ræða sparisjóð, sem við gildistöku laga þessara er starfræktur án innborgaðs stofnfjár, skal tilgreina heildarupphæð ábyrgða og skiptingu á einstaka ábyrgðaraðila, lágmarksfjölda ábyrgðaraðila, reglur um brottfall ábyrgðar og tilkomu nýrra ábyrgðaraðila.
6. Kosningu sparisjóðsstjórnar og störf hennar.
7. Breytingu á samþykktum.
8. Slit á sparisjóðnum og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Þegar öllum skilyrðum fyrir leyfisveitingu hefur verið fullnægt og samþykktir staðfestar, gefur ráðherra út leyfi fyrir sparisjóð, sbr. 3. gr.

III. KAFLI
Stofnfjárhlutir o. fl.

7. gr.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum, og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn, og verða þau ekki framseld til handhafa, þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum.

Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. Heiti sparisjóðs og heimilisfang.
2. Númer og fjárhæð hlutar.
3. Nafn, heimilisfang og nafnnúmer stofnfjáreiganda.
4. Útgáfudag stofnfjárbréfs.
5. Efni 8.—10. gr. laga þessara.
6. Sérstök atriði, er varða réttindi eða skyldur stofnfjáreiganda.

8. gr.

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt, nema með samþykki sparisjóðsstjórnar.

Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.

9. gr.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði, þegar svo stendur á, sem hér segir:

1. Við andlát stofnfjáreiganda.
2. Við eigendaskipti að stofnfjárhlut vegna slita á félagsbúi hjóna.
3. Við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut, í eftirgreindum tilvikum:

1. Þegar félagi eða stofnun, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða lagt niður.
2. Við gjaldþrot stofnfjáreiganda.
3. Við aðför skuldheimtumanna stofnfjáreiganda í stofnfjárhlut hans.

10. gr.

Ný synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 1. mgr. 8. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. 9. gr., og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs, frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn, sbr. þó ákvæði 12. gr.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram, skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbættri inneign í séreignarsjóði. Skal þá stjórnin ráðstafa hlutunum að nýju, svo fljótt sem auðið er á samsvarandi verði.

11. gr.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðila sparisjóðs, sbr. 5. tl. 6. gr.

Í skránni skal tilgreina nafn, stöðu, heimilisfang og nafnnúmer stofnfjáreigenda eða ábyrgðaraðila ásamt stofnfjáreign eða ábyrgðarupphæð.

Verði eigendaskipti að stofnfjárhlut og ákvæði laga eða samþykkta eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja stofnfjáreiganda fært í skrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Ennfremur skal geta eigendaskiptadags og skráningardags. Þegar nafn nýs eiganda er fært í skrána, skal stofnfjárbréfið einnig áritað um færsluna.

Skrána skal ætíð geyma í skrifstofu sparisjóðs og eiga allir sparisjóðsaðilar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

12. gr.

Sparisjóður má sjálfur ekki eiga meira en 10% af eigin stofnfé.

Verði sparisjóður sjálfur eigandi að meira en 10% af stofnfé sínu vegna ákvæða 9. og 10. gr., og slíkt ástand helst lengur en 6 mánuði, skal sparisjóðsstjórn tilkynna það ráðherra, sem tekur þá ákvörðun um, hvort sjóðnum sé heimilt að starfa áfram við þessar aðstæður. Áður skal ráðherra leita umsagnar og tillagna bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Óheimilt er að taka eigin stofnfjárbréf að veði til tryggingar skuldbindingum gagnvart sparisjóðnum.

IV. KAFLI

Aukning stofnfjár.

13. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði. Aðalfundur setur reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans, að viðbættri greiðslu í séreignarsjóð að tiltölu við hlut eldri stofnfjáreigenda í sjóðnum.

14. gr.

Í starfandi sparisjóði, þar sem stofnfé hefur ekki verið lagt fram, heldur einungis ábyrgðir, getur aðalfundur ákveðið, að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé.

Ákvörðun samkvæmt 1. mgr. verður því aðeins gild, að ábyrgðaraðilar, sem ráða yfir minnst $^4/_5$ hlutum heildaratkvæðamagns í sparisjóði, gjaldi henni jákvæði. Verða hinir fyrri ábyrgðaraðilar þá stofnfjáreigendur í sparisjóðnum, en ábyrgðir falla niður að sama skapi. Nú fæst ábyrgðarmaður ekki til þess að leggja fram stofnfé samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og fellur hann þá úr aðilahópi. Ef slíkur aðili er eigandi að stofnfjárhlut, og áframhaldandi óbreytt stofnfjáraðild hans samrýmist ekki ákvæðum laga þessara og samþykkt aðalfundar, skal sparisjóður innleysa stofnfjárhlutinn og fer um það eftir ákvæðum 2. mgr. 10. gr.

Stofnfé, sem innborgað er samkvæmt 1. mgr., má ekki nema lægri fjárhæð en samanlagðri upphæð ábyrgða í sparisjóði. Ábyrgðaraðilar eiga rétt til stofnfjárins í hlutfalli við ábyrgðarfjárhæð sína.

V. KAFLI

Séreignarsjóður stofnfjáreigenda.

15. gr.

Séreignarsjóður stofnfjáreigenda myndast á eftirgreindan hátt:

1. Með hluta þeirra vaxta, er aðalfundur ákveður að greiða stofnfjáreigendum af árlegum tekjuafgangi, sbr. 39. gr.
2. Með upphæðum, sem greiddar eru fyrir ný stofnfjárbréf umfram nafnverð, sbr. 13. gr.

Hver stofnfjáreigandi á í hlutfalli við stofnfjáreign sína ákveðinn hlut í séreignarsjóði, og skal hlutur hans í sjóðnum sérgreindur í bókhaldi sparisjóðs.

Eigendaskipti að rétti stofnfjáreiganda yfir hlut sínum í séreignarsjóði geta ekki orðið, nema eigendaskipti verði að stofnfjárbréfi skv. III. kafla, og gilda reglur þess kafla um stofnfjárhluti jafnframt um hluti í séreignarsjóði.

Stofnfjáreigendur bera ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs með inneign sinni í séreignarsjóði á sama hátt og með upphæð stofnfjár síns.

Inneign í séreignarsjóði verður ekki greidd til stofnfjáreiganda nema við slit sparisjóðs skv. ákvæðum 61. gr.

VI. KAFLI
Stjórn sparisjóðs.

16. gr.

Æðsta stjórn sparisjóðs er í höndum aðalfundar og aukafundar. Milli funda fer stjórn sparisjóðs með yfirstjórn hans.

Aukafund skal halda, ef sparisjóðsaðilar, sem fara með minnst 1/3 hluta ábyrgðar- eða stofnfjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Skal þá sparisjóðsstjórn boða til fundar með sama hætti og til aðalfundar. Aukafund skal annars halda, þegar sparisjóðsstjórn telur þess þörf.

17. gr.

Aðalfundir og aukafundir skulu boðaðir í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan jafn tryggilegan hátt til allra sparisjóðsaðila með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Fundur er því aðeins lögmætur, að helmingur sparisjóðsaðila hið fæsta sæki hann, enda fari þeir með a. m. k. helming atkvæðamagns. Sparisjóðsaðila er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á aðal- eða aukafundi, nema slíkt sé sérstaklega leyft í samþykktum sparisjóðs. Nú er fundur ekki lögmætur, og skal þá boða til fundar að nýju með sama hætti, og verður fundur þá lögmætur án tillits til þess, hversu margir sækja hann.

Þegar aukins meirihluta er krafist til þess að ákvörðun öðlist gildi, skal hinn aukni meirihluti reiknast af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Afl atkvæða samkvæmt reglum 19. gr. ræður úrslitum á fundum, nema öðru vísi sé mælt í lögum þessum.

Aðalfund skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Fyrir aðalfund skal leggja reikninga liðins árs og skýrslu stjórnar.

Hver sparisjóðsaðili á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum sparisjóðs, ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með svo miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

18. gr.

Á aðalfundi skulu m. a. eftirgreind mál tekin fyrir:

1. Kosning sparisjóðsstjórnar, sbr. 20. gr., og endurskoðenda, sbr. 42. gr.
2. Kosning fulltrúa á aðalfund Tryggingarsjóðs sparisjóða, sbr. 52. gr.
3. Staðfesting ársreiknings og ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. 39. gr.
4. Bygging, kaup, sala, skipti eða veðsetning á fasteignum sparisjóðs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, enda verði þessar ráðstafanir að teljast meiri háttar miðað við eiginfjárstöðu sparisjóðs. Sparisjóðsstjórn er þó eigi skylt að bera yfirtöku og sölu á fasteignum skv. 26. gr. undir aðalfund.
5. Laun stjórnarmanna. Laun endurskoðenda eru háð samþykki aðalfundar að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.
6. Stofnun útibúa og umboðsskrifstofa að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. þó lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands ásamt síðari breytingum.
7. Breytingar á samþykktum sparisjóðs.
8. Önnur mál, sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum þessum eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fund.

19. gr.

Sparisjóðsaðilar skulu allir eiga jafnan atkvæðisrétt, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Öðrum sparisjóðsaðilum en sýslufélögum, sveitarfélögum og sam-

vinnufélögum með starfandi innlánsdeild við gildistöku laga þessara er þó óheimilt að fara með meira en 1/5 hluta af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Sparisjóðsaðilar skulu allir eiga jafnan hlut, nema ráðherra heimili annað.

Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum, sem sparisjóður á sjálfur, sbr. 12. gr.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum, er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum, sem sparisjóður á sjálfur.

20. gr.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja þrír eða fimm menn, eftir því sem ákveðið er í samþykktum. Þar sem þrír menn sitja í stjórn, kjósa sparisjóðsaðilar tvo stjórnarmenn, en hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tilnefna einn mann. Sitji fimm í stjórn sparisjóðs, tilnefna kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir tvo stjórnarmenn. Séu bæjar- eða sýslufélög einu sparisjóðsaðilarnir, kjósa hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða sýslunefndir alla stjórnina. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin.

Stjórnarmenn, sem ekki eru kosnir af sparisjóðsaðilum, sitja aðal- og aukafundi án atkvæðisréttar.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma, sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar, í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

21. gr.

Sparisjóðsstjórn fer með stjórn á málefnum sparisjóðs með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem greinir í lögum þessum. Stjórnin skal hafa með höndum reglubundið eftirlit með rekstri sparisjóðs og gæta þess, að reksturinn sé í hvívetna í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins.

Stjórnarfund skal boða með tryggilegum hætti. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund.

Meðal þeirra mála, sem sparisjóðsstjórn tekur ákvörðun um, eru:

1. Útlán sparisjóðs. Lán úr sparisjóði skal aldrei veitt nema meirihluti sparisjóðsstjórnar hafi samþykkt lánveitingu, sbr. þó 22. gr. Sparisjóðsstjórn skal samþykkja lánveitingar með undirskrift undir fundargerðir, áritun á lánsskjöl eða með öðrum sannanlegum hætti.
2. Bygging, kaup, sala, skipti eða veðsetning á fasteignum sparisjóðs, sbr. þó 4. tl. 18. gr.
3. Ráðning sparisjóðsstjóra, aðalféhirðis, aðalbókara og útibússtjóra, ef sparisjóður starfrækir útibú.
4. Ákvörðun um afskriftir af eignum sparisjóðs í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.

22. gr.

Stjórn sparisjóðs getur ráðið sparisjóðsstjóra. Sé sparisjóðsstjóri ráðinn fara sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóri með stjórn sparisjóðsins. Sparisjóðsstjóri má ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins, en hann skal sitja stjórnarfundi, nema fjallað sé um mál, er varða hann sjálfan.

Sparisjóðsstjóri annast daglegan rekstur sparisjóðs, og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem sparisjóðsstjórn hefur gefið. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur sparisjóðsstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá sparisjóðsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal sparisjóðsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Sparisjóðsstjórn skal setja sparisjóðsstjóra erindisbréf, þar sem starfssviði hans er nánar lýst. Erindisbréfið skal gilda tiltekinn tíma. Sparisjóðsstjóra verða ekki falin þau verkefni, sem talin eru í 4. tl. 21. gr., en hann ræður starfsfólk sjóðsins, sbr. þó 3. tl. 21. gr.

Með samþykki aðalfundar getur stjórn sparisjóðs falið sparisjóðsstjóra að taka ákvarðanir um lánveitingar og framlengingar lána, án þess að leita fyrirfram samþykkis stjórnarinnar. Sparisjóðsstjórn skal á aðalfundi hverju sinni kynna gildandi reglur um útlánaheimildir sparisjóðsstjóra. Útlánaákvarðanir sparisjóðsstjóra skulu staðfestar með áritun hans á lánsskjöl eða á annan sannanlegan hátt. Hann skal á stjórnarfundum gera sparisjóðsstjórn grein fyrir öllum nýjum lánveitingum.

Starfræki sparisjóður útibú, skal útibússtjóri ráðinn af sparissjóðsstjórn, en starfa undir stjórn sparisjóðsstjóra. Sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóri skulu setja útibússtjóra erindisbréf, er gildi tiltekinn tíma. Aðalfundur getur ákveðið að veita útbússtjóra heimild til ákvarðana um útlán á starfsfé útibúsins. Sú heimild skal þó ekki vera rýmri en útlánaheimild sparisjóðsstjóra, enda skulu þessar lánveitingar vera undir eftirliti sparisjóðsstjóra, sem gerir sparisjóðsstjórn reglulega grein fyrir nýjum lánveitingum.

23. gr.

Sparisjóðsstjóri og útibússtjóri í fullu starfi mega ekki stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Sé sparisjóðsstjóri ekki ráðinn, skal sparisjóðsstjórn annast daglega stjórn á málefnum sparisjóðs. Heimilt er, að stjórnarmenn hafi með höndum öll dagleg störf í sparisjóði. Um slík störf gilda ákvæði 35. gr. Aðalfundur skal ákveða þóknun fyrir þessi störf.

Til að skuldbinda sparisjóð þarf undirskriftir meirihluta stjórnarmanna. Sparisjóðsstjórn getur veitt sparisjóðsstjóra eða öðrum starfsmönnum heimild til að skuldbinda sparisjóð í tilteknum málum, sem undir sjóðinn heyra og skulu slíkar ákvarðanir birtar í Lögbirtingablaði og jafnframt tilkynntar bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða.

Ætíð þarf undirskriftir að minnsta kosti tveggja starfsmanna til að skuldbinda sparisjóð. Heimilt er í samþykktum að gera undantekningu frá þessu ákvæði.

VII. KAFLI
Starfsemi.

24. gr.

Starfsemi sparisjóðs er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri sparisjóðs- og þjónustustarfsemi, sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti.

25. gr.

Sparisjóði er ekki heimilt að eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sjóðsins eða líklegrar aukningar á þeirri starfsemi.

Með samþykki sparisjóðsstjórnar og samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða er sparisjóði heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum sem reka sparisjóðsstarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er sparisjóðsstarfsemi eða er í eðlilegum tengslum við hana. Umfram það, sem hér er heimilað, má sparisjóður ekki bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra fyrirtækja eða stofnana, sbr. þó 26. gr.

26. gr.

Sparisjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar strax og það er talið hagkvæmt að mati sparisjóðs.

27. gr.

Úr innlánsskilríki, þ. e. sparisjóðsbók eða öðru slíku skilríki fyrir innláni, getur sparisjóður greitt hverjum, sem skilríkið hefur undir höndum og veitir þær upplýsingar, sem sparisjóður almennt krefst eða um kann að hafa verið samið, sbr. þó 2. mgr. Sé sérstök ástæða til, getur sparisjóður krafist þess, að handhafi sanni rétt sinn til að taka fé af reikningi.

Eigandi innlánsskilríkis getur mælt svo fyrir, að annar en hann sjálfur megi ekki leggja inn eða taka fé úr því.

Nánari ákvæði um inn- og útborgun innlánsfjár er heimilt að setja í samþykktir, sbr. 6. gr.

28. gr.

Sparisjóðum er óheimilt að nota önnur form innlánsreikninga en þau, sem Seðlabanki Íslands samþykkir.

29. gr.

Heimilt er að setja fé ófullráða manna og opinberra aðila á vöxtu í sparisjóði.

Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóð ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu, meðan það stendur þar.

30. gr.

Um fyrning á innlánsfé fer eftir 2. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Glatist innlánsskilríki eða viðtökuskírteini, er sparisjóður hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé, getur sparisjóður stefnt til sín handhafa nefndra skjala með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði. Gefi enginn sig fram, áður en fyrirvarinn er liðinn, falla niður öll réttindi á hendur sparisjóði samkvæmt innlánsskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Sparisjóður skal þá að ósk þess, sem fengið hafði hið fyrra innlánsskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr sparisjóði, gefa út nýtt innlánsskilríki eða viðtökuskírteini honum til handa eða þeim, sem sannar, að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila. Hið nýja skjal skal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

31. gr.

Krefjast skal trygginga, sem sparisjóðsstjórn metur fullnægjandi vegna skuldbindinga, sem stofnað er til gagnvart sparisjóði.

Með samþykki sparisjóðsstjórnar er heimilt að leyfa viðskiptaaðila að stofna til skuldbindinga við sparisjóð án veðs eða ábyrgðar annarra, enda hafi sjóðurinn aflað sér upplýsinga um hlutaðeigandi, sem sýni að sérstakra trygginga sé ekki þörf. Sparisjóði er skylt að fylgjast reglulega með afkomu og efnahag viðskiptaaðila meðan skuldbinding varir, þannig að í tæka tíð megi grípa til ráðstafana, er tryggi hagsmuni sjóðsins, ef þörf krefur.

Þegar um smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé sparisjóðs, er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., enda liggi fyrir að mati sparisjóðs fullnægjandi vitneskja um greiðslugetu viðskiptaaðila.

32. gr.

Með samþykki sparisjóðsstjórnar, sem fært sé í gerðabók stjórnarinnar, er sparisjóði heimilt að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína. Sparisjóðsstjórn getur heimilað sparisjóðsstjóra að veita ábyrgðir innan tiltekinna marka. Krefjast skal öruggra trygginga fyrir öllum ábyrgðum sparisjóðs. Heildarfjárhæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, má ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðs nema að fengnu samþykki bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Með samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða er sparisjóði heimilt að taka á sig ábyrgð að vissu marki á tékkum, sem reikningsaðilar í sparisjóðnum gefa út. Þessar ábyrgðir skulu undanþegnar þeim sérstöku skilyrðum og takmörkunum, er greinir í 1. mgr.

33. gr.

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meiru en 50% af bókfærðu eigin fé sjóðsins, þ. m. t. stofnfé og séreignarsjóður stofnfjáreigenda. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir, að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóði í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóð, þ. m. t. ábyrgðir, sem sparisjóður hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, víxlakvóti, eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð skuldbinding, skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.

Til heildarskuldbindinga skal einnig telja hlutabréf og eignarhluta sparisjóðs í fyrirtækjum og stofnunum, sbr. 25. gr.

Eftir umsókn sparisjóðs getur bankaeftirlitið heimilað, að allt að 50% af tilteknum ábyrgðarskuldbindingum ákveðins viðskiptaaðila séu ekki talin með heildarskuldbindingum skv. 1. mgr.

Með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. skal þó ekki telja:

1. Skuldbindingar ríkissjóðs, ásamt skuldbindingum fyrirtækja og stofnana, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á. Einnig skuldbindingar tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Skuldbindingar tryggðar með handveði í kröfum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið.
3. Skuldbindingar tryggðar með handveði í innstæðum í viðskiptabanka eða sparisjóði eða handveði í líftryggingarskírteini innan endurkaupsverðmætis.
4. Skuldbindingar tryggðar með veði í auðseljanlegum fasteignum allt að 60% af opinberu fasteignamati eða öðru öruggu mati, eftir ákvörðun sparisjóðsstjórnar og með samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða.
5. Afurðalán eða framleiðslulán iðnaðar allt að 50% af nettóverði veðsettra afurða eða iðnaðarvara.

34. gr.

Stjórnarmenn sparisjóðs, sparisjóðsstjórar og útibússtjórar sparisjóðs mega ekki vera skuldugir sparisjóði, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Ákvæði þetta gildir einnig um maka þeirra.

Aðrir starfsmenn sparisjóðs en um getur í 1. mgr. og endurskoðendur mega ekki vera skuldugir hlutaðeigandi sparisjóði nema eftir sérstökum reglum sem sparisjóðsstjórn setur og staðfestar eru á aðalfundi og af Tryggingarsjóði sparisjóða.

Ekki mega stjórnarmenn sparisjóðs, endurskoðendur og starfsmenn koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart sparisjóði varðandi lánsbeiðnir eða aðrar fyrirgreiðslubeiðnir.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skuldbindingar, sem stofnað var til, áður en hlutaðeigandi voru kjörnir eða ráðnir til starfa fyrir sparisjóð, en slíkar skuldbindingar skal greiða upp á hæfilegum tíma.

35. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera a. m. k. tveir starfsmenn, gjaldkeri og bókari. Má engin greiðsla til sparisjóðs eða frá honum fara nema a. m. k. tveir starfsmenn séu viðstaddir og færi þeir viðskiptin hvor um sig í bækur sjóðsins. Heimilt er, að stjórnarmenn sparisjóðs hafi þessi störf með höndum að einhverju eða öllu leyti. Bankaeftirlitið getur, í samráði við Tryggingarsjóð sparisjóða, veitt undanþágur frá ákvæðum 1. og 2. ml.

VIII. KAFLI
Lausafjárstaða og eiginfjárstaða.

36. gr.

Sparisjóður skal kappkosta að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi sparisjóðs fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

37. gr.

Bókfært eigið fé sparisjóðs, þ. m. t. stofnfé og séreignarsjóður stofnfjáreigenda, má ekki vera lægra en sem svarar 10% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings að frádregnum peningum í sjóði, innstæðu í bönkum og sparisjóðum og þeim kröfum, sem taldar eru í 5. mgr. 33. gr. laga þessara, en að viðbættum 50% af þeim ábyrgðum, sem sparisjóður hefur tekið að sér fyrir viðskiptaaðila sína.

IX. KAFLI
Reikningsskil.

38. gr.

Reikningsár sparisjóða er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gerður ársreikningur.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og sparisjóðsstjóra.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju. Ráðherra setur nánari reglur um gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

39. gr.

Tekjuafgangi sparisjóðs skal varið svo sem hér segir:

1. Jafna skal tap fyrri ára.
2. Helmingur tekjuafgangs, sem þá verður eftir, skal lagður í varasjóð.
3. Eftir ráðstöfun skv. 1. og 2. tl. getur aðalfundur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að verja tekjuafgangi eða hluta hans til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Ársvextir mega ekki vera hærri en bestu innlánskjör á hverjum tíma. Ekki er heimilt að flytja framangreinda vaxtagreiðsluheimild milli ára. Aðalfundur ákveður, hve mikill hluti vaxtanna skal greiðast út til stofnfjáreigenda, en sú upphæð má þó ekki vera hærri en svarar til vaxta af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma, sem reiknaðir séu bæði af stofnfé og séreignarsjóði. Sá hluti vaxtanna, sem ekki greiðist út, skal lagður í séreignarsjóð stofnfjáreigenda.
4. Tekjuafgang, sem ekki er ráðstafað skv. 1.—3. tl., skal leggja í varasjóð.
5. Sparisjóðsstjórn getur ákveðið, að fengnu samþykki ráðherra og þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að verja fé úr varasjóði til almenningsheilla. Hagsmunum innstæðueigenda skal þó aldrei stefnt í hættu.

40. gr.

Ljúka skal reikningsskilum og endurskoðun þeirra fyrir lok marsmánaðar. Endurskoðaður ársreikningur skal lagður fyrir aðalfund til staðfestingar.

Staðfestan ársreikning skal senda bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða ásamt skýrslu endurskoðenda og endurriti af fundargerð aðalfundar.

41. gr.

Ársreikningur sparisjóðs skal liggja frammi á öllum afgreiðslustöðum sjóðsins almenningi til sýnis og sendur hverjum þeim viðskiptaaðila, sem þess óskar.

Ef ástæða þykir til, getur ráðherra ákveðið, að fengnu áliti bankaeftirlitsins, að ársreikning sparisjóðs skuli birta í Stjórnartíðindum.

X. KAFLI
Endurskoðun.

42. gr.

Á aðalfundi sparisjóðs skal kjósa tvo endurskoðendur með hlutbundinni kosningu til eins árs í senn.

Endurskoðendur hafa rétt til að sitja aðal- og aukafundi sparisjóðs og skulu vera viðstaddir, þegar til meðferðar eru málefni, sem krefjast nærveru þeirra.

Skylt er að veita endurskoðendum aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum sparisjóðs, og jafnframt skulu sparisjóðsstjórn og starfsmenn sparisjóðs veita þeim allar umbeðnar upplýsingar, sem unnt er að láta í té.

43. gr.

Endurskoðandi sparisjóðs má ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins og eigi starfa í þágu sjóðsins að öðru en endurskoðun. Ekki má hann heldur vera í þjónustu stjórnenda sparisjóðsins.

44. gr.

Endurskoðendur skulu hafa eftirlit með að skipulag á reikningshaldi og starfsemi sparisjóðs sé í fullnægjandi horfi. Endurskoðun skal framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju á hverjum tíma.

45. gr.

Endurskoðendur sparisjóðs skulu halda endurskoðunarbók um störf sín, er lögð skal fyrir sparisjóðsstjórn. Skal þar koma fram, hvaða endurskoðunarstörf eru unnin og hvenær, og einnig skal þar greint frá niðurstöðum endurskoðunar hverju sinni. Stjórnarmenn skulu staðfesta með undirskrift sinni, að þeir hafi kynnt sér það, sem fram kemur í endurskoðunarbók.

Endurskoðendum er skylt að veita bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða upplýsingar um allt, sem endurskoðunina varðar. Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla á rekstri sparisjóðs, sem veikt geta fjárhagslega stöðu eða viðskiptatraust hans, skulu endurskoðendur gera bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða viðvart.

46. gr.

Eftir að endurskoðun er lokið, skulu endurskoðendur árita ársreikninginn. Ef endurskoðendur eru þeirrar skoðunar, að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, skulu þeir taka það fram í áritun sinni.

Ef endurskoðendur hafa sérstakar athugasemdir fram að færa við ársreikninginn eða starfsemin gefur tilefni til, skulu þeir semja endurskoðunarskýrslu, er fylgi ársreikningi, og sé til hennar vísað í áritun hans.

Endurskoðunarskýrslu skal sparisjóðsstjórn fá í hendur hæfilegum tíma áður en reikningsskilin eru lögð fyrir aðalfund til staðfestingar, þannig að stjórnin geti samið svar við athugasemdum endurskoðenda.

47. gr.

Ráðherra skal setja nánari reglur um endurskoðun hjá sparisjóðum að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

XI. KAFLI
Tryggingarsjóður sparisjóða.

48. gr.

Stofna skal nýjan Tryggingarsjóð sparisjóða, og skulu allir sparisjóðir vera aðilar að honum. Jafnframt skal núverandi Tryggingarsjóður sparisjóða lagður niður, svo sem nánar er mælt fyrir í þessum kafla.

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun, og er sparisjóði því ekki heimilt að færa framlög sín til hans sem eign í efnahagsreikningi.

49. gr.

Meginhlutverk Tryggingarsjóðs er að tryggja full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs, sbr. XIII. kafla laga þessara. Stjórn Tryggingarsjóðs getur eftir atvikum ákveðið að tryggja skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs.

Jafnframt skal hlutverk Tryggingarsjóðs vera að stuðla almennt að eflingu sparisjóðsstarfsemi í landinu og veita sparisjóðum aðstoð á annan hátt. Stjórn Tryggingarsjóðs er í þessu skyni heimilt:

1. Að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs.
2. Að ganga í ábyrgð fyrir sparisjóð.
3. Að bæta, með samþykki aðalfundar Tryggingarsjóðs, sérstakt tap og kostnað, sem sparisjóður verður fyrir.
4. Að veita sparisjóðunum stuðning á hvern þann hátt, sem aðalfundur Tryggingarsjóðs ákveður í samræmi við lög þessi og samþykktir Tryggingarsjóðs.

Stjórn Tryggingarsjóðs getur sett tiltekin skilyrði fyrir aðstoð, sem sparisjóði er veitt samkvæmt heimildarákvæðum þessum.

50. gr.

Hver sparisjóður skal árlega greiða framlag til Tryggingarsjóðs, sem sé ákveðið hlutfall af heildarinnlánsfé sjóðsins um næstu áramót á undan. Fyrstu fimm árin, sem Tryggingarsjóður starfar, skal þetta hlutfall vera minnst 0,5‰. Aðalfundur ákveður hlutfallið með samþykki ráðherra, en það skal vera hið sama fyrir alla sparisjóðina. Aðalfundur getur þó ákveðið að undanþiggja sparisjóð greiðslu árgjalda um tiltekinn tíma.

Til þess að Tryggingarsjóður geti þegar við stofnun gegnt meginhlutverki sínu samkvæmt 1. mgr. 49. gr., skal hver sparisjóður ganga í ábyrgð fyrir Tryggingarsjóð með upphæð, er skal nema 0,5% af heildarinnlánsfé sjóðsins á hverjum tíma. Eftir nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs skulu sparisjóðirnir leggja fram formlegar tryggingar fyrir ábyrgð sinni.

Inneignir sparisjóða í hinum fyrri Tryggingarsjóði sparisjóða, sbr. lög nr. 69/1941, skulu flytjast til hins nýja Tryggingarsjóðs og ávaxtast þar. Verður inneign hvers sparisjóðs séreign hans að viðbættum árlegum vöxtum. Fé þessu skal haldið aðgreindu í reikningum Tryggingarsjóðs. Hætti sparisjóður störfum hefur hann rétt til að fá inneign þessa í Tryggingarsjóði greidda, og skal hún þá ganga til greiðslu á kröfum innstæðueigenda hjá sparisjóðnum.

51. gr.

Ávöxtun á fé Tryggingarsjóðs skal við það miðuð, að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Nánari reglur um ávöxtun á fé sjóðsins skal setja í samþykktir hans.

52. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs.

Hver sparisjóður fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfall innborgaðs ársframlags hans af heildarársframlögum í sjóðinn síðasta reikningsár fyrir aðalfund. Hver

sparisjóður má þó ekki fara með meira en 1/10 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum. Kjörbréf fulltrúa skal undirritað af meirihluta stjórnarmanna í sparisjóði.

Aðalfundur kýs menn í stjórn og varastjórn og staðfestir ársreikning sjóðsins.

Aðalfundur er ekki ákvörðunarbær nema fulltrúar a. m. k. 1/3 hluta sparisjóðanna séu á fundinum, enda fari þeir með a. m. k. 1/3 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóði sparisjóða.

Formaður Sambands íslenskra sparisjóða skal boða til fyrsta fundar Tryggingarsjóðs.

53. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs er skipuð fimm mönnum. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir hlutbundinni kosningu á aðalfundi til eins árs í senn. Forstöðumaður bankaeftirlitsins eða varamaður hans á fast sæti í stjórn Tryggingarsjóðs. Stjórn Tryggingarsjóðs kýs sér formann og skiptir með sér verkum.

54. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs hefur heimild til að rannsaka eða láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs, þ. m. t. framkvæmd endurskoðunar. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá sparisjóði.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það, sem varðar hagi sparisjóðanna og viðskiptamanna þeirra, og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af starfi.

55. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

56. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði samþykktir, sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

XII. KAFLI

Eftirlit.

57. gr.

Bankaeftirlitð annast um eftirlit með starfsemi sparisjóða, sbr. lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands. Auk hinna almennu verkefna bankaeftirlitsins hefur það með höndum þau sérstöku verkefni, sem tilgreind eru í lögum þessum.

XIII. KAFLI

Slit sparisjóðs.

58. gr.

Hafi stjórnarmenn sparisjóðs, sparisjóðsstjóri eða endurskoðendur ástæðu til að ætla, að sparisjóður fullnægi ekki ákvæðum 37. gr. laga þessara, skulu þeir þegar gera bankaeftirlitinu viðvart. Fáist við athugun bankaeftirlitsins staðfesting á því, að eiginfjárstaða sparisjóðs sé ekki í tilskildu horfi, skal sparisjóðsstjórn boða til aukafundar, sbr. 16. gr., eins fljótt og við verður komið og gera þar grein fyrir fjárhagsstöðu sjóðsins.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins og að höfðu samráði við Tryggingarsjóð sparisjóða, veitt sparisjóði allt að sex mánaða frest til að koma eiginfjárstöðu í tilskilið horf. Þennan frest má framlengja um allt að sex mánuði til viðbótar, þegar ríkar ástæður eru fyrir hendi, og það getur orðið án aukinnar áhættu fyrir þá, sem kröfur eiga á sparisjóðinn. Sé eiginfjárstöðu ekki komið í tilskilið horf innan þess lokafrests, sem hefur

verið veittur, skal sparisjóður stöðva greiðslur sínar og skiptameðferð hefjast í samræmi við ákvæði 61. gr.

59. gr.

Ráðherra getur stöðvað starfsemi sparisjóðs um stundarsakir, ef hann telur, að stjórn sjóðsins eða aðrir þeir, sem fyrir rekstri hans standa, ræki ekki störf sín í samræmi við ákvæði laga þessara eða samþykkta sjóðsins eða reksturinn sé með öðrum hætti ekki í samræmi við lög eða samþykktir. Ráðherra skal þá tafarlaust fela bankaeftirlitinu og Tryggingarsjóði sparisjóða að framkvæma ítarlega rannsókn á þeim þáttum starfseminnar, sem hann telur ábótavant. Að fengnum tillögum framangreindra aðila getur ráðherra afturkallað staðfestingu á samþykktum sparisjóðs, enda hafi málum ekki verið komið í rétt horf fyrir lok frests, sem veittur skal í því skyni. Nú er staðfesting á samþykktum sparisjóðs afturkölluð, og skal sjóðurinn þá tekinn til skiptameðferðar í samræmi við ákvæði 61. gr.

60. gr.

Aðalfundur eða aukafundur hefur ákvörðunarvald um slit sparisjóðs í öðrum tilvikum en þeim, sem greinir í 58. og 59. gr. Slík ákvörðun er háð samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins, Tryggingarsjóðs sparisjóða, og hlutaðeigandi sýslunefnda eða bæjarstjórna, hvort sem um er að ræða full slit á starfsemi sparisjóðs eða yfirtöku af hálfu annarrar innlánsstofnunar. Við full slit á starfsemi sparisjóðs skal skiptameðferð vera í samræmi við ákvæði 61. gr., en fjárhagslegt uppgjör við yfirtöku skal háð samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða.

61. gr.

Skiptameðferð á búi sparisjóðs skal framkvæmd af þremur skilanefndarmönnum, sem ráðherra skipar. Ráðherra setur nánari reglur um störf skilanefndarmanna. Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna sparisjóðs um að lýsa kröfum sínum með sama hætti og sömu verkun og segir í gjaldþrotalögum.

Þegar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar, skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra, þ. e. stofnfé og séreignarsjóð, af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til sparisjóðsaðila, sbr. 4. mgr. 1. gr.

62. gr.

Bú sparisjóðs verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt gjaldþrotalögum.

XIV. KAFLI

Sameining sparisjóða.

63. gr.

Ráðherra er rétt að heimila sameiningu tveggja sparisjóða eða fleiri, ef tillaga þess efnis hefur hlotið samþykki á aðalfundum hlutaðeigandi sparisjóða. Áður en ráðherra heimilar sameiningu skal hann leita umsagnar bankaeftirlitsins, Tryggingarsjóðs sparisjóða og hlutaðeigandi sýslunefnda eða bæjarstjórna.

Við sameiningu sparisjóða skal skipa sérstaka sameiningarnefnd. Hver sparisjóður kýs á aðal- eða aukafundi tvo fulltrúa í nefndina, en bankaeftirlitið og Tryggingarsjóður sparisjóða skipa sinn fulltrúann hvort. Nefndin gerir tillögu til aðal- eða aukafunda sparisjóðanna um fjárhagslegt uppgjör við sameiningu og rekstrartilhögun að henni lokinni. Ráðherra skal samþykkja tillöguna áður en hún er lögð fyrir fund. Þegar aðal- eða aukafundir í sjóðunum hafa samþykkt tillöguna með $^2/_3$ hlutum heildaratkvæðamagns telst sameiningin hafa hlotið endanlegt samþykki.

Ákvæðum þessarar greinar skal beita eftir því sem við á um sameiningu sparisjóðs við annars konar innlánsstofnun.

XV. KAFLI
Refsiákvæði.

64. gr.

Um mál vegna brota á lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

65. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsa með sektum eða varðhaldi, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

XVI. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

66. gr.

Sparisjóðir eru undanþegnir öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs, sveitarsjóða og annarra opinberra stofnana, nema sérstaklega sé um skattskylduna mælt í lögum. Stofnfé sparisjóðsaðila og inneign í séreignarsjóði skal og vera skattfrjáls, svo og sá hluti tekjuafgangs, sem lagður er í séreignarsjóð.

Bækur sparisjóðs, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sparisjóði og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita sparisjóðnum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum sparisjóðs og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

67. gr.

Stjórnarmenn, sparisjóðsstjórar, endurskoðendur og allir starfsmenn sparisjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna sparisjóðs og um önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu, og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

68. gr.

Sparisjóðir, stofnaðir fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 2. gr. laga nr. 69/1941, skulu samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Ákvæði 4. gr. um fjölda stofnenda, ákvæði 5. gr. um lágmarksfjárhæð og greiðslu stofnfjár og ákvæði 19. gr. um skyldu allra sparisjóðsaðila til þess að eiga jafnan hlut taka ekki til sparisjóða, sem nefndir eru í 1. mgr. Sparisjóðum, sem við gildistöku laga þessara eru starfræktir án innborgaðs stofnfjár, er heimilt að starfa áfram, enda komi ábyrgðir í staðinn fyrir innborgað stofnfé.

69. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 69/1941 um sparisjóði, lög nr. 22/1944 og lög nr. 100/1980 um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara er aðalfundi sparisjóðs heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af eftirgreindum atriðum:

1. Verðlagsbreytingum frá 1. janúar 1940 eða stofndegi sparisjóðs, ef hann er síðar.
2. Eiginfjárstöðu sparisjóðs.

Endurmat þetta er háð samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða. Hámark stofnfjárhluta, eftir að endurmat hefur farið fram, má þó eigi vera hærra en kr. 2 500,00.

Sparisjóði er heimilt að greiða hið aukna stofnfé samkvæmt endurmatinu, af rekstrarhagnaði sínum inn á stofnfjárreikninga sparisjóðsaðila. Greiðslur þessar má sparisjóður inna

af hendi á allt að 5 árum. Ráðstöfun rekstrarhagnaðar með þessum hætti getur farið fram eftir að tekjuafgangi hefur verið ráðstafað samkvæmt 1. og 2. tl. 1. mgr. 39. gr.

Allir stofnfjár- og ábyrgðarhlutir í hverjum sparisjóði skulu vera jafnháir.

Þeir, sem gerst hafa stofnfjáraðilar eða öðlast hafa rétt til stofnfjárhlutar, síðar en 20 árum fyrir gildistöku laga þessara, skulu þó sjálfir greiða viðbótarstofnfé samkvæmt endurmatinu, þannig að þeir greiði 1/20 hluta stofnfjáraukans fyrir hvert ár, sem vantar upp á 20 ára aðild hvers um sig að sparisjóðnum. Sparisjóðsaðilar, sem greiða eiga viðbótarstofnfé samkvæmt þessari málsgrein, skulu greiða það í reiðufé innan 12 mánaða frá ákvörðun aðalfundar um endurmatið.

Ef stofnfjáreigandi hlítir ekki skilyrðum síðustu málsgreinar, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli sparisjóðsstjórnar, fær hann endurgreitt upprunalegt stofnfé sitt, án verðbóta, og fellur út sem sparisjóðsaðili, enda jafnframt leystur frá ábyrgðarhlut sínum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að stofni til hið sama og frumvarp til laga um sparisjóði, sem lagt var fyrir Alþingi í apríl árið 1978, en dagaði uppi án þess að koma til umræðu.

Vinna við samningu þessa frumvarps hófst árið 1972, en í maímánuði það ár skipaði þáverandi viðskiptaráðherra bankamálanefnd til þess að endurskoða allt bankakerfið í samræmi við stefnuyfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar. Nefnd þessi tók m. a. saman frumdrög að nýrri löggjöf um sparisjóði, en ekki kom til þess, að frumvarp væri lagt fyrir Alþingi.

Í aprílmánuði 1975 skipaði þáverandi viðskiptaráðherra aðra nefnd, og var henni sérstaklega falið að semja frumvarp til nýrra laga um sparisjóði. Var Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri, skipaður formaður nefndarinnar, en aðrir nefndarmenn voru Sveinn Jónsson, aðstoðarbankastjóri, og Friðjón Sveinbjörnsson, sparisjóðsstjóri. Ritari nefndarinnar var Gylfi Knudsen, deildarstjóri. Við samningu frumvarpsins hafði nefndin nokkra hliðsjón af frumdrögum bankamálanefndar. Einnig var löggjöf um sparisjóði á Norðurlöndum athuguð, einkum dönsku lögin um banka og sparisjóði frá 1974, og sumt í þeim lögum haft til hliðsjónar. Þó var einungis að mjög litlu leyti stuðst við erlendar fyrirmyndir, heldur leitast við að finna lausnir og leiðir, sem væru í sem bestu samræmi við íslenska staðhætti og íslenskt efnahags- og fjármálalíf. Nefndin kappkostaði að hafa samráð við Samband ísl. sparisjóða, og var tillit tekið til margvíslegra ábendinga og athugasemda frá sambandinu. Jafnframt tók nefndin við ýmsum ábendingum frá einstökum sparisjóðsstjórum. Nefndin skilaði af sér frumvarpi til nýrra laga um sparisjóði, og var það lagt fyrir Alþingi 1978, eins og áður er vikið að. Í athugasemdum við frumvarpið kom fram, að þrátt fyrir að samráð hefði verið haft við alla helstu hagsmunaaðilana við samningu þess og reynt að samræma sjónarmið eftir fremsta megni, væri ljóst, að skiptar skoðanir væru um sumt í frumvarpinu, og ekki í öllum greinum farin sú leið sem nefndarmenn, hver um sig, hefðu helst kosið.

Um mitt árið 1981 ákvað viðskiptaráðherra, að hafin skyldi endurskoðun á frumvarpinu, en í ljós hafði komið að sparisjóðasambandið taldi enn vera á því nokkra hnökra. Var stjórn sambandsins beðin um að koma breytingatillögum sínum á framfæri við viðskiptaráðuneytið.

Að fengnum tillögunum, sem reyndust mun umfangsmeiri en búist hafði verið við, fól ráðherra þremur mönnum, Birni Líndal, deildarstjóra, Gylfa Knudsen, lögfræðingi, og Sveinbirni Hafliðasyni, lögfræðingi, að yfirfara tillögurnar og athuga, að hve miklu leyti fært þætti að taka þær upp í frumvarpið. Niðurstaða þess starfs er það frumvarp, sem hér liggur fyrir. Hefur í ýmsum atriðum verið fallist á tillögur sparisjóðasambandsins eða komið til móts við þær. Jafnframt hafa nokkrar aðrar breytingar verið gerðar á frumvarpinu frá því

það var lagt fyrir Alþingi 1978. Engu að síður er hér í meginatriðum um sama frumvarpið að ræða.

Sparisjóðir eiga sér alllanga sögu hér á landi. Venja er að telja, að fyrst hafi verið stofnaður sparisjóður hér á landi á Seyðisfirði árið 1868. Hann hét sparisjóður Múlasýslna og starfaði fram yfir 1870, en hætti þá starfsemi. Fræðimenn hafa þó nýlega fært rök að því, að saga sparisjóða sé enn eldri. Heimildir eru fyrir Sparnaðarsjóði búlausra í Skútustaðahreppi, er hóf starfsemi sína árið 1858, en var lagður niður árið 1864. Hér var tilraun á ferðinni, sem tæpast hefur haft áhrif sem peningastofnun né orðið fyrirmynd annarra. Næsti sparisjóður, sem stofnaður var, var Sparisjóður Reykjavíkur. Hann var stofnaður árið 1872. Ekki varð hann langlífur, fremur en hinir fyrri sjóðir. Hann sameinaðist Landsbanka Íslands árið 1887. Sparisjóður Siglufjarðar var stofnaður árið 1873. Hann starfar enn og er elstur starfandi sparisjóða í landinu.

Sparisjóðir voru síðan stofnaðir hver af öðrum í flestum sýslum og kaupstöðum landsins. Samtals hafa verið stofnaðir 93 sparisjóðir á Íslandi. Í árslok 1981 voru starfandi sparisjóðir 42 að tölu. Margir sparisjóðir hafa þannig hætt starfsemi sinni. Flestir þeirra sparisjóða, sem hætt hafa starfsemi, hafa verið yfirteknir af útibúum viðskiptabankanna. Sumir hafa verið gerðir upp og lagðir niður án þess að banki eða annar sparisjóður hafi haldið áfram starfsemi þeirra. Einn sparisjóður hefur orðið gjaldþrota, fáeinir yfirteknir af öðrum sparisjóðum, og þremur hefur verið breytt í banka (þ. e. Verslunarsparisjóði, Samvinnusparisjóði og Sparisjóði alþýðu).

Yngsti sparisjóðurinn er Sparisjóður Súðavíkur, sem stofnaður var árið 1972.

Sparisjóðum hefur heldur farið fækkandi undanfarin ár, einkum við stofnun nýrra útibúa viðskiptabankanna, sem hafa yfirtekið starfsemi sparisjóðanna. Af 13 sparisjóðum, sem stofnaðir hafa verið eftir árið 1950, starfa 7 enn sem sparisjóðir.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda sparisjóða með nokkurra ára millibili frá 1870 til 1981.

Ár:	Fjöldi	Ár:	Fjöldi:
1870	1	1950	57
1880	5	1955	60
1890	13	1960	63
1900	24	1965	57
1910	30	1970	53
1920	49	1975	44
1930	50	1977	43
1940	56	1981	42

Skipting sparisjóða eftir kjördæmum í árslok 1981 var svo sem hér segir:

Reykjavík	3
Reykjanes	3
Vesturland	3
Vestfirðir	13
Norðurl. vestra	4
Norðurl. eystra	14
Austurland	1
Suðurland	1
Samtals:	42

Athyglisvert er, að af þessum 42 sparisjóðum eru 27 á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra, og eru flestir þeirra smáir.

Hlutdeild sparisjóðanna í varðveislu sparifjár landsmanna hefur verið breytileg. Helsta ástæðan til þess er fjölgun viðskiptabanka og útibúa þeirra samfara fækkun sparisjóða.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutdeild sparisjóðanna sem hundraðshluta af heildarinnstæðu í bönkum og sparisjóðum á mismunandi tímum. (Innstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga eða Söfnunarsjóði Íslands eru ekki teknar með):

Ár	Í þús. kr. Heildarinnst. í sparisjóðum	Heildarinnst. í viðskiptabönkum	Innst. alls	Hlutdeild sparisj. í %
1872	0,14	—	0,14	100,0%
1890	1,6	5,6	7,2	22,1%
1900	6	12	18	32,9%
1910	12	51	63	19,0%
1920	79	301	380	20,8%
1930	90	530	620	14,5%
1940	199	1 301	1 500	13,2%
1950	1 278	7 235	8 513	15,0%
1960	6 238	23 886	30 124	20,7%
1965	12 335	68 187	80 522	15,3%
1970	27 583	134 057	161 640	17,1%
1975	81 123	425 779	506 902	16,0%
1980	606 896	3 188 597	3 795 493	16,0%
1981	1 054 846	5 436 453	6 491 299	16,3%

Á hlutfallstölunum sést, að hlutdeild sparisjóðanna í heildarinnlánum fer yfirleitt nokkuð minnkandi. Þó er athyglisvert, hve sparisjóðir halda hlut sínum, þrátt fyrir fjölgun banka.

Þegar fyrstu sparisjóðirnir taka til starfa, höfðu engin almenn lög verið sett um starfsemi þeirra, en líklega hafa þeir allir sett sér samþykktir til að starfa eftir. Nákvæmar samþykktir eru t. d. til um Sparnaðarsjóð búlausra í Skútustaðahreppi, sem samþykktar voru á fundi stofnenda sjóðsins 13. júní 1859.

Þann 5. janúar 1874 var gefin út tilskipun „um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi“ — „Forordning om nogle Begunstigelser for Sparekasser i Island“. Tilskipun þessi hafði m. a. að geyma ákvæði um hvernig með skyldi fara, ef viðskiptabók við sparisjóð glataðist.

Árið 1915 voru fyrstu lögin um sparisjóði sett, lög nr. 44/1915, og þóttu þau um margt ítarleg og skýr á þeim tíma og fullnægjandi miðað við sparisjóðsstarfsemi þá.

Á árunum 1937—1940 starfaði milliþinganefnd að endurskoðun bankamála. Nefndin samdi m. a. tillögur að frumvarpi að nýjum lögum um sparisjóði. Aðalefni frumvarpsins voru sparisjóðalögin frá 1915, en nokkru var þó breytt og allmiklu aukið við. Þetta frumvarp varð að lögum nr. 69/1941 um sparisjóði, og eru þau enn í gildi. Með stoð í lögum þessum var gefin út reglugerð um sparisjóði 15. febrúar 1942. Eftir lögum þessum og reglugerð svo og staðfestum samþykktum starfa sparisjóðirnir nú.

Gildandi lög um sparisjóði eru nú að mörgu leyti úrelt. Með frumvarpi þessu er að því stefnt að bæta hér úr. Má segja, að tilgangur frumvarpsins sé tvíþættur. Annars vegar er ætlunin að treysta almennt stöðu sparisjóða meðal innlánsstofnana, og hins vegar að auka aðhald og öryggi í rekstri þeirra í samræmi við kröfur tímans. Sé grannt skoðað fléttast þetta tvennt saman.

Frumvarpið telur 69 greinar og skiptist í 16 kafla. Veigamestu breytingarnar frá gildandi lögum eru þær, sem hér segir:

Í II. kafla eru þeir aðilar tæmandi taldir, sem geta verið stofnendur sparisjóða, og er þar um nokkra rýmkun að ræða frá gildandi lögum. Jafnframt er kveðið á um lágmarksfjárhæð stofnfjár. Samkvæmt frumvarpinu er heimilt að stofna sparisjóði með innborguðu stofnfé. Stofnun sparisjóða með ábyrgðum (ábyrgðarmannasjóðir) er ekki leyfð samkvæmt frum-

varpinu. Ekki er þó sú skylda lögð á starfandi sparisjóði að taka upp stofnfé í stað ábyrgða við gildistöku laganna.

Í III. kafla eru settar reglur um stofnfjárhluti og stofnfjárbréf og leyfð viðskipti með þau með ströngum takmörkunum.

Í IV. kafla er fjallað um aukningu stofnfjár og er þar m. a. gert ráð fyrir því, að aðalfundir í starfandi sjóðum, sem byggðir eru upp sem ábyrgðarmannasjóðir, geti ákveðið að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé, og eru settar reglur um slíkar ákvarðanir, þ. á m. um þann atkvæðameirihluta, sem nauðsynlegur er, til þess að ákvörðun öðlist gildi.

Mikilvægt nýmæli er að finna í V. kafla, þar sem gert er ráð fyrir svokölluðum séreignarsjóði stofnfjáreigenda, sem myndaður verður aðallega með hluta þeirra vaxta, sem aðalfundur ákveður að greiða stofnfjáreigendum af árlegum tekjuafgangi. Hugmyndin með séreignarsjóðum þessum er sú að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari með því að heimila ávöxtun hennar. Ávöxtun þessari verður þó óhjákvæmilega að setja talsverðar skorður, bæði m. t. t. fjárhagsgetu viðkomandi sparisjóðs og einnig vegna hins sérstaka eðlis sparisjóðanna, sem ekki er unnt að jafna við venjuleg atvinnufyrirtæki, sem rekin eru í hreinu ágóðaskyni.

Um stjórn sparisjóða eru sett ítarleg ákvæði í VI. kafla, en gildandi lög eru fáorð um þetta efni. Þeirri stjórnunarlegu skipan, sem nú gildir, er í öllum meginatriðum haldið í frumvarpinu.

Í VII. kafla, sem fjallar um starfsemi sparisjóða, eru margvísleg nýmæli.

Sérstök ákvæði eru um lausafjár- og eiginfjárstöðu í VIII. kafla.

Í IX. kafla er fjallað um reikningsskil, og eru þar ýmis nýmæli, einkum í 39. gr., um ráðstöfun tekjuafgangs. Er þar m. a. lagt til að heimilt verði að verja tekjuafgangi að vissu marki til greiðslu á vöxtum af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda.

Um endurskoðun eru sett ítarleg ákvæði í X. kafla, en ákvæði gildandi laga um það efni eru ófullnægjandi.

Í XI. kafla er lagt til, að stofnaður verði nýr Tryggingarsjóður sparisjóða, er taki við af hinum fyrri og verði sparisjóðunum og innstæðueigendum í þeim styrkari bakhjarl en núverandi sjóður, sem ekki hefur dafnað sem skyldi.

Samkvæmt XII. kafla verður eftirlit með starfsemi sparisjóða áfram á hendi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Lagt er til í XIII. kafla, að lögfest verði ný ákvæði um slit sparisjóða, sem fela í sér mikilvægar breytingar frá gildandi lögum.

Sérákvæði um sameiningu sparisjóða eru í XIV. kafla, sem eiga að koma í veg fyrir óyfirvegaðar ákvarðanir í þeim efnum.

Í XV. og XVI. kafla er fjallað um refsingar vegna brota á ákvæðum frumvarpsins, gildistöku, undanþágu frá almennri skattskyldu o. fl.

Með ákvæðum til bráðabirgða er veitt heimild til þess að endurmeta stofnfé í sparisjóðum eftir ákveðnum reglum innan tveggja ára frá gildistöku frumvarps þessa, ef að lögum verður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. kafli

Um 1. gr.

Að efni til svarar þessi grein til 1. mgr. 1. gr. gildandi laga, en hér er þó ítarlegar skilgreint en í gildandi lögum, hvað sé átt við með orðinu sparisjóður.

Um markmið sparisjóða er fjallað í 1. mgr., en nánari ákvæði um starfsemi þeirra eru í VII. kafla.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga svipar sparisjóðum mjög til sjálfseignarstofnana eins og þær eru almennt skilgreindar. Helstu einkenni sjálfseignarstofnana eru þau, að eignir

slíkra stofnana eru ekki háðar eignarráðum einstaklinga eða lögaðila, og eiga þeir ekki rétt til ágóða af rekstri stofnananna, heldur er starfsemin öll rekin í þágu ákveðins markmiðs, yfirleitt í þágu mannúðarmála eða í öðrum hliðstæðum tilgangi. Skipulag sparisjóða samkvæmt gildandi lögum uppfyllir að flestu leyti þessi skilyrði. Þó eru þar frávik, einkum það, að samkvæmt 4. gr. laganna er heimilt að greiða stofnendum sparisjóða eða ábyrgðarmönnum eða þeim, sem lagt hafa fram fé til starfrækslu sparisjóðs, hvort heldur er stofnfé eða greitt ábyrgðarfé, arð eða vexti allt að 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

Í þessu frumvarpi eru sett rýmri ákvæði um eignaraðild að sparisjóði en eru í gildandi lögum. Þeir, sem leggja fram stofnfé, verða samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eigendur að því fé. Er það sama regla og gilt hefur. Stofnfjáreigendum verður hins vegar heimilt að ráðstafa því verðmæti, sem felst í þessari eign innan vissra marka. Ráðstöfunarréttur stofnfjáreigenda yfir hlut sínum er þó háður verulegum takmörkunum. Við slit sparisjóðs fá stofnfjáreigendur hlut sinn greiddan, en þeim eignum, sem þá verða eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykkta sparisjóðsins, þó má ekki ráðstafa þeim til sparisjóðsaðila, sbr. 61. gr. Þessi ákvæði um ráðstöfun eigna við slit minna einkum á skyldleika sparisjóða við sjálfseignarstofnanir.

Tekið er fram, að sparisjóðsaðilar hafa ekki rétt til ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Til þess að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari er í frumvarpinu lagt til að innan vissra takmarkana verði heimilt að verja hluta tekjuafgangs til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Er um þetta fjallað í 39. gr. frumvarpsins.

Sparisjóðir teljast því hvorki til sjálfseignarstofnana né venjulegra atvinnufyrirtækja, sem rekin eru í ágóðaskyni fyrir eigendur þeirra. Þeim er í þessu frumvarpi valið það form, sem telst henta þeim best m. t. t. þeirrar sérstöku starfsemi, sem þeir reka, og með hliðsjón af sögulegum og félagslegum forsendum.

Þær breytingar, sem þessi grein gerir ráð fyrir frá gildandi lögum, að því er varðar eignarrétt að stofnfjárhlut og aukna möguleika stofnfjáreigenda til ávöxtunar fjármuna sinna, eru lagðar til í þeim tilgangi einum að styrkja stöðu sparisjóðanna meðal innlánsstofnana almennt með því að gera stofnfjáreign í þeim eftirsóknarverðari.

Um 2. gr.

Þessi grein er að efni til hliðstæð 2. mgr. 1. gr. gildandi laga.

Í gildandi lögum er ekki sérstaklega tekið fram, að sparisjóðum sé óheimilt að reka annars konar starfsemi en sparisjóðsstarfsemi. Hér er það hins vegar gert. Jafnframt er tekið fram, að sparisjóðum einum sé heimilt að reka sparisjóðsstarfsemi. Nánari ákvæði um starfsemi sparisjóða eru í VII. kafla frumvarpsins.

II. KAFLI

Um 3. gr.

Í 2. gr. gildandi laga er stofnun sparisjóðs háð leyfi viðskiptaráðherra, sem fer með málefni banka og sparisjóða. Lagt er til, að sú skipan haldist. Ítarlegri reglur eru settar hér um meðferð umsókna um stofnun sparisjóða en gildandi lög hafa að geyma. Mikilvægt er, að ekki sé rasað um ráð fram og allar tiltækar upplýsingar um fyrirhugaða sparisjóðsstofnun liggi fyrir. Að því miða ákvæði greinarinnar.

Í gildandi lögum er sparisjóðseftirlitið umsagnaraðili um stofnun sparisjóðs. Samkvæmt lögum nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands hefur Seðlabankinn með höndum eftirlit með starfsemi innlánsstofnana. Jafnframt er í lögunum kveðið svo á, að gagnvart sparisjóðum taki bankaeftirlit Seðlabankans við þeim störfum, sem sparisjóðseftirlitinu eru falin samkvæmt lögum nr. 69/1941 um sparisjóði.

Í 2. mgr. er lagt til, að auk Seðlabankans skuli sýslunefndir eða bæjarstjórnir á því svæði, þar sem sparisjóður mun einkum starfa, vera umsagnaraðilar, svo og Tryggingarsjóður sparisjóða. Þetta er nýmæli. Þykir rétt að veita sýslunefndum og bæjarstjórnum umsagnarrétt m. a. með hliðsjón af þátttöku þeirra í stjórn sparisjóða og því, að ætla má að sparisjóðir verði eftir sem áður staðbundnar stofnanir fyrst og fremst.

Með ákvæðum 3. mgr. er einungis verið að koma í veg fyrir, að menn geti haldið útgefnum leyfum von úr viti án þess að nota þau, og þannig orðið í vegi annarra, sem kynnu að vilja hefja starfrækslu sparisjóðs á sama svæði.

Um 4. gr.

Samkvæmt 2. gr. gildandi laga geta eftirtaldir aðilar verið stofnendur sparisjóðs:

a) Félag einstakra manna.
b) Bæjarfélag.
c) Sýslufélag.
d) Hreppsfélag (að fengnu leyfi sýslunefndar).

Í þessari grein er gert ráð fyrir allverulegum breytingum varðandi þá aðila, sem geta verið stofnendur sparisjóðs, og eru þeir tæmandi taldir í 1. mgr.

Í 2. mgr. er lagt til sem meginregla, að stofnendur skuli eigi vera færri en 30 talsins. Ekki þykir þó ástæða til að láta þessa reglu ná til sýslufélaga, sveitarfélaga og samvinnufélaga með starfandi innlánsdeild við gildistöku laganna. Er lagt til, að þeim sé heimilað að stofna sparisjóð einum sér eða í samvinnu við einn eða fleiri þeirra aðila, sem taldir eru upp í 1. mgr. Sýslu- og sveitarfélög hafa lögum skv. sérstök afskipti af sparisjóðum, stjórn þeirra og stofnun, og haldast þessi tengsl óbreytt í frumvarpinu. Þá er talið æskilegt, að innlánsdeildum samvinnufélaga sé breytt í sparisjóði.

Nýmæli er í 2. mgr. um atkvæðisrétt á stofnfundi, er mælir fyrir um, að allir hafi þar jafnan atkvæðisrétt án tillits til stofnfjárframlags.

Sérstakt skilyrði er sett í 4. mgr., sem gildir um alla stofnendur og sparisjóðsaðila í sparisjóði. Er þess krafist, að stofnendur og sparisjóðsaðilar séu búsettir eða reki atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sem starfsemi sparisjóðs er bundin við, ef starfsemi sjóðsins er bundin við ákveðið svæði. Þetta skilyrði er sett sökum þess, að sparisjóðir skulu almennt vera staðbundnar stofnanir, settar á fót til að þjóna ákveðnu byggðarlagi og íbúum þess, sbr. 2. mgr. 3. gr. Er því talið rétt, að aðild að sparisjóði verði bundin við sama svæði.

Um 5. gr.

Ekki er gert ráð fyrir því að unnt verði að stofna sparisjóði með ábyrgðarfyrirkomulagi skv. frumvarpi þessu, ef að lögum verður. Sparisjóðir verða eingöngu stofnaðir með innborguðu stofnfé. Í 1. mgr. segir, að lágmarksfjárhæð stofnfjár skuli vera kr. 500 000, en gert ráð fyrir, að ráðherra sé veitt heimild til að breyta þessari fjárhæð til samræmis við breytingar á verðlagi.

Í 2. mgr. er ráðherra veitt heimild til að víkja frá ákvæðum 1. mgr. um lágmarksstofnfé, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Áður en ákvörðun er tekin, er ráðherra skylt að leita umsagnar bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Skv. mgr. er heimild ráðherra bundin því skilyrði, að sérstaklega standi á. Hér býr sú hugsun að baki, að hæpið sé að beita alltaf sömu reglum um lágmarksfjárhæð stofnfjár vegna mismunandi aðstæðna og staðhátta hér á landi. Í fámennum byggðarlögum, þar sem fjármagn er takmarkað, kann t. d. að koma til álita að víkja frá hinu almenna ákvæði um lágmarksfjárhæð stofnfjár og leyfa stofnun sparisjóða með lægra stofnfé en þar er ákveðið.

Í 4. mgr. og 5. mgr. eru reglur um greiðslu stofnfjárins. Skal minnst helmingur stofnfjár vera greiddur, er starfsemi hefst, og eftirstöðvar skulu greiddar í síðasta lagi innan eins árs, eftir að starfsemi sparisjóðs hefst. Ekki má greiða stofnfé með öðru en peningum.

Um 6. gr.

Grein þessi er að efni til hliðstæð 3. gr. gildandi laga. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum, að gert er ráð fyrir, að ráðherra gefi út sérstakt leyfi til stofnunar og starfrækslu sparisjóðs, sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Áður en ráðherra gefur út leyfið, þarf öllum skilyrðum fyrir stofnuninni að hafa verið fullnægt og samþykktir sjóðsins staðfestar af ráðherra.

Vænlegra virðist að gefa út sérstakt starfsleyfi handa sparisjóði að undangenginni staðfestingu samþykkta og að öllum skilyrðum uppfylltum, heldur en að viðurkenna stofnunina með staðfestingu samþykkta einni saman, eins og yfirleitt hefur verið gert.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að leita skuli umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands um samþykktir sparisjóðs. Er það í samræmi við framkvæmd þessara mála, þótt ekki séu í gildandi lögum sérstök fyrirmæli þar að lútandi. Einnig er lagt til að leita skuli umsagnar Tryggingarsjóðs sparisjóða og er það nýmæli.

Í 2. mgr. er greint, hvers gæta beri í samþykktum og er þar um ýmsar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Ekki er ástæða til að tíunda þær breytingar í einstökum atriðum, en þær stafa m. a. af því, að einungis verður leyft að stofna sparisjóði með stofnfé samkvæmt frumvarpinu og leyfð verða eigendaskipti að stofnfjárhlutum innan þröngra takmarka.

III. KAFLI

Um 7. gr.

Grein þessi er nýmæli og kveður svo á, að stofnfjárbréf skuli gefin út fyrir stofnfjárhlutum. Þar sem takmörkuð eigendaskipti að stofnfjárhlutum eru leyfð í frumvarpinu, er nauðsynlegt, að stofnfjáreigandi hafi skilríki fyrir rétti sínum. Þar sem ýmsar hömlur eru lagðar á viðskipti með stofnfjárbréf samkvæmt frumvarpinu, verða þau að hljóða á nafn og verða ekki framseld til handhafa, þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóði.

Í 2. mgr. er þess getið, sem greint skal í stofnfjárbréfi. Höfð er hliðsjón af þeim lágmarksupplýsingum, sem greina ber í hlutabréfum.

Um 8. gr.

Þótt í frumvarpinu sé gert ráð fyrir, að eigendaskipti að stofnfjárbréfum verði heimil innan þröngra marka í því skyni að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari, er alls ekki stefnt að almennum viðskiptum með þau, eins og um kvaðalaus hlutabréf eða önnur viðskiptabréf væri að ræða. Í þessari grein eru því lagðar almennar og ófrávíkjanlegar takmarkanir á viðskipti með stofnfjárhluti. Sparisjóðsstjórn verður í hvert sinn að veita samþykki sitt til sölu eða annars framsals stofnfjárhlutar. Ekki er unnt með ákvæðum í samþykktum sparisjóðs að víkja frá ákvæðum greinarinnar.

Hin sérstöku einkenni sparisjóðanna og starfsemi þeirra, sbr. 1. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana, gera það að verkum, að sparisjóðum er nauðsyn á að hafa hönd í bagga með því, hverjir séu eignaraðilar að þeim.

Afskipti sparisjóðsstjórnar af sölu eða öðru framsali stofnfjárhlutar eru tryggð skv. 1. mgr. Með hliðsjón af, hvers eðlis stofnfjárhlutir í sparisjóði eru og þeim hagsmunum sparisjóða að geta stjórnað eigendaskiptum, þykir ekki rétt að leyfa veðsetningu stofnfjárhlutar, jafnvel ekki með samþykki sparisjóðsstjórnar, og er því lagt til í 2. mgr. að hún verði bönnuð.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um heimild og skyldu sparisjóðs til að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði í ákveðnum tilvikum.

Samkvæmt 1. mgr. er sparisjóði heimilað að innleysa stofnfjárhlut við andlát stofnfjáreiganda og brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sparisjóðsins, svo og við eigenda-

skipti að stofnfjárhlut vegna slita á félagsbúi hjóna. Í 2. mgr. er fjallað um þau tilvik, þegar sparisjóði er skylt að innleysa stofnfjárhlut.

Auk ákvæða þessarar greinar getur komið til innlausnar samkvæmt ákvæðum 10. gr.

Möguleikar sparisjóðs til innlausnar takmarkast af ákvæðum 12. gr., sem leyfa ekki hærri eigin stofnfjáreign en 10% af stofnfé nema í skamman tíma, þegar um þau tilvik er að ræða, sem getur í þessari grein og 10. gr.

Um 10. gr.

Hér er lögð sú skylda á sparisjóð að hafa milligöngu um sölu stofnfjárhlutar eða innleysa hann, ef óskað er, þegar synjað hefur verið um sölu hlutarins samkvæmt 8. gr. eða heimildar til innlausnar samkvæmt 1. mgr. 9. gr. hefur ekki verið neytt. Sparisjóði er settur eins árs frestur í þessum efnum, frá því að skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn. Gæta verður ákvæða 12. gr.

Þessar reglur ættu t. a. m. að stuðla að því, að sparisjóðir beiti rétti sínum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. með gát og að ekki komi til geðþóttaákvarðana.

Í 2. mgr. eru settar reglur um ákvörðun verðs við innlausn stofnfjárhlutar. Hlutur skal innleystur á nafnverði að viðbættri inneign í séreignarsjóði.

Um 11. gr.

Hér er mælt fyrir um, að haldin skuli skrá yfir stofnfjáreigendur eða ábyrgðaraðila í sparisjóði og er í 2. mgr. getið þeirra atriða, sem greina ber í skránni.

Í 3. mgr. eru settar reglur um færslu í skrána, þegar lögmæt eigendaskipti verða að stofnfjárhlut. Nafn hins nýja eiganda skal fært í skrána, þegar hann tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn, enda séu ákvæði frumvarpsins eða samþykkta sparisjóðs eigendaskiptunum ekki til fyrirstöðu. Venjulega fara eigendaskipti fram með vitund sparisjóðsstjórnar sökum þeirra takmarka á viðskiptum með stofnfjárhluti, sem getið er í 8. gr. Þó getur komið fyrir, t. d. þegar eigendaskipti verða fyrir erfð, að sparisjóðsstjórn sé ekki kunnugt um eigendaskipti, fyrr en við tilkynningu samkvæmt reglum þessarar greinar. Ef slíkt kæmi fyrir gæti sparisjóður neytt heimildar til innlausnar, sbr. 1. mgr. 9. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um það, hverjir skuli eiga aðgang að skránni, og er aðgangurinn takmarkaður við sparisjóðsaðila í sparisjóði. Þau stjórnvöld, sem sérstaklega er ætlað að hafa umsjón og eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra, hafa að sjálfsögðu aðgang að skránni, sbr. lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands.

Um 12. gr.

Rétti sparisjóðs til þess að eiga eigið stofnfé verður að setja þröngar skorður, enda geta kaup sparisjóðs á eigin bréfum stórlega rýrt stöðu hans. Hæfilegt þykir, að hámark eigin stofnfjáreignar verði 10% af stofnfé.

Vegna ákvæða 9. og 10. gr. um innlausn gæti borið við, að hámarksregla 1. mgr. reyndist ófullnægjandi og gæti stundum skapað vandræði, sem erfitt væri að greiða úr. Við þessu er reynt að sjá með ákvæðum 2. mgr., sem heimila ráðherra, ef slíkt ástand helst lengur en 6 mánuði, að undanþiggja sparisjóð ákvæðum um 10% hámark eiginstofnfjáreignar um tiltekinn tíma. Umsagnar og tillagna bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða skal leitað, áður en undanþágur eru veittar. Ákvörðun ráðherra skal þó ætíð við það miðuð, að meginregla 1. mgr. taki gildi á nýjan leik eins fljótt og auðið er.

IV. KAFLI

Um 13. gr.

Hér eru settar reglur um aukningu stofnfjár. Einungis aðalfundi sparisjóðs er heimilt að taka ákvörðun um aukningu. Þegar ákvörðun er tekin, ber aðalfundi jafnframt að setja

reglur um áskrift hinna nýju hluta í samræmi við ákvæði samþykkta, en samkvæmt 4. tl. 2. mgr. 6. gr. skulu vera ákvæði í samþykktum um aukningu stofnfjár.

Álitamál er, hversu ítarlegar reglur eigi að hafa í frumvarpinu um aukningu stofnfjár. Má vera, að ástæða sé til að kveða nánar á um þetta, en gert er. Hér er þó látið nægja að leggja á vald og ábyrgð aðalfundar að ákveða nánari reglur um áskrift nýrra hluta. Hafa ber í huga, að í samþykktum skulu vera ákvæði um aukningu stofnfjár, eins og áður er sagt, og þar sem samþykktir skulu staðfestar af ráðherra, að fenginni umsögn bankaeftirlits og Tryggingarsjóðs sparisjóða, er unnt að tryggja, ef ástæða þykir til, að fullnægjandi og samræmd ákvæði séu í samþykktum um þetta efni. Yrði væntanlega kveðið á um öll mikilvægustu atriðin varðandi stofnfjáraukningu í samþykktum. Hins vegar myndi aðalfundur væntanlega setja reglur um þau atriði, sem tæpast er unnt að ákveða, fyrr en aukningin á að fara fram, svo sem reglur um fresti til áskriftar og greiðslu hinna nýju hluta.

Þar sem eignarréttur sparisjóðsaðila er mjög takmarkaður, þ. e. bundinn við stofnfjáreign og hlutdeild í séreignarsjóði, verður að hafa sérstakar reglur um ákvörðun útboðsverðs nýrra hluta, þar sem þess er gætt, að eldri stofnfjáreigendur og hinir nýju sitji við sama borð og tekið sé tillit til hins takmarkaða eignarréttar.

Um 14. gr.

Hér er aðalfundi í sparisjóðum, sem starfa á grundvelli ábyrgða, veitt heimild til þess að ákveða, að í stað ábyrgða komi innborgað stofnfé. Mjög aukinn meirihluta sparisjóðsaðila þarf til þess, að ákvörðun um þetta efni verði gild. Eðlilegt er, að gerðar séu ríkar kröfur að þessu leyti, þar sem ákvörðun um breytingu úr ábyrgðarsjóði í stofnfjársjóð eða aukningu stofnfjár, felur í sér verulegar kvaðir fyrir ábyrgðarmenn. Er lagt til, að miðað verði við þann meirihluta, sem ræður minnst $^4/_5$ hlutum af heildaratkvæðamagni, til þess að ákvörðun verði gild. Þeir ábyrgðarmenn, sem ekki fást til að leggja fram stofnfé, falla úr aðilahópi. Hafi sami aðili lagt fram stofnfé og veitt ábyrgð, en fáist ekki til að leggja fram viðbótarstofnfé getur svo farið, að stofnfjáraðild hans verði ekki samrýmd lögunum. Er þá gert ráð fyrir að innleysa skuli stofnfjárhlutinn.

V. KAFLI

Um 15. gr.

Í þessari grein er að finna almennar reglur um séreignarsjóð stofnfjáreigenda, en um tillög í sjóðinn fer eftir ákvæðum í 13. og 39. gr.

Ákvæðin um séreignarsjóð stofnfjáreigenda eru nýmæli. Þau eru tilkomin vegna verðlagsþróunar undanfarin ár. Með þeim er stefnt að því að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari en hún er nú, án þess þó að rýra eiginfjárstöðu hans.

Í þessu sambandi skal bent á, að í frumvarpinu felast ýmsar takmarkanir á viðskiptum með stofnfjárhluti, og ekki er gert ráð fyrir endurgreiðslu stofnfjár nema í sambandi við slit sparisjóðs, sbr. 61. gr. Líta verður því svo á, að stofnfjáreign fylgi fjárbinding til óákveðins tíma. Jafnframt er hér um áhættufé að ræða, sbr. 2. mgr. 1. gr. Eðlilegt er því, að þeir sem lagt hafa fram stofnfé í sparisjóði, njóti góðra ávöxtunarkjara af þessu fé.

Lagt er til, að ársvextir af stofnfé megi svara til allt að hæstu innlánsvaxta á hverjum tíma, ef rekstrarafkoma leyfir, sbr. 39. gr. Hins vegar þykir ekki rétt að veita heimild til að greiða svo háa vexti út til stofnfjáreigenda hverju sinni, heldur sé skylt að leggja vexti umfram vexti af almennum sparisjóðsbókum í séreignarsjóð stofnfjáreigenda. Jafnframt geti aðalfundur ákveðið frekari takmörkun á útborgun ársvaxta. Skal hver stofnfjáreigandi eiga ákveðinn hlut í séreignarsjóði, sem sérgreindur skal bókhaldi sparisjóðs. Í séreignarsjóði skal einnig leggja þær upphæðir, sem greiddar eru fyrir ný stofnfjárbréf umfram nafnverð, sbr. 13. gr.

Ákvæði 3. og 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

VI. KAFLI

Um 16. gr.

Hér er getið þeirra aðila, sem fara með yfirstjórn sparisjóðs. Skv. 1. mgr. er æðsta stjórn sparisjóðs í höndum aðalfundar og aukafundar, og eru nánari ákvæði um fundina í 17. og 18. gr. Í gildandi lög vantar skýrar reglur um hlutverk aðal- og aukafunda í stjórnun sparisjóða, um boðun til þeirra, þau málefni, sem taka skal til úrlausnar á þeim o. fl. Engin ákvæði eru um það í gildandi lögum, hver fari með æðsta vald í málefnum sparisjóðs. Eina ákvæðið um störf aðalfundar í gildandi lögum er í 5. gr. um kosningu stjórnar. Í 19. gr. reglugerðar um sparisjóði frá 15. febrúar 1942 eru ákvæði um að ársreikning með athugasemdum endurskoðenda skuli leggja fyrir aðalfund, sem úrskurðar hann endanlega. Þrátt fyrir, að ákvæði skorti um þetta, hefur æðsta vald í framkvæmd verið í höndum aðalfundar ábyrgðarmanna. Er hér einungis verið að leggja til, að það verði lögfest, sem í reynd hefur verið tíðkað hjá sparisjóðum. Í 1. mgr. er jafnframt vikið að stjórn sparisjóðs milli funda og er svo kveðið á, að yfirstjórn sparisjóðs sé í höndum sparisjóðsstjórnar. Nánari reglur um sparisjóðsstjórn eru einkum í 20.—21. gr., og verður vikið að þeim í athugasemdum við þær greinar.

Í 2. mgr. eru settar reglur um það, hvenær haldnir skuli aukafundir. Aukafund skal halda, þegar stjórn sparisjóðs telur þess þörf. Þetta er hin almenna regla, en að auki er minnihluta sparisjóðsaðila veitt heimild til þess að krefjast aukafundar. Skal minnihluti þessi fara með minnst 1/3 hluta ábyrgðar- eða stofnfjár. Þessar reglur um aukafundi eru nýmæli.

Um hina stjórnunarlegu skipan í sparisjóðum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er það almennt að segja, að lagt er til, að gildandi skipan sé í meginatriðum haldið óbreyttri. Þessi skipan er einföld og reynsla er fengin fyrir henni. Sú reynsla er að vísu misjöfn. Hjá minni og meðalstórum sparisjóðum hafa stjórnir ekki verið eins virkar og nauðsynlegt er, en hjá hinum stærri hefur stjórnarframkvæmd verið mun traustari og sums staðar mjög góð. Á Norðurlöndum er uppbygging stjórnunar í sparisjóðum mun flóknari og viðameiri. Þar er um að ræða svokallað fulltrúaráð auk stjórnar og framkvæmdastjórnar. Ennfremur er innstæðueigendum tryggð aðild að stjórnum sparisjóðanna. Vegna fámennis og annarra sérstakra aðstæðna hérlendis, verður að telja vafasamt að taka upp viðamikið og flókið stjórnkerfi í sparisjóðum, enda hafa hugmyndir um slíkt ekki fengið hljómgrunn hjá íslenskum sparisjóðamönnum. Í frumvarpinu er því leitast við að treysta það stjórnkerfi, sem fyrir er, með því að setja ítarlegri og skýrari reglur um ýmislegt það, sem skort hefur, lögfesta sumt, sem í framkvæmd hefur tíðkast, og almennt færa stjórnunarákvæðin í nútímalegra horf.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. eru settar reglur um boðun til aðal- og aukafunda sparisjóðs. Hér er um nýmæli að ræða. Slík ákvæði eru í samþykktum sumra sparisjóða. Rétt þykir að kveða á um lágmarkskröfur um þetta efni í lögum.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað um gildi atkvæða á fundum í sparisjóðum. Hér er lagt til, að í þeim tilvikum, þar sem aukins meirihluta er krafist, til þess að mál nái fram að ganga, skuli hinn aukni meirihluti reiknast af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Aukins meirihluta er t. d. krafist til ákvörðunar um slit sparisjóðs, sbr. 60. gr. frumvarpsins. Almenna reglan er hins vegar sú, að einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráði úrslitum máls.

Samkvæmt gildandi lögum skal halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Nokkur misbrestur hefur verið á því, að þetta hafi verið haldið. Hverju, sem um er að kenna, er ekki óeðlilegt að lengja þann tíma, sem sparisjóðirnir hafa til þess að halda sinn aðalfund, til loka júnímánaðar ár hvert, og er það lagt til í 4. mgr. Þá er í þessari málsgrein kveðið svo á, að stjórn sparisjóðs skuli gefa aðalfundi skýrslu um störf liðins reikningsárs, sem er nýmæli í lögum, þótt í framkvæmd hafi það tíðkast, og leggja fyrir aðalfund ársreikning sama árs og

skýrslu endurskoðenda. Hliðstæð ákvæði eru nú í 19. gr. reglugerðar um sparisjóði frá 1942, en réttara er að hafa ákvæði um þetta efni í lögunum sjálfum.

Í 5. mgr. er kveðið á um rétt sparisjóðsaðila til þess að fá tiltekið mál tekið fyrir á aðal- og aukafundum.

Um 18. gr.

Í þessari grein, sem er nýmæli, eru talin upp þau málefni, sem taka skal ákvörðun um á aðalfundi. Hér eru greind þau mál, sem mikilvægust eru fyrir starfsemi sérhvers sparisjóðs. Einstakir liðir greinarinnar gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa. Þó skal fram tekið, að þar sem í 4. tl. er rætt um, að þau atriði, er þar eru rakin, verði að teljast meiriháttar miðað við eiginfjárstöðu sparisjóðs er átt við, að þau nemi yfir 20% af eigin fé sjóðsins.

Um 19. gr.

Í gildandi lög vantar ákvæði um atkvæðisrétt í sparisjóðum. Til þess að taka af allan vafa í þeim efnum er hér lagt til, að settar verði reglur um atkvæðisrétt sparisjóðsaðila á aðal- og aukafundum. Er í 1. mgr. lagt til, að sparisjóðsaðilar hafi allir jafnan atkvæðisrétt, nema samþykktir sparisjóðs kveði á um aðra tilhögun. Jafnframt er atkvæðisréttur takmarkaður með þeim hætti, að enginn sparisjóðsaðili getur farið með meira en 1/5 hluta heildaratkvæðamagns í sparisjóði, að sýslufélögum, sveitarfélögum og samvinnufélögum með starfandi innlánsdeild undanskildum. Á þessi regla að sporna við óeðlilegu valdi einstakra fjársterkra aðila og auka áhrif hinna, sem minni getu hafa til fjárframlaga. Undantekningarnar eiga hins vegar rætur að rekja til þess, að skv. 4. gr. frumvarpsins getur sýslufélag, sveitarfélag eða samvinnufélag með starfandi innlánsdeild stofnað sparisjóð eitt sér.

Í 2. mgr. er lagt til, að sparisjóðsaðilar skuli að meginstefnu til eiga jafnan hlut. Byggist þessi regla á sömu sjónarmiðum og rakin eru hér að framan.

Í 3. mgr. er lagt til að óheimilt sé að fara með atkvæðisrétt skv. stofnfjárbréfum, sem sparisjóður á sjálfur. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir óeðlilega mikið vald stjórnar.

Um 20. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skal stjórn sparisjóðs skipuð þremur mönnum hið fæsta. Ekki eru reistar skorður við því, hversu margir stjórnarmenn mega vera. Í reynd hafa stjórnir sparisjóðanna verið skipaðar þremur til fimm mönnum. Hér er lagt til, að stjórnarmenn verði annaðhvort þrír eða fimm. Ráðast myndi af ákvæðum samþykkta, hvor talan yrði valin. Bæjarstjórnir eða sýslunefndir á starfssvæði sparisjóðs tilnefna alltaf einn til tvo stjórnarmenn, eftir því hve fjölskipuð stjórnin er, enda þótt hlutaðeigandi bæjar- eða sýslufélög séu ekki sparisjóðsaðilar. Þykir þátttaka þessara aðila í stjórn sparisjóða hafa gefist vel. Hins vegar þykir ekki rétt, að þeir, sem eiga sæti í sparisjóðsstjórn á vegum bæjarstjórna eða sýslunefnda, hafi atkvæðisrétt á aðal- eða aukafundum sparisjóðs.

Heimilt er, en ekki skylt, að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, í stjórn sparisjóðs.

Ákvæði 3. mgr. um kjörtímabil stjórnarmanna eru að efni til hliðstæð ákvæðum gildandi laga.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um helstu verkefni sparisjóðsstjórnar. Ýmsar þær reglur, sem hér er lagt til, að lögfestar verði, eru tíðkaðar í framkvæmd. Sérstök athygli skal vakin á 1. tl. 3. mgr., sem svarar til 1. mgr. 14. gr. gildandi laga, þó með þeirri breytingu, að hér er gerð sú krafa, að stjórnarmenn skjalfesti samþykki sitt um lánveitingu, sbr. þó 22. gr.

Í 1. mgr. er það nýmæli, að sérstaklega er kveðið á um eftirlitsskyldu sparisjóðsstjórnarinnar með rekstrinum og baka þeir sér ábyrgð, ef út af er brugðið.

Um 22. gr.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um sparisjóðsstjóra. Reglur hefur því tilfinnanlega skort um hlutverk sparisjóðsstjóra, skyldur hans, starfsskiptingu sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra og annað, er varðar framkvæmdastjórn sparisjóðs. Málum hefur stundum verið þannig háttað, að í hinum minni sparisjóðum hefur einhver stjórnarmanna annast daglegan rekstur einn, enda þótt sú framkvæmd sé mjög á undanhaldi, og dæmi eru um það, að sparisjóðsstjórar hinna stærri sparisjóða séu jafnframt stjórnarmenn. Þetta fyrirkomulag er óeðlilegt. Hinu er þó ekki að leyna, að stundum hefur þetta þótt vera óhjákvæmileg lausn, einkum í fámennum byggðarlögum.

Ekki er fært að gera það að skyldu að ráða sparisjóðsstjóra. Meginstefna verður hér eftir, að sérstakur sparisjóðsstjóri verði ráðinn, er jafnframt eigi ekki sæti í stjórn sparisjóðs, enda er ekki eðlilegt, að sparisjóðsstjóri taki þátt sem stjórnarmaður í eftirliti með störfum sjálfs sín. Þá er einnig hugsanlegt, að sparisjóðsstjórar séu fleiri en einn, eins og nú er í sumum stærstu sparisjóðanna.

Í 1. mgr. er lagt til, að sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjóri fari sameiginlega með stjórn sparisjóðs, ef sparisjóðsstjóri hefur verið ráðinn. Jafnframt er lagt til í 2. mgr., að greint sé á milli almennrar stjórnar á málefnum sparisjóðs og stjórnun hins daglega rekstrar. Er sparisjóðsstjóra falið að annast stjórn hins daglega rekstrar og lúta í þeim efnum fyrirmælum og eftirliti sparisjóðsstjórnar. Ekki er tilgreint, hvað fellur undir daglegan rekstur. Í því efni verður að hafa hliðsjón af umfangi starfseminnar og venjum á þessu sviði. Sú almenna takmörkun er þó gerð, að ráðstafanir, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar, falla ekki undir hinn daglega rekstur.

Samkvæmt 3. mgr. skal sparisjóðsstjórn setja sparisjóðsstjóra sérstakt erindisbréf, þar sem starfssvið skal tilgreint. Erindisbréf skal gilda tiltekinn tíma, enda er heppilegt, að það sé endurskoðað með hæfilegu millibili. Tekið er fram, að ekki megi fela sparisjóðsstjóra þau verkefni, sem talin eru í 3. tl. 1. mgr. 21. gr., þ. e. ákvarðanir um afskriftir af eignum sparisjóðsins í sambandi við ársuppgjör, þ. m. t. afskriftir útlána.

Sé ekki annað ákveðið, eru allar lánveitingar sparisjóðs háðar ákvörðunarvaldi sparisjóðsstjórnar, sbr. 1. tl. 1. mgr. 21. gr. Í 4. mgr. þessarar greinar er heimilað að veita sparisjóðsstjóra ákveðið vald í þessum efnum. Getur stjórnin með samþykki aðalfundar falið sparisjóðsstjóra að taka ákvarðanir um lánveitingar og framlengingar lána án þess að leita þurfi fyrirfram samþykkis stjórnarinnar. Stjórnin skal þá setja reglur um þessa útlánaheimild og ber sparisjóðsstjóra að árita lánsskjöl til staðfestingar á útlánaákvörðun og gera skal hann stjórninni eftir á grein fyrir öllum nýjum lánveitingum. Með þessu fyrirkomulagi ætti heimild sparisjóðsstjóra að vera nægjanlega afmörkuð og stjórn sparisjóðs gert auðveldara að sinna eftirlitsskyldu þeirri, sem á henni hvílir.

Í 5. mgr. eru settar reglur um útibússtjóra. Þær reglur þarfnast ekki sérstakra skýringa, og má vísa til þess, sem að framan segir um sparisjóðsstjóra.

Um 23. gr.

Hér er í 1. mgr. lagt bann við því, að sparisjóðsstjóri og útibússtjóri í fullu starfi stundi sjálfstæðan atvinnurekstur. Miðað er við, að gegnt sé fullu starfi, og er þannig ekki lagt bann við því, að þeir, sem gegna þessum störfum að hluta, stundi að auki sjálfstæðan atvinnurekstur. Þetta bann miðar að því að tryggja, að stjórnendur sparisjóða og útibúa þeirra, freistist ekki til þess að lána í þágu þess rekstrar, sem þeir standa fyrir. Í þeim tilvikum, þar sem sparisjóðsstjóri eða útibússtjóri, sem ekki eru í fullu starfi, stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, verður eftirlitsskylda sparisjóðsstjórnarinnar með störfum þeirra þeim mun ríkari.

Í 2. mgr. er tekið fram, að sparisjóðsstjórnin hafi með höndum daglega stjórn, ef sparisjóðsstjóri er ekki ráðinn.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um heimild til að skuldbinda sparisjóð þarfnast ekki sérstakra skýringa.

VII. KAFLI

Um 24. gr.

Í þessari grein er reynt að lýsa í örfáum orðum megindráttum í starfsemi sparisjóða. Virðist þessi lýsing komast næst því sem almennt er álitið felast í hugtakinu sparisjóðsstarfsemi og þá jafnframt bankastarfsemi. Miðað við gildandi lög má segja, að skilgreining sé færð í nútímalegra horf og fremur rýmkuð.

Um 25. gr.

Í 20. gr. gildandi laga segir, að sparisjóður megi ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans og ekki hlutabréf. Í 1. mgr. þessarar greinar er um svipaða reglu að ræða. Þó er heimildin til að eiga fasteignir örlítið rýmkuð með því að miða ekki aðeins við starfsemina eins og hún er á hverjum tíma, heldur einnig við líklega aukningu hennar. Um heimild sparisjóða til að yfirtaka eignir til fullnustu kröfu er fjallað í 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. er ekki ætlað að koma í veg fyrir það, að sparisjóðir geti leigt út húsnæði í byggingu, sem aðallega er ætluð starfsemi hlutaðeigandi sparisjóðs.

Ákvæði gildandi laga um eignaraðild sparisjóða að öðrum fyrirtækjum og stofnunum eru ófullkomin. Aðeins er tekið fram í 20. gr., að sparisjóðir megi ekki eiga hlutabréf. Hér er lagt til í 2. mgr., að skýrari reglur verði settar um þetta og sparisjóðunum verði heimilt að eiga hlutabréf eða eignarhluta í öðrum fyrirtækjum eða stofnunum, sem reka sparisjóðsstarfsemi eða aðra starfsemi, sem skyld er sparisjóðsstarfsemi eða er í eðlilegum tengslum við hana, og er þá t. d. höfð í huga hugsanleg aðild að reiknistofu bankanna. Eignaraðild eða þátttaka í rekstri umfram þetta er bönnuð.

Um 26. gr.

Þessi grein svarar efnislega til 2. málsl. 20. gr. gildandi laga. Hér er yfirtaka leyfð án takmarkana til að tryggja fullnustu kröfu. Þetta getur t. d. orðið raunhæft, þegar sparisjóður eignast fasteign á nauðungaruppboði. Eignirnar skulu seldar strax og það telst hagkvæmt að mati sparisjóðsstjórnar, og er það hliðstætt reglum gildandi laga. Tæplega er unnt að setja sparisjóðnum ákveðna fresti til að selja eignir, sem yfirteknar eru á þennan hátt, þar sem eignir þessar geta verið torseljanlegar.

Um 27. gr.

Ákvæði um sama efni og hér um ræðir eru í 12. gr. gildandi laga. Ákvæði frumvarpsgreinarinnar eru þó ítarlegri og í samræmi við núverandi framkvæmd á þessu sviði hjá innlánsstofnunum. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 28. gr.

Grein þessi er nýmæli. Æskilegt er, að innlánsstofnanir leiti samþykkis Seðlabankans á formum innlánsreikninga, m. a. með tilliti til vaxaákvörðunarvalds bankans.

Um 29. gr.

Þessi grein svarar efnislega til 25. og 26. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Í 2. mgr. gildandi laga er kveðið á um, að ekki skuli framar reikna vexti af innstæðu á viðskiptabók, eftir að hún hefur staðið óhreyfð í 15 ár samfleytt, og beri þá að skora á

eiganda að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og þegar bók glatast. Ef eigandi gefur sig ekki fram, áður en tilskilinn frestur er liðinn, er bók ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Sparisjóðsstjórn er þó veitt heimild til að greiða féð, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

Með tilliti til þess, að í lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, er almennt ákvæði um fyrning á innlánsfé, sýnist ekki vera ástæða til að halda í sérákvæði sparisjóðalaganna, sem að auki er óhagstæðara innstæðueigendum en hið almenna ákvæði laga nr. 14/1905. Í 1. tl. 2. gr. síðastnefndra laga segir, að krafa á hendur landssjóði, banka eða sparisjóði um endurgjald á fé, er lagt hefur verið í sjóðinn til ávöxtunar eða geymslu, fyrnist á 20 árum. Er lagt til hér, að vísað verði til þessa ákvæðis og gildandi reglur falli niður.

Ákvæði 2. mgr. eru efnislega í samræmi við gildandi reglur í 1. mgr. 11. gr. laganna.

Um 31. gr.

Í gildandi lögum um sparisjóði eru ófullkomin ákvæði um tryggingar fyrir útlánum. Nauðsynlegt er að setja reglur um atriði, sem er jafn mikilvægt fyrir rekstraröryggi sparisjóða.

Í 1. mgr. greinarinnar er kveðið á um, að fyrir skuldbindingum, sem stofnað er til við sparisjóð, skuli teknar fullnægjandi tryggingar að mati sparisjóðsstjórnar. Með tryggingum er hér fyrst og fremst átt við veðsetningu eða ábyrgð.

Á síðari árum hefur það færst í vöxt, að innlánsstofnanir afli reglulegra upplýsinga frá lánsviðskiptaaðilum um afkomu þeirra og efnahag. Einkum á þetta við um viðskiptabankana. Þessi þróun er eðlileg og æskileg. Má búast við, að slíkum vinnubrögðum verði beitt í vaxandi mæli í framtíðinni. Með hliðsjón af þessari þróun er hér lagt til, að sparisjóðum verði heimilað að lána út fé án veðs eða ábyrgðar annarra, ef lánveitingin er byggð á mati sparisjóðsins á viðskiptaaðilanum, sem sýni að sérstakra trygginga sé ekki þörf. Í slíkum tilvikum skal sparisjóður fylgjast reglulega með fjárhag lántaka, þannig að grípa megi í tæka tíð til ráðstafana til að tryggja hagsmuni sjóðsins, ef þörf krefur.

Rétt er að leggja áherslu á, að í 2. mgr. eru hvorki settar nákvæmar reglur um form og umfang þeirra upplýsinga, sem sparisjóður aflar um afkomu og efnahag lántaka, né hvernig fylgst skal með þessum atriðum á lánstímanum. Um þetta fer eftir mati sparisjóðs og hlýtur m. a. að miðast við lánsupphæð og lánstíma hverju sinni.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr., þegar um smávægilega fyrirgreiðslu er að ræða miðað við eigið fé sparisjóðs, enda liggi fyrir fullnægjandi vitneskja að mati sjóðsins um greiðslugetu viðskiptaaðilans.

Um 32. gr.

Efni 1. mgr. er hliðstætt gildandi lögum eins og þeim var breytt með lögum nr. 100/1980 og að öðru leyti en því, að Tryggingarsjóður sparisjóða skal ásamt bankaeftirliti samþykkja heildarupphæð ábyrgða, sem er umfram 20% af heildarinnlánum sparisjóðs.

Í 2. mgr. er haft í huga, að til þess kann að koma, að einstakir sparisjóðir taki á sig ábyrgð á tékkum reikningshafa að vissri fjárhæð. Útvegsbankinn býður nú upp á slík viðskipti. Verði ábyrgðir á tékkum teknar almennt upp hér á landi, eru sparisjóðir með ákvæðum 2. mgr. undanþegnir skilyrðum 1. mgr., ef þeir vilja gerast aðilar að slíkum ábyrgðum, en aðild þeirra er hins vegar háð samþykki Tryggingarsjóðs sparisjóða. Í mgr. kemur einnig fram, að sparisjóðir geta að eigin frumkvæði, án almenns samkomulags, tekið upp ábyrgð á tékkum.

Um 33. gr.

Þessi grein er að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 100/1980.

Í 3. málsgr. er þó að finna nýtt ákvæði, sem gerir ráð fyrir, að hlutabréf og eignarhlutir sparisjóðs í fyrirtækjum og stofnunum, sbr. 25. gr. frumvarpsins, skuli teljast til heildarskuldbindinga. Ákvæði þetta er bein afleiðing þeirrar rýmkunar sem 25. gr. frumvarpsins felur í sér frá gildandi lögum. Einnig er 5. tl. 5. mgr. nýmæli.

Með reglum þessarar greinar er verið að tryggja sem best rekstraröryggi án þess að leggja óeðlileg höft á sparisjóðina.

Um 34. gr.

Í 6. gr. gildandi laga eru reglur um bann við lántöku stjórnarmanna og starfsmanna sparisjóðs úr sjóðnum. Hér er lagt til, að nokkrar breytingar verði gerðar í þessum efnum.

Í 1. mgr. er lagt til, að stjórnarmenn sparisjóðs, sparisjóðsstjórar og útibússtjórar sparisjóðs megi ekki vera skuldugir sjóðnum, hvorki sem aðalskuldarar né ábyrgðarmenn annarra. Jafnframt er lagt til, að hið sama gildi um maka þeirra. Reglunum er m. a. ætlað að koma í veg fyrir, að þessir aðilar geti notað stöðu sína innan hlutaðeigandi sparisjóðs í sambandi við lánafyrirgreiðslur til sín eða maka sinna.

Um aðra starfsmenn, þ. e. almenna starfsmenn og endurskoðendur, er lagt til í 2. mgr., að gildi önnur regla, sem er nýmæli. Hún felur í sér, að þeir geti m. a. fengið lán hjá þeirri stofnun, sem þeir vinni hjá eftir reglum, sem sparisjóðsstjórn setur og staðfestar skulu af aðalfundi og Tryggingarsjóði sparisjóða til aðhalds og samræmingar milli einstakra sjóða. Þegar löggiltir endurskoðendur eiga í hlut, skal gæta ákvæða laga nr. 67/1976.

Ákvæði 3. mgr. er ekki í gildandi lögum, hvorki um sparisjóði né viðskiptabanka.

Í 4. mgr., sem er nýmæli, er lagt til, að ákvæði 1. mgr. gildi ekki um skuldbindingar, sem stofnað var til, áður en hlutaðeigandi voru kjörnir eða ráðnir til starfa við sparisjóð. Hins vegar er mælt fyrir um, að slíkar skuldbindingar skuli greiða upp á hæfilegum tíma. Með þessu er verið að koma í veg fyrir óeðlilega framlengingu á áður umsömdu láni, meðan aðilar eru í tengslum við sparisjóðinn.

Um 35. gr.

Þessi grein svarar til 7. gr. gildandi laga. Reglan um, að a. m. k. tveir starfsmenn skuli vera viðstaddir greiðslur er að sjálfsögðu sett í öryggisskyni. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum, að bankaeftirlitinu er heimilað að veita undanþágur frá skilyrðum greinarinnar að höfðu samráði við Tryggingarsjóð sparisjóða.

VIII. KAFLI

Um 36. gr.

Hér er fjallað um lausafjárstöðu sparisjóða. Um það efni eru reglur í 16. gr. gildandi laga, og er þar m. a. mælt fyrir um, að sparisjóðir skuli eiga í sjóði, innstæðu í ríkisviðskiptabanka og í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum minnst $^1/_{10}$ af innlánsfénu. Þó megi sjóður og bankainnstæða aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu. Í lögum um viðskiptabankana er um svipaðar viðmiðanir að ræða. Þar eru fyrirmæli um, bæði í lögum um einstaka ríkisviðskiptabanka og hina einstöku banka, sem reknir eru í formi hlutafélags, að þeir skuli eiga a. m. k. 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum og er nánar skilgreint hvers konar verðbréf geta þar komið til álita.

Um ákvæði gildandi laga um sparisjóði og reyndar ákvæði af þessu tagi yfirleitt er það að segja, að með þeim er stefnt að því, að innlánsstofnanir geti, hvenær sem er, fullnægt því að greiða innlánsfé, þegar þess er krafist, og innstæðueigendur geti þannig alltaf treyst því, að unnt sé að greiða þeim innstæður þeirra, þegar þeir þurfa á því að halda. Hinar sérstöku kröfur sparisjóðalaganna til sjóðs- og bankainnstæðu voru á sínum tíma rökstuddar með því, að erfitt væri að selja verðbréf hér á landi, enda þótt þau væru trygg. Þótti því ekki annað fært en að gera kröfur um, að sjóður og bankainnstæður næmu ákveðnu lágmarkshlutfalli af innlánsfé.

Aðstæður á peninga- og lánsfjármarkaðinum geta breyst mjög á tiltölulega skömmum tíma, og reynslan hefur sýnt, að óraunhæft er að setja í lög nákvæmar og ófrávíkjanlegar reglur um lausafjárstöðu innlánsstofnana. Með hliðsjón af þessu er í frumvarpsgreininni reynt að leysa þetta mál með því að skilgreina laust fé sparisjóðanna sem peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir, jafnframt því sem kveðið er á um almenna skyldu þeirra til að gæta þess að hafa á hverjum tíma yfir að ráða nægilega lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur, sem starfsemi þeirra fylgja.

Um 37. gr.

Einn mikilvægasti þáttur löggjafar um innlánsstofnanir eru lágmarkskröfur um eigið fé þeirra. Slíkar kröfur eru yfirleitt settar fram á þann veg, að eigið fé skuli að minnsta kosti jafngilda ákveðnu hlutfalli af vissum efnahagsliðum á hverjum tíma. Innan þessa ramma getur framsetning ákvæða um eigið fé verið með margvíslegum hætti.

Í gildandi lögum um sparisjóði eru ákvæðin um eigið fé í 1. mgr. 13. gr. Þessi ákvæði eru þannig orðuð, að margir munu eiga erfitt með að átta sig á þeim við fyrstu sýn. Í þeim felst það, að eigið fé sparisjóðs má ekki vera minna en 4% af innlánsfé að frádregnum peningum í sjóði, innstæðum í innlendum bönkum, „tryggum verðbréfum" í eigu sparisjóðsins og útlánum gegn veði í fasteign, þar sem lánið, ásamt því sem áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meiru en $^3/_5$ fasteignamatsverðs hennar.

Árið 1975 voru hafnar niðurgreiðslur á verði ullarinnar og að því stefnt að markaðsverð á íslenskri ull til iðnaðarins væri sem næst því verði sem greiddist fyrir hliðstæða ull á heimsmarkaði. Til að reikna út hverju sinni hvert það verð er, var stofnaður af landbúnaðarráðuneytinu starfshópur í ágúst 1980. Í starfshópnum eru tveir fulltrúar tilnefndir af sexmannanefnd, tveir fulltrúar tilnefndir af aðilum iðnaðarins og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Auk vor- eða vetrarrúinnar ullar falla til um 500 tonn af klipptri ull árlega sem aukaafurðir við sútun á mokkaskinnum. Þessi ull er verðminni og einungis nothæf til íblöndunar við ull með fulla lengd ullarhára.

2.3. Afurðir hrossa.

Framleiðsluverðmæti af hrossum er áætlað rúmlega 1% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða. Þá eru einungis talin lífhross, seld til útlanda, og kjöt og húðir. Talið er að um 900 tonn af hrossakjöti falli til árlega. Þar af fór um 1/7 hluti til útflutnings s. l. tvö ár.

Hrossum hefur fjölgað allmikið á undanförnum árum. T. d. voru þau talin 30 794 árið 1960, en árið 1980 eru þau talin 52 346 eða 70% fleiri.

2.4. Afurðir alifugla, svína o. fl.

Verðmæti þessara afurða hefur aukist undanfarin ár og er nú talið tæplega 10% af verðmæti landbúnaðarafurða. Afurðir alifugla eru þar af 7/10 hlutar og afurðir svína 1/7 hluti og loðdýr o. fl. um 1/7 hluti.

2.4.1. Afurðir alifugla.

Að verðmæti skiptast þær í um 70% egg og 30% kjöt. Framleiðsla á hvoru tveggja hefur legið mjög nærri markaðsþörf innanlands hverju sinni. Meiri hætta hefur verið á tímabundnum skorti á eggjum en alifuglakjöti vegna erfiðleika á geymslu eggjanna.

2.4.2. Afurðir svína.

Einungis kjötið er nýtt hér á landi. Erlendis eru unnar ýmsar aukaafurðir, m. a. til lyfjaframleiðslu. Framleiðslan hefur verið aðlöguð markaðsþörf innanlands hverju sinni.

2.4.3. Afurðir loðdýra.

Framleiðsla loðskinna á Íslandi er enn mjög lítil, borin saman við framleiðslu hjá nágrannaþjóðum okkar, Skandinövum og Bretum.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda aliminka og minkahvolpa 1970—1981:

Ár	Læður	Högnar	Framl. skinn
1970	900	100	3 000
1971	7 600	1 250	17 000
1972	9 800	1 450	14 500
1973	9 900	1 550	19 000
1974	9 000	1 470	27 000
1975	10 700	1 650	32 500
1976	10 190	1 770	32 000
1977	7 350	1 660	23 000
1978	7 180	1 580	23 000
1979	7 050	1 550	22 200
1980	7 320	760	24 700
1981	7 475	800	24 600

Af töflunni sést að mest varð framleiðsla á minkaskinnum 1975, en þá voru starfandi sjö minkabú á landinu, en í árslok 1976 fækkar búunum í fjögur og féll þá framleiðslan niður í 23 000 skinn og hefur verið svipuð síðan.

Refarækt hófst hér á landi að nýju í árslok 1979. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda alirefa og yrðlinga í landinu:

Ár	Refalæður	Refahögnar	Yrðlingar
1980	210	70	1 092
1981	628	210	4 175
1982	1 544	499	...

2.5. Garð- og gróðurhúsaafurðir.

Garð- og gróðurhúsaafurðum má deila í fimm aðalflokka: Ylræktun, útimatjurtarækt-un, garðplönturækt, skrúðgarðyrkju og kartöflu- og gulrófnarækt.

Vegna mikilla sveiflna af völdum árferðis í þessari framleiðslu, einkum útiræktun, er framleiðslan allbreytileg milli ára. Þó má áætla að þessi framleiðsla sé um 6% af heildar-framleiðslu landbúnaðarafurða og skiptist þannig, að $^2/_3$ hlutar hennar fást af ræktun kar-taflna og rófna og $^1/_3$ hluti af gróðurhúsaafurðum.

2.5.1. Saga og þróun.

Garðyrkjan á sér ekki langa sögu hér á landi, og það er ekki fyrr en kemur nokkuð fram á þessa öld að garðyrkjan tekur að festa rætur og verða atvinnugrein, en fyrst kemst skriður á þegar Garðyrkjuskóli ríkisins er stofnaður og tekur til starfa árið 1939.

Fyrsta íslenska gróðurhúsið hitað upp með hverahita var byggt á Reykjum í Mosfells-sveit árið 1924, en síðan hefur þróunin verið sem hér segir:

Ár	Fjöldi m² undir gleri
1924	150
1929	1 200
1939	9 300
1950	63 000
1960	95 000
1970	120 000
1980	170 000

Fjöldi garðyrkjustöðvanna er um 130.

2.5.2. Framleiðsla og markaðsþörf.

Eftirfarandi yfirlit sýnir magn heistu garð- og ylræktarafurða sem Sölufélagi garðyrkjumanna barst til sölu frá framleiðendum og framleiðslu á kartöflum og gulrófum árin 1975 og 1980. Nokkur heimasala afurða er til viðbótar afurðum sem Sölufélagið fær til umsetningar. Einnig eru sýndar tölur um innflutning á fersku grænmeti og kartöflum þessi ár.

	1975		1980	
Tegundir, tonn	Framleiðsla innanlands	Innflutningur	Framleiðsla innanlands	Innflutningur
Tómatar	264,4	15,9	418,4	73,2
Gúrkur	285,7		338,4	
Paprika	7,1		19,5	
Gulrætur	37,8	855,7	55,5	1 631,4
Hvítkál, rauðkál	87,9		150,8	
Blómkál	17,9		64,1	
Gulrófur	287,1		902,5	
Kartöflur	6 304,9	3 452,7	15 340,9	4 990,0

Umtalsverð neysluaukning hefur átt sér stað á þessum árum í öðrum vörum en kartöflum. Árið 1975 var tiltölulega léleg uppskera á kartöflum en mjög góð árið 1980 skv. þessum tölum.

Á sama hátt og innflutningur á nýju grænmeti hefur stóraukist, jókst innflutningur á frystu og þurrkuðu grænmeti, úr 44,8 tonnum árið 1975 í 248,2 tonn árið 1980.

2.5.3. Tegundaval.

Fjölbreytni og eftirspurn eftir grænmetistegundum hefur aukist hratt á undanförnum árum og standa neytendum nú til boða um 30 tegundir grænmetis og ávaxta, sem eru ræktaðar hér á landi.

Tómatar	Hreðkur	Hvítkál	Rauðrófur
Gúrkur	Sellery	Rauðkál	Hnúðkál
Paprika	Gulrætur	Blómkál	Spergilkál
Salat	Næpur	Grænkál	Iceberg salat
Steinselja	Rabarbari	Rósakál	Gulrófur
Eggaldin	Graslaukur	Skrautkál	Kartöflur
Belgbaunir	Blaðlaukur	Kínakál	Kryddjurtir, 10 teg.

Auk þessara mörgu tegunda matjurta eru flestar tegundir afskorinna blóma og pottaplantna, sem eru ræktaðar erlendis, einnig ræktaðar hér, þó svo enn megi auka fjölbreytnina.

2.6. Lax- og silungsveiði.

Lax- og silungsveiði er eðlilegt að skipa í tvo flokka, annars vegar sportveiði og hins vegar framleiðslu á matvælum.

2.6.1. Sportveiði.

Sportveiði er stunduð á tvennan hátt, annars vegar stangaveiði í ám og hins vegar stangaveiði í vötnum. Stangaveiði í laxveiðiám er þýðingarmest sportveiða. Kemur þar til að þessi tómstundaiðja er mjög eftirsótt bæði innanlands og utan og því keypt háu verði.

Á Íslandi eru nú u. þ. b. 80 laxveiðiár og hefur þeim fjölgað undanfarna áratugi auk þess sem laxgengd hefur aukist.

Síðustu ár hefur laxveiði á stöng verið sem hér segir:

Laxveiði á stöng 1969—1981

Ár	Fjöldi laxa	Ár	Fjöldi laxa
1969	21 724	1976	39 249
1970	33 583	1977	41 302
1971	40 623	1978	52 679
1972	45 351	1979	43 955
1973	43 667	1980	30 007
1974	34 107	1981	26 124
1975	45 882		

(Laxgengd er háð ýmsum náttúrulegum sveiflum, og má ætla að síðustu tvö árin hafi stangaveiði náð lágmarki slíkrar sveiflu).

Laxveiðar á stöng eru sem fyrr segir eftirsótt tómstundaiðja og gefur veiðiréttareigendum umtalsverðan arð. Tölur frá 1978 sýna eftirfarandi:

Leyfilegt hámarksframboð veiðileyfa	32 900 veiðidagar
Haldið eftir vegna friðunar eða óselt	8 900 veiðidagar
Seldir erlendis	5 000 veiðidagar
Seldir innanlands	19 000 veiðidagar
Áætlað söluverð veiðileyfa erlendis	224 millj. kr.
Áætlað söluverð veiðileyfa innanlands	333 millj. kr.
Áætlað söluverð veiðileyfa samtals	557 millj. kr.
−Kostnaður alls	130 millj. kr.
Nettótekjur veiðiréttareigenda (Verðlag ársins 1978)	427 millj. kr.

Tölur fyrir stöðuvötn um veiði og sölu veiðileyfa eru ekki til.

2.6.2. Matvælaframleiðsla.

Matvælaframleiðsla laxfiska skiptist í fjóra höfuðflokka:

2.6.3. Netaveiði.

Netaveiðar á laxi eru stundaðar á nokkrum stöðum á landinu. Veiðin hefur yfirleitt numið 32—36% af heildarlaxveiðinni.

Netaveiði

Ár	Fjöldi laxa	Ár	Fjöldi laxa
1976	17 137	1979	18 452
1977	20 864	1980	18 769
1978	26 227		

Silungsveiði í net er mikil en tölur um hana eru ekki fyrirliggjandi.

2.6.4. Hafbeit.

Hafbeit nefnist það þegar niðurgönguseiðum er sleppt í sjó til þess síðan að alast upp villtum og koma til baka í heimaána fullvaxta. Þá er fiskurinn veiddur í gildru og slátrað.

Víða erlendis hefur gengdarlaus laxveiði í sjó gert allar hugmyndir manna um hafbeit óraunhæfar. Mest hefur verið unnið að hafbeit á vesturströnd Bandaríkjanna, oft með talsverðri þátttöku hins opinbera.

Hér á landi hófust hafbeitartilraunir með stofnun Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði um 1963. Síðan þá hefur verið unnið að tilraunum og endurbótum á þessari tegund búskapar. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur má fullvíst telja að hafbeit eigi hér mikla möguleika.

Hafbeit hefur verið stunduð að nokkru marki frá Kollafirði, frá Lárósi á Snæfellsnesi og frá Botni í Súgandafirði.

Áhugi manna á hafbeit hefur aukist mjög að undanförnu. Eru víða að fara af stað umtalsverðar áætlanir með þátttöku fjársterkra aðila.

Framleiðsla lax á síðustu árum með hafbeitaraðferð hefur verið sem hér segir.

Framleiðsla lax með hafbeit

Ár	Fjöldi laxa	Ár	Fjöldi laxa
1976	3 247	1979	2 100
1977	2 409	1980	3 138
1978	1 975		

2.6.5. Strandkvíaeldi.

Strandkvíaeldi er fólgið í því að ala lax í búrum á landi en dæla sjó í þau. Fiskurinn er síðan alinn svipað og gert er í seiðaeldisstöðvum.

Norðmenn hófu sitt eldisstarf á strandkvíaeldi. Hár fjárfestingar- og rekstrarkostnaður (dæling sjávar) leiddi þó fljótlega til þess að þeir skiptu yfir í kvíaeldi, enda hafa þeir til þess ákjósanlegar aðstæður.

Helstu kostir þessa eldisforms við íslenskar aðstæður eru þær að kostur gefst á að hita sjóinn og velja laxinum þannig kjörhita.

Strandkvíaeldi hefur um nokkurra ára skeið verið stundað að Húsatóftum við Grindavík. Þótt starfsemin þar hafi þurft að yfirstíga ýmsa erfiðleika hefur hún fyllilega sannað tilverurétt sinn.

2.6.6. Kvíaeldi.

Með kvíaeldi er átt við eldi lax í flotbúrum í sjó. Helstu skilyrði sem uppfylla þarf til að kvíaeldi heppnist eru hagstætt hitastig sjávar og skjól fyrir veðrum.

Kvíaeldi hefur verið reynt af og til hér við land frá árinu 1972 er Fiskifélag Íslands stóð að tilraunum með kvíaeldi í Hvalfirði. Tilraunir til kvíaeldis hafa gengið misjafnlega. Helsti þröskuldurinn hefur verið lágur sjávarhiti köldustu mánuði ársins. Undantekning er eldi í Lóni í Kelduhverfi, en þar háttar svo til að sjávarblandað lónið hitnar vegna jarðhita. Hefur þetta reynst hið ákjósanlegasta umhverfi fyrir lax, og er nú þegar í gangi stórfellt eldi þar. Fyrstu laxarnir frá þessari eldisstöð komu á markað innanlands í lok ársins 1981 og þóttu prýðileg vara.

2.7. Skógrækt.

Afurðir af skógrækt eru enn ekki stór þáttur í landbúnaðarframleiðslu hérlendis. Þessum afurðum má skipta í tvo flokka, þ. e. í framleiðslu viðar og jólatrjáa.

2.7.1. Viðarframleiðsla.

Viður er nú framleiddur á aðeins tveimur skógarsvæðum á Íslandi:

1) Hallormsstað á Fljótsdalshéraði.
2) Í Suður-Þingeyjarsýslu: Fnjóskadal og Köldukinn. Skóglendið á Hallormsstað er 800 ha alls, en viður er ekki tekinn af því svæði nærri öllu.

Um er að ræða:

1) **Birki** sem nú fellur nær eingöngu til í sambandi við gróðursetningu innfluttra trjátegunda sem gróðursettar hafa verið í 165 ha, og
2) **Lerki** sem mestallt hefur verið gróðursett eftir 1951. Hingað til hefur viður verið tekinn úr lerkiteigum sem gróðursettir voru á árunum 1951—1959 er nema 15 ha, auk 1 ha lerkiteigs frá 1938.

Í Suður-Þingeyjarsýslu hefur viður eingöngu fallið til úr birkiskógum, sem eru nálægt 1000 ha.

Viðarafurðir eru:

1) Eldiviður til upphitunar og reykinga. Langmest magn hefur farið til reykinga hjá Niðursuðuverksmiðju K. Jónsson & Co. á Akureyri.
2) Girðingarstaurar.
3) Efniviður til smíða, aðallega föndurs í skólum.
4) Borðviður sem aðeins hefur fengist úr lerkiteigum frá 1938 á Hallormsstað. Borðviðurinn er því unninn úr 35 ára gömlum lerkiskógi. Lengri tíma mun taka að fá fyrsta borðvið úr öðrum trjátegundum (greni og furu), sennilega um 50 ár.

2.7.2. Framleiðsla jólatrjáa.

Jólatré eru nú tekin á nokkrum stöðum á landinu, í Borgarfirði, Skagafirði, Eyjafirði, S-Þingeyjarsýslu, Upphéraði, Þjórsárdal, Haukadal, Þingvöllum og eitthvað smávegis á öðrum stöðum.

Árlega eru felld um 10 þús. tré en markaður er fyrir ca. 30 þús. tré. Þessum markaði ætti að vera hægt að fullnægja, en ætla má að 10—20 ár taki að ná því marki þó vel sé að unnið.

Við verðlagningu á jólatrjám er stuðst við verð á innfluttum trjám, sem eru nú með 90% tolli og 30% vörugjaldi. Giska má á að heildsöluverðmæti 30 þús. jólatrjáa sé um 4,5 millj. kr.

Fram til þessa hafa nær öll íslensk jólatré komið frá Skógrækt ríkisins en smáhluti frá skógræktarfélögum. Áætla má að árið 1981 hafi heildarsala skógarafurða numið 1,5 millj. kr., þar af 250 þús. kr. vegna viðarsölu.

3. MARKAÐS- OG FRAMLEIÐSLUMÖGULEIKAR.

Svo sem fram er komið selst meginhluti landbúnaðarafurða innanlands. Útflutningur landbúnaðarafurða er takmörkunum háður, einkum fyrir afurðir til manneldis, vegna almennrar umframframleiðslu í tækniþróuðum þjóðfélögum, þrátt fyrir að vanþróaðar þjóðir líði skort.

3.1. Afurðir nautgripa.

Að fenginni reynslu undanfarin ár, eru litlar horfur á að nautgriparæktin geti treyst á aðra markaðsmöguleika en þá sem eru innanlands. Til að flytja út umframframleiðslu mjólkur undanfarin ár hefur henni verið breytt í osta. Útflutningsverð á þeim hefur skilað litlu umfram vinnslukostnað mjólkurinnar. Á tímabili voru horfur á að möguleikar væru að opnast fyrir ostaútflutningi til Bandaríkjanna en þær vonir hafa ekki ræst.

3.1.1. Framleiðsla á mjólk.

Til að mæta breytingum á mjólkurframleiðslunni af völdum ytri aðstæðna, svo sem veðurfars, þarf hún að vera 5—7% umfram þörf markaðarins.

Niðurgreiðslur hafa mikil áhrif á neyslu mjólkurvara. Samkvæmt athugun sem gerð var af áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins árið 1973 yrði neysla mjólkurafurða, umreiknuð í mjólkurlítra, um 8 milljónum lítra minni ef mjólkurafurðir væru óniðurgreiddar, en þegar þær eru niðurgreiddar sem svarar vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkurvaranna. Sé við það miðað að hafa mjólkurframleiðsluna 5% umfram markaðsþörf og að halda áfram niðurgreiðslum á mjólkurvörum, lítur dæmið þannig út:

Mjólk til neyslu og vinnslu og fóðurmjólk	114 millj. kg.[1])*
Umframþörf, 5%	6 millj. kg.
Framleiðsluþörf alls	120 millj. kg.
Hámarksframleiðslugeta	135 millj. kg.
Umframframleiðsla	15 millj. kg.

Hámarksframleiðslugetan er miðuð við framleiðslu áranna 1978 og 1979, er framleiðslumöguleikar voru hvað bestir, einkum vegna niðurgreiðslu erlendra ríkja á útfluttu korni.

3.1.1.1. Stjórnun mjólkurframleiðslunnar.

Greina verður á milli stjórnunaraðgerða sem hafa langtímaáhrif og þeirra sem virka á skemmri tíma. Til að vinna á móti sveiflum í mjólkurframleiðslunni er nauðsynlegt að stjórnvöld þekki og hafi heimild til að beita báðum þessum möguleikum. Þær stjórnunaraðgerðir sem telja má að eigi rétt á sér eru þessar:

1. Niðurgreiðsla mjólkur og vinnsluvara verði nálægt vinnslu- og heildsölukostnaði, þó breytileg ef verulegar sveiflur verða í framboði og eftirspurn.
2. Nokkurt gjald verði lagt á innflutt kjarnfóður og því breytt ef tímabundnar sveiflur verða á framboði og eftirspurn.
3. Ákveðið verði svæðisbundið framleiðslumagn mjólkur með hliðsjón af sölusvæðum og markaðsþörf þeirra. Mjólkurframleiðsla umfram það verði greidd með stiglækkandi verði þegar útflutningsbætur verða ónógar.
4. Útflutningsuppbætur verði ekki greiddar á mjólkurafurðir umfram það sem nemur 5% af verðmæti mjólkurframleiðslunnar allrar á verði til bænda.
5. Verð mjólkur verði ákveðið mishátt eftir árstíðum til að jafna árstíðabundnar sveiflur í mjólkurframleiðslunni. Jöfnun á flutningskostnaði mjólkur verði stillt í hóf, þannig að frekar dragi úr óhagkvæmri framleiðslu á mjólk vegna fjarlægðar einstakra býla frá mjólkurbúi. Bændum sem fyrir því verða sé gefinn kostur á framlögum og hagkvæmum lánum til að breyta búskap sínum í arðvænlegra form. Byggðasjóði verði falin verkefni á þessu sviði. Ennfremur að greiða fyrir mjólkurframleiðslu á afskekktum svæðum og/eða flutningi á mjólk og mjólkurvörum frá öðrum sölusvæðum ef hentugra þykir.

3.1.2. Framleiðsla á nautgripakjöti.

Framleiðsla þess verði miðuð við þörf innanlands. Nýttir verði þeir möguleikar til kjötframleiðslu sem mjólkurkúastofninn býður upp á en kjötgæði bætt með notkun holdanauta eftir því sem tök eru á.

*) Þar af innvegið í mjólkurbú 102 millj. kg.

3.2. Afurðir sauðfjár.

Áður er fram komið að kindakjötið gefur sauðfjárbændum um 88% bruttótekna en afgangur teknanna kemur af ull og gærum. Vegna þess hversu mikill hluti teknanna kemur af kjötinu er óraunhæft að ætla að bændur geti rekið sauðfjárbú í þeim tilgangi einum að framleiða ull og gærur vegna þess hversu hér er um að ræða verðmætt hráefni til iðnaðar.

3.2.1. Kindakjötsframleiðslan.

Eins og fram hefur komið hefur fimmtungur til þriðjungur framleiðslu kindakjöts verið umfram neyslu innanlands og farið til útflutnings. Þetta hefur verið all breytilegt vegna sveiflna í framleiðslu á kindakjöti, í kaupgetu og verði kindakjöts þegar niðurgreiðslur hafa ekki fylgt verðlagi.

Verð það sem fékkst fyrir útflutt kindakjöt dró langleiðina til þess að greiða allan kostnað við framleiðsluna fyrir um áratug, en hefur nú fallið niður í um 4/10 hluta af framleiðslukostnaði. Þetta er aðallega vegna lækkandi kaupverðs á kindakjötinu, einkum í Noregi og Svíþjóð, en einnig vegna verðbólgu- og gengisþróunar undanfarinna ára. Aðflutningsgjöld og söluskattur á rekstrarvörur landbúnaðarins umfram það sem útflutningsatvinnuvegirnir bera, eiga hér einnig hlut að máli.

Samkvæmt eftirspurnarathugun Framkvæmdastofnunar ríkisins, þar sem m. a. eru könnuð verðáhrif á neyslu kindakjöts, kemur fram að ætla megi neyslu á kindakjöti um 47—49 kg á íbúa, séu niðurgreiðslur á verði þess um það bil sem nemur slátur- og heildsölukostnaði, en um 40—42 kg án niðurgreiðslna. Með niðurgreiðslum gæti stærð innlenda markaðarins numið um 11.000 tonnum á ári en án þeirra um 9.500 tonnum. Framleiðsla árin 1978 og 1979 var um 15.300 tonn, sem er nálægt hámarksframleiðslugetu við núverandi aðstæður. Framleiðslugeta umfram markaðsþörf innanlands er því um 28—38%, eftir því hvort niðurgreiðslur á verði þess eru eða ekki.

Nú kunna að vera á lofti þær blikur í markaðsmálum erlendis að óhjákvæmilegt reynist að draga nokkuð úr kindakjötsframleiðslunni frá því sem verið hefur síðustu árin.

3.2.1.1. Framleiðslustjórnun.

Vegna þeirrar verðmætasköpunar sem er möguleg í úrvinnslu á ull og gærum þarf að gæta að eftirfarandi atriðum:

1. Reynt verði til þrautar að gera útflutning á kindakjöti hagkvæmari með:
   a) Öflun nýrra og betri markaða, m. a. leiti stjórnvöld eftir tvíhliða samningum um útflutning á kindakjöti við önnur ríki.
   b) Hagkvæmni og framleiðniaukandi aðgerðum á öllum framleiðslustigum.
   c) Niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts af útfluttum afurðum.
   d) Betri nýtingu heimalanda jarða með framræslu og áburðargjöf og skipulagningu á beit og réttri nýtingu afréttarlanda.

   Þetta verkefni verði tekið með í framkvæmd nýrrar landgræðsluáætlunar.
2. Reynist óhjákvæmilegt að draga saman sauðfjárframleiðslu skal kappkostað að sá samdráttur verði hjá þeim bændum sem auðveldast eiga með að mæta honum með tilliti til bústærðar og annarra framleiðslumöguleika á viðkomandi landssvæði.

   Slíkum samdrætti verði m. a. náð með takmörkun fjárfestingarlána, kjarnfóðurgjaldi og með beinu samkomulagi við einstaka bændur. Sauðfjáreign í þéttbýli verði takmörkuð og stillt í hóf á búum hins opinbera, þó án þess að skaða rannsókna- og fræðslustarfsemi í sauðfjárrækt.

   Áhersla verði lögð á nána samvinnu bændasamtakanna og stjórnvalda um skipulag slíkra aðgerða og uppbyggingu atvinnutækifæra í stað þeirra sem eru í sauðfjárrækt.

3. Náist ekki skráð verð fyrir kindakjöt sem fer til útflutnings, að viðbættum útflutningsbótum og annarri fyrirgreiðslu sem veitt kann að verða, beri framleiðendur og þeir sem annast slátrun og heildsölu afurðanna hallann, þannig að allir þessir aðilar hafi fullra hagsmuna að gæta við útflutninginn og sýni fyllstu hagkvæmni.
4. Gerð verði áætlun um rannsóknir á möguleikum fyrir feldfjárrækt, þannig að úr fáist skorið hvort hún geti talist hagkvæm.

3.3. Afurðir hrossa.

Hrossaræktin hefur ekki enn sýnt sig að hafa möguleika sem sjálfstæð búgrein, en hagkvæmni hennar hefur falist í því að vera aukabúgrein hjá bændum þar sem haglendi er mikið og beit góð.

Hlutur hrossaræktarinnar í landbúnaði er hlutfallslega smár og verulegur hluti hennar er í höndum þéttbýlisbúa.

3.3.1. Framleiðslu- og sölumöguleikar.

3.3.1.1. Sala á reiðhestum innanlands.

Þessi markaður er allgóður hvað snertir verð, en ekki stór. Þó má ætla að hann haldist við eða jafnvel aukist með vaxandi hestaeign í þéttbýli, en þar er hestamennska vaxandi sport og tómstundaiðja og kominn er vísir að hestaíþróttum víða um land. Þessi markaður byggir á reiðhestarækt. Því er nauðsyn að sinna hrossaræktinni vel, m. a. með því að auka fræðslu- og leiðbeiningastarfsemi á sviði hrossaræktar í því augnamiði að ná meiri árangri á sviði kynbóta, fóðrunar, tamninga og í allri umönnun um hrossastofninn. Jafnframt þarf að reyna að koma betra skipulagi á markaðs- og sölumál þegar um verslun með reiðhesta er að ræða.

3.3.1.2. Útflutningur reiðhesta og kynbótahrossa.

Þessi markaður er ekki verulegur, eða 300—500 hross á ári, en hann hefur stundum skilað allgóðu verði, einkum fyrir stóðhesta og hryssur. Líkur eru fyrir því að þessi markaður geti haldist, einkum þó fyrir kynbótagripi, þ. e. stóðhesta og hryssur og verð á þeim gæti hækkað. Sama gildir um þennan markað og innlenda reiðhestamarkaðinn, að hann byggist á öflugu ræktunarstarfi. Á þessu sviði þarf einnig að endurmeta það fyrirkomulag sem nú er varðandi markaðsleit og sölufyrirkomulag þegar um útflutning lifhrossa er að ræða. Hár flutningskostnaður gæti reynst erfiður þröskuldur við útflutning almennra reiðhesta í samkeppni við hesta af íslenskum stofni, ræktaða erlendis.

3.3.1.3. Sala á hrossakjöti.

Nokkur markaður er fyrir hrossakjöt til neyslu innanlands og hefur hann verið nýttur. Nú virðist vera að opnast nokkur markaður erlendis fyrir hrossakjöt. Þann markað þarf að nýta, skili hann viðunandi verði. Nú hafa verið tekin upp afurðalán út á afurðir af hrossum eins og aðrar búfjárafurðir, þar með talinn útflutningur á lifandi gripum.

3.3.1.4. Aðrar afurðir.

S. l. tvö ár hefur nokkurt magn af blóði úr fylfullum hryssum verið flutt út til Danmerkur og notað til lyfjagerðar. Þessi markaður er rúmur og gefur allgott verð.

3.4. Afurðir alifugla, svína o. fl.

3.4.1. Afurðir svína og alifugla.

Á meðan ekki tekst að framleiða korn hér á landi er landið ekki jafn þýðingarmikill þáttur í framleiðslu svína og alifugla og hefðbundinna búgreina í nautgripa- og sauðfjárrækt. Alifugla- og svínarækt fer nú fram í mjög stórum einingum þar sem þáttur vinnuaflsins er

hlutfallslega helmingi minni en í nautgripa- og sauðfjárrækt og mestur hluti daglegrar rekstrarvöru er innfluttur.

Talið er að um 36% hænsnastofnsins sé á átta býlum sem hafa hvert yfir 5000 alifugla. Alls munu um 1000 aðilar vera með einhverja framleiðslu á alifuglaafurðum.

Á 120—130 býlum er nokkur svínarækt. Langmestur hluti hennar er þó á fáeinum býlum, sem teljast vera stórframleiðendur.

3.4.1.1. Framleiðslumöguleikar.

Ljóst er að við stefnumörkun í framleiðslumálum í landbúnaði þarf að velja að einhverju leyti milli búgreina, sem framleiða kjöt, þar sem markaðurinn er ekki án takmarka. Vegna fjarlægðar landsins og vöntunar á ódýru korni er útflutningur óhugsandi á svína- og alifuglakjöti og eggjum. Af sömu ástæðum og einnig vegna þess að verðmætar aukaafurðir fyrir iðnaðinn fylgja ekki þessari framleiðslu, er ekki ástæða til þess að vinna að stækkun núverandi markaðar fyrir þessar vörur nema eggja. Sölufyrirkomulag þessara afurða þarf að bæta og varast ber of miklar sveiflur í þessum búgreinum vegna fjárfestingar og markaðssveiflna.

3.4.2. Afurðir loðdýra.

Þegar athugaðir eru möguleikar til loðskinnaframleiðslu hér á landi, sést strax að þeir eru miklir. Fáanlegt hráefni til framleiðslunnar er það mikið í landinu, að það nægir til framleiðslu á 4—5 millj. loðskinna, að söluverðmæti 2—3 milljarðar kr. Þá er landrými hér mikið svo auðvelt má telja að fá land undir þessa atvinnugrein, og jafnframt því að hnattstaða landsins er þannig, að tæplega verður á betra kosið til að fá þykkan og góðan feld af dýrunum. Flest bendir því til að loðdýrarækt sé sú nýjung í landbúnaði sem vænlegust er til að mæta samdrætti í framleiðslu hinna hefðbundnu búgreina. Þau loðdýr sem helst kemur til greina að rækta hér, eru fyrst og fremst blárefur og silfurrefur, minkur og e. t. v. þvottabjörn. Ennfremur kemur mjög sterklega til greina að rækta hér angorukanínur, enda er nú þegar byrjað á því, og þá aðallega til að auka hér fjölbreytni í ullariðnaðinum.

Af þeirri reynslu sem fengin er af loðdýrabúunum er þegar séð að besta búskaparfyrirkomulagið er fjölskyldu- eða félagsbú, og þá hvort heldur sem er aðalbúgrein eða aukabúgrein. Komið hefur í ljós að hlutafélagsbúskapur er mjög óhentugur í loðdýrarækt eins og í öðrum búskap, enda er það búskaparfyrirkomulag alls staðar niður lagt í nágrannalöndum okkar.

Við athugun á samsetningu framleiðslukostnaðar sést að loðdýraræktin er fyllilega eins hagkvæm og jafnvel hagkvæmari en hefðbundnar búgreinar. Eftirfarandi tölur sýna stofnkostnað á kvendýr við helstu loðdýrategundir, sem kemur til greina að rækta hér á landi.

Blárefur:

	kr.	
Hús	5 000	
Búr	2 000	
Lífdýr	1 600	Stofnkostnaður kr. 8 600

Silfurrefur:

Hús	2 500	
Búr	1 500	
Lífdýr	6 700	Stofnkostnaður kr. 10 700

Minkur:

	kr.	
Hús	975	
Búr	625	
Lífdýr	750	Stofnkostnaður kr. 2 350

Þvottabjörn:

	kr.	
Hús	4 500	
Búr	1 750	
Lífdýr	2 000	Stofnkostnaður kr. 8 250

Angorakanínur:

	kr.	
Hús	750	
Búr	250	
Lífdýr	500	Stofnkostnaður kr. 1 500

Af þessum útreikningum sést, að stofnkostnaður á dýr er langmestur við silfurrefina, þrátt fyrir að kostnaður við hús og búr sé aðeins 57% miðað við blárefi. Angorakanínur og minkar hafa minnstan stofnkostnað á dýr.

Þegar miðað er við að þessar greinar loðdýraræktar skapi fjölskyldu fulla atvinnu, má áætla framlegð loðdýrabúanna á eftirfarandi hátt. Áætlunin sýnir æskilega bústærð þar sem loðdýrarækt er höfð sem aðalatvinna fjölskyldu, bruttótekjur, breytilegan kostnað og framlegð búsins miðað við verð á skinnum og ull, þegar áætlunin er gerð.

	Fjöldi kvendýra	Seld skinn/ull kr.	Fóðurkostn. kr.	Annar kostn. kr.	Framlegð kr.
Blárefur	150	900 stk. á kr. 700 = 630.000	207.000	63.000	360.000
Silfurrefur	150	375 stk. á kr. 3.000 = 1 125.000	100.000	112.000	913.000
Minkur	500	1750 stk. á kr. 300 = 525.000	210.000	52.000	263.000
Þvottabjörn	150	600 stk. á kr. 700 = 420.000	180.000	42.000	198.000
Angorakanína	500	400 kg ull á kr. 500 = 200.000	67.500	20.000	112.500

3.4.2.1. Æskileg þróun loðdýraræktar.

Á landinu eru nú starfandi 29 loðdýrabú og skiptast þau þannig milli sýslna og í bústærðir:

Sýslur	Fjöldi búa	Refabú Læður	Refabú Högnar	Minkabú Læður	Minkabú Högnar
Gullbringu- og Kjósarsýsla	1	250	80	—	—
Dalasýsla	2	70	25	—	—
V-Barðastrandarsýsla	2	90	30	—	—
N-Ísafjarðarsýsla	1	40	14	—	—
Strandasýsla	1	40	14	—	—
A-Húnavatnssýsla	1	40	14	—	—
Skagafjarðarsýsla	10	373	124	1500	500
Eyjafjarðarsýsla	1	150	50	3000	600
S-Þingeyjarsýsla	7	411	134	1750	550
Rangárvallasýsla	2	80	28	—	—
Árnessýsla	1	—	—	100	25
	29	1544	513	6350	1675

Æskilegast er talið, að uppbygging loðdýrabúanna verði í þeim byggðarlögum, þar sem er fáanlegt hráefni fyrir loðdýr. Framleiðsla á loðdýrafóðri á félagslegum grundvelli fyrir bændurna þarf að koma til. Má í því sambandi benda á að fóðurframleiðsla fari fram við sláturhúsin. Þar mætti í mörgum tilfellum koma henni við án verulegs stofnkostnaðar. Hinn möguleikinn er sá, fyrir jafnt smærri sem stærri bú, að matreiða fóðrið heima á búunum, en kaupa að í fóðurlögunina kjöt og fiskhakk frá sláturhúsum og fiskvinnslustöðvum. Með því móti er komist hjá miklum stofnkostnaði við stórar og fullkomnar fóðurstöðvar.

Mun æskilegra er að loðskinnaframleiðslan byggist upp í dreifbýli hjá bændum heldur en í nábýli við kauptún og kaupstaði, þar sem búgreinin þarfnast nokkurs landrýmis og næðis. Þó þarf að gæta þess, að flutningskostnaður á fóðri verði ekki of mikill. Í dreifbýlinu er mikið vinnuafl, sem ekki er fullnýtt og hentar vel við þessa búfjárhirðingu, og á mörgum stöðum eru byggingar fyrir hendi. Sjálfsagt er því að hafa skinnaframleiðslu úti í dreifbýlinu heldur en að flytja vinnuaflið í þéttbýlið.

Öll loðskinn sem framleidd eru í landinu hafa verið flutt úr landi og seld á sérstökum skinnauppboðum. Uppboðshúsin í Vestur-Evrópu hafa sýnt íslenskri skinnaframleiðslu mikinn áhuga og keppast um að fá þau á uppboð sín. Þessir markaðir eru stórir eða um þrjár milljónir refaskinna og 20—24 milljónir minkaskinna á ári. Talið er að enn vanti eitthvað á að markaðsþörf sé fullnægt hvað varðar jafnvægi í framboði og eftirspurn. Síðustu verð á uppboðum benda til að svo sé, þar sem verð á skinnum í erlendum gjaldeyri fer stöðugt hækkandi.

Þrátt fyrir að íslensk skinnaframleiðsla standi vel að vígi hvað varðar hráefni til fóðurgerðar, þarf að jafna samkeppnisaðstöðu okkar gagnvart helstu samkeppnisþjóðum, m. a. með eftirfarandi:

1. Efla leiðbeiningaþjónustu og fræðslustarfsemi.
2. Leggja niður tolla og sölugjald á byggingarefni húsa og búra fyrir loðdýr.
3. Loðdýraræktin fái forgang að hráefni sem til fellur í sjávarútvegi, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum, á sama verði og fæst fyrir það við útflutning.
4. Leita stöðugt fræðilegra og tæknilegra leiða við uppbyggingu á loðdýrabúum.
5. Fylgjast náið með því, hvort ekki sé nauðsynlegt að auka fjölbreytni loðdýraræktar með því að flytja til landsins fleiri tegundir loðdýra t. d. silfurrefi og þvottabirni.
6. Athuga hvort til greina kæmi að hafa staðaruppbót fyrir loðdýrabú, sem eru mjög afskekkt, með því að greiða niður flutning fyrir þau, eins og gert er á Norðurlöndunum.
7. Hafa virkt félag loðdýrabænda, sem færi með hagsmunamál þeirra og tengsl þessarar búgreinar við bændasamtökin.

3.5. Garð- og gróðurhúsaafurðir.

Nauðsynlegt er að Íslendingar verði sem mest sjálfum sér nógir með framleiðslu gróðurhúsaafurða, ræktun útimatjurta og garðplantna. Á þeim árstímum sem ekki tekst að rækta hér innanlands, svo að hægt sé að fullnægja eftirspurn, er eðlilegt og nauðsynlegt að flytja vöruna inn.

3.5.1. Árstíðabinding framleiðslunnar.

Eitt af helstu vandamálum við ræktun tómata og gúrkna hérlendis eru framleiðslutoppar, sem óhjákvæmilega koma á tímabilinu maí-júlí. Sama gerist oft með útiræktaða grænmetið seinni hluta sumars. Reynt hefur verið að mæta þessu vandamáli með aukinni lýsingu í gróðurhúsum og lengja þannig ræktunar- og uppskerutíma. Við útiræktun hefur verið reynt að leggja aukna áherslu á ýmis veðurfarsbætandi atriði í sama tilgangi. Aukin ræktunartækni, geymslutækni og sölustarfsemi eru þær leiðir, sem færastar eru til þess að draga verulega úr þessu vandamáli.

3.5.2. Verðlagning - framleiðslukostnaður.

Verð á garðyrkjuafurðum hér á landi er oft á tíðum nokkru hærra en í nágrannalöndum okkar. Á því er ýmsar skýringar, m. a. háir tollar á byggingarefni og rekstrarvörum, lítill og viðkvæmur markaður, verulega styttri ræktunartími, bæði í gróðurhúsum vegna lélegri birtuskilyrða yfir vetrarmánuðina og óhentugs veðurfars við útiræktun, garðyrkjustöðvar og gróðurhús eru yfirleitt minni, blönduð ræktun og minni sérhæfing, minni lánafyrirgreiðsla af opinberri hálfu og lán óhagkvæmari. Þá er erfiðara að fá sjálfvirkan útbúnað með viðunandi viðgerðar- og varahlutaþjónustu og engin byggingafyrirtæki hér á landi eru sérhæfð í byggingu gróðurhúsa. Íslensk gróðurhús verða því að vera miklu sterkari en gróðurhús víðast erlendis og eru þau þar af leiðandi dýrari í byggingu. Rafmagnsverð til lýsingar í gróðurhúsum er hátt, flutningur að og frá garðyrkjustöðvum dýrari en erlendis og fleira mætti nefna.

Verði á garðyrkjuafurðum hefur verið hagað eftir framboði og eftirspurn til að reyna eftir föngum að nýta framleiðsluna, þegar hún er mest að sumrinu.

3.5.3. Sölufyrirkomulag.

Eins og nú er, fer grænmetisverslunin fram í gegnum Sölufélag garðyrkjumanna og Grænmetisverslun landbúnaðarins, en um sölu blómaframleiðslunnar sjá einkum tveir heildsöluaðilar. Með hliðsjón af reynslu fyrri ára verður að vara við að breyta verulega um tilhögun grænmetissölu og sölu garðyrkjuafurða.

3.5.4. Markaðsmöguleikar.

Framleiðsla garð- og gróðurhúsaafurða hefur takmarkast af innlenda markaðnum fyrir þessar vörur. Nú stendur yfir athugun á því, hvort grundvöllur sé fyrir ylræktarver til framleiðslu á gróðurhúsaafurðum fyrir erlendan markað. Að þessum athugunum er unnið af Garðyrkjuskóla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hollenskir aðilar ásamt nokkrum innlendum aðilum hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga. Eftirfarandi tölur sýna neyslu á grænmeti árið 1975.

	Ísland	Svíþjóð	Noregur
Kartöflur, kg	63,0	81,8	71,3
Annað grænmeti, kg	19,9	35,2	35,1
Ávextir og ber, kg	36,8	79,1	68,2
Samtals:	119,7	196,1	174,6
Fyrir utan kartöflur er neyslan á grænmeti 1975	56,7 kg	114,3 kg	103,3 kg

Neysluvenjum heillar þjóðar verður ekki breytt á fáum árum. Sú aukna áhersla sem lögð er nú á hollustu grænmetis og breyttar lífsvenjur opna þó aukna möguleika á þessu sviði. En gera verður ráð fyrir að í þessu efni verði um jafna aukningu að ræða, en ekki verulegar sveiflur frá ári til árs.

Á þeim árstímum sem innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn, hvort sem um er að ræða grænmeti eða blóm, þarf að flytja inn þessar vörur. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þessum innflutningi til að geta annað eftirspurn án offramboðs.

3.5.5. Helstu ræktunarvandamál og leiðir til útbóta.

3.5.5.1. Útiræktun.

Stuttur ræktunartími gerir það að verkum að uppskeran kemur öll á tiltölulega stuttum tíma, ræktunin er ekki árviss vegna breytilegs tíðarfars á milli ára, hætta á frostnóttum, ekki er hægt að rækta við venjulegar aðstæður ýmis afbrigði sem þurfa langan ræktunartíma og

sem hafa betra geymsluþol en snemmsprottnu afbrigðin sem hér eru í ræktun og erfitt er að rækta sumar viðkvæmar tegundir.

Með hjálp veðurfarsbætandi aðgerða, eins og t. d. að hita upp jarðveginn, nota plast til hlífðar, koma upp góðum skjólgirðingum eða skjólbeltum, má lengja vaxtartímann verulega og gera hann öruggari, og á þann hátt auka möguleikana á að rækta ýmsar tegundir og afbrigði sem nú er ekki hægt að rækta með góðum árangri.

Með nýrri tækni og vélum má svo vélvæða þessa ræktun meir en nú er. Þetta mundi leiða til árvissrar ræktunar, betri uppskeru, meiri fjölbreytni og ræktunar afbrigða með betra geymsluþol, sem mundi stytta þann tíma sem flytja þyrfti grænmetið inn.

3.5.5.2. Ylrækt un.

Ef hægt væri að lengja ræktunar- og uppskerutímann um 1-2 mánuði með lýsingu, þá mundi það jafna uppskeruna verulega og draga úr hinum árlegu framleiðslutoppum, betri nýting fengist á gróðurhúsunum og auðveldara yrði með fullan rekstur allt árið. Við lýsingu í gróðurhúsum er hægt að nýta næturrafmagn og hafa einn eða fleiri roftíma ef nauðsynlegt er.

3.5.6. Framtíðarmöguleikar og efling garðyrkju.

Möguleikar til að auka íslenska garðyrkju ættu að vera allmiklir. Þó er ljóst að þeir verða ekki nýttir í einni svipan, heldur þróast smátt og smátt, svo sem reynsla síðari ára ber með sér. Neysla grænmetis eykst, notkun blóma eykst o. s. frv.

Útiræktun matjurta sem aukabúgrein getur verið ýmsum annmörkum háð, þar sem erfitt getur reynst að fella hana að hinum hefðbundna búskap, einkum sauðfjárrækt, m. a. vegna þess að hámark vinnuálags við þessar búgreinar lendir á sama tíma vor og haust.

Þessi búgrein krefst einnig allmikillar fjárfestingar í tækjum og byggingum, einkum geymslum, þannig að smáar rekstrareiningar geta átt erfitt uppdráttar. Því er líklegra að útiræktun matjurta verði í formi aðalbúgreinar þar sem góð skilyrði eru fyrir hendi, svo sem jarðhiti, veðursæld o. fl.

Þá er þekking og reynsla varðandi þessa búgrein grundvallaratriði við ræktun á vandmeðförnum matjurtum, sem þurfa langan uppeldistíma.

Því er nauðsyn að auka verulega rannsóknir á þeim þáttum sem helst standa í vegi fyrir aukinni og vel heppnaðri garðrækt og efla leiðbeiningarþjónustu á þessu sviði hjá Búnaðarfélagi Íslands og tengja hana Garðyrkjuskóla ríkisins eftir því sem tök eru á.

Þá þarf að leggja áherslu á frekari þróun, bæði fræðilega og tæknilega, við uppbyggingu garðyrkjustöðva, taka upp sveigjanlegra lánakerfi vegna garðyrkjunnar, fella niður aðflutningsgjöld af fjárfestingar- og rekstrarvörum vegna garðyrkjunnar og koma á tryggingarkerfi í formi skyldutryggingar, vegna áfalla í þessari búgrein, þannig að tryggt sé fyrir tjóni af völdum óveðurs, uppskerubrests o. fl., ef tjón verða rakin til óviðráðanlegra orsaka.

Félagasamtök garðyrkjumanna og tengsl þeirra við bændasamtökin verði efld.

3.6. Lax- og silungsveiði.

3.6.1. Sportveiði.

Arðsemi af sportveiði ræðst af eftirspurn og verðlagi á veiðileyfum. Eftirspurn eftir veiðileyfum í bestu laxveiðiárnar hefur verið meiri en unnt hefur verið að anna og hafa verðhækkanir veiðileyfa umfram verðbólgu ekki haft veruleg áhrif hér um.

Eftirspurn eftir veiðileyfum í rýrari laxveiðiárnar hefur og verið vel viðunandi, enda verð þeirra veiðileyfa mun lægra.

Veiðileyfi í silungsveiðiár og -vötn hafa ekki notið jafn mikillar hylli. Sala þeirra hefur ekki, nema í undantekningartilfellum, reynst landeigendum drjúgur tekjustofn.

Þrír möguleikar eru fyrir hendi til að auka arðsemi af sölu veiðileyfa.

1) Ræktun fleiri laxveiðiáa. Þar sem hæst verð fæst fyrir laxveiðileyfi og eftirspurn eftir þeim er mest, þá liggur það beint við að rækta upp fleiri ár eftir því sem unnt er. Aukin þekking á ræktun vatnasvæða gefur nokkrar vonir um að fjölga megi enn frekar en orðið er þeim ám, sem lax gengur upp í.

2) Að auka laxgengd. Með aukinni laxgengd vinnst tvennt. Annars vegar eykst veiðivon á þær stangir sem fyrir eru í ánni og hins vegar er hægt að fjölga þeim stöngum sem veitt er með. Hvort tveggja leiðir til aukinnar arðsemi.
Á þessu sviði er mikils árangurs að vænta. Helst er horft til að nýta svæði ofan ólaxgengra fossa til fóstrunar seiða. Talið er að slík svæði ættu að geta tekið við a. m. k. tveimur milljónum sumaralinna laxaseiða, sem hugsanlega gætu gefið af sér 30—50 þús. endurheimtra, fullvaxinna laxa.

3) Að auka eftirspurn eftir silungsveiðum. Allar forsendur ættu að vera fyrir hendi til að auka eftirspurn eftir silungsveiðum. Virðist aukin þjónusta við veiðivötnin og frekari upplýsingadreifing geta haft veruleg áhrif hér um.

3.6.2. Matvælaframleiðsla.

3.6.2.1. Netaveiði.

Netaveiði á laxi hefur verið takmörkuð við þær lagnir, sem hafa talist hefðbundin hlunnindi. Óraunhæft er að reikna með breytingum hér á og munu því netaveiðar á laxi ekki aukast nema sem nemur aukinni laxgengd á komandi árum.

Annað er upp á teningnum hvað varðar netaveiðar á silungi. Flest silungsveiðivötn eru talin vannýtt sem stendur og væri hægt með skipulegu átaki að auka silungsveiði verulega.

3.6.2.2. Hafbeit.

Allt bendir til þess að framleiðsla lax með hafbeit aukist verulega á komandi árum. Nú þegar hefur verið hafist handa um viðamikil verkefni á þessu sviði og fleiri munu fylgja í kjölfarið.

Megineinkenni hafbeitar er að lagt er í mikinn kostnað í upphafi, sem ekki skilar hagnaði fyrr en að nokkrum árum liðnum. Þessar miklu fjárfestingar í upphafi koma í veg fyrir að aðrir en fjársterkir aðilar geti hafið hafbeitarbúskap, nema að til komi veruleg lánafyrirgreiðsla.

Ekki er unnt að gera sér grein fyrir mögulegu framleiðslumagni hafbeitar. Sleppingar gönguseiða, sem hafbeitarbúskapur byggir á að mestu leyti, á sér öllu fremur landfræðilegar takmarkanir en líffræðilegar, þar sem gönguseiði þurfa ekki að hagnýta sér fæðuframboð árinnar.

Sömuleiðis er ekki unnt að geta sér til um fjölda staða, sem hægt er að stunda hafbeit frá. Ýmislegt bendir þó til að svo hátti víða til, og að vandamálið sé öðru fremur að þróa þá aðferð, sem henta myndi hverjum stað.

Þá er vert að benda á, að ekkert mælir á móti því að stunda við sömu veiðiá sportveiði og hafbeit. Aðferðin byggir á því að taka laxinn í gildru við ósinn, en sleppa hæfilegum fjölda laxa upp ána til sportveiði og hrygningar. Það mælir enn frekar með þessari aðferð, að ýmis rök hníga að því að of stór hrygningarstofn í hverri á geti haft áhrif til hins verra fyrir stofn árinnar.

3.6.2.3. Strandkvíaeldi.

Strandkvíaeldi krefst annars vegar mikillar fjárfestingar, svo sem í kerum, dælum og öðrum búnaði og talsverðs rekstrarkostnaðar (dæling, fóður, mannafli), og hins vegar sérstakra staðhátta, svo sem heits vatns, nálægðar við sjó o. s. frv.

Ekki hefur verið gerð heildarúttekt á aðstæðum til strandkvíaeldis. Áður er nefnd eldisstöðin að Húsatóftum við Grindavík, en þar fæst eftir þörfum saltur og heitur sjór úr borholum. Þá er nýhafið strandkvíaeldi í Vestmannaeyjum, þar sem nýttur er hiti úr nýja hrauninu.

Ekki er raunhæft að reikna með hagstæðum aðstæðum til strandkvíaeldis víða við landið.

3.6.2.4. Kvíaeldi.

Lágur hiti sjávar, sem farið hefur undir dauðamörk laxfiska köldustu mánuði vetrarins, er helsta vandamálið sem menn hafa rekist á við kvíaeldi á laxi hér við land.

Almennt má segja að sjávarhiti útiloki þetta eldisform við Austfirði og Norðurland, nema þar sem sérstakar staðbundnar aðstæður ríkja, svo sem í Lóni í Kelduhverfi. Við vestur- og austurströndina þar sem sjórinn er hlýrri, takmarkast möguleikarnir hins vegar af því hve skjóllítið er fyrir sjógangi.

Kvíaeldi hefur verið reynt nokkuð undanfarin ár, án þess að skila verulegum árangri nema í Lóni í Kelduhverfi. Óhætt er að fullyrða, að aðstæður þessa eldisforms eru miklum mun óhagstæðari hér við land en í Noregi, þar sem kvíaeldi er orðin stöndug atvinnugrein.

Fara verður varlega í að útiloka að þetta eldisform nái fótfestu hér við land. Má líklegt telja, að kynbætur á laxfiskum geti þróað kuldaþolnari fiska, auk þess sem frekari athugun staðhátta gæti leitt í ljós fleiri hentuga staði fyrir kvíaeldi.

3.6.2.5. Samrekstur strandkvía og kvíaeldis.

Helstu annmarkar kvíaeldis eru lágur sjávarhiti köldustu mánuðina. Annmarkar strandkvíaeldis eru m. a. dælingarkostnaður. Vatnsþörf fiska og þar með dælingarkostnaður eykst, er þeir stækka. Þetta hefur opnað augu manna fyrir því, að við íslenskar aðstæður væri hugsanlega hentugast að styðjast við bæði þessi eldisform. Þannig gæti laxinn verið alinn í strandkvíastöð, þar til hann hefur náð 100—150 g stærð, en þá færður í kvíaeldisstöð og alinn upp í sláturstærð. Tvennt vinnst við þetta: laxinn er ekki í strandkvíaeldi, nema þegar dælingarkostnaður er tiltölulega hóflegur, og hann er ekki í kvíaeldi þá mánuði, sem hætta er á banvænum sjávarkulda.

Þessar hugmyndir hafa verið prófaðar lítillega og gefið góða raun, og má telja líklegt að þetta eldisform verði reynt í vaxandi mæli í náinni framtíð.

3.6.3. Seiðaeldi.

Flest það sem nefnt hefur verið hér að framan, miðar við, að framleiðsla laxaseiða sé nægileg. Verði farið í að fullnýta þá ræktunarmöguleika, sem nefndir hafa verið, er það sjálfgefið, að afkastageta seiðaeldisstöðva þarf að aukast gífurlega.

Aðstæður til seiðaeldis á Íslandi eru mjög góðar. Veldur mestu jarðhitinn, sem gerir seiðaeldi bæði fljótvirkara og hagkvæmara en ella. Má því ætla, að seiðaframleiðsla verði ekki þröskuldur í vegi fyrir fiskrækt í náinni framtíð.

3.6.4. Markaðsmál.

Framleiðsla laxfiska takmarkast ekki eingöngu af ytri framleiðsluskilyrðum, heldur verður einnig að miðast við það markaðsástand, sem ríkir. Hingað til hefur megnið af laxaframleiðslunni farið til neyslu innanlands, en ljóst er að verði veruleg framleiðsluaukning á laxfiskum, mun þurfa að flytja megnið af henni út.

3.6.4.1. Innlendi markaðurinn.

Innlendi markaðurinn hefur hingað til tekið við 70—99% heildarlaxveiðanna (talinn er með sá hluti sem fer beint til neyslu án þess að vera seldur). Hefur þetta frá 1970 verið á milli 150 og 200 tonn. Reikna verður með, að hægt verði að selja meira innanlands, einkum ef tekst að bjóða nýjan lax lengri tíma ársins (kvíaeldi).

3.6.4.2. Erlendi markaðurinn.

Líta verður svo á, að V-Evrópa verði okkar helsti markaður fyrir laxfiskaafurðir. Talið hefur verið að sá markaður sé upp á ca. 100.000 tonn miðað við verðlag undanfarinna ára. Laxfiskar eru dýr munaðarvara og mundi verðlækkun stækka markaðinn.

Á þessum markaði keppa nú framleiðendur Atlantshafslax, Kyrrahafslax og silungs. Kyrrahafslax hefur hingað til haft stærri hlutdeild í markaðinum en Atlantshafslax, en sá síðarnefndi þykir betri og er dýrari.

Norðmenn yrðu okkar helstu keppinautar á þessum markaði. Síðustu ár hefur laxfiskaeldi þeirra aukist jafnt og þétt og er reiknað með enn hraðari aukningu á næstu árum. Eftirfarandi tafla sýnir framleiðslu Norðmanna á laxi og silungi undanfarin ár og framleiðsluspár komandi ára (talið í tonnum):

Lax- og urriðaeldi Norðmanna 1979—1984/85.

Ár	Laxeldi	Silungseldi
1979	4.000	2.600
1980	5.000	3.000
1981	8.000	3.000
1982	12—15.000	
1983	12—15.000	
1984/85	25.000	

Á árinu 1980 fengu norskir laxaframleiðendur að meðaltali 45,92 Nkr. í sinn hlut fyrir hvert kg af laxi. Var það almennt álitið u. þ. b. 15% hærra verð en eðlilegt mætti telja.

Sú mikla framleiðsluaukning, sem reiknað er með, mun að sjálfsögðu hafa áhrif til lækkunar verðs á laxi. Íslenskur lax verður því að keppa við þann norska á verðlagi, sem er lægra en verð á undanförnum árum. Gætti þessarar verðlækkunar reyndar þegar seinni hluta árs 1981.

3.6.4.3. Um samanburð á hafbeit og norsku sjóeldi.

Erfitt er að gera raunhæfan samanburð á rekstrarafkomu hafbeitarstöðvar annars vegar og norskri kvíaeldisstöð hins vegar. Framkvæmdastofnun ríkisins lét 1980 gera slíkan samanburð, þar sem tekin voru dæmi af 200.000 seiða hafbeitarstöð annars vegar og meðalstórri norskri kvíaeldisstöð (20 tonna ársframleiðsla). Niðurstaða þessarar athugunar er sú, að hafbeitarstöð myndi fyllilega standast samanburð við norska kvíaeldisstöð með tilliti til ágóðamöguleika.

3.6.5. Skipulag veiðimála.

Skipulag veiðimála hlýtur að miðast við annars vegar að nýta framleiðslumöguleikana til fullnustu með þeim takmörkunum, sem markaðsmál munu setja, og hins vegar að nýta þau tækifæri, sem veiðimál veita til að renna tryggari stoðum undir atvinnulíf og búsetu, þar sem við örðugleika er að etja.

Ýmsar spurningar verða áleitnar í þessu sambandi. Til dæmis hversu vel hinar mismunandi greinar veiðimála henta sem aukabúgrein og hverjar þarf að stunda einhliða. Hverjar henta sem fjölskyldubúskapur og hvar hentar stórbúskapur.

3.6.5.1. Veiði sem aukabúgrein.

3.6.5.1.1. Sportveiði.

Sportveiði hefur verið og verður áfram rekin sem aukabúgrein. Vaxtarbroddar þessarar greinar liggja í frekari ræktunarstarfsemi. Við myndarlegt átak í ræktun þarf samstilltan hóp landeigenda. Hér hefur stundum orðið misbrestur á. Einkum hafa skapast vandamál, þegar hugsanleg uppeldissvæði seiða eru í eigu annarra landeigenda en þeirra sem eiga veiðisvæðin. Tryggja þarf annars vegar réttinn til að nýta uppeldissvæði og jafnframt því rétt landeigenda uppeldissvæða til sanngjarnrar hlutdeildar í ágóða veiðanna.

3.6.5.1.2. Hafbeit.

Eins og fyrr er nefnt, krefst hafbeit mikils fjármagns í upphafi, sem síðar skilar sér til baka. Þetta veldur því að hafbeit, sem annars hentaði mjög vel sem aukabúgrein, nýtist ekki sem slík, nema að til komi veruleg lánafyrirgreiðsla í upphafi.

3.6.5.2. Veiði sem aðalbúgrein.

3.6.5.2.1. Strandkvíaeldi/kvíaeldi.

Strandkvíaeldi og kvíaeldi krefjast bæði mikillar umhirðu svo að óraunhæft er að reikna með öðru en að slíkt eldi verði aðalstarf þeirra, sem það stunda.

3.6.6. Rannsóknir og vísindalegt eftirlit.

Framþróun í veiðimálum hefur verið og mun áfram verða háð þeim rannsóknum sem unnar hafa verið og unnar verða. Það sem fjárfest hefur verið í veiðimálum hingað til hefur skilað miklum arði og er öll ástæða til að ætla að svo verði áfram.

Þá er rétt að benda á að allt fiskræktarstarf þarf að vinna undir vísindalegu eftirliti. Arðsemi ræktunarinnar ræðst vitanlega af því hvernig að henni er staðið. Til dæmis er hægt að hugsa sér vatnasvæði sem að hálfu leyti henta vel til sleppingar smáseiða, en að hálfu leyti ekki. Væri seiðum sleppt á allt svæðið myndi einungis helmingur seiðanna nýtast. Sú hætta væri þá fyrir hendi að ályktað yrði út frá þeim árangri sem næðist að ekki væri grundvöllur fyrir smáseiðasleppingum á viðkomandi svæði, þótt helmingur seiðanna hefði skilað góðum árangri. Dæmi sem þetta undirstrikar nauðsyn þess að fiskræktendur eigi kost á ráðgjafaþjónustu og rannsóknaþjónustu.

3.6.7. Menntunarmál.

Menntunar er þörf í fiskræktar- og fiskeldisgreinum eins og í öðrum greinum búskapar. Fram til þessa hefur vísir að kennslu í þessum greinum verið við bændaskólana. S. l. haust er Bændaskólinn á Hólum tók til starfa á ný, var rætt um að leggja meiri áherslu á fiskrækt og fiskeldi við kennsluna og nýta til þess þá aðstöðu, sem laxeldisstöð Hólalax h/f býður upp á. Þessa kennslu ber að auka, bæði til þess að áhugasamir nemendur fái að kynnast þessum málum, svo og til þess að sjá atvinnuveginum fyrir hæfum og menntuðum starfskröftum.

3.6.8. Úrbætur og hagmunamál.

1. Koma þarf upp útibúum Veiðimálastofnunar út um land, það mörgum að starfsmenn þeirra geti, auk frumrannsókna, veitt fiskræktendum þá þjónustu sem óskað er eftir. Gera verður ráð fyrir að greitt verði fyrir þá þjónustu.
2. Koma þarf upp lánafyrirgreiðslu, sem geri landeigendum kleift að ráðast í skynsamleg hafbeitarverkefni. Tryggt verði með umsögn Veiðimálastofnunar að viðkomandi haf-

beitaráætlun þyki álitleg áður en lánað yrði fé til hennar, en jafnframt ákveðið að lán þurfi ekki að endurgreiða fyrr en ágóði er af hafbeitinni.
3. Skipuleggja þarf markaðsöflun jafnframt því sem framleiðsla laxfiska eykst.
4. Tryggt verði, eftir því sem kostur er, að nægur fjöldi menntaðs fiskræktarfólks og eldismanna geti fengist til starfa.

3.7. Skógrækt.

3.7.1. Viðarframleiðsla.

3.7.1.1. Íslenski birkiskógurinn.

Umtalsvert viðarmagn mun fást úr hinum náttúrulegu birkiskógum. Þeir eru aðeins til nú á tveimur svæðum, Fljótsdalshéraði og Suður-Þingeyjarsýslu, af þeirri stærð, sem gerir mögulegt að nýta þá. Sú nýting er fyrst og fremst bundin við kurl til eldsneytis, ef ný tækni kynni að gera það samkeppnisfært um verð við aðra orkugjafa. Tilraun verður gerð með það á þessu ári. Vöxtur í allra besta birkiskógi er tæplega 1 m^3/ha á ári.

3.7.1.2. Innfluttar trjátegundir.

Þá er eftir að meta vinnumagnið á búum, þar sem öndvegi skipa aðrar búgreinar en sauðfé og nautgripir. Eftirfarandi upplýsingar eru úr atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar fyrir árið 1978:

Aðalbúgrein	Ársverk
Alifuglarækt	87
Svínarækt	15
Garðyrkjurækt og gróðurhúsabú	334
Loðdýrarækt	17
Fóðurframleiðsla	11
Dýraveiðar	20

Mjög erfitt er að meta áreiðanleika þessara upplýsinga vegna skorts á samanburðargögnum. Hætta á oftalningu slysatryggðra vinnuvikna er ekki eins mikil í þessum búgreinum og í sauðfjár- og nautgriparækt, þar sem hlutfallslega fleira launafólk er í þessum greinum. Aðalhættan er sú, að skattstofur flokki búin rangt. Það hefur augljóslega gerst með svínabúin, en samkvæmt fjölda svína hérlendis ættu ársverkin að vera **41.** Þessi ársverkafjöldi er notaður í stað 5 ársverka og 15 ársverka sem áður eru talin. Þá vantar heykögglaverksmiðjurnar fimm og áætlar nefndin að þar bætist við 25 ársverk og teljist því 36 ársverk til „Fóðurframleiðslubúa". Að öðru leyti telur nefndin ekki rétt að breyta tölum Hagstofunnar.

1.5. Niðurstöður

Ársverk í landbúnaðarframleiðslunni eru þá sem hér greinir árið 1978:

a. Vinna á lögbýlum þar sem aðalframfæri ábúanda er af sauðfjár- eða nautgriparækt svo og vinna við aðrar búgreinar:

	Ársverk
Sauðfjárrækt	3 003
Nautgriparækt	3 003
Hrossarækt	122
Garðyrkju- og gróðurhúsarækt	396
Alifuglarækt	162
Svínarækt	41
Loðdýrarækt	17
Fóðurframleiðsla	36
Nytjun hlunninda	34
Dýraveiðar	20
Samtals	6 834

*) Vinna við hirðingu er 6,7 klst. á vetrarfóðraða kind, en 5,63 klst. á ærgildi nautgripa. Önnur vinna telst 2,3 klst. á hvora búgrein.

b. Vinna elli- og örorkulífeyrisþega. Vinna á tilraunabúum. Vinna þeirra sem hafa lögbýli til umráða en aðalatvinnu af öðru en landbúnaði. Vinna þéttbýlisbúa:

Sauðfjárrækt	403
Nautgriparækt	50
Samtals	453
Alls ársverk í landbúnaði:	**7 287**

Þegar meta á ársverk í landbúnaðarframleiðslunni kann að orka tvímælis hvort telja eigi með þau 453 ársverk sem hér eru reiknuð hjá þeim sem stunda nokkurn landbúnað, en hafa meiri hluta tekna sinna af öðru (vinna á tilraunabúum er einnig í þessari tölu).

Hér er ljóslega um tvo aðgreinda mælikvarða að ræða, hvort meta eigi alla þá vinnu er að baki landbúnaðarframleiðslunni liggur, eða hvort aðeins eigi að telja þá vinnu sem flokkast undir aðalstarf.

Í samanburði þeim við aðrar atvinnugreinar, sem hér fer á eftir, verður hlutfall vinnuafls í landbúnaði mælt m. t. t. beggja stærðanna.

1.6. Samanburður slysatryggðra vinnuvikna og endurmetins vinnuframlags.

Samkvæmt slysatryggðum vinnuvikum 1978 eru 10.791 ársverk í landbúnaði. Samkvæmt endurmati nefndarinnar eru ársverkin í landbúnaði 7.287, en 6.834 ef aðeins eru tekin ársverk þeirra er hafa af landbúnaði aðalframfæri. Hlutfallið er 67,5% af slysatryggðum vinnuvikum sé miðað við hærri töluna, en 63,3% sé miðað við þá lægri.

Eins og áður kemur fram, breytti Hagstofan útreikningi á slysatryggðum vinnuvikum frá og með árinu 1979 og varð samdráttur á vinnuframlagi 8,8%, eða niður í 9.776 ársverk.

Sé gengið út frá óbreyttum mannafla 1979, þá er hlutfallið milli slysatryggðra vinnuvikna og endurmetins vinnuframlags 74,5% eða 69,9% eftir því við hvora töluna er miðað.

1.7. Hlutfall landbúnaðar miðað við aðrar atvinnugreinar.

Hlutdeild landbúnaðar í mannafla landsins, miðað við aðra atvinnuvegi, er sýnt í þrem fyrstu dálkunum í töflunni hér að neðan, eins og hún kemur fram í opinberum Hagskýrslum*), og í dálki 4 er hlutdeild hans sýnd eftir að vinnuframlag hefur verið endurmetið og er þá miðað við 6.834 ársverk.

	(1) Vinnuvikur eiginkvenna bænda meðtaldar, %	(2) Vinnuvikur eiginkvenna bænda meðtaldar að hálfu, %	(3) Mat Framkvæmdastofnunar: 2800 ársverk dregin frá vegna tryggingar maka, %	(4) Endurmetið vinnuframlag í landbúnaði, %
1978	10,4	9,2	8,0	6,9
1979	9,4	8,2	6,9	

1) 7,3% ef metin er öll sú vinna er að baki landbúnaðarframleiðslunni liggur, 7287 ársverk.

Þá hafa meginstarfi nefndarinnar til þessa verið gerð skil. Um þá kafla sem hér fara á eftir um mannafla í úrvinnslugreinum og mannafla í þjónustu hefur nokkur umræða farið fram innan nefndarinnar, en endanlega hefur ekki verið tekin afstaða til þess hve langt skuli ganga í að meta áhrif landbúnaðar. Mörg álitamál mæta athuganda í þeim efnum.

Meðfylgjandi kaflar eru látnir fylgja með til þess að gefa hugmynd um viðfangsefnið.

Þá hefur í nefndinni verið fjallað um hvaða áhrif hugsanlegur samdráttur í búvöruframleiðslu hefði á atvinnulífið og þá sérstaklega á þá miklu möguleika til vaxandi ullar- og skinnaiðnaðar, sem komið hafa í ljós á síðustu árum. Umfjöllun um þau efni verður að bíða betri tíma.

*) Dálkar 1 og 2. Júníhefti Hagtíðinda 1980 og 1981. Útg. Hagstofa Íslands og Mannfjöldi, mannafli og tekjur, Framkvæmdastofnun ríkisins júlí 1981.

2. MANNAFLI Í ÚRVINNSLUGREINUM

Upplýsingar um mannafla í úrvinnslugreinum eru samkvæmt útreikningum og flokkun Hagstofu á fjölda slysatryggðra vinnuvikna, en sú aðferð er í meginatriðum í fullu gildi hvað snertir launafólk. Bílstjórar í launaðri vinnu flokkast til þeirrar greinar sem fyrirtæki þeirra tilheyrir. Þannig flokkast vinna mjólkurbílstjóra undir mjólkuriðnað, en ef einhver vinnslufyrirtæki nýta þjónustu sjálfseignarbílstjóra og greiða þeim eftir reikningi, þá flokkast hún ekki undir búvöruvinnslu. Upplýsingar um fataframleiðslu úr ull eru fengnar úr ársskýrslum Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins 1980. Ekki liggja fyrir nýrri tölur en frá árunum 1978 og 1979.

Vinnuafl í slátrun og kjötiðnaði

Slátrun og tilheyrandi störf í sláturhúsum, söltun sláturafurða, kjötfrysting, geymsla, söltun, reyking og niðursuða kjöts. Pylsugerð, bjúgnagerð og ýmiss konar kjötvinnsla, garnahreinsun o. fl. Skrifstofuvinna í viðkomandi fyrirtæki telst með.

	Mannár
1978	1.076
1979	1.198

Vinnuafl í mjólkuriðnaði

Gerilsneyðing og áfylling mjólkur og öll framleiðsla úr mjólk, svo sem á smjöri, skyri, osti, mjólkurdufti og kaseini. Enn fremur mjólkur- og rjómaísgerð, þó ekki fyrirtækja, sem selja alla eða mestalla framleiðslu í eigin útsölum.

	Mannár
1978	459
1979	540

Vinnuafl í ullar- og skinnaiðnaði

(Mannár)

	Ullarþvottur, framleiðsla á garni, dúkum, teppum o. fl.	Prjónav. framleiðsla	Sútun og önnur verkun skinna	Fataframleiðsla úr ull	Alls
1978	403	361	181	443	1388
1979	409	361	179	472	1421

Alls í úrvinnslugreinum

(Mannár)

1978	2923
1979	3159

Ekki verður farið út í það hér að kanna mannafla í sölu, dreifingu og kynningu landbúnaðarafurða, þar sem ætla má að sú þjónusta yrði til staðar án tillits til búvöruframleiðslu innanlands þar sem ella yrði að flytja inn vöruna og það krefðist væntanlega svipaðs dreifingarkerfis.

En öðru máli gegnir með mannafla í þjónustu.

3.0. Mannafli í þjónustu

Á þessu ári (1981) starfa um 60 manns við innflutning fóðurs, heildsölu og smásölu í 4 fyrirtækjum. Þau eru:

Fóðurblandan h/f
Fóðurvörudeild SÍS
Mjólkurfélag Reykjavíkur
Fóðurvöruverslun Guðbjörns Guðjónssonar

Um 55 manns starfa í 5 fyrirtækjum við innflutning og sölu landbúnaðartækja. Þau eru:

Dráttarvélar hf.
Búvörudeild SÍS
Þór hf.
Glóbus hf.
Vélaborg.

Þá eru 195 ársmenn hjá Áburðarverksmiðjunni. Um 95% af framleiðslunni fer til bænda samkvæmt upplýsingum skrifstofustjóra fyrirtækisins. Það eru **185 menn.**

Alls starfa því í þjónustu við landbúnaðinn **320 menn.**

Þá er ótalin ýmis önnur þjónusta svo sem:

Starfsmanna búnaðarsambanda
Dýralækna (37 ársverk)
Rannsóknastofnana
Búnaðarskóla o. fl. o. fl.

Einnig eru ótalin öll störf í stjórnkerfi landbúnaðarins.

Fylgiskjal I.

Vinnuframlag á búreikningabúum árið 1978*)

Bústærð	Fjöldi býla	Meðal bústærð ærgildi	Vinna alls klst.	Vinna á ærgildi klst.	Viðmiðun klst./ ærgildi
0— 99	0	—			14,0
100— 199	0	—			13,0
200— 299	15	252	3 599	14,3	12,0
300— 399	28	348	3 985	11,4	11,0
400— 499	31	455	4 430	9,7	10,0
500— 599	30	551	5 546	10,1	9,3
600— 699	22	652	5 634	8,6	8,5
700— 799	30	748	5 774	7,7	7,7
800— 899	14	859	6 474	7,5	7,2
900— 999	12	953	7 737	8,1	6,8
1 000—1 099	7	1 052	6 455	6,1	6,4
1 100—1 199	5	1 145	7 230	6,3	6,1
1 200 og stærri	10	1 578	8 675	5,5	5,9

*) Öll vinna á búinu, þ. e. a. s. meðtalin er vinna við aukabúgreinar (hross, garðrækt, svín, hænsni, hlunnindi o. s. frv.) þó ekki vinna við fjárfestingu.

Fylgiskjal II.

Tafla 3.1 **Skipting vinnunnar milli búgreina á kúa-, sauðfjár- og blönduðum búum.**

		KÚABÚ		BLÖNDUÐ BÚ		SAUÐFJÁRRÆKT		MEÐALBÚ	
Nr.	Búgreinar	Klst.	%	Klst.	%	Klst.	%	Klst.	%
811	Mjólkurframleiðsla	3 273	56,14	2 080	39,54	278	6,78	2 100	40,49
815	Holdanaut	27	0,46	19	0,36	47	1,15	30	0,58
822	Sauðfjárrækt	649	11,13	1 690	32,13	2 374	57,89	1 427	27,52
826	Hrossarækt	86	1,48	80	1,52	71	1,73	80	1,54
833	Kartöflur og rófur	79	1,36	28	0,53	32	0,78	51	0,98
842	Svínarækt	3	0,05			10	0,24	4	0,08
846	Eggjaframleiðsla	61	1,05	54	1,03	69	1,68	61	1,18
881	Hlunnindi	17	0,29	20	0,38	54	1,32	28	0,54
853	Grænfóður	44	0,75	25	0,48	18	0,44	31	0,60
855	Tún	868	14,89	770	14,64	701	17,09	794	15,31
800	Viðhald og rekstur	723	12,40	494	10,90	447	10,90	580	11,18
	Vinna alls:	5 830	100	5 260	100	4 101	100	5 186	100

Fylgiskjal III.

(1)	(2)	(3)	(4)
Ærgildi	Meðalfj.	Fjöldi býla	Vinnu-stuðlar
1—100	80	213	14
101—200	150	593	13
201—300	250	646	12
301—400	350	710	11
401—500	450	607	10
501—600	550	416	9,3
601—700	650	294	8,5
701—800	750	205	7,7
801—900	850	135	7,2
901—1000	950	92	6,8
1001—1100	1050	51	6,4
1101—1200	1150	22	6,1
1201—	1505	45	5,9

(2) X (3) X (4) = 6.174 ársverk + 2,1%[1]) = 6.304 ársverk

1) 2,1% er hækkun til að jafna mun á búfjártalningu í búreikningum og forðagæsluskýrslum.

EFNISYFIRLIT

	Greinargerð
1.	**Inngangur**
2.	**Framleiðsla og ráðstöfun landbúnaðarafurða**
2.1.	Afurðir nautgripa
2.1.1.	Mjólk
2.1.2.	Sláturafurðir
2.2.	Afurðir sauðfjár
2.2.1.	Kindakjöt
2.2.2.	Gærur og ull
2.3.	Afurðir hrossa
2.4.	Afurðir alifugla, svína o. fl.
2.4.1.	Afurðir alifugla
2.4.2.	Afurðir svína
2.4.3.	Afurðir loðdýra
2.5.	Garð- og gróðurhúsaframleiðsla
2.5.1.	Saga og þróun
2.5.2.	Framleiðsla og markaðsþörf
2.5.3.	Tegundaval
2.6.	Lax- og silungsveiði
2.6.1.	Sportveiði
2.6.2.	Matvælaframleiðsla
2.6.3.	Netaveiði
2.6.4.	Hafbeit
2.6.5.	Strandkvíaeldi
2.6.6.	Kvíaeldi
2.7.	Skógrækt
2.7.1.	Viðarframleiðsla
2.7.2.	Framleiðsla jólatrjáa
3.	**Markaðs- og framleiðslumöguleikar**
3.1.	Afurðir nautgripa
3.1.1.	Framleiðsla á mjólk
3.1.1.1.	Stjórnun mjólkurframleiðslu
3.1.2.	Framleiðsla á nautgripakjöti
3.2.	Afurðir sauðfjár
3.2.1.	Kindakjötsframleiðsla
3.2.1.1.	Framleiðslustjórnun
3.3.	Afurðir hrossa
3.3.1.	Framleiðslu- og sölumöguleikar
3.3.1.1.	Sala á reiðhestum innanlands
3.3.1.2.	Útflutningur reiðhesta og kynbótahrossa
3.3.1.3	Sala á hrossakjöti

3.3.1.4. Aðrar afurðir
3.4. Afurðir alifugla, svína o. fl.
3.4.1. Afurðir svína og alifugla
3.4.1.1. Framleiðslumöguleikar
3.4.2. Afurðir loðdýra
3.4.2.1. Æskileg þróun loðdýraræktar
3.5. Garð- og gróðurhúsaafurðir
3.5.1. Árstíðabinding framleiðslunnar
3.5.2. Verðlagning — Framleiðslukostnaður
3.5.3. Sölufyrirkomulag
3.5.4. Markaðsmöguleikar
3.5.5. Helstu ræktunarvandamál og leiðir til úrbóta
3.5.5.1. Útiræktun
3.5.5.2. Ylræktun
3.5.6. Framtíðarmöguleikar og efling garðyrkju
3.6. Lax- og silungseldi
3.6.1. Sportveiði
3.6.2. Matvælaframleiðsla
3.6.2.1. Netaveiði
3.6.2.2. Hafbeit
3.6.2.3. Strandkvíaeldi
3.6.2.4. Kvíaeldi
3.6.2.5. Samrekstur strandkvía- og kvíaeldis
3.6.3. Seiðaeldi
3.6.4. Markaðsmál
3.6.4.1. Innlendi markaðurinn
3.6.4.2. Erlendi markaðurinn
3.6.4.3. Um samanburð á hafbeit og norsku sjóeldi
3.6.5. Skipulag veiðimála
3.6.5.1. Veiði sem aukabúgrein
3.6.5.1.1. Sportveiði
3.6.5.1.2. Hafbeit
3.6.5.2. Veiði sem aðalbúgrein
3.6.5.2.1. Standkvíaeldi, kvíaeldi
3.6.6. Rannsóknir og vísindalegt eftirlit
3.6.7. Menntunarmál
3.6.8. Úrbætur og hagsmunamál
3.7. Skógrækt
3.7.1. Viðarframleiðsla
3.7.1.1. Íslenski birkiskógurinn
3.7.1.2. Innfluttar trjátegundir
3.7.1.3. Hagrænar forsendur
3.7.3. Framleiðsla jólatrjáa
3.8. Ferðamannaþjónusta
4. **Ræktun, heyfengur og fóðuriðnaður**
4.1. Ræktun og heyfengur
4.2. Fóðuriðnaður
4.3. Fóðurframleiðsla og fóðuriðnaður á næstu árum

5. **Framleiðsla hráefnis til iðnaðar** .....
5.1. Ullariðnaður .....
5.2. Skinnaiðnaður .....
6. **Tekju- og félagsmál bænda** .....
6.1. Verðlagning búvöru og tekjur bænda .....
6.2. Félagsleg aðstaða og þjónusta .....
7. **Landnýting og verndun landsgæða** .....
8. **Búseta og byggðaþróun** .....
8.1. Fækkun í sveitum .....
9. **Búnaðarfræðsla, rannsóknastarfsemi og leiðbeiningaþjónusta** .....
9.1. Búnaðarfræðsla .....
9.2. Rannsókna- og tilraunastarfsemi .....
9.3. Leiðbeiningaþjónusta .....
Fylgiskjal: Mannafli í landbúnaði.

Nd. 824. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Í 6. gr. fjárlaga hefur Alþingi veitt heimild til 10 m.kr. lántölu vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Ríkisstjórnin skipaði þriggja manna nefnd allra stjórnaraðilanna til að taka flugstöðvarmálið til athugunar, m. a. hönnun byggingarinnar og hugsanlega áfangaskiptingu. Nefndinni var falið að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um það, hvernig áðurgreind lántaka yrði nýtt, og mun hún skila áliti á næstunni. Eru nefndarmenn í fjárhags- og viðskiptanefnd sammála um að leggja til að frumvarpið komi því til 2. umr. í deildinni, svo kostur gefist á að ræða málið fyrir þinglausnir.

Þegar sú umræða hefur farið fram, leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með samþykkt á tillögu um rökstudda dagskrá sem hér greinir:

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Neðri deild Alþingis telur nauðsynlegt að ný flugstöð verði byggð á Keflavíkurflugvelli og að ríkisstjórnin taki ákvörðun um það hið fyrsta eftir að væntanlegt nefndarálit liggur fyrir. Þar sem Alþingi hefur veitt nauðsynlega heimild til lánsfjáröflunar vegna framkvæmda geta þær hafist þótt frv. á þingskjali 81 nái ekki afgreiðslu, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Sighvatur Björgvinsson.
Ingólfur Guðnason, fundaskr.
Albert Guðmundsson.
Matthías Bjarnason.
Guðrún Hallgrímsdóttir, með fyrirvara.
Matthías Á. Mathiesen.

Fylgiskjal.

FLUGRÁÐ

Dagsetning yðar 14. apríl 1982.
Dagsetning vor 29. apríl 1982.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis

Efni: Frv. til laga um flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Ofangreint bréf hæstvirtrar fjárhags- og viðskiptanefndar var lagt fram á 1021. fundi flugráðs, sem haldinn var í dag.

Flugráð fjallaði um málefni flugstöðvar Keflavíkurflugvallar á fundum sínum í mars og apríl 1981. Á 995. fundi, sem haldinn var 2. apríl 1981, var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Flugráði hafa verið kynntar teikningar og áætlanir um byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Enn fremur hefur verið lögð fram áætlun fjárlaga- og hagsýslustofnunar um rekstur flugstöðvarinnar. Bygging flugstöðvar er þáttur í þeirri stefnu, sem mörkuð var árið 1974, að aðskilja almenna flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli frá starfsemi varnarliðsins.

Flugráð mælir með, að stefnt verði að byggingu nýrrar flugstöðvar, og þannig bætt öll aðstaða fyrir flugfarþega og starfslið á flugvellinum.

Með þessari umsögn um æskilegar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli tekur flugráð einnig fram, að í henni felast ekki meðmæli með forgangi slíkra framkvæmda umfram brýn verkefni á sviði öryggismála annarra flugvalla um land allt."

Á fundi sínum í dag áréttaði flugráð ofangreinda samþykkt sína. Jafnframt var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

„Flugráð álítur að brýnt sé að taka ákvörðun un nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli sem fyrst og byggingu hennar verði hraðað sem kostur er."

Virðingarfyllst
Leifur Magnússon,
formaður.

Sþ. 825. Nefndarálit [265. mál]

um till. til þál. um staðfestingu fjögurra Norðurlandasamninga um vinnumarkaðsmál og viðurkenningu starfsréttinda.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt þáltill., en ítrekar bókun sem liggur fyrir varðandi samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

Alþingi, 28. apríl 1982.

Geir Hallgrímsson, form.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Garðar Sigurðsson.	Karl Steinar Guðnason.	Matthías Á. Mathiesen.

Fylgiskjal I. Reykjavík, 22.9. 1981.

Hr. félagsmálaráðherra
Svavar Gestsson.

Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa fengið til umsagnar tillögu um endurskoðun samningsins frá 1954 um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum ásamt bókun eins og gengið var frá tillögunni á fundi Norrænu vinnumarkaðsmálanefndarinnar 26.—27. maí s. l. Um norræna vinnumarkaðinn hefur verið fjallað í sérstökum nefndum á vegum ASÍ og BSRB og hafa þær starfað náið saman. Samtökin hafa orðið sammála um eftirfarandi umsögn:

Náið samstarf er með þjóðum Norðurlanda á flestum sviðum og má í því sambandi sérstaklega minna á samning um félagslegt öryggi sem síðast var endurnýjaður 5. mars 1981. Það er skoðun samtakanna, að þetta samstarf Norðurlanda sé mjög gagnlegt og æskilegt sé að Ísland sé þar virkur þátttakandi eftir því sem aðstæður leyfa, og ljóst er af þeim fjölda Íslendinga, sem hafa verið og eru við störf annars staðar á Norðurlöndunum, að norræni vinnumarkaðurinn hefur mikla þýðingu fyrir Ísland.

Á stjórnarfundi Norræna verkalýðssambandsins, sem haldinn var í Reykjavík hinn 26.—27. ágúst s. l., var samþykkt sameiginleg umsögn helstu verkalýðssamtaka á Norðurlöndum, þ. á m. ASÍ og BSRB, um framangreinda tillögu að endurskoðuðum samningi um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum. Á þeim fundi gerðu fulltrúar ASÍ og BSRB grein fyrir þeirri afstöðu sinni, að æskilegt sé að Ísland geti orðið aðili að hinum sameiginlega vinnumarkaði, en til þess að svo geti orðið verði að taka fullt tillit til sérstöðu Íslands. Á íslenskum vinnumarkaði eru samanlagt rúmlega eitt hundrað þúsund manns. Vegna smæðar vinnumarkaðarins er augljóst að ekki þarf mikla mannflutninga til að raska jafnvæginu á íslenskum vinnumarkaði þannig að efnahagslegum og félagslegum aðstæðum sé ógnað. Mestar hættur fylgja hópflutningum starfsfólks erlendra aðila t. d. við ýmsar framkvæmdir á vegum erlendra verktaka, ráðningar hljómsveita og ráðningar áhafna leigukaupaskipa. Norræni vinnumarkaðssamningurinn á einungis að ná til einstaklinga, en ekki fyrirtækja, og því ætti að vera mögulegt á grundvelli hans að setja skorður við fyrrgreindum hópflutningum. Hins vegar er ljóst að vegna smæðar íslenska vinnumarkaðarins geta óheftir flutningar einstaklinga einnig leitt til efnahagslegra og félagslegra vandamála, einkum ef þeir beinast að einstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum. Það er því fullkomlega í anda samningsins að íslenskum stjórnvöldum yrðu veittar sérstakar heimildir til þess að takmarka eða stöðva nýráðningar íbúa annarra norrænna landa til starfa á Íslandi.

Á stjórnarfundi Norræna verkalýðssambandsins kom fram fullkominn skilningur norrænu verkalýðssamtakanna á hinum sérstöku aðstæðum á Íslandi, eins og kemur skýrt fram í umsögn Norræna sambandsins, bls. 9, 2. mgr. að neðan, en þar segir:

„Ísland stendur nú utan hins sameiginlega vinnumarkaðar. Norræna verkalýðssambandið (NFS) skorar á Norræna ráðherraráðið að leita hið bráðasta lausnar sem geri Íslandi mögulegt að gerast aðili að samningnum og sem á heppilegan hátt, t. d. með viðbótarbókun, tekur tillit til þess, að íslenskur vinnumarkaður er svo lítill að jafnvel tiltölulega litlir flutningar geta valdið ójafnvægi og skaðað efnahagslega og félagslega þróun í landinu."

Það er skoðun ASÍ og BSRB, að aðild Íslands að sameiginlega norræna vinnumarkaðinum sé æskileg ef samkomulag getur tekist við önnur Norðurlönd um viðunandi skilyrði og íslensk stjórnvöld eru reiðubúin til þess að mæta verkefninu með eflingu vinnumiðlunar og auknu samstarfi við verkalýðssamtökin. Samtökin lýsa hér með vilja sínum til viðræðna við ráðuneytið um nánara fyrirkomulag og með hvaða hætti megi tryggja íslenskum verkalýðssamtökum trausta aðild að öllum ákvörðunum stjórnvalda í þessu samhengi.

F. h. Alþýðusambands Íslands,
Ásmundur Stefánsson.

F. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja,
Kristján Thorlacius.

Alþt. 1981. A. (104. löggjafarþing). 311

Fylgiskjal II.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Utanríkismálanefnd Alþingis. Reykjavík, 20.4. 1982.

Vinnuveitendasamband Íslands hefur tekið til athugunar tillögu til þingsályktunar um staðfestingu fjögurra Norðurlandasamninga um vinnumarkaðsmál og viðurkenningu starfsréttinda og vill í því sambandi taka eftirfarandi fram:

Vinnuveitendasambandið mælir eindregið með því, að samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað verði staðfestur. Óhjákvæmilegt er þó að vekja athygli á að stafliður d. undir tölulið 1. í meðfylgjandi bókun stangast á við viðurkenndar hugmyndir um frjálsan samningsrétt.

Vinnuveitendasambandið sér enga ástæðu til athugasemda að því er varðar staðfestingu samninga um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar, um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar og sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara í grunnskólum.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn Pálsson.

Fylgiskjal III.

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Til utanríkismálanefndar Alþingis. Reykjavík, 20. apríl 1982.

Utanríkismálanefnd hefur óskað álits bandalagsins á tillögu til þingsályktunar um staðfestingu fjögurra Norðurlandasamninga um vinnumarkaðsmál og viðurkenningu starfsréttinda.

Stjórn BSRB hefur á fundi sínum í dag ályktað eftirfarandi um málið:

1. **Um sameiginlegan norrænan vinnumarkað.**
   ASÍ og BSRB hafa haft náið samstarf í þessu máli og kemur afstaða samtakanna fram í bréfi til félagsmálaráðherra, dags. 22. sept. 1981.
   Með tilvísun til þessa bréfs og þeirrar yfirlýsingar, sem félagsmálaráðherra flutti á fundi félagsmálaráðherra Norðurlanda í Reykjavík 29. nóv. og 1. des. 1981, lýsir stjórn BSRB yfir fylgi sínu við þennan lið þingsályktunartillögunnar.
2. **Samningur um samstarf stjórnvalda og starfsmanna á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar.**
   Stjórn BSRB mælir með samþykkt á þessum lið þingsályktunartillögunnar.
3. **Samningar um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknisþjónustunnar.**
   Þar sem hlutaðeigandi aðildarfélög bandalagsins hafa ekki haft aðstöðu til að fylgjast með gerð þessa samnings eða láta álit sitt í ljós, tekur stjórn bandalagsins ekki afstöðu til málsins.
4. **Samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara (bekkjakennara) í grunnskólum.**
   Stjórn BSRB mælir með samþykki á þessum lið þingsályktunartillögunnar og vísar í því efni einnig til hjál. ljósrits af bréfi Kennarasambands Íslands til menntamálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar 1982.

Virðingarfyllst,
F. h. stjórnar BSRB
Kristján Thorlacius.

Sþ. **826. Skýrsla**

menntamálaráðherra til Alþingis um norrænt samstarf á sviði menningarmála.

Norrænt samstarf á sviði menningarmála.

Í skýrslu þeirri er hér fer á eftir er fjallað um það skipulagða menningarsamstarf sem fram fer á vegum ríkisstjórnanna á Norðurlöndum og þá einkum menntamálaráðuneytanna. Þessi starfsemi er að sjálfsögðu einungis lítill þáttur af norrænni menningarsamvinnu, sem seint yrði rakin til hlítar. Auk einstaklingsbundinna samskipta hafa komist á meira eða minna reglubundin tengsl milli fjölmargra samtaka og stofnana sem starfa á sviði menntunar og annarra menningarmála. Stundum njóta slík samskipti stuðnings af samnorrænum fjárveitingum, í öðrum tilvikum kann að koma til styrkur af fjárveitingum í hverju landi fyrir sig, en margs konar samstarf fer auðvitað fram án fjárhagslegs atbeina af opinberri hálfu. Meðal samtaka sem starfa að norrænum menningarsamskiptum ber að geta Norrænu félaganna sérstaklega, ekki síst fyrir það frumkvæði sem þau hafa átt að mörgum samstarfsverkefnum og fyrir það hve mikla áherslu þau hafa lagt á starfsemi sem nær til almennings en einskorðast ekki við stofnanir og sérhópa.

Skipulag.

Skipulagslegur grundvöllur menningarsamvinnu á vegum ríkisstjórnanna hefur hin síðari ár verið **norræni menningarmálasamningurinn** sem svo er nefndur, eða samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála sem gerður var 1971 og tók gildi 1. janúar 1972. Í samningnum er kveðið á um samstarf á sviði vísindarannsókna, fræðslumála og almennra menningarmála, svo og á vettvangi alþjóðlegrar menningarsamvinnu. Með yfirstjórn samstarfsins fer **Ráðherranefnd Norðurlanda,** skipuð **menntamálaráðherrunum.** Henni til aðstoðar er embættismannanefnd með fulltrúum menntamálaráðuneytanna, svo og þrjár **ráðgjafarnefndir,** ein fyrir hvert hinna þriggja meginsviða samstarfsins, vísindamál, fræðslumál og almenn menningarmál. Samkvæmt samningnum var komið á fót sameiginlegri skrifstofu til að vinna að samsarfsmálefnum á vegum ráðherranefndarinnar. Hefur hún á íslensku verið nefnd **Norræna menningarmálaskrifstofan** og er til húsa að Snaregade 10 í Kaupmannahöfn. Norræna menningarmálaskrifstofan annast einnig skrifstofuhald fyrir **Menningarsjóð Norðurlanda** sem stofnaður var 1966 og lýtur sérstakri stjórn, skipaðri fulltrúum Norðurlandaráðs (þjóðþinganna) og ríkisstjórnanna.

Í norræna menningarmálasamningnum er kveðið á um að samstarfið skuli fara fram með aðild **Norðurlandaráðs.** Kemur sú aðild í framkvæmd einkum til kasta **menningarmálanefndar ráðsins,** auk þess sem mörg þeirra viðfangsefna sem samstarfið beinist að eiga með nokkrum hætti rætur að rekja til tillagna sem fram hafa verið lagðar og ályktað um í Norðurlandaráði. Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs á reglubundið tvo fundi ár hvert með ráðherranefndinni (menntamálaráðherrunum), annan á haustmánuðum en hinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs, í febrúar eða mars. Á haustfundinum er ráðgast um stefnumál í norrænu menningarsamstarfi, en á hinum fundinum er fjallað sérstaklega um fjárveitingar til samstarfsins eins og nánar verður vikið að. Af Íslands hálfu á nú sæti í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs Eiður Guðnason, alþingismaður, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Norræna menningarmálaskrifstofan er skipulögð í þremur deildum eftir meginsviðum menningarmálasamningsins (vísindamáladeild, fræðslumáladeild og deild almennra menningarmála), en auk þeirra er stjórnsýsludeild, upplýsingaþjónusta og útgáfustarfsemi, svo og skrifstofuhald fyrir Menningarsjóð Norðurlanda. Forstjóri menningarmálaskrifstofunnar er nú Halvdan Skard frá Noregi. Tók hann við því starfi 1. desember 1981 af Klas Olofsson frá Svíþjóð sem hafði verið forstjóri frá 1975, en fyrstur gegndi forstjórastarfinu Magnus Kull frá Finnlandi. Fastir starfsmenn menningarmálaskrifstofunnar voru í árslok 1981 36, en auk þess voru 10 ráðnir til starfa að sérstökum verkefnum. Lengi vel voru allir starfsmenn ráðnir til takmarkaðs tíma, oftast fjögurra ára í senn, en á síðasta ári var ákveðið að breyta stöðum aðstoðarmanna (skrifstofumanna), svo og þremur fulltrúastöðum, í ótímabundnar stöður. Aðrir fulltrúar, svo og stjórnendur, eru sem fyrr ráðnir til ákveðins tíma. Í menningarmálaskrifstofunni starfa nú 4 Íslendingar: Atli Guðmundsson, Guðný Helgadóttir, Hróbjartur Einarsson og Kristjana Íslandi. Kristjana gegnir starfi gjaldkera í stjórnsýsludeild og hefur starfað í skrifstofunni frá öndverðu. Hróbjartur er fulltrúi með verksviði er tengist ýmsum styrkjakerfum sem undir skrifstofuna falla, en er nú í leyfi frá fulltrúastarfinu til ársloka 1983 til að vinna að samningu norsk-íslenskrar orðabókar með styrk frá menningarsjóðnum; hann hóf störf í menningarmálaskrifstofunni vorið 1972. Atli Guðmundsson og Guðný Helgadóttir eru bæði fulltrúar í fræðslumáladeild; Atli réðst þar til starfa vorið 1980 en Guðný haustið 1981.

Norrænu menningarfjárlögin.

Meðal verkefna menningarmálaskrifstofunnar er að undirbúa hina árlegu samnorrænu fjárhagsáætlun um samstarf á sviði menningarmála, **„norrænu menningarfjárlögin“** sem svo eru kölluð. Aðdragandi menningarfjárlaganna hverju sinni er harla langur og þar koma margir aðilar við sögu. Í sem stystu máli er ferillinn á þessa leið: Fyrir 1. nóvember á næstsíðasta ári fyrir upphaf viðkomandi fjárlagaárs skulu menningarmálaskrifstofunni hafa borist fjárlagatillögur frá stofnunum og öðrum aðilum sem menningarfjárlögin taka til. Menningarmálaskrifstofan vinnur úr tillögunum fyrstu drög að fjárhagsáætlun sem síðan eru rædd á fundi embættismannanefndarinnar í janúar (árið fyrir upphaf fjárlagaársins). Að loknum þeim umræðum sendir menningarmálaskrifstofan endurskoðuð drög til ráðherranefndarinnar (menntamálaráðherranna), fjárlaganefndar ráðherranefndarinnar og til menningarmálanefndar Norðurlandaráðs. Fjárlaganefnd ráðherranefndarinnar er skipuð fulltrúum frá fjármálaráðuneytunum og fjallar auk menningarfjárlaganna einnig um hin svonefndu „almennu fjárlög“ Ráðherranefndar Norðurlanda, þ. e. fjárhagsáætlun fyrir það samstarf sem fellur undir ráðherranefndarskrifstofuna í Ósló og lýtur yfirstjórn samstarfsráðherranna. Fjárlaganefnd þessi heldur fund um menningarfjárlögin í janúar eða febrúar og athugasemdir hennar eru sendar til ráðherranefndarinnar (menntamálaráðherranna) og menningarmálanefndar Norðurlandaráðs. Skömmu síðar, venjulega í tengslum við þing Norðurlandaráðs í febrúar/mars, halda ráðherranefndin (menntamálaráðherrarnir) og menningarmálanefnd Norðurlandaráðs sameiginlegan fund um fjárlagadrögin. (Áður hefur fjárlaganefnd Norðurlandaráðs átt þess kost að láta menningarmálanefndinni í té umsögn um drögin). Að loknum samráðsfundinum taka menntamálaráðherrarnir bráðabirgðaákvörðun um heildarfjárhæð og megindrætti fjárhagsáætlunarinnar. Eftir lokameðferð af hálfu menningarmálaskrifstofunnar og embættismannanefndarinnar á þeim grundvelli er endanleg gerð menningarfjárlaganna síðan staðfest af ráðherranefndinni (menntamálaráðherrunum), venjulega í lok mars, með fyrirvara um samþykki þjóðþinganna. Framlög ríkjanna samkvæmt hinni sameiginlegu fjárhagsáætlun eru tekin í frumvarp til fjárlaga í hverju landi fyrir sig og þannig borin undir þjóðþingin áður en áætlunin tekur gildi. Greiðsluhlutdeild ríkjanna fer eftir þeirri reglu sem gildir á hverjum tíma um skipting samnorrænna útgjalda samkvæmt ákvörðun Ráðherranefndar Norðurlanda (samstarfsráðherranna) og

miðast við hlutfallstölur verðmætis vergrar þjóðarframleiðslu, leiðréttar með nokkurra ára millibili. Skiptingin árin 1980—82 er sem hér segir:

Danmörk greiðir 23,7%
Finnland greiðir 16,0%
Ísland greiðir 0,9%
Noregur greiðir 18,0%
Svíþjóð greiðir 41,4%

Sömu skiptihlutföll hafa nýlega verið ákveðin fyrir tímabilið 1983—1985.

Yfirlit um fjárveitingar samkvæmt norrænu menningarfjárlögunum fyrir árið 1982 fer hér á eftir (ath. að tilgreindar eru fjárveitingar eftir að tekið hefur verið tillit til áætlaðra tekna í einstökum tilvikum):

Norrænt menningarmálasamstarf
Samnorræn fjárhagsáætlun fyrir árið 1982

Starfssvið		**Fjárveiting (í dönskum kr.)**
01	Fræðslumál	14 155 000
02	Vísindamál	33 052 000
03	Almenn menningarmál	20 337 000
04	Ráðherranefnd Norðurlanda, ráðstöfunarfjárveiting	8 300 000
05	Menningarsjóður Norðurlanda	9 000 000
06	Norræna menningarmálaskrifstofan	7 529 000
	Samtals	**92 373 000**
	Áætlun um kostnaðarauka vegna samningsbundinna launahækkana	3 500 000
		95 873 000

Sundurliðun eftir viðfangsefnum

01	**Fræðslumál**	**Fjárveiting (í dönskum kr.)**
1.1.	Lýðfræðslustofnun Norðurlanda Kungälv	3 673 000
1.2.	Norrænt samstarf á sviði skólamála	1 398 000
1.3.	Norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu	413 000
1.4.	Norræna blaðamannanámskeiðið	869 000
1.5.	Norræn stofnun um skipulagsfræði	4 702 000
1.6.	Norræn mála- og upplýsingamiðstöð í Finnlandi	1 080 000
	Styrkir	
1.7.	Norræna læknakennslusambandið	495 000
1.8.	Norræn námskeið á sviði fræðslumála	1 525 000
	Samtals	**14 155 000**
02	**Vísindamál**	
2.1.	Norræna sjávarlíffræðinefndin	787 000
2.2.	Atómvísindastofnun Norðurlanda (NORDITA)	9 201 000
2.3.	Þjóðfræðastofnun Norðurlanda	980 000
2.4.	Sjóréttarstofnun Norðurlanda	1 471 000
2.5.	Norrænar jarðfræðinámsferðir til Íslands	315 000
2.6	Norræna vistfræðinefndin	587 000
2.7	Norræn stofnun um Asíufræði	2 860 000
2.8	Norræna hafeðlisfræðinefndin	910 000
2.9	Norræn samstarfsnefnd um heilbrigðisrannsóknir á norðurslóðum	848 000

Sundurliðun eftir viðfangsefnum	Fjárveiting (í dönskum kr.)	
2.10 Norræn samstarfsnefnd um rannsóknir á sviði alþjóðamála	971 000	
2.11 Norræn samstarfsnefnd um vísindalegar upplýsingar (NORDINFO)	3 431 000	
2.12 1. Norræn vísindanámskeið	3 219 000	
2. Norrænir vísindamannastyrkir	990 000	
3. Norrænar vísindaráðstefnur	796 000	
2.13 Norræna eldfjallastöðin	609 000	
	1 937 000	(1 809 000 ísl. kr.)
2.14 Norræn samstarfsnefnd um hraðaltengdar rannsóknir	450 000	
2.15 Norræn gagnamiðstöð fyrir fjölmiðlarannsóknir	485 000	
2.16 Norræna málstöðin	700 000	
Styrkir		
2.17 Norræni sumarháskólinn	1 214 000	
2.18 Norrænt félag um rannsóknir á málefnum rómönsku Ameríku	291 000	
Samtals	**33 052 000**	
03 Almenn menningarmál		
3.1 Norræna húsið í Reykjavík	1 542 000	
"	1 102 000	(1 030 000 ísl. kr.)
"	8 000	(5 000 f.mk.)
3.2 Norrænt leiklistarsamstarf		
— gestaleikir	1 416 000	
		2 672 000
— framhaldsmenntun	1 256 000	
— styrkur til Norræna áhugaleikararáðsins	322 000	
3.3 Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs	174 000	
3.4 Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs	160 000	
3.5 Norrænt tónlistarsamstarf — NOMUS	1 800 000	
3.6 Norræn Samastofnun	3 961 000	
3.7 Norrænt samstarf á sviði almannasamtaka		
1. Norrænt æskulýðssamstarf	1 991 000	
2. Norrænt alþýðufræðslusamstarf	1 283 000	
3. Norrænt íþróttasamstarf	330 000	
3.8 Styrkir til þýðingar á grannlandabókmenntum	1 400 000	
3.9 Norræna listmiðstöðin	2 380 000	
3.10 Norræn kvikmyndanámskeið	305 000	
3.11 Norræna húsið í Færeyjum (rekstur)	400 000	
Styrkir		
3.12 Norræna listbandalagið	324 000	
3.13 Norræn rithöfundanámskeið	183 000	
Samtals	**20 337 000**	

Til skýringar fjárlagayfirlitinu er vert að vekja athygli á nokkrum atriðum. Samnorrænar stofnanir sem menningarfjárlögin taka til fá í lok hvers fjárhagsárs bættar samningsbundnar hækkanir sem orðið hafa á launum fastra starfsmanna frá því að fjárhagsáætlunin var gerð. Fjárhæðin sem tilgreind er í menningarfjárlögunum í þessu skyni er því áætlunartala. Að öðru leyti eru greiðslur samkvæmt fjárlögunum miðaðar við fast gengi gagnvart danskri krónu; í menningarfjárlögunum 1982 er miðað við það gengi sem í gildi var 24.11. 1980 Loks ber að hafa í huga, að framlög til **byggingar** Norræna hússins í Þórshöfn eru ekki felld inn í menningarfjárlögin, heldur gert ráð fyrir að fé í því skyni sé veitt sérstaklega. Um skipting hins samnorræna hluta byggingarkostnaðarins fer þó eftir sömu hlutfallsreglu og gildir um menningarfjárlögin sjálf. Samkvæmt þessu hefur greiðsluhluti Íslands vegna menningarfjárlaganna 1982, að meðtöldum áætluðum launahækkunarbótum og framlagi á

þessu ári til byggingar Norræna hússins í Þórshöfn, verið áætlaður kr. 1 040 847, og er sú fjárhæð (í heilum þús. kr.) í fjárlögum á lið menntamálaráðuneytisins (fjárlagaliður 02 984 0104).

Fyrstu norrænu menningarfjárlögin giltu fyrir árið 1973 og var heildarfjárhæð þeirra (að frátöldum áætluðum launahækkunarbótum) 32.136.900 d.kr. Síðan hafa niðurstöðutölur menningarfjárlaganna verið sem hér segir (launahækkunarbætur frátaldar sem fyrr):

1974: 33 700 000 d.kr.
1975: 38 656 000 d.kr.
1976: 45 263 000 d.kr.
1977: 52 000 000 d.kr.
1978: 61 140 000 d.kr.
1979: 74 391 000 d.kr.
1980: 80 829 000 d.kr.
1981: 85 942 000 d.kr.
1982: 92 373 000 d.kr.

Síðustu árin hefur dregið úr árlegri hækkun menningarfjárlaganna að raungildi, enda verið ríkjandi ströng aðhaldsstefna í ríkisfjármálum víðast hvar á Norðurlöndum. Þetta sjónarmið, að leyfa helst engar raunhækkanir, hefur verið jafnvel enn eindregnara en nokkru sinni fyrr við undirbúning norrænu menningarfjárlaganna fyrir árið 1983 sem unnið hefur verið að undanförnu mánuði. Fjárhagsáætlunin fyrir næsta ár var staðfest af ráðherranefndinni (menntamálaráðherrunum) 24. mars s. l., með venjulegum fyrirvara um samþykki þjóðþinganna. Fer yfirlit um fjárveitingar samkvæmt áætluninni hér á eftir:

Norrænt menningarmálasamstarf
Samnorræn fjárhagsáætlun fyrir árið 1983

		Fjárveiting (í dönskum kr.)
Starfssvið		
01	Fræðslumál	15 749 000
02	Vísindamál	39 394 000
03	Almenn menningarmál	26 102 000
04	Ráðherranefnd Norðurlanda, ráðstöfunarfjárveiting	7 960 000
05	Menningarsjóður Norðurlanda	9 630 000
06	Norræna menningarmálaskrifstofan	8 684 000
	Samtals	**107 519 000**
	Áætlun um kostnaðarauka vegna samningsbundinna launahækkana	5 500 000
		113 019 000
Sundurliðun eftir viðfangsefnum		
01	**Fræðslumál**	
1.1	Lýðfræðslustofnun Norðurlanda, Kungälv	3 687 000
1.2	Norrænt samstarf á sviði skólamála	1 496 000
1.3	Norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu	442 000
1.4	Norræna blaðamannanámskeiðið	935 000
1.5	Norræn stofnun um skipulagsfræði	4 870 000
1.6	Norræn mála- og upplýsingamiðstöð í Finnlandi	1 277 000
1.7	Norræni búsýsluháskólinn	754 000
	Styrkir	
1.8	Norræna læknakennslusambandið	540 000
1.9	Norræn námskeið á sviði fræðslumála	1 748 000
	Samtals	**15 749 000**

Sundurliðun eftir viðfangsefnum		Fjárveiting (í dönskum kr.)
02	**Vísindamál**	
2.1	Norræna sjávarlíffræðinefndin	909 000
2.2	Atómvísindastofnun Norðurlanda (NORDITA)	10 426 000
2.3	Þjóðfræðastofnun Norðurlanda	1 180 000
2.4	Sjóréttarstofnun Norðurlanda	1 676 000
2.5	Norrænar jarðfræðinámsferðir til Íslands	425 000
2.6	Norræna vistfræðinefndin	603 000
2.7	Norræn stofnun um Asíufræði	3 148 000
2.8	Norræna hafeðlisfræðinefndin	1 042 000
2.9	Norræn samstarfsnefnd um heilbrigðisrannsóknir á norðurslóðum	1 001 000
2.10	Norræn samstarfsnefnd um rannsóknir á sviði alþjóðamála	1 001 000
2.11	Norræn samstarfsnefnd um vísindalegar upplýsingar (NORDINFO)	4 023 000
2.12	1. Norræn vísindanámskeið	3 509 000
	2. Norrænir vísindamannastyrkir	1 079 000
	3. Norrænar vísindaráðstefnur	868 000
2.13	Norræna eldfjallastöðin	2 748 000
2.14	Norræn samstarfsnefnd um hraðaltengdar rannsóknir	482 000
2.15	Norræn gagnamiðstöð fyrir fjölmiðlarannsóknir	640 000
2.16	Norræna málstöðin	806 000
2.17	Norrænt vísindamálaráð	2 200 000
	Styrkir	
2.18	Norræni sumarháskólinn	1 332 000
2.19	Norrænt félag um rannsóknir á málefnum rómönsku Ameríku	296 000
	Samtals	**39 394 000**
03	**Almenn menningarmál**	
3.1	Norræna húsið í Reykjavík	3 141 000
3.2	Norrænt leiklistarsamstarf	
	— gestaleikir og framhaldsmenntun	3 144 000
	— styrkur til Norræna áhugaleikararáðsins	345 000
3.3	Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs	268 000
3.4	Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs (ekki úthlutað 1983)	0
3.5	Norrænt tónlistarsamstarf — NOMUS	1 926 000
3.6	Norræn Samastofnun	4 787 000
3.7	Norrænt samstarf á sviði almannasamtaka	
	1. Norrænt æskulýðssamstarf	2 370 000
	2. Norrænt alþýðufræðslusamstarf	1 398 000
	3. Norrænt íþróttasamstarf	500 000
3.8	Styrkir til þýðingar á grannlandabókmenntum	1 526 000
3.9	Norræna listmiðstöðin	2 779 000
3.10	Norræn kvikmyndanámskeið	327 000
3.11	Norræna húsið í Færeyjum (rekstur)	3 023 000
	Styrkir	
3.12	Norræna listbandalagið	380 000
3.13	Norræn rithöfundanámskeið	188 000
	Samtals	**26 102 000**

Viðfangsefni.

Fjárveitingum í norrænu menningarfjárlögunum má skipta í fjóra meginliði:

1. Fjárveiting til Norrænu menningarmálaskrifstofunnar
2. Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar
3. Framlag til Menningarsjóðs Norðurlanda

4. Fjárveitingar til ýmissa samnorrænna stofnana og fastra samstarfsverkefna. Fjárveitingum í þessum flokki, sem er langviðamestur, er síðan skipt í þrjú meginsvið eftir eðli viðfangsefna: Fræðslumál, vísindamál og almenn menningarmál.

Verður nú vikið nokkru nánar að hverjum þeirra aðalfjárveitingarliða sem hér voru taldir.

1. Fjárveitingin til **Norrænu menningarmálaskrifstofunnar** rennur til að kosta rekstur og starfsemi skrifstofunnar, en einnig er greiddur af henni nokkur nefndakostnaður, m. a. vegna ráðgjafarnefndanna þriggja. Ráðgjafarnefndir þessar fjalla eins og áður getur hver um sitt meginsvið menningarmálasamningsins og nefnast í samræmi við það **Ráðgjafarnefnd um fræðslumál, Ráðgjafarnefnd um vísindamál** og **Ráðgjafarnefnd um almenn menningarmál.** Í hverri nefnd eiga sæti fulltrúar frá öllum löndunum og í síðasttöldu nefndinni er einnig fulltrúi frá Norrænu félögunum. Fulltrúar Íslands eru sem hér segir: Í ráðgjafarnefnd um fræðslumál: Guðmundur Arnlaugsson, fyrrv. rektor, og Rósa Björk Þorbjarnardóttir, endurmenntunarstjóri. Í ráðgjafarnefnd um vísindamál: Dr. Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, og dr. Sigurður Þórarinsson, prófessor. Í ráðgjafarnefnd um almenn menningarmál: Guðrún Jónsdóttir, arkitekt, Tryggvi Gíslason, skólameistari, og Þorbjörn Broddason, dósent. Nefndirnar láta uppi álit um samstarfsmál sem á döfinni eru en vinna jafnframt að stefnumótun hver á sínu sviði. Meðal verkefna þeirra er að veita umsögn um styrkumsóknir til Menningarsjóðs Norðurlanda. Hver ráðgjafarnefnd heldur fundi tvisvar til þrisvar á ári.
   Auk þess almenna starfs Norrænu menningarmálaskrifstofunnar sem lýtur að því að undirbúa og fylgja fram ákvörðunum ráðherranefndarinnar og inna af hendi skrifstofuþjónustu í sambandi við margvísleg samstarfsverkefni er ástæða til að vekja athygli á þeirri upplýsinga- og útgáfustarfsemi sem skrifstofan stendur fyrir, að nokkru í samvinnu við ráðherranefndarskrifstofuna í Ósló og aðalskrifstofu Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Í ritröðinni **Norræn nefndarálit** sem þessir aðilar standa að sameiginlega birtast árlega skýrslur frá samnorrænum nefndum og starfshópum sem falið hefur verið að fjalla um tiltekin málefni, m. a. á sviði menningarmála. Sjálf gefur Norræna menningarmálaskrifstofan m. a. út nokkur fréttabréf og reglubundin upplýsingarit um norrænt menningarsamstarf. Almennt fréttabréf skrifstofunnar nefnist **Meddelelser.** Fréttabréfið **Auðhumla** veitir sérstaklega upplýsingar um ýmsa styrki sem veittir eru til samstarfs á sviði menningarmála. Sérstök upplýsingarit eru gefin út um fræðslu- og uppeldismál: Upplýsingar um uppvaxtarumhverfi barna á Norðurlöndum (Information om børns opvækstmiljø i Norden). Upplýsingar um skólamál á Norðurlöndum (Information om skolan i Norden) og Upplýsingar um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum (Information om vuxenutbildningen i Norden). Í fréttabréfum þessum birtast greinar um viðkomandi málefni hvaðanæva af Norðurlöndum. Á síðasta ári kom út ný útgáfa handbókar með upplýsingum um nám á Norðurlöndum, einkum á háskólastigi (Att studera i Norden).
2. Fjárveiting sú sem tilgreind er sem **„ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar“** er einkum ætluð til að standa straum af kostnaði við athugun og undirbúning vegna nýrra samstarfsverkefna sem til umræðu eru, svo og við samstarf sem enn er á reynslustigi og ekki þykir tímabært að festa í sessi með sérstakri fjárveitingu í menningarfjárlögunum. Til þessarar fjárveitingar er einnig gripið ef greiða þarf kostnað vegna sérstakra, skammærra samstarfsverkefna. Dæmi af því tæi er norræna menningarkynningin í Bandaríkjunum 1982—83 (Scandinavia Today). Annað dæmi um fjárveitingar af ráðstöfunarfénu er styrkur til upplýsingaskrifstofa Norrænu félaganna utan höfuðborganna

á Norðurlöndum. Sjö af tíu ráðgerðum upplýsingaskrifstofum var komið á fót á s. l. ári, þ. á m. einni á Íslandi, á Egilsstöðum. Fjárstuðningur ráðherranefndarinnar er miðaður við þriggja ára reynslutímabil og bundinn því að jafnhá framlög a. m. k. komi á móti frá heimaaðilum.

3. **Menningarsjóður Norðurlanda** veitir styrki eftir umsóknum til samstarfsverkefna á sviði vísinda, fræðslu, lista og annarra menningarmála. Sjóðurinn hafði starfað í u. þ. b. fimm ár þegar norræni menningarmálasamningurinn kom til sögunnar. Úthlutun styrkja er í höndum tíu manna sjóðsstjórnar sem skipuð er tveimur fulltrúum frá hverju landi. Er annar þeirra kjörinn af Norðurlandaráði, að jafnaði úr hópi þingmanna, en hinn skipaður af Ráðherranefnd Norðurlanda (menntamálaráðherrunum). Fulltrúar Íslands í sjóðsstjórninni eru Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, og Sverrir Hermannsson, alþingismaður. Árið 1981 voru veittir 174 styrkir úr sjóðnum, samtals að fjárhæð um 8 424 000 danskar krónur. Til verkefna á sviði fræðslumála voru veittar 858 000 d.kr. eða 10,2% af heildarstyrkveitingum, til vísindasamstarfs 1 530 000 d.kr. eða 18,2% og til verkefna á sviði almennra menningarmála 6 036 000 d.kr. eða 71,6%. Í tilefni af ári fatlaðra var á árinu 1981 lögð sérstök áhersla á styrkveitingar til samstarfs varðandi málefni fatlaðra. Voru veittar alls 1 364 700 d.kr. til 30 verkefna á því sviði. Styrkir til íslenskra aðila og aðrir styrkir sem sérstaklega tengdust Íslandi voru 16 talsins, samtals að fjárhæð um 1 150 000 d.kr. Meðal slíkra styrkveitinga má nefna 200 þús. d.kr. styrk til Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna norræns tónlistarflutnings á tónlistarhátíð í Wiesbaden, 200 þús. d.kr. styrk til rannsókna á lífríki Þingvallavatns, 60 þús. d.kr. styrk til Tónlistarsambands alþýðu til þátttöku í norrænni söng- og tónlistarhátíð verkamanna, 40 þús. d.kr. styrk til Kennaraháskóla Íslands vegna norrænnar ráðstefnu hér á landi um menntun verkmenntakennara og styrk til Norræna leiklistarsambandsins til að gefa út safn finnskra og íslenskra leikrita.

4. Fjárveitingar til **samnorrænna stofnana** og annarra **fastra samstarfsverkefna.** Í þennan flokk fellur meginhluti fjárveitinga samkvæmt norrænu menningarfjárlögunum. Verður hér drepið á hvert viðfangsefni fyrir sig, í þeirri röð sem þau eru talin í yfirlitinu hér að framan.

I. Fræðslumál.

1.1 **Lýðfræðslustofnun Norðurlanda** (Nordens folkliga akademi) í Kungälv í Svíþjóð er ætlað að sinna verkefnum sem varða þróun fullorðinsfræðslu og annarrar alþýðumenntunar á Norðurlöndum. Aðalstarfsemi stofnunarinnar er fólgin í stuttum námskeiðum fyrir fólk sem hefur áhuga á og starfar að þessum málum. Oft eru námskeið haldin í samvinnu við samtök og stofnanir á sviði almannafræðslu. Forstöðumaður er nú Maj-Britt Imnander, fyrrum forstjóri Norræna hússins í Reykjavík, en fulltrúi Íslands í stjórn stofnunarinnar er Reynir G. Karlsson, deildarstjóri íþrótta- og æskulýðsmáladeildar menntamálaráðuneytisins. 11 Íslendingar sóttu námskeið á vegum stofnunarinnar árið 1981.

1.2 **Norrænt samstarf á sviði skólamála.**
Hér er um að ræða skipulagt samstarf um ýmis þróunarverkefni á sviði skólamála. Fyrir rúmum áratug voru uppi áform um að stefna að sem mestri samræmingu skólakerfa á Norðurlöndum. Á síðari árum hefur orðið áherslubreyting í þessum efnum. Ekki er lengur kostað kapps um formlega samræmingu, heldur skal samstarfið, samkvæmt stefnumiðum sem ráðherranefndin samþykkti árið 1976, beinast að uppeldislegu rannsókna- og þróunarstarfi, svo og gagnkvæmum

upplýsingum um nýjungar og tilraunastarf m. a. á sviði námsskrár.Starfið hefur að undanförnu talsvert tekið mið af því að málefni framhaldsskólastigsins hafa verið í deiglunni hvarvetna á Norðurlöndum, og sérstök áhersla hefur verið lögð á verkefni sem varða starfsmenntun, m. a. með hliðsjón af atvinnuleysi æskufólks, sem víða er mikið vandamál. Sérstök stjórnarnefnd hefur umsjón með þessu samstarfi á sviði skólamála. Fulltrúi Íslands í nefndinni og formaður hennar um þessar mundir er Hörður Lárusson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins. Samkvæmt áætlun um forgangsverkefni næstu ár verður áhersla lögð á eftirtalin meginsvið: a) Skólaskipulag og starfsaðstæður í skólum; b) rannsóknir varðandi kennslufræðilegar umbætur á sviði starfsmenntunar; c) tengsl menntunar og atvinnulífs; d) þátttöku sérkennslunemenda í almennu skólanámi. Hafist hefur verið handa um samstarf varðandi kennslugögn, einkum á sérstökum sviðum starfsmenntunar þar sem nemendur eru fáir í hverju einstöku landi.

Lengi hefur verið rætt um hvernig greiða mætti fyrir möguleikum kennara til að starfa við skóla á Norðurlöndum, utan heimalandsins. Markverður áfangi á þessu sviði hefur nýlega náðst með gerð samkomulags um sameiginlegan norrænan vinnumarkað almennra kennara (bekkjarkennara) í grunnskólum. Drög að slíku samkomulagi, unnin á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í samráði við Ráðgjafarnefnd um fræðslumál og stjórnarnefnd norræns skólamálasamstarfs, voru lögð fyrir ráðherranefndina (menntamálaráðherrana) og samþykkt í nóvember 1981. Að höfðu samráði við Kennarasamband Íslands var ákveðin aðild að samkomulaginu af íslenskri hálfu. Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs lýsti eindregnum stuðningi við samkomulagið, og var það undirritað af menntamálaráðherrunum fyrir hönd ríkisstjórnanna 3. mars 1982 í Helsingfors. Tillaga til þingsályktunar um heimild til fullgildingar samkomulagsins af íslenskri hálfu hefur nú verið lögð fyrir Alþingi. Í samkomulaginu felst í meginatriðum, að sú menntun sem veitir rétt til að starfa sem almennur kennari (bekkjarkennari) í grunnskóla í einu Norðurlandaríki veiti hliðstæðan rétt í hinum ríkjunum. Áskilið er að kennari hafi nægilegt vald á tungumáli því sem kennt er á í viðkomandi skóla. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram að vinna að þessum málum í því skyni að koma á hliðstæðu samkomulagi fyrir fleiri hópa kennara.

Hér skal og getið nokkurra samstarfsverkefna á sviði fræðslumála sem kostuð hafa verið af ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar eða með öðrum sérstökum hætti.

Sérstakur starfshópur hefur fjallað um **starfsmenntun á sviði sjávarútvegs.** Fulltrúi Íslands í starfshópnum er Stefán Ól. Jónsson, deildarstjóri verk- og tæknimenntunardeildar menntamálaráðuneytisins. Gerð var úttekt á námsframboði á sviði sjávarútvegs alls staðar á Norðurlöndum. Í framhaldi af því fer nú fram athugun á hvernig koma megi á virkum upplýsingatengslum milli stjórnvalda og skólastofnana sem sinna þessum málum.

Norræn ráðstefna um **menntun verkmenntakennara** var haldin að Reykjum í Ölfusi (Garðyrkjuskóla ríkisins) vorið 1981. Kennaraháskóli Íslands stóð fyrir ráðstefnunni og hlaut til þess styrk frá Menningarsjóði Norðurlanda eins og áður getur. Hliðstæð ráðstefna er fyrirhuguð í Finnlandi sumarið 1982.

Snemma á árinu 1981 samþykkti ráðherranefndin (menntamálaráðherrarnir) starfsáætlun um aðgerðir til að efla **gagnkvæman málskilning norðurlandaþjóða.** Veigamikill þáttur áætlunarinnar lýtur að aðgerðum á sviði skólamála, einkum í sambandi við kennaramenntun og námsgögn.

Árið 1981 hófst **námskeiðshald fyrir fólk sem starfar að þjálfun barna og fullorðinna er skortir bæði heyrn og sjón.** Er hér um að ræða þriggja ára reynslustarfsemi. Fulltrúi Íslands í stjórnarnefnd námskeiðanna er Margrét Sigurðardóttir, blindrakennari.

1.3 **Norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu.** Víðast hvar á Norðurlöndum hefur á undanförnum árum verið lögð vaxandi áhersla á fullorðinsfræðslu í margvíslegum myndum. Hið norræna samstarf beinist m. a. að könnun á mismunandi starfsaðferðum á þessu fjölbreytilega sviði, svo og að gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Unnið er eftir starfsáætlun sem kveður á um meginverkefni á hverjum tíma en sérstök „matsnefnd" hefur umsjón með framkvæmdum. Ísland átti ekki aðild að nefndinni fyrr en 1981, en þá var Birna Bjarnadóttir, skólastjóri Bréfaskólans, skipuð fulltrúi í matsnefndinni af íslenskri hálfu.

1.4 **Norræna blaðamannanámskeiðið.** Norræna blaðamannanámskeiðið, sem hefur aðalstöðvar í Árósum, á að veita norrænum blaðamönnum kost á framhaldsmenntun. Kjarni starfseminnar er þriggja mánaða námskeið ár hvert, þar sem fjallað er bæði um norræn og almenn málefni. Síðan 1977 hafa jafnframt verið haldin styttri námskeið um sérstök viðfangsefni. Fulltrúi Íslands í stjórn Norræna blaðamannanámskeiðsins er Kári Jónasson, fréttamaður. Nokkrir íslenskir blaðamenn hafa sótt þriggja mánaða námskeiðið, en þátttaka af íslenskri hálfu hefur þó lengst af verið dræm. Kann þar að valda nokkru um, að örðugt sé fyrir dagblöð og aðra fjölmiðla að veita starfsmönnum sínum leyfi frá störfum svo langan tíma án launaskerðingar, en segja má að það sé í raun forsenda þátttöku.

1.5 **Norræn stofnun um skipulagsfræði** (NORDPLAN). Stofnun þessi hefur aðsetur í Stokkhólmi. Nýjar reglur um stöðu hennar og starfsemi voru settar á árinu 1981. Hlutverk hennar er að veita framhaldsmenntun fyrir þá sem starfa að skipulagsmálum og áætlanagerð, svo og að stunda og efla vísindarannsóknir á því sviði. Nokkrir Íslendingar hafa stundað nám á vegum stofnunarinnar. Fulltrúi Íslands í stjórn hennar er Björn S. Stefánsson, lic. agric.

1.6 **Norræn mála- og upplýsingamiðstöð.** Stofnun þessi er í Helsingfors og tók til starfa árið 1980. Hlutverk hennar er einkum að efla fræðslu í Finnlandi um tungumál og menningu annarra norðurlandaþjóða og stuðla að þekkingu á finnsku máli og menningu annars staðar á Norðurlöndum. Fulltrúi Íslands í stjórn stofnunarinnar er Erlingur Sigurðsson, sendikennari.

1.7 **Norræni búsýsluháskólinn.** Undir nafni Norræna búsýsluháskólans fer fram kennsla á þremur námsbrautum sem tengjast hver sínum háskóla á Norðurlöndum: Veftafræðibraut (textillinje) við Chalmers tækniháskólann í Gautaborg, næringarfræðibraut (næringslinje) við Óslóarháskóla og sjúkrafæðisbraut (linje för näringsterapi) við Gautaborgarháskóla. Einungis síðasttalda námsbrautin er kostuð af samnorrænu fé. Stofnun hennar var staðfest af ráðherranefndinni árið 1981 á grundvelli nokkurra ára reynslustarfsemi. Fulltrúi Íslands í stjórn Norræna búsýsluháskólans er Elsa Guðjónsson, safnvörður.

1.8 **Norræna læknakennslusambandið — styrkur.** Norræna læknakennslusambandið er samstarfsvettvangur læknadeilda, læknanema- og læknasamtaka og stjórnvaldsaðila og er markmið sambandsins að stuðla að eflingu læknisfræðimenntunar á Norðurlöndum. Sambandið gengst m. a. fyrir sérfræðiráðstefnum og námskeiðum um ýmsa þætti læknakennslu. Fjölmenn ráðstefna á vegum sambandsins var haldin á Akureyri árið 1978.

1.9 **Norræn námskeið — framlög.** Hér er um að ræða ýmis sérhæfð námskeið fyrir háskólanema, svo og framhalds- og endurmenntunarnámskeið fyrir tiltekna hópa kennara o. fl. Flest eru námskeiðin haldin með reglulegu millibili, árlega eða annað hvert ár. Meðal þessara námskeiða eru námskeið fyrir háskólanema í sagnfræði og í norrænum málum og bókmenntum. Námskeið í íslenskri tungu og bókmenntum fyrir norræna stúdenta er haldið við Háskóla Íslands annað hvert sumar. Meðal annarra námskeiða má nefna framhaldsmenntunarnámskeið fyrir viðgerðarmenn safnmuna (forverði) og endurmenntunarnámskeið fyrir íþróttakennara.

II. Vísindamál.

2.1 **Norræna sjávarlíffræðinefndin.** Nefndinni er ætlað að stuðla að eflingu norræns samstarfs á sviði sjávarlíffræði. Hún gengst fyrir námskeiðum og ráðstefnum og úthlutar styrkjum til námsdvalar við norrænar rannsóknastöðvar. Íslendingar urðu aðilar að nefndinni 1981, og eru það Líffræðistofnun Háskólans og Hafrannsóknastofnunin sem taka þátt í samstarfinu af íslenskri hálfu. Fulltrúar Íslands í nefndinni eru Jón Baldur Sigurðsson, lektor, og Jón Jónsson, forstjóri.

2.2 **Atómvísindastofnun Norðurlanda (NORDITA).** Stofnunin er í Kaupmannahöfn og hefur starfað síðan 1957. Hún vinnur að grundvallarrannsóknum í ýmsum greinum fræðilegra atómvísinda (kjarneðlisfræði, öreindaeðlisfræði, eðlisfræði fastra efna og stjarneðlisfræði) og á að stuðla að samstarfi norrænna rannsóknastofnana á þessu sviði. Við NORDITA eru allmargar styrkþegastöður veittar til eins árs í senn en að jafnaði ekki lengur en til tveggja ára. Hafa nokkrir Íslendingar verið styrkþegar hjá stofnuninni. Fulltrúi Íslands í stjórn NORDITA og formaður hennar um þessar mundir er Magnús Magnússon, prófessor.

2.3 **Þjóðfræðastofnun Norðurlanda.** Stofnun þessari var komið á fót 1959 og er hlutverk hennar að stuðla að norrænu samstarfi á sviði þjóðsagna-, þjóðkvæða- og þjóðháttarannsókna. Íslendingar gerðust aðilar að starfi stofnunarinnar árið 1975. Fulltrúi Íslands í stjórn hennar er Hallfreður Örn Eiríksson, cand. mag. Í tengslum við fund stjórnarinnar í Reykjavík sumarið 1980 var haldin ráðstefna um stöðu þjóðfræða og þjóðfræðirannsókna á Norðurlöndum.

2.4 **Sjóréttarstofnun Norðurlanda.** Stofnun þessi starfar sem háskólastofnun við Óslóarháskóla. Hún veitir styrki til námsdvalar og heldur námskeið um sjóréttarmálefni fyrir háskólakennara, lögmenn og dómara. Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að stjórn stofnunarinnar.

2.5 **Norrænar jarðfræðinámsferðir til Íslands.** Til námsferða þessara var stofnað árið 1965 og er þeim ætlað að gefa norrænum vísindamönnum og háskólanemum kost á að kynnast ýmsum jarðfræðilegum fyrirbærum á Íslandi. Um 25 þátttakendur komast í ferðina ár hvert, og tekur hún að jafnaði hálfan mánuð. Aðalstjórnandi námsferðanna hérlendis hefur frá öndverðu verið dr. Sigurður Þórarinsson, prófessor, og á hann jafnframt sæti í norrænni stjórn námsferðanna af íslenskri hálfu ásamt dr. Þorleifi Einarssyni, prófessor. Starfsemi þessi hefur þótt takast mjög vel. Fyrir tveimur árum voru af fjárveitingaástæðum uppi áform um að draga úr starfseminni, þannig að í stað árlegra námsferða yrði efnt til ferðar annað hvert ár, og samkvæmt því var engin ferð skipulögð árið 1981. Með staðfestingu nýrra reglna um starfsemina sem settar voru á því ári var hins vegar horfið frá þessari breytingu, og er nú að nýju gert ráð fyrir árlegum ferðum. Hin síðari ár hefur verið

ætlast til að af þessari fjárveitingu væri einnig unnt að verja nokkru fé til að styrkja námsferðir íslenskra háskólanema og vísindamanna í jarðfræði til Norðurlanda.

2.6 **Norræna vistfræðinefndin.** Nefndinni er ætlað að beita sér fyrir norrænu samstarfi og tengslum á sviði rannsókna og háskólamenntunar í vistfræðigreinum, m. a. með ráðstefnum, námskeiðum og styrkjum til námsdvalar. Fulltrúi Íslands í nefndinni er dr. Agnar Ingólfsson, prófessor.

2.7 **Norræn stofnun um Asíufræði (CINA).** Stofnun þessi er í Kaupmannahöfn og er ætlað að stuðla að tengslum og samstarfi vísindamanna og stofnana á Norðurlöndum sem vinna að rannsóknum á menningu og samfélagsaðstæðum asíuþjóða. Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að stjórn stofnunarinnar.

2.8 **Norræna hafeðlisfræðinefndin.** Nefndinni er ætlað að stuðla að samstarfi um rannsóknir og menntun í hafeðlisfræði milli háskóla á Norðurlöndum. Íslendingar eiga ekki aðild að nefndinni, en gera má ráð fyrir að aðild komi til athugunar í sambandi við fyrirhugaða endurskoðun á starfsreglum hennar.

2.9 **Norræn samstarfsnefnd um heilbrigðisrannsóknir á norðurslóðum.** Samstarfsnefnd þessi var sett á stofn 1969 en Íslendingar gerðust aðilar að henni árið 1977. Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að eflingu læknisfræðilegra rannsókna sem tengjast aðstæðum á norðlægum slóðum (arktisk medicin). Nefndin hélt vísindaráðstefnu hér á landi árið 1979. Fulltrúi Íslands í nefndinni er dr. Jóhann Axelsson, prófessor.

2.10 **Norræn samstarfsnefnd um rannsóknir á sviði alþjóðamála.** Þessi samstarfsnefnd var sett á laggirnar 1966. Henni er ætlað að stuðla að samvinnu til eflingar norrænum rannsóknum á sviði alþjóðastjórnmála, þ. á m. um milliríkjadeilur og friðarmálefni. Nefndin veitir m. a. styrki til rannsóknaverkefna, námsdvalar og ráðstefnuhalds, kostar útgáfu vísindatímarits og gefur út fréttablað. Fulltrúi Íslands í nefndinni hefur verið Hans G. Andersen, sendiherra.

2.11 **Norræn samstarfsnefnd um vísindalegar upplýsingar** (NORDINFO). Stofnun þessi tók til starfa 1977 og leysti af hólmi tvær samstarfsnefndir sem áður höfðu starfað. Skrifstofa hennar er í Finnlandi. Hlutverk NORDINFO er að stuðla að hagkvæmri upplýsingaþjónustu og gagnamiðlun á sviði vísinda og tækni, þ. á m. samstarfi milli vísindabókasafna og tölvuvæddra gagnamiðstöðva. Fulltrúar Íslands í NORDINFO eru Einar Sigurðsson, háskólabókavörður, og Jón Erlendsson, forstöðumaður upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs ríkisins.

2.12.1 **Norræn vísindanámskeið.** Á 7. áratugnum var stofnað til norrænna sumarnámskeiða fyrir unga vísindamenn. Námskeiðin fjalla um ýmis sérhæfð svið, og er tilgangur þeirra að koma við samnýtingu þar sem sérstök þekking, tækjabúnaður eða önnur aðstaða kann að vera fyrir hendi, jafnframt því sem auðveldara getur verið með slíkri samvinnu að ráða sérlega hæfa leiðbeinendur erlendis frá. Haldin hafa verið 17—22 námskeið ár hvert, og þykir þessi samvinna hafa gefist vel. Fimm námskeið hafa verið haldin hér á landi, hið síðasta um máltölvun sumarið 1981 við Háskóla Íslands, undir stjórn Baldurs Jónssonar, dósents. Áætlað er, að alls hafi um 150 Íslendingar sótt námskeið annars staðar á Norðurlöndum. Fulltrúi Íslands í stjórn Norrænu sumarnámskeiðanna og formaður hennar um þessar mundir er Örn Helgason, dósent.

2.12.2 **Norrænir vísindastyrkir.** Árið 1979 ákvað ráðherranefndin að stofna í reynslu skyni til styrkja handa vísindanemum og starfandi vísindamönnum sem hafa hug á að dveljast um skeið við nám eða rannsóknir við norræna rannsóknastofnun utan heimalands. Styrkirnir eru að jafnaði miðaðir við að nægja fyrir ferða- og dvalarkostnaði. Reynslutímabil styrkjanna stendur til loka þessa árs og verður

árangurinn nú metinn. Lítinn vafa má þó telja á að starfseminni verði haldið áfram, enda hefur eftirspurn reynst mun meiri en unnt hefur verið að sinni. Stofnun þessa styrkjakerfis var eindregið studd af íslenskri hálfu á sínum tíma, enda virðist augljóst að hér sé um að ræða tilhögun sem komið geti í góðar þarfir fyrir íslenska vísindamenn. Af tæplega 200 styrkjum sem veittir hafa verið til þessa hafa um 15 runnið til Íslendinga. Úthlutun styrkjanna er falin stjórn Norrænu vísindanámskeiðanna.

2.12.3 **Norrænar vísindaráðstefnur — styrkir.** Samtímis vísindastyrkjunum sem fjallað var um hér að framan var í reynslu skyni stofnað til styrkja er veita má aðilum sem gangast fyrir norrænum vísindaráðstefnum. Styrkjum þessum er öðru fremur er ætlað að renna til ráðstefna eða vísindafunda sem haldnir eru með reglubundnum hætti og falla því ekki undir verksvið Menningarsjóð Norðurlanda samkvæmt starfsreglum hans. Stjórn Norrænu vísindanámskeiðanna annast einnig úthlutun þessara styrkja. Hingað til hafa 4 vísindaráðstefnur hér á landi verið styrktar af þessu fé. Fjárveitingin er mjög takmörkuð, samaborið við eftirspurn.

2.13 **Norræna eldfjallastöðin.** Norræna eldfjallastöðin í Reykjavík tók til starfa haustið 1973. Húsnæði fyrir stofnunina var látið í té af íslenskri hálfu í jarðfræðahúsi Háskóla Íslands, þar sem Atvinnudeild háskólans var fyrrum til húsa, en tækjabúnaður og rekstrarkostnaður er greiddur af samnorrænu fé. Fastir starfsmenn eru nú 9 (þar af einn í hálfri stöðu), en auk þess eru við stofnunina styrkþegastöður sem nema 5 ársstöðugildum. Forstjóri hefur frá öndverðu verið dr. Guðmundur E. Sigvaldason. Náin samvinna er milli Norrænu eldfjallastöðvarinnar og Háskóla Íslands, einkum Raunvísindastofnunar Háskólans, m. a. um nýting tækja. Fjórir af átta stjórnarmönnum eru tilnefndir af íslenskri hálfu, þ. e. tveir af verkfræði- og raunvísindadeild (dr. Sigurður Þórarinsson og dr. Stefán Arnórsson), einn af Orkustofnun (dr. Guðmundur Pálmason) og einn af menntamálaráðuneytinu (dr. Sveinn Jakobsson). Norræna eldfjallastöðin hefur þegar haslað sér völl á alþjóðlegum vettvangi með vísindastörfum sínum. Árið 1981 voru stofnuð samtök eldfjallarannsóknastöðva, og var dr. Guðmundur E. Sigvaldason kjörinn fyrsti formaður þeirra.

Norræna eldfjallastöðin hefur eins og kunnugt er sinnt umfangsmiklum rannsóknum á umbrotasvæðinu í Þingeyjarsýslu undanfarin ár, í samvinnu við aðrar stofnanir hér á landi. Vegna kostnaðar við þessar rannsóknir, sem að nokkru hafa verið í þágu öryggisgæslu, hefur eldfjallastöðin fengið nokkur fjárframlög af íslenskri hálfu sem aukafjárveitingu. Nema þau samtals sem svarar 270 000 kr. vegna kostnaðar árin 1980 og 1981.

Fjárhagur stofnunarinnar fór mjög versnandi á árinu 1981, m. a. vegna þess að kostnaðarhækkanir reyndust mun meiri en miðað var við í fjárlagagerð. Við undirbúning norrænu menningarfjárlaganna fyrir árið 1983 hefur verið gert ráð fyrir 150 þús. d. kr. hækkun rekstrarfjárveitingar umfram áætlaðar verðhækkanir, en sýnilegt er að stofnuninni verður áfram þröngur fjárhagsstakkur skorinn, m. a. vegna rekstrarhalla frá síðasta ári.

2.14 **Norræn samstarfsnefnd um hraðaltengdar rannsóknir.** Samstarfsnefnd þessi, sem stofnuð var 1974, hefur það hlutverk að stuðla að samstarfi þeirra aðila á Norðurlöndum sem nota þurfa svonefndan hraðal (accelerator) við tilraunir á sviði kjarnfræðarannsókna. Er hér um að ræða viðleitni til að nýta kosti norrænnar samvinnu í sambandi við aðgang að mjög dýrum tækjabúnaði. Íslendingar hafa ekki gerst aðilar að nefndinni.

2.15 **Norræn gagnamiðstöð fyrir fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM).** Samstarfsnefnd sem sett var á stofn 1978/79, að loknu nokkurra ára undirbúningsstarfi, er ætlað að hlutast til um söfnun og miðlun upplýsinga um norrænar fjölmiðlarannsóknir og efla tengsl milli þeirra sem að slíkum rannsóknum vinna. Fulltrúi Íslands í samstarfsnefndinni er Þorbjörn Broddason, dósent.

2.16 **Norræna málstöðin.** Norræna málstöðin tók til starfa 1978 og hefur aðsetur í Ósló. Henni er ætlað að vera samstarfsvettvangur málnefnda og hliðstæðra aðila á Norðurlöndum, stuðla að varðveislu og eflingu hins norræna málsamfélags og að gagnkvæmum málskilningi norðurlandaþjóða. Málstöðin vinnur m. a. að uppbyggingu gagnamiðstöðvar fyrir norræn málvísindi. Fulltrúi Íslands í stjórn Norrænu málstöðvarinnar er Baldur Jónsson, dósent formaður Íslenskrar málnefndar.

2.17 **Norrænt vísindamálaráð.** Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda haustið 1978 var samþykkt ályktun þar sem því var beint til Ráðherranefndar Norðurlanda (menntamálaráðherranna og samstarfsráðherranna) að hlutast til um aukið norrænt vísindasamstarf, bæði á sviði undirstöðurannsókna og hagnýtra rannsókna. Vorið 1979 komu embættismannanefnd um norrænt menningarmálasamstarf og staðgenglanefnd samstarfsráðherranna í sameiningu á fót starfshópi sem snemma árs 1981 lagði fram skýrslu eða álitsgerð um aukið samstarf Norðurlandaþjóða á sviði vísindarannsókna („Ökat nordiskt forskningssamarbete"). Í skýrslunni var m. a. lýst nokkrum mismunandi kostum um leiðir til að styrkja og bæta skipulag norræns vísindasamstarfs. Af hálfu starfshópsins var aðallega mælt með þeirri leið sem fól í sér stofnun norræns vísindamálaráðs er hefði það hlutverk annars vegar að vera Ráðherranefnd Norðurlanda til ráðuneytis um mál sem varða vísindastefnu, svo og um forgangsröðun verkefna, en hins vegar að beita sér fyrir norrænu samstarfi um vísindarannsóknir og stuðla að samhæfingu þess, án þess að hafa sjálft með höndum styrkveitingar til einstakra verkefna. Ráðherranefndin ákvað, að skýrslan skyldi send til umsagnar ýmsum aðilum sem hlut eiga að máli og jafnframt, að stefnt skyldi að því að leggja beinar tillögur fyrir þing Norðurlandaráðs 1982. Um leið lýsti ráðherranefndin áhuga á hugmyndinni um stofnun norræns vísindamálaráðs. Embættismannanefnd menntamálaráðherranna var heimilað að setja ásamt staðgenglanefnd samstarfsráðherranna á fót „stýrinefnd" til að undirbúa frekari meðferð málsins af hendi ráðherranefndarinnar.

Á grundvelli draga frá stýrinefndinni ákvað ráðherranefndin (menntamálaráðherrarnir) í árslok 1981 að leggja fyrir Norðurlandaráð til umsagnar tillögu sem laut að því að setja á stofn norrænt vísindamálaráð af því tæi sem lýst er hér að framan. Ráðinu er ætlað að láta til sín taka hvers konar vísindastarfsemi sem kostuð er af opinberu fé og beita sér fyrir samnýtingu fjármuna með auknu norrænu samstarfi á þessu sviði. Sérstök áhersla er lögð á að ráðið vinni að betri tengslum milli svonefndra undirstöðurannsókna og hagnýtra rannsókna, svo og að samstarfi um menntun vísindamanna. Lagt er til, að í ráðinu eigi sæti 15 menn, 3 frá hverju landi, skipaðir af ráðherranefndinni til þriggja ára í senn. Skrifstofuaðstaða fyrir ráðið verði í Norrænu menningarmálaskrifstofunni í Kaupmannahöfn sem verði efld til að sinna því verkefni. Árlegur kostnaður við starfsemi ráðsins er áætlaður 3 millj. norskra króna þegar uppbyggingarskeiði er lokið. Er þá gert ráð fyrir, að vísindamálaráðið hafi nokkurt fé til umráða til að kosta undirbúning rannsóknasamstarfs að verkefnum sem að öðru leyti eru fjármögnuð með venjulegum hætti af hálfu hlutaðeigandi þjóða.

Tillaga þessi kom til meðferðar á þingi Norðurlandaráðs í mars s. l. í Helsingfors. Hlaut hún stuðning menningarmálanefndar ráðsins, og í ályktun ráðsins um málið var mælt með framkvæmd tillögunnar.

Á fundi Ráðherranefndar Norðurlanda (menntamálaráðherranna og samstarfsráðherranna) 24. mars 1982 í Ósló var síðan tekin formleg ákvörðun um að setja á stofn norrænt vísindamálaráð í samræmi við framangreinda tillögu. Embættismannanefndum samstarfsráðherranna og menntamálaráðherranna var falið að undirbúa í samvinnu við skrifstofur ráðherranefndarinnar tillögur að starfsreglum og aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að vísindamálaráðið geti tekið til starfa í ársbyrjun 1983. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherrarnir og samstarfsráðherrarnir setji í sameiningu stefnumið fyrir starfsemi ráðsins og að fulltrúar í ráðinu verði skipaðir af menntamálaráðherrunum í samráði við samstarfsráðherrana. Fé til starfsemi ráðsins skal veita í norrænu menningarfjárlögunum. Rætt hefur verið um að með tilkomu vísindamálaráðs verði Ráðgjafarnefnd um vísindamálefni lögð niður, þar sem ráðið tekur m. a. við hlutverki hennar.

Við undirbúning þessa máls var af íslenskri hálfu lýst talsverðum efasemdum um að stofnun vísindamálaráðs eins og hér um ræðir væri vænlegasta leiðin til að efla norrænt vísindasamstarf með raunhæfum hætti. Bent var á, að norrænn vísindasjóður hlyti frá íslensku sjónarmiði að teljast áhugaverðastur þeirra skipulagskosta sem til umræðu hefðu verið í sambandi við aukna rannsóknasamvinnu og jafnframt álitamál hvort fyrirhugað vísindamálaráð væri líklegra til að greiða fyrir æskilegri samvirkjun rannsóknafjár en þær samstarfsstofnanir sem fyrir eru. Jafnframt var þó tekið fram, að ekki væri af íslenskri hálfu talin ástæða til að standa í vegi fyrir framgangi tillagnanna eða skerast úr leik ef af framkvæmd yrði.

2.18 **Norræni sumarháskólinn —styrkur.** Norræni sumarháskólinn sem starfað hefur síðan 1950 er skipulagður sem frjáls samtök kennara og nemenda við háskóla á Norðurlöndum. Á vetrum fjalla starfshópar á hinum einstöku háskólastöðum um ákveðin viðfangsefni en niðurstöður eru síðan teknar til meðferðar á fjölmennu sumarmóti sem stendur í 8—10 daga. Sumarmót var síðast haldið á Íslandi árið 1978.

2.19 **Norrænt félag um rannsóknir á málefnum rómönsku Ameríku — styrkur.** Samtök þessi vinna að tengslum milli norrænna fræðimanna og rannsóknastofnana sem fást við rannsóknir á málefnum rómönsku Ameríku. Starfsemi þeirra er m. a. fólgin í ráðstefnuhaldi og tímaritsútgáfu.

III. Almenn menningarmál.

3.1 Norræna húsið í Reykjavík.

Á þessu ári eru fjórtán ár liðin síðan Norræna húsið var vígt og starfsemi hófst í húsinu. Samkvæmt reglum um stofnunina er henni ætlað að kynna Íslendingum menningarlíf, þjóðfélagsmál og atvinnulíf annars staðar á Norðurlöndum og jafnframt að miðla íslenskum menningarstraumum til annarra Norðurlandaþjóða. Óhætt mun að fullyrða, að tekist hafi að rækja fyrri meginþáttinn í hlutverki stofnunarinnar eins vel og vonir stóðu framast til. Reynt hefur einnig verið að sinna síðara þættinum eftir föngum, ekki síst á síðustu árum, en fjárskortur hefur torveldað umfangsmikla starfsemi á þeim vettvangi.

Fastir starfsmenn Norræna hússins auk forstjórans, Ann Sandelin, eru nú sex talsins, þar af tveir í hálfu starfi. Í stjórn hússins eiga sæti sjö menn, og eru

þrír þeirra tilnefndir af íslenskum aðilum sem hér segir: Einn af Háskóla Íslands (Guðlaugur Þorvaldsson, sáttasemjari ríkisins, sem jafnframt gegnir nú formennsku í stjórninni), einn af Norræna félaginu (dr. Sigurður Þórarinsson) og einn af menntamálaráðuneytinu (Sigurður Blöndal, skógræktarstjóri).
Snemma á árinu 1981 varð ljóst, að Norræna húsið átti við mikla fjárhagsörðugleika að etja. Verðhækkanir umfram áætlun við fjárlagagerð höfðu rýrt rekstrarfjárveitingar, jafna þurfti rekstrarhalla frá tveimur síðustu árum og kostnaðarsamar viðhaldsframkvæmdir voru á döfinni. Ráðherranefnd Norðurlanda samþykkti 400 þús. d.kr. aukafjárveitingu til hússins fyrir árið 1981 og 200 þús. d. kr. fyrir árið 1982. Fyrirgreiðsla var einnig veitt af hálfu íslenskra stjórnvalda, m. a. sérstök fjárveiting að fjárhæð 300 þús. kr. Með þessum hætti og með ströngum aðhaldsráðstöfunum af hálfu forráðamanna stofnunarinnar hefur tekist að tryggja lágmarksdagskrárstarfsemi á þessu ári. Við undirbúning norrænu menningarfjárlaganna fyrir árið 1983 hefur verið gert ráð fyrir 250 þús. d. kr. hækkun rekstrarfjárveitingar til Norræna hússins umfram áætlaðar verðhækkanir. Ljóst er þó, að mjög örðugt verður um vik, að óbreyttu, að halda uppi viðunandi dagskrárstarfsemi á næsta ári.

3.2 **Norrænt leiklistarsamstarf.**

Fé því sem veitt er í norrænu menningarfjárlögunum til leiklistarsamstarfs er skipt milli tveggja aðalviðfangsefna. Annars vegar er framlag til gestaleikja og til framhaldsmenntunar leikhússtarfsmanna en hins vegar styrkur til samstarfs áhugaleikara. Ráðstöfun fjárveitingarinnar til gestaleikja og framhaldsmenntunar er í höndum sérstakrar nefndar, Norrænu leiklistarnefndarinnar. Rúmlega helmingi fjárveitingarinnar er varið til að styrkja gestaleikjasamskipti milli leikhúsa á Norðurlöndum. Árið 1981 voru veittir tveir styrkir til íslenskra gestaleikja á Norðurlöndum og Leiklistarskóli Íslands hlaut styrk til að fá til starfa um skeið finnskan leikstjóra og leiðbeinanda. Menntunarstarfsemin er með þeim hætti að haldin eru ár hvert sérhæfð námskeið fyrir tiltekna hópa leikhússtarfsmanna. Allmargir Íslendingar hafa sótt slík námskeið á undanförnum árum, en erfileikum veldur, að norræna fjárveitingin hefur ekki miðast við að unnt væri að veita einstökum þátttakendum ferðastyrki. Fulltrúi Íslands í Norrænu leiklistarnefndinni er nú Pétur Einarsson, skólastjóri Leiklistarskóla Íslands.
Styrkurinn til samstarfs áhugaleikara rennur til Norræna áhugaleikararáðsins, sem er samtök áhugaleikfélaga á Norðurlöndum. Ráðgjafarnefndin um almenn menningarmál hefur lagt til að framlagið til þessa samstarfs verði hækkað til muna, en það hefur ekki reynst unnt að svo komnu vegna hinnar ströngu aðhaldsstefnu sem fylgt hefur verið í fjárlagagerð. Eitt íslenskt leikfélag áhugamanna hlaut styrk af þessari fjárveitingu árið 1981 til gestaleiks í Danmörku, og sænskt áhugaleikfélag var styrkt til Íslandsferðar.

3.3 **Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.**

Til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs var stofnað árið 1961 og hafa þau verið veitt árlega síðan 1962. Verðlaunin námuí öndverðu 50 þús. d. kr., en hafa nú um skeið numið 75 þús. d. kr. Tveir íslenskir rithöfundar hafa sem kunnugt er hlotið bókmenntaverðlaunin, báðir fyrir ljóðabækur, þeir Ólafur Jóh. Sigurðsson árið 1976 og Snorri Hjartarson 1981. Bækur ritaðar á íslensku og finnsku sem tilnefndar eru til keppni um verðlaunin eru þýddar á annað norðurlandamál í sambandi við starf dómsnefndar, en jafnan eru tilnefndar tvær bækur á ári frá hverju landi. Hafa þessar þýðingar oft stuðlað að útgáfu viðkomandi bóka á Norðurlöndum.

Fulltrúar Íslands í dómnefnd um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs (frá 1. mars 1982 að telja) eru Heimir Pálsson, skólameistari, og Jóhann Hjálmarsson, rithöfundur, en varamaður er Sveinn Skorri Höskuldsson, prófessor.

3.4 **Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.**
Til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs var stofnað árið 1965, og hafa þau verið veitt annað hvert ár síðan 1968. Verðlaunin eru veitt fyrir tónverk og nema 75 þús. d. kr. eins og bókmenntaverðlaunin. Einn Íslendingur hefur hlotið tónlistarverðlaunin, Atli Heimir Sveinsson, tónskáld, árið 1976. Fulltrúar Íslands í dómnefnd um tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs hafa verið Árni Kristjánsson, píanóleikari, og Páll Kr. Pálsson, organleikari, en varamaður Ragnar Björnsson, tónlistarmaður.

3.5 **Norrænt tónlistarsamstarf — NOMUS.**
Samkvæmt reglum sem ráðherranefndin staðfesti árið 1980 er Nefnd um norrænt tónlistarsamstarf, NOMUS, skipuð tveimur fulltrúum frá hverju Norðurlandaríki. Hlutverk hennar er að stuðla að eflingu og kynningu norræns tónlistarlífs og norrænna samskipta á sviði tónlistar. Norrænu nefndinni er ætlað að vera tengiliður milli aðila sem um þessi mál fjalla í hverju landi. NOMUS-nefndin ráðstafar því fé sem veitt er í norrænu menningarfjárlögunum til tónlistarsamstarfs. Er því m. a. varið til að styrkja tónleikaferðir milli Norðurlanda, tónlistarmót ýmiss konar og til að greiða fyrir samningu norrænna tónverka sem pöntuð eru til flutnings. NOMUS-nefndirnar í hverju landi fá að jafnaði minni háttar framlag til eigin ráðstöfunar í sambandi við norræn tónlistarsamskipti.
Fulltrúar Íslands í NOMUS eru Árni Kristjánsson, píanóleikari, og Þorkell Sigurbjörnsson, tónskáld.

3.6 **Norræn Samastofnun.**
Norræn Samastofnun var sett á stofn 1973 og hefur aðsetur í Kautokeino á Finnmörk í Noregi. Stofnuninni er ætlað að vinna að bættri stöðu Sama, bæði í félagslegu, menningarlegu og efnahagslegu tilliti. Fulltrúi Íslands í stjórn stofnunarinnar er Haraldur Ólafsson, dósent.

3.7 **Norrænt samstarf á sviði almannasamtaka.**
Undir þennan lið falla þrjú styrkjakerfi, þ. e. styrkir til norræns æskulýðssamstarfs, styrkur til norræns samstarfs alþýðufræðslusamtaka og styrkir til norræns íþróttasamstarfs.

3.7.1 **Norrænt æskulýðssamstarf.**
Árið 1973 var stofnað til styrkja til norrænna samskipta æskulýðssamtaka. Styrkjunum er úthlutað á grundvelli umsókna af sérstakri nefnd sem skipuð er tveimur fulltrúum frá hverju landi.
Fulltrúar Íslands í nefndinni eru Reynir G. Karlsson, deildarstjóri íþrótta- og æskulýðsmáladeildar menntamálaráðuneytisins, og Kristján Valdimarsson, framkvæmdastjóri.
Allmargir Íslendingar sóttu á árinu 1981 æskulýðsmót á Norðurlöndum sem styrkt voru af þessu fé.

3.7.2 **Norrænt samstarf alþýðufræðslusamtaka.**
Styrkjum til þessa samstarfs var komið á 1975. Úthlutun styrkja, á grundvelli umsókna, er nú í höndum stjórnar Menningarsjóðs Norðurlanda að fengnum tillögum Ráðgjafarnefndar um almenn menningarmál. Menningar- og fræðslusamband alþýðu (MFA) hefur undanfarin ár notið styrkja af þessu fé til þátttöku í samstarfi við hliðstæð samtök annars staðar á Norðurlöndum.

3.7.3 **Norrænt íþróttasamstarf.**

Árið 1979 samþykkti ráðherranefndin (menntamálaráðherrarnir) að stofna til sérstakra styrkveitinga í því skyni að stuðla að þátttöku Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga í norrænum íþróttasamskiptum. Í fyrstu var um að ræða starfsemi til reynslu, og var hún kostuð af ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar. Framlag til styrkjanna var ákveðið 100 þús. d. kr. 1979 og 250 þús. d. kr. 1980. Í menningarfjárlögin fyrir 1981 var tekin sérstök fjárveiting í þessu skyni, 300 þús. d. kr. og í fjárlögunum 1982 nemur hún 330 þús. d. kr. Haustið 1981 staðfesti ráðherranefndin reglur um styrkina. Er þar gert ráð fyrir að styrkjakerfið taki einnig til Svalbarða. Úthlutun styrkjanna fer fram á grundvelli umsókna, og annast stjórn Menningarsjóðs Norðurlanda úthlutunina að fengnum tillögum íþróttasambandanna í viðkomandi löndum. Samkvæmt úthlutun fyrir árið 1982 koma 45% af styrkfjárhæðinni, samtals um 148 500 d. kr., í hlut íslenskra íþróttasamtaka, 14% í hlut Færeyinga og 7 2/3% í hlut Grænlendinga en 33 1/3% er varið til að styrkja íþróttafólk frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð til þátttöku í íþróttamótum á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

Af íslenskri hálfu hefur verið lögð mikil áhersla á að fjárveitingin til íþróttasamskipta yrði hækkuð. Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs hefur einnig mælt eindregið með því, og hefur þá m. a. verið bent á að æskilegt væri að meira svigrúm gæfist til að styrkja íþróttastarf fatlaðra. Við undirbúning menningarfjárlaganna fyrir 1983 hefur verið gert ráð fyrir hækkun fjárveitingarinnar í 500 þús. d. kr. eða sem nemur um 140 þús. d. kr. umfram áætlaðar verðhækkanir.

3.8 **Styrkir til þýðingar og útgáfu grannlandabókmennta.**

Styrkjakerfi þetta, sem hérlendis er oft nefnt „norræni þýðingasjóðurinn“, var sett á stofn árið 1975 og þá fyrst um sinn í reynslu skyni. Eftir úttekt á starfseminni var hún fest í sessi og endurskoðaðar reglur staðfestar 1981. Styrkirnir eru veittir útgefendum þýddra norrænna bóka, á grundvelli umsókna, og miðast að jafnaði við þýðingarkostnað. Í reglum um styrkina er gert ráð fyrir, að um skipting styrkfjárins milli málsvæða sé höfð hliðsjón af eftirfarandi viðmiðunarhlutföllum:

Til útgáfu í Danmörku	17%
Til útgáfu á Grænlandi	6%
Til útgáfu í Færeyjum	9%
Til útgáfu í Finnlandi	19%
Til útgáfu á Íslandi	9%
Til útgáfu í Noregi	17%
Til útgáfu í Svíþjóð	17%
Til útgáfu á samísku	6%

Úthlutun styrkja annast sérstök nefnd, skipuð 9 mönnum, einum fulltrúa fyrir hvert málsvæði. Fulltrúi Íslands í úthlutunarnefndinni er Sveinn Skorri Höskuldsson, prófessor. Úthlutun fer fram tvisvar á ári, vor og haust. Árið 1981 var veittur styrkur til þýðingar og útgáfu á eftirtöldum íslenskum bókum:

1. Til útgáfu á dönsku:
   Laurentius saga.
   Haustskip, eftir Björn Th. Björnsson.
   „Er nokkur í Kórónafötum hér inni?“ eftir Einar Má Guðmundsson.
   Ástarsaga úr fjöllunum, eftir Guðrúnu Helgadóttur.
   Meira af Jóni Oddi og Jóni Bjarna, eftir sama höfund.
   Heiðarvíga saga.

2. Til útgáfu á færeysku:
   Hauströkkrið yfir mér, eftir Snorra Hjartarson.
3. Til útgáfu á norsku:
   Hauströkkrið yfir mér, eftir Snorra Hjartarson.
   Meira af Jóni Oddi og Jóni Bjarna, eftir Guðrúnu Helgadóttur.
4. Til útgáfu á sænsku:
   Íslensk leikrit.
   Ljóðaúrval eftir Matthías Johannessen.

Sama ár var íslenskum útgefendum veittur styrkur til þýðingar og útgáfu 12 bóka af öðrum norðurlandamálum.

3.9 **Norræna listmiðstöðin.**

Norræna listmiðstöðin tók til starfa árið 1978 og hefur aðsetur í Sveaborg við Helsingfors. Stofnuninni er ætlað að skipuleggja myndlistarsýningar og koma þeim á framfæri, veita upplýsingar og fræðslu um norræna myndlist og standa fyrir ráðstefnum og námskeiðum. Á árinu 1981 voru opnaðar í listmiðstöðinni fimm gistivinnustofur fyrir norræna myndlistarmenn. Vinnustofurnar eru látnar í té leigulaust um takmarkaðan tíma, og hafa tveir íslenskir myndlistarmenn þegar fengið þar aðstöðu. Á s. l. ári var Norrænu listmiðstöðinni veitt sérstakt aukaframlag af íslenskri hálfu, 30 þús. finnsk mörk (rúml. 48 þús. kr.), til kaupa á innanstokksmunum í gistivinnustofurnar.

Samkvæmt nýjum reglum um Norrænu listmiðstöðina er stjórn hennar skipuð tíu mönnum, og skulu a. m. k. fimm þeirra vera starfandi listamenn. Fulltrúar Íslands í stjórninni eru Jón Reykdal, myndlistarmaður, og Knútur Hallsson, skrifstofustjóri.

3.10 **Norræn kvikmyndanámskeið — Dreifing norrænna kvikmynda.**

Hér er um að ræða sérhæfð námskeið fyrir fólk sem starfar við kvikmyndagerð og sjónvarp. Námskeið þessi hófust með reglubundnum hætti 1978 að lokinni tilraunastarfsemi um nokkurra ára skeið. Haldin eru 1—2 námskeið ár hvert. Skipulagning og yfirumsjón námskeiðsstarfseminnar annast norræn stjórnarnefnd. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Sigurður Sverrir Pálsson, kvikmyndagerðarmaður. Þrír Íslendingar sóttu námskeið á árunum 1980 og 1981.

Árið 1981 samþykkti ráðherranefndin, á grundvelli tillagna frá norrænum starfshópi, að verja tiltekinni fjárhæð til styrkveitinga sem eiga að stuðla að dreifingu norrænna kvikmynda á Norðurlöndum. Fyrirhuguð er tilraunastarfsemi á þessu sviði fram til 1985, og árið 1981 nam framlagið 500 þús. d. kr. Heimilt er að verja hluta fjárins til kynningar og dreifingar á norrænum kvikmyndum utan Norðurlanda. Sérstök nefnd með einum fulltrúa frá hverju landi ákveður ráðstöfun styrkja að fengnum tillögum frá kvikmyndastofnunum landanna. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Knútur Hallsson, skrifstofustjóri. Fyrsta úthlutun af þessu fé fór fram í desember 1981. Voru veittir tveir styrkir vegna sýninga á íslensku kvikmyndinni „Land og synir“ á Norðurlöndum og kvikmyndaklúbburinn Fjalakötturinn hlaut styrk til sýninga á finnskum kvikmyndum.

3.11 **Norræna húsið í Færeyjum.**

Bygging Norræna hússins í Þórshöfn í Færeyjum hófst haustið 1980 og verður væntanlega lokið um næstu áramót. Er ráðgert að starfsemi hefjist í húsinu á fyrra hluta árs 1983. Stofnuninni er ætlað að nokkru hliðstætt hlutverk því sem Norræna húsið í Reykjavík rækir en þó öllu viðameira að því er varðar að veita aðstöðu fyrir innlenda menningarstarfsemi. Þannig er t. d. gert ráð fyrir að leiksýningar og hljómsveitartónleikar fari fram í húsinu. Landssjóður Færeyja

stendur straum af rösklega 17% byggingarkostnaðar hússins (auk byggingarhæfrar lóðar og tollgjalda), en tæplega 83% eru greidd af samnorrænu fé. Heildarkostnaður við bygginguna (að frátöldum kostnaði við grunn) er áætlaður rúmlega 49 millj. d. kr., miðað við verðlag 1. september 1980. Framlög til húsbyggingarinnar eru ekki felld undir norrænu menningarfjárlögin heldur veitt sérstaklega á fjárlögum einstakra landa. (Hér á landi er framlagið þó innifalið í sama fjárlagalið og framlag Íslendinga til norrænu menningarfjárlaganna.) Rekstrarfjárveiting til starfsemi Norræna hússins í Færeyjum er hins vegar í menningarfjárlögunum. Fjárveitingin í fjárlögunum fyrir 1982 er til undirbúnings starfseminnar, en við undirbúning fjárlaga fyrir 1983 hefur verið miðað við um 10½ mánaðar starfsemi á því ári. Í nýstaðfestum reglum um stofnunina er gert ráð fyrir, að landssjóður Færeyja greiði 8% af árlegum rekstrarkostnaði samkvæmt fjárhagsáætlun en 92% greiðast af samnorrænu fé.
Norræn stjórnarnefnd hefur umsjón með byggingarframkvæmdum og skipulagsundirbúningi fyrir starfsemi Norræna hússins í Færeyjum. Nefndinni hefur einnig verið falið að starfa sem stjórn hússins fram að vígslu þess. Fulltrúi Íslands í stjórnarnefndinni er dr. Kristján Eldjárn.

3.12. **Norræna listbandalagið — styrkur.**
Norræna listbandalagið er samstarfsvettvangur landsfélaga myndlistarmanna á Norðurlöndum. Bandalagið hafði áður með höndum skipulagning norrænna myndlistarsýninga, en það verkefni hefur nú færst á hendur Norrænu listmiðstöðvarinnar á Sveaborg. Styrkurinn til Norræna listbandalagsins er aðallega ætlaður til greiðslu kostnaðar við skrifstofu bandalagsins.

3.13 **Norræn rithöfundanámskeið — styrkur.**
Á Biskops Arnö skammt frá Stokkhólmi hafa um árabil verið haldin sumarnámskeið fyrir norræna rithöfunda með atbeina Norræna félagsins og Norræna rithöfundasambandsins. Styrkir til þessa námskeiðshalds hafa verið veittir af samnorrænu fé undanfarinn áratug, fyrst úr Menningarsjóði Norðurlanda, síðan af ráðstöfunarfjárveitingu ráðherranefndarinnar og loks með sérstakri fjárveitingu í norrænu menningarfjárlögunum. Fjárveiting var felld niður 1981 og þá gert ráð fyrir að námskeið yrði aðeins haldið annað hvert ár. Norðurlandaráð samþykkti þá hins vegar ályktun þar sem skorað var á ráðherranefndina að veita styrk til námskeiðanna árlega og eru nú horfur á að svo verði. Íslenskir rithöfundar hafa sótt námskeið á Biskops Arnö.

Loks skal drepið á nokkur verkefni sem á döfinni eru á sviði almennra menningarmála en kostuð af ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar og koma því ekki fram sem sérstakir liðir í menningarfjárlögunum.

Unnið er að ýmsum samstarfsverkefnum sem varða **menningarumhverfi barna** í framhaldi af norrænni álitsgerð um þessi efni sem út kom árið 1978. Gefin hafa verið út rit um tiltekna þætti menningarstarfs fyrir börn og m. a. efnt til könnunar á áhrifum af tilkomu sjónvarps á börn í Færeyjum.

Ákveðið hefur verið að efna í tilrauna skyni til norrænna **námskeiða fyrir starfsmenn almenningsbókasafna.** Munu námskeiðin fjalla annars vegar um þátt almenningsbókasafna í kynningu og dreifingu norrænna bókmennta en hins vegar um ný verkefni og nýja tækni í bókasöfnum.

Hin öra þróun í **myndbandamálum** er ofarlega á baugi hvarvetna á Norðurlöndum. Í janúar s. l. var á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar haldin ráðstefna í Kaup-

mannahöfn þar sem fulltrúar frá Norðurlandaríkjunum öllum báru saman bækur sínar um þessi efni. Af íslenskri hálfu sóttu ráðstefnuna Knútur Hallsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, og dr. Gaukur Jörundsson, prófessor, formaður höfundaréttarnefndar og myndbandanefndar.

Norræn menningarkynning í Bandaríkjunum.

Haustið 1982 verður efnt til víðtækrar kynningar í Bandaríkjunum á menningu norðurlandaþjóða. Hefur undirbúningur þessarar kynningar, sem þar vestra nefnist „Scandinavia Today", staðið á fjórða ár. Norðurlandaríkin öll standa sameiginlega að kynningunni í samstarfi við aðila í Bandaríkjunum, m. a. American-Scandinavian Foundation. Ákveðið hefur verið að leggja fram af samnorrænu fé (ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar) allt að 6 millj. d. kr. gegn a. m. k. jafnháu framlagi af hálfu bandarískra stofnana. Boð um að stofnað yrði til kynningarinnar barst ríkisstjórnum norðurlandaríkjanna frá bandarískum aðilum, en nokkrar hliðstæðar „landakynningar" höfðu áður farið fram þar í landi.

Norræna menningarmálaskrifstofan starfar að undirbúningi kynningarinnar af norrænni hálfu í nánu samstarfi við menntamála- og utanríkisráðuneyti landanna og fleiri aðila. Í samnorrænni stjórnarnefnd um undirbúning og skipulagningu eiga sæti af íslenskri hálfu Kristinn Hallsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, og Tómas Karlsson, sendiráðunautur, af hálfu utanríkisráðuneytisins. Menningarkynningin verður hafin með setningarathöfn í Washingtonborg 8. september n. k., í Minneapolis 11. september og í New York 13. september. Á öllum stöðunum mun forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, flytja setningarræðu af hálfu Norðurlanda.

Efnt verður til samnorrænna listsýninga, sem haldnar verða í ýmsum bandarískum borgum. Þessar sýningar eru:

1. Grafiksýningar í 5 borgum.
2. Veflistasýning í 5 borgum.
3. Sýning á samtímalist í 2 borgum.
4. Ljósmyndasýningar í 4 borgum.
5. Listiðnaðarsýning í 3 borgum.
6. Málverkasýning í 3 borgum.

Tónlistarflutningur verður veigamikill þáttur í kynningunni, m. a. munu um 15 hljómsveitir hafa norræna tónlist á efnisskrá sinni og 6 kórar munu flytja norræna tónlist víðs vegar um Bandaríkin.

Fyrirlestrar verða haldnir um ýmis norræn málefni við um 15 háskóla og aðrar stofnanir.

Auk hinna sameiginlegu verkefna munu einstakar norðurlandaþjóðir efna til ýmiss konar kynningar á landi og menningu á eigin vegum. Af íslenskri hálfu verður m. a. sýning á fornum handritum og bókum í New York, og Karlakórinn Fóstbræður mun halda um 15 tónleika með íslenskum kórlögum. Allmörgum íslenskum leikritum hefur verið komið á framfæri í enskri þýðingu við leikhús í Bandaríkjunum til kynningar.

Norrænt samstarf um dreifing sjónvarps- og hljóðvarpsefnis um gervitungl.

Um sjö ár eru nú liðin síðan farið var að kanna með skipulegum hætti möguleika á notkun gervitungla til að dreifa sjónvarps- og hljóðvarpsefni um Norðurlönd og gera þar með kleift að koma á auknu samstarfi norðurlandaþjóða á þessu sviði eins og lengi hafði verið rætt um. Í byrjun árs 1981 stóð málið þannig, að lokið var víðtækri umsagnarmeðferð skýrslu sem lögð var fram 1979, og höfðu skoðanir umsagnaraðila á „Nordsat"-hugmyndinni reynst mismunandi eins og vænta mátti. Ráðherranefnd Norðurlanda (menntamála- og samgönguráðherrarnir) höfðu sent Norðurlandaráði til umsagnar tillögu sem laut að frekari könnun tiltekinna þátta áður en endanleg afstaða yrði tekin. Á 29. þingi Norðurlandaráðs í

mars 1981 kom fram öflugur stuðningur við að haldið yrði áfram að vinna að málinu, og samþykkt var ályktun þar sem því var beint til ráðherranefndarinnar að undirbúa ákveðna tillögu um aukið norrænt hljóðvarps- og sjónvarpssamstarf fyrir 30. þing ráðsins 1982. Ráðherranefndin (menntamála-, samgöngu- og iðnaðarráðherrarnir) tók á fundi sínum 16. mars 1981 ákvörðun um markmið og tilhögun þeirrar framhaldsumfjöllunar er lokið skyldi fyrir áramótin 1981/82. M. a. var ákveðið að gerð skyldi frekari athugun á hinum iðnpólitísku þáttum. Yfirumsjón könnunarinnar var áfram í höndum staðgenglanefndar ráðherranefndarinnar þar sem sæti áttu ráðuneytisstjórar hlutaeigandi ráðuneyta, en auk þess voru skipaðar sérstakar viðræðurnefndir í hverju landi. Í slíkri viðræðurnefnd af íslenskri hálfu áttu sæti Guðrún Hallgrímsdóttir, deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu, Pétur Guðfinnsson, framkvæmdastjóri, og Sigurður Þorkelsson, forstjóri.

Það hafði talsverð áhrif á umfjöllun málsins á síðasta ári, að Svíar höfðu skýrt frá áformum um að smíða í tilrauna skyni sérstakt gervitungl, s. k. Tele-X, til ýmiss konar fjarskiptanota, m. a. í þágu iðnaðar, og fram kom að áhugi væri á þátttöku í því tilraunastarfi af hálfu Finna og Norðmanna. Að nokkru í tengslum við þetta mál var í NORDSAT-umræðunum farið að huga meira en áður að iðnpólitískum atriðum, svo og að möguleikum á áfangauppbyggingu kerfisins.

Í nóvember 1981 samþykkti ráðherranefndin að leggja fyrir Norðurlandaráð til umsagnar tillögu sem fól í sér að hafist yrði handa um fyrsta áfanga NORDSAT-samstarfs, svonefnt rannsóknastig, en að því loknu yrði tekin ákvörðun um hvort ráðist skyldi í framkvæmdir. Vegna þingkosninga sem í hönd fóru í Danmörku var ekki greitt atkvæði af danskri hálfu við afgreiðslu málsins í ráðherranefndinni en gerður fyrirvari um afstöðu dönsku ríkisstjórnarinnar. Í febrúar tilkynnti síðan danska ríkisstjórnin að Danir hefðu ekki hug á þáttöku í fyrirhugaðri athugun, og var tillaga ráðherranefndarinnar til Norðurlandaráðs þá afturkölluð.

Á þingi Norðurlandaráðs í marsbyrjun 1982 í Helsingfors urðu miklar umræður um málið, og að tillögu menningarmálanefndar ráðsins var samþykkt ályktun þar sem því var beint til ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar að hefja viðræður í því skyni að gera samning um áframhaldandi þróun útvarps- og fjarskiptasamstarfs er styddist við gervitunglakerfi. Skyldi Norðurlandaráði gerð grein fyrir framvindu málsins og hugsanleg ákvörðun um að hrinda í framkvæmd hljóðvarps-, sjónvarps- og fjarskiptasamstarfi með notkun gervitungla borin undir þing ráðsins.

Í framhaldi af þessum málalyktum á þingi Norðurlandaráðs samþykkti ráðherranefndin (menntamála-, samgöngu- og iðnaðarráðherrarnir) á fundi sínum í Stokkhólmi 27. mars s. l. að hefja með þátttöku ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar rannsókna- og undirbúningsvinnu er geri kleift að taka að tveimur árum liðnum ákvörðun um hvort gerður skuli samningur milli þessara þjóða um uppbygging gervitunglakerfis í áföngum til dreifingar á hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám og til annarrar fjarskiptaþjónustu sem kerfið kann að þykja hentugt til. Athugunin á að beinast að tæknilegum, fjárhagslegum, dagskrárlegum og lögfræðilegum atriðum, og er gert ráð fyrir að um framkvæmd hennar verði samstarf milli fjarskiptastofnana og útvarpsstofnana ríkjanna, ráðuneyta og annarra aðila eftir nánari ákvörðun í hverju landi. Kostnaðarrammi er ákveðinn 55 millj. sænskra króna, miðað við verðlag 1982. Greiðsluhlutföll þátttökuríkjanna verða hliðstæð því sem gildir í öðru norrænu samstarfi, með breytingum sem stafa af því að Danir eru ekki aðilar að verkefninu. Af þeim sökum verður greiðsluhluti Íslands 1,2% í stað 0,9%. Þar sem ríkisstjórn Íslands hafði ekki lokið umfjöllun um málið var á fundi ráðherranefndarinnar gerður fyrirvari af íslenskri hálfu þar til ákvörðun ríkisstjórnarinnar lægi fyrir. Á fundi sínum 6. apríl s. l. gerði ríkisstjórnin samþykkt sem felur í sér ákvörðun um þátttöku Íslendinga í athuguninni. Samþykktin er á þessa leið:

„Með skírskotun til fyrri afstöðu ríkisstjórnarinnar og sérstakrar áskorunar síðasta þings Norðurlandaráðs samþykkir ríkisstjórnin að eiga aðild að því ásamt ríkisstjórnum Finnlands, Noregs og Svíþjóðar að kanna skipulega næstu 2 ár hvort grundvöllur sé fyrir samstarfi um útvarps-, sjónvarps- og fjarskiptamál milli Norðurlanda.“

Samþykkt ráðherranefndar Norðurlanda frá 27. 3. 1982 í íslenskri þýðingu er birt sem fylgiskjal með skýrslu þessari.

Norrænt menningarsamstarf næstu árin.

Í ársbyrjun 1979 ákvað Ráðherranefnd Norðurlanda (menntamálaráðherrarnir), með hliðsjón af umræðum í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs, að láta gera úttekt á því samstarfi sem þróast hafði á grundvelli norræna menningarmálasamningsins frá gildistöku hans 1. janúar 1972. Til að vinna að þessari úttekt, sem fjalla skyldi bæði um skipulag samstarfsins og árangur með hliðsjón af markmiðum menningarmálasamningsins, var fenginn Gunnar Bergendal, rektor Kennaraháskólans í Málmey í Svíþjóð. Honum til aðstoðar var skipaður samráðshópur með einum fulltrúa frá hverju norðurlandaríki, auk fulltrúa frá Norrænu menningarmálaskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Af Íslands hálfu átti sæti í samráðshópnum Svava Jakobsdóttir, þáv. alþingismaður. Gunnar Bergendal skilaði greinargerð sinni („Nordiskt kultursamarbete under 1970-talet — en värdering“) undir árslok 1979, og hefur hún verið kölluð Bergendal-skýrslan. Segja má, að niðurstaða skýrslunnar sé í meginatriðum jákvæð, en bent er á ýmis atriði til athugunar við mörkun framtíðarstefnu um áhersluþætti og framkvæmd.

Bergendal-skýrslan kom m. a. til umfjöllunar í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs. Að tillögu nefndarinnar samþykkti Norðurlandaráð á 29. þingi 1981 yfirlýsingu þar sem talið var æskilegt að fyrir næsta þing ráðsins, 1982, yrði lögð tillaga um endurskoðun á stefnumiðum fyrir norrænt menningarsamstarf (frá 1974).

Í framhaldi af þeirri úttekt sem gerð er grein fyrir í Bergendal-skýrslunni ákvað ráðherranefndin (menntamálaráðherrarnir) í febrúar 1981 að setja á fót starfshóp með einum fulltrúa frá hverju landi til að aðstoða Norrænu menningarskrifstofuna við undirbúning tillögu varðandi mótun norræns menningarsamstarfs á níunda áratugnum. Fulltrúi Íslands í starfshópnum var dr. Gylfi Þ. Gíslason, fyrrv. ráðherra.

Á grundvelli þessa starfs lagði síðan ráðherranefndin fyrir 30. þing Norðurlandaráðs 1982 sem tillögu til umsagnar greinargerð um norrænt menningarsamstarf á níunda áratugnum. Tekið var fram, að ekki væri um að ræða starfsáætlun í venjulegri merkingu, heldur hugleiðingar um megindrætti í samstarfinu frá tilkomu menningarmálasamningsins fyrir tíu árum og hvaða þættir væru líklegir til að móta þróun samstarfsins næsta áratuginn.

Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs hyggst fjalla frekar um tillögu ráðherranefndarinnar áður en tekin verði afstaða til hennar af hálfu ráðsins.

Fylgiskjal.

Samþykkt Ráðherranefndar Norðurlanda 27. mars 1982 um samstarf á sviði gervitunglaútvarps o. fl.

Ráðherranefnd Norðurlanda bendir á, að ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar eru sammála um að norræn dreifing á hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám þjóðanna um gervitungl mundi leggja mikilsverðan skerf til eflingar norrænu menningarsamfélagi og auka möguleika þjóðernislegra og mállegra minnihlutahópa á að njóta menningarefnis og upplýsinga á sínu eigin tungumáli.

Ráðherranefndin bendir ennfremur á, að norræn dagskrárdreifing um gervitungl mundi einnig veita íbúum landanna kost á að velja úr umfangsmeira og fjölþættara dagskrárefni, svo og með aukinni samvinnu milli útvarpsstofnananna skapa skilyrði til dagskrárstarfsemi sem ekki er á færi hverrar einstakrar þjóðar.

Ennfremur bendir ráðherranefndin á, að Norðurlandaráð samþykkti á 30. þingi sínu 1982 ályktun þar sem því var beint til ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar að hefja viðræður í því skyni að gera samning um áframhaldandi þróun útvarps- og fjarskiptasamstarfs er styðjist við miðlun um gervitunglakerfi. Norðurlandaráð gerir ráð fyrir að unnið verði að þróun samstarfsins innan ramma Helsingfors-samningsins, að Norðurlandaráði verði gerð grein fyrir þessari þróun og að hugsanleg ákvörðun um að hrinda í framkvæmd hljóðvarps-, sjónvarps- og fjarskiptasamstarfi með notkun gervitungla verði borin undir þing Norðurlandaráðs.

Ríkisstjórn Danmerkur hefur tilkynnt, að hún hafi ekki í hyggju að taka þátt í undirbúningi að því að koma á norrænu gervitunglasamstarfi en að til greina komi undir vissum kringumstæðum að tekið verði til athugunar af danskri hálfu að ganga til samninga um hugsanlega þátttöku Dana í dagskrárstarfseminni.

Ráðherranefndin samþykkir með hliðsjón af því sem nú var rakið að hefja með þátttöku ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar rannsóknavinnu, er verði liður í þróun hljóðvarps-, sjónvarps- og fjarskiptasamstarfs sem styðjist við miðlun um gervitunglakerfi. Ákvörðun um framhald samstarfsins að rannsóknastiginu loknu yrði tekin með því að gera sérstakan samning eftir að Norðurlandaráði hefði gefist kostur á að fjalla um málið að nýju.

Ráðherranefndin ákveður eftirfarandi stefnumið fyrir rannsóknavinnuna:

1. Umfang kerfisins.

Rannsóknavinnan á að skapa grundvöll til þess að unnt verði að gera samning milli Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar varðandi uppbygging gervitunglakerfis í áföngum til dreifingar á hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám og til miðlunar annarrar fjarskiptaþjónustu sem kerfið kann að þykja henta til. Í samningstextanum skal kveðið skýrt á um umfang samstarfsins og að öðru leyti tilgreindar hinar ýmsu forsendur sem gilda eiga.

Vinnan á rannsóknastiginu skal miða að því að undirbúa ákvörðun um uppbygging kerfisins, með hliðsjón af ályktunum Norðurlandaráðs og þeim markmiðum á sviði menningar-, fjölmiðla- og iðnaðarmála sem lýst var í álitsgerðinni „Norrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervitungl“ og í skýrslu þeirri um iðnaðarmálefni sem lögð var fram síðar.

Á byrjunarstigi getur komið til greina að skipst verði á dagskrám á tveimur eða þremur sjónvarpsrásum. Þessar rásir ber að nýta þannig, að útvarpsstofnun hvers lands fái til umráða sendirými samkvæmt ákveðinni áætlun.

Á síðara stigi ber að miða samstarfið við, að sent verði á einni sjónvarpsrás til austur-norræna viðtökusvæðisins frá hverju þátttökulandi. Er þá gert ráð fyrir, að austur-norrænu ríkin láti í té rásarými til að senda íslenskar sjónvarpsdagskrár til austursvæðis Norðurlanda.

Á rannsóknastiginu skal fjalla nánar um rásafjölda fyrir dagskrársendingar til Íslands.

Jafnframt því sem unnið er að þróun og uppbyggingu kerfisins skal einnig hyggja að því

við hvaða þætti fjarskiptaþjónustu, aðra en hljóðvarps- og sjónvarpssendingar, miða skuli gerð kerfisins.

Haga ber kerfinu þannig, að haldið sé möguleikum til að færa svo út kvíar samstarfsins síðar, að tekinni sérstakri ákvörðun um það efni, að nýttar verði allar þær sjónvarpsrásir sem þátttökuríkjunum hefur verið úthlutað samkvæmt hinni alþjóðlegu tíðniáætlun.

2. Tæknilegar forsendur.

Miða skal vinnuna á rannsóknastiginu við þær sérstöku ráðstafanir varðandi skipan tíðnimála sem samþykktar voru á skipulagsráðstefnu Alþjóðlega fjarskiptasambandsins um útvarpsmálefni (WARC) 1977, svo og við það að miðlunin hlíti að öðru leyti þeim skilmálum sem settir eru í sáttmála Alþjóðlega fjarskiptasambandsins (ITU) og útvarpsreglugerðinni sem honum fylgir.

Á rannsóknastiginu ber m. a. að fjalla um eftirtalin atriði:

— Sendistyrk fyrir austur- og vestursvæði Norðurlanda.
— Afkastagetu kerfisins til hljóðvarps- og sjónvarpssendinga.
— Sendigetu í sambandi við aðra fjarskiptaþjónustu.
— Stefnumið varðandi kaup á búnaði o. fl.
— Skotflaug.

Innan marka rannsóknastigsins skal tæknileg og fjárhagsleg lýsing gervitunglakerfisins sett fram í því formi og unnin til þeirrar hlítar, að unnt verði á grundvelli hennar að taka ákvörðun um kaup á búnaði og stofnsetning kerfisins.

Vinnu á rannsóknastiginu ber að haga þannig, að hagnýtt verði sú reynsla og sú færni sem fengist hefur í starfi að þróun annarra gervitunglaáætlana, sérstaklega Tele-X.

Ennfremur ber í sambandi við þessa vinnu að leiða í ljós að hvaða marki kunni á byrjunarstigi að mega nýta Tele-X-gervitunglið.

Komi mismunandi tæknilegir kostir til greina um uppbygging kerfisins skal sem fyrst leggja fyrir ráðherranefndina tillögur um stefnumörkun fyrir rannsóknavinnuna í því efni.

3. Dagskrárforsendur.

Á rannsóknastiginu ber að leggja fram mismunandi tillögukosti um hvernig haga skuli dagskrárframboði í kerfinu.

Við umfjöllun dagskrármálefna á rannsóknastiginu skal miða við, að þær sjónvarpsrásir sem tiltækar verða á upphafsskeiði verði nýttar þannig, að útvarpsstofnun hvers lands fái til umráða sendirými samkvæmt ákveðinni áætlun.

Að því er varðar þýðingarþjónustu í sambandi við hið aukna hljóðvarps- og sjónvarpssamstarf skal á uppbyggingarskeiði stefnt að því marki, að u. þ. b. 40% af frumgerðu sjónvarpsefni frá Íslandi, Noregi og Svíþjóð verði þýdd á finnsku. Jafnmikill hluti af sjónvarpsefni framleiddu í Finnlandi og á Íslandi verði þýddur á norsku eða sænsku. Þetta mark ber þó að hækka eftir föngum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fæst á uppbyggingarskeiðinu. Ennfremur er miðað við, að norskt og sænskt dagskrárefni verði að því marki sem unnt er búið texta (ágripi) á viðkomandi mál.

Við undirbúning dagskrársamvinnunnar skal höfð hliðsjón af því að Danir kunni að taka til athugunar að gerast aðilar að þeim þætti samstarfsins er varðar dagskrárefni.

4. Lögfræðilegar forsendur.

Vinnuna á rannsóknastiginu skal miða við, að ríki þau sem gera með sér samning um gervitunglasamstarf muni samþykkja að unnt verði á umráðasvæði þeirra að taka við hljóðvarps- og sjónvarpsefni sem miðlað er um kerfið frá einhverju hinna ríkjanna.

Ennfremur ber að miða við, að ríkin skuldbindi sig til að senda ekki auglýsingaefni um kerfið til hinna ríkjanna, nema aðilar komi sér saman um annað.

Setning nauðsynlegra réttarreglna að öðru leyti vegna miðlunar hljóðvarps- og sjónvarpsefnis skal reist á þeim tillögum sem reifaðar voru í álitsgerðinni um norrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervitungl og á sérstökum samningum.

5. Skipulagslegar forsendur.

Vinnan á rannsóknastiginu fer fram innan ramma norræna samstarfssamningsins frá 1962 (Helsingforssamningsins). Ráðherranefnd Norðurlanda tekur þær stjórnmálalegu ákvarðanir sem til þarf á samnorrænum vettvangi og gerir samning þann sem getið er í inngangi stefnumiðanna.

Gert er ráð fyrir, að könnun tæknilegra, fjárhagslegra, iðnpólitískra og dagskrárlegra atriða á rannsóknastiginu verði framkvæmd með verkefnasamstarfi milli viðkomandi ráðuneyta, norrænu fjarskiptastofnananna og útvarpsstofnananna. Hver samstarfsaðili fyrir sig ákveður hverjar þessara innlendu stofnana skuli taka þátt í vinnunni.

Ráðherranefndin skipar embættismannanefnd um norrænt hljóðvarps- og sjónvarpssamstarf með einum fulltrúa frá hverju ráðuneyti sem hlut á að máli. Embættismannanefndin undirbýr mál til meðferðar í ráðherranefndinni og annast samræmingarstjórn vinnunnar á rannsóknastiginu.

Til aðstoðar við ráðherranefndina og embættismannanefndina skal komið á fót skrifstofuþjónustu í tengslum við Norrænu menningarmálaskrifstofuna í Kaupmannahöfn. Embættismannanefndin ákveður síðar nánar um tilhögun skrifstofuþjónustunnar.

Vinnuskipulagið gerir einnig ráð fyrir að komið verði á fót stýrinefndum fyrir hið tæknilega/fjárhagslega verkefnasamstarf annars vegar og hið dagskrárlega verkefnasamstarf hins vegar, auk þess sem sérfróðum aðila/aðilum verði falin umfjöllun lögfræðilegra atriða.

6. Fjárhagslegar forsendur og tímaáætlun.

Ráðherranefndin hyggst leggja fram nauðsynlegt fé til rannsóknavinnunnar. Vinnan á rannsóknastiginu skal fara fram innan kostnaðarmarka er miðast við 55 millj. sænskra króna (á verðlagi 1982). Í þessari fjárhæð felst kostnaður við það verkefnasamstarf milli hlutaðeigandi ráðuneyta, fjarskiptastofnana og útvarpsstofnana sem ekki rúmast innan eigin fjárveitingarmarka, svo og skrifstofukostnaður.

Kostnaður við vinnu á rannsóknastiginu skiptist á þátttökulöndin samkvæmt ákveðinni skiptireglu. Skal hún ákvörðuð á sama grundvelli og hin almenna norræna skiptiregla sem notuð er við skipting kostnaðar af öðru norrænu samstarfi.

Gert er ráð fyrir, m. a. með tilliti til Norðurlandaráðs, að Ráðherranefnd Norðurlanda verði með reglubundnum hætti gerð grein fyrir því hversu umfjöllun tæknilegra atriða og dagskrármálefna vindur fram. Áfangaskýrslur skulu berast ráðherranefndinni eigi síðar en 1. 11. 1982 og 1. 11. 1983. Rannsóknavinnunni skal lokið innan tveggja ára. Ætlast er til að lokaskýrslu verði skilað eigi síðar en 1. 4. 1984.

Sþ. 827. Nefndarálit [164. mál]

um till. til þál. um innlendan lífefnaiðnað.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með því orðalagi sem hér greinir:

BREYTINGARTILLAGA

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði.

Alþingi, 30. apríl 1982.

Eggert Haukdal, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr., með fyrirvara.	Ólafur Þ. Þórðarson, frsm.
Sverrir Hermannsson.	Friðrik Sophusson.	Halldór Ásgrímsson.

Nd. 828. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið umsagnir um það frá félagsmálaráðuneytinu, Félagi einstæðra foreldra, Sálfræðingafélagi Íslands og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála efni frumvarpsins og umsagnaraðilum, en þeir telja allir mikla nauðsyn á að aukin verði fjölskylduráðgjöf frá því sem nú er.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið skuli starfrækja miðstöð fjölskylduráðgjafar og setja reglugerð þar um.

Þar sem hér er um að ræða frv. til laga um breytingu á barnalögum, sem heyra undir dómsmálaráðuneytið, þykir óeðlilegt að sömu lög heyri undir tvö ráðuneyti. Í umsögn félagsmálaráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið hefur látið semja drög að lögum um heildarskipulag félagslegrar þjónustu á vegum sveitarfélaga og er þar m. a. beinlínis gert ráð fyrir að skylt sé að veita ráðgjöf í framangreindum málum.

Með vísun til þess, sem að ofan greinir, leggur meiri hluti nefndarinnar til að **frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. apríl 1982.

Ingólfur Guðnason, fundaskr., frsm.	Jósef H. Þorgeirsson.	Friðrik Sophusson.
	Eggert Haukdal.	

Nd. 829. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Undirritaðir leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 30. apríl 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Vilmundur Gylfason, frsm.

Nd. 830. Breytingartillaga [228. mál]

við frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981.

Frá Vilmundi Gylfasyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Við 1. gr. Orðin „a) Á eftir 6. málsgrein 35. gr. laganna komi ný málsgrein er hljóði svo“ og b-liður falli burt.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um fjölskylduráðgjöf.

Nd. 831. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 30. apríl 1982.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen, frsm.
Sighvatur Björgvinsson.	Albert Guðmundsson.	Matthías Bjarnason.
	Guðrún Hallgrímsdóttir.	

Sþ. 832. Nefndarálit [199. mál]

um till. til þál. um aðgerðir til að efla innlendan iðnað og auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Halldór Ásgrímsson.

Alþingi, 30. apríl 1982.

Eggert Haukdal, form.	Magnús H. Magnússon, frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Sverrir Hermannsson.		Friðrik Sophusson.

Sþ. 833. Breytingartillaga [199. mál]

um till. til þál. um aðgerðir til að efla innlendan iðnað og auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar (EH, MHM, ÓÞÞ, SvH, FrS).

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla innlendan iðnað og styrkja stöðu hans. Aðgerðir þessar hafi það að meginmarkmiði að auka atvinnu í iðnaði, stuðla að aukinni sölu og markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu og auka iðnað í hinum dreifðu byggðum landsins.

Ed. 834. Frumvarp til laga [313. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

1. gr. 2. tl. orðist svo:

1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga og hjúkrunar í sjúkrahúsum, læknisfræðilegs endurhæfingarstarfs, tannlækninga og sjúkraflutninga.

2. gr.

3. gr. 5. tl. orðist svo:

3.5. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Landlækni er heimilt að vísa málinu til sérstakrar nefndar, sem í eiga sæti 3 menn, tilnefndir af Hæstarétti og ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar, og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur og jafnframt formaður. Sömu reglur gilda um varamenn.

Felli aðilar sig ekki við afgreiðslu landlæknis á máli, er þeim heimilt að vísa því til nefndarinnar.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

5.1. Heilbrigðisþing skal haldið eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Verkefni heilbrigðisþings skulu vera ráðgjafar- og umsagnastörf á sviði heilbrigðismála. Til heilbrigðisþings skal boða fulltrúa hinna einstöku þátta heilbrigðisþjónustunnar og einstöku heilbrigðisstétta.

5.2. Ráðuneytið undirbýr heilbrigðisþing í samráði við landlækni og fullvinnur þau mál, er fram koma á þinginu hverju sinni.

4. gr.

7. gr. 3. tl. 3 orðist svo:

7.3.3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði, annarra en ríkisspítala, og rekstri í þeim mæli sem sveitarstjórnir verða ásáttar um.

5. gr.

8. gr. 2. og 3. tl. orðist svo:

8.2. Héraðslæknar skulu fylgjast með því að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Þeir hafa þar umsjón með heilbrigðisstarfi í umboði ráðuneytis, í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og annars staðar, þar sem slíkt starf fer fram. Þeir skulu annast samræmingu heilbrigðisstarfs í héraðinu.

8.3. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis.

6. gr.

9. gr. 1. og 2. tl. orðist svo:

9.1. Launa- og ferðakostnaður vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða heilbrigðisstofnunum. Annar kostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða greiðist úr ríkissjóði.

9.2 Kostnaður heilsugæslulækna og borgarlæknis í Reykjavík vegna héraðslæknisstarfa greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

13. gr. 1. tl. orðist svo:

13.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera með þrennu móti:
Heilsugæslustöð 2 (H2), þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt öðru starfsfólki skv. reglugerð.
Heilsugæslustöð 1 (H1), þar sem starfar einn læknir hið minnsta ásamt öðru starfsfólki skv. reglugerð. Heilsugæslustöð H, þar sem starfar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir og læknir hefur reglulega móttöku sjúklinga.
Heimilt er að ráða lækni til starfa við H2 og H1 stöðvar hluta úr ári, þar sem sérstakar ástæður mæla með. Einnig er heimilt að ákveða að læknir hafi aðsetur á H stöð, varanlega eða um tiltekinn tíma, mæli sérstakar ástæður með.
Heilsugæslustöð H skal stjórnunarlega heyra undir næstu H1 eða H2 stöð.

8. gr.

14. gr. 3. tl. 4 orðist svo:

4. Stykkishólmsumdæmi.

1) Stykkishólmur H2, starfssvæði Helgafellssveit, Flateyjarhreppur, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur.
2) Grundarfjörður H1, starfssvæði Eyrarsveit.
3) Búðardalur H2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Gufudalshreppur, Reykhólahreppur og Geiradalshreppur.
4) Reykhólar H.

Patreksfjarðarumdæmi.

1) Patreksfjörður H2, starfssvæði Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Múlahreppur.
2) Bíldudalur H.

14. gr. 4. tl. orðist svo:

3. Hólmavíkurumdæmi.

1) Hólmavík H1, starfssvæði Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur.
2) Árnes H.

14. gr. 5. tl. 1 orðist svo:

1. Hvammstangaumdæmi.

1) Hvammstangi H 2, starfssvæði Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur.

14. gr. 6. tl. 3 orðist svo:

3. Húsavíkurumdæmi.

1) Húsavík H2, starfssvæði Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur.
2) Laugar H.
3) Reykjahlíð H.
4) Stórutjarnir H.
5) Kópasker H1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.

14. gr. 7. tl. 1. 3), 4) og 5) orðist svo:

3) Seyðisfjörður H1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.
4) Vopnafjörður H1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur.
5) Bakkafjörður H.

14. gr. 7. tl. 2. 2) orðist svo:

2) Eskifjörður H2, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.

14. gr. 7. tl. 3 orðist svo:

3. Hafnarumdæmi.

1) Höfn H2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.
2) Hof H.
3) Djúpivogur H1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.
4) Breiðdalsvík H.

14. gr. 8. tl. 3 orðist svo:

3. Árnesumdæmi.

1) Laugarás H2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur.
2) Laugarvatn H.
3) Selfoss H2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur.
4) Eyrarbakki H.
5) Stokkseyri H.
6) Hveragerði H2, starfssvæði Ölfushreppur austan Hjalla og Hveragerðishreppur.
7) Þorlákshöfn H1, starfssvæði Ölfushreppur vestan Hjalla og Selvogshreppur.

14. gr. 9. tl. 1 og 2 orðist svo:

1. Keflavíkurumdæmi.

1) Keflavík H2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
2) Grindavík H1, starfssvæði Grindavíkurkaupstaður.
3) Sandgerði H.
4) Gerðar H.
5) Vogar H.

2. Hafnarfjarðarumdæmi.

1) Hafnarfjörður H2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður.

2) Garðabær H2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

14. gr. 10. tl. orðist svo:

14.10. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða skv. 2.—9. mgr. þessarar greinar.

14. gr. 11. tl. falli niður.

9. gr.

17. gr. orðist svo:

17.1. Ráða skal hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og sjúkraþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar, og skulu þeir skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar og taka laun úr ríkissjóði.

17.2. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra að þeim heilsugæslustöðvum, þar sem starfsemin er svo umfangsmikil að ráðherra telji þess þörf.

17.3. Ráðherra setur hjúkrunarforstjórum erindisbréf.

17.4. Ráðherra getur ákveðið að sjúkraliði gegni störfum á heilsugæslustöð og taki laun úr ríkissjóði, þegar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir fást ekki til starfa.

10. gr.

Við 18. gr. bætist nýr töluliður er verði 2. tl. og aðrir færist til er því nemur:

18.2. Eigi má hefja framkvæmdir fyrr en fyrir liggur skriflegt samþykki ráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis þess verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi. Kostnaðaráætlun skal miðast við þann tíma er hún er staðfest og taka þeim breytingum, sem vísitala byggingarkostnaðar tekur frá staðfestingardegi til útborgunardags.

11. gr.

19. gr. 1. tl. orðist svo:

19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:

1) Almenn læknisþjónusta, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.
2) Læknisrannsóknir.
3) Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og endurhæfing.
4) Heimilishjúkrun.
5) Heilsuvernd. Aðalgreinar heilsuverndar eru:
   - 5.1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.
   - 5.2. Mæðravernd.
   - 5.3. Ungbarna- og smábarnavernd.
   - 5.4. Heilsugæsla í skólum.
   - 5.5. Berklavarnir.
   - 5.6. Kynsjúkdómavarnir.
   - 5.7. Geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir.
   - 5.8. Sjónvernd.
   - 5.9. Heyrnarvernd.
   - 5.10. Heilsuvernd aldraða.
   - 5.11. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
   - 5.12. Félagsráðgjöf, þ. m. t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.
   - 5.13. Umhverfisheilsuvernd.
   - 5.14. Atvinnusjúkdómavarnir, sbr. og lög nr. 46/1980.

Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið, þar sem heilsugæslustöð er, skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.

12. gr.

20.1. Reksturskostnaður heilsugæslustöðva, annar en launakostnaður fastráðinna lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraþjálfara, greiðist af viðkomandi sveitarfélögum. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist sem stofnkostnaður.

13. gr.

Við 21. gr. bætist nýr töluliður er verði 3. tl. og 3. tl. verði 4. tl.

21.3. Sveitarfélög innan sama heilsugæsluumdæmis geta samið um sameiginlega stjórn heilsugæslustöðva í umdæminu. Skal í slíkum tilvikum gera samning um eina stjórn, kosningu fulltrúa sveitarfélaga og kostnaðarskiptingu. Skal samningurinn staðfestur af ráðherra.

14. gr.

22.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæslustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:

a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit svo og skólatannlækningar.

b) Laun skv. samningi stéttarfélags lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

15. gr.

24. gr. orðist svo:

24.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Sværðissjúkrahús. Sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða sem flestum greinum læknisfræðinnar, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknadeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildarsjúkrahús. Sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingadeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almennt sjúkrahús. Sjúkrahús sem hefur á að skipa sérfræðingum í handlækninseða lyflæknisfræði. Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.
4. Heilsugæslusjúkrahús. Sjúkrahús, sem hafa á að skipa sérfræðingum í heimilislækningum og taka sjúklinga til rannsókna og meðferðar.
5. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili. Vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
6. Vinnu- og dvalarheimili. Stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, áfengis- og fíkniefnasjúklinga, til dvalar eða starfs.
7. Sjúkraheimili. Dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalist í heimahúsum.

16. gr.

Við 24. gr. bætist nýr töluliður, er verði 3. tl. og orðist svo:

24.3. Ráðherra skal með reglugerð kveða á um samvinnu og samstjórn sjúkrahúsa í landinu.

17. gr.

26. gr. 1. tl. orðist svo:

26.1. Óheimilt er að setja á stofn eða reka sjúkrahús skv. 24. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama gildir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.

18. gr.

27. gr. 2. tl. orðist svo:

27.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfi, að ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits landlæknis og viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

19. gr.

29. gr. orðist svo:

29.1. Við hvert sjúkrahús skv. 24. gr. skal starfa framkvæmdastjóri, yfirlæknir og hjúkrunarforstjóri.

29.2. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar, annast fjármál, skipuleggur og samhæfir rekstur hennar, þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt. Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti, undirbýr þá og sér um framkvæmd ákvarðana stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar á öllum málefnum er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir. Yfirlæknir sjúkrahúss og hjúkrunarforstjóri eru framkvæmdastjórar til ráðgjafar um slíkar áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir hvor á sínu sviði.

29.3. Á svæðis- og deildarsjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérdeilda, sem bera ábyrgð á lækningum, sem þar fara fram. Hann hefur eftirlit með starfsemi deildarinnar og skal stuðla að því að hún sé ávallt sem hagkvæmust og markvissust.

29.4. Formaður læknaráðs stofnunarinnar skal vera yfirlæknir hennar allrar nema stjórn ákveði annað. Hann kemur fram út á við sem læknisfróður forsvarsmaður stofnunar í samráði við yfirlækna sérdeilda annars vegar og stjórn, framkvæmdastjóra og læknaráðs hins vegar.

29.5. Á svæðis- og deildarsjúkrahúsum skulu vera hjúkrunarstjórar deilda. Hjúkrunarstjóri skipuleggur hjúkrun á deildinni í samráði við hjúkrunarforstjóra og ber ábyrgð á henni.

29.6. Ráðherra setur framkvæmdastjórum, yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum erindisbréf og setur nánari ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í reglugerð að fengnum umsögnum viðkomandi sjúkrahússtjórna.

20. gr.

30. gr. 1. og 2. tl. orðist svo:

30.1. Sjúkrahús þau, sem ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn þeirra að öðru leyti falin 7 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 32. gr. 3. tl., tilnefnir 2 menn, sameinað Alþingi 4, og ráðherra skipar 1 án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Við ríkisspítalanna skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðherra að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri ríkisspítalanna í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.

30.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af 5 manna stjórnum Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa 1 mann, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir (í Reykjavík heilbrigðismálaráð) 3 menn, og ráðherra tilnefnir 1 fulltrúa, og skal hann vera bú-

settur í sveitarfélagi, sem aðild á að sjúkrahúsinu. Þegar um einkasjúkrahús er að ræða eða sjálfseignarstofnun, kýs starfsmannaráð 1 stjórnarmann, ráðherra tilnefnir 1, sem búsettur skal í viðkomandi sveitarfélagi, en eigendur kjósa 3 menn.

30.3. Yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum sjúkrahúsa skal heimilt að sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi. Sama gildir um annað starfslið, er sinnir sjálfstæðum og sérhæfðum verkefnum, þegar þau mál eru á dagskrá.

30.4. Stefnt skal að því að framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. 2. tl. og forstjóri ríkisspítalanna skv. 30. gr. 1. tl. hafi sérþekkingu á rekstri sjúkrahúsa. Sérstök nefnd metur hæfni umsækjenda og stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi ráðuneytis og er hann jafnframt formaður, fulltrúi félags forstöðumanna sjúkrahúsa og skulu þeir skipaðir til 4ra ára í senn og fulltrúi viðkomandi sjúkrahússtjórnar (stjórnarnefnd ríkisspítala), sem skipaður skal í hverju tilviki. Engan má ráða til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan.

21. gr.

31. gr. 3., 4. og 5. tl. orðist svo:

31.3 Yfirlæknar annarra sjúkarhúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., sbr. þó 21. gr.

31.4. Hjúkrunarforstjórar sjúkrahúsa ríkisins skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn hjúkrunarráðs skv. hjúkrunarlögum nr. 8/1974. Hjúkrunarforstjórar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn hjúkrunarráðs.

Hjúkrunardeildarstjórar skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarforstjóra.

31.5. Skipa má hvern þann lækni og hjúkrunarforstjóra til starfa skv. þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.

22. gr.

33. gr. orðist svo:

33.1. Ráðherra lætur gera áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir í samræmi við 14. og 24. gr. Áætlunin skal gerð í samvinnu við heilbrigðismálaráð héraðanna og landlækni og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Áætlunin skal gerð til fjögurra ára og endurskoðast annað hvert ár og staðfest af Alþingi. Þau umdæmi eða svæði, sem verst eru sett að því er varðar heilsugæslu og læknisþjónustu skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva.

23. gr.

34. gr. 3. 4. og 5. tl. orðist svo:

34.4. Framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað samkvæmt 34.2. skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað. Um framkvæmdir gilda sömu reglur og í 18. gr. 2. tl.

Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga. Viðhald fasteigna og tækja greiðist sem reksturskostnaður.

34.5 Um greiðslur sjúkraflutninga fer skv. almannatryggingalögum.

Ráðherra setur að höfðu samráði við landlækni, dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, menntamálaráðuneyti og viðkomandi heilbrigðismálaráð eftir því sem við á reglur um framkvæmd og skipulagningu sjúkrarflutninga í hverju umdæmi þar sem m.a. skal kveðið á um lágmarksmenntun sjúkraflutningsmanna, réttindi þeirra og skyldur og búnað sjúkraflutningstækja.

24. gr.

38. gr. orðist svo:

38.1 Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðisþjónustu.

38.2 Ráðuneytið og landlæknir skulu í samráði við utanríkisráðuneytið sjá um samstarf á sviði þessara mála á alþjóðavettvangi.

27. gr.

42. gr. orðist svo:

42. Ráðherra er heimilt að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæslustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 57/1978 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það, en þó ekki lengur en til ársloka 1983. Sama gildir um læknastöðvar, sem ekki hafa fastráðið starfslið á launum hjá ríkinu og reknar eru af sveitarfélögum og/eða sjúkrasamlögum og sinna í meginatriðum þeirri þjónustu, sem heilsugæslustöðvum er ætlað að sjá um hafi ráðuneytið viðurkennt þessar stöðvar og starfssemi sem fullnægjandi bráðabirgðalausn. Skulu þessar stöðvar fá árlega fjárframlög úr ríkissjóði, sem samsvari kaupi þess fastráðna, sérhæfða fólks, sem ráðið mundi að heilsugæslustöð á svæðinu og húsaleigu, sé um leiguhúsnæði að ræða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meðfylgjandi frumvarp er unnið af starfshópi, sem komið var á fót á sl. hausti fyrir tilstuðlan heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Í hópnum áttu sæti:

Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem jafnframt stýrði starfi hópsins,

Ólafur Ólafsson, landlæknir, og alþingismennirnir

Salome Þorkelsdóttir, tilnefnd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins,

Jóhann Einvarðsson, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins,

Magnús H. Magnússon, tilnefndur af þingflokki Alþýðuflokksins, og

Helgi Seljan, tilnefndur af þingflokki Alþýðubandalagsins.

Helstu nýmæli og breytingar er felast í frumvarpinu koma fram í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Bætt er inn í upptalningu eftirfarandi:

Hjúkrun í sjúkrahúsum, læknisfræðilegt endurhæfingarstarf (í stað endurhæfingarstarfs án skilgreiningar, sem falið gæti í sér starfslega endurhæfingu), tannlækningar og sjúkraflutningar.

Um 2. gr.

Gerð er tillaga um sérstaka nefnd til þess að sinna kvörtunum og kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Í dag eru þessi mál í höndum landlæknis, en lagt er til að til hliðar við landlæknisstarfið sé ákveðin sérfræðinganefnd, sem auk þess sé hægt að vísa máli til beint, þ. e. a. s. sætti aðilar sig ekki við afgreiðslu landlæknis á máli. Landlæknir hefur á undanförnum árum ítrekað óskað eftir því að einhverskonar ráðgjafarnefnd verði skipuð á þessu sviði.

Um 3. gr.

Lagt er til að í stað Heilbrigðisráðs Íslands, sem verið hefur óstarfhæft, verði haldið heilbrigðisþing eigi sjaldnar en 4. hvert ár. Yrði verkefni heilbrigðisþings mjög í sama anda og störf Heilbrigðisráðs Íslands, en unnin á miklu breiðari grundvelli. Tillagan er fram komin í kjölfar heilbrigðisþings sem haldið var haustið 1980 og þótti takast vel.

Um 4. gr.

Lagt er til að heilbrigðismálaráð læknishéraðanna hafi ekki sem verkefni skipulagningu á starfi ríkisspítala. Tillagan er fram komin þar sem mjög óeðlilegt er að heilbrigðismálaráð ákveðins héraðs hafi meira með þessi mál að gera en önnur þar sem starfsemi ríkisspítalanna snertir landið í heild, auk þess sem ríkisspítölunum eru ekki ætluð þau áhrif innan heilbrigðismálaráða, samkvæmt lögunum, að tryggt sé að sjónarmið þeirra komi nægjanlega fram við undirbúning. Enn fremur skal á það bent að fyrir ríkisspítölunum fer sérstök stjórnarnefnd, sem heyrir beint undir ráðherra.

Um 5. gr.

Ákvæði um störf héraðslækna skortir í gildandi lög og er hér reynt að bæta úr því og eru þessar tillögur mjög í sama anda og þau ákvæði er giltu um héraðslækna skv. upphaflegum lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 56/1973.

Um 6. gr.

Lögð eru til ótvíræð ákvæði um það að launa- og ferðakostnaður vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum læknishéraðanna skuli greiddur af þeirri stofnun eða því sveitarfélagi, sem þeir eru fulltrúar fyrir. Enn fremur er lagt til að sama gildi um kostnað vegna héraðslæknisstarfa borgarlæknis í Reykjavík og aðra heilsugæslulækna, þ. e. a. s. að sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Þetta er þannig í reynd, þótt ekki sé það lögbundið.

Um 7. gr.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Að við heilsugæslustöð 1 (H1) skuli starfa einn læknir hið minnsta í stað eins læknis. Hér eru því möguleikar á að fjölga læknum við H1 stöðvar, sé slíkt ákveðið. Enn fremur er lagt til að ráða megi lækna til starfa við H2 og H1 stöðvar hluta úr ári, þar sem sérstakar ástæður mæli með slíku og að heimilt verði að ákveða að læknir hafi aðsetur á H stöð, varanlega eða um tiltekinn tíma mæli sérstakar ástæður með.

Um 8. gr.

Hvað snertir heilsugæsluumdæmin eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

1. Grundarfjörður gerður að H1 stöð í stað H. Reykhólar færðir undir Stykkishólmsumdæmi, í stað Hólmavíkurumdæmis.
   Gufudalshreppur, Geiradalshreppur og Flateyrarhreppur færðir undir Stykkishólmsumdæmi í stað Hólmavíkurumdæmis.
2. Múlahreppur færður undir Patreksfjarðarhrepp í stað Hólmavíkurumdæmis.
3. Bæjarhreppur færður undir Hvammstangaumdæmi í stað Hólmavíkurumdæmis.

4. Kópaskeri ákvarðað starfssvæði, en slíkt fórst fyrir við endurskoðun laganna 1978, en þá var ákveðið að hafa H1 stöð á Kópaskeri, en stöðinni ekki ákvarðað starfssvæði eins og vera ber.
5. Skeggjastaðahreppur færður undir Vopnafjörð í stað Bakkafjarðar, en Bakkafjörður getur sem slíkur ekki haft ákveðið starfssvæði þar sem þar er eingöngu reiknað með H stöð.
6. Gert er ráð fyrir H2 stöð á Eskifirði í stað H1, enda fólksfjöldi á svæðinu orðinn það mikill að spurningin er um það hvort gera eigi Reyðarfjörð að H1 eða Eskifjörð að H2 í stað H1, en sú leið er valin hér.
7. Hof í Öræfum gert að H stöð.
8. Stokkseyri gert að H stöð og Þorlákshöfn að H1 í stað H. Enn fremur lagt til að Þingvallahreppur falli undir Selfoss, þ. e. a. s. Árnesumdæmi í stað Reykjanesumdæmis.
9. Lagt til að Grindavík verði H1 stöð í stað H og að Vogar verði H. Enn fremur lagt til að Vatnsleysuhreppur falli undir Keflavíkurumdæmi, enda í reynd þjónað frá Keflavík í stað Hafnarfjarðarumdæmis eins og stendur í núgildandi lögum.

Enn fremur eru lagðar til nokkrar breytingar við 14. gr. gildandi laga, þar sem ekki er lengur þörf sérákvæða um nokkra hreppa.

Um 9. gr.

Þær breytingar eru lagðar til hér, að sjúkraþjálfarar verði ráðnir til starfa við heilsugæslustöðvar. Þessi breyting mun ekki fela í sér að sjúkraþjálfarar yrðu skilyrðislaust ráðnir við allar heilsugæslustöðvar heldur eingöngu við þær stærstu og allt samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis og fjárveitingayfirvalda. Enn fremur er lögð til sú breyting hér að stjórnir viðkomandi heilsugæslustöðva fái að gefa umsögn um hjúkrunarfræðinga og ljósmæður og sjúkraþjálfara er sækja um stöður.

Lögð er til sú breyting að í stað heilbrigðismálaráða héraðanna ákveði ráðherra hvenær ráða skuli hjúkrunarforstjóra að heilsugæslustöðvum. Sú breyting er enn fremur lögð til að ráðherra geti ákveðið að sjúkraliði gegni störfum á heilsugæslustöð og taki laun úr ríkissjóði, þegar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir fást ekki til starfa. Á slíkt hefur reynt og hefur þá þurft að fara krókaleiðir með greiðslur, þ. e. a. s. viðkomandi sveitarfélag hefur greitt sjúkraliðalaun, en síðan hefur ráðuneytið endurgreitt úr læknishéraðasjóði.

Um 10. gr.

Greinin kveður á um framkvæmdir við byggingu og búnað heilsugæslustöðva og er efnislega eins og ákvæði laga um skólakostnað frá 1967, að því leyti er þau snerta byggingu skólahúsnæðis, nema ekki er gert ráð fyrir lögbundnum leiðréttingum í fjárlögum næsta árs.

Um 11. gr.

Þessi grein fjallar um þá þjónustu sem veita á á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana. Nýmælin eru eftirfarandi:

Sjúkraflutningar, heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi, tóbaksvarnir, að í félagsráðgjöf skuli meðal annars fólgin fjölskyldu- og foreldraráðgjöf og sérstaklega er vísað til laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að því er snertir atvinnusjúkdóma og varnir. Enn fremur segir að sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið, þar sem heilsugæslustöð er, skuli heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni og er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, enda á allan hátt eðlilegt að sem sterkust bönd séu milli heilbrigðiseftirlits og heilsugæslunnar.

Um 12. gr.

Laun sjúkraþjálfara skulu greidd úr ríkissjóði. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja heilsugæslustöðva skuli greiðast sem stofnkostnaður í stað þess að helmingast milli ríkis og sveitarfélaga.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að sveitarfélögin innan sama heilsugæsluumdæmis geti samið um sameiginlega stjórn heilsugæslustöðva í umdæminu. Slík ákvæði eru ekki í gildandi lögum og má í reynd segja að gildandi lög hamli gegn slíkri sameiginlegri stjórn nema þar sem um er að ræða heilsugæslustöðvar í sama sveitarfélagi.

Um 14. gr.

Lagt er til að leita þurfi umsagnar stjórna viðkomandi heilsugæslustöðva um umsóknir lækna og tannlækna um störf á heilsugæslustöðvum.

Um 15. gr.

Lagt er til að í stað orðsins sjúkraskýli komi heilsugæslusjúkrahús og að í stað orðsins gistiheimili komi sjúkraheimili. Hvað snertir vinnu- og dvalarheimili eru felld niður ákvæðin er segja að á slíkum stofnunum skuli taka til vistunar líkamlega bæklaða eða fávita. Slík heimili, að því er snertir fatlaða, falla í dag undir lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta.

Um 16. gr.

Lagt er til að ráðherra geti með reglugerð ákveðið um samvinnu og samstjórn á sjúkrahúsum í landinu og er þetta í samræmi við ályktanir heilbrigðisþings, er haldið var haustið 1980 um nauðsyn þess að hægt sé að kveða á um sem mesta samvinnu og samstjórn sjúkrahúsa í landinu, bæði svæðisbundið og í heild.

Um 17. og 18. gr.

Hér er eingöngu um orðalagsbreytingar að ræða.

Um 19., 20. og 21. gr.

Þær breytingar sem hér koma fram snerta framkvæmdastjóra sjúkrahúsa svo og forstjóra ríkisspítalanna og eru viðleitni í þá átt að festa í lögum stöðu þessara aðila sem í sjálfu sér hafa ekki minni ábyrgð en yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar. Er leitast við að tryggja sem besta menntun þessara aðila og að skilgreina störf þeirra eins og kostur er í lögum. Önnur veigamikil breytingaákvæði fjalla um stjórnarnefnd ríkisspítalanna, en þar er lagt til að í stað þess að ráðherra skipi þrjá aðila í stjórnarnefnd án tilnefningar skipi hann einn, en sameinað Alþingi kjósi fjóra.

Lögð var til sú breyting af sjúkrahúsum sveitarfélaga að í stað tveggja kjósi starfsmannaráð viðkomandi stofnana einn en ráðherra tilnefni í staðinn einn fulltrúa og að hann skuli vera búsettur í sveitarfélagi, sem á aðild að sjúkrahúsinu. Þegar um einkasjúkrahús er að ræða eða sjálfseignarstofnun er lagt til að í stað tilnefningar sveitarfélaga á einum fulltrúa tilnefni ráðherra einn og skuli hann búa í viðkomandi sveitarfélagi. Ástæðan fyrir þessum tillögum er fyrst og fremst sú að í dag hefur ríkisvaldið enga aðild að stjórnum sjúkrahúsa einkaaðila eða sveitarfélaga, þótt ríkið standi að mestu leyti undir rekstri. Hlýtur t. d. að vera eðlilegra að ríkið eigi fulltrúa í stjórnum einkasjúkrahúsa heldur en viðkomandi sveitarfélag, sem ekkert hefur með reksturinn að gera.

Um 22. gr.

Lögð var til sú breyting varðandi áætlanir um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir að áætlunin sé gerð til 4 ára í stað 5 og að hún skuli endurskoðast annað hvert ár í stað árlega og til viðbótar staðfestast af Alþingi.

Um 23. gr.

Lagt er til að um framkvæmdir við sjúkrahúsbyggingar gildi sömu framkvæmdareglur og getið er um að framan varðandi byggingar heilsugæslustöðva sem er efnislega eins og reglurnar um byggingu skólahúsnæðis.

Enn fremur er lagt til að í stað helmingaskipta milli ríkis og sveitarfélaga skuli litið á viðhald fasteigna og tækja sem reksturskostnað, sem mundi þá greiðast á sama hátt og annar rekstur sjúkrahúsanna eða eins og málum er háttað í dag af daggjaldakerfinu.

Lagt er til að settar verði reglur um framkvæmd og skipulagningu sjúkraflutninga með hliðsjón af hverju umdæmi og séraðstöðu þess og að m. a. skuli setja reglur um lágmarksmenntun sjúkraflutningsmanna, réttindi þeirra og skyldur svo og búnað flutningstækja. Ákvæði sem þessi skortir algjörlega í gildandi lög. Enn fremur eru tekin af öll tvímæli um það að um greiðslur sjúkraflutninga eigi að fara skv. almannatryggingalögum en í gildandi almannatryggingalögum er vísað til heilbrigðisþjónustulaga um greiðslu sjúkraflutninga milli sjúkrahúsa en engin ákvæði er að finna í þeim um þessa hluti enda ekki eðlilegt miðað við það að um aðra sjúkraflutninga er fjallað í almannatryggingalögum.

Um 24. gr.

Lagt er til að fellt verði úr lögum ákvæði er kveður á um það að ríkið eigi að eiga aðild að stjórn líknarfélaga, er þiggja styrk frá ríkissjóði og reka heilbrigðisþjónustu. Þetta hefur ekki verið þannig í reynd og er að mati þeirra er til þekkja óframkvæmanlegt.

Um 25. og 26. gr.

Ekki efnislegar breytingar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að heilsuverndarstarf samkvæmt lögunum nr. 44/1955 megi ekki haldast óbreytt lengur en til ársloka 1983. Samkvæmt gildandi lögum er enn opið, hversu lengi heilsuverndarstöðvar mega starfa og er mál að linni. Er í reynd rekið tvöfalt kerfi á þessu sviði í dag, þar sem enn eru við lýði nokkrar heilsuverndarstöðvar í landinu, og má sem dæmi nefna heilsuverndarstöð á Akureyri og á Ísafirði. Rekstur heilsuverndarstöðva er kostaður þannig, að viðkomandi sveitarfélag greiðir 1/3 sjúkrasamlag 1/3 og ríkið 1/3. Heilsugæslustöðvar eru hins vegar reknar þannig að viðkomandi sveitarfélag annast allan rekstur nema ríkið tekur að sér greiðslur launa lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Á Ísafirði eru starfandi í dag svo dæmi, sé tekið 4 heilsugæslulæknar að fullu á kostnað ríkisins en heilsuverndarstöðin er rekin eingöngu að 1/3 á kostnað viðkomandi sveitarfélags, þ. e. a. s. Ísafjarðarkaupstaðar eins, og koma nærliggjandi sveitarfélög þar ekki inn í myndina. Ætti þetta dæmi að sanna að nauðsyn eins kerfis yfir landið er brýn og ekki seinna vænna en 10 árum eftir gildistöku upphaflegu laganna að því verði að fullu komið á.

Sþ. 835. Nefndarálit [252. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1978.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft til athugunar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1978.

Nefndin hefur borið frv. saman við niðurstöður ríkisreiknings 1978 og er það í samræmi við hann.

Leggur nefndin til að það verði samþykkt.

Alþingi, 30. apríl 1982.

Geir Gunnarsson, form.	Eggert Haukdal, fundaskr.	Þórarinn Sigurjónsson, frsm.
Lárus Jónsson.	Alexander Stefánsson.	Friðrik Sophusson.
Karvel Pálmason.	Guðm. Bjarnason.	Egill Jónsson.

Ed. 836. Lög [193. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 799.

Nd. 837. Frumvarp til laga [314. mál]

um breyting á lögum nr. 77 1. okt. 1981, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1) Hafnarfjarðarumdæmi: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Gullbringusýsla, Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Bessastaðahreppur.
2) Reykjavíkurumdæmi: Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur.
3) Akranesumdæmi: Akranes, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur.
4) Borgarfjarðarumdæmi: Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur.
5) Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla nema Hvítársíðuhreppur.
6) Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Flateyjarhreppur.
7) Dalaumdæmi: Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla að undanteknum Múlahreppi og Flateyjarhreppi.

8) Barðastrandarumdæmi: Vestur-Barðastrandarsýsla, Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu.
9) Ísafjarðarumdæmi: Ísafjarðarkaupstaður, Bolungarvík, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslur.
10) Strandaumdæmi: Strandasýsla. Íbúar Bæjarhrepps geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Vestur-Húnaþingsumdæmi, ef þeir óska þess.
11) Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.
12) Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
13) Skagafjarðarumdæmi: Sauðárkrókur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Rípurhreppur, Akrahreppur.
14) Hofsósumdæmi: Hofsóshreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur, Holtshreppur, Siglufjörður.
15) Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Hríseyjarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur.
16) Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.
17) Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímseyjarhreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Hálshreppur.
18) Þingeyjarumdæmi vestra: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykdælahreppur vestan Fljótsheiðar.
19) Þingeyjarumdæmi eystra: Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Kelduneshreppur.
20) Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur.
21) Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum, Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiðahreppur í Suður-Múlasýslu, Seyðisfjörður.
22) Austurlandsumdæmi syðra: Búðahreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur.
23) Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarhreppur, Neskaupstaður, Helgustaðahreppur, Eskifjörður, Reyðarfjarðarhreppur, Mjóafjarðarhreppur. Íbúar hreppanna sunnan Oddsskarðs geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Austurlandsumdæmi nyrðra, ef þeir óska þess.
24) Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla.
25) Kirkjubæjarklaustursumdæmi: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Skaftártunguhreppur, Álftavershreppur.
26) Skógaumdæmi: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur.
27) Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fjótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur austan Eystri-Rangár.
28) Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur.
29) Hreppaumdæmi: Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur.
30) Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur.
31) Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfoss, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur, Grafningshreppur, Vestmannaeyjar.

Skipting héraðsdýralæknisumdæma skv. þessari grein kemur til framkvæmda á næstu fimm árum eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77/1981 gera ráð fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir þessu þingi hefur legið frv. til laga um dýralækna. Því hefur nú verið vísað til ríkisstj., en fyrir því að sú breyting á dýralæknaskipaninni, sem hér er lögð til, er mjög brýn, telur landbn. óhjákvæmilegt að flytja þetta frv.

Ed. 838. Lög [155. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 702 (sbr. 192).

Ed. 839. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. apríl.)

1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laga nr. 35/1960 orðist svo:

Það telst eigi heimili, þó maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, og það jafnt þótt maður sé eigandi þess húsnæðis, sem hann dvelst í. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni. Þegar um er að ræða dvöl á elliheimili, sérhönnuðum heimilum eða íbúðum fyrir aldraða eða öryrkja getur sveitarstjórn heimilað undanþágu frá þessu ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1981.

Nd. 840. Lög [159. mál]

um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 795 (sbr. 204).

Nd. 841. Lög [255. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 536.

Nd. 842. Frumvarp til laga [258. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1975, um Viðlagatryggingu Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 541 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
5. gr. orðist svo:

Eftirtalin verðmæti er skylt að tryggja:

a. Allar húseignir og lausafé, þar með taldar vörubirgðir, vélar og tæki, enda séu þessi verðmæti brunatryggð hjá vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Tryggingarskyldan nær einnig til lausafjár, sem tryggt er almennri samsettri tryggingu, er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík trygging undir eignatryggingar samkvæmt skilgreiningu tryggingaeftirlitsins. Þó skulu þær tryggingar, er flokkast undir svo nefndar „ALL RISKS“ tryggingar eða einstakar sértryggingar ekki falla undir viðlagatrygginguna, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar. Tryggja skal allt ræktað land og lóðir, sem metin eru af Fasteignamati ríkisins.
b. Neðangreind mannvirki:
Hitaveitur.
Vatnsveitur.
Skolpveitur.
Hafnarmannvirki.
Brýr.
Raforkuvirki, þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki.
Sími og önnur fjarskiptakerfi, þar með talin dreifikerfi hljóðvarps, sjónvarps og flugþjónustu.

Heimilt skal stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki ráðherra að ákveða, að stofnunin taki að sér að tryggja önnur verðmæti en þau, sem falla undir skyldutrygginguna samkvæmt a. og b. lið hér að framan.

Sþ. 843. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um íslenska iðnkynningu.

Frá atvinnumálanefnd.

Atvinnumálanefnd hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við samtök iðnaðarins og neytenda að hrinda af stað kynningu á íslenskum iðnaði.

Alþingi, 30. apríl 1982.

Eggert Haukdal, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Sverrir Hermannsson.	Friðrik Sophusson.
	Magnús H. Magnússon.	

Sþ. 844. Nefndarálit [149. mál]

um till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.

Frá atvinnumálanefnd.

Atvinnumálanefnd Sþ. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.

Nefndarmenn leggja áherslu á að ráðist verði í orkufrekan iðnað sem tryggi hagkvæma nýtingu frá ofangreindum virkjunum. Þrátt fyrir það eru nefndarmenn sammála um að nefndinni gefist ekki ráðrúm til að gera orkunýtingunni viðhlítandi skil á þeim skamma tíma sem lifir þings.

Þess vegna fjalla breytingartillögur nefndarinnar fyrst og fremst um vatnsaflsvirkjanir, enda hefur nefndin afgreitt veigamikla tillögu um iðnaðarstefnu, sem m. a. varðar það mál.

Um brtt. 1:

Nefndarmenn telja einsýnt að ráðist verði í Blönduvirkjun þegar á þessu ári og verði samið við Landsvirkjun um framkvæmdir. Stíflumannvirki verði gerð með stækkun uppistöðulóns með 400 Gl miðlun fyrir augum síðar meir ef þörf krefur að mati virkjunaraðila.

Nefndin leggur til að verði ágreiningur í samráðsnefndinni um aukna miðlun skuli Alþingi úrskurða í málinu.

Um brtt. 2:

Mjög mikið rannsóknarstarf hefur verið unnið til undirbúnings Fljótsdalsvirkjun og eru rannsóknir á lokastigi og hönnun lokið. Fljótsdalsvirkjun krefst aukinnar sölu orku til orkufreks iðnaðar og þurfa rannsóknir á þeim möguleikum að fara fram jafnhliða virkjun, til viðbótar við áformaða kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Sömu sögu er að segja hvað varðar Sultartangavirkjun. Nauðsynlegt er að rannsaka orkufreka iðjukosti um Suður- og Suðvesturland hennar vegna.

Í sambandi við iðjukosti vill nefndin enn fremur minna á slíkar hugmyndir um Norðurland.

Um brtt. 3:

Miðað við áform um vatnsmiðlun á Þjórsár/Tungnaársvæðinu er nýting þess vatns við Búrfell eðlileg og sjálfsögð. Nægir í því sambandi að benda á að kostnaðarsöm mannvirki, sem fyrir eru við Búrfell, nýtast að fullu nýjum aflvélum. Er eðlilegt að leitað verði lagaheimildar fyrir þeim aflauka við Búrfell, í stað heimildar um fjórðu aflvél við Hrauneyjafoss og Sigöldu.

Alþingi, 1. maí 1982.

Eggert Haukdal, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Sverrir Hermannsson, frsm.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Halldór Ásgrímsson.	Magnús H. Magnússon.
	Friðrik Sophusson.	

Sþ. 845. Breytingartillaga [149. mál]

við till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar með vísun til 2. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver að:

1. Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun. Miðlun umfram 220 Gl verði ekki aukin fyrr en nauðsyn ber til vegna raforkukerfisins. Verði ágreiningur um aukna miðlun skal honum skotið til Alþingis, að fenginni tillögu ríkisstjórnar.
2. Fljótsdalsvirkjun og síðar Sultartangavirkjun verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Eftir því sem orkuþörf gefur tilefni til skarist annars vegar Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun og hins vegar Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun.
3. Samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjunum verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu, með Kvíslaveitum, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og gerð Sultartangastíflu. Búrfellsvirkjun verði stækkuð þannig að núverandi afkastageta vatnsaflsvirkjana á þessu svæði geti aukist um allt að 950 GWst. á ári.

Ed. 846. Frumvarp til laga [220. mál]

um fóðurverksmiðjur.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélaga, sem eigi og reki fóðurverksmiðjur.

Við staðarval ber að hafa í huga aðstöðu til hráefnisöflunar, orkuöflunar og nálægð markaða.

Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa menn í stjórn slíkra hlutafélaga að jöfnu við hlutafjáreign ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til slíkra verksmiðja.

Setja skal reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og annað sem varðar aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn mála er lög þessi varða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 847. Lög [131. mál]

um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 800.

Ed. 848. Lög [43. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 637 (sbr. 43).

Ed. 849. Lög [260. mál]

um breytingu á lögum nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, og lögum nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 548.

Ed. 850. Lög [82. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 85.

Nd. 851. Lög [232. mál]

um breytingu á lögum nr. 95 20. des. 1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 422.

Nd. 852. Lög [44. mál]

um afnám laga nr. 28 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 44.

Nd. 853. Lög [298. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna, lögum nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, svo og lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, lög nr. 21/1975 og lög nr. 98/1980, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 690.

Nd. 854. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Ríkisskattstjóri hefur komið fyrir nefndina, lagt fram ýmis gögn og veitt upplýsingar.

Í lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, voru ákvæði þess efnis, að félög, sem ekki ráku atvinnu, voru undanþegin skattskyldu samkvæmt þeim lögum. Á undanþáguákvæðið hefur reynt m. a. í málum sem til úrlausnar hafa komið hjá ríkisskattanefnd og dómstólum. Á grundvelli þessara ákvæða felldi ríkisskattanefnd úrskurð um skattskyldu tiltekins félagsheimilis gjaldárið 1979 vegna rekstrar þess á árinu 1978. Aðgerðir skattyfirvalda, sem m. a. eru byggðar á úrskurðinum, eru tilefni frumvarpsins sem hér er til meðferðar. Ljóst er að áðurnefnd undanþága frá skattskyldu, sbr. lög nr. 68/1971, er skilyrðisbundin. Ríkisskattanefnd komst að þeirri niðurstöðu, að á árinu 1978 hefði nefnt félagsheimili haft með höndum þá starfsemi sem leiddi til skattskyldu það tiltekna ár. Ekki var verið í því máli að taka afstöðu til þess, hvort félagsheimili, sem byggð hafa verið samkvæmt lögum um félagsheimili, væru almennt séð skattskyldir aðilar samkvæmt lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Fyrir nefndinni liggja upplýsingar um álagningu tekjuskatts og eignarskatts framkvæmda af skattstjórum gjaldárin 1980 og 1981. Í flestum þeim tilvikum, sem slík álagning hefur farið fram, hefur hún byggst á áætluðum skattstofnum. Svo virðist sem álagning þessara skatta gjaldárið 1981 hafi byggst á fyrrnefndum úrskurði ríkisskattanefndar, m. a. kemur það beinlínis fram hjá tveimur skattstjórum. Hjá einum skattstjóranum kemur fram, að hann hafi ekki byggt álagningu sína á því, að félagsheimilin væru skattskyldir aðilar, heldur í þeim eina tilgangi að knýja á um skil á skattframtölum. Hafa áætlanir þessar ekki byggst á hlutlægu mati, heldur fjárhæðir ákvarðaðar með hliðsjón af ætluðum áhrifum á framtalsskil aðilanna. Slík framkvæmd á ekki stoð í lögum.

Í nýju lögunum um tekjuskatt og eignarskatt eru undanþáguákvæði frá skattskyldu lögaðila rýmkuð frá því sem var í eldri lögum, þannig að nú skiptir það máli hvernig félagsheimili, sem kunna að reka atvinnu í skilningi tekju- og eignarskattslaganna, verji hagnaði sínum, sbr. 5. og 6. tl. 4. gr. laganna.

Af því, sem greinir hér að framan, er augljóst að við álagningu skattanna gjaldárið 1981 hafi skattstjórar gert þau mistök að leggja til grundvallar úrskurð ríkisskattanefndar, sem byggist á eldri lagaákvæðum og þar sem leyst var úr skattskyldu tiltekins félagsheimilis tiltekið ár, en það naut skilyrðisbundins skattfrelsis. Þessi mistök skattstjóra hefur ríkisskattstjóri í raun staðfest með því að draga til baka og gera nýjar kröfugerðir í málum tveggja félagsheimila sem nú eru til úrlausnar hjá ríkisskattanefnd og varða gjaldárið 1980, en í þeim málum reynir á undanþáguákvæði nýju tekju- og eignarskattslaganna. Ríkisskattanefnd hefur ekki lokið við að kveða upp úrskurði í málum þessum.

Ekki liggur fyrir fullnaðarafgreiðsla skattyfirvalda um skattskyldu félagsheimila samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Nefndin telur því ekki ráðlegt að mæla með því, að frumvarpið verði nú samþykkt. Nefndin telur rétt að fresta innheimtu á álögðum sköttum á félagsheimili þar til fullnaðarafgreiðsla skattyfirvalda og nefndir úrskurðir ríkisskattanefndar liggja fyrir.

Í framhaldi af því verði gerð nánari athugun á stöðu félagsheimila gagnvart skattalögum almennt séð og hvort breyta þurfi skattalögum vegna starfsemi þeirra.

Með tilvísun til ofanritaðs leggur nefndin til að **málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. maí 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Sighvatur Björgvinsson.
Albert Guðmundsson.	Matthías Á. Mathiesen.	Guðrún Hallgrímsdóttir.
	Matthías Bjarnason.	

Nd. 855. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 77 1. okt. 1981, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frumvarp og í framsögu fyrir því var þess óskað, að málinu yrði ekki vísað til nefndar. Er það tvímælalaust í samræmi við þingsköp. Engin nefnd flytur mál upp á sitt eindæmi nema hafa skoðað það áður til hlítar, og þess vegna átti það ekkert erindi aftur til nefndarinnar.

Þetta frumvarp er ein grein úr frumvarpi sem landbúnaðarnefnd neðri deildar var búin að afgreiða samhljóða á jákvæðan hátt. Hins vegar hlaut það frumvarp ekki náð fyrir augum

meiri hluta þingmanna efri deildar. I sumum héruðum er dýralæknaþjónusta í lágmarki og álag á þeim dýralæknum, sem þeim þjóna, langt fram yfir það sem nokkrum manni er bjóðandi. Það er ástæðan fyrir því, að frumvarp þetta er flutt.

Landbúnaðarnefnd leggur eindregið til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1982.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Skúli Alexandersson.	Þórarinn Sigurjónsson.	Eggert Haukdal.
	Ragnhildur Helgadóttir.	

Ed. 856. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að flytja breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. maí 1982.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Guðm. Bjarnason, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason, frsm.
Salome Þorkelsdóttir.	Ólafur Ragnar Grímsson.	Sigurlaug Bjarnadóttir.
	Stefán Guðmundsson.	

Sþ. 857. Tillaga til þingsályktunar [315. mál]

um grasköggla verksmiðju.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson, Jón Helgason, Magnús H. Magnússon, Eggert Haukdal, Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri grasköggla verksmiðju í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, í samvinnu við sveitarfélögin í Mýrdal.

Greinargerð.

Ísland er grasræktarland, sprettutími grasa er sá tími þegar dagurinn er lengstur. Verður íslenska grasið því kjarngott og efnaríkt fóður sé það slegið eða nýtt þegar fóðurgildi þess er mest. Veltur því á miklu að hægt sé að slá eða beita grösin þegar fóðurgildi þeirra er mest, svo að verðmætasköpunin sé nýtt til fullnustu.

Allir, sem til þekkja, vita að innlend fóðurframleiðsla í grænfóðurverksmiðjum hefur reynst mjög vel og er gott fóður fyrir flestar okkar búfjártegundir, sem jafnast á við innflutt kjarnfóður að fóðurgildi.

Mýrdalurinn er einn af þeim stöðum á landinu þar sem veðurfar er hlýrra en víðast hvar annars staðar og kal sjaldgæfara í ræktunarlöndum. Er því til muna meira öryggi að koma upp grasköggla verksmiðju þar heldur en annars staðar á landinu.

Auk þess er mikil þörf á að finna verkefni, sem stuðluðu að því að styrkja búsetu á þessu svæði, og nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru.

Í Vestur-Skaftafellssýslu er það landbúnaðurinn sem stendur undir byggðinni, og vegna langrar flutningaleiðar er hagkvæmt að geta framleitt sem mest af því fóðri, sem til hans þarf, á því svæði sem hér um ræðir.

Á Búnaðarþingi 1976 var gerð ályktun um innlenda fóðurframleiðslu, þar sem jafnframt er skorað á landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til þess að gera heildaráætlun um eflingu fóðuriðnaðar á Íslandi er fullnægt geti að mestu fóðurbætisþörf landbúnaðarins. Nefnd var skipuð 7. maí sama ár til þess að vinna að þessu verkefni. Í nefndinni sátu sjö menn með staðgóða þekkingu og reynslu í málefnum íslensks landbúnaðar.

Nefndin samdi allítarlegt álit, en þar stendur m. a.:

„Að vandlega athuguðu máli, telur nefndin því réttmætt að gera skipulegt átak til að stórauka fóðuriðnað í því skyni að draga sem frekast má verða úr innflutningi erlends fóðurs. Bersýnilega þarf að mörgu að hyggja að því er varðar skipulag, uppbyggingarhraða, fjármögnun, rekstrarform, eignaraðild, dreifingarkerfi o. fl., o. fl."

Fram kemur í nefndarálitinu að auka beri afköst hins innlenda fóðuriðnaðar í um það bil 40 þús. tonn árlega, en æskilegt væri að því marki yrði náð 1990.

Segja má að framleiðslugeta þeirra verksmiðja, sem nú eru starfandi á landinu, hafi verið að mestu fullnýtt á undanförnum árum. Hafa þær framleitt 10—13 þús. tonn af hraðþurrkuðu fóðri á ári.

Nú er fyrirhugað að byggja þrjár verksmiðjur, þ. e. í Hólminum í Skagafirði, Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og Borgarfirði. Þó að þessar verksmiðjur verði byggðar er langt frá því að innlend fóðurframleiðsla hafi náð því marki sem vísustu menn telja æskilegt. Þess vegna er augljóst að æskilegt er að byggja fleiri grasköggla verksmiðjur og velja þeim þar stað sem hráefnisöflunin er sem árvissust. Með því móti stefnum við að því að treysta íslenskan landbúnað og draga úr innflutningi á erlendu innfluttu kjarnfóðri, sem kostar þjóðina verðmætan gjaldeyri.

Áhugi á byggingu grasköggla verksmiðju í Mýrdal hefur verið meðal heimamanna um langt skeið og margar samþykktir gerðar, bæði af sveitarstjórnum og búnaðarfélögunum í Mýrdal og Byggðasambandi Vestur-Skaftfellinga.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja til, að sem fyrst verði hafinn undirbúningur og framkvæmdir á þessu nauðsynjamáli.

Fylgiskjal I.

Frá sveitarstjórnum í Hvamms- og Dyrhólahreppi í Mýrdal.

Á árunum 1974—75 gengust búnaðarfélögin í Mýrdal fyrir umræðum um möguleika á byggingu og rekstri grasköggla verksmiðju í Mýrdal. Kosin var sameiginleg nefnd félaganna og vann hún nokkuð að öflun upplýsinga, en mun þó ekki hafa skilað endanlegu áliti. Mun það að nokkru hafa stafað af því, að málið fékk fremur dræmar undirtektir opinberra aðila, sem til var leitað, og því talið að lítil von væri um að það næði fram að ganga. Búnaðarfélögin höfðu m. a. sent áskoranir hér að lútandi til landbúnaðarráðuneytisins og Landnáms ríkisins og einnig kannað möguleika á að fá land undir slíka starfsemi, og voru taldar góðar horfur á að unnt væri að leysa þann þátt málsins. Byggðasamband Vestur-Skaftfellinga hefur einnig haft þetta mál til umræðu oftar en einu sinni og sent frá sér ályktanir um það.

Sveitarstjórnir í Mýrdal hafa að undanförnu fjallað um þetta mál, og er það álit þeirra, að framkvæmd sem þessi geti haft mikil og heillavænleg áhrif á þróun byggðar í sveitarfé-

lögunum í Mýrdal. Verksmiðjan mundi skapa ný og örugg atvinnutækifæri fyrir 3—4 fasta starfsmenn a. m. k., að ætla má, og að auki verulega sumarvinnu lausráðins starfsfólks.

Gera verður ráð fyrir að verksmiðjan yrði í eigu ríkisins að mestu eða öllu leyti, enda hefur sú verið raunin á um flestar slíkar verksmiðjur hér á landi. Mikilvægi þess, að fóðurframleiðsla sé að sem mestu leyti innlend, ætti að vera öllum ljóst og varasamt að treysta um of á erlendar fóðurvörur, enda þótt verð þeirra sé sem stendur hagkvæmt. Einnig má gera ráð fyrir að hagkvæmni innlendrar fóðurframleiðslu muni fara vaxandi, einkum ef orka fengist til þessarar framleiðslu á betri kjörum en nú er, en eðlilegt virðist að það verði sambærilegt við orkuverð til annarrar stóriðju í landinu.

Hvað snertir staðsetningu verksmiðju í Mýrdal má sérstaklega benda á eftirfarandi: Veðurfar er hér milt og spretta yfirleitt nokkuð árviss. Sprettutími mun vera með því lengsta sem gerist hér á landi og yrði því unnt að starfrækja verksmiðjuna hér lengri tíma en víðast hvar annars staðar. Kalskemmdir eru yfirleitt í lágmarki, þótt hart sé í ári, og öflun aðfanga með allra öruggasta móti.

Flutningaleiðir eru greiðar á landi og gildir það yfirleitt jafnt vetur sem sumar, þannig að t. d. er greitt að koma vörum á hafnir allan ársins hring.

Sveitarstjórnir Hvamms- og Dyrhólahrepps skora því á þingmenn Suðurlandskjördæmis að taka þetta mál upp á Alþingi því er nú situr (104. löggjafarþingi).

Fylgiskjal II.

Ályktanir og tillögur frá Búnaðarfélagi Dyrhólahrepps og Byggðasambandi Vestur-Skaftfellinga um grasköggla verksmiðju.

Búnaðarfélögin í Mýrdal héldu sameiginlegan fund um þetta mál sumarið 1975 og var þar skipuð sameiginleg nefnd til að afla upplýsinga og gagna. Á aðalfundi Búnaðarfélags Dyrhólahrepps 1976 var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Aðalfundur Búnaðarfélags Dyrhólahrepps í Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn í Ketilsstaðaskóla 25. apríl 1976, fer þess eindregið á leit við landbúnaðarráðuneytið og Landnám ríkisins, að reist verði heykögglaverksmiðja í Mýrdal, þar sem miklar líkur eru til þess, að unnt sé að fá leiguland hér í Mýrdal og jafnvel nokkra aðstöðu varðandi húsakost. Einnig má benda á að sprettutími og þar með starfrækslutími verksmiðju yrði að jafnaði mun lengri hér en á sams konar verksmiðju staðsettri annars staðar á landinu."

Á aðalfundi félagsins árið eftir var málið einnig til umræðu en engin ályktun gerð.

Á aðalfundi Byggðasambands Vestur-Skaftfellinga skýrðu fulltrúar búnaðarfélaganna í Mýrdal frá þessu máli og var þar einnig samþykkt áskorun til landbúnaðarráðherra og Landnáms ríkisins um málið. Árið eftir, 1977, var eftirfarandi tillaga samþykkt á aðalfundi Byggðasambandsins:

„Aðalfundur Byggðasambands Vestur-Skaftfellinga, haldinn í Vík í Mýrdal sunnudaginn 20. mars 1977, skorar á þingmenn Suðurlands að beita sér fyrir því, að grasköggla verksmiðju verði komið upp í Mýrdal. Fundurinn bendir á nauðsyn þess, að slíkar verksmiðjur njóti eigi lakari kjara um orkuverð en annar stóriðjurekstur sem fyrir er í landinu, enda mundi það gjörbreyta rekstrargrundvelli innlendrar fóðurframleiðslu."

Sþ. 858. Nefndarálit [239. mál]

um till. til þál. um hafnargerð við Dyrhólaey.

Frá atvinnumálanefnd.

Atvinnumálanefnd sameinaðs þings hefur haft til meðferðar tillögu um fullnaðarrannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey. Nefndin hefur rætt tillöguna á mörgum fundum sínum og kallað á sinn fund vita- og hafnamálastjóra.

Nefndin bendir á að Vita- og hafnamálastofnunin hefur þegar látið fara fram verulegar rannsóknir á hafnargerð við Dyrhólaey og gefið út um þær veigamiklar skýrslur.

Hins vegar lítur nefndin svo á, að þær lendingarbætur, sem unnið hefur verið að vegna aðstöðu smábátaútgerðar, mættu vissulega vera betri, og leggur þess vegna til að kannaðir verði möguleikar á að bæta þar um.

Þá hefur nefndin kynnt sér þær hugmyndir, sem verið hafa uppi um hugsanlegan stóráflutning á Kötluvikri af Mýrdalssandi og gætu orðið til þess að efla atvinnulíf á svæðinu að nokkru marki, sem dauft er fyrir og nauðsynlegt úr að bæta. Þess vegna leggur nefndin til að kannað verði sérstaklega, hvort unnt megi vera að koma upp aðstöðu þar sem gerlegt væri að lesta þau skip sem flyttu þetta byggingarefni yfir hafið. Atvinnumálanefnd leggur því fram svohljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar:

1. að fram fari frekari athugun á auknum lendingarbótum fyrir smábátaútgerð við Dyrhólaey,
2. að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að kannað verði hvort unnt sé á hagkvæman hátt að gera mannvirki við Dyrhólaey, sem nota má til þess að skipa út frá Kötluvikri í stórum stíl.

Alþingi, 3. maí 1982.

Eggert Haukdal, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Sverrir Hermannsson.
Magnús H. Magnússon.	Halldór Ásgrímsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.
	Friðrik Sophusson.	

Nd. 859. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leitað umsagnar fjármálaráðuneytisins.

Minni hluta nefndarinnar er það ljóst, að hér er um vandamál að ræða sem þarfnast nánari athugunar. Fjármálaráðuneytið mælir gegn því, að frv. verði samþykkt, en bendir á ýmis vandkvæði er varða málið almennt.

Minni hluti nefndarinnar leggur til að **málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. maí 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðrún Hallgrímsdóttir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneytið.

27. apríl 1982.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis.

Ráðuneytið vísar til munnlegrar beiðni nefndarinnar, dags. 26. apríl, um umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, 111. mál. Frumvarp þetta hefur í för með sér að sala allra blaða og tímarita verður söluskattsfrjáls verði það að lögum.

Af þessu tilefni tekur ráðuneytið eftirfarandi fram:

Samkvæmt 11. tl. 6. gr. laga um söluskatt eru innlend dagblöð og hliðstæð blöð, svo og tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, undanþegin söluskatti. Ákvæði þetta hefur verið framkvæmt þannig að öll tímarit hafa verið talin söluskattsskyld nema þau sem ráðuneytið hefur sérstaklega undanþegið samkvæmt skriflegri beiðni viðkomandi útgáfuaðila. Við framkvæmd þessa ákvæðis hefur sjaldnast verið vandamál að skera úr um, hvað sé dagblað og hvað ekki. Erfiðara hefur reynst að skilgreina hvaða blöð séu hliðstæð dagblöðum. Í því efni hefur þó einkum verið talið að átt sé við hin svokölluðu landsmálablöð og af þeim sökum hafa þau verið talin undanþegin söluskatti skv. umræddu ákvæði.

Að því er tímaritin varðar er framkvæmd ákvæðisins til muna erfiðari, og vissulega er sú staðhæfing í greinargerð rétt, að ráðuneytið hafi oft verið sett í mikinn vanda við túlkun ákvæðisins. Í þessu sambandi má nefna að sá útgáfuaðili tímaritsins hlýtur að vera vandfundinn sem ekki stefnir að því að útgáfan beri sig. Í raun hefur niðurstaða ráðuneytisins í þessu efni verið sú að telja blöð, sem gefin eru út af samtökum sem vinna að framgangi ákveðins málefnis, og meginmarkmið útgáfunnar er að kynna viðkomandi málefni, ekki gefin út í ágóðaskyni. Þá hafa á undanförnum árum orðið þær breytingar á útgáfu blaða sem áður voru í höndum samtaka, að þau hafa færst í hendur félaga eða einstaklinga sem hafa af því atvinnu að gefa út blöð. Við þessum breytingum hefur verið brugðist með þeim hætti að telja sölu tímarita, sem fjalla um afmarkað efni tengt atvinnulífi eða menningarmálum, söluskattsfrjálsa, en sölu blaða með almennu skemmti- og afþreyingarefni söluskattsskylda.

Að því er frumvarp það, sem um ræðir, varðar skal bent á að það mundi leiða til söluskattsfrelsis erlendra tímarita, sem hér eru seld í lausasölu, auk innlendra tímarita, verði það að lögum. Ákaflega erfitt er að meta tekjutap ríkissjóðs af niðurfellingu þessari, en fullyrða má að það yrði verulegt. Jafnframt skal á það bent, að söluskattur er innheimtur af sölu bóka. Hætt er við, nái frumvarp þetta fram að ganga, að ráðuneytið lendi í svipuðum erfiðleikum og það á nú í varðandi túlkun gildandi lagaákvæðis, þar sem þá þyrfti það að fara að skera úr um það t. d., hvenær rit telst tímarit og hvenær bók o. s. frv.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, getur ráðuneytið ekki mælt með því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.
Lárus Ögmundsson.

Nd. 860. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á þskj. 114. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1982.

Albert Guðmundsson, frsm. Sighvatur Björgvinsson. Matthías Á. Mathiesen.

Matthías Bjarnason.

Nd. 861. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og til fundar við nefndina hafa komið fulltrúar frá Ríkisábyrgðasjóði og stjórn Skallagríms hf. Hafa nefndinni borist margvísleg gögn.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Nefndin telur hins vegar eðilegt að hlutafé félagsins verði aukið vegna kaupanna, sbr. breytingartillögu á þskj. 862.

Alþingi, 3. maí 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Sighvatur Björgvinsson. Matthías Á. Mathiesen. Albert Guðmundsson.

Guðrún Hallgrímsdóttir.

Fylgiskjal I.

Siglingamálastofnun ríkisins.

Skallagrímur hf.,
300 Akranesi.

1982-03-29

M/s Betancuria.

Í framhaldi af umsögn Siglingamálastofnunarinnar um innflutning á ofangreindu skipi var að beiðni útgerðar farið til Tenerife og skipið skoðað.

Skipið var á slipp og því byrjað að skoða bolinn. B. B. síða er skemmd milli banda 47 og 61. Skemmdin nær frá tanktoppi upp að þilfari. — Gera þarf við gólfið í salnum, virðist hafa gengið upp vegna áverkans á síðunni. Setja þarf rist í þverskrúfu-tunnelinn og athuga skrúfu hans vegna leka með blöðunum. Að öðru leyti er bolur skipsins í mjög góðu ástandi. — Sett verður í sumar ný B. B. skrúfa á skipið í staðinn fyrir þá, sem nú er á skipinu. — Allar vistarverur áhafnar og farþegasalir líta sérlega vel út og greinilegt er, að umgengni og viðhald er mjög gott, sömuleiðis er umgengni í vélarúmi mjög góð.

Ekki verður annað sagt en að skipið líti í alla staði vel út, ekki er ástæða til að ætla, að vélbúnaður sé ekki í fullkomnu lagi, en hann var ekki hægt að prófa.

Siglingamálastofnunin mælir því með innflutningi á skipinu fyrir sitt leyti. Verði skipið flutt til Íslands þarf að gera nokkrar lagfæringar í sambandi við björgunar- og öryggisbúnað þess.

1. Gúmmíbjörgunarbátar uppfylla ekki ísl. reglur, þarf nýja.
2. Yfirfara björgunarhringi og setja á þá endurskinsmerki.
3. Lyfjaskrín samkv. ísl. reglum.
4. Rakettur og blys.
5. Línubyssa og skot.
6. Yfirfara búnað fastra báta.
7. Olíuskilja fyrir austur og setja upp sorageymi.
8. Metrabylgjustöð VHF, sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar. Radíóbaujur í gúmmíbáta.
9. Allar merkingar skulu vera með íslenskum texta.

Virðingarfyllst,
f. h. Siglingamálastofnunar ríkisins.
Páll Hjartarson.

Fylgiskjal II.

Skýrsla um skoðun á ferjunni „Betancuria".

Farið var frá Reykjavík að morgni hins 20.3. og komið til Tenerife kl. 19.00. Þar tók á móti okkur hr. Thor Lindberg, framkvæmdastjóri útgerðarfélagsins Ferry Gomera SA. Daginn eftir var sunnudagur og allt lokað, þó fengum við að fara inn í slippinn og skoða skipið utan. Á mánudag og þriðjudag skoðuðum við svo skipið ítarlega í fylgd með vélstjóranum sem á því var frá byggingu þar til því var lagt í fyrra skiptið, alls 6 ár. Einnig var með okkur rekstrarstjóri félagsins. Frá Tenerife fórum við svo á fimmtudagsmorgun og komum heim um miðnætti.

Skipið var smíðað í Þrándheimi 1974 og hóf þá siglingar á nýrri ferjuleið milli Tenerife og Gomera. Síðla árs 1980 þótti skipið orðið of lítið miðað við umferð og var þá stærra skip sett á leiðina en þessu lagt, og lá það þá í heilt ár. Þá var því skapað nýtt verkefni með opnun ferjuleiðar milli eyjanna Lanzarote og Fuerteventura, en vegna afleitra hafnarskilyrða var skipið í stöðugri hættu og eftir að þrír skipstjórar höfðu gefist upp var leiðin lögð niður og skipinu lagt í febrúar 1982.

Það er samdóma álit okkar að skipið sé í sérflokki hvað varðar ástand og útbúnað allan. Ekkert hefur verið til sparað við smíði þess og eftir að það kom í rekstur hefur verið stóraukið við flestan útbúnað og allt, sem betur mátti fara, fært til betra horfs. Geysimikill lager varahluta í allar vélar og tæki er um borð, t. d. varatjakkar í stefni og skut, afgastúrbína, gangráður og loftkælir í aðalvélar, rafmótorar, dælur og varahlutir ýmiss konar í ótrúlegu úrvali, allt er miðað við að skipið þurfi aldrei að stoppa vegna bilana. Verðmæti þessa lagers skiptir milljónum króna. Mjög góð regla er á skráningu varahluta, listi er til yfir allt, hvar geymt og hvenær endurnýjað og alltaf séð um að fylla í skörðin þegar af var tekið. Áður en skipið hóf ferðir að nýju haustið 1981 var það yfirfarið stafna á milli og allt endurnýjað sem með þurfti. Skipið hefur hreint blað hjá flokkunarfélaginu (NV).

Fyrirkomulag í skipinu er hliðstætt því sem er í m/s Akraborg. Farþegaþilfari er skipt í fremri sal og aftari og skiptir veitingasalan þar á milli. Ný teppi eru á gólfum og hvergi sér á áklæði sæta. Salur er undir bílaþilfari, þar er fullkomin veitingaaðstaða. Teppi á gólfi neðri salar eru jafngömul skipinu en vel útlítandi. Allir eru salirnir einstaklega smekklega innréttaðir. Litasjónvarpstæki eru í neðri sal og aftari sal uppi, einnig í matsölum undir- og yfirmanna.

Íbúðir skipverja eru áþekkar því sem er í Akraborg. Eldhús er vel tækjum búið, þar var sett ný eldavél þar sem sú upprunalega þótti of lítil.

Bílaþilfar er mjög vel nýtt. Samkvæmt upplýsingum útgerðarstjóra og vélstjóra hafa þar mest verið fluttir 85 bílar, en þá er þess að geta, að minna er þar um stærri gerðir fólksbíla en á Íslandi. Færanlegt milliþilfar tekur 12 meðalstóra fólksbíla, en 15 af minni gerðum. Ekki sýndist okkur nein vandkvæði fylgja upp- og niðurakstri. Séu hengidekk ekki í notkun má hafa tvöfalda röð flutningabíla eftir endilöngu skipinu. Nærri mun láta að flutningsgeta skipsins sé 80—100% meiri en Akraborgar.

Stjórnpallur er vel tækjum búinn. Stjórnstöðvar eru þrjár, ein í aðalstjórnborði inni og ein á hvorum brúarvæng. Settur hefur verið í skipið gýróáttaviti og sjálfstýring tengd honum. Fjarskipta- og siglingatæki eru í samræmi við fyllstu kröfur og öryggisútbúnaður til fyrirmyndar, t. d. er skipinu neðan þilja skipt í 6 vatnsþétt hólf og er skilrúmum milli þeirra lokað frá brú. Brunavarnakerfi skipsins hefur verið tvöfaldað að kröfu spænskra yfirvalda, einnig settir kranar til að auðvelda fötluðu fólki að komast í björgunarbáta. Að öðru leyti vísast til skýrslu hr. Páls Hjartarsonar um búnað skipsins.

Skipið er búið uggum til að draga úr veltu (Denny Brown stabilizers), og sagði vélstjóri þá vinna frábærlega vel.

Skipið er búið 2 × 1155 HA Nohab aðalvélum, sem knýja Liaaen skiptiskrúfur gegnum niðurfærslugír. Ljósavélar eru þrjár Mercedes Benz, 147 HÖ hver. Sett hefur verið að auki 90 HA Perkins vél á bílaþilfar, sú getur dælt úr vélarúmi þótt skipið sé án rafmagns. Í vélarúmi er viðgerðaverkstæði með fullkomnum rennibekk, rafsuðu og logsuðutækjum og úrvali verkfæra. Hliðarskrúfa er í skipinu að framan, 300 HÖ. Miðstöðvarketill er 20 m², helmingi stærri en í Akraborg og er meira en nógu stór til upphitunar, einnig er loftkælikerfi.

Breytingar, sem gera þarf á skipinu, eru sem hér segir:

1) Setja þil í aftari sal, 6 × 2 m, má vera úr vatnsheldum krossviði.
2) Setja inngöngudyr á bb síðu í aðalþilfarshæð. Nægilegt rými í gangi er fyrir hendi. Annar kostur er að nota lengri landgang.
3) Setja á skut skipsins sliskjur fyrir flotbrú í Reykjavík. Nota mætti þær sem eru á Akraborg.
4) Setja austursskilju í vélarúm. Tankur er fyrir hendi til að taka við sora úr austri.
5) Vegna flóðmunar hér þarf að gera smávægilegar breytingar á áfyllingu brennsluolíu og neysluvatns.

Á bb síðu skipsins er beygla eftir núning við bryggju. Ekki er kvöð á viðgerð frá NV, en SR mundi æskja viðgerðar fyrr eða síðar. Á bb skrúfu eru koparblöð eftir að skipið tók niðri í höfn, en stálblöð greidd af tryggingum skipsins eru í pöntun og eiga skv. NV að vera komin í fyrir nóv. 1982.

Á endastöð í Reykjavík þarf alls enga breytingu að gera, en á Akranesi þarf að brjóta úr stöpli við fremri enda brúar fjær bryggju, að öðrum kosti þyrfti að færa ökubrúna fram um 1 metra.

Við mælum eindregið með því, að skipið verði keypt, teljum það hæfa einstaklega vel á leiðinni Akranes-Reykjavík og geta afkastað tvöföldum flutningi Akraborgar með svipuðum tilkostnaði. Skipið er í sérflokki hvað ásigkomulag allt varðar og mun þurfa mun minna viðhald en Akraborg. Skipið er flokkað hjá Norsk Veritas og er í „contiuous survey", sem þýðir að hver hlutur í því skal skoðaður samkvæmt ákveðinni tímatöflu, sem gengur upp á 4 árum, en ekki þarf að fara gegnum stórviðgerðir á fjögurra ára fresti. Sjá má af bókum skipsins að allir hlutir hafa verið yfirfarnir reglulega og að ekkert hefur verið til sparað af hálfu útgerðar í viðhaldi þess. Ótrúlegt má teljast að annað skip finnist, sem þoli samanburð við þetta eða nálgist það að henta jafnvel og geti gengið beint inn í núverandi aðstöðu án þess að gera þurfi á henni kostnaðarsamar breytingar. Að lokum má geta þess, að fyrirliggjandi eru teikningar af lengingu skipsins um 10 m.

Þorvaldur Guðmundsson, skipstjóri.
Hreggviður Hendriksson, vélstjóri.

Fylgiskjal III.

Umsögn um M/s „Betancuria“ spænska bílaferju, vegna óska Skallagríms hf., Borgarnesi, um innflutning á skipinu.

Innlögð gögn:
- — Smíðalýsing.
- — Fyrirkomulagsteikning.
- — Stöðugleikaútreikningar.
- — Töflur yfir særýmisgildi.
- — Teikning af bóg- og skutlúgu.
- — Skoðunarskýrsla norskra aðila frá 12. mars 1981 vegna fyrirhugaðra kaupa á skipinu til Noregs.

Almenn lýsing:

Skipið er bíla- og farþegaferja, tveggja þilfara með færanlegu bílaþilfari á milli aðalþilfars og efra þilfars. Undir aðalþilfari er vélarúm, farþegasalur með 88 sætum, eldhús og vistarverur áhafnar. — Ekið er inn á aðalþilfar um skut og stefni. Á aðalþilfari miðskips eru tveggja hæða reisnir í sitt hvorri síðu, þar sem eru stigagangar, salerni, sjúkraklefi, klefar fyrir loftræstikerfi og loftþjöppur og vélareisnir. Milli þessara reisna er færanlegt þilfar, sem tekur 12 bíla.

Í yfirbyggingu á efra þilfari eru tveir farþegasalir með samtals 245 sætum, einnig salerni og veitingaaðstaða. — Stýrishús er á yfirbyggingunni og íbúðir fyrir skipstjóra og vélstjóra þar fyrir aftan. — Björgunarbátar í davíðum eru á efra þilfari aftan við yfirbyggingu. Gúmmíbjörgunarbátar eru á brúarþilfari aftan við stýrishús.

Helstu stærðir:

Lengd, mesta	68,00	m
Lengd m/lóðlína	60,00	m
Breidd, mótuð	11,00	m
Dýpt að aðalþilfari	4,50	m
Djúprista, mest	3,10	m
Fríborð að aðalþilfari	1,40	m
Rúmlestir	887	Brl.
	360	Ntl.
Ganghraði	14,5	hnútar
Farþegar	399	
Bílar	67	

Smíði og flokkun:

Skipið er smíðað hjá Trondhjems Mek. Verksted A/S Noregi, sem nýsmíði nr. 712 og afhent í júní 1974. Það er smíðað undir eftirliti DnV og er í flokki + 1A1 K „Partly Sheltered“, Car Ferry A.

Samkvæmt skipaskrá DnV hafa aðalskoðanir farið fram sem hér segir: Fjögra ára bol-, vél- og öxulskoðun í júlí 1978; síðasta botnskoðun í júní 1978. — Átta ára aðalskoðun á samkv. þessu að fara fram í sumar. — Samkvæmt klassatilnefningum hefur skipið takmarkað farsvið við 15 sjómílur frá næstu höfn.

Vélbúnaður:

Aðalvélar eru tvær NOHAB SF16RS-F 1155 BHÖ við 825 sn/mín, sem knýja sitt hvora skrúfuna í gegnum LIAAEN, niðurfærslugíra, 384 sn/mín.

Hjálparvélar eru þrjár Mercedes Benz 147 HÖ með 120 KVA rafal hver. Þá mun vera 90 HÖ hafnarljósavél í skipinu, sem var ekki við afhendingu þessa.

Samkv. skoðunarskýrslu höfðu aðalvélar verið keyrðar um 20 000 tíma hvor á fyrstu sjö árunum og ljósavélar um 8000 tíma hver.

Brennsluolíunotkun aðalvéla er um 8,6 tonn á sólarhring miðað við 80% keyrslu. — Vökvaknúin bógskrúfa 300 HÖ, Ulstein. — Stöðugleikauggar, 1,5 m^2 hvor, eru miðskips.

Tækjabúnaður:

Talstöð	SAIIAN sendir SSB-T 122/32 400W
	Móttakari SSB-R 106
Ratsjá	DECCA RM 916
Dýptarmælir	SIMRAD EP 2BN
Veg- og hraðamælir	SAGEM
Áttaviti	
Sjálfstýring	

Samkvæmt reglum um fjarskipti á íslenskum skipum eiga auk ofangreinds búnaðar að vera eftirtalin tæki:

Metrabylgjustöð VHF
Vaktmóttakari 2182 KHZ
Sjálfvirkt vekjaratæki fyrir talstöðvar.
Neyðartalstöð fyrir gúmmíbáta.
Radíóbaujur í gúmmíbjörgunarbáta.

Björgunarbúnaður:

Samkvæmt skoðunarskýrslu hinna norsku aðila hefur upphaflegum björgunarbúnaði verið skipt út með spænskum búnaði. Sá búnaður er ekki viðurkenndur hér á landi og þyrfti því að skipta um allan björgunarbúnaðinn. — Samkvæmt reglum um öryggisbúnað á íslenskum skipum þyrftu að vera um borð gúmmíbjörgunarbátar fyrir alla, þ. e. 399 farþega og áhöfn, og auk þess fastir björgunarbátar eða slönguléttbátar.

Vistarverur:

Svefnklefar eru fyrir 14 manns, þar af fjórir yfirmannaklefar og 5 tveggja manna klefar. Fataskápar, borð, bekkir, skúffur og handlaug eru í öllum klefum. — Hvílur eru 1950 × 760 mm.

Tveir borðsalir eru fyrir áhöfn. — Klæðning á þil og loft í vistarverum er klædd eldtefjandi plasti. — Einangrun í vistarverum eru 75 mm Rockwool mottur. — Farþegasalir á efra þilfari eru einangraðir með 50 mm Rockwool mottum. — Gangar eru úr 22 mm óbrennanlegu efni.

Farþegasalur undir aðalþilfari er hljóðeinangraður frá vélarúmi. — Aftari farþegasalur á efra þilfari er opinn og þarf að loka honum með föstum þiljum.

Eldvarnarbúnaður:

— CO_2 slökkvikerfi er í vélarúmi.
— Handslökkvitæki eru af gerðinni Nuswift og Skutena og eru þau viðurkennd hér á landi.
— Viðvörunarkerfi er í vistarverum og göngum.
— Slökkvimannsbúnaður er í stýrishúsi.
— Vatnsstýringarkerfi er á bílaþilfari samkv. skoðunarskýrslu.

Mæling:

Eins og áður hefur komið fram, mælist skipið 888 Brl. Eftir að aftari farþegasal hefur verið lokað stækkar skipið um 105 Brl., þar sem sá salur er ekki innifalinn í mælingunni nú. Skipið kemur til með að mælast rúmlega 990 Brl.

Stöðugleiki:

Innlögð stöðugleikagögn eru bráðabirgðaútreikningar, sem gerðir voru á byggingartíma skipsins. Á fyrirkomulagsteikningu, þar sem fram koma upplýsingar um mælingu skipsins, hleðsluplan o. fl., er léttskipsþungi gefinn upp mun meiri en í stöðugleikaútreikningunum, þ. e. 923 tonn í stað 693 tonna. Særými skipsins að sumarhleðsluborði er um 1230 tonn, og burðargeta skipsins því um 307 tonn.

Þar sem veruleg frávik eru á léttskipsþunga skipsins í ofangreindum gögnum, er ekki hægt að leggja mat á stöðugleika skipsins út frá þessum gögnum.

Lokaorð:

Samkvæmt smíðalýsingu hefur skipið verið smíðað eftir ákvæðum norskra reglna fyrir ferjur í innanfjarðarsiglingum. Allur frágangur í skipinu mun vera góður, og segir jafnvel í skoðunarskýrslu hinna norsku aðila, „að þrátt fyrir að skipið sé 7 ára gamalt, þá eru gæðin sambærileg og í nýju skipi í Noregi í dag".

Færanlega bílaþilfarið eru þeir ekki ánægðir með og telja upp- og niðurkeyrslu ekki góða hönnun. Við skoðun á skipinu þarf sérstaklega að gæta að öryggis- og viðvörunarbúnaði við þilfar.

Þá þarf jafnframt að skoða vel lúgur og lokunarbúnað þeirra. Stöðugleikagögn þarf að skoða og athuga hvort takmarkanir eru á fjölda stórra bíla (flutningabíla) og hvort nauðsyn er á sjókjölfestu til að uppfylla stöðugleikaákvæði.

Eins og fram kom hér að framan mun þurfa að endurnýja allan björgunarbúnað skipsins, einnig þarf að bæta í skipið ýmsum talstöðvarbúnaði o. fl. Þá þarf að loka farþegasal og athuga sérstaklega með möguleika á notkun loftkælikerfis til upphitunar á vistarverum. Athuga þarf einnig mengunarbúnað í skipinu, en það þarf að hafa austurskilvindu auk tilheyrandi búnaðar.

Í reglum DnV eiga skip, sem flokkuð eru CAR FERRY-A, að hafa veðurþétt þil innan við lúguna í stefni, sem tryggir það, að sjór komi ekki inn á þilfar, ef stefnislúgan bilar. Ekkert slíkt þil er í þessu skipi, þrátt fyrir að það sé í þessum flokki.

Geta má þess, að ekkert slíkt þil er heldur í m/s AKRABORG.

Eftir að skoðun fulltrúa Siglingamálastofnunar ríkisins hefur farið fram á skipinu mun siglingamálastjóri ákveða, hvort hann mæli með innflutningi skipsins.

Ekkert hefur komið fram við skoðun á innlögðum gögnum, sem bendi til þess, að mælt verði gegn innflutningi skipsins.

Reykjavík, 15. mars 1982.
Frímann Sturluson.

Fylgiskjal IV.

Apríl 1982.

Hagkvæmnisathugun á nýju skipi (Betancuria) í stað m/s Akraborgar.

Tekjur:

Rekstrartekjur Akraborgar 1981 voru kr. 11 359 602.00 (án styrkja) (Skipið í slipp í 23 daga í febr. 1981. Ferðir því 6% færri en ef í rekstri allt árið. Reikna má með 3—4% meiri tekjum nýrra skips á ársgrundvelli miðað við minni slipptíma. Þetta er **ekki** endurmetið hér.) og reynast þegar færðar eru til verðlags/tekjugrunns 12/2 1982 kr. 13 783 000.00.

Ef gert er ráð fyrir 6% hækkun til viðbótar fyrir tímabilið frá 12. febrúar til dags í dag eru tekjurnar 1981 á ársgrundvelli í dag **kr. 14 600 000.00.**

Hér eru tekjur settar fram án þess að endurmeta þjóðhagslegt mikilvægi (sparnaður vegna minna vegaslits o. fl.).

Viðbótartekjur verða því eftirfarandi og er miðað við svipaða samsetningu farþega og bíla og í dag:

10% meiri flutningar	= viðbótartekjur á ári:	kr.	1 460 000.00
20%	— „ —	—	2 920 000.00
30%	— „ —	—	4 380 000.00
40%	— „ —	—	5 840 000.00
50%	— „ —	—	7 300 000.00
60%	— „ —	—	8 220 000.00
70%	— „ —	—	10 730 000.00
80%	— „ —	—	11 680 000.00
90%	— „ —	—	13 140 000.00
100%	— „ —	—	14 600 000.00

Rekstrarkostnaður:

ÁHAFNAKOSTNAÐUR:

Gengið er út frá sömu áhafnastærð. Sama gildir um ferðatíðni. Auknir flutningar kalla líklegast á aukningu fólks við þjónustustörf um borð. Viðbótarkostnaður vegna þessa ætti að vegast upp af auknum tekjum af sölu um borð.

Ekki eru hér teknar með í dæmið hugsanlegar tekjur af meiri þjónustu um borð en möguleikar eru fyrir hendi (stærra skip/salir o. fl.).

Ræsting skips:

Aukinn flötur ætti að kalla á viðbótarkostnað vegna ræstingafólks úr landi. Ca. kr. 50 000 00 á ári.

Olíur:

Nýja skipið brennir gasolíu en Akraborg í dag svartolíu. Ekki er fyrirhugað að breyta vélum nýja skipsins strax. Kostnaðarauki vegna nýja skipsins reiknast því kr. 1 350 000.00 á ári, en yrði um það bil kr. 400 000.00 ef nýja skipinu væri breytt.

Viðhald skips og búnaðar:

Akraborg:

Aðkeypt viðhald 1981 var ca. 2,6 milljónir á verðlagi í dag og 1980 ca. 2,1 milljón.

Fyrirsjáanlegt er verulegt viðhald á þessu ári svo og 1983.

Betancuria:

Skipið er í góðu standi. Vélar tiltölulega lítið keyrðar. Mikill varahlutalager fylgir með, mun meiri en er Akraborgin var keypt á sínum tíma.

Mjög erfitt er að meta sparnað í viðhaldi vegna nýja skipsins. Hins vegar má hugsa sér tölu á borð við kr. 500 000.00 á ári að minnsta kosti.

Vátryggingar:

Búast má við helmings kostnaðarauka eða um $ 30 000.00 á ári, ísl. kr. 300 000.00.

Hafnargjöld:

Búast má við auknum hafnargjöldum, kr. 100 000 á ári, þar sem skipið er stærra.

Aðrir rekstrarkostnaðarliðir:
Ekki er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði.

Fjármögnun:
Nýtt lán.
Vextir áætlaðir 15%.
Lánstími 12 ár.
Kostnaðarverð 3.0 m US $.

15% vextir af kaupverði á ári	á 1 ári	US $ 450 000.00
afborgun		„ 242 000.00
	Samtals fyrsta árið	„ 692 000.00

sem jafngildir 7.2 milljónum samsvarandi 49% flutningsaukningu. Fyrir annað árið 6.8 milljónir samsvarandi 46% flutningsaukningu. Miðað við 10% vexti þarf 38% flutningsaukningu til þess að standa undir vöxtum og afborgunum á fyrsta árinu en 36% fyrir annað árið.

Niðurstöður:
Sé miðað við að nýja skipið nái 58% tekjuaukningu stendur það undir viðbótarrekstrarkostnaði, sem leiðir af nýrra og stærra skipi, og stendur jafnframt undir greiðslum afborgana og vaxta eins og þeir verða fyrsta árið, miðað við 15% ársvexti. Á öðru ári þarf miðað við sömu forsendur 55% tekjuaukningu.

Náist hagkvæmari lán, t. d. með 10% vöxtum, þarf 47% tekjuaukningu fyrsta árið og 45% annað árið.

Rétt er að geta þess, að svo virðist sem breyting á nýja skipinu yfir í svartolíubrennslu sé afar hagkvæm og skili sér á einu og hálfu til tveimur árum. Í framangreindum niðurstöðum er ekki reiknað með brennslu svartolíu, en þar munar um 5% af tekjum 1981.

Reykjavík, 15. apríl 1982.

Hilmar Guðmundsson
viðskiptafræðingur.

Nd. 862. Breytingartillaga [303. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Við greinina bætist svohljóðandi málsgr.:
Áður en ábyrgð er veitt skal hlutafé félagsins aukið í samráði við ríkisstjórnina.

Nd. 863. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frv. þetta fjallar um beiðni stjórnar Sölustofnunar lagmetis um að framlengja núverandi starfsréttindi stofnunarinnar, sem falla eiga úr gildi um næstu áramót, um eitt ár til viðbótar.

Ég tel eðlilegt að sölusamtök í lagmetisiðnaði starfi á sama grundvelli og önnur útflutningssamtök. Ljóst virðist vera að viðleitni löggjafans til þess að efla samtök og samvinnu með niðurlagningarverksmiðjum hefur ekki borið þann árangur sem til var ætlast. Sýnist mér því eðlilegt að umrædd lög falli úr gildi um næstu áramót, svo sem samþykkt var á Alþingi í fyrra, og hef ekki heyrt þau rök, er mæli með framlengingu laganna. Legg ég því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 3. maí 1982.

Magnús H. Magnússon,
fundaskr.

Nd. 864. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979, um breytingu á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kallað til fundar forsvarsmenn Iðnlánasjóðs. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1982.

Skúli Alexandersson, form., frsm.
Magnús H. Magnússon, fundaskr.
Páll Pétursson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.
Haraldur Ólafsson.
Pálmi Jónsson.
Sigurlaug Bjarnadóttir.

Nd. 865. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni hf.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 3. maí 1982.

Skúli Alexandersson, form., frsm.
Magnús H. Magnússon, fundaskr.
Páll Pétursson.
Pálmi Jónsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.
Haraldur Ólafsson.
Sigurlaug Bjarnadóttir.

Ed. 866. Breytingartillaga [242. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr. orðist svo:
Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:
Atvinnurekandi getur þó ekki ákveðið orlof launþega á tímabilinu 2. maí—31. maí og 1. september—15. september, nema sérstakt samþykki launþega komi til.

Ed. 867. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til l. um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingalána til verkefna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 2. maí 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Gunnar Thoroddsen.	Davíð Aðalsteinsson.	Lárus Jónsson.
	Guðm. Bjarnason.	

Nd. 868. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 3. maí 1982.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Haraldur Ólafsson.
Páll Pétursson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Pálmi Jónsson.

Ed. 869. Lög [258. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1975, um Viðlagatryggingu Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 842 (sbr. 541).

Sþ. 870. Þingsályktun [185. mál]

um íslenskt efni á myndsnældum.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 297.

Sþ. 871. Skýrsla

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1981.

Inngangur.

Á fjárlögum ársins 1981 voru veittar kr. 31 915 000 til framkvæmda í almennum höfnum. Þessi upphæð var síðar skorin niður um 5% eða um kr. 1 600 000.

Vegna endurbyggingar á hafnargarðinum á Akranesi eftir tjón var veitt aukafjárveiting að fjárhæð kr. 1 000 000.

Heildarfjárveiting til almennra hafna varð því kr. 31 315 000.

Til hafnarframkvæmda vegna skipaiðnaðar voru veittar kr. 11 000 000 og til viðbótar voru geymdar fjárveitingar frá árinu 1980 að fjárhæð kr. 1 940 000.

Til framkvæmda í landshöfnum voru veittar kr. 2 000 000.

Til framkvæmda í ferjuhöfnum voru veittar kr. 550 000.

Fjárveitingar til hafnargerða urðu því alls kr. 46 805 000 á árinu 1981.

Framkvæmdir á árinu urðu:	Millj. kr.
Í almennum höfnum	64,1
Í Reykjavíkurhöfn	37,3
Í landshöfnum	2,1
Í ferjuhöfnum	1,5
Heildarframkvæmdir í höfnum urðu	105,0

Árið 1980 voru heildarframkvæmdir 5 317,7 milljónir g. kr.

Aðrar framkvæmdir ársins 1981 voru við sjóvarnargarða, 0,7 millj. kr., en fjárveitingar til þeirra voru 590 000 kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð, rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru töflur um fjárveitingar og framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkishluta framkvæmda, stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum og fjárveitingar til sjóvarnargarða.

FRAMKVÆMDIR 1981 Í ALMENNUM HÖFNUM.

Akranes.

Reiknað hafði verið með því að lokið væri í bili framkvæmdum við brimvarnargarðinn. Þessi áætlun raskaðist þegar óveður veturinn 1980—1981 náði að rjúfa grjótvörnina á garðinum.

Í miklu óveðri þann 27. og 28. desember 1980 rofnaði grjótvörnin á efri hluta garðsins undan miðjum skjólvegg, sem þar er.

Í ofsaveðrinu 16. febrúar hrundi grjótvörnin út á ystu 50 metrum garðsins og skörð mynduðust í hana á nokkrum stöðum.

Eftir fyrra veðrið hafði strax verið unnið að viðgerð skarðsins við steypta skjólvegginn, en í síðara veðrinu opnaðist þar skarð aftur. Í maí var byrjuð grjótvinnsla í gömlu grjótnámunni við Berjadalsá. Þessi náma reyndist ekki vera nógu hagstæð hvað grjótstærð snerti. Hafið var þá grjótnám í 20 km fjarlægð, það er í grjótnámunni sem nýtt hafði verið við byggingu Grundartangahafnar. Þessi náma er hagstæð sem slík, en fjarlægð til Akraness í lengsta lagi. Þarna var einungis notað grjót stærra en 4 tonn. Einingaverð varð því hátt. Eftir er í báðum námum töluvert af kjarna og milligrjóti, eða alls um 3 300 m^3 af milligrjóti og 4 000 m^3 af kjarna. Í grjótgarðinn voru keyrðir alls rúmlega 15 000 m^3, þar af var grjót stærra en 4 tonn 8 000 m^3.

Mikið starf var unnið við athuganir á orsökum þessarar röskunar á garðinum, þ. e. frá öldu-, veður-, hönnunar- og byggingafræðilegu sjónarmiði. Ljóst er, að æskilegt er að garðurinn verði styrktur enn frekar á næstu árum. Unnið var við grjótvörnina í janúar og síðan tímabilið júní til nóvember.

Hannað var og boðið út hafnarhús. Verður húsinu skilað fokheldu fyrir 1. júlí 1982.

Haldið var áfram framkvæmdum við skipaviðgerðakant í Lambhúsasundi við Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts hf. Keypt var stálþil og festingar í 40 m langan stálþilskant. Þetta efni er komið til landsins. Gröfuflekinn Grettir gróf svo úr væntanlegu þilstæði og legunni við það, alls um 25 400 m^3. Var Grettir við þetta verk frá 26. maí til 20. júní. Síðan boraði borfleki Hafnamálastofnunar í þilstæðið og var þar sprengdur skurður.

Framkvæmdakostnaður: 7 665 þús. kr.

Borgarnes.

Lokið var uppsetningu hafnarvogar.

Framkvæmdakostnaður: 213 þús. kr.

Arnarstapi.

Sett var spil á löndunarkanna.

Framkvæmdakostnaður: 30 þús. kr.

Ólafsvík.

Keyrður var út fyrirstöðugarður í fremri hluta hafnarinnar. Rúmmál hans var um 10 500 m^3 af möl og grjóti. Við þennan garð er fyrirhugaður löndunar- og vörukantur. Unnið var við þetta verk frá 28. júlí til 3. september.

Þann 10. september hóf dælupramminn Hákur dælingu í Ólafsvíkurhöfn og var efninu dælt inn fyrir fyrrnefndan fyrirstöðugarð. Dælingu lauk hálfum mánuði síðar og hafði þá verið dælt um 10 500 m^3 í uppfyllinguna.

Framkvæmdakostnaður: 1 253 þús. kr.

Grundarfjörður.

Eftir nokkrar málalengingar var ákveðið að lengja Norðurgarðinn með 40 metra stálþili og á endanum yrði einnig 40 metra stálþil. Grjótvörn yrði sett á allan Norðurgarð að utanverðu.

Þegar þessi ákvörðun lá fyrir var hafist handa við rannsókn á botnlögum við enda Norðurgarðs.

Gröfuflekinn Grettir hreinsaði væntanlegt þilstæði dagana 5. og 6. ágúst. Gróf Grettir

úr þilstæðinu um 1000 m³. Borfleki Hafnamálastofnunar boraði svo í þilstæðið frá 8. september til 3. nóvember. Voru miklar tafir við það verk vegna óvenjulega óhagstæðs veðurfars. Var síðan sprengdur skurður fyrir væntanlegt stálþil. Einnig var borað og sprengt svæðið milli Bátabryggju og Norðurgarðs, alls um 250 m². Þann 23. nóvember hóf gröfuflekinn Grettir aftur dýpkun á Grundarfirði. Gróf hann fyrst úr skurðinum sem sprengdur hafði verð. Gróf Grettir um 2 500 m³ af sprengdu efni úr skurðinum og sprengda svæðinu milli Norðurgarðs og Bátabryggju. Síðan hóf Grettir gröft í nýju viðleguhöfninni. Dýpkaði Grettir þar innsiglinguna og höfnina sjálfa, en það verk hefur beðið nú í nokkur ár vegna fjármagnsskorts.

Efnið, sem er sandur og möl, var fyrst sett niður í skurðinn, sem sprengdur hafði verið fyrir væntanlegt stálþil við Norðurgarð. Síðan var uppgrafna efnið sett niður undir og framan við væntanlega framlengingu Norðurgarðs. Vannst því tvennt í þessum verkáfanga, þ. e. haldið var áfram uppgreftri viðleguhafnarinnar og fyllt var undir væntanlega framlengingu Norðurgarðs.

Alls voru grafnir upp úr viðleguhöfninni og við Norðurgarð um 4 200 m³ í þessum verkáfanga. Ætlunin er að grafa upp þessu til viðbótar álíka magn úr viðleguhöfninni í seinni áfanga framlengingar Norðurgarðs.

Grettir lauk greftri á Grundarfirði að þessu sinni 21. desember.

Framkvæmdakostnaður: 1 967 þús. kr.

Stykkishólmur.

Haldið var áfram byggingu vöru- og viðgerðakants í Skipavík. Á árinu 1980 hafði verið unnið að undirbúningi, uppfyllingu og dýpkun. Efnið í stálþilið hafði einnig verið keypt og flutt til landsins. Á árinu 1981 var flutt grjót framan í uppfyllingu.

Byrjað var við uppsetningu timburstýringar fyrir stálþilsrekstur þann 10. febrúar. Stálþilsrekstur hófst 12. mars og lauk 9. maí. Þilið er alls 108 m, þar af viðlegukantur 90 m. Sett var niður möl framan við þilið, þar sem efni í botni þarna er mjög laust í sér.

Steypt var ljósamastursshús við þilið. Vinnu við það lauk 1. júlí, en 26. október var tekið til við að setja upp ljósamastur og bráðabirgðapolla. Því verki lauk 13. nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 2 423 þús. kr.

Patreksfjörður.

Þann 24. júní 1981 hóf Grettir gröft í Patreksfjarðarhöfn. Gróf hann upp um 14 300 m³ af sandi og möl. Lauk Grettir því verki 7. júlí.

Grafinn var upp harður þröskuldur í innsiglingarrennu og framan við innsiglingu. Þessu hafði dragskófla ekki náð, þegar rennan var dýpkuð á sínum tíma. Einnig var dýpkað innst í höfninni við stálþilið.

Framkvæmdakostnaður: 760 þús. kr.

Tálknafjörður.

Unnið var að viðgerð bryggjunnar á Tálknafirði frá 21. apríl til 5. júní. Skipt var um staura, sem ís hafði brotið.

Framkvæmdakostnaður: 138 þús. kr.

Bíldudalur.

Verklok og tæknikostnaður.

Leiðrétting frá fyrra ári: −15 þús. kr.

Þingeyri.

Verklok. Tæknikostnaður: 45 þús. kr.

Flateyri.

Byrjað var á grjótgarði, sem mun skýla væntanlegri viðleguhöfn báta. Keyrður var út 270 m langur grjótgarður, alls um 20 000 m³. Grjótið var tekið á námu rétt utan við Flateyri. Verkið hófst 15. júní og stóð til 19. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 1 265 þús. kr.

Suðureyri.

Haldið var áfram byggingu nýja löndunar- og vörukantsins í innri höfninni við frystihúsið. Unnið var frá 12. janúar. Lokið var við að reka niður stálþilið, sem er alls rúmir 100 metrar. Hafði það verið lengt til að skapa aðstöðu fyrir smábáta í dokk inn úr innri höfninni. Steyptur var kantur á stálþilið og sett á það fríholt.

Dýpið við nýja þilið verður 6 metrar. Verður þar löndun og viðlega skuttogara og aðstaða fyrir strandferðaskip. Einnig var byggður 10 m léttur bryggjukantur í smábátadokkinni.

Vinnu lauk í júlíbyrjun. Dælupramminn Hákur hóf dælingu í innri höfninni og framan við nýja löndunarkantinn 16. júní. Einnig dældi Hákur úr innsiglingunni og inn í innri höfnina. Alls dældi Hákur upp 25 250 m³ af möl og sandi. Efninu var dælt í uppfyllingu innan við höfnina.

Framkvæmdakostnaður: 2 652 þús. kr.

Bolungarvík.

Löguð var leiðin fyrir löndun fiskjar frá Brjótnum að hafnarvoginni. Var lagt malbiksteppi, alls rúmir 900 m², á svæðið.

Unnið var við raflögn í nýja stálþilsbakkann á Grundargarði. Sett var upp ljósamastur og lýsing og sett upp landtenging fiskiskipa í masturshúsi.

Heimamenn sáu um þessi verk sjálfir.

Framkvæmdakostnaður: 280 þús. kr.

Ísafjörður.

Lokið var við nýju timburbryggjuna í Sundahöfn. Vinna við þetta verk stóð frá 7. janúar til 2. maí. Haldið var áfram endurbyggingu steypts kants á togarakantinum í Pollinum. Hófst það verk 23. júlí og stóð til 22. nóvember. Alls voru endurbyggðir 110 m af steyptum kanti. Einnig voru endurbyggðar og lagðar lagnir þessu tilheyrandi.

Byggt var ljósamastursshús á Mávagarði við nýju timburbryggjuna. Byrjað var á framkvæmdum við vöruflutningaaðstöðu í Sundahöfn með útkeyrslu fyrirstöðugarðs. Byrjað var á því verki 18. ágúst. Alls voru fluttir að um 19 500 m³ af gróti og möl í garðinn. Lauk því verki 25. nóvember.

Þann 2. nóvember var byrjað að undirbúa dælingu Háks úr væntanlegu vöruhafnarstæði. Hófst dælingin 4. nóvember og dælt var upp tæpum 12 000 m³ til 13. nóvember, þegar Hákur sökk við bryggju í Sundahöfn. Náðist hann upp aftur og hafði dælt um 15 400 m³ þegar hætt var dælingu á Ísafirði að þessu sinni. Höfðu þá bilanir valdið nokkrum töfum. Þótt dælingu væri hætt var henni ekki lokið úr vöruhafnarstæðinu í þessum áfanga. Uppdælda efnið er aðallega allfastur sandur, svo að skeri Háks kom að góðu gagni. Efninu var

dælt í uppistöðu innan ofannefnds fyrirstöðugarðs. Myndast þar lóðir og aðstaða fyrir þá starfsemi er verður væntanlega við vöruhöfnina.

Framkvæmdakostnaður: 4 152 þús. kr.

Súðavík.

Tæknikostnaður, verklok: 8 þús. kr.

Norðurfjörður.

Leiðrétting frá fyrra ári: −6,5 þús. kr.

Drangsnes.

Í viðleguhöfninni í Skipavík var sett upp ljósamastur og raflögn. Sett var aukin grjótvörn utan á hafnargarðinn á Drangsnesi. Steypt var undirstaða fyrir löndunarkrana og þekja við hafnarvog. Gert var við steyptan hafnarkant.

Verkið hófst 22. júní og stóð til 25. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 456 þús. kr.

Hólmavík.

Gröfupramminn Grettir hóf gröft í Hólmavíkurhöfn 29. september. Gróf Grettir fyrir nýjum löndunarkanti togara innst við hafnargarðinn. Alls gróf Grettir þarna tæpa 18 700 m^3 af sandi og leir. Greftri lauk 19. september.

Framkvæmdakostnaður: 754 þús. kr.

Hvammstangi.

Tæknikostnaður, verklok o. fl.: 52 þús. kr.

Blönduós.

Opnað var grjótnám við höfnina í Blöndubakkabökkum. Unnir voru 10 000 m^3 af grjóti. Var fyllt meðfram landi norðan núverandi hafnargarðs og grjótvörn sett á fyllinguna. Náðist þarna stærra grjót en búist var við, en sá ljóður er á því, að veðrunarþol þess er lítið.

Verkið hófst 17. ágúst og lauk 6. október.

Framkvæmdakostnaður: 1 136 þús. kr.

Skagaströnd.

Lokið var við frágang nýja stálþilsins í innri hluta hafnarinnar. Lögð vatns- og raflögn og þekja steypt, alls um 1 470 m^2.

Verkið hófst 30. júlí og lauk 2. október.

Framkvæmdakostnaður: 659 þús. kr.

Sauðárkrókur.

Leitað var að grjótnámi til hafnargerðar. Talið er að allgott grjótnám sé í gömlu grjótnámi í Hegranesi í um 4 km fjarlægð frá Sauðárkróki. Fæst það með því að fara niður fyrir botn gamla grjótnámsins. Gerðar voru tilraunaboranir og sprengingar í nóv. og des. til að sannprófa þetta.

Framkvæmdakostnaður: 560 þús. kr.

Hofsós.

Gerð var grjótnámskönnun, en án tilraunasprenginga. Ekki kom endanleg niðurstaða úr þessari könnun.

Framkvæmdakostnaður: 14 þús. kr.

Siglufjörður.

Sett var grjótvörn milli nýju togarabryggjunnar og gömlu bæjarbryggjunnar. Byrjað var á framkvæmdum við smábátahöfn, það er útkeyrsla skjólgarðs þvert á gamla stálþilið frá síldarárunum innan við núverandi höfn. Opnað var grjótnám fyrir utan bæinn skammt frá jarðgöngunum.

Verkið hófst 7. september, en þar sem vetur lagðist óvenju snemma að með harðindum, varð að hætta vinnu í seinni hluta nóvember eftir miklar tafir.

Framkvæmdakostnaður: 1 161 þús. kr.

Ólafsfjörður.

Unnið var að frágangi stálþilsins í dokkinni. Lagðar lagnir, þ. e. vatns- og raflögn. Steypt var 7,5 m breið þekja með kantinum, alls tæpir 1000 m². Steypt var ljósamastursh ús og sett upp ljósamastur. Þessi verk voru boðin út. Unnið var við þetta síðari hluta sumars og fram á haust.

Framkvæmdakostnaður: 648 þús. kr.

Dalvík.

Rekið var niður stálþil innst inni við Norðurgarð, alls 74 metra löndunarkantur. Steyptur var kantur á þilið og sett á það fríholt. Einnig var gengið frá Suðurgarði með fríholtum. Steypt var undirstaða löndunarkrana og hann settur upp á nýja þilið.

Verkið hófst 10. maí og unnið var með hléum til áramóta.

Framkvæmdakostnaður: 3 000 þús. kr.

Hrísey.

Tæknikostnaður: 28 þús. kr.

Árskógssandur.

Unnið var við frágang nýja stálþilsgarðsins. Steypt var 240 m² þekja og gengið frá lögnum. Við þetta verk var unnið samtímis vinnunni á Dalvík og Hauganesi eða frá miðjum maí.

Framkvæmdakostnaður: 34 þús. kr.

Hauganes.

Rekið var niður 44 metra stálþil. Hafnarkanturinn var lengdur um 30 metra og rekið niður 14 metra þil fyrir enda hans. Við þetta verk var unnið í áföngum.

Framkvæmdakostnaður: 932 þús. kr.

Akureyri.

Ný hafnarvog var tekin í notkun á miðju árinu 1981. Hafði uppsetning hennar hafist árið áður. Lokið var við frágang hennar á árinu.

Byrjað var á byggingu nýs löndunarkants togara við Útgerðarfélag Akureyringa. Keypt var stálþil og festingar. Rekstri stálþilsins og frágangi festinga var að mestu lokið um áramót. Einnig var unnið við raflögn viðgerðarkants við Slippstöðina.

Byggðar voru undirstöður ljósamastra. Unnið var við skipulag Akureyrarhafnar á vegum heimamanna. Er því verki ólokið.

Framkvæmdakostnaður: 2 550 þús. kr.

Svalbarðseyri.

Verklok frá fyrra ári: 2 þús. kr.

Grenivík.

Steyptur var kantur á nýja stálþilið, alls 70 m. Sett voru fríholt á þilið. Unnið var frá 13. júlí til 28. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 626 þús. kr.

Grímsey.

Gröfuflekinn Grettir hóf gröft í Grímseyjarhöfn 10. ágúst. Gróf Grettir þar til 17. ágúst og hafði þá grafið um 6 600 m³ af sandi, möl og grjóti. Verkið gekk betur en búist hafði verið við.

Framkvæmdakostnaður: 948 þús. kr.

Húsavík.

Unnið var að öldurannsóknum og undirbúningi líkanrannsóknar á Húsavíkurhöfn.

Heimamenn héldu áfram framkvæmdum við dráttarbraut, sem á að geta tekið upp 150 þungatonn.

Þegar Grettir gróf í Húsavíkurhöfn árið 1980 gróf hann einnig í og fyrir framan væntanlegt slippstæði. Sama ár höfðu heimamenn keypt gamalt efni úr dráttarbrautinni á Eyrarbakka. Þetta efni hafði verið gert upp í Skipasmíðastöð Guðmundar Lárussonar á Skagaströnd. Hér er um að ræða teina, spil, hjól, bita o. fl.

Á árinu 1981 var unnið að undirbúningi, hönnun, steypu spilhúss og veggja undir brautina í sjó fram.

Framkvæmdakostnaður: 1 900 þús. kr.

Kópasker.

Grjótgarðurinn var endurbyggður og styrktur. Opnað var grjótnám í Höfða í landi Brekku í um 4 km fjarlægð. Reyndist grjótnámið fremur erfitt og grjótið smátt.

Verkið hófst 18. júní og lauk 14. ágúst. Unnir voru 7 200 m³ af grjóti og settir í garðinn.

Framkvæmdakostnaður: 1 409 þús. kr.

Raufarhöfn.

Gröfuflekinn Grettir gróf í nýju bátahöfninni framan við nýja stálþilið. Grettir hóf gröftinn 14. september og lauk honum 24. sama mánaðar. Hafði Grettir þá grafið rúmlega 7 300 m³ af sandi og leir.

Framkvæmdakostnaður: 673 þús. kr.

Þórshöfn.

Gröfuflekinn Grettir gróf upp svæðið framan við frystihúsið, þar sem væntanlegur löndunarkantur kemur. Grettir gróf rannsóknarholur þarna og úr þilstæðinu. Einnig dýpkaði hann við og kringum aðalbryggjuna.

Verkið hófst 19. ágúst og lauk 12. september. Hafði Grettir þá grafið upp um 18 500 m^3 af grjóti og möl.

Framkvæmdakostnaður: 1 053 þús. kr.

Bakkafjörður.

Unnið hefur verið að mælingum og athugunum á Bakkafirði á undanförnum árum. Tilgangur með þeim er að kanna grundvöll fyrir byggingu skjólhafnar á Bakkafirði. Niðurstaðan er sú, að líklegur staður fannst 2 km innan við núverandi hafnarkant og við flugvöllinn.

Byggt var líkan af skjólhöfn þarna í apríl og maí í öldurannsóknastöð Hafnamálastofnunar. Þetta líkan var prófað í júní og júlí. Niðurstaðan varð sú, að á ofannefndum stað mætti byggja skjólhöfn, þótt kostnaðarsöm yrði. Forsenda þess, að þetta sé mögulegt, er að nægilegt og nógu stórt grjót finnist innan vissrar fjarlægðar. Til þess að fá svar við þessu var opnað grjótnám við væntanlegt hafnarstæði. Unnið var nokkuð magn af grjóti og það flokkað. Reyndust stærðir og hlutföll stórs grjóts miklu hagstæðari en búist hafði verið við.

Framkvæmdakostnaður: 1 284 þús. kr.

Vopnafjörður.

Verklok o. fl.: 2 þús. kr.

Borgarfjörður eystri.

Tæknikostnaður o. fl.: 107 þús. kr.

Seyðisfjörður.

Steypt var þekja í vöruhöfninni, alls 800 m^2. Verkið var unnið af heimamönnum um vorið. Einnig var lögð olíumöl á nærliggjandi svæði, alls 1 800 m^2.

Framkvæmdakostnaður: 340 þús. kr.

Neskaupsstaður.

Tæknikostnaður: 3 þús. kr.

Eskifjörður.

Lokið var við að reka niður stálþilið við frystihúsið. Síðan var steyptur kantur á það og lagðar lagnir. Steypt var ljósamasturshús með aðstöðu fyrir vatns- og rafmagnstengingu skipa.

Við þetta verk var unnið frá 7. janúar til 1. júní. Nýi kanturinn er 100 metra langur og mun þjóna sem löndunar- og viðlegukantur togara. Ennfremur verður þarna útskipun afurða frystihússins og viðkomur strandferðaskipa.

Boðin var út steypa þekju og var það verk unnið frá 10. ágúst og fram í október. Þekjan er 1 500 m^2. Heimamenn endurbyggðu fyrir eigin reikning um 40 m trébryggju í framhaldi af nýja stálþilskantinum.

Framkvæmdakostnaður: 1 600 þús. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Rekið var niður 74 metra stálþil við frystihúsið. Af því nýtast 43 metrar sem löndunar- og viðlegukantur. Þetta verk var orðið mjög brýnt, þar sem timburbryggjan þarna var orðin mjög illa farin og hætta var á að aðkoma að frystihúsinu hefði getað lokast. Aðstæður voru erfiðar vegna þess hversu framarlega frystihúsið stendur á marbakkanum. Ekki er nægilegt svigrúm fyrir festingar stálþils framan við það.

Verkið hófst í lok ágúst og lauk 11. nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 2 077 þús. kr.

Stöðvarfjörður.

Tæknikostnaður: 106 þús. kr.

Djúpivogur.

Rekið var niður stálþil framan við frystihúsið. Verkið hófst 18. maí og lauk 1. ágúst. Hér er um að ræða 65 metra langan löndunar- og viðlegukant, alveg við nýja frystihúsið.

Framkvæmdakostnaður: 1 541 þús. kr.

Hornafjörður.

Verklok. Mælingar, rannsóknir o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 192 þús. kr.

Dyrhólaey.

Unnið var að undirbúningi o. fl. fyrir dráttarspil til landtöku og sjósetningar smábáta við Kirkjufjöru.

Framkvæmdakostnaður: 138 þús. kr.

Vestmannaeyjar.

Unnið var allt árið við byggingu skipalyftunnar. Lokið var við rekstur stálþils í kringum lyftudokkina. Boðið var út verk við steypu, undirstöðu, lyftu, þekju og kant á þil. Einnig lagnir umhverfis lyftuna og stjórnstöðvarhús. Þetta verk var boðið út í mars og var að mestum hluta lokið um áramót.

Dæluprammi Vestmannaeyinga, Vestmannaey, dældi úr lyftudokkinni og framan við hana, alls um 20 000 m^3. Þetta verk var unnið frá september til áramóta. Nokkuð efni þurfti að grabba upp jafnframt dælingunni. Unnið var við undirbúning og viðhald lyftupalls og annars efnis í lyftuna, sem legið hefur í Vestmannaeyjum og annars staðar í mörg ár. Var efnið smurt, sandblásið og málað. Hér er um að ræða lyftur, lyftupall og færsluvagna. Byrjað var á byggingu stæða og færslukerfis lyftunnar. Heimamenn unnu alla jarðvinnu. Steypuvinna við tvö steypustæðin og færslugryfju var boðin út í ágúst. Þetta verk var hálfnað um áramót. Með í þessu verki var einnig steypa tveggja ljósamastursbúsa og möstur á þau. Keyptir voru átaksmælar í lyftuna.

Framkvæmdakostnaður: 9 730 þús. kr.

Stokkseyri.

Unnið var af heimamönnum að undirbúningi þekjusteypu á landgangi bryggju.

Framkvæmdakostnaður: 84 þús. kr.

Eyrarbakki.

Unnið var við vatnslögn og raflögn út í höfnina frá 9. mars til 10. apríl. Nokkrar skemmdir höfðu orðið á þessum lögnum vegna sjávargangs.

Unnið var við hækkun landgangs frá 23. nóvember til 31. desember. Þessu verki var ólokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 487 þús. kr.

Sandgerði.

Keypt var hafnarvog, hún sett upp og byggt við hana vigtarhús með aðstöðu fyrir hafnarvörð. Unnið var við frágang á landgangi nýja stálþilsgarðsins. Unnið var við merkingu innsiglingar og sett upp merki og ljós. Unnið var við lendingarbætur í Stafnesi og steypt þekja á gamla hlaðna bryggju.

Framkvæmdakostnaður: 1 022 þús. kr.

Garður.

Keypt var hafnarvog, sem var óuppsett um áramót 1981—'82.

Steypt var undirstaða undir löndunarkrana og hann keyptur.

Framkvæmdakostnaður: 212 þús. kr.

Vogar.

Byggður var brimvarnargarður. Opnað var grjótnám í 2 km fjarlægð frá höfninni. Þar voru unnir 22 500 m^3 af grjóti og keyrðir í brimvarnargarðinn. Grjótnámið reyndist fremur erfitt, en grjótið sæmilegt.

Verkið hófst 2. mars og lauk 15. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 2 587 þús. kr.

Hafnarfjörður.

Unnið var við lagnir í Suðurbakka, en svo kallast nú nýja stálþilið í Suðurhöfninni. Steypt var ljósamasturshús með aðstöðu fyrir landtengingu skipa. Við þessi verk var unnið í áföngum. Gröfuflekinn Grettir gróf upp 850 m^3 í smábátahöfn innan Óseyrarbryggju í maí.

Suðurgarður var breikkaður framan við þverkerið um 5 metra á um 2 metra kafla. Breikkunin er úr timbri, það er timburþekja á steyptum stöplum og staurum. Einnig var byrjað á endurbyggingu lagna á þverkeri. Þessi verk hófust 12. október og var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 714 þús. kr.

Garðabær.

Unnið var að undirbúningi væntanlegs viðgerðarkants.

Mælingar, rannsóknir og tæknikostnaður: 241 þús. kr.

Reykjavíkurhöfn.

Í vesturhöfn var samþykkt deiliskipulag fyrir verulegan landauka norðan verbúða á Grandagarði. Efni til landgerðar er dæld sjávarmöl og var á árinu varið 5,6 m. kr. til þessa verkefnis.

Til ýmissa verkefna í Gömlu höfninni, svo sem smábátaaðstöðu, aukningar rafdreifikerfis og frágangs við nýja farmstöð Ríkisskips, var varið 0,8 m. kr.

Á árinu festi Reykjavíkurhöfn kaup á Faxaskála af Eimskipafélagi Íslands og var umsamið kaupverð kr. 17,0 m. kr. Kaup þessarar 14 000 m^2 vörugeymslu er liður í þeirri áætlun, að öll vöruafgreiðsla Eimskips flytjist í Sundahöfn, en að Hafskip fái aðstöðu í Austurhöfn.

Á Vatnagarðasvæði í Sundahöfn var komið fyrir ekjubrú við Kleppsbakka og kostaði hún upp komin 4,7 m. kr.

Þybbur voru settar á Kleppsbakka fyrir 0,9 m. kr. og til gatnagerðar og landauka var á þessu svæði varið 1,6 m. kr.

Í Kleppsvík voru þybbur settar á Holtabakka. Þær framkvæmdir og aðrar í frágangi svæðis kostuðu 0,6 m. kr.

Áfram var unnið við skjólgarð fyrir lestunarbryggju olíuflutningaskipa í Örfirisey. Lauk gerð hans á árinu og varð kostnaður við hann 5,5 m. kr.

Til ýmissa húseigna var varið 0,5 m. kr. og til rannsókna og tækjakaupa 0,06 m. kr.

LANDSHAFNIR.

Landshöfnin Keflavík-Njarðvík.

Byrjað var á undirbúningi stálþils í horninu innan við brimvarnargarðinn. Stálþilið verður 55 m langt.

Boraður var og sprengdur skurður fyrir þilið. Þann 29. október hóf gröfuflekinn Grettir gröft í Njarðvíkurhöfn og gróf upp úr skurðinum. Lauk hann greftri 14. nóvember. Síðan reyndi Grettir að grafa inni í höfninni, en varð lítið ágengt. Einnig kannaði hann dýpkunarmöguleika og dýpi á fast fram af Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Grettir gróf upp 3 700 m^3 í Njarðvíkurhöfn, svo til allt úr skurðinum. Fyllt var í skurðinn.

Framkvæmdakostnaður: 1 500 þús. kr.

Landshöfnin Rifi.

Þann 9. júlí hóf Grettir dýpkun í höfninni. Gróf hann upp um 14 240 m^3 af sandi, aðallega við nýja stálþilið. Verkinu lauk 31. júlí. Einnig aðstoðaði Grettir við að setja vita á ker það, sem steypt hafði verið árið áður. Var kerið með vitanum dregið út og sett á rifið Tösku.

Framkvæmdakostnaður: 574 þús. kr.

Kostnaður við vitabyggingu var greiddur af Vitastofnun: 1 146 þús. kr.

Landshöfnin Þorlákshöfn.

Fylgst var með botnbreytingum og sandburði.

Kostnaður: 19 þús. kr.

FERJUBRYGGJUR.

Unnið var við ferjubryggju á Bæjum á Snæfjallaströnd. Endurbyggðir voru stöplar og þekja.

Gengið var frá landgangi bryggjunnar í Æðey. Endurbyggðar voru undirstöður landgangsbryggju á Melgraseyri. Bryggjan í Hvítanesi var lagfærð.

Í Breiðafjarðareyjum var hafin bygging ferjubryggju í Skáleyjum og Hvallátrum. Var því verki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 2 665 þús. kr.

SJÓVARNARGARÐAR.

Unnið var við sjóvarnargarða á Garðskaga í Miðneshreppi, við Gróttu á Seltjarnarnesi og Saurbæ á Kjalarnesi.

Smávegis var einnig unnið að sjóvörnum við Húsavík á Álftanesi, Hvaleyri og Vogum.

Teknar voru loftmyndir af strandlínu Reykjanesskaga.

Framkvæmdakostnaður: 711 þús. kr.

ÁÆTLANAGERÐ OG RANNSÓKNIR.

Á árinu 1981 var unnið áfram að almennum könnunum hafnarstæða sem fyrr. Boranir og jarðvegskannanir voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

Akranes	— könnun á Krossvík framan við Sementsverksmiðju Ríkisins.
Grundarfjörður	— könnun undirstöðu undir framlengingu Norðurgarðs.
Hvammstangi	— könnun botns framan við höfnina.
Sauðárkrókur	— könnun botns í væntanlegri bátahöfn.
Siglufjörður	— könnun botns í væntanlegri vöruhöfn við Brjót.
Hrísey	— könnun þilstæðis fyrir löndunarkant.
Raufarhöfn	— könnun undirstöðu löndunarkants.
Höfn	— könnun undirstöðu.
Grindavík	— könnun í innrihöfn.
Hafnarfjörður	— könnun undirstöðu vörukants.
Garðabær	— könnun undirstöðu viðgerðarkants.

Mælingar á höfnum og umhverfi þeirra voru framkvæmdar á eftirtöldum stöðum: Rifi, Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Brjánslæk, Patreksfirði, Bíldudal, Súgandafirði, Ísafirði, Hólmavík, Hvammstanga, Blönduósi, Hofsósi, Raufarhöfn, Bakkafirði, Eskifirði, Djúpavogi, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Hafnarfirði og Garðabæ.

Unnið var að lausn hafnarstæða í samvinnu við heimamenn á eftirtöldum stöðum: Grundarfirði, Stykkishólmi, Ísafirði, Blönduósi, Hofsósi, Siglufirði, Dalvík, Akureyri, Þórshöfn, Bakkafirði, Borgarfirði eystra og Garðabæ.

Byrjað var á úthafsöldumælingum út af Flatey á Skjálfanda. Gerðar voru öldumælingar með ölduduflum við eftirfarandi hafnir: Bolungarvík, Blönduós, Húsavík, Bakkafjörð og Stöðvarfjörð.

Mælingar á sogi voru gerðar í Húsavíkurhöfn.

Mælingar með þrýstimælum voru gerðar í höfnunum í Bolungarvík og Húsavík.

Sjávarfallamælingar voru gerðar í Grindavíkurhöfn og höfninni í Þorlákshöfn.

Í líkanstöð Hafnamálastofnunar var lokið athugun á hreyfingum skipa við löndunarkant Útgerðarfélags Akureyringa. Gengið var frá skýrslu um niðurstöður þessara athuguna. Unnið var að athugun á nýjum möguleikum á landfestum skipa við erfiðar aðstæður.

Byggt var líkan af mögulegri höfn í Bakkafirði, gerðar tilraunir með það og fundin niðurstaða ásamt hönnun brimvarnargarðs. Þessar niðurstöður hafa komið fram í skýrslu um hafnargerð á Bakkafirði.

Byggt var líkan af Húsavíkurhöfn og hafin athugun á ölduhreyfingum þar.

DÝPKUNARTÆKI HAFNAMÁLASTOFNUNAR.

Verkefni gröfuflekans Grettis við hafnargerðir á árinu 1981 voru á eftirtöldum stöðum, en frekari upplýsingar um framkvæmdir á hverjum stað er að finna hér að framan:

	Gröftur í m^3
Akranes	25 400
Grundarfjörður	15 200
Patreksfjörður	14 300
Hólmavík	18 700
Grímsey	6 600
Raufarhöfn	7 300
Þórshöfn	18 500
Njarðvík	3 700
Hafnarfjörður	850
Alls	110 550

Þetta er töluvert minni gröftur en á árinu 1980, en þá gróf Grettir alls 151 650 m^3.

Dælupramminn Hákur dældi í eftirtöldum höfnum:

	Dæling í m^3
Ólafsvík	10 500
Suðureyri	25 250
Ísafjörður	15 400
Alls	51 150

Á árinu 1980 dældi Hákur upp 76 500 m^3 svo að hér er um töluverða minnkun frá fyrra ári að ræða. En eins og bent var á í síðustu ársskýrslu hafnaframkvæmda fara verkefni hans minnkandi, þegar á heildina er litið. En sá kostur Háks, að geta dælt erfiðu efni í uppfyllingar, er svo mjög mikils virði og gerir þetta tæki nauðsynlegt fyrir hafnir landsins.

Það óhapp varð á Ísafirði um helgina 15. nóvember, þegar áhöfn Háks var í helgarfríi, að hann sökk við bryggju. Hann náðist fljótlega upp og hóf dælingu aftur. Búast má við að nokkra viðgerð þurfi að gera á honum, þegar hann kemur næst í Fossvogsstöð og fær næstu viðhaldsyfirferð eftir rúmlega tveggja ára notkun.

Nokkur athugun hefur verið gerð á kaupum á borfleka á fótum.

Fylgiskjal.

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1981

(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkis-hluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Grjótvörn — viðg. v/skemmda o.fl.		75%	5 200,0	
	Boraður skurður og sprengdur	75%	500,0		
	Dýpkun Grettis — 25 370 m³	75%	1 000,0		
	Viðgerðarkantur — undirbún.efni	75%	973,0		
	Leiðr. f. f. árum	75%	−7,6		
				7 665,4	5 749,0
Borgarnes	Hafnarvog	40%	205,0		
	Undirbúningur v/grjótg. o. fl.	75%	8,0		
				213,0	88,0
Arnarstapi	Löndunarspil	40%		30,0	12,0
Ólafsvík	Fyrirstöðugarður — 11 900 m³ o. fl.	75%	538,0		
	Dýpkun Háks — 10 422 m³	75%	720,0		
	Leiðr. f. f. ári	75%	−4,7		
				1 253,3	940,0
Grundarfjörður	Dýpkun Grettis — 975 m³	75%	150,0		
	Boraður skurður og sprengdur	75%	640,0		
	Dýpkun Grettis — 14 215 m³	75%	1 090,0		
	Ýmislegt f. f. ári — mælingar	75%	86,0		
	Leiðr. f. f. ári	75%	0,7		
				1 966.7	1 475,0
Stykkishólmur	Frágangur þils o. fl.	75%	2 448,5		
	Dráttarbr. — hliðarf. garður	40%	16,5		
	Leiðr. f. f. ári	75%	−42,0		
				2 423,0	1 811,5
Patreksfjörður	Dýpkun Grettis — 14 292 m³ o. fl.	75%	761,9		
	Leiðr. f. f. ári	75%	−1,9		
				760,0	570,0
Tálknafj.	Viðgerð bryggju	75%		138,0	103,5
Bíldudalur	Tæknikostn., verklok	75%	5,3		
	Leiðr. f. f. ári	75%	−20,0		
				−14,7	−11,0
Þingeyri	Tæknikostn., verklok	75%	5,5		
	Frágangur löndunarkrana	40%	34,8		
	Leiðr. f. f. ári	75%	4,5		
				44,8	21,4
Flateyri	Grjótgarður — 18 500 m³	75%		1 264,7	948,5
Suðureyri	Stálþil, kantur o. fl.	75%	1 372,0		
	Dýpkun Háks — 25 249 m³	75%	1 300,0		
	Leiðr. f. f. ári	75%	−20,0		
				2 652,0	1 989,0
Bolungarvík	Malbik, hafnarrannsóknir	75%	290,0		
	Leiðr. f. f. ári	75%	−10,0		
				280,0	210,0
Ísafjörður	Trébryggja — verklok	75%	330,0		
	Viðgerð, mastursh ús, lagnir	75%	1 200,0		
	Fyrirstöðugarður — 21 500 m³	75%	1 800,0		
	Dýpkun Háks — 15 378 m³	75%	830,0		
	Leiðr. f. f. ári	75%	−8,0		
				4 152,0	3 114,0
Súðavík	Tæknikostn., verklok	75%	12,6		
	Leiðr. f. f. ári	75%	−4,6		
				8,0	6,0

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1981.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkis-hluti %	Heildarkostn.	Ríkishluti
Norðurfjörður	Frágangur krana –lækkun verðs	75%	–6,5	–4,9
Drangsnes	Grjótvörn, lagnir o. fl.	75%	456,0	342,0
Hólmavík	Dýpkun Grettis — 18 675 m³ o. fl.	75%	754,0	565,5
Hvammstangi	Mælingar, tæknikostn., verklok	75%	58,5	
	Leiðr. f. f. ári	75%	–6,7	
			51,8	38,9
Blönduós	Fylling — 10 000 m³ o. fl.	75%	1 145,6	
	Leiðr. f. f. ári	75%	–9,6	
			1 136,0	852,0
Skagaströnd	Þekja og lagnir	75%	658,8	494,1
Sauðárkrókur	Grjótleit — opnun námu	75%	551,3	
	Mælingar	75%	40,0	
	Leiðr. f. f. ári	75%	–31,3	
			560,0	420,0
Hofsós	Grjótleit, tæknikostn., o. fl.	75%	14,4	10,8
Siglufjörður	Smábátahöfn — grjótg. o. fl.	75%	1 210,0	
	Leiðr. f. f. ári	75%	–49,4	
			1 160,6	870,5
Ólafsfj.	Steypt þekja (útboð), lýsing	75%	640,0	
	Leiðr. f. f. ári	75%	8,0	
			648,0	486,0
Dalvík	Stálþil m. kanti	75%	3 010,0	
	Leiðr. f. f. ári	75%	–10,0	
			3 000,0	2 250,0
Hrísey	Tæknikostn., mælingar	75%	28,4	21,3
Árskógssandur	Steypt þekja—240 m³ (–ferjuf. 110)	75%	20,0	
	Lagnir o. fl.	75%	14,0	
			34,0	25,5
Hauganes	Stálþil — 44 m	75%	948,0	
	Kostn. f. f. ári o. fl.	75%	–16,0	
			932,0	699,0
Akureyri	Löndunarkantur togara — 60 m þil	75%	2 200,0	
	Slippkantur	75%	106,5	
	Hafnarvog	40%	250,0	
	Leiðr. f. f. ári	75%	–6,5	
			2 550,0	1 825,0
Svalbarðseyri	Frágangur trilluhafnar	75%	2,1	1,6
Grenivík	Þekja og lagnir	75%	618,0	
	Leiðr. f. f. ári	75%	8,0	
			626,0	469,5
Grímsey	Dýpkun Grettis — 6 610 m³	75%	845,0	
	Viðgerð bryggju	75%	103,0	
			948,0	711,0
Húsavík	Dráttarbraut	40%	1 280,0	
	Hafnarrannsóknir o. fl.	75%	558,9	
	Leiðr. f. f. ári	75%	61,1	
			1 900,0	977,0
Kópasker	Grjótvörn á garð — 7 200 m³	75%	1 367,0	
	Lántökukostnaður	75%	50,0	
	Leiðr. f. f. ári	75%	–7,6	
			1 409,4	1 057,0

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1981.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkis-hluti %	Heildarkostn.	Ríkishluti
Raufarhöfn	Dýpkun Grettis — 7 325 m³	75%	611,0	
	Leiðr. f. f. ári	75%	62,0	
			673,0	504,8
Þórshöfn	Dýpkun Grettis — 18 535 m³	75%	1 053,0	789,7
Bakkafjörður	Grjótleit, opnun námu	75%	800,0	
	Módel	75%	484,0	
			1 284,0	963,0
Vopnafjörður	Verklok, tæknikostn.	75%	3,4	
	Leiðr. f. f. ári	75%	−1,3	
			2,1	1,6
Borgarfj. eystri	Verklok, tæknikostn.	75%	52,3	
	Lántökukostn.	75%	39,7	
	Leiðr. f. f. ári	75%	14,7	
			106,7	80,0
Seyðisfjörður	Steypt þekja	75%	347,3	
	Leiðr. f. f. ári	75%	−7,3	
			340,0	255,0
Neskaupstaður	Tæknikostnaður		2,7	2,0
Eskifjörður	Kantur, lagnir, þekja	75%	1 713,9	
	Leiðr. f. f. ári	75%	−113,9	
			1 600,0	1 200,0
Reyðarfjörður	Tæknikostn.	75%	3,6	2,7
Fáskrúðsfjörður	Stálþil	75%	2 125,2	
	Dráttarbraut	40%	−56,0	
	Leiðr. f. f. ári	75%	7,3	
			2 076,5	1 577,0
Stöðvarfjörður	Mælingar, rannsóknir	75%	106,0	79,5
Djúpivogur	Stálþil	75%	1 540,8	1 155,6
Hornafjörður	Tæknikostn., mælingar — verklok	75%	191,6	143,7
Dyrhólaey	Verklok, frág.	75%	137,8	103,3
Vestmannaeyjar	Þekja á vörukant o. fl.	75%	379,7	
	Skipalyfta (71,4%)	40%	5 850,0	
	Skipalyfta (28,6%)	75%	2 350,0	
	Leiðr. f. f. árum	75%	1 150,3	
			9 730,0	5 250,0
Stokkseyri	Undirbún. þekju	75%	84,0	63,0
Eyrarbakki	Gröbbun, grjótvörn o. fl.	75%	486,7	365,0
Grindavík	Tæknikostn., mælingar	75%	160,2	
	Leiðr. f. f. ári	75%	45,8	
			206,0	154,5
Hafnir	Tæknikostn.	75%	1,1	0,8
Sandgerði	Frágangur þils o. fl.	75%	40,0	
	Innsiglingarmerki	75%	140,0	
	Lendingarbætur Stafnesi	75%	160,0	
	Hafnarvog	40%	690,3	
	Leiðr. f. f. ári	75%	8,8	
			1 021,5	524,5
Garður	Bílavog	40%	131,6	
	Löndunarkrani	40%	78,0	
	Leiðr. f. f. ári	75%	2,1	
			211,7	85,5
Vogar	Grjótgarður o. fl.	75%	2 586,5	
	Leiðr. f. f. ári	75%	0,3	
			2 586,8	1 940,0

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1981.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkis-hluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
Hafnarfjörður	Dýpkun Grettis — 850 m³	75%	70,0		
	Mælingar	75%	100,0		
	Masturshús, lagnir o. fl.	75%	264,4		
	Trébryggja o. fl.	75%	280,0		
				714,4	535,8
Garðabær	Mælingar o. fl.	75%		64 100,0	45 096,3
		75%	55 589,80		
		40%	8 510,20		
				64 100,0	45 096,3
II. Sérstakar framkvæmdir:					
Karlsey	Tæknivinna	75%		3,5	2,6
Grundartangi	Leiðr. kostn. frá 1980	75%		−13,2	−9,9
				−9,7	−7,3
III. Landshafnir:					
Keflavík — Njarðvík	Sprengdur skurður		450,0		
	Fylling í skurð		190,0		
	Dýpkun Grettis 3 700 m³		550,0		
	Grettir v/slipps		110,0		
	Undirbún. stálþils '80		155,0		
	Ýmislegt v/verkloka '80		45,0		
				1 500,0	
Rif	Dýpkun Grettis — 14 240 m³ ..		574,0	574,0	
Þorlákshöfn	Mælingar, tæknikostn.			18,6	
				2 092,6	
IV. Ferjuhafnir:					
Arngerðareyri	Tæknivinna			2,9	
Brjánslækur	Undirbúningur			124,3	
Bæir, Snæfjallast.	Viðgerð bryggju			539,6	
Hvítanes	Viðgerð bryggju			178,3	
Melgr.eyri	Viðgerð bryggju			112,0	
Reykjanes	Tæknivinna			2,4	
Æðey	Viðgerð bryggju			76,5	
Ögur	Viðgerð bryggju			53,1	
Árskógssandur	Þekja á bryggju			110,0	
				1 199,1	
V. Lendingarbætur:					
Hvallátur	Bryggjugerð			733,0	
Skáleyjar	Bryggjugerð			733,0	
				1 466,0	
VI. Reykjavíkurhöfn:					
	Ýmsar framkvæmdir			37 320,0	
	Framkvæmdir alls 1981			**106 168,0**	

Framkvæmdir við sjóvarnargarða.

	Þús. kr.
Álftanes	3,0
Garðskagi — Gerðar	284,1
Grótta	59,1
Hvaleyri	3,4
Húsavík	5,8
Miðneshreppur	130,0
Seltjarnarnes	3,0
Vogar	1,7
Reykjanesskagi	120,6
Saurbær á Kjalarnesi	136,3
Samtals	711,0

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1981.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Staða við ríkissjóð í árslok 1980		Ríkishluti framkvæmda 1981	Fjárveit. almennra hafna	Fjárveit. v/skipaiðnaðar	Staða við ríkissjóð í árslok 1981	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)				Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
1. Akranes	490,0		5 749,0	1 214	2 050,0	2 975,0	
2. Borgarnes	7,0		88,0	285			190,0
3. Arnarstapi		43,0	12,0				31,0
4. Hellnar	0,4					0,4	
5. Ólafsvík	445,0		940,0	1,045		340,0	
6. Grundarfj.	100,5		1 475,0	2 196			620,5
7. Stykkish.	845,5		1 811,5	807	700,0	1 150,0	
8. Patreksfj.	20,0		570,0	285		305,0	
9. Tálknafj.	24,0		103,5	373			245,5
10. Bíldudalur	99,0		−11,0	93			5,0
11. Þingeyri	101,6		21,4	73		50,0	
12. Flateyri		3,5	948,5	660		285,0	
13. Suðureyri	615,0		1 989,0	1 069		1 535,0	
14. Bolungarvík	60,0		210,0	594			324,0
15. Ísafjörður	233,0		3 114,0	1 097	1 800	450,0	450,0
16. Súðavík	360,0		6,0	385			19,0
17. Norðurfj.	70,0		−4,9	185			119,9
18. Gjögur	6,0					6,0	
19. Drangsnes	3,0		342,0	285		60,0	
20. Hólmavík	2,0		565,5	351		216,5	
21. Hvammstangi	95,0		38,9	91		42,9	
22. Blönduós	15,0		852,0	592		275,0	
23. Skagaströnd		21,0	494,1	541	740		807,9
24. Sauðárkrókur	325,0		420,0	446		299,0	
25. Hofsós	30,0		10,8	86			45,2
26. Siglufj.	169,5		870,5	995		45,0	
27. Ólafsfj.	143,0		486,0	489		140,0	
28. Dalvík	322,0		2 250,0	1 472		1 100,0	
29. Hrísey		12,0	21,3			9,3	
30. Ársskógssandur		12,4	25,5	95			81,9
31. Hauganes	141,2		699,0	807		33,2	
32. Hjalteyri	203,5			129		74,5	
33. Akureyri	248,0		1 825,0	713		1 360,0	
34. Svalbarðse.	154,4		1,6	155		1,0	
35. Grenivík	332,0		469,5	572		229,5	
36. Grímsey		50,0	711,0	535		126,0	
37. Húsavík	162,0		977,0	119	150,0	870,0	
38. Hallbj.stkr.				50			50
39. Kópasker	270,0		1 057,0	822		505,0	
40. Raufarhöfn	27,0		504,8	356		175,8	
41. Þórshöfn	85,0		789,7	784		90,7	
42. Bakkafjörður		336,0	963,0	1 045			418,0
43. Vopnafjörður		68,0	1,6				66,4
44. Borgarfj. e.	322,5		80,0	271		131,5	
45. Seyðisfjörður	90,0		255,0	142		203,0	
46. Neskaupst.	3,0		2,0			5,0	
47. Eskifjörður	1 110,0		1 200,0	1 786		524,0	
48. Reyðarfj.			2,7			2,7	
49. Fáskrúðsfj.	60,0		1 577,0	1 137		500,0	
50. Stöðvarfj.	115,5		79,5	65		130,0	

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1981.
(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Staða við ríkissjóð í árslok 1980		Ríkishluti framkvæmda 1981	Fjárveit. almennra hafna	Fjárveit. v/skipaiðnaðar	Staða við ríkissjóð í árslok 1981	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)				Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
51. Breiðdalsv.	4,5					4,5	
52. Djúpivogur		175,6	1 155,6	1 007			27,0
53. Hornafjörður ..	187,0		143,7	152		178,7	
54. Dyrhólaey		49,3	103,3			54,0	
55. Vestm.eyjar ...	345,0		5 250,0	712	4 000	883,0	
56. Stokkseyri		71,0	63,0	142			150,0
57. Eyrarbakki	20,0		365,0	285		100,0	
58. Grindavík	382,0		154,5	363		173,5	
59. Hafnir		8,5	0,8				7,7
60. Sandgerði	112,5		524,5	807			170,0
61. Garður	10,5		85,5	166			70,0
62. Vogar			1 940,0	1 354		586,0	
63. Hafnarfjörður .	844,2		535,8	1 035		345,0	
64. Garðabær			180,6		2 200		2 019,4
Samtals	9 811,3	850,3	45 096,3	31 315	11 640	16 570,7	5 468,4

Tafla 3. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1981.

		Þús. kr.
Almennar hafnir:		
Samkvæmt fjárlögum	31 915	
Niðurskurður 5%	−1 600	
Aukafjárveiting til Akraneshafnar	1 000	31 315
Vegna skipaiðnaðar:		
Akranes	2 050	
Stykkishólmur	700	
Ísafjörður	1 400	
Vestmannaeyjar	4 000	
Garðabær	1 450	
Skagaströnd	700	
Húsavík	150	
Reykjavík	550	11 000
Garðabær frá 1980	750	
Ísafjörður frá 1980	750	
Skagaströnd frá 1980	400	
Njarðvík frá 1980	40	1 940
Landshafnir:		
Keflavík-Njarðvík	1 500	
Rif	500	2 000

Tafla 3. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1981.

		Þús. kr.
Ferjuhafnir:		
Brjánslækur	110	
Bæir	110	
Ögur	110	
Æðey	110	
Árskógssandur	110	550
	Samtals	**46 805**

Tafla 4. Fjárveitingar til sjóvarnargarða 1981.

		Þús. kr.
1.	Akranes	20
2.	Ólafsvík	20
3.	Búðardalur	20
4.	Flateyri	20
5.	Patreksfjörður	20
6.	Bolungarvík	50
7.	Sauðárkrókur	10
8.	Hjalteyri	50
9.	Hrísey	50
10.	Stokkseyri — Eyrarbakki	10
11.	Selvogur	10
12.	Grindavík	20
13.	Miðneshreppur	50
14.	Garðskagi — Gerðar	40
15.	Vogar	20
15.	Hvaleyri	30
17.	Álftanes — Bessastaðatjörn	10
18.	Grótta — Seltjarnarnes	50
19.	Rannsóknir Reykjanesskaga	40
20.	Saurbær	50
	Samtals	590

Sþ. 872. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1981.

Efnisyfirlit

I. INNHEIMTA TEKNA .....
YFIRLIT .....

1.0. BIFREIÐAINNFLUTNINGUR .....
1.1. BENSÍNGJALD .....
1.2. ÞUNGASKATTUR .....
1.3. GÚMMÍGJALD .....
1.4. RÍKISFRAMLAG .....
1.5. LÁNSFÉ .....

II. SKIPTING ÚTGJALDA .....
YFIRLIT .....

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN .....
2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR .....
2.1.0. Starfsmannahald .....
2.1.1. Skrifstofukostnaður .....
2.1.2. Tæknilegur undirbúningur .....
2.1.3. Umferðartalning og eftirlit .....
2.1.4. Eftirlaunagreiðslur .....

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA .....
2.2.1. Sumarviðhald .....
2.2.1.1. Viðhald malarvega .....
2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi .....
2.2.1.3. Viðhald brúa .....
2.2.1.4. Viðhald varnargarða .....
2.2.1.5. Heflun vega .....
2.2.1.6. Rykbinding .....
2.2.1.7. Vinnsla efnis .....
2.2.1.8. Vatnaskemmdir .....
2.2.1.9. Vegmerkingar .....
2.2.2. Vetrarviðhald .....
2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess .....
2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA .....
2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda .....
2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda .....
2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda .....

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda
2.3.0.4. Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun
2.3.0.5. Viðbótarfjármagn
2.3.0.6. Frestun framkvæmda
2.3.0.7. Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun

2.3.1. Til stofnbrauta
2.3.1.1. Almenn verkefni
2.3.1.2. Bundin slitlög
2.3.1.3. Sérstök verkefni
2.3.2. Til þjóðbrauta
2.3.3. Girðingar og uppgræðsla

2.4. TIL BRÚAGERÐA
2.4.1. Til brúa 10 m og lengri
2.4.2. Til smábrúa

2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.
2.5.1. Til aðalfjallvega
2.5.2. Til annarra fjallvega
2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum
2.5.4. Bláfjallavegur, Suðurlandsvegur—Hafnarfjörður
2.5.5. Reiðvegir

2.6. TIL SÝSLUVEGA

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

2.8. TIL VÉLAKAUPA OG ÁHALDAHÚSA
2.8.1. Vélakaup
2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

3.1. SÉRSTÖK VERKEFNI
3.1.1. Tilraun með ódýrt slitlag

4.1. YFIRLIT UM FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Fylgiskjöl:

1.—1.	Markaðir tekjustofnar Vegagerðar ríkisins.
2.1.3.—1. til 4.	Umferðartalningar 1981.
2.3.1.1.—1.	Stofnbrautir — Almenn verkefni. Greinargerð um framkvæmdir.
2.3.1.2.—1.	Bundin slitlög — Greinargerð um framkvæmdir.
2.3.1.3.—1.	Stofnbrautir — Sérstök verkefni. Greinargerð um framkvæmdir.
2.3.2.—1.	Þjóðbrautir — Greinargerð um framkvæmdir.
2.4.1.—1.	Brýr 10 m og lengri — Greinargerð um framkvæmdir.
2.5.1.—1.	Aðalfjallvegir — Greinargerð um framkvæmdir.

I. INNHEIMTA TEKNA.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1981, sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun þ.kr.	Rauntekjur pr. 31.12.'80 þ.kr.		Mismunur þ.kr.
1.1. Bensíngjald:	171,50		169,97	−1,53
Brúttótekjur		170,16		
Endurgreiðslur		0,19		
1.2. Þungaskattur:	67,20		66,66	−0,54
Km-gjald		57,98		
Árgjald		8,68		
1.3. Gúmmígjald	0,90		1,20	0,30
Samt. 1.—3.	239,66		237,83	−1,77
1.4. Ríkisframlag	31,66		28,96	−2,70
1.5. Lánsfé	140,20		130,10	−10,10
Samt. 1.—5.	411,46		396,89	−14,57

1.0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1981 voru fluttar inn 10 366 bifreiðar og er það 1 439 bifreiðum fleira en árið áður.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 8 995. Innflutningur vörubifreiða var alls 767, þar af 238 með yfir 10 tonna leyfðum heildarþunga. Sendibifreiðar voru 545 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 59. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1981 hafi verið orðin um 102 800 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 7,5%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu 1. janúar 1982 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1981 var skiptingin eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tegund bifreiðar	Bensín	Dísel	Alls	Aukning frá 01.01.'80
Fólksbifreiðar	82 321	3 603	85 924	6,0%
Alm. bifreiðar	369	782	1 151	3,0%
Vörubifreiðar	4 078	4 453	8 531	8,4%
	86 768	8 838	95 606	6,2%

1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á árinu 1981 varð 121,1 m. ltr., en það er 1,9% aukning frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 8,3% minni en árið áður eða 1.295 ltr. á móti 1.412 árið 1980.

Bensínverð hækkaði á árinu 1981 úr 5,95 kr. í 8,45 kr./ltr. Bensíngjald sem rennur í vegasjóð var hækkað tvisvar á árinu, fyrst 2. júní í 1,57 og síðan 2. sept. í 1, 70 kr./ltr.

Bensínsala/meðaleyðsla á bensínbifreið, o. fl.

Ár	Bensínsala m.ltr.	Meðaleyðsla m.ltr.	Verð á ltr. 31.12.	Skattar alls kr. ltr.	Bensíngj. kr. ltr.
1971	77,5	1 756	0,16	0,108	0,079
1972	84,9	1 745	0,16	0,108	0,079
1973	95,1	1 757	0,26	0,161	0,099
1974	104,4	1 736	0,49	0,307	0,160
1975	103,6	1 623	0,60	0,350	0,160
1976	104,5	1 616	0,80	0,449	0,186
1977	114,4	1 685	0,93	0,533	0,233
1978	121,5	1 662	1,81	1,055	0,484
1979	119,3	1 512	3,70	1,994	0,709
1980	118,8	1 412	5,95	3,275	1,237
1981	121,1 áætl.	1 295 áætl.	8,45	4,640	1,700

1.2. Þungaskattur.

Heildartekjur af þungaskatti voru 66,7 m.kr., sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 58,0 m.kr. og af árgjaldi 8,7 m.kr. Mælagjald er nú innheimt af díselbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tonn og meira. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu samkvæmt km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur díselbíla er nú innheimtur af um 9000 bifreiðum. Áætlað er að um 6400 greiði eftir mæli, en um 2600 fast árgjald. Þar af er áætlað að um 2000 bílar séu í eigu bænda, sem fá 50% afslátt.

1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem eru 45 kr. á hvert kg af innfluttu gúmmíi, urðu 1,20 m.kr., en það er 0,30 m.kr. meira en áætlað var. Má rekja það til þess, að mun meira var flutt inn af bifreiðum en gert var ráð fyrir.

Alls voru flutt inn 2 650 tonn af hjólbörðum. Áætlað er að 1 770 tonn séu vegna endurnýjunar og 880 tonn vegna innflutnings nýrra bifreiða.

Hér að neðan eru tölur yfir innflutning hjólbarða og árlega meðalnotkun bifreiða af gúmmíi.

Ár	Innfl. vegna nýrra bifr.	Innfl. vegna endurnýjunar	Innfl. alls tonn	Meðalendur-nýjun kg/bifr.
1971	590	1 030	1 620	21
1972	540	1 270	1 810	23
1973	610	1 380	1 990	23
1974	810	1 530	2 340	23
1975	270	1 110	1 380	16
1976	340	1 050	1 390	15
1977	570	1 530	2 100	20
1978	680	1 460	2 140	18
1979	630	1 380	2 010	16
1980	690	1 600	2 290	17
1981	880	1 770	2 650	18

1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1981 31,66 m.kr., en er hér hækkað um 0,30 m.kr., sem eru verðbætur á launalið stjórnar og undirbúnings umfram áætlaða hækkun meðalverðlags á árinu 1981 og lækkað um 3,0 m.kr. vegna frestunar framkvæmda.

1.5. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun önnur en bráðabirgðalán og vinnulán nam 130,1 m.kr. Er það 10,1 m.kr. lægra en í vegáætlun og skýrist af því að 5,7 m.kr. var tekið af B-hluta til ýmissa verka og 4,4 m.kr. sem er bráðabirgðalán vegna brúargerðar yfir Eyjafjarðará. Sjá nánar kafla 2.3.0.3.

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

Heildarupphæð fjárveitinga til vegamála samkvæmt vegáætlun var 411 460 þús. kr. og skiptist hún milli einstakra liða eins og sýnt er í eftirfarandi töflu. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var framkvæmdum fyrir 3 000 þús. kr. frestað á árinu og dregst sú fjárhæð frá einstökum liðum eins og í töflunni greinir. Í fjárveitingadálkinum er innifalið lánsfé að upphæð samtals 10 100 þús. kr. Annars vegar er þar um að ræða lán úr Byggðasjóði að upphæð 5 700 þús. kr., sem Áhaldahús Vegagerðar ríkisins tók og endurlánaði til ýmissa framkvæmda samkvæmt vegáætlun, en hins vegar 4 400 þús. kr. lán frá heimamönnum í Eyjafirði til brúar á Eyjafjarðará og lagningar Miðbrautar.

Heildarfjárveiting úr ríkissjóði varð því í raun ekki nema 398 360 þús. kr., en að meðtöldu lánsfé 408 460 þús. kr.

SKIPTING ÚTGJALDA	Samkv. vegáætlun	Frestun framkvæmda	Upph. í þús. kr.	Samtals (Lánsfé innif.)
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	7 340	100	7 240	
2. Tæknilegur undirbúningur	9 460	100	9 360	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	1 410		1 410	
4. Eftirlaunagreiðslur	940		940	
				18 950
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Sumarviðhald				
1. Viðhald malarvega	36 000		36 000	
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	17 100		17 100	
3. Viðhald brúa	4 350		4 350	
4. Viðhald varnargarða	600		600	
5. Heflun vega	18 500		18 500	
6. Rykbinding	5 900		5 900	
7. Vinnsla efnis	16 450		16 450	
8. Vatnaskaðar og ófyrirséð	4 000		4 000	
9. Vegmerkingar	800		800	
				103 700
2. Vetrarviðhald	33 060		33 060	
Halli frá 1980	3 300		3 300	
Halli frá 1980	1 350		1 350	
				37 710
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnbrautir				
1. Stofnbrautir almennt	66 540	665	65 875	
2. Bundin slitlög	41 030	410	40 620	
3. Sérstök verkefni	43 560	436	43 124	
2. Þjóðbrautir	29 320	293	29 027	
3. Girðingar og uppgræðsla	2 550	26	2 524	
				181 170

	Samkv. vegáætlun	Frestun framkvæmda		Samtals (Lánsfé innif.)
2.4. Til brúagerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	13 680	137	13 543	
2. Smábrýr	3 300	33	3 267	
				16 810
2.5. Til fjallvega o. fl.:				
1. Aðalfjallvegir	630		630	
2. Aðrir fjallvegir	670		670	
3. Þjóðgarðavegir o. fl.	630		630	
4. Bláfjallavegur	2 500		2 500	
5. Reiðvegir	70		70	
				4 500
2.6. Til sýsluvega	13 00			13 000
2.7. Til vega í kaupst. og kauptúnum	29 720	500		29 220
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa	2 500	300		2 200
2.9. Til tilrauna	1 200			1 200
Samtals	411 460	3 000		408 460

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN.

Þegar vegáætlun 1981 var til endanlegrar afgreiðslu lá fyrir ákveðin spá um þróun verðlags á árinu. Meðalhækkun verðlags milli 1981 og 1980 var á grundvelli þessa áætluð 52%. Raunverulegar verðhækkanir urðu í raun mjög nálægt þessum mörkum eins og eftirfarandi tafla sýnir (hækkun frá 1980).

	Viðhald	Vegagerð	Brúagerð
Vísitala í vegáætlun (áætl.)	52%	52%	52%
Vísitala í ágúst 1981	53,9%	50,7%	46,2%
Frávik	+1,3%	−0,9%	−3,8%

Mikill halli varð á vetrarviðhaldi á árinu 1981 eða um 10,0 m.kr. Heildarkostnaður varð 43,0 m.kr. og hefur ekki orðið svo hár áður. Má geta þess að hækkun frá árinu á undan, mæld á föstu verðlagi, var 67%.

Lítilsháttar halli varð á innheimtu markaðra tekna, eða um 1,77 m.kr. eins og nánar er gerð grein fyrir í kaflanum um innheimtu tekna.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

2.1.0. Starfsmannahald.

Um s. l. áramót voru ársmenn hjá Vegagerð ríkisins 459, en voru 450 um áramótin 1980—1981. Af þessum 459 eru 148 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 145 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru jafnmörg eða 145.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1981 nam 588 mannárum og hafði fækkað úr 600 frá árinu 1980. Launagreiðslur voru 80,5 milljónir kr. á árinu 1981 og launatengd gjöld um 7,5 milljónir kr.

Auk framangreindra starfsmanna störfuðu meira eða minna um 530 vörubifreiðastjórar með eigin bifreiðar hjá Vegagerð ríkisins yfir framkvæmdatímann, og voru greiðslur til þeirra á árinu 1981 62,3 milljónir kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s. l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 1. jan. 1982.

	Reykjavík	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Samtals jan. 1982
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	3	2	38
Verkfræðilegur undirbúningur	33	5	4	7	5	4	5	5	67
Vegaeftirlit	6								6
4.	—	Léttir, Akureyri	8
5.	—	Sindri, Rang. og V.-Skaft.	5
6.	—	Geysir, Rangárvallasýslu	15
7.	—	Gustur, Kópavogi	12
8.	—	Fákur, Reykjavík	18
		Samtals	80

2.6. TIL SÝSLUVEGA.

Fjárveiting til sýsluvega á vegáætlun 1981 var 13,0 m.kr. Samkvæmt vegalögum var 10,3 m.kr. af fé þessu skipt milli sýslna í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í töflu hér á eftir. Afganginum 2,7 m.kr. var að mestu varið til að greiða framlag ríkissjóðs á móti aukaframlögum hreppa, samanber 2. mgr. 21. gr. vegalaga. Lögðu hrepparnir fram aukaframlög að upphæð samtals 1 145 þús. kr. og hefði því þurft 2 863 þús. kr. til að greiða fullt mótframlag, auk þess sem ógreitt mótframlag frá árinu áður nam 822 þús. kr. Við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi var hins vegar hafður sami háttur á og árið áður að fresta greiðslu á helmingi mótframlagsins til næsta árs, enda er ekki skylt samkv. vegalögum að greiða allt mótframlagið á viðkomandi ári. Alls var þannig áætlað að greiða mótframlag að upphæð samtals 2 247 þús. kr. árið 1981 eða 453 þús. kr. lægri fjárhæð en fjárveitingunni nam.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1980 voru framlög hreppa til sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 26. gr. vegalaga áætluð 3 965 þús. kr., en urðu 3 967 þús. kr., þar af voru aukaframlög samkv. 21. gr. 2. mgr. 642 þús. kr.

Tekjur af vegaskatti af fasteignum samkv. 23. gr. vegalaga voru áætlaðar 783 þús. kr., en urðu 830 þús. kr.

Heildartekjur samkvæmt þessum þremur greinum vegalaga urðu þannig 4 797 þús. kr. eða 50 þús. kr. hærri en áætlað var, sem þakka má nær eingöngu betri innheimtu vegaskattsins.

Á árinu 1981 var innheimta á framlögum hreppa til sýsluvegasjóða samkv. 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember 1980 sem var kr. 20.05 á klst. og var það 55.1% hækkun frá kaupgjaldi 1. desember 1979. Áætluð heildarframlög hreppa til sýsluvegasjóða 1981 voru 6 427 þús. kr. Þar af voru aukaframlög hreppa áætluð 1 145 þús. kr.

Raunverulegar tekjur sýsluvegasjóða 1981.

(Upphæðir í þús.kr.)

	Framlög hreppsfélaga samkv. vegalögum		Vegaskattur af fasteignum samkv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag samkv. vegalögum		Samtals
	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.		Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	
Gullbringusýsla	85,7	14,1	9,4	43,7	17,6	170,5
Kjósarsýsla	292,2	5,5	155,7	265,7	6,7	725,8
Borgarfjarðarsýsla	118,6	25,2	50,9	206,6	53,1	454,4
Mýrasýsla	105,2	21,5	67,2	320,4	59,2	573,5
Snæf.- og Hnappadalssýsla	138,9	21,3	15,1	307,4	61,3	544,0
Dalasýsla	92,0	30,7	7,6	228,6	38,4	397,3
A.-Barðastrandarsýsla	32,7	0	0	103,2	0	135,9
V.-Barðastrandarsýsla	102,4	ö	1,5	125,2	0	229,1
V.-Ísafjarðarsýsla	50,3	0	0	122,9	0	173,2
N.-Ísafjarðarsýsla	26,5	0	0	113,0	0	139,5
Strandasýsla	71,8	0	7,4	143,6	0	222,8
V.-Húnavatnssýsla	92,8	27,2	9,0	425,3	34,0	588,3
A.-Húnavatnssýsla	112,7	27,3	12,0	269,5	34,1	455,6
Skagafjarðarsýsla	190,3	55,3	29,3	530,9	159,6	965,4
Eyjafjarðarsýsla	219,3	73,1	38,9	327,5	91,4	750,2
S.-Þingeyjarsýsla	239,9	80,0	15,6	558,0	112,8	1 006,3
N.-Þingeyjarsýsla	87,8	18,9	10,4	348,8	36,4	502,3
N.-Múlasýsla	183,0	57,6	16,2	554,6	72,0	883,4
S.-Múlasýsla	174,4	35,7	0	370,8	104,6	685,5
A.-Skaftafellssýsla	85,2	17,0	8,9	173,4	21,3	305,8
V.-Skaftafellssýsla	109,4	36,5	48,0	318,1	45,6	557,6
Rangárvallasýsla	284,3	69,6	16,6	555,9	86,9	1 013,3
Árnessýsla	430,3	25,1	310,0	731,9	31,4	1 528,7
Samtals	3 325,7	641,6	829,7	7 145,0	1 066,4	13 008,4

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1981.

(Upphæðir í þús.kr.)

	Framlög hreppsfélaga samkv. vegalögum		Vegaskattur af fasteignum samkv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag samkv. vegalögum		Samtals
	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.		Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	
Gullbringusýsla	137,9	0	15,0	77,0	17,6	247,5
Kjósarsýsla	499,2	40,4	235,0	399,0	57,7	1 231,3
Borgarfjarðarsýsla	182,4	39,5	103,8	303,0	81,0	709,7
Mýrasýsla	166,2	33,6	90,0	474,0	72,6	836,4
Snæf.- og Hnappadalssýsla	219,5	32,4	15,0	455,0	60,4	782,3
Dalasýsla	138,9	46,3	11,8	326,0	96,2	619,2
A.-Barðastrandarsýsla	49,3	0	0	154,0	0	203,3
V.-Barðastrandarsýsla	94,8	0	2,3	163,0	0	260,1
V.-Ísafjarðarsýsla	214,4	31,2	0	181,0	55,3	481,9
N.-Ísafjarðarsýsla	40,1	0	0	158,0	0	198,1
Strandasýsla	111,1	0	11,5	196,0	0	318,6
V.-Húnavatnssýsla	143,9	41,4	14,0	412,0	85,8	697,1
A.-Húnavatnssýsla	175,3	42,0	18,6	398,0	86,5	720,4
Skagafjarðarsýsla	292,9	84,9	31,0	783,0	175,1	1 366,9
Eyjafjarðarsýsla	334,4	111,5	30,0	484,0	230,8	1 190,7
S.-Þingeyjarsýsla	374,0	124,7	20,0	811,0	255,8	1 585,5
N.-Þingeyjarsýsla	135,2	22,4	12,0	503,0	51,7	724,3
N.-Múlasýsla	289,4	96,5	23,0	819,0	192,6	1 420,5
S.-Múlasýsla	272,4	50,7	20,0	545,0	108,0	996,1
A.-Skaftafellssýsla	134,9	29,7	13,7	255,0	58,4	491,7
V.-Skaftafellssýsla	169,4	56,5	11,9	470,0	116,2	824,0
Rangárvallasýsla	439,7	107,8	38,8	860,0	221,7	1 668,0
Árnessýsla	666,2	153,5	380,0	1 074,0	223,3	2 497,0
Samtals	5 281,5	1 145,0	1 097,4	10 300,0	2 246,7	20 070,6

Sýsluvegir 1. janúar 1981.

	Samkv. a—c lið 19. gr.				Samkv. d—e lið 19. gr.	Sýsluvegir alls	
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km	km	km	
V.-Skaftafellssýsla		16,8	121,3	138,1	4,5	142,6	
Rangárvallasýsla		17,3	227,5	244,8	64,3	309,1	
Árnessýsla		1,6	308,3	309,9	7,7	317,6	
							769,3
Gullbringusýsla		2,0	4,6	6,6		6,6	
Kjósarsýsla		2,3	74,0	76,3		76,3	
							82,9
Borgarfjarðarsýsla		3,4	82,0	85,4	4,0	89,4	
Mýrasýsla	0,7	19,2	116,9	136,8	28,4	165,2	
Dalasýsla	6,9	15,7	55,9	78,5		78,5	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	14,2	108,9	124,8	28,0	152,8	
							485,9
A.-Barðastrandarsýsla		17,5	16,0	33,5	61,2	94,7	
V.-Barðastrandarsýsla	0,1	3,7	40,7	44,5	44,6	89,1	
V.-Ísafjarðarsýsla		16,6	24,6	41,2	64,2	105,4	
N.-Ísafjarðarsýsla	0,6	10,4	32,2	43,2	44,1	87,3	
Strandasýsla		8,8	41,0	49,8	88,8	138,6	
							515,1
V.-Húnavatnssýsla	0,7	12,8	109,3	122,8	56,8	179,6	
A.-Húnavatnssýsla	0,5	12,0	91,7	104,2	4,5	108,7	
Skagafjarðarsýsla	11,5	37,6	152,5	201,6	10,3	211,9	
							500,2
Eyjafjarðarsýsla	2,8	12,9	102,5	118,2	6,2	124,4	
S.-Þingeyjarsýsla	7,0	49,9	137,8	194,7		194,7	
N.-Þingeyjarsýsla	4,0	41,5	79,7	125,2		125,2	
							444,3
N.-Múlasýsla		61,2	149,5	210,7	35,3	246,0	
S.-Múlasýsla	0,5	36,5	94,6	131,6	42,5	174,1	
A.-Skaftafellssýsla	0,8	11,2	53,8	65,8	27,0	92,8	
							512,9
Samtals	37,8	425,1	2 225,3	2 688,2	622,4		3 310,6

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM.

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúa og fleiri var samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi þann 1. des. 1980, útgefnum af Hagstofu Íslands, þann 16. júlí 1981:

Kaupstaðir			172 525
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa o. fl.			29 668
		Samtals	202 193
Framlag samkv. 32. gr. vegalaga:			
12½% af áætluðum mörkuðum tekjum (239,6 m. kr.) skv. vegáætlun 1981		Kr.	29 950 000
12½% af endanl. mörkuðum tekjum árið 1980: Kr. 145 312 488	Kr. 18 164 061		
Tekið til skipta 1980	Kr. 18 350 000	Kr.	−185 939
		Kr.	29 764 061

Frádráttur vegna frestunar framkvæmda 1981	Kr.	500 000
	Kr.	29 264 061
25% sjóður samkv. 34. gr. vegalaga	Kr.	7 316 015
Til skipta 1981	Kr.	21 948 046

Skiptitala á hvern íbúa: $\frac{21\,948\,046}{202\,193}$ = **Kr. 108,55**

Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa og fleiri þann 1. des. 1980.

Kaupstaðir	Íbúar	Framlag 1981 kr.
1. Reykjavík	83 766	9 092 799
2. Kópavogur	13 819	1 500 052
3. Seltjarnarnes	3 100	336 505
4. Garðabær	4 909	532 872
5. Hafnarfjörður	12 205	1 324 853
6. Grindavík	1 929	209 393
7. Keflavík	6 622	718 818
8. Njarðvíkur	2 008	217 968
9. Akranes	5 200	564 460
10. Bolungarvík	1 266	137 424
11. Ísafjörður	3 352	363 859
12. Sauðárkrókur	2 188	237 507
13. Siglufjörður	2 003	217 425
14. Ólafsfjörður	1 195	129 717
15. Dalvík	1 269	137 750
16. Akureyri	13 420	1 456 741
17. Húsavík	2 414	262 039
18. Seyðisfjörður	998	108 333
19. Neskaupstaður	1 683	182 690
20. Eskifjörður	1 043	113 217
21. Vestmannaeyjar	4 727	513 116
22. Selfoss	3 409	370 047
Samtals	172 525	18 727 585

Kauptún	Íbúar	Framlag 1981 kr.
1. Sandgerði (Miðneshr.)	1 124	122 010
2. Gerðar	912	98 998
3. Vogar (Vatnsl.str.)	447	48 522
4. Álftanes (Bessastaðahr.)	480	52 104
5. Mosfellshr. (þéttb.)	2 753	298 838
6. Borgarnes	1 619	175 742
7. Hellissandur og Rif (Neshr.)	627	68 061
8. Ólafsvík	1 180	128 089
9. Grundarfjörður (Eyrarsveit)	680	73 814
10. Stykkishólmur	1 205	130 803
11. Búðardalur (Laxárd.hr.)	288	31 262
12. Patreksfjörður	1 032	112 024
13. Tálknafjörður	294	31 914
14. Bíldudalur (Suðurfjarðahr.)	349	37 884
15. Þingeyri	432	46 894
16. Flateyri	459	49 824
17. Suðureyri	500	54 275
18. Súðavík	236	25 618

Kauptún	Íbúar	Framlag 1981 kr
19. Hólmavík	398	43 203
20. Hvammstangi	591	64 153
21. Blönduós	934	101 386
22. Skagaströnd (Höfðahr.)	649	70 449
23. Hofsós	298	32 348
24. Hrísey	289	31 371
25. Grenivík (Grýtubakkahr.)	301	32 673
26. Reykjahlíð (Skútust.hr.)	227	24 641
27. Raufarhöfn	493	53 515
28. Þórshöfn	439	47 653
29. Vopnafjörður	665	72 186
30. Egilsstaðir	1 140	123 747
31. Reyðarfjörður	726	78 807
32. Fáskrúðsfj. (Búðahr.)	760	82 498
33. Stöðvarfjörður	342	37 124
34. Breiðdalsvík	217	23 555
35. Djúpivogur (Búl.hr.)	393	42 660
36. Höfn í Hornafirði	1 455	157 940
37. Vík í Mýrdal(Hvammshreppi)	372	40 381
38. Hvolsvöllur	532	57 749
39. Hella, (Rangárv.hr.)	523	56 772
40. Stokkseyri	484	52 538
41. Eyrarbakki	559	60 679
42. Hveragerði	1 254	136 122
43. Þorlákshöfn (Ölfushreppi)	1 010	109 635
	29 668	3 220 461
Samtals	202 193	21 948 046

Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1981, samkv. bréfi fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 22. maí 1981.

Óráðstafað fé frá 1980	Kr.	273 112
Framlag árið 1981	—	7 316 015
	Kr.	7 589 127

Úthlutun 1981:

1. Kópavogur	kr.	1 000 000
2. Garðabær	—	400 000
3. Hafnarfjörður	—	400 000
4. Njarðvík	—	60 000
5. Akranes	—	680 000
6. Ísafjörður	—	330 000
7. Siglufjörður	—	120 000
8. Ólafsfjörður	—	80 000
9. Akureyri	—	750 000
10. Húsavík	—	240 000
11. Seyðisfjörður	—	400 000
12. Vestmannaeyjar	—	180 000
13. Hellissandur (Neshreppur)	—	60 000
14. Stykkishólmur	—	50 000
15. Búðardalur (Laxárdalshr.)	—	360 000
16. Tálknafjörður	—	40 000
17. Bíldudalur (Suðurfjarðahr.)	—	340 000
18. Þingeyri	—	760 000
19. Suðureyri	—	340 000
20. Súðavík	—	170 000
21. Blönduós	—	210 000

22. Grenivík (Grýtubakkahr.)	—	40 000		
23. Egilsstaðir	—	30 000		
24. Vík í Mýrdal	—	30 000		
25. Stokkseyri	—	180 000		
26. Hveragerði	—	190 000		
Vegagerð ríkisins	—	162 918		
			Kr.	7 602 918
Umframgreitt úr „25% sjóði“			Kr.	13 791

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1982.

Kjördæmi	Bundið slitlag m	Án slitlags m	Samtals m
Suðurlandskjördæmi	10 324	4 131	14 455
Reykjaneskjördæmi	25 995	4 148	30 143
Reykjavík	25 085	10 970	36 055
Vesturlandskjördæmi	8 904	4 460	13 364
Vestfjarðakjördæmi	8 592	6 408	15 000
Norðurlandskjördæmi vestra	7 695	5 820	13 515
Norðurlandskjördæmi eystra	8 189	7 077	15 266
Austurlandskjördæmi	20 103	4 405	24 508
Samtals	114 887	47 419	162 306

2.8. TIL VÉLAKAUPA OG ÁHALDAHÚSA.

2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 1,0 m.kr., en auk þess var afskriftafé véla varið til vélakaupa. Helstu vélar sem keyptar voru:

4 vegheflar
1 vörubifreið
16 rafstöðvar
1 asfaltdreifari
1 asfaltbirgðatankur
5 pallbifreiðar
2 sendibifreiðar
3 bifreiðar til fólksflutninga
18 fólksbifreiðar
1 dráttarbifreið
1 snjótönn

1 snjóvængur
2 vegsópar
1 malardreifari
2 hjólaskóflur
1 veghefilsgreiða
1 vegþjappa
2 dráttarvélar

Auk þess sem að ofan er talið, voru keypt ýmis tæki vegna brúasmíða og almennra framkvæmda, svo sem dælur, lofthitarar, fleyghamrar o. fl.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 1,5 m.kr., en auk þess var hluta af áhaldaleigu varið til byggingar áhaldahúsa.

1. Vík í Mýrdal.
   Unnið var að stækkun áhaldahússins þar.
2. Selfoss.
   Hafinn var undirbúningur að hönnun á nýju skrifstofu- og áhaldahúsi.
3. Reykjavík.
   Haldið var áfram við endurbætur á áhaldahúsi við Grafarvog svo og á verkstæðishúsnæði við Borgartún.
4. Ólafsvík.
   Unnið var að frágangi raflagna og innréttinga og steypt var plan framan við húsið.
5. Ísafjörður.
   Unnið var að frágangi á vélaverkstæði og gengið var frá hluta lóðar.
6. Sauðárkrókur.
   Unnið var að einangrun og frágangi á lofti verkstæðishússins.
7. Húsavík.
   Unnið var að innréttingu áhaldahússins.
8. Vopnafjörður.
   Reist var og gert fokhelt nýtt áhaldahús.
9. Reyðarfjörður.
   Unnið var að byggingu verkstæðis og lokið að mestu við innréttingu á skrifstofuhúsnæði.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ.

Fjárveiting var 1,2 m.kr.
Unnið var að eftirtöldum tilraunaverkefnum á árinu:

Norræn rannsóknarverkefni (ástandskönnun, malarvegir)
Slitþol steinefna
Viðloðun steinefna
Olíumöl
Athugun á silti
Ástand bundinna slitlaga
Umferðarrannsóknir
Burðarlög
Burðarþolsprófanir
Öxulþungamælingar
Leiðarar
Gobi mottur

Athugun á völtun
Varnir við svellbunkamyndun
Klæðing á axlir
Klæðing með flokkaðri möl
Klæðing í hjólför
Athugun á akstri díselbíla
Athugun á afskrift

Lokið var við rannsóknir á silti, gobi mottum, klæðingu með flokkaðri möl, klæðingu á axlir, klæðingu í hjólför, athugun á afskrift bíla og athugun á akstri díselbíla og hafa lokaskýrslur ýmist verið gerðar um þær eða eru í vinnslu. Áfangaskýrsla var gerð um burðarlög.

3.1. SÉRSTÖK VERKEFNI.

3.1.1. Ódýr slitlög.

Árið 1978 hóf Vegagerðin tilraunir með ódýrt slitlag, svonefnda klæðingu. Var þá lagt á 16,6 km af vegi. Lögn þessa slitlags hefur verið haldið áfram síðan og er nú svo komið, að alls hefur klæðing verið lögð á röska 200 km.

Á síðastliðnu ári var gerð tilraun með klæðingu á axlir og haldið var áfram með tilraunir með flokkaða möl í klæðingu. Einnig var unnið áfram að frekari athugunum á endingu slitlagsins.

4.1. YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA.

Á meðfylgjandi súluritum er sýnd þróun í heildarútgjöldum og helstu verkefnaþáttum Vegagerðarinnar, allt frá árinu 1964. Súluritin skýra sig að mestu sjálf, en hér á eftir verður drepið á það helsta.

Heildarútgjöld til vegamála hafa farið mjög vaxandi á síðustu tveim árum, og hafa ekki orðið jafnhá og á síðasta ári, ef undan eru skilin árin 1971—1974, en þá stóðu yfir samtímis tvö stór verkefni, hraðbrautarframkvæmdirnar út frá Reykjavík, sem að mestu voru fjármagnaðar með lánsfé frá Alþjóðabankanum og bygging brúa og vegar á Skeiðarársandi. Aukning útgjalda kemur nær eingöngu fram í nýjum framkvæmdum og þar einkanlega í bundnum slitlögum. Á síðasta ári voru rúmlega 142 km lagðir bundnu slitlagi á móti 90 árið 1980. Bundin slitlög voru í árslok alls 507 km og höfðu því tæplega tvöfaldast á þessum tveim árum. Hér er um mjög verulegan árangur að ræða, því með sama áframhaldi verða allir vegir með yfir 200 bíla umferð að meðaltali á dag á ári lagðir bundnu slitlagi eftir 5 ár, en um þessa vegi fer um 70% af heildarakstri á öllu þjóðvegakerfi landsins. Í dag er þetta hlutfall 47%.

Þrátt fyrir þessa aukningu fjármagns til vegagerðar, hefur ekki tekist að auka hlut sumarviðhalds sem skyldi. S. l. 7 ár hafa fjárveitingar til sumarviðhalds aðeins verið um og innan við 70% af áætlaðri þörf. Þróunin kemur glögglega fram í súluriti, sem sýnir viðhaldskostnað á bíl. Fjárveitingar til sumarviðhalds í þeim mæli, sem verið hafa á undanförnum árum nægja ekki til nauðsynlegs viðhalds veganna. Vegir, sem byggðir hafa verið á undanförnum árum liggja undir skemmdum vegna skorts á viðhaldi. Auk eyðileggingar á vegunum sjálfum veldur skortur á viðhaldsfé auknu viðhaldi og sliti þeirra bíla, sem um vegina fara. Ef skoðaður er samanlagður kostnaður við viðhald vega og rekstur þeirra bíla, sem um vegina fara, kemur í ljós, að viðhaldskostnaður vega er aðeins 1/5 hluti þessa heildarkostnaðar. Að þessu hlutfalli þekktu má vera ljóst, að sparnaður umferðar vegna bætts viðhalds þarf hlutfallslega ekki að vera mikill til að hagnaður náist. Útreikningar hafa einnig sýnt, að með því að leggja aukna áherslu á viðhald veganna, megi ná verulegum þjóðhagslegum sparnaði.


HEILDARÚTGJÖLD TIL VEGAMÁLA
Hlutfall af Þjóðarframleiðslu
2,5
2,0
1,5
1,0
0,5
1,59
1,74
1,50
1,89
1,84
1,90
1,71
2,27
2,36
2,24
2,11
2,07
1,81
1,66
1,69
1,64
1,95
2,08
1964
1965
1966
1967
1968
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980
1981

HEILDARUTGJÖLD TIL VEGAMÁLA

Upphæðir í m kr. á verðlagi 1981



HEILDARKOSTNAÐUR VIÐ SUMARVIÐHALD OG VETRARÞJÓNUSTU

Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1981



SUMARVIDHALD

Upphæðir í m. kr. á verðlagi 1981




kr
SUMARVIÐHALD Á BÍL
Upphæðir í kr á verðlagi 1981
2500
2000
1500
1000
500
1.914
2.120
2.170
1.985
1.652
1.667
1.590
1.682
1.384
1.582
1.131
1.204
1.016
1.148
1.097
1.082
966
1965
1966
1967
1968
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980
1981

NÝBYGGING VEGA BRÚA OG FJALLVEGA

Upphæðir í m. kr. á verðlagi 1981



Fskj. 1.—1.

MARKAÐIR TEKJUSTOFNAR
VEGAGERÐAR RÍKISINS.
Gildir frá jan. 1982.

1. Bensíngjald.
Gjaldið er frá 23.12.81. 1,70 kr. á lítra.

2. Þungaskattur.
2.1. Árgjald. Af díselbifreiðum minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd greiðast kr. 9 753 fyrir allt að 2 000 kg eigin þyngd og kr. 557 fyrir hver 100 kg umfram 2 000. Eigendur þessara bíla geta valið um, hvort þeir greiða fast árgjald eða skv. eknum km., sbr. lið 2.2.
Fyrir leigubíla og sendibíla, sem taka gjald skv. löggiltum mæli, greiðist 30% hærra gjald.
2.2. Kmgjald. Díselbifreiðar yfir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd greiða þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn km. Á sama hátt greiðist þungaskattur af tengi- og festivögnum yfir 6 tonn af leyfðri heildarþyngd.
Frá 1. febr. 1982 er gjaldið eins og hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	0,52	15,0—15,9	1,11
5,0— 5,9	0,56	16,0—16,9	1,20
6,0— 6,9	0,60	17,0—17,9	1,29
7,0— 7,9	0,63	18,0—18,9	1,37
8,0— 8,9	0,66	19,0—19,9	1,47
9,0— 9,9	0,69	20,0—20,9	1,55
10,0—10,9	0,73	21,0—21,9	1,64
11,0—11,9	0,76	22,0—22,9	1,74
12,0—12,9	0,85	23,0—23,9	1,82
13,0—13,9	0,93	24,0—24,9	1,91
14,0—14,9	1,03	25,0—25,9	2,00

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.
Veittur er 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 25 000 km og að 45 000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45 000.

3. Gúmmígjald.
Gúmmígjald er nú 0,45 kr. á hvert kg af innfluttum hjólbörðum og slöngum.

Fskj. 2.1.3-1.


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1981
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, Í FEBRÚAR 1982
Skýringar:
STAPI
HELLNAR
BORGARNES
AKRANES
REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
HAFNARFJ.
SELTJARNARNES
GERÐAR
SANDGERÐI
NJARÐVÍK
HAFNIR
GRINDAVÍK
HVERAGERÐI
SELFOSS
HELLA
HVOLSVÖLLUR
RANGÁRVALLAHR.
PYKKVIBÆR
ÁRLÁKSHÖFN
VÍK
VESTMANNAEYJAR

Fskj. 2.1.3-2.


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1981
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, Í FEBRÚAR 1982
Skýringar:
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
HOFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
KÁLFSHAMARSVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMS-TANGI
BÓNDEYRI
HÓLMAVÍK
BÍLDUDALUR
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
ÓLAFSVÍK
HELLISSANDUR
BÚÐARDALUR
BOLUNGARVÍK
HNÍFSDALUR
ÍSAFJÖRÐUR
SÚÐAVÍK
SUÐUREYRI
FLATEYRI
PINGEYRI
SVEINSEYRI
VATNEYRI

Fskj. 2.1.3-3


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1981
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, Í FEBRÚAR 1982
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní - sept. föst talning
400 " " " skyndiltalning
600 " " árs talning
2001(0%) Hlutfallstala í sviga á eftir umferðartölu
Akstur vörubíla (flutningabíla) og hópferðabíla af heildarumferð samkv. athugun
RAUFARHÖFN
KÓPASKER
BAKKAFJÖRÐUR
BORGARFJÖRÐUR
VOPNAFJÖRÐUR
BAKKAGERÐI
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
EGILSSTAÐIR
BÚÐIR
BÚÐAREYRI
HÚSAVÍK
GRENIVÍK
HRÍSEY
HJALTEYRI
AKUREYRI
ÓLAFSFJÖRÐUR
DALVÍK

Fskj. 2.1.3-4


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1981
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, Í FEBRÚAR 1982
Skýringar:
BREIÐDALSVÍK
DJÚPIVOGUR
HÖFN
SKAFTAFELL
NÚPSSTAÐUR
ÁRKVÍÐARJARÐ-
KLAUSTUR

Stofnbrautir — Almenn verkefni
Greinargerð um framkvæmdir.

1 **Suðurlandsvegur:**

12 Austan Víkur:

Fjárveiting var 0,3 m.kr. Fjárveiting til bundinna slitlaga, skv. 2.3.1.2. var 1,2 m.kr. Lögð var klæðing á 4,9 km langan kafla milli Kerlingardalsár og Víkur og var verkið framkvæmt af verktakafyrirtækinu Hegranes h.f.

14 Um Reynisfjall:

Fjárveiting var 0,6 m.kr. Greitt var 428 þús. kr. vinnulán frá fyrra ári. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 781 þús. kr. Undirbyggður var að miklu leyti 1,4 km langur kafli frá Skeifnadal að Gatnabrún.

22—23 Hvolsvöllur — Hella:

Fjárveiting var 3,7 m.kr. Fjárveiting til bundinna slitlaga, skv. 2.3.1.2. var 2,8 m.kr. Greitt var 1,5 m.kr. vinnulán frá fyrra ári. Tekið var vinnu- og framkvæmdalán sbr. 2.3.0.2., að upphæð 2,55 m.kr. Lögð var olíumöl á 6,4 km langan kafla milli Hvolsvallar og Strandar og var útlögnin unnin af verktakafyrirtækinu Miðfell h.f. Undirbyggður var 2,5 km langur kafli milli vegamóta Oddavegar og Rangárvallavegar.

30 **Skeiðavegur:**

01 Suðurlandsvegur — Ólafsvallavegur:

Fjárveiting var 1,5 m.kr. Greidd var 1,5 m.kr. skuld frá fyrra ári.

34 **Eyrarbakkavegur:**

03 Gaulverjabæjarvegur — Eyrarbakki:

Fjárveiting var 0,6 m.kr. og vinnulán, skv. 2.3.0.3. var 0,42 m.kr. Greidd var 0,6 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lögð var olíumöl á 1,5 km langan kafla milli vegamóta Gaulverjabæjarvegar og Álfsstéttar og var útlögnin framkvæmd af Halldóri Björnssyni verktaka.

05 Ölfusárós, hönnun og undirbúningur:

Fjárveiting var 0,7 m.kr. Unnið var að könnun á félagslegum áhrifum Ölfusárbrúar við Óseyrarnes. Einnig að ýmiskonar gagnasöfnun, svo sem vatnafræðilegum mælingum, jarðvegskönnun, efnisleit og rannsókn o. fl. Gerð frumáætlunar um brúna stendur yfir og lýkur væntanlega snemma á árinu 1982. Stefnt er að því, að lokaáætlun liggi fyrir um það bil ári síðar.

35 **Biskupstungnabraut:**

03 Um Borg:

Fjárveiting var 140 þús. kr. Vinnulán, skv. 2.3.0.2. var 0,1 m.kr. Að ósk hreppsnefndar Grímsneshrepps var 0,1 m.kr., sem veitt var til framkvæmda við 351—01 Búrfellsveg, lánað til þessa verks og endurgreiðsla fyrirhuguð 1983. Byggður var 1,6 km langur kafli milli vegamóta Búrfellsvegar og Sólheimavegar.

38 **Þorlákshafnarvegur:**

03 Við Þorlákshöfn:

Fjárveiting var 0,7 m.kr. og til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. 0,6 m.kr. Greitt var 0,7 m.kr. bráðabirgðalán og 0,54 m.kr. vinnulán frá fyrra ári.

36 **Þingvallavegur:**

Fjárveiting var 2,0 m.kr. og af sérstökum verkefnum skv. 2.3.1.3. 2,5 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,36 m.kr. Lokið var við 2,4 km langan kafla frá

Köldukvísl að Selholti og hann lagður klæðingu. Einnig var undirbyggður 2,4 km langur kafli frá Selholti að Leirvogsvatni.

1 **Suðurlandsvegur:**

02 Undirgöng við Rauðavatn:

Fjárveiting var 0,7 m.kr. Byggð voru undirgöng fyrir hestamenn undir Suðurlandsveg við Rauðavatn. Jafnframt var gerður stígur milli vatnsins og Suðurlandsvegar.

1 **Vesturlandsvegur:**

12—14 Höfðabakki—Þingvallavegur:

Fjárveiting var 0,33 m.kr. Lokið var götulýsingu á um 500 m löngum kafla frá Lágafelli í átt að Hlégarði. Lokið er þannig við lýsingu á kaflanum Lágafell—Álafoss.

15 Kollafjarðarkleifar — Brautarholt:

Fjárveiting var 2,7 m.kr. og af bundnum slitlögum skv. 2.3.1.2. 1,3 m.kr. Fullgerður var og lagður malbiki 2,0 km langur kafli frá Kollafjarðarkleifum að Saltvík, og var útlögnin unnin af verktakafyrirtækinu Loftorka s. f. Frágangi vegsvæðis er ólokið.

18—19 Hvammsvík—Fossá:

Fjárveiting var 0,9 m.kr. og af bundnum slitlögum skv. 2.3.1.2. var 2,9 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,4 m.kr. Styrktur var og lagður olíumöl 4,3 km langur kafli frá Hvammsvík að Fossá. Einnig var lagt olíumalarslitlag á 0,7 km langan kafla frá Brynjudalsá að Múlanesi. Var verkið unnið af verktakafyrirtækjunum Hlaðbæ h.f. og Loftorku s.f. Frágangi á fláum og öxlum er ólokið.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**

03 Arnarnes—Vífilsstaðavegur:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. og af sérstökum verkefnum skv. 2.3.1.3. 8,06 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 1,06 m.kr. Byggð voru undirgöng fyrir gangandi vegfarendur milli Arnarness og Silfurtúns. Fullgerður var og lagður malbiki 0,9 km langur kafli af vestari akbraut á milli Arnarness og Silfurtúns, og einnig var fullgerður og lagður malbiki 400 m langur kafli af eystri akbraut um undirganginn. Byggðir voru gangstígar og þeir malbikaðir og götulýsing fullgerð. Eftir er frágangur axla, miðeyju og fláa. Lokið var frágangi á 500 m löngum kafla frá Silfurtúni að Lyngási er byggður var 1981, en eftir er að malbika gangstéttir. Undirbyggð var og malbikuð vestari akbraut frá Lyngási að Engidal, um 0,7 km langur kafli. Lýsingu er lokið en frágangi er ólokið.

06 Engidalur—Elliðavatnsvegur:

Fjárveiting var 0,3 m.kr. Sett var upp götulýsing á um 700 m löngum kafla frá Stakkahrauni að Flatahrauni.

1 **Vesturlandsvegur:**

09 Hvítárvallavegur—Eskiholtslækur:

Fjárveiting var 2,14 m.kr. Lokið var undirbyggingu á 2,4 km löngum kafla frá Gufuárbrú að Galtarholtsflóa og er hann að mestu fullbúinn undir bundið slitlag. Eftir er að byggja upp um 0,3 km langan kafla frá Gufuárbrú í átt til Borgarness.

51 **Akranesvegur:**

01 Akrafjallsvegur—Bekansstaðir:

Fjárveiting var 2,50 m.kr. og af bundnum slitlögum 2,9 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,32 m.kr. Lokið var undirbyggingu og lögð olíumöl á 8,0 km langan kafla frá Ósholti að Urriðaárbrú. Eftir er að ljúka jöfnun kanta, gerð malaraxla og frágangi vegsvæðis. Slitlagslögn var unnin af verktakafyrirtækinu Loftorka s.f.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

05 Þverá—Dalsmynni:

Fjárveiting var 0,28 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári og lagt malarslitlag á kaflann sem er 3 km.

56 **Stykkishólmsvegur:**

03 Snæfellsnesvegur—Stykkishólmur:

Fjárveiting var 1,98 m.kr. og vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,22 m.kr. Undirbyggður var 1,5 km langur kafli um Arnarstaðavog.

57 **Snæfellsnesvegur:**

06 Um Svelgsá:

Fjárveiting var 1,07 m.kr. Lagður var 1,0 km langur kafli um Svelgsá, en frágangi kanta og lagningu malarslitlags er ólokið. Með þessari vegagerð var ráðin bót á einum versta farartálmanum á Snæfellsnesvegi.

12 Við Grundarfjörð:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Lagður var 1,0 km langur kafli vestur frá Grundarfirði. Frágangi á köntum og vegsvæði er ólokið.

60 **Vestfjarðavegur:**

04 Snæfellsnesvegur—Lækjarskógur:

Fjárveiting var 0,85 m.kr. Endurbyggður var 1,3 km langur kafli frá Brautarholti að Lækjarskógi. Ekki tókst að ljúka að fullu undirbúningi fyrir bundið slitlag.

04 Norðurhólar—Kjartanssteinn:

Fjárveiting var 0,85 m.kr. Endurbyggður var 1,0 km langur kafli. Framkvæmdum er ekki lokið.

574 **Útnesvegur:**

07 Ólafsvíkurenni, hönnun og undirbúningur:

Fjárveiting var 0,2 m.kr. Gerður var samanburður á valkostum í samgöngubótum milli Neshrepps utan Ennis og Ólafsvíkurhrepps. Gerð frumáætlunar er lokið.

60 **Vestfjarðavegur:**

05—06 Þorskafjörður—Krossgil:

Fjárveiting var 1,67 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,3 m.kr. Í Þorskafjarðarbotni var lagður um 0,6 km langur kafli að nýrri brú á Þorskafjarðará, en tengingu brúarinnar er ólokið. Á Hjallahálsi var haldið áfram þar sem frá var horfið og sett burðarlag á 5 km langan kafla sem ýtt var upp í fyrra. Lagt var ræsi í Krossgil og vegurinn tengdur þar yfir. Á þessum vegarkafla er enn eftir nokkur frágangur og ofaníburður. Nýi vegurinn á Hjallahálsi sem nú hefur verið unnið að í þrjú ár, er þó nothæfur úr Djúpadal upp á háhálsinn en þetta var snjóþyngsti kaflinn.

11 **Vattarfjörður:**

Fjárveiting var 0,9 m.kr. Undirbyggður var 2,5 km langur kafli í vestanverðum firðinum.

18 **Gljúfurá—Hrafnseyri:**

Fjárveiting var 0,4 m.kr. Lagfærður var lítillega 6 km kafli frá Gljúfurá að Hrafnseyri. Hér var fyrst og fremst um rása- og ræsagerð að ræða.

21 **Þingeyri—Ketilseyri:**

Fjárveiting var 0,3 m.kr. og 1,5 m.kr. skv. 2.3.1.2. til bundinna slitlaga. Lögð var klæðing á 3,2 km langan kafla innan Þingeyrar og 2,0 km langan kafla utan Þingeyrar.

61 **Djúpvegur:**

06 Ísafjarðará—Vatnsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 1,0 m.kr. Lagður var 1,3 km langur kafli innan Vatnsfjarðarvegar.

16 Langeyri—Súðavík:
Fjárveiting var 0,1 m.kr. og 0,3 m.kr. skv. 2.3.1.2. til bundinna slitlaga. Lögð var klæðing á 1,1 km langan kafla frá Súðavík inn að Langeyri.

20 Flugvöllur—Holtabraut:
Fjárveiting var 1,2 m.kr. og 0,93 m.kr. skv. 2.3.1.2. til bundinna slitlaga. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,93 m.kr. Lögð var klæðing á 1,3 km langan kafla frá flugvelli inn að Langá og 0,2 km langan kafla á Flugvallarvegi. Lagt var malbik á 1,6 km langan kafla frá Langá að Holtabraut. Með þessum áfanga er komið bundið slitlag frá Hnífsdal inn á flugvöll, en þetta eru langumferðarmestu vegakaflarnir á Vestfjörðum.

21 Holtabraut—Sætún:
Fjárveiting var 0,6 m.kr. Lokið var við uppsetningu götulýsingar á 1,1 km löngum kafla frá Holtabraut út fyrir Tunguá.

25 Hólaviti—Bolungarvík:
Fjárveiting var 0,8 m.kr. og 0,4 m.kr. skv. 2.3.1.2. til bundinna slitlaga. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,09 m.kr. Styrktur var og lagður klæðingu 1,5 km langur kafli frá Hólavita að Ósá.

25 Óshlíð, hönnun og undirbúningur:
Fjárveiting var 0,2 m.kr. Fenginn var maður frá norsku vegagerðinni til athugana. Með hliðsjón af niðurstöðum var gerð frumáætlun um úrbætur á Óshlíð.

62 **Barðastrandarvegur:**

04 Kleifaheiði:
Fjárveiting var 0,6 m.kr. Lokið var við frágang á 1,2 km löngum kafla frá fyrra ári um Hjallendalág. Einnig var styrktur og lagfærður kafli vestar á heiðinni.

68 **Hólmavíkurvegur:**

01 Ormsá—Fjarðarhorn:
Fjárveiting 0,2 m.kr. til greiðslu á láni til Laxárdalsvegar (59—01).

08 Um Fjarðarhorn:
Fjárveiting var 0,5 m.kr. Lagður var 1,2 km langur kafli í Kollafjarðarbotni.

1 **Norðurlandsvegur:**

01 Síká—Staður:
Fjárveiting var engin. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,38 m.kr. Endurbyggður var 1,7 km langur kafli milli Bálkastaða og Staðar.

03 Reykjaskóli—Miðfjarðarvegur:
Fjárveiting var 1,77 m.kr. Lokið var að mestu akstri á burðarlagi í 5,7 km langan kafla milli Tjarnarkots og Miðfjarðarár. Ólokið er frágangi og lagningu á slitlagi.

08 Gljúfurá—Reykjabraut:
Fjárveiting var 1,10 m.kr. Tengd var ný brú á Giljá með um 1,0 km löngum vegi. Ólokið er lagningu slitlags.

13 Hvammur—Svínvetningabraut:
Fjárveiting var 0,10 m.kr. Lokið var frágangi og greiðslu landbóta vegna framkvæmda á árunum 1979 og 1980.

74 **Skagastrandarvegur:**

01 Norðurlandsvegur—Vatnahverfi:

Fjárveiting var 0,5 m.kr. Byggður var nýr 1,4 km langur kafli frá Norðurlandsvegi að Vatnahverfistúni. Frágangi og lagningu slitlags er ólokið.

75 **Sauðárkróksbraut:**

01 Sæmundarhlíðarvegur—Sauðárkrókur:
Fjárveiting var 1,20 m.kr. Endurbyggður var 2,4 km langur kafli frá Geitagerði og út fyrir Útvík. Frágangi og lagningu slitlags er ólokið.

76 **Siglufjarðarvegur:**

01 Stekkjaholt—Grænamýri:
Fjárveiting var 0,30 m.kr. og vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0.20 m.kr. Lokið var endurbyggingu 1,4 km kafla um Grænumýri.

10 Um Mánárskriður:
Fjárveiting var 1,20 m.kr. Unnið var áfram við lagningu nýs vegar um Mánárskriður.

1 **Norðurlandsvegur:**

19 Brún—Mývatnssveitarvegur:
Fjárveiting var 1,0 m.kr. Endurbyggður var 2,6 km langur kafli frá Langaseli upp á Brattás, en frágangi er ólokið.

20 Mývatnssveitarvegur—Mývatnsvegur:
Fjárveiting var 0,7 m.kr. Lagður var 1,2 km langur kafli vestan Vagnbrekku, en frágangi er ólokið.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

01 Hörgárbrú—Hofsá:
Fjárveiting var 0,8 m.kr. Keyrt var burðarlagi í 2,5 km langan kafla frá Hörgárbrú að Hofsá.

02 Víkurbakki—Sólvangur:
Fjárveiting var 1,08 m.kr. Lagður var 1,6 km langur kafli frá Víkurbakka að Hátúni.

03 Háls—Dalvík:
Fjárveiting var 1,6 m.kr. Keyrt var burðarlagi og gengið frá þremur köflum, samtals að lengd 3,7 km hjá Þorvaldsdalsá, Hálsi og Dalvík.

06 Ólafsfjarðarmúli, hönnun og undirbúningur:
Fjárveiting var 0,1 m.kr. Gerðar voru jarðfræðiathuganir og skýrsla um væntanlega jarðgangagerð.

85 **Norðausturvegur:**

01 Bollastaðir—Ystafell:
Fjárveiting var 2,2 m.kr. Lagður var 1,5 km langur kafli frá Bollastöðum að Ystafelli.

19 Melrakkaslétta:
Fjárveiting var 1,4 m.kr. Til viðbótar var 1,8 m.kr. fjárveiting vegna hafísvegar. Lagður var 4,7 km langur kafli frá Harðbak að Þaraósi, en frágangi er ólokið.

23 Ytri-Hálsar:
Fjárveiting vegna hafísvegar var 0,87 m.kr. Lagður var 1,3 km langur kafli norðan Kollavíkur, en frágangi er ólokið.

26 Hafralónsá—Þórshöfn:
Fjárveiting var 0,4 m.kr. Lagður var 0,3 km langur kafli um Fossá.

802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**

02 Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 0,6 m.kr. Ekið var hluta af burðarlagi í 2,6 km langan kafla frá

Ólafsfirði að Hólkoti og malarslitlagi í 1,1 km langan kafla frá Ólafsfirði að Burstabrekku.

1 **Austurlandsvegur:**

12 Upphéraðsvegur—Lagarfljótsbrú:
Fjárveiting var 0,3 m.kr. Greidd var 60 þús.kr. skuld f.f. ári. Framkvæmdum var frestað.

21 Um Eyjaá og Krossdalsá:
Fjárveiting var 1,2 m.kr. Lagður var vegur áleiðis að Eyjagili beggja megin og eins við Krossdalsá, en þar var byggð brú. Eftir er að byggja rennu í Eyjagili og leggja veg yfir og tengja veg að brúnni á Krossdalsá.

22 Skrúðskambur—Núpur:
Fjárveiting var 0,12 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

36 Friðsæld—Hafnarvegur:
Fjárveiting var 0,2 m.kr. Greidd var 114 þús.kr. skuld f.f. ári. Undirbúinn var 4,6 km langur kafli fyrir klæðingu.

37—38 Hafnarvegur—Mánagarður:
Fjárveiting var 0,55 m.kr. Undirbúinn var 3,4 km langur kafli fyrir klæðingu.

85 **Norðausturvegur:**

04 Um Bakkafjörð:
Fjárveiting vegna hafísvegar í Norður-Múlasýslu var 1,33 m.kr. Skipt var um jarðveg á 0,6 km löngum kafla á Hafnavegi í þorpinu í Bakkafirði. Unnið var að styrkingu og endurbótum á 5 km löngum kafla á Norðausturvegi norðan í Sandvíkurheiði og að rannsóknum á Nýpslóni.

09 Vopnafjörður—Hlíðarvegur:
Fjárveiting var 0,71 m.kr. Byggður var 1,3 km langur kafli í framhaldi af nýbyggingu frá 1980 inn að Hlíðarvegi. Styrktur var 3,0 km langur kafli frá vegamótum að flugvelli. Frágangi er ólokið.

92 **Norðfjarðarvegur:**

03 Mjóafjarðarvegur—Neðsta brú:
Fjárveiting var 2,5 m.kr. 0,5 m.kr. voru lánaðar til 953 Mjóafjarðarvegar. Styrktur var og endurbyggður 2,5 km langur kafli frá Köldukvísl að Græfuhorni. Framkvæmdum er ekki lokið.

04—07 Melshorn—Eskifjörður:
Fjárveiting var 0,2 m.kr. og 1,5 m.kr. skv. 2.3.1.2. til bundinna slitlaga. Undirbúinn var undir slitlag og lagður klæðingu 1,8 km langur kafli frá Melshorni að ristarhliði, svo og 3,4 km langur kafli milli Reyðarfjarðar og Framness og 1,5 km langur kafli milli Hólmaháls og Eskifjarðar.

10 Jarðgöng:
Fjárveiting var 0,3 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

10—11 Norðfjarðará—Ormsstaðir:
Fjárveiting var 1,0 m.kr. og 1,2 m.kr. skv. 2.3.1.2. til bundinna slitlaga. Greidd var 0,3 m.kr. skuld frá fyrra ári. Undirbúinn var og lagður klæðingu 4,5 km langur kafli milli Norðfjarðarár og Þrastalundar.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**

03 Efri Stafur—Neðri Stafur:
Fjárveiting var 0,7 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

03 Við kaupstað:
Fjárveiting var 0,2 m.kr. Lagt olíumalarslitlag á 0,4 km kafla frá ristarhliði að kirkjugarði.

96 **Suðurfjarðavegur:**
08 Hafnarnes—Merkigil:
Fjárveiting var 1,0 m.kr. Lagður var nýr vegur, 1,1 km langur kafli um Gvendarnes. Frágangi ólokið.

99 **Hafnarvegur:**
01 Austurlandsvegur—Stekkakelda:
Fjárveiting var 1,0 m.kr. og 0,8 m.kr. skv. 2.3.1.2. af bundnum slitlögum. Styrktur var og lagður klæðingu 2,9 km langur kafli frá Austurlandsvegi að olíumalarenda.

Fskj. 2.3.1.2.—1.

Bundin slitlög — Greinargerð um framkvæmdir.

1 **Suðurlandsvegur:**
12 Kerlingadalsá—Vík:
Fjárveiting var 1,2 m.kr. og 0,3 m.kr. fjárveiting af almennum verkefnum (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).
22—23 Hvolsvöllur—Hella:
Fjárveiting var 2,8 m.kr. og 3,7 m.kr. til almennra verkefna (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

33 **Gaulverjabæjarvegur:**
04 Stokkseyri—Eyrarbakkavegur:
Fjárveiting var 1,4 m.kr. Bráðabirgðalán skv. 2.3.0.3. var 0,6 m.kr. og vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,95 m.kr. Lögð var olíuöl á 2,8 km langan kafla milli Stokkseyrar og Eyrarbakka og var útlögnin unnin af Halldóri Björnssyni verktaka.

34 **Eyrarbakkavegur:**
03 Gaulverjabæjarvegur—Eyrarbakki:
Fjárveiting var 0,7 m.kr. og 0,6 m.kr. til almennra verkefna (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

38 **Þorlákshafnarvegur:**
03 Við Þorlákshöfn:
Fjárveiting var 0,6 m.kr. og fjárveiting til almennra verkefna 0,7 m.kr. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

39 **Þrengslavegur:**
01 Suðurlandsvegur—Þorlákshafnarvegur:
Fjárveiting var 3,8 m.kr. Lögð var klæðing á allan veginn eða 14,2 km og var verkið framkvæmt af verktakafyrirtækinu Hegranes h.f.

1 **Vesturlandsvegur:**
15 Kollafjarðarkleifar—Brautarholtsvegur:
Fjárveiting var 1,3 m.kr. og 2,7 m.kr. af almennum verkefnum (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).
18—19 Hvammsvík—Fossá:
Fjárveiting var 2,9 m.kr. og 0,9 m.kr. af almennum verkefnum (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

51 **Akranesvegur:**
01 Urriðaá—olíumalarendi:
Fjárveiting var 2,9 m.kr. og af almennum verkefnum 2,5 m.kr. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

60 **Vestfjarðavegur:**

05 Laxárdalsvegur—Búðardalur:

Fjárveiting var 0,5 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,07 m.kr. Lögð var olíumöl á 1,8 km langan kafla frá Laxá að Hjarðarholtsvegi. Ólokið er frágangi á öxlum og vegfláum.

21 Við Þingeyri:

Fjárveiting var 1,5 m.kr. og til almennra verkefna 0,3 m.kr. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

27 Á Dagverðardal:

Fjárveiting var 0,5 m.kr. Lögð var klæðing á 2,2 km langan kafla frá Djúpvegi upp dalinn.

61 **Djúpvegur:**

16 Innan Súðavíkur:

Fjárveiting var 0,3 m.kr. og 0,1 til almennra verkefna (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

20 Flugvöllur—Holtabraut:

Fjárveiting var 0,93 m.kr. og 1,2 m.kr. til almennra verkefna (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

25 Viti—Ósá:

Fjárveiting var 0,4 m.kr. og 0,8 m.kr. til almennra verkefna. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

68 **Hólmavíkurvegur:**

01 Melar—Fjarðarhorn:

Fjárveiting var 0,9 m.kr. Lögð var klæðing á 4,1 km langan kafla.

1 **Norðurlandsvegur:**

01—04 Síká—Miðfjarðará:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Með samþykki þingmanna kjördæmisins var tekið 0,46 m.kr. lán frá 75—02 Sauðárkróksbraut og 0,22 m.kr. lán frá 702—01 Heggstaðanesvegur. Lögð var 11,1 km löng klæðing frá Stað að Reykjum.

12—13 Skagastrandarvegur—Gunnsteinsstaðir:

Fjárveiting var 3,5 m.kr. Lögð var tvöföld klæðing á 11,1 km langan kafla frá Glaumbæ fram fyrir Gunnsteinsstaði. Auk þess var gert við einföldu klæðinguna frá árinu áður með styrkingarlagi og tvöfaldri klæðingu á um 5,7 km langan kafla.

75 **Sauðárkróksbraut:**

02 Skörðugil—Hátún:

Fjárveiting var 0,5 m.kr. Malað var efni til bundins slitlags en framkvæmdum að öðru leyti frestað.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

01—03 Hörgárbrú—Dalvík:

Fjárveiting var 2,1 m.kr. Lögð var klæðing á 2,5 km langan kafla frá Hörgárbrú að Hofsá, einföld klæðing á 2,2 km langan kafla frá Víkurbakka að Þorvaldsdalsá og einföld klæðing á 1,8 km langan kafla frá Hálsi að Hrísum. Síðara lagið á tvo síðasttöldu kaflana var ekki hægt að leggja vegna slæms haustveðurs. (Sjá einnig fskj. 2.3.1.1.—1.).

05 Dalvík—Hóll:

Fjárveiting var 0,3 m.kr. Lögð var einföld klæðing á 1,3 km langan kafla frá Brimnesá að Hóli. Tvöföldun klæðingar var frestað vegna veðurs.

85 **Norðausturvegur:**
01—04 Norðurlandsvegur—Húsavík:
Fjárveiting var 2,6 m.kr. Skipt var um jarðveg á 8,0 km löngum kafla vestan Laxárbrúar. Klæðingu frestað vegna veðurs.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
01 Flugvöllur—Kristnesvegur:
Fjárveiting var 0,9 m.kr. Lagt var malbik á 0,65 km langan kafla frá Flugvallarafleggjara að Þverbraut og einföld klæðing á 0,75 km langan kafla frá Þverbraut að Hvammshorni. Tvöföldun klæðingar var frestað vegna veðurs.

1 **Austurlandsvegur:**
36—38 Friðsæld—Mánagarður:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. og 0,75 m.kr. af almennum verkefnum. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

92 **Norðfjarðarvegur:**
04—07 Melshorn—Eskifjörður:
Fjárveiting var 1,5 m.kr. og 0,2 m.kr. af almennum verkefnum. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).
11 Kirkjuból—Neskaupstaður:
Fjárveiting var 1,2 m.kr. og 1,0 m.kr. af almennum verkefnum. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

99 **Hafnarvegur:**
01 Austurlandsvegur—olíumalarendi:
Fjárveiting var 0,8 m.kr. og 1,0 m.kr. af almennum verkefnum. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

Fskj. 2.3.1.3.—1.

Stofnbrautir — Sérstök verkefni.
Greinargerð um framkvæmdir.

35 **Biskupstungnabraut:**
01 Suðurlandsvegur—Þingvallavegur:
Fjárveiting var 2,8 m.kr. Undirbyggður var 2,8 km langur kafli frá Fjallstúni og upp fyrir Tannastaði.

36 **Þingvallavegur:**
06—01 Gjábakkavegur—Gljúfrasteinn:
Fjárveiting var 2,5 m.kr. og 2,0 m.kr. af almennum verkefnum. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

40 **Hafnarfjarðarvegur:**
03—04 Kópavogur—Hafnarfjörður:
Fjárveiting var 8,06 m.kr. og 2,0 m.kr. af almennum verkefnum. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

1 **Vesturlandsvegur:**
05 Um Borgarfjörð:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Greiddar voru 3,08 m.kr. í vexti og afborganir af lánum. Lokið var byggingu vegar yfir Borgarfjörð. Lögð var einföld klæðing á 1,0 km langan kafla ofan Seleyrar og tvöföld klæðing á 0,4 km langan kafla á Seleyri. Lagt var olíumalbik á 1,6 km langan kafla frá Seleyri að Borgarnesi og var framkvæmdin unnin af verktakafyrirtækinu Loftorku s.f. Lögð var klæðing á 2,7

km langan kafla frá Ólafsvíkurvegamótum að Brautarholti. Ólokið er frágangi á kaflanum Hafnará—Seleyri og námusvæðum, svo og niðurrifi og frágangi mannvirkja.

14 Holtavörðuheiði:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

60 **Vestfjarðavegur:**

25 Um Önundarfjörð:
Fjárveiting var 2,3 m.kr. Lokið var við að aka burðarlagi á fyllinguna yfir fjörðinn. Lögð var klæðing á 4,0 km langan kafla frá Önundarfjarðarvegi að Flateyrarvegi. Lagfærðir voru snjóastaðir á Önundarfjarðarvegi, en eftir er að styrkja hann betur. Enn er ólokið endanlegum frágangi á verkinu í heild.

61 **Djúpvegur:**

01—05 Tenging Inn-Djúps:
Fjárveiting var 1,1 m.kr. Við Steingrímsfjarðarheiði voru hafnar framkvæmdir innst í Staðardal og unnið að hönnun á kaflanum frá Hrófbergi upp á heiði.

1 **Norðurlandsvegur:**

17 Um Héraðsvötn:
Fjárveiting var 9,5 m.kr. Lokið var byggingu 188 m brúar á Héraðsvötn, nema hvað eftir er lítilsháttar frágangur. Brúin var tengd með 2,0 km löngum kafla. Brúin er forspennt í 7 höfum, 9,2 m breið. Hún leysir af hólmi brú frá 1926. Vegur að þeirri brú hefur oft lokast vegna flóða í Héraðsvötnum. Norðurlandsvegur styttist um rúma 2 km við þessa tengingu. Ólokið er frágangi vegar og varnargarða.

1 **Norðurlandsvegur:**

13 Um Víkurskarð:
Fjárveiting var 3,0 m.kr. Undirbyggður var 1,65 km langur kafli frá Grenivíkurvegi að Miðvíkurrétt.

1 **Austurlandsvegur:**

30—32 Um Hvalnesskriður:
Fjárveiting var 2,3 m.kr. Byggður var 4,4 km langur kafli milli Hofsár og Selár, en framkvæmdum er ekki lokið.

Fskj. 2.3.2.—1.

Þjóðbrautir — Greinargerð um framkvæmdir.

22 **Dalavegur:**

01 Við flugstöð:
Fjárveiting var 0,30 m.kr. og eftirstöðvar f.f. ári voru 620 þús.kr. Standa nú yfir framkvæmdir við undirbyggingu á 0,8 km löngum kafla við Dalabúið en fyrirhugað er að malbika þennan kafla ásamt þeim sem byggður var 1979, samtals 1,2 km.

05 **Þykkvabæjarvegur:**

01 Suðurlandsvegur—Hrafntóftir:
Fjárveiting var 0,3 m.kr. Greidd voru vinnulán f.f. ári að upphæð 255 þús. kr.

26 **Landvegur:**

03 Um Skarð:
Fjárveiting var 0,4 m.kr. Byggður var 1,3 km langur vegur neðan Fellsmúla en frágangi er ólokið.

204 **Meðallandsvegur:**
01 Suðurlandsvegur—Arnardrangi:
Fjárveiting var 0,1 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,18 m.kr. Byggður var 1,0 km langur kafli við Fagurhlíð í Landbroti.

205 **Klausturvegur:**
01 Um Kirkjubæjarklaustur:
Fjárveiting var 0,45 m.kr. Lögð var klæðing á allan veginn, 1,4 km, og auk þess á 0,4 km af Suðurlandsvegi. Einnig var sett upp lýsing að hluta. Útlögn klæðingar annaðist verktakafyrirtækið Hegranes h.f.

208 **Búlandsvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 0,1 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

215 **Reynishverfisvegur:**
01 Suðurlandsvegur—Presthús:
Fjárveiting var 0,15 m.kr. Byggður var 0,6 km langur vegur sunnan við bæinn Reyni.

252 **Landeyjavegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 0,1 m.kr. Mölborinn var 4,2 km langur kafli milli Uxahryggjar og Eystra-Fróðholts sem byggður var 1979.

261 **Fljótshlíðarvegur:**
02 Hvolsvöllur—Deild:
Fjárveiting var 0,45 m.kr. Lögð var klæðing á 2,5 km langan kafla milli Núpa og Sámsstaða og var verkið framkvæmt af verktakafyrirtækinu Hegranes h.f.

268 **Þingskálavegur:**
02—03 Bolholt—Landvegur:
Fjárveiting var 0,15 m.kr. Byggður var 1,0 km langur vegur neðan Svínhaga. Frágangi er ólokið.

30 **Hrunamannavegur:**
05 Um Flúðir:
Fjárveiting var 0,5 m.kr. Skipt var um jarðveg í 0,9 km löngum kafla á Flúðum.
08 Um Gýgjarhól:
Fjárveiting var 0,55 m.kr. Byggður var 1,0 km langur kafli við bæinn Gýgjarhól. Frágangi er ólokið að hluta.

33 **Gaulverjabæjarvegur:**
01 Um Hróarsholtslæk:
Fjárveiting var 0,1 m.kr. Lokið var við 0,3 km langan kafla sem byggður var á s. l. ári.
02 Um Baugsstaðaá:
Fjárveiting var 0,15 m.kr. Tengd var ný brú á Baugsstaðaá:

35 **Biskupstungnabraut:**
05 Ofan Brúarár:
Fjárveiting var 0,5 m.kr. Greitt var vinnulán f.f. ári og gengið var frá þeim kafla sem þá var byggður.

37 **Laugarvatnsvegur:**
02 Um Laugarvatn:
Fjárveiting var 0,18 m.kr. Sett var upp götulýsing á 1,0 km langan kafla um Laugarvatn.

305 **Villingaholtsvegur:**
02 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 0,45 m.kr. Ekið var burðarlagi og slitlagi í 2,8 km langan kafla milli Syðri-Sýrlækjar og Króks sem undirbyggður var 1979.

316 **Kaldaðarnesvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 0,15 m.kr. Byggður var 0,5 km langur kafli milli Sandvíkur og Hreiðurborgar.

351 **Búrfellsvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 0,1 m.kr. Fjárveitingin var notuð við framkvæmdir á 35—03 Biskupstungnabr. um Borg (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

360 **Grafningsvegur efri:**
02 Villingavatn—Úlfljótsvatn:
Fjárveiting var 0,1 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 0,18 m.kr. Fullgerður var 0,7 km langur malarvegur um Úlfljótsvatn.

44 **Hafnavegur:**
02 Flugvöllur—Stapafellsvegur:
Fjárveiting var 0,87 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 0,55 m.kr. Undirbyggður var 2,0 km langur vegur frá Flugvallarvegi í átt að Stapafellsvegi.

425 **Nesvegur:**
01 Hafnir—Reykjanesviti:
Fjárveiting var 0,7 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

504 **Leirársveitarvegur:**
01 Vesturlandsvegur—Eystri-Leirárgarðar:
Fjárveiting var 0,22 m.kr. Lokið var við hækkun á 2,0 km löngum kafla frá Beitistöðum að Efri Leirárbrú.

523 **Hvítársíðuvegur:**
01 Um Síðumúla:
Fjárveiting var 0,81 m.kr. Gerður var nýr vegur á 1,2 km löngum kafla um tún Síðumúla og honum lokið. Einnig var byggður 0,8 km langur kafli á milli Fróðastaða og Þorgautsstaða.

574 **Útnesvegur:**
01—04 Snjóastaðir:
Fjárveiting var 0,79 m.kr. Gerðar voru endurbætur á veginum á þremur snjóastöðum. Um Hamraendalæk var gamli vegurinn hækkaður. Einnig var vegurinn hækkaður beggja megin í Hellnahrauni. Þá var kaflinn frá Sauðá vestur fyrir Laugavatn lagfærður.

582 **Hálsabæjavegur:**
01 Vestfjarðavegur—Bær:
Fjárveiting var 0,1 m.kr. Greitt var vinnulán frá fyrra ári.

590 **Klofningsvegur:**
01 Hafnará—Breiðabólstaður:
Fjárveiting var 0,38 m.kr. Fjárveiting var færð að ósk heimamanna á 590—04 Fábeinsá—Klofningur.
04 Fábeinsá—Klofningur:
Fjárveiting var 0,37 m.kr. og 0,38 m.kr., sem flutt var úr 01 Hafnará—Breiðabólstaður. Unnið var við kaflann Fábeinsá—Hnjúkur, alls 2,3 km. Framkvæmdum er ekki lokið.

593 **Efribyggðarvegur:**
01 Kjarlaksstaðir—Tunguá:
Fjárveiting var 0,33 m.kr. Lokið var uppbyggingu á 1,9 km löngum kafla frá Klofningsvegi að Stóru-Tungu.

64 **Súgandafjarðarvegur:**
02 Innan Suðureyrar:
Fjárveiting var 0,7 m.kr. Greidd var 0,5 m.kr. skuld frá fyrra ári. Haldið var áfram vinnu við fyllingu innan við Suðureyri sem er um 1 km á lengd. Lagfærð var grjótvörn og ekið burðarlagi í veginn að hluta til. Suðureyrarhreppur byggði einnig tengingu næst þorpinu. Kaflinn var tekinn í notkun, en eftir er allmikil vinna við frágang á grjótvörn og yfirbyggingu vegarins.

614 **Rauðasandsvegur:**
01 Örlygshafnarvegur—Gröf:
Fjárveiting var 0,2 m.kr. Styrktir voru valdir kaflar frá Melanesvegi að Gröf.

619 **Ketildalavegur:**
03 Hjalli—Hringsdalsá:
Fjárveiting var 0,5 m.kr. Lagfærður var 1,8 km kafli að hluta til með nýbyggingu.

633 **Vatnsfjarðarvegur:**
01 Djúpvegur—Bjarnastaðir:
Fjárveiting var 0,6 m.kr. Gerðar voru endurbætur á vegamótunum við Djúpveg og byggður var 0,5 km langur kafli utan við vegamótin (sjá fskj. 2.3.1.1.—161—06).

643 **Strandavegur:**
02 Um Bassastaði:
Fjárveiting var 0,4 m.kr. Byggður var 0,6 km kafli innan við Bassastaði.

702 **Heggstaðanesvegur:**
01 Norðurlandsvegur—Bálkastaðir:
Fjárveiting var 0,30 m.kr. Endurbyggður var 0,3 km langur kafli frá Tannastöðum að Jaðri.

714 **Fitjavegur:**
01 Norðurlandsvegur—Neðri Fitjar:
Fjárveiting var 0,50 m.kr. Byggður var 1,1 km langur kafli frá Hrísum að Króksvegi. Frágangi og lagningu slitlags er ólokið.

731 **Svínvetningabraut:**
01—02 Norðurlandsvegur—Auðkúluvegur:
Fjárveiting á vegáætlun var engin, en Rafm.v. ríkisins lánuðu 4,0 m.kr. og vinnulán var 0,56 m.kr. Endurbyggður var 7,5 km kafli frá Köldukinn og fram fyrir Reykjabrautarvegamót. Jöfnun og frágangi ólokið svo og lagningu slitlags.

741 **Neðribyggðarvegur:**
01 Skagastrandarvegur—Skagastrandarvegur:
Fjárveiting var 0,30 m.kr. Byggður var um 1 km langur kafli milli Blöndubakka og Bakkakots. Frágangi er ólokið.

745 **Skagavegur:**
01 Skagastrandarvegur—Örlygsstaðir:
Fjárveiting var 0,20 m.kr. Byggður var 0,3 km langur kafli um Harastaðaá.
02 Örlygsstaðir—Krókssel:
Fjárveiting var 0,50 m.kr. Byggður var 0,9 km langur kafli um Stórhól.

06 Keta—Selárbrú:
Fjárveiting var 0,90 m.kr. Lagfærður var 0,5 km langur kafli norðan í Ketubjörgum. Lokið var við 1,3 km langan kafla, sunnan Ketubjarga, sem undirbyggður var 1977. Einnig var endurbyggður 0,8 km langur kafli í framhaldi af áður nefndri nýbyggingu að Kleifarmýri. Tengd var ný brú á Selá með 0,3 km löngum kafla.

08 Skefilsstaðir—Þverárfjallsvegur:
Fjárveiting var 0,20 m.kr. Fullgerður var 0,8 km langur kafli um Hafragil.

09 Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur:
Fjárveiting var 0,10 m.kr. auk 1,00 m.kr. til vega í jaðarbyggðum. Lokið var að mestu leyti endurbyggingu á 7,4 km löngum kafla um Laxárdalsheiði. Endurbyggður var 1,0 km langur kafli frá Hraksíðuá að Kallá og lagfærður 0,3 km langur snjóþungur kafli neðan við Skarð.

767 **Hólavegur:**

01 Siglufjarðarvegur—Hjaltadalsvegur:
Fjárveiting var 0,20 m.kr. Greiddur hluti skuldar frá 1980 vegna brúar á Hvammsá og byrjunarframkvæmda við brú á Hjaltadalsá við laxeldisstöð.

781 **Deildardalsvegur:**

01 Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting 0,16 m.kr. Lagfærður 0,4 km langur kafli sunnan við refabúið. Einnig var endurbyggður 1,1 km langur kafli um Nýlendi.

83 **Grenivíkurvegur:**

02 Ystavík—Fnjóskadalsvegur:
Fjárveiting var 1,30 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,2 m.kr. Lagður var 2,2 km langur kafli frá Víkurhólum að Fagrabæ. Verkið var unnið af verktökunum Jarðverk s.f. og Bílstjórafélagi S.-Þing.

823 **Miðbraut:**

01 Hrafnagil—Laugaland:
Fjárveiting var engin en framkvæmdalán skv. 2.3.0.2. var 1,87 m.kr. Lagður var 1,55 km langur kafli frá Hrafnagili að Laugalandi en frágangi er ólokið.

869 **Langanesvegur:**

03 Þórshöfn—Flugvöllur:
Fjárveiting var 0,45 m.kr. Lagður var 1,5 km langur kafli sunnan Gunnlaugsár.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

03 Um Hleinagarð:
Fjárveiting var 1,0 m.kr. Byggður var 2,4 km langur kafli um Hleinagarð.

915 **Vesturárdalsvegur:**

01 Norðausturvegur—Búastaðir:
Fjárveiting var engin. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,24 m.kr. Byggður var 1,0 km langur kafli á móts við Ljótsstaði.

923 **Jökuldalsvegur eystri:**
Fjárveiting var 0,02 m.kr. Greidd var skuld f.f. ári.

925 **Hróarstunguvegur:**
Fjárveiting var 0,05 m.kr. Greidd var skuld f.f. ári.

929 **Fellavegur:**
Fjárveiting var 0,07 m.kr. Unnið að styrkingu og endurbótum á veginum.

931 **Upphéraðsvegur:**

01 Um Ekkjufell:

Fjárveiting var engin. Framkvæmdalán skv. 2.3.0.2. var 0,15 m.kr. Byggður var 0,5 km langur kafli um Ekkjufell.

09 Um Grímsá:

Fjárveiting var 1,29 m.kr. Byggður var 3,0 km langur kafli um nýja brú á Grímsá.

953 **Mjóafjarðarvegur:**

02—04 Fjárveiting var 0,03 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 0,2 m.kr. Tekið var 0,5 m.kr. lán af fjárveitingu á Norðfjarðarvegi (992—03). Lögð voru 80 ræsi og vegur hækkaður á um 15 km löngum kafla frá fjarðarbotni að Brekku.

Vegir í jaðarbyggðum.

Vegir í Árneshreppi:

643 **Strandavegur:**

08 Gjögur—Norðurfjörður:

Fjárveiting var af jaðarbyggðafé 1,2 m.kr. Lagfærðir voru ýmsir staðir á kaflanum. M. a. var lagður vegarkafli við Mela, styrkt og lagfært undir Reykjaneshyrnunni. Bætt var við grjótvörn á tveimur stöðum og auk þess reynt að laga snjóastaði þar sem hægt var. Kaflinn frá Gjögri að Norðurfirði á þá að vera í viðunandi ástandi.

647 **Munaðarnesvegur:**

Fjárveiting var 0,8 m.kr. af jaðarbyggðafé. Styrktur var og endurbættur snjóþungur kafli frá Strandavegi yfir hálsinn að Vetrarbrekku. Kaflinn frá Vetrarbrekku úteftir hlíðinni var lagfærður lítilsháttar með tilliti til sumarumferðar. Gerð var vetrarbraut um snjóflóðasvæði utan Munaðarness.

Vegir á Skaga:

Sjá 745—09 í þjóðbrautum.

Vegir á Jökuldal:

Fjárveiting var 1,10 m.kr. Byggður var 2,5 km langur kafli utan við Eiríksstaði. Frágangi er ólokið. Undirbyggður var 1,3 km langur kafli um Mjósund innan við Eiríksstaði.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

Fjárveiting var 1,00 m.kr. Byggður var 3,8 km langur kafli á Eyjum í framhaldi af nýbyggingu frá '81.

Fskj. 2.4.1.—1.

Brýr 10 m og lengri — Greinargerð um framkvæmdir.

Hróarslækur (1):

Byggð var 14 m steypt bitabrú í nýrri veglínu, 9,2 m breið. Þarna var nær ónýt brú frá árinu 1943. Kostnaður var áætlaður 1,48 m.kr.

Svelgsá (57):

Byggður var 5,25 m breiður steyptur stokkur með hálfbogamynduðu þversniði. Há fylling er yfir stokknum. Snjóþyngsli voru áður á þessum stað. Kostnaður var áætlaður 1,2 m.kr.

Þorskafjarðará (60):

Byggð var 60 m stálbitabrú með steyptu gólfi. Brúin er í nýrri veglínu utar í firðinum og fellur Músará undir hana líka. En Músará og Þorskafjarðará eru aðskildar við gamla veginn. Vestfjarðavegur styttist um 1,3 km við þessa breytingu. Kostnaður var áætlaður 2,6 m.kr.

Giljá (1):

Reistur var 8 m breiður stálbogi á steyptum undirstöðum og vegfylling lögð yfir. Þarna var steypt brú frá 1914 með afar slæma aðkomu. Kostnaður var áætlaður 1,3 m.kr.

Grímsá (931):

Byggð var 70 m stálbitabrú með steyptu gólfi. Brúin kemur í stað steyptrar bogabrúar frá 1928. Kostnaður var áætlaður 3,9 m.kr.

Svarfaðardalsá (82):

Hafin var bygging 80 m brúar. Brúin verður í þremur höfum. Breiddin verður 10,1 m. Lokið er sökklum og þremur stöplum. Ráðgert er að ljúka brúnni á komandi sumri. Gamla brúin á Svarfaðardalsá er frá 1929. Hún er mjó og aðkoma slæm. Kostnaður var áætlaður 2,2 m.kr.

Eyjafjarðará (823):

Hafin var bygging 137 m stálbitabrúar með steyptu gólfi. Frágangi stöpla og bita er lokið, en gerð gólfs bíður næsta sumars. Brúin er nú fær gangandi umferð og ber hitaveitulögn. Hún er hluti nýs vegar milli Hrafnagils og Laugalands. Kostnaður var áætlaður 3,7 m.kr., en fjárveiting á vegáætlun var 1,0 m.kr. og lánsfé frá Hitaveitu Akureyrar var 2,7 m.kr.

Fskj. 2.5.1.—1.

Aðalfjallvegir — Greinargerð um framkvæmdir.

1. F22 Fjallabaksleið nyrðri:
   Fjárveiting var 94 þús. kr. og var henni varið til venjulegs viðhalds, vegurinn heflaður og lagfærðar stikur.
2. F28 Sprengisandsleið:
   Fjárveiting var 110 þús. kr. Auk venjulegs viðhalds var lagfært vað á Jökuldalskvísl og lögð ný slóð á stuttum kafla í Kiðagilsdrögum og ekið möl í kaflann frá Fremri Mosum að Fossgilsmótum.
3. F35 Kaldadalsvegur:
   Fjárveiting var 57 þús. kr. og var henni varið til almenns viðhalds á veginum.
4. F37 Kjalvegur:
   Fjárveiting var 183 þús. kr. Auk venjulegs viðhalds var sett upp nýtt hlið á afréttargirðingu ofan við Gullfoss og mölborinn var 5 km langur kafli frá Kúlukvísl að Arnarbælishala.
5. F78 Skagafjarðarleið:
   Fjárveiting var 60 þús. kr. Auk venjulegs viðhalds var mölborinn 5 km langur kafli frá Syðrastafnsvatni að Hundraðkílómetrahæð.
6. F82 Eyjafjarðarleið:
   Fjárveiting var 98 þús. kr. Ekið var möl í verstu kaflana á Eyjafjarðardal eða frá Úlfá að Nýjabæ.
7. F92 Gæsavatnaleið:
   Fjárveiting var 28 þús. kr. og var henni varið til almenns viðhalds á leiðinni.

Sþ. 873. Tillaga til þingsályktunar [316. mál]

um langtímaáætlun í vegagerð.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

Alþingi ályktar að á árinu 1983 skuli 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Árið 1984 verði þetta hlutfall 2,3%, en 2,4% árin 1985—1994. Fjármagni þessu skal varið til framkvæmda í vegamálum samkvæmt eftirgreindri langtímaáætlun.

Langtímaáætlun þessi skal endurskoðuð fjórða hvert ár, og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.

1. Áætlun um fjárþörf.

(Fjárhæðir í m.kr., áætl. verðl. 1982.)

1. tímabil 1983—86	2 836 m.kr.
2. tímabil 1987—90	3 183 m.kr.
3. tímabil 1991—94	3 514 m.kr.

2. Skipting útgjalda.

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil
2.1. Stjórn og undirbúningur	126,0	135,5	146,6
2.2. Viðhald þjóðvega:			
1) Sumarviðhald	798,1	929,0	1011,6
2) Vetrarviðhald	189,8	204,1	220,7
2.3. Nýbyggingar vega:			
1) Stofnbrautir	1081,4	1220,5	1379,0
2) Þjóðbrautir	203,8	233,6	255,3
3) Girðingar og uppgræðsla	20,5	21,8	23,4
2.4. Nýbyggingar brúa	100,7	111,2	123,7
2.5. Fjallvegir	28,4	18,6	19,8
2.6. Sýsluvegir	79,8	85,7	92,8
2.7. Þjóðvegir í þéttbýli	175,9	189,1	204,5
2.8. Vélakaup og áhaldahús	23,8	25,5	27,6
2.9. Tilraunir	7,8	8,4	9,0
Samtals	2836,0	3183,0	3514,0

3. Sundurliðun.

3.8. Nýbyggingar stofnbrauta.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
1	Suðurlandsvegur:			
04	Keldunúpur — Kirkjubæjarkl.		2,4	
06	Kirkjubæjarkl. — Skál		12,9	
07	Skál — Meðallandsvegur		5,5	
08—12	Um Mýrdalssand			64,4
14	Vík — Dyrhólavegur	9,7		
15	Dyrhólavegur — Sýslumörk	3,4	4,2	
16	Sýslumörk — Raufarfellsv.	7,7		
17	Raufarfellsv. — Sandhólmav.	6,8		
18	Sandhólmav. — Seljaland	4,0		
19	Seljaland — Landeyjavegur	0,7	35,3	
20	Landeyjavegur — Hvolsvöllur	4,1		
22—28	Hvolsvöllur — Þjórsá	2,7		
30	**Skeiðavegur:**			
02	Ólafsvallav. — Skálholtsv.	5,7		
31	**Skálholtsvegur:**			
01	Hrunamannav. — Hvítá	1,7		5,3
02	Laugarás	2,2		
03	Laugarás — Biskupstungnabr.	0,8		6,2
34	**Eyrarbakkavegur:**			
05	Eyrarbakki — Þorlákshafnarv.	9,2	52,9	
35	**Biskupstungnabraut:**			
01	Sog — Þingvallavegur	13,1		
02	Þingvallavegur — Búrfellsv.	5,5		
03	Búrfellsv. — Laugarvatnsv.	0,6	7,1	
04	Svínavatn — Brúará		0,8	10,3
36	**Þingvallavegur:**			
01	Biskupstungnabr. — Grafn.v.		11,0	
02	Ljósifoss — Heiðará			1,4
06	Kárastaðir — Grafn.v.efri	9,8		
07	Grafn.v.efri — Kjósarskarðsv.	10,8		
08	Kjósarskarðsv. — Sýslumörk	1,4		
38	**Þorlákshafnarvegur:**			
01	Suðurlandsv. — Þrengslavegur			10,7
39	**Þrengslavegur:**			
01	Suðurlandsv. — Þorlákshafnarv.	2,2		
1	**Vesturlandsvegur:**			
15	Saltvík — Vallá	4,7		
17	Fossá — Kjósarskarðsvegur	5,3	32,1	
18	Kjósarskarðsv. — Hvammsvík	1,2	23,5	
19	Um Botnsvog			81,7
411	**Arnarnesvegur:**			
04	Bæjarbraut — Reykjanesbraut	9,0		

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
412	**Vífilsstaðavegur:**			
02	Reykjanesbraut — Elliðavatnsv.	0,5	1,5	
36	**Þingvallavegur:**			
01	Sýslumörk — Stardalur	4,1		
40	**Hafnarfjarðarvegur:**			
03—04	Kópavogur — Hafnarfj.	9,7	6,1	29,0
41	**Reykjanesbraut:**			
02—03	Breiðholtsbr. — Hafnarfj.	41,9	22,9	
1	**Vesturlandsvegur:**			
01	Sýslumörk — Fjárrétt	4,0		17,9
02	Kalastaðahæð — Akranesv.	13,8		
03	Akranesv. — Skorholtsmelar	15,7		
05	Yfir Borgarfjörð	3,5		
08	Hamarslækur — Gufá	11,1		
09	Eskiholtslækur — Borgarfj.br.		14,4	
10	Borgarfj.br. — Laxfoss			13,1
11	Laxfoss — Brekka		4,7	3,3
12	Arnarbæli — Fornihvammur	4,3	37,5	
14	Fornihvammur — Sýslumörk	19,8		
51	**Akranesvegur:**			
01	Vesturlandsvegur — olíumöl	4,3		
54	**Ólafsvíkurvegur:**			
02	Vesturlandsv. — Álftaneshr.v.	2,6	17,1	
03	Álftaneshr.v. — Hítará		22,2	
04	Hítará — Tröð	0,9	9,2	
05	Heydalsvegur — Skógarnesv.	5,8		5,5
06	Skógarnesv. — Stykkishólmsv.			15,2
07	Stykkishólmsv. — Hofstaðir			7,2
09	Urriðaá — Útnesvegur			8,4
10	Útnesvegur — Snæfellsnesv.			15,1
11	Snæfellsnesv. — Fossá		6,9	
55	**Heydalsvegur:**			
01—02	Ólafsvíkurv. — Snæfellsnesv.	2,2		5,9
56	**Stykkishólmsvegur:**			
03	Snæfellsnesv. — Stykkishólmur	9,5		
57	**Snæfellsnesvegur:**			
01	Um Miðá	5,1		
03—05	Sýslumörk — Narfeyri			18,8
07—08	Stykkishólmsv. — Helgaf.sv.v.		2,1	12,2
09	Helgafellssv.v. — Hrafná		6,7	2,4
10	Hrafná — Grundarfjörður	1,5	7,5	
12	Grundarfj. — Höfði	8,1		3,6
13	Höfði — Ólafsvíkurvegur	1,0		18,1

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
60	**Vestfjarðavegur:**			
01—03	Vesturlandsv. — Snæfellsnesv.			41,3
04	Snæfellsnesvegur — Laxárdalsv.	5,3		
05	Laxárdalsvegur — Laxá	1,1		
07	Hjarðarholtsv. — Jónsvað		7,8	11,4
08	Jónsvað — Kjartanssteinn	0,4		4,9
09	Kjartanssteinn — Klofningsv.	2,3		12,1
10	Klofningsvegur — Djúpidalur			3,9
574	**Útnesvegur:**			
07	Enni — Ólafsvík	59,7		
1	**Vesturlandsvegur:**			
01	Sýslumörk — Miklagil	6,0		
02	Miklagil — Hólmavíkurv.	0,2	10,7	
03	Hólmavíkurv. — Sýslumörk			5,1
617	**Tálknafjarðarvegur:**			
01	Bíldudalsvegur — Tálknafj.		5,8	
60	**Vestfjarðavegur:**			
01—02	Sýslumörk — Tröllatunguv.		5,2	10,5
03	Tröllatunguv. — Reykhólasv.v.		20,0	
05—06	Þorskafj.v. — Djúpidalur	12,7		
07—09	Djúpidalur — Fjarðarhorn			32,4
10	Fjarðarhorn — Illugastaðir		7,3	2,2
11	Illugastaðir — Fjarðarhlíðarv.	6,4	4,2	
11—13	Fjarðarhl.v. — Fossá			11,8
14	Vatnsdalsá — Barðastr.v.		6,9	
21—27	Þingeyri — Ísafjörður	14,9	11,6	14,4
61	**Djúpvegur:**			
01	Hólmavíkurv. — Strandav.	3,3	7,9	3,1
02—04	Strandav. — Snæfjallastr.v.	28,4		
05	Snæfj.str.v. — Laugaból		10,6	
06	Laugaból — Vatnsfj.vegur			16,0
07	Eyrargil — Vatnsfj.vegur			8,8
08—11	Vatnsfj.v. — Laugarvík			16,6
14—15	Kleifar — Hattardalur			8,8
16	Seljalandsá — Langeyri	6,8		
18	Um Súðavíkurhlíð	4,1	4,3	
19—20	Arnardalur — Ísafjörður	5,5		
25	Um Óshlíð	26,8	61,5	
62	**Barðastrandarvegur:**			
01	Vestfjarðav. — Brjánslækur	3,5	3,0	
02—04	Moshlíðará — Kleifabúi		1,4	19,4
05	Örlygshafnarv. — Patreksfj.		14,4	
63	**Bíldudalsvegur:**			
02	Barðastr.v. — Tálknafj.v.	7,9		
03	Tálknafj.v. — Ketildalav.		3,2	12,5
04	Ketildalav. — Dynjandish.		1,1	7,3

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
64	**Flateyrarvegur:**			
01	Vestfjarðavegur — Flateyri	5,8	4,8	
65	**Súgandafjarðarvegur:**			
02	Botn — Suðureyri	5,8	5,8	5,8
68	**Hólmavíkurvegur:**			
01	Vesturlandsv. — Borðeyri	3,2		6,8
03—04	Borðeyri — Fossá			3,7
05	Múli — Guðlaugsvík		0,7	6,6
06	Guðlaugsvík — Krossárdalsv.	4,2	3,1	5,5
07	Krossárdalsvegur — Fannsker		2,7	4,5
08	Fannsker — Steinad.v.			8,7
09—10	Steinadalsv. — Stekkjarnes			6,5
11	Víðidalsá — Strandavegur	1,9		
1	**Norðurlandsvegur:**			
01	Sýslumörk — Hrútatunga	2,0		
03	Reykjaskóli — Miðfj.v.ve.	3,0		
04	Miðfj.v.ve. — Hvammstangav.	6,2		
05	Hvammstangav. — Vatnsnesv.	0,1	12,4	
06	Vatnsnesv. — Víðidalsv.ey.	4,2	5,2	
07	Víðidalsv.ey. — Gljúfurá	9,9		
08	Gljúfurá — Reykjabraut	2,9		
13	Hvammur — Svínvetn.br.	7,9		
14	Svínvetn.br. — Sýslumörk	1,2	10,1	11,8
15	Sýslumörk — Skagafj.v.	13,2		
16	Skagafj.v. — Sauðárkr.br.	1,3		
17	Sauðárkr.br. — Siglufj.v.	18,1		
18—19	Siglufj.v. — Kjálkavegur		18,2	
20—21	Kjálkavegur — Sýslumörk			35,8
72	**Hvammstangavegur:**			
01	Norðurlandsv. — Hvammstangi	1,0	7,2	
74	**Skagastrandarvegur:**			
01	Norðurlandsv. — Þverárfj.v.	0,2	3,0	
02	Þverárfj.v. — Skagav.		5,9	
03	Skagav. — Skagaströnd	0,4		
75	**Sauðárkróksbraut:**			
02	Norðurlandsv. — Sæmundarhl.v.	6,6		
03	Sæmundarhl.v. — Sauðárkrókur	8,3		
06	Flugvöllur — Siglufj.v.		22,0	
76	**Siglufjarðarvegur:**			
01	Norðurlandsv. — Framnes	4,5		5,9
02	Framnes — Sauðárkróksbr.			7,0
03	Sauðárkr.br. — Sleitustaðir			15,5
04	Sleitustaðir — Hofsós		7,2	5,1
06	Hofsós — Höfði		0,8	7,3
07	Höfði — Reykjarhóll			11,0
08	Reykjarhóll — Ólafsfj.v.			10,7
10	Ármenningsnöt — Gangamunni	1,4		5,9
11	Gangamunni — Siglufjörður		5,1	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
82	**Ólafsfjarðarvegur:**			
02	Knappsstaðir — Siglufj.v.			4,9
1	**Norðurlandsvegur:**			
01	Sýslumörk — Öxnadalsá		4,6	
02	Öxnadalsá — Þverá		18,1	
03	Þverá — Hörgárdalsvegur	4,0	11,1	
04	Hörgárdalsv. — Ólafsfj.v.		18,7	
09	Eyjafj.br.v. — Eyjafj.br.ey.	43,4	2,2	
10	Eyjafj.br.ey. — Vaðlaheiðarv.	16,4		
11	Vaðlaheiðarv. — Svalbarðseyri	3,2		
12	Svalbarðseyri — Grenivíkurv.	11,8		
13	Grenivíkurv. — Illugast.v.	21,1		
14	Illugast.v. — Fnjóskadalsv.ey.	0,5		
15	Fnjóskad.v.ey. — Norðausturv.	7,4	5,9	
16	Norðausturv. — Bárðardalsv.ey.		2,3	
17	Bárðard.v. — Aðaldalsv.			11,8
18	Aðaldalsv. — Brún		6,3	
19	Brún — Mývatnssveitarvegur		11,7	
20	Mývatnssveitarv. — Mývatnsv.		10,2	8,4
21	Mývatnsv. — Mývatnssveitarv.	0,4		
22	Mývatnssveitarv. — Ráðhús	0,4		
23—27	Austarasel — Syðri Vatnsleysa		2,9	17,4
821	**Eyjafjarðarbraut vestri:**			
01	Hvammur — Kristnes	1,1	7,3	
845	**Aðaldalsvegur:**			
01	Norðurlandsv. — Norðausturv.		8,7	
82	**Ólafsfjarðarvegur:**			
03	Hámundarstaðir — Dalvík	6,2		
05	Hóll — Ripill		3,5	
06	Ólafsfjarðarmúli	3,1	28,9	88,8
08	Innan Ólafsfjarðar	4,2	4,6	
85	**Norðausturvegur:**			
01—02	Norðurlandsv. — Aðaldalsv.	6,8		
03	Aðaldalsv. — Mývatnsvegur	1,4		
06	Húsavík — Hallbjarnarstaðir		5,3	3,0
07—09	Um Tjörnes			10,2
09	Auðbjargarstaðir — Hólsfjallav.		5,2	9,5
13—14	Núpur — Kópasker		2,2	6,3
15	Kópasker — Flugvöllur		1,9	
16—17	Flugvöllur — Núpskatla			1,0
19	Harðbaksvík — Raufarhöfn		3,3	
21	Raufarhöfn — Kollavíkurá	1,1	2,3	2,3
24	Hermundarfell — Svalbarðssel			4,0
25	Brúarland — Hafralónsá			4,4
25	Um Hölkná og Laxá	6,9		
26	Hafralónsá — Langanesvegur		3,7	
27	Langanesvegur — Sýslumörk		1,3	9,2

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
1	**Austurlandsvegur:**			
08	Um Teigará		2,5	
10	Hlíðarvegur — Skóghlíð			32,9
11	Skóghlíð — Upphéraðsvegur		8,6	12,1
14	Kollur — Upphéraðsvegur	11,7		
15	Upphéraðsv. — Stóra Sandfell		2,0	2,8
16	Litla Sandfell — Skriðdalsv.			5,5
17—18	Haugar — Sel		8,7	3,9
19	Sel — Innri Kleif			8,5
20	Innri Kleif — Suðurfjarðav.	10,2		4,1
21	Suðurfj.v. — Djúpadalsá		12,9	
22	Skrúðskambur — Fossgerði	8,7		
23—24	Fagrihvammur — Skolhólalækur		2,7	2,7
25	Lindarbrekka — Fossá			4,8
27	Djúpavogsv. — Hamar	2,4	6,6	
28	Hamar — Blábjörg		7,3	4,0
29	Blábjörg — Hof	4,5		
30	Hof — Þvottá	6,8		
31	Þvottá — Krossanes	6,0		2,9
32	Krossanes — Össurá	9,5	3,6	
33	Össurá — Brekka		3,1	
34—36	Brekka — Friðsæld		4,3	12,7
38	Mánagarður — Þveit		5,6	
38—39	Þveit — Hólmur	11,3	5,8	
40	Hólmur — Smyrlabjörg		3,4	7,2
41	Smyrlabjörg — Kálfafellsst.	5,9		9,3
42	Kálfafellsst. — Reynivellir		6,9	
43	Reynivellir — Jökulsá			6,9
46	Hnappavellir — Mýri			5,3
47—48	Hofsnes — Stóri Lækur	2,9		3,6
85	**Norðausturvegur:**			
01	Sýslumörk — Finnafjarðará			6,9
02	Miðfjarðarnes — Saurbæjarháls			5,0
03	Merkilækur — Hrafnsvík	2,2		
06—07	Ytri Nýpur — Vopnafjörður	13,9		
10	Hlíðarvegur — Sunnudalsv.		4,6	1,5
11—12	Sunnudalsv. — Burstafell		10,5	
15	Jökulkinn — Austurlandsv.	3,2		
92	**Norðfjarðarvegur:**			
01—03	Egilsstaðir — Neðstabrú	11,2		
04	Neðstabrú — Melshorn	13,5		
07	Hólmanes — Eskifjörður	2,3		5,7
09—10	Eskifjörður — Skuggahlíð		15,8	8,1
11	Ormsstaðir — Neskaupstaður	0,5		
93	**Seyðisfjarðarvegur:**			
01	Norðfjarðarv. — Borgarfj.v.		11,8	
02	Steinholt — Langahlíð		5,4	
03	Efri Stafur — Seyðisfjörður	7,5	2,4	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
96	**Suðurfjarðavegur:**			
01	Norðfjarðarv. — Götuhjalli	1,3	12,4	2,8
02—04	Eyri — Staðarskriða	0,4		8,2
01—05	Norðfjarðarv. — Brimnes			19,1
05	Brimnes — Búðir	5,4		
07	Búðir — Víkurgerði	3,2	10,9	
08	Hafnarnes — Stöðvarfjörður	3,8		
10—11	Stöðvarfjörður — Breiðdalsv.v.		16,8	
12	Breiðdalsvíkurv. — Austurl.v.		6,6	
		888,0	1001,0	1130,0
Óskipt fjármagn til stofnbrauta:		213,4	241,5	274,0
	Samtals:	1101,4	1242,5	1404,0
Þar af til brúa á stofnbrautum:		−20,0	−22,0	−25,0
Fjármagn til stofnbrauta:		1081,4	1220,5	1379,0

3.2. Nýbyggingar þjóðbrauta.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
Þjóðbrautafé		203,8	233,6	255,3
Til brúa á þjóðbrautir		40,0	44,0	50,0
	Samtals	243,8	277,6	305,3

3.4. Nýbyggingar brúa.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1. tímabil m.kr.	2. tímabil m.kr.	3. tímabil m.kr.
Til brúa á stofnbrautum		20,0	22,0	25,0
Til brúa á þjóðbrautum		40,0	44,0	50,0
Til brúa á öðrum vegum og óskipt		40,7	45,2	48,7
	Samtals	100,7	111,2	123,7

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

0. INNGANGUR

0.1. Almennt.

Vorið 1981 samþykkti Alþingi svohljóðandi tillögu til þingsályktunar um gerð langtímaáætlunar um vegagerð:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna langtímaáætlun um framkvæmdir í nýbyggingum vega og brúa á stofnbrautum og þjóðbrautum.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær, að 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu sé að meðaltali varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Hlutfall þetta ber að skoða sem lágmark, en það skal aukið í 2,4% innan 3 ára, og skal áætlunin þannig úr garði gerð að auka megi framkvæmdahraða ef meira fjármagn kemur til en hér er gert ráð fyrir. Skal það m. a. gert með því að taka fyrir langa og heillega vegakafla.

Áætlunartíminn skal vera 12 ár og skal framkvæmdum skipt niður á 3 tímabil, 4 ár hvert. Jafnframt skal gerð grein fyrir því í áætluninni, hverjar framkvæmdir eru eftir til að koma vegakerfinu í viðunandi horf, eind og það er metið á hverjum tíma. Langtímaáætlun þessi skal endurskoðuð fjórða hvert ár, og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.

Við gerð áætlunarinnar skal stefnt að eftirfarandi jafngildum markmiðum:

1. Vegir hafi fullt burðarþol (10 t) allt árið.
2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er.
3. Bundið slitlag sé lagt á vegi, þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag allt árið, þegar viðkomandi vegur hefur verið fullgerður. Enn fremur skal leggja slitlög á vegarkafla næst þéttbýliskjörnum, þó að umferð sé minni, og á vegarkafla sem yrðu óhóflega dýrir í viðhaldi sem malarvegir vegna skorts á hentugu malarefni. Stefnt skal að því, að bundið slitlag verði lagt á a. m. k. 1/4 hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi og samfelldir kaflar á vegakerfinu verði lagðir bundnu slitlagi.
4. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu vega.

Áætlun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en vorið 1982."

Í samræmi við þingsályktun þessa hefur verið unnið að undirbúningi langtímaáætlunar. Í vinnunefnd, sem sett var á laggirnar sátu fulltrúar Vegagerðar ríkisins og eftirtaldir fulltrúar þingflokka: Guðmundur Bjarnason (Frams.fl.), Magnús H. Magnússon (Alþ.fl.), Matthías Bjarnason (Sjálfst.fl.) og Skúli Alexandersson (Alþ.bl.). Hefur nefndin haldið marga fundi. Á þessum fundum hefur einkum verið fjallað um innihald áætlunar og markmið. Enn fremur skiptingu fjár á helstu liði, viðhald, nýjar framkvæmdir o. þ. h., svo og skiptingu nýbyggingafjár á milli kjördæma. Um sum þessara atriða hefur verið haft samráð við fjárveitinganefnd. Þá hefur nefndin einnig fjallað um almenna stefnumótun í vegagerðarframkvæmdum.

Fljótlega varð ljóst að verkefni þetta er viðamikið en tími naumur, og var því ákveðið að leggja áherslu á stofnbrautir. Þar lá fyrir úttekt á ástandi og þörfum fyrir úrbætur. Var farið yfir þá úttekt og markmið hennar endurskoðuð nokkuð. Framkvæmdum var síðan raðað á tímabil. Hafa þingmenn einstakra kjördæma annast þá röðun innan sinna kjördæma ásamt starfsmönnum Vegagerðarinnar.

Samtímis hefur verið unnið að úttekt á ástandi þjóðbrauta og þörfum þeirra fyrir úrbætur. Ekki vannst tími til á þessu stigi að setja fram tillögu um skiptingu fjár á milli kjördæma eða áætlanir um röðun verkefna o. þ. h. fyrir þjóðbrautir, heldur er þar einungis um að ræða tillögu um heildarfjármagn til þessa verkefnaflokks.

Með þessum hætti er tillaga um langtímaáætlun lögð fram í samræmi við áðurnefnda þál. um gerð slíkrar áætlunar. Tillagan er fyrst og fremst lögð fram til kynningar á þessu

þingi. Umfjöllun um hana bíður næsta þings. Á því þingi á einnig að endurskoða vegáætlun, og er ekki óeðlilegt að þessar tvær áætlanir séu til meðferðar samtímis á Alþingi, þar eð segja má að vegáætlun sé nánari útfærsla þess sem tiltekið er í langtímaáætlun að framkvæma skuli á hverju fjögurra ára tímabili.

0.2. Lagabreytingar.

0.2.1. Almennt.

Við vinnu nefndarinnar að langtímaáætlun hefur orðið ljóst að æskilegt er að gera breytingar á vegalögum. Koma hér einkum tvö atriði til álita, þ. e. framlag til þjóðvega í þéttbýli og flokkun vega í þjóðbrautir og stofnbrautir.

Hér á eftir er gerð nokkur grein fyrir hugmyndum nefndarinnar um þessi efni, en flytja þarf tillögur um þetta á næsta þingi. Umræddar breytingar hafa nokkur áhrif á uppsetningu áætlunar og röðun framkvæmda, og þótti því ekki annað fært en að taka tillit til þeirra nú þegar í áætluninni. Er þá haft í huga að tillögur um lagabreytingar yrðu fluttar, áður en langtímaáætlun kæmi til afgreiðslu. Gæfist þá svigrúm til að leiðrétta langtímaáætlunina ef lagabreytingar ná ekki fram að ganga, eða yrðu í öðru formi en hér er miðað við.

0.2.2. Þjóðvegir í þéttbýli.

Skv. lögum fara 12,5% af mörkuðum tekjum vegasjóðs til þjóðvega í þéttbýli. Undanfarin ár hafa þessi framlög verið sem hér segir á verðlagi 1981.

1971	28,0 m. kr.
1972	30,0 m. kr.
1973	36,5 m. kr.
1974	28,0 m. kr.
1975	25,6 m. kr.
1976	20,4 m. kr.
1977	19,8 m. kr.
1978	24,2 m. kr.
1979	28,1 m. kr.
1980	27,7 m. kr.
1981	29,7 m. kr.

Meðalfjárveiting 1971—1981 27,0 m. kr.

Þjóðvegir í þéttbýli hafa tekið miklum stakkaskiptum síðan ákvæðin um framlag til þeirra voru tekin upp í vegalög. Í töflu kemur fram lengd þessara vega og ástand eins og það var í árslok 1981. Þar sést að rúmir $^2/_3$ hlutar þeirra hafa fengið bundið slitlag, og eru þá taldir með óakfærir vegir, en þar er í flestum tilvikum um að ræða vegi, sem hafa verið teknir inn á aðalskipulag, en vart er tímabært að byggja ennþá.

Þjóðvegir í þéttbýli, lengd og ástand í árslok 1981.

	Lengd alls km	Bundið slitlag km	Malar-slitlag km	Óakfært km
Suðurland	14,5	10,3	4,1	0,1
Reykjanes	30,1	26,0	2,5	1,6
Reykjavík	36,1	25,1	—	11,0
Vesturland	13,4	8,0	5,0	0,4
Vestfirðir	15,0	8,6	6,3	0,1
Norðurland vestra	13,5	7,7	5,8	—
Norðurland eystra	15,2	8,2	5,8	1,2
Austurland	24,4	20,1	4,1	0,2
Samtals	162,2	114,0	33,6	14,6

Með tilliti til þess hve þetta verkefni er vel á vegi statt miðað við önnur verkefni í vegagerð, þykir eðlilegt að þak sé sett á framlag til þéttbýlisvega. Er þá einnig haft í huga, að þegar fyrirhugað er að gera sérstakt átak í vegagerð vegna brýnnar nauðsynjar, er óeðlilegt að ákveðinn hluti fjár, sem til þessa er ætlað, renni til annars verkefnis vegna gamalla lagaákvæða þar um, sem sett voru við allt aðrar aðstæður.

Alþingi hefur þegar sett þak á framlag ársins 1982, þ. e. 43 m. kr., en það svarar til um 30 m. kr. á verðlagi 1981. Í framhaldi af því er eðlilegt að breyta ákvæðum vegalaga um þetta efni. Nefndin hefur rætt þetta og telur eðlilegast að Alþingi ákveði hverju sinni fjárveitingar til þessa viðfangsefnis.

Við skiptingu fjár á viðfangsefni hefur verið miðað við samsvarandi upphæð til þjóðvega í þéttbýli eins og ákveðið hefur verið fyrir 1982.

0.2.3. Flokkun vega.

Flokkunarreglur vega í stofnbrautir og þjóðbrautir eru ekki að öllu leyti heppilegar. Þetta kemur m. a. í ljós þegar svo háttar til að kauptún með minna en 1000 íbúa liggja skammt frá stofnbraut. Vegurinn að þéttbýlinu er þjóðbraut í þessum tilvikum þó að tilvist þéttbýlisins sé aðaluppspretta umferðar á nærliggjandi stofnbrautum. Framkvæmdir á þjóðbrautinni að þéttbýlinu þurfa að fylgja framkvæmdum á aðliggjandi stofnbrautum ef vel á að vera, einkum á þetta við um bundin slitlög. Sú staðreynd að hér er um tvo vegflokka að ræða, torveldar hins vegar þessa samræmingu.

Nefndin telur að breyta þurfi reglunum, og hefur miðað vinnu sína við eftirfarandi breytingartillögu:

Aftan við skilgreiningu stofnbrauta í 12. gr. vegalaga komi eftirfarandi viðbót:

„Við það stofnbrautakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnbraut öll þéttbýli, sem hafa 400 íbúa eða fleiri, enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200—400 íbúa ef tenging þeirra er ekki lengri en sem svarar 1 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu.“

Sé miðað við þessa viðbótarskilgreiningu, tengjast eftirfarandi þéttbýli við stofnbrautakerfi landsins með stofnbraut (sem áður var þjóðbraut).

Vogar, Gullbringusýslu
Álftanes, Kjósarsýslu
Tálknafjörður, V-Barðastrandarsýslu
Flateyri, V-Ísafjarðarsýslu
Suðureyri, V-Ísafjarðarsýslu
Hofsós, Skagafjarðarsýslu
Litli-Árskógssandur, Eyjafjarðarsýslu (Hrísey)
Breiðdalsvík, S-Múlasýslu
Djúpivogur, S-Múlasýslu.

Þeir vegir, sem færast milli vegflokka skv. þessu eru alls 38,4 km að lengd.

0.3. Úttekt vegakerfisins.

Til undirbúnings við gerð langtímaáætlunar var gerð úttekt á þjóðvegakerfinu. Tilgangur með þessu er að fá samræmdar upplýsingar um ástand vega og tölur um kostnað við endurbætur þær, sem gera þarf á vegakerfinu til að fullnægt sé þeim markmiðum, sem greind eru í ályktun Alþingis.

Leggja ber áherslu á að endurbætur þær, sem hér um ræðir, miði að því að koma vegakerfinu í viðunandi horf eins og það er metið nú, þ. e. í það horf, sem það ætti að vera við upphaf langtímaáætlunar. Við mat á endurbótum hefur verið viðhöfð sú vinnuregla að taka því aðeins inn kostnað við meiriháttar breytingar á núverandi vegum, ef fyrir lægi tillaga um ákveðna lausn. Sé slík tillaga ekki fyrir hendi er miðað við endurbætur á núverandi vegi.

Til skýringar má nefna, að kostnaður við Ó. Ó. Ó. vegi (Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla) er tekinn með í heildarkostnaði úrbóta, og þá miðað við tillögu Vegagerðarinnar um lausnir. Sama á við um Ölfusá í Óseyrarnesi, veg um Leirur í Eyjafirði o. m. fl. staði.

Á hinn bóginn er ekki tekinn með kostnaður við jarðgöng eða aðra varanlega lausn á Breiðadalsheiði né brúargerð á Dýrafjörð, né nýja veglínu um Mýrdalssand, þar eð ekki liggja fyrir ákveðnar tillögur um lausnir, þó að þessi mál hafi verið á dagskrá undanfarið. Á sama hátt er farið um tengingu Vopnafjarðar við Fljótsdalshérað, en þar mæla einnig veigamikil rök með færslu vegarins milli vegaflokka. Enn fleiri dæmi mætti nefna um þetta í flestum eða öllum kjördæmum landsins, að einungis er tekinn með kostnaður við endurbætur núverandi vegar, þó að næsta víst megi telja, að endanleg lausn feli í sér miklar breytingar og þar með í flestum tilvikum aukinn kostnað.

Þessi vinnuregla á engan veginn að útiloka þessar lausnir. Þær kæmu inn við endurskoðun langtímaáætlunar, eftir því sem þær lægju fyrir. Sum þessara verkefna hafa þegar fengið fjárveitingu í vegáætlun til athugana og undirbúnings og verður unnið að könnun þeirra samkvæmt því. Geta þau þá verið fljótlega til ákvörðunar.

Úttekt stofnbrauta fór fram 1978 og 1979, og er úrvinnslu úttektarinnar lokið fyrir nokkru. Við mat á ástandi vegar er tekið tillit til burðarþols, snjóþyngsla, ferils vegar í hæð og fleti, breiddar, afvötnunar, brúa og slysa. Er hverjum vegarkafla gefin einkunn fyrir hvert þessara atriða.

Atriðin vega þó mjög misþungt í þeirri einkunn, þyngst á metum eru burðarþol, snjóþyngsli og slys, en samtals gefa þessi atriði 20 stig af 32 mögulegum, en það er sú stigatala, sem fullgerður vegur án slysa getur fengið.

Metið var hverjar úrbætur þyrfti að gera á hverjum vegarkafla og gerð kostnaðaráætlun fyrir þær. Síðan var reiknuð arðsemi úrbóta á hverjum vegarkafla, og þá tekið tillit til kostnaðar annars vegar og sparnaðar Vegagerðarinnar og umferðar hins vegar.

Í meðfylgjandi töflum koma fram nokkrar helstu niðurstöður úttektar stofnbrauta, að

því er varðar ástand vega, lengd bundinna slitlaga, svo og kostnað og arðsemi úrbóta. Á korti er sýnt það stofnbrautakerfi sem úttektin nær til og tegund slitlags sem kostnaður miðast við.

Tölur þær, sem sýna kostnað og ástand vega nú, eru miðaðar við árslok 1980. Til að fá þessar tölur réttar við upphaf langtímaáætlunar verður að taka tillit til framkvæmda áranna 1981 og 1982. Allar kostnaðartölur á fskj. eru á verðlagi í ágúst 1982 (vt. vegagerðar 500).

Sambærileg úttekt hefur verið gerð á helstu þjóðbrautum og er úrvinnsla hennar langt komin. Í töflu eru sýndar helstu niðurstöður um kostnað. Hafa verður nokkurn fyrirvara á um þessar tölur, þar eð úrvinnslu er ekki að fullu lokið og tölur geta tekið breytingum. Rétt þótti þó að sýna tölurnar til að gefa hugmynd um stærð verkefnisins.

Slitlag á stofnbrautum skv. athugun 1980 og eftir úrbætur skv. áætluninni.

Svæði		Möl km	Skipting vega eftir slitlagsgerð Lengd vega í hverjum flokki. Kl. km	Ol. km	Ma. km	St. km
Suðurland	Skv. ath.	355,48	12,44	85,25	4,40	0
Suðurland	Skv. áætl.	37,19	302,19	110,39	4,40	0
Reykjanes	Skv. ath.	47,15	0	47,37	36,03	48,98
Reykjanes	Skv. áætl.	0	12,39	73,37	49,81	48,98
Vesturland	Skv. ath.	488,24	23,79	5,49	0,09	0
Vesturland	Skv. áætl.	125,50	351,48	34,25	2,09	0
Vestfirðir	Skv. ath.	789,81	0	0	7,55	0
Vestfirðir	Skv. áætl.	463,20	332,52	11,07	7,55	0
Norðurl. vestra	Skv. ath.	339,65	28,01	0	0	0,80
Norðurl. vestra	Skv. áætl.	9,85	345,47	7,24	0	0,80
Norðurl. eystra	Skv. ath.	544,96	19,57	0	10,29	0
Norðurl. eystra	Skv. áætl.	156,90	384,47	2,50	12,95	0
Austurland	Skv. ath.	855,75	0	6,39	0	0,65
Austurland	Skv. áætl.	403,19	418,74	22,83	0,31	0,65
Landið	Skv. ath.	3 421,04	83,81	144,50	58,36	50,43
Landið	Skv. áætl.	1 195,83	2 147,26	261,65	77,11	50,43

Kl. = Klæðning
Ol. = Olíumöl
Ma. = Malbik
St. = Steinsteypa

Ástand stofnbrauta í árslok 1980 skv. athugun og eftir úrbætur skv. áætluninni.

Svæði		Ástand mælt í punktum (p). Lengd vega í hverjum flokki. 0—8p km	9—16p km	17—24p km	25—32p km	Samtals km
Suðurland	Skv. ath.	7,56	32,90	91,32	325,79	457,57
Suðurland	Skv. áætl.	0	0	0	454,17	454,17
Reykjanes	Skv. ath.	0,77	18,62	19,57	140,57	179,53
Reykjanes	Skv. áætl.	0	0	1,48	183,07	184,55
Vesturland	Skv. ath.	11,39	109,69	210.22	186,31	517,61
Vesturland	Skv. áætl.	0	0	0	513,32	513,32
Vestfirðir	Skv. ath.	84,96	167,88	227,75	316,77	797,36
Vestfirðir	Skv. áætl.	0	0	9,77	804,57	814,34
Norðurl. vestra	Skv. ath.	20,78	85,94	110,32	151,42	368,46
Norðurl. vestra	Skv. áætl.	0	0	0	363,36	363,36
Norðurl. eystra	Skv. ath.	66,16	105,89	103,89	298,88	574,82
Norðurl. eystra	Skv. áætl.	0	0	10,02	546,80	556,82
Austurland	Skv. ath.	56,05	159,73	229,14	417,87	862,79
Austurland	Skv. áætl.	0	0	0	845,72	845,72
Landið	Skv. ath.	247,67	680,65	992,21	1 837,61	3 758,14
Landið	Skv. áætl.	0	0	21,27	3 711,01	3 732,28

Kostnaður við úrbætur þær á stofnbrautum, sem áætlunin gerir ráð fyrir. Áætlað verðlag 1982 (vísitala 500).

Svæði	Undirb. m. kr.	Yfirb. m. kr.	Brýr m. kr.	Samtals m. kr.
Suðurland	108,0	173,3	132,3	413,6
Reykjanes	233,3	70,3	76,1	379,7
Vesturland	415,4	198,3	81,7	695,4
Vestfirðir	463,8	209,6	71,5	744,9
Norðurland vestra	178,7	162,7	60,6	402,0
Norðurland eystra	346,8	203,5	83,4	633,7
Austurland	338,6	255,6	89,8	684,0
	2 084,6	1 273,3	595,4	3 953,3

Kostnaður miðað við árslok 1980	3 953 m. kr.
Fjárv. 1981 og 1982 (áætlaðar)	463 m. kr.
Kostnaður við upphaf langtímaáætlunar	3 490 m. kr.

Arðsemi framkvæmda (í km) á stofnbrautum samkvæmt áætluninni.

Svæði	Arðsemi framkvæmda í % Lengd vega í hverjum flokki <0% km*	1—6% km	7—10% km	11—20% km	21—30% km	>30% km
Suðurland	120,24	20,77	47,42	119,85	25,94	123,35
Reykjanes	127,69	4,25	10,67	10,50	7,80	18,62
Vesturland	211,74	62,66	46,80	93,98	51,08	51,35
Vestfirðir	480,41	88,87	89,92	83,71	51,88	2,57
Norðurl. vestra	55,91	45,04	67,62	72,67	28,42	98,80
Norðurl. eystra	162,56	79,32	60,71	132,90	63,02	76,31
Austurland	293,41	185,45	100,91	189,16	55,25	38,61
Landið	1 451,96	486,39	424,05	702,77	283,39	409,61

*Fullgerðir vegir eru taldir með þessum flokki.

Arðsemi fjárfestinga (í m. kr.) á stofnbrautum samkvæmt áætluninni.

Svæði	Arðsemi fjárfestinga í % M. kr. í hverjum flokki <0% m. kr.	1—6% m. kr.	7—10% m. kr.	11—20% m. kr.	21—30% m. kr.	>30% m. kr.
Suðurland	71,92	20,99	40,67	88,63	14,39	52,75
Reykjanes	0,14	7,61	81,79	25,74	125,42	23,56
Vesturland	220,15	72,05	57,66	80,29	18,49	33,71
Vestfirðir	387,13	57,28	21,91	18,42	30,05	1,38
Norðurl. vestra	45,81	44,44	55,84	74,63	16,40	42,09
Norðurl. eystra	177,30	51,87	34,51	124,41	23,67	27,98
Austurland	200,87	111,88	60,75	70,81	16,39	13,97
Landið	1 103,32	366,12	353,12	482,94	244,81	195,44

Kostnaður við úrbætur á þjóðbrautum skv. langtímaáætlun (vísitala 500).

Kostnaður miðað við árslok 1980	m. kr.
Vegagerð	1 791
Brúagerð	255
Samtals	2 046
Fjárv. 1981 og 1982 (áætl.)	−101
Kostnaður við upphaf langtímaáætl.	1 945

1. ÁÆTLUN UM FJÁRÞÖRF.

Í ályktun Alþingis segir, að verja skuli 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu til vegagerðar og þetta hlutfall skuli aukið í 2,4% innan 3 ára. Hér er gert ráð fyrir að á fyrsta ári áætlunarinnar sé hlutfallið 2,2%, 2,3% á öðru ári og síðan 2,4% eftir það. Miðað er við að þjóðarframleiðsla 1983 verði 29 800 m. kr. og að hún aukist um 1,5% á ári á 1. tímabili, en síðan um 2,5%. Þessi spá um þróun þjóðarframleiðslu er gerð í samráði við Þjóðhagsstofnun. Samkvæmt þessu verða 655,6 m. kr. til ráðstöfunar 1983, 695,7 m. kr. 1994 og samtals á 12 árum 9 533 m. kr. Á fskj. 1.1 er sýnd þróun þjóðarframleiðslu og fjármagns til vegamála, skv. þessum forsendum. Allar tölur eru á verðlagi 1982.

Fjármagn til vegáætlunarinnar hefur einkum átt sér þrenns konar uppruna, þ. e. markaðir tekjustofnar, ríkisframlag og lánsfé. Hér er ekki tekin afstaða til þess hvaðan fjármagn kemur til langtímaáætlunar. Það verður ákveðið með vegáætlun hverju sinni, hvernig fjár skuli aflað, til að uppfylla þar forsendur, sem langtímaáætlun byggir á.

2. SKIPTING ÚTGJALDA.

Skipting útgjalda á liði er með sama hætti og tíðkast hefur í vegáætlun.

Allar tölur eru á verðlagi 1982, en þá verður vísitala vegagerðar 500. Er sú tala grundvöllur kostnaðartalna.

2.1. Stjórn og undirbúningur.

Fjármagn til þessa liðar vex um 1,5% á ári á 1. tímabili en síðan um 2%. Gefur þetta svigrúm til að halda áfram þeirri stefnu í starfsmannahaldi, sem mörkuð hefur verið undanfarið í vegáætlun.

Hið stóraukna fjármagn til vegagerðar, sem kemur með langtímaáætlun kallar á enn aukinn tæknilegan undirbúning. Einkum ef það er haft í huga, að aukning fjár fer að verulegu leyti í bundin slitlög annars vegar, og í stór vandasöm verkefni hins vegar. Að einhverju leyti má kaupa tækniþjónustu að í þessu skyni, en þó verður ekki komist hjá fjölgun tæknimanna umfram það sem verið hefur. Verður það mál að afgreiðast með vegáætlun. Framkvæmdir þær, sem eru á dagskrá á hverjum tíma verða að bera þann kostnað, sem leiðir af auknum tæknilegum undirbúningi.

2.2. Viðhald þjóðvega.

2.2.1. Sumarviðhald.

Undanfarin ár hefur sumarviðhald jafnan setið á hakanum, og hefur það verið minna en 70% af þörf vegakerfisins fyrir viðhald. Þessi mikli skortur á viðhaldsfé stefnir öryggi vegfarenda í tvísýnu, auk þess sem hann hefur í för með sér mikið þjóðfélagslegt tap. Gert er ráð fyrir aukningu viðhaldsfjár, þannig að 1988 verði það komið í 95% af þörf. Eftir það er reiknað með 2% aukningu á ári og er það hugsað til að mæta vaxandi umferð og auknum kröfum um ýmiss konar þjónustu.

Viðhaldsþörf sú sem hér er miðað við, tekur til vegakerfisins eins og það er í dag, þ. e. einungis um 6% þjóðvega hafa bundið slitlag. Ekki hefur þótt tiltækt að gera áætlun um þarfir viðhalds, þegar bundin slitlög aukast, til þess skortir reynslu um endingu klæðningar o. fl. Þó að viðhaldskostnaður einstakra umferðarmeiri vega kunni að minnka nokkuð er vart við að búast að þörf fyrir viðhaldsfé minnki í heild. Er þá litið til þess að kröfur til vega, viðhalds þeirra og þjónustu við vegfarendur munu aukast mjög á næstunni.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á núverandi snjómokstursreglum. Reiknað er með 1,5% aukningu fjármagns á ári á 1. tímabili en síðan með 2% aukningu úr því. Gefur þetta nokkurt svigrúm til aukinnar vetrarþjónustu.

2.3.—2.4. Nýbygging vega og brúa.

Þessi verkefni fá í sinn hlut mest fjármagn eða um helming heildarfjárhæðar. Brýr eru hér tilgreindar með sérstakri fjárhæð í samræmi við vegáætlun. Af ýmsum ástæðum er þó hentugra í langtímaáætlun að fella fjármagn til brúa að fjármagni stofnbrauta annars vegar og þjóðbrauta hins vegar. Er það gert í sundurliðun og nánari grein gerð fyrir því þar. Við skiptingu nýbyggingarfjár milli stofnbrauta og þjóðbrauta haldast í aðalatriðum hlutföll þau, sem hafa verið milli þessara liða í vegáætlun.

2.5. Fjallvegir.

Fjallvegir fá svipað fjármagn og verið hefur. Í yfirstandandi vegáætlun varð nokkur aukning á fjallvegafé, þar eð þingmenn Reykjaness veittu af þjóðvegafé til byggingar nýs Bláfjallavegar af Krísuvíkurvegi. Hér er gert ráð fyrir að verkefninu ljúki á 1. tímabili og verður þá nokkur lækkun á fjallvegafé. Að öðru leyti er reiknað með 2% aukningu þess á ári.

2.6. Sýsluvegir.

Miðað er við núgildandi ákvæði vegalaga um framlag til sýsluvegasjóða. Til öryggis er þó reiknað með 1,5% aukningu á 1. tímabili en 2% eftir það.

2.7. Þjóðvegir í þéttbýli.

Eins og rakið var í inngangi athugasemda þessara, er framlag til þessa verkefnis 1983 miðað við að það verði óbreytt frá 1982 (43 m. kr.). Á áætlunartímabilinu er síðan reiknað með sömu aukningu milli ára og til sýsluvega.

2.8.—2.9. Vélakaup, áhaldahús og tilraunir.

Við þessa liði er núverandi vegáætlun lögð til grundvallar við upphaf áætlunartímabils, en síðan reiknað með sömu aukningu milli ára og til sýsluvega.

3. SUNDURLIÐUN.

3.1. Stofnbrautir.

Röðun verkefna tekur hér einungis til tímabila, en þess ekki nánar getið hvenær á tímabilinu viðkomandi framkvæmd er á dagskrá. Verður það ákveðið með vegáætlun hverju sinni.

Við skiptingu fjár á verkefni hafa einungis 80% af heildarfé til stofnbrauta komið til úthlutunar. Þar við bætist svo 20% af fjármagni til brúa, enda er kostnaður við brýr á stofnbrautum innifalinn í tilgreindum kostnaði þeirra. Samkvæmt úttekt má ætla, að heildarkostnaður við að ljúka þeim úrbótum sem úttektin nær til, sé 3 490 m. kr. Fjármagn til skipta á einstök verkefni innan stofnbrauta er 3 019 m. kr. Skortir því einungis um 470 m. kr. til að ljúka megi umræddum úrbótum á 12 árum.

Til að mæta ófyrirséðu, vanreiknuðum áætlunum, og nýjum þörfum er skilið eftir 20% af stofnbrautafénu. Nemur sá hluti um 729 m. kr. á áætlunartímanum. Þetta fé má einnig nýta til að flýta fyrir einstökum framkvæmdum svo og til að ljúka verkefnum, sem orðið hafa útundan við röðunina.

3.1.1. Verkefnaskipting, bundin slitlög.

Í vegáætlun er verkefnum á stofnbrautum skipt í þrjá flokka, þ. e. almenn verkefni, bundin slitlög, og sérstök verkefni. Á undanförnum árum hefur verið lögð mjög aukin áhersla á bundin slitlög. Er það mjög að vonum, því að lagning bundins slitlags hefur í för með sér mestar breytingar til hins betra fyrir hinn almenna vegfaranda og þar með fyrir þjóðfélagið í heild. Er þá sama hvort litið er til hagrænna hliða málsins, eða vellíðunar þeirra, sem um vegina fara eða nærri þeim búa.

Við röðun framkvæmda í langtímaáætlun hefur þótt rétt að halda þessari stefnu áfram. Hún hefur það í för með sér, að fjármagn til almennra verka fer að miklu leyti til að búa vegi undir bundið slitlag.

Sé eingöngu reiknað með þeim 80%, sem skipt er til ákveðinna verkefna, er áætlað að komið verði bundið slitlag á um 2 200 km af þeim 2 537 km af stofnbrautum, sem úttektin gerir ráð fyrir að fái bundið slitlag skv. umferðarforsendum eins og þær eru í dag. Í báðum þessum tölum eru meðtaldar þær stofnbrautir sem þegar hafa bundið slitlag við upphaf langtímaáætlunar, um 640 km.

Sé reiknað með að hluti hins óskipta fjár sé notaður til að sinna þeim verkefnum, sem orðið hafa útundan við röðunina, má ætla að bundin slitlög verði farin mjög að nálgast hærri töluna, sem nefnd var hér á undan.

Hér er eingöngu rætt um bundin slitlög á stofnbrautum, en ætla má að um 600 km af þjóðbrautum eigi að fá bundið slitlag ef miðað er við sömu forsendur eins og gert er við stofnbrautir. Umtalsverður hluti þessara slitlaga verður væntanlega lagður á áætlunartímanum.

Jafnframt því átaki í bundnum slitlögum, sem hér er drepið á, er sinnt sérstökum verkum í vega- og brúagerð, þar með töldum Ó.Ó.Ó.-vegum, eins og röðunin ber með sér.

Ekki hefur þótt tiltækilegt að greina fjármagn í verkefnaflokka í þessari langtímaáætlun, en það yrði gert í vegáætlun eftir því sem efni standa til hverju sinni.

3.2. Þjóðbrautir.

Svo sem áður var getið er úrvinnslu úttektar þjóðbrauta ekki lokið enn. Er því einungis tilgreindur heildarkostnaður við uppbyggingu allra þjóðbrauta landsins. Hafa verður nokkurn fyrirvara á þessari tölu, en endanleg tala og sundurgreining hennar eftir kjördæmum mun liggja fyrir áður en tillagan kemur til umræðu á Alþingi.

Samkvæmt úttekt má ætla að heildarkostnaður við úrbætur þjóðbrauta sé um 1 950 m. kr. Sé reiknað með að 20% af fjármagni sé haldið eftir til að mæta ófyrirséðu eins og gert er í stofnbrautum, koma til skipta 80% af þjóðbrautafé og 40% af brúafé. Samtals yrðu það um 690 m. kr. á áætlunartímanum. Sé sú tala borin saman við heildarkostnað má ætla að framkvæmdatími endurbóta á þjóðbrautum sé um 28 ár, eða u. þ. b. tvöfalt lengri en fyrir stofnbrautir.

3.4. Brýr.

Vegna vinnuhagræðingar í langtímaáætlun hefur fjármagni til brúa verið skipt upp og hluti þess felldur að fjárveitingum til stofnbrauta og hluti til þjóðbrauta.

Til brúa á stofnbrautum hafa farið um 20% af fjármagninu, en 40% til brúa á þjóðbrautum. Þetta fé rennur til byggingar brúa á viðkomandi vegum svo langt sem það hrekkur, en þær verða að öðru leyti fjármagnaðar af vegafé.

Þau 40% sem þá eru eftir af brúafé fara til brúa á öðrum vegum (sýsluvegum, fjallvegum, þjóðvegum í þéttbýli eða einkavegum) eða verða til ráðstöfunar síðar í vegáætlun.

Fskj. 1.1.

Yfirlitsáætlun í vegamálum.
Fjárhagslegar forsendur.
Verðlag 1982
Vísitala 500

	Árlegur vöxtur þjóðarfrl.	Þjóðar-framl.	% hlut-fall til vegamála	Upphæð til vegamála	Samtals á tímab.
1983	1,5	29 800	2,2	655,6	
1984	1,5	30 247	2,3	695,7	
1985	1,5	30 701	2,4	736,8	
1986	1,5	31 161	2,4	747,9	
					2 836,0
1987	2,5	31 940	2,4	766,6	
1988	2,5	32,739	2,4	785,7	
1989	2,5	33 557	2,4	805,4	
1990	2,5	34 396	2,4	825,5	
					3 183,2
1991	2,5	35 256	2,4	846,1	
1992	2,5	36 137	2,4	867,3	
1993	2,5	37 040	2,4	889,0	
1994	2,5	37 967	2,4	911,2	
					3 513,6

Nd. 874. Nefndarálit [253. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1978.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt.

Sighvatur Björgvinsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Guðrún Hallgrímsdóttir.	Matthías Á. Mathiesen.	Albert Guðmundsson.

Sþ. 875. Þingsályktun [117. mál]

um könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Alþingi ályktar að leiði könnun, sem nú fer fram á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi, til jákvæðrar niðurstöðu, þá verði þegar unnið að því að koma upp sérstakri aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða.

Sþ. 876. Skýrsla

forsætisráðherra um framkvæmd jöfnunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Á síðustu tveimur áratugum hefur íslenska hagkerfið þróast frá því hafta- og millifærslukerfi, sem hér ríkti á árunum 1930—1960, í átt að opnari markaðsbúskap. Fyrir 1960 voru sérgreindar efnahagsráðstafanir einkenni þeirrar verndarstefnu, sem fylgt var í utanríkisverslun. Þessi stefna fól í sér margvísleg ríkisafskipti, sem hafði ákaflega misjöfn áhrif á starfsskilyrði atvinnuveganna. Í byrjun sjöunda áratugarins varð stefnubreyting. Verndarstefnan vék fyrir almennari hagstjórnaraðferðum og þannig voru fyrstu skrefin stigin inn á sömu braut og flest vestræn ríki höfðu farið inn á um 1950. Horfið var frá millifærslum og uppbótakerfi og tekin upp frjálsari gjaldeyrisverslun.

Árið 1970 gerðist Ísland aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu. Sú ákvörðun fól í sér, að á næstu tíu árum skyldi íslenskur iðnaður smám saman aðlaga sig samkeppni við erlend fyrirtæki. Mikill hluti iðnaðar býr því nú við hliðstæð ytri skilyrði og sjávarútvegur. Landbúnaður hefur hins vegar sérstöðu varðandi meginhluta framleiðslunnar, þar sem þar er um nær algera markaðsvernd innanlands að ræða.

Ljóst var frá upphafi, að þessum breytingum á ytra aðbúnaði atvinnuveganna yrði að mæta með samræmingu á starfsskilyrðum þeirra hér heima, enda var það yfirlýst stefna stjórnvalda. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar á undanförnum árum til að draga úr þeirri mismunun, sem óx upp á tímum verndarstefnu í utanríkisviðskiptum. Ýmiss konar mismunun er þó enn við lýði milli atvinnuveganna, þótt vandmetið sé án nákvæmra athugana í hvaða átt hún gengur, þegar tillit er tekið til allra þátta. Í þessu efni hefur verið djúptækur ágreiningur milli atvinnuveganna. En öllum er þó ljóst, að leita verður eftir jafnræði milli atvinnuveganna. Sú skipan skilar mestum árangri fyrir þjóðarbúið. Það var því tímabært að gera ítarlega samanburðarathugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Ríkisstjórnin ákvað því að kanna þessi mál rækilega og hinn 9. september 1980 skipaði forsætisráðherra nefnd til að gera athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna; iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar. Í nefndinni áttu sæti: Jóhannes Nordal, sem var formaður hennar, Árni Benediktsson, Árni Kolbeinsson, Ingi R. Helgason og Pétur Sigurðsson. Ritari nefndarinnar var Tryggvi Pálsson.

Verkefni nefndarinnar var: „að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar með tilliti til samkeppnisaðstöðu í útflutningi og á heimamarkaði. Verði að því stefnt að skapa atvinnuvegunum sambærilega aðstöðu, m. a. með tilliti til mismunandi álagningar opinberra gjalda, sem leiðir til óhagstæðrar gengisskráningar fyrir einstaka atvinnuvegi. Jafnframt verði gerð athugun á lækkun á sölugjöldum af fjárfestingarvörum og hjálpartækjum með tilliti til jöfnunar á samkeppnisaðstöðu og aukinni framleiðni, svo og á breytingu á stimpilgjöldum."

Slík athugun hafði ekki áður verið gerð fyrir þessar atvinnugreinar. Gagnaöflun var því seinleg og um margt erfið. Auk þess var á margan hátt vandasamt að afmarka verkefnið. Nefndin ákvað að miða athuganir sínar við tvo meginþætti: annars vegar atvinnuvegina þrjá, sjávarútveg, iðnað og landbúnað, og hins vegar við þá þætti í starfsskilyrðum atvinnuveganna, sem stjórnvöld geta haft bein áhrif á. Þannig voru náttúrleg skilyrði atvinnuveganna skilgreind fyrir utan verksvið nefndarinnar. Ásköpuð skilyrði til atvinnurekstrar eru misjöfn, en þau fela ekki í sér mismunun að mati nefndarinnar. Er þá átt við náttúrleg skilyrði, sem ákvarðast af legu landsins og þeim tækifærum, sem það býr yfir til verðmætasköpunar.

Í september 1981 skilaði nefndin áfangaskýrslu. Tilgangur þeirrar skýrslu var tvíþættur: annars vegar að kynna stjórnvöldum þá kafla, sem lengst voru komnir, og hins vegar að vera þáttur í samráði nefndarinnar við ýmsa þá aðila, sem hagsmuna áttu að gæta í sambandi við vinnu nefndarinnar. Var síðan gengið frá endanlegri skýrslu nefndarinnar í janúar 1982.

Þarflaust er að rekja niðurstöðu skýrslunnar hér, þar sem hún liggur fyrir og allir alþingismenn fengu hana í hendur strax og hún kom út. Nægir í því sambandi að minna á þau 10 efnisatriði, sem niðurstöðurnar fjalla um, en þau eru:

1. Verðmyndunarskilyrði.
2. Gengismál.
3. Aðstöðugjald.
4. Launaskattur.
5. Sjómanna- og fiskimannafrádráttur.
6. Uppsöfnun söluskatts.
7. Aðflutningsgjöld.
8. Opinber framlög og þjónusta.
9. Aðgangur að lánsfé.
10. Lánskjör.

Skömmu eftir að áfangaskýrslan hafði borist ríkisstjórninni, s. l. haust, ákvað hún að skipa embættismannanefnd til að undirbúa tillögur um ráðstafanir til að jafna starfsskilyrðin, en starfsskilyrðanefndinni var, eins og kunnugt er, ekki ætlað að gera beinar tillögur um aðgerðir. Í þessari nefnd eru: Þórður Friðjónsson, formaður nefndarinnar, Árni Kolbeinsson, Björn Líndal, Guðmundur Sigþórsson, Jafet Ólafsson og Magnús Ólafsson. Þessi nefnd er enn að störfum, en mun skila heildartillögum um framhald málsins á næstunni. Jafnframt hefur nefndin tekið þátt í undirbúningi þeirra ráðstafana, sem þegar hafa verið gerðar til að jafna aðstöðumun atvinnuveganna.

Í janúarmánuði s. l. var tekin ákvörðun um að lækka launaskatt í samkeppnisiðnaði og fiskvinnslu úr 3,5% í 2,5% og stimpilgjöld af afurðalánum úr 1% í 0,3%. Áætlað er, að lækkun á launaskatti létti um 40 milljón króna gjöldum af þessum atvinnugreinum. Ákaflega erfitt er að meta áhrif af lækkun stimpilgjalda í tölum, en ljóst er að sú lækkun er veruleg uppbót fyrir atvinnuvegina og sennilega nálægt 20 millj. kr. Þannig að samtals þýða þessar aðgerðir, að kostnaður atvinnuveganna hefur verið lækkaður um u. þ. b. 60 millj. krónur.

Verðmyndunarskilyrði atvinnuveganna eru mjög misjöfn. Í landbúnaði er í meginatriðum byggt á einu sölukerfi, sem hefur skyldur við innlendan markað, en er um leið varið fyrir beinni erlendri samkeppni. Sjávarútvegur á í samkeppni á erlendum markaði með nánast allar afurðir sínar. Iðnaður býr við sömu almennu skilyrði hvað varðar útflutning iðnaðarvöru, en innlend framleiðsla fyrir heimamarkað í samkeppni við innflutning lýtur öðrum lögmálum. Um þetta atriði segir m. a. í skýrslu starfsskilyrðanefndar: „Verðstöðvunarlögin hafa verið í gildi allt frá 1970, og hafa gilt um allt verðlag á vörum og þjónustu, en hafa verið framkvæmd á þennan hátt fyrst og fremst gagnvart innlendum iðnfyrirtækjum. Af þeirri ástæðu hafa innlendir framleiðendur oft verið neyddir til að selja vörur sínar á lægra verði en þeir hefðu kosið með tilliti til samkeppnisstöðunnar við innflutning."

Fyrir nokkrum dögum voru lög um verðlag og samkeppnishömlur afgreidd frá Alþingi. Samkvæmt þessum nýju lögum er gert ráð fyrir, að verðstöðvun og mikil opinber afskipti af verðmyndun víki fyrir auknum sveigjanleika og frjálsræði í verðmyndunarkerfinu. Á þann hátt má leiðrétta þá skerðingu á samkeppnisstöðu, sem iðnaðurinn hefur búið við af þessum völdum.

Af þessu má sjá, að nokkuð hefur áunnist á þeim skamma tíma sem liðinn er frá því að starfsskilyrðanefndin skilaði áliti sínu. Eins og áður sagði, vinnur embættismannanefndin að tillögugerð um framhald málsins, og er hennar að vænta á næstunni. Hér verður að gæta þess að rasa ekki um ráð fram, heldur stefna að frambúðarlausn, sem byggist á samstöðu, þekkingu og skilningi allra aðila, sem málið snertir. Bráðabirgðalausnir, sem byggja á einhvers konar tilfærslum eða millifærslum, geta verið lakari en engar lausnir og einungis gert leiðina að hinu endanlega markmiði torfærari.

Sþ. 877. Breytingartillaga [149. mál]

við brtt. 845 [Virkjunarframkvæmdir og orkunýting].

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Sighvati Björgvinssyni.

Nýr töluliður, nr. 4, komi til viðbótar og orðist svo:

Undirbúningi að byggingu orkuveranna svo og framkvæmdum öllum skal hraðað svo sem kostur er. Skulu þau vinnubrögð viðhöfð sem miða að því að framkvæmdum verði lokið á 10 árum samkvæmt heildaráætlun er gerð skal um byggingu allra virkjananna.

Ríkisstjórnin skal gera ráðstafanir til þess, að komið verði á fót stóriðju til nýtingar þeirrar orku sem unnin verður í orkuverunum umfram þörf hins almenna markaðar. Aðgerðum þessum skal hraðað svo sem verða má og þess gætt, að fullt samræmi verði á milli markaðsöflunar fyrir orku og virkjunarframkvæmda.

Sþ. 878. Nefndarálit [243. mál]

um till. til þál. um steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Atvinnumálanefns Sþ. hefur rætt ítarlega till. til þál. um steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn og brtt. við þá þáltill. frá allmörgum þingmönnum um staðsetningu slíkrar verksmiðju á Sauðárkróki. Áhugaaðilar hafa komið á framfæri skoðunum sínum og margvísleg gögn lögð fram.

Í Norðurlandskjördæmi vestra og á Suðurlandi er mikil þörf nýrra atvinnutækifæra. Vaxtarbroddar atvinnu eru þar, sem annars staðar, einkum í nýjum iðngreinum. Að því þarf sérstaklega að hyggja í þessum landshlutum, þar sem hætta er á röskun búsetu vegna slaka í atvinnuuppbyggingu, og hafa sannanir þess raunar sýnt sig á næstliðnum árum.

Atvinnumálanefnd hefur leitað upplýsinga ýmissa aðila um markaðsástæður og aðra þætti málsins.

Meiri hl. nefndarinnar minnir á ákvæði til bráðabirgða í lögum um steinullarverksmiðju frá 4. júní 1981, svohljóðandi:

„Ekki er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið **öruggra viðskiptasambanda**.“

Það er skoðun meiri hluta atvinnumálanefndar, að „öruggra viðskiptasambanda“ hafi ekki verið aflað, eins og segir í lokaorðum ákvæðisins. Þegar af þeirri ástæðu verður eigi litið svo á að ríkisstjórnin hafi heimild til að taka þátt í stofnun hlutafélags o. s. frv. eins og þar segir.

Við meðferð málsins hefur komið í ljós að líkur eru á því, að áhugaaðilar geti lagt fram, **án þátttöku ríkisins,** nægilegt hlutafé að mati lánardrottna og ábyrgðaraðila. Af þeirri ástæðu og með tilliti til framangreindra raka telur meiri hluti nefndarinar ekki rétt að ríkissjóður leggi fram hlutafé í steinullarverksmiðju að svo stöddu. Aftur á móti mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að ríkisvaldið komi til skjalanna og aðstoði samkvæmt því, sem gert er ráð fyrir í lögum um steinullarverksmiðju, 2. gr., lið 2 og 3, ef áhugaaðilar vilja sjálfir hætta fé sínu.

Eðlilegt þykir að hlutaðeigendur fái sex mánuði til söfnunar hlutafjár.

Minni hluti nefndarinnar, Ólafur Þ. Þórðarson, mun skila sérstöku nefndaráliti, en undirritaðir þingmenn, sem mynda meiri hluta nefndarinnar, leggja til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að:
   1. Heimild í lögum frá 4. júní 1981, um steinullarverksmiðju, 1. gr. laganna, verði eigi nýtt að sinni, en áhugaaðilum um byggingu slíkrar verksmiðju gefinn hæfilegur tími til að leggja fram fjármagn sjálfir, sem talið er nægjanlegt, án þátttöku ríkisins.
   2. Takist slík söfnun hlutafjár verði heimildir skv. 2. gr. laganna, 2. og 3. lið, nýttar.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um steinullarverksmiðju.

Alþingi, 3. maí 1982.

Eggert Haukdal, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm., með fyrirvara.
Magnús H. Magnússon.	Sverrir Hermannsson, með fyrirvara.	Halldór Ásgrímsson, með fyrirvara.

Sþ. 879. Tillaga til þingsályktunar [317. mál]

um umferðarmiðstöð í Borgarnesi.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um athugun á breyttu skipulagi fólksflutninga með tilliti til þess að komið verði á fót umferðarmiðstöð í Borgarnesi.

Greinargerð.

Góðar samgöngur eru mikilvægar í okkar þjóðarbúskap, enda er varið 10—15% af ríkisútgjöldum til þessa málaflokks. Með betra vegakerfi hljóta samgöngur að aukast og skilyrði til góðrar þjónustu að batna. Hagræðingar er þörf á hinum ýmsu sviðum samgöngumála, ekki aðeins að því er varðar fjárfestingar í samgöngumannvirkjum, heldur og ekki síður í nýtingu þeirra til hagsbóta fyrir samfélagið. Þjónusta, sem veitt er hér á landi á sviði samgangna, gegnir þar mikilvægu hlutverki. Bent hefur verið á að ástæða væri til að endurskoða alla þætti samgönguþjónustu hér á landi með að markmiði aukna hagkvæmni, betri nýtingu flutningatækja, en meiri og öruggari þjónustu.

Athuganir Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa leitt í ljós að einfalda þurfi leiðakerfi sérleyfisbifreiða, samhæfa hina ýmsu þætti samgönguþjónustunnar og að undangenginni rannsókn stofna eða byggja, ef þurfa þykir, flutningamiðstöðvar á ýmsum stöðum á landinu. Einnig þarf að athuga í þessu sambandi innanhéraðssamgöngur og athuga nýjungar á því sviði og hafa í huga betri nýtingu þeirra samgöngutækja sem til eru.

Undanfarin ár hafa farið allt að 50 000 manns með sérleyfisferðum um Vesturland á ári hverju. Með tilkomu brúar yfir Borgarfjörð fara allflestir farþeganna um Borgarnes. Meðalnýting hjá sérleyfum hefur verið misjöfn eða frá um það bil 20—80% eftir árum og árstímum. Í dag eru 5 sérleyfishafar sem aka frá Reykjavík til og um Borgarnes.

Með þeirri tillögu, sem hér er flutt, er gert ráð fyrir að sú endurskoðun, sem áður er vikið að, verði hafin og er því um að ræða hluta af stærri heild. Þau sérleyfi, sem þessi tillaga varðar, mynda nokkuð samfellt umferðarnet og leiða því hugann að aukinni hagkvæmni.

Sþ. 880. Tillaga til þingsályktunar [318. mál]

um perlusteinsiðnað.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Eiður Guðnason, Skúli Alexandersson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við áhugaaðila að hlutast til um athugun á hagkvæmni perlusteinsiðnaðar.

Greinargerð.

Perlusteinn finnst á tveim stöðum á landinu í einhverju magni, en það er í Loðmundarfirði og Prestahnjúk við Langjökul. Af þessum tveim stöðum hefur Prestahnjúkur þótt vænlegri til vinnslu. Eru til þess tvennar orsakir. Í fyrsta lagi er meira magn fyrir hendi af vinnanlegum perlusteini í Prestahnjúk, og í öðru lagi er vænlegra með flutning til strandar frá þeim stað.

Langt er síðan farið var að kanna möguleika á vinnslu perlusteins úr Prestahnjúki. Frá byrjun var talið víst að geysilega mikið magn af perlusteini mætti vinna úr fjallinu. Rannsóknir á perlusteini í Prestahnjúk hefjast 1954 og 1957 er stofnað íslenskt fyrirtæki, Perlita hf., sem ætlaði að vinna perlustein þaðan til útflutnings. Á vegum þess fyrirtækis og síðar eða um 1971 á vegum iðnaðarráðuneytisins, gerðu tvö bandarísk fyrirtæki könnun á magni og gæðum perlusteinsins í Prestahnjúk. Niðurstaða þeirra kannana var að íslenski perlusteinninn væri ekki samkeppnisfær til útflutnings.

Þessar niðurstöður voru gagnrýndar af íslenskum sérfræðingum og töldu þeir þær ekki gefa raunhæfa mynd af íslenska perlusteininum og eiginleikum hans. Árið 1972 setti iðnaðarráðherra á fót nefnd til þess að kanna notagildi íslenskra gosefna. Nefndin hlaut nafnið Gosefnanefnd og eitt af aðalverkefnum hennar var að kanna möguleika á nýtingu perlusteins úr Prestahnjúk bæði til innanlandsnota og útflutnings. Vann nefndin að þessum athugunum á árunum 1972—1978.

Aðalverkefnin, sem nefndin lét framkvæma vegna perlusteins, voru eftirfarandi:

1. Athugun á jarðfræði Prestahnjúks og nýtanlegu magni perlusteins þar.
2. Rannsóknir á gæðum og eiginleikum perlusteinsins.
3. Athuganir á notkunarsviðum fyrir perlustein hérlendis sem erlendis svo og markaðsathuganir.
4. Hagkvæmniathuganir á vinnslu perlusteins, bæði í smáum stíl á innanlandsmarkað og stórvinnslu til útflutnings.

1. Athugun á Prestahnjúk.

Prestahnjúkur er 1200 metra hátt fjall, sem liggur milli Þórisjökuls og Langjökuls. Er fjallið um einn rúmkílómetri að stærð. Talið er að a. m. k. 17—18 milljónir rúmmetra af perlusteini séu í fjallinu. Vegalengd frá Prestahnjúk til strandar er styst ef tekin er bein lína í Hvalfjarðarbotn, um 50 km. Sé farinn núverandi vegur um Kaldadal og Uxahryggi til Akraness er vegalengdin þangað um 116 km og að Grundartanga 109 km.

2. Rannsóknir á gæðum og eiginleikum.

Perlusteinn er súrt gosberg með efnasamsetningu sem lík er líparíti og hrafntinnu. Perlusteinninn hefur þó þann sérstæða eiginleika, að sé hann hitaður upp í 800—900°C þenst hann út allt að 20-falt og myndar mjög létt og einangrandi efni. Er algengt að þaninn perlusteinn vegi frá 50 til 150 kg rúmmetrinn.

Fyrst í stað voru gerðar þenslutilraunir á rannsóknastofu, sem brátt lofuðu svo góðu að farið var út í stærri tilraunir. Var í fyrstu leitað til erlendra sérfræðinga og fékkst aðstoð frá Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, bæði hvað snerti fjárhags- og sérfræðiaðstoð. Var það aðallega frá Ungverjalandi sem þessi aðstoð kom. Árið 1976 var ákveðið að setja upp fullkomna rannsóknaaðstöðu með nægjanlega stórum þensluofni til að framleiða sýni, sem gæfu fullkomnar upplýsingar um eiginleika perlusteinsins. Var gerður samningur við Sementsverksmiðju ríkisins árið 1976 um að setja þar upp búnað til þess að þurrka og flokka óþaninn perlustein og jafnframt að setja þar upp þensluofn sem fenginn hafði verið til tilraunavinnslunnar frá Ungverjalandi.

Jafnframt gerðist erlendur aðili þátttakandi í tilraununum. Var það sementsverksmiðjan í Álaborg í Danmörku og var þetta rannsóknaverkefni að hluta fjármagnað úr Norræna iðnþróunarsjóðnum.

Ítarlegar rannsóknir fóru fram á eiginleikum perlusteinsins árin 1976—1978 og voru sýni send bæði til erlendra og innlendra notenda. Niðurstaða tilraunavinnslunnar var sú, að íslenskur perlusteinn væri mjög vel nothæfur á flestum notkunarsviðum perlusteins. Erlendir aðilar, sem fengu stærri sendingar af þöndum perlusteini, svo sem norsku sementsverksmiðjurnar, töldu hann ekkert síðri gríska perlusteininum bæði í þenslu og til nota í byggingarplötur.

3. Notkunarsvið og markaðsathuganir.

Perlusteinn er notaður til margs konar hluta. Má þar til nefna notkun í lausa hitaeinangrun húsa, í léttar múrblöndur, í léttsteypu, í klæðningaplötur með sement sem bindiefni, sem fylliefni með asfalti eða plasti, sem bindiefni, sem bætiefni í jarðveg og sem síuefni fyrir ýmiss konar vökva, sérstaklega í lyfjaiðnaði. Vegna samstarfsverkefnisins við Álaborgarverksmiðjurnar var gerð ítarleg markaðsathugun á Norðurlöndunum fyrir þaninn perlustein. Einnig var markaður athugaður í Norður-Evrópu og á austurströnd Bandaríkjanna. Þá var perlusteinn frá tilraunavinnslunni sendur víðs vegar erlendis til prófunar og reyndust margir aðilar vera áhugasamir. Sérstaklega virtist notkun hans í síuefni vera eftirsóknarverð, þar sem verð á síuperlusteini er hátt.

Á innanlandsmarkað var framleitt talsvert magn af þöndum perlusteini. Var það notað á nokkrum stöðum í byggingariðnaðinum, aðallega sem laus einangrun, og virtist reynsla af því góð. Þá var perlusteinninn reyndur í léttpússningu og sem þjálnibætandi efni í pússningu, til jarðvegsbóta, sem fylliefni í málningu, fylliefni í þilplötur, og fleiri álíka tilraunir voru gerðar með íslenska perlusteininn hérlendis og þótti hann reynast vel í flestum tilfellum, þó að sumar þessar tilraunir næðu fremur skammt og væru ekki nægilega marktækar.

4. Hagkvæmniathuganir.

Í byrjun var talið hagstætt að flytja út perlustein, og sýndu hagkvæmniútreikningar jákvæða niðurstöðu miðað við um 100 000 tonna útflutning á ári. Nokkrir óvissuþættir voru þó alltaf í áætlununum um útflutning. Stærstir þessara þátta voru þó tveir. Annar var flutningskostnaður á perlusteini til strandar og hinn möguleikinn á markaðshlutdeild erlendis. Flutningskostnaðurinn var að sjálfsögðu mjög stór liður þar sem ástand vega upp að fjallinu er mjög bágborið og leiðin löng.

Útreikningar varðandi útflutning byggðust því á lagningu vegar sem þó yrði ekki nothæfur allt árið vegna snjóa. Hitt málið var að 100 000 tonn voru of mikið magn til þess að öryggi væri um sölu þess á mörkuðum í hæfilegri fjarlægð. Talið var að aðrir flutningamöguleikar, t. d. flutningur í pípum með vatni, gætu bætt um hagkvæmnina, en þeim athugunum er ekki lokið fullkomlega.

Athugaðir voru möguleikar á útflutningi í samvinnu við erlenda aðila, svo sem bæði norsku og dönsku sementsverksmiðjurnar, en að athuguðu máli töldu þessir aðilar málið of áhættusamt. Fróðlegt er þó að geta þess, að einn af þeim sérfræðingum frá Álaborgarverksmiðjunni, sem unnu að tilraunaverkefninu á Akranesi, setti sjálfur upp litla þensluverksmiðju í Kaupmannahöfn eftir að Álaborgarverksmiðjan hafði hætt við verkefnið. Gengur þetta fyrirtæki vel, en notar grískan perlustein sem hráefni.

Framleiðsla í smáum stíl innanlands virðist mun vænlegri en útflutningur. Ýmislegt veldur því. Markaðurinn er það lítill að núverandi vegakerfi ber nauðsynlegt flutningamagn í þá 3—4 mánuði sem vegurinn er opinn.

Útreikningar sýndu að perlusteinn fluttur eftir núverandi leiðakerfi í smáum stíl var á svipuðu verði hér innanlands og útfluttur perlusteinn í stórum stíl í móttökuhöfn erlendis.

Í ljósi þessara staðreynda var í beinu framhaldi af tilraunavinnslunni kannaður áhugi innlendra aðila á perlusteinsvinnslu fyrir íslenskan markað, þá með útflutning meira sem framtíðarmöguleika í huga.

Sementsverksmiðja ríkisins sýndi þessu máli áhuga, og gerði stjórn verksmiðjunnar um það samþykktir. Niðurstaðan varð þó sú, að mynduð voru fjögur fyrirtæki sem skyldu vinna að vinnslu og nýtingu perlusteins úr Prestahnjúk. Þessi fyrirtæki voru Perla hf. á Akranesi, sem átti að sjá um þenslu á perlusteini, Prestahnjúkur hf. í Borgarnesi og Ylfell hf. í Reykjavík, sem áttu að sjá um vöruþróun og framleiðslu og Perlusteinsvinnslan hf., sem var sameign hinna þriggja fyrirtækjanna, en það fyrirtæki átti að sjá um vinnslu hráperlusteins og leita leiða til útflutnings. Þessi fyrirtæki störfuðu nokkuð árin 1978 og 1979, en hafa síðan hætt starfsemi vegna fjárskorts, m. a. vegna þess að hlutafé safnaðist illa og opinbert lánsfé var bundið því.

Perlusteinsvinnslan áætlaði að byggja upp útflutning í áföngum með því að reisa fyrst verksmiðju sem þurrkaði og sigtaði 5—10 þús. tonn af perlusteini á ári. Var gert ráð fyrir að innlendu þenslufyrirtækin fengju mestan hluta framleiðslunnar, en afgangurinn yrði notaður til vörukynningar erlendis. Í hagkvæmniáætlun Perlu hf. á Akranesi var gert ráð fyrir framleiðslu á um 17 000 m³ af þöndum perlusteini á ári, sem samsvarar um 1500 tonnum af þöndum perlusteini.

Notkun perlusteinsins var hugsuð þannig:

Laus einangrun í stað frauðplasts og glerullar	8 000 m³
Létt perlusteinspússning	4 000 —
Léttsteypa og trefjaplötur	4 000 —
Perlusteinn sem jarðvegsbætir	1 000 —
Samtals	17 000 m³

Talið var að þessum markaði mætti ná á 4 árum, en gert var ráð fyrir að kaupa ofn með 10 m³ afköstum á klst. sem vel annaði þessu magni.

Ef markaðurinn stækkaði var gert ráð fyrir fleiri þensluofnum sem dreifa mætti um landið, en hráperlusteinninn yrði aðeins unninn í Borgarfirði.

Á árunum 1978 og 1979 voru gerðar áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað verksmiðju bæði til þurrkunar og flokkunar hráperlusteins og þenslu perlusteins.

Hér á eftir eru þessar áætlanir færðar til núvirðis miðað við byggingarvísitölu:

1. Þurrkun og sigtun 5 000 tonn/ári.

1.1. Kostnaðaráætlun:

Byggingarkostnaður:

Húsnæði 12 × 35 metrar	2 460 000 kr.
Efnisstíur o. þ. h.	180 000 —
Lóðafrágangur	90 000 —
Rafmagn o. fl.	120 000 —
Samtals	2 850 000 kr.

Véla- og tækjabúnaður:

Matari, færibönd og forbrjótur	260 000 kr.
Þurrkari	840 000 —
Olíuketill og olíutankur	540 000 —
Flutningakerfi	25 000 —
Rykskilja	230 000 —
Sigti	220 000 —
Færibönd að stíum	190 000 —
Stjórntæki	140 000 —
Loftræstitæki o. þ. h.	180 000 —
Rafbúnaður	120 000 —
Samtals	2 745 000 kr.

Vélabúnaður + byggingarkostnaður	**5 595 000 kr.**

1.2. Rekstrarkostnaður miðað við framl. 5 000 t/ár.

Flutningur hráefnis til Akraness	1 650 000 kr.
Verksmiðja:	
Olía og raforka	410 000 —
Laun	520 000 —
Viðhald — skrifstofa	130 000 —
Afgreiðsla o. fl.	300 000 —
Afskriftir af vélum 10%	275 000 —
Vextir af rekstrarfé	80 000 —
Ýmislegt	150 000 —
Samtals	**3 515 000 kr.**

Miðað við fulla framleiðslu mundi tonnið af óþöndum perlusteini kosta 700 kr.

Miðað við það, að aðeins væri framleitt nægjanlegt magn til þess að sjá 17 000 m^3 þensluverksmiðju fyrir efni, eða 1500 tonn á ári, hækkar þetta verð, áætlað, í 1 000 kr. á tonn.

2. Þensla.

2.1. Stofnkostnaður.

Húsnæði	4 500 000 kr.
Þensluofn	1 350 000 —
Annar tækjabúnaður	1 150 000 —
Samtals	**7 000 000 kr.**

2.2. Rekstrarkostnaður 17 000 m³/ár.

Launakostnaður	1 350 000 kr.
Olía	630 000 —
Rafmagn	145 000 —
Hráefni	1 500 000 —
Umbúðir	650 000 —
Rekstur húsa	180 000 —
Viðhald	270 000 —
Vextir — rekstrarlán	540 000 —
Vöruþróun — markaðsþróun	225 000 —
Afskriftir	450 000 —
Samtals	**5 940 000 kr.**

Kostnaðarverð á m³: **350 kr.**

Þetta verð er samkeppnisfært við frauðplast, þar sem verð á venjulegu frauðplasti er 760 kr. á m³, en um tvöfalt magn þarf af perlusteini miðað við frauðplast þegar hann er notaður í lausa einangrun í loft, en til þeirra nota eru mestar vonir bundnar við perlusteininn.

Hagkvæmni notkunar perlusteins í pússningu, byggingaplötur eða jarðveg er erfiðara að dæma um, þar sem um nýiðnað er að ræða og beinn samanburður er ekki fyrir hendi, en væntanlega ætti hagkvæmni þó að vera þar meiri: Má benda á að þilplötur úr sementi, trefjum og perlusteini eru seldar á mjög háu verði erlendis, t. d. í Noregi (Pernit-plötur).

Framangreindar áætlanir eru gerðar fyrir tvær aðskildar verksmiðjur, þar sem önnur framleiðir þurrkaðan og flokkaðan perlustein tilbúinn til þenslu. Afkastageta þeirrar verksmiðju er þrefalt meiri en þensluverksmiðjunnar og er hugsuð til lengri framtíðar, þar sem þensluverksmiðjur mundu rísa víðar á landinu. Hin verksmiðjan mundi svo framleiða þaninn perlustein. Þessum verksmiðjum mundi svo fylgja nokkur vöruiðnaður, t. d. plötugerð og framleiðsla pússningar. Þá skal bent á það, að staðsetning þessara verksmiðja á sama stað gæti verið mjög hagkvæm. Má þar nefna betri nýtingu starfsmanna og húsakosts og hugsanlega mætti nýta hita frá þenslu perlusteinsins til þess að þurrka hráperlusteininn.

Af þessum athugunum má ályktа að útflutningur perlusteins í stórum stíl sé enn sem komið er of áhættusamt fyrirtæki. Stofnkostnaður er um tíu sinnum meiri en til innanlandsframleiðslu og vegagerð og markaðsaðstæður ótryggar. Öðru máli gegnir um framleiðslu á innanlandsmarkað. Þar nýtist sú vegagerð sem fyrir er, markaðsaðstæður eru betur þekktar, stofnkostnaður er lítill og hagnaðarvon, miðuð við þaninn rúmmetra, betri en í útflutningi. Aftur á móti gæti traustur innlendur perlusteinsiðnaður leitt af sér stórútflutning sem byggður væri á traustum grunni.

Sþ. 881. Þingsályktun [246. mál]

um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 490.

Sþ. 882. Þingsályktun [308. mál]

um iðnaðarstefnu.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 768.

Sþ. 883. Þingsályktun [57. mál]

um að kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila. Í því sambandi ber sérstaklega að hafa í huga:

a) hvernig efla megi Félagsheimilasjóð þannig að hann geti staðið að greiðslum til félagsheimilanna svo sem honum er ætlað að gera samkvæmt lögum.
b) með hvaða hætti styrkja megi rekstrargrundvöll félagsheimilanna, m. a. með tilliti til skattlagningar hins opinbera, hitunarkostnaðar og fleiri atriða, sem rekstur félagsheimilanna varðar.

Sþ. 884. Þingsályktun [122. mál]

um Orkubú Suðurnesja.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 125.

Sþ. 885. Nefndarálit [243. mál]

um till. til þál. um steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Með lögum nr. 61/1981, 1. gr., heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að taka þátt í stofnun hlutafélags er reisi og reki steinullarverksmiðju og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé minnst 30% af stofnkostnaði, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem ekkert liggur fyrir um hlutafé annarra en ríkisins, þykir ekki á þessu stigi ástæða til að skerða ákvæði 1. gr. nefndra laga um hlutafjárframlög og eðlilegt að ríkisstjórnin vinni áfram að frekari framgangi málsins. Þar sem ríkisstjórninni eru með lögum veittar heimildir er eðlilegt að bera fram breytingartillögu við þau lög ef menn telja þeim áfátt, en óeðlilegt að bera fram þingsályktunartillögu, sem ekki hefur lagagildi, og ætla að takmarka lögin með þeim hætti.

Iðnaðarnefndir þingsins fjölluðu um heimildarlögin og ef ætti að breyta þeim væri eðlilegt að þeim gæfist tækifæri til að fjalla um þær breytingar. Það hefði verið hægt ef lögð hefði verið fram tillaga um lagabreytingu.

Að framansögðu leyfi ég mér að leggja til að **málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. maí 1982.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 886. Þingsályktun [224. mál]

um aðgerðir til þess að tryggja eðlilega byggðaþróun í Árneshreppi í Strandasýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi í Strandasýslu og gera kostnaðaráætlun um þessar framkvæmdir og tillögu til fjáröflunar til að standa undir þeim, og verði stefnt að því, að vinna geti hafist vorið 1983.

Sþ. 887. Þingsályktun [200. mál]

um eflingu listiðnaðar og listhönnunar.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig best verði staðið að eflingu listiðnaðar og listrænnar iðnhönnunar á Íslandi. Skal nefndin m. a. fjalla um eftirtalin atriði:

1. Hvernig opinberir aðilar í samvinnu við einstaklinga, félög og fyrirtæki geti best örvað listiðnað og listhönnun á íslenskum iðnaðarvörum.
2. Hvernig staðið verði að því að safna heimildum um þróun listiðnaðar og listhönnunar á Íslandi, þannig að hér geti myndast vísir að listiðnaðarsafni, svo og hvernig staðið verði að vernd á hönnun og mynstrum (design).
3. Hvernig unnt sé að fjölga sýningartækifærum fyrir íslenskan listiðnað erlendis.
4. Hvernig haga beri samstarfi við aðila sem vinna að sömu markmiðum hjá nágrannaþjóðum okkar, einkum á Norðurlöndum.

Nefndin skal enn fremur taka til athugunar önnur þau atriði, sem stuðlað geta að markmiði því sem tillaga þessi fjallar um, og gera tillögur um þau.

Við tillögugerð um þessi efni verði tekið mið af reynslu annarra þjóða á þessu sviði og haft sem víðtækast samstarf við þá aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í þessum efnum.

Sþ. 888. Þingsályktun [250. mál]

um athugun atvinnumála vegna hruns loðnustofnsins.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera úttekt á atvinnumálum þeirra byggðarlaga, þar sem loðnuvinnsla hefur verið veruleg, með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum, sem hrun loðnustofnsins hefur valdið. Niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum um aðgerðir skulu lagðar fyrir ríkisstjórnina svo fljótt sem verða má og kynntar alþingismönnum.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

Sþ. 889. Þingsályktun [265. mál]

um staðfestingu fjögurra Norðurlandasamninga um vinnumarkaðsmál og viðurkenningu starfsréttinda.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 562.

Nd. 890. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til laga um fóðurverksmiðjur.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur meiri hlutinn til að það verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 4. maí 1982.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Þórarinn Sigurjónsson. | Skúli Alexandersson.

Eggert Haukdal.

Nd. 891. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til l. um fóðurverksmiðjur.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um frv. til l. um fóðurverksmiðjur á einum fundi og kynnt sér umsagnir sem um það bárust til landbúnaðarnefndar Ed. Það eru reyndar allsendis ónógar upplýsingar þar sem frv. var breytt verulega í Ed. frá því sem það var þegar það var lagt fyrir Alþingi.

Þó þykir minni hl. nefndarinnar rétt að vísa til ályktunar sem Búnaðarþing 1982 samþykkti og er þannig:

„Þingið mælir með því, að ríkisstjórnin fái heimild til, f. h. ríkissjóðs, að taka þátt í hlutafélögum um stofnun og rekstur grasköggla verksmiðja svo sem fram kemur í I. kafla frumvarpsins.

Hins vegar telur þingið, að önnur ákvæði frumvarpsins þurfi nánari athugunar við, og leggur því til að þau verði ekki lögfest.

Búnaðarþing vísar til ályktunar sinnar frá 1981 um eflingu fóðuriðnaðar og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands og nefnd þingsins um fóðuriðnað að vinna að þessu máli áfram."

Það væru eðlileg vinnubrögð, að ríkisstjórnin léti vinna upp að nýju frv. um fóðurverksmiðjur, eins og Búnaðarþing mælist til að gert verði, og væri það gert í samráði við þá aðila sem eru að vinna að sama verkefni, sbr. ályktun Búnaðarþings 1981.

Þá telur minni hlutinn frv. illa úr garði gert þar eð heimildarákvæði ríkisstjórnarinnar eru ótakmörkuð. Ekki er skilgreint neitt hámark á hlutafjáreign ríkissjóðs né getið um fjölda þeirra verksmiðja sem frv. nær til.

Í trausti þess, að efnt verði til samvinnu við þá aðila, sem nú vinna að endurskoðun laga um grænfóðurverksmiðjur frá 1971 á vegum Búnaðarþings, leggur minni hl. nefndarinnar til að **frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. maí 1982.

Árni Gunnarsson, fundaskr. | Steinþór Gestsson, frsm. | Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 892. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fengið umsagnir frá ýmsum aðilum í bankakerfinu svo og átt við þá viðræður. Einnig hefur fjármálaráðuneytið gefið umsögn um málið og fulltrúar þess komið á fundi nefndarinnar.

Sýnt þykir að ef frv. verður að lögum þurfi að endurskoða lögin í heild fyrir næsta þing.

Undirritaðir nefndarmenn telja eðlilegt að bankamálanefnd sú, sem nú er að störfum, annist þessa endurskoðun, en þar eiga fulltrúar allra stjórnmálaflokka sæti.

Þar sem skattlagning innlánsstofnana á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, er nýmæli í íslenskum lögum, þykir eðlilegt að nægur tími gefist til lagasetningar og umfjöllunar Alþingis um málið, ekki síst með tilliti til þess, að hér er um sérhæfða starfsemi að ræða.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali við V. ákvæði til bráðabirgða.

Alþingi, 4. maí 1982.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr., frsm.	Guðrún Hallgrímsdóttir.

Fylgiskjal I.

GREINARGERÐ UM SKATTAMÁL VIÐSKIPTABANKA OG SPARISJÓÐA.

1. Inngangur.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um skattskyldu innlánsstofnana. Af þessu tilefni hafa Samband ísl. viðskiptabanka og Samband ísl. sparisjóða haft samvinnu um að taka saman eftirfarandi greinargerð um skattamál þessara stofnana.

Í greinargerðinni er skýrt frá núverandi skattlagningu á viðskiptabanka og sparisjóði og settar fram þungvægar röksemdir gegn aukinni skattheimtu. Margvísleg atriði í skipulagi og rekstri innlánsstofnana eru frábrugðin því sem gerist í annarri atvinnustarfsemi, og ljóst er að þessi atriði hafa ekki verið höfð nægilega í huga við mótun hugmynda um að leggja aukna skattbyrði á þessar stofnanir. Samband ísl. viðskiptabanka og Samband ísl. sparisjóða leyfa sér að vænta þess, að þessar hugmyndir verði teknar til endurskoðunar í ljósi þeirra upplýsinga sem hér eru lagðar fram.

2. Núverandi skattlagning og hugsanlegar breytingar á henni.

Í lögum um Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands er að finna ákvæði þess efnis, að þessir bankar séu undanþegnir „öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana“. Samhljóða ákvæði

er í lögum um Búnaðarbanka Íslands að öðru leyti en því, að aftan við hin tilvitnuðu ákvæði er bætt: „nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum". Í lögum hlutafélagsbankanna fjögurra segir að þeir njóti sömu hlunninda og Landsbankinn að þessu leyti. Í hinni almennu löggjöf um sparisjóði er ákvæði þess efnis, að sparisjóðirnir séu undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti og útsvari.

Það eru þessi lagaákvæði, og þá einkum ákvæði bankalaganna, sem hafa leitt til þess, að því er oft haldið á lofti að viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir séu skattfrjálsar stofnanir.

En ekki er allt sem sýnist. Í áranna rás hafa verið sett margvísleg sérlög um skattheimtu til ríkis og sveitarfélaga. Í sumum tilvikum hefur ný skattheimta beinst sérstaklega að bönkunum og hin nýju lagaákvæði þá ýtt til hliðar skattfrelsisákvæðum bankalaganna. Í öðrum tilvikum hefur skattfrelsi banka og sparisjóða verið rýrt með nýjum almennum sköttum.

Afleiðing þessarar þróunar hefur orðið sú, að þessar stofnanir greiða nú á ári hverju verulega skatta í opinbera sjóði. Hér á eftir fer yfirlit yfir þau opinberu gjöld sem lögð voru á gjaldstofna ársins 1980:

Tafla 1.

Opinber gjöld lögð á viðskiptabanka og sparisjóði vegna rekstrarársins 1980:

Í þús. kr.	Viðskipta-bankar	Spari-sjóðir	Samtals
Landsútsvar	2 428		2 428
Fasteignaskattur til sveitarfélaga	2 166	286	2 452
Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	1 792	301	2 093
Launaskattur	5 151	674	5 825
Lífeyristrygginga-, slysatr.-, atvinnuleysistr.- og vinnueftirlitsgjald	3 069	425	3 494
Samtals, þús. kr.	14 606	1 686	16 292

Við þetta bætist gjaldeyrisskattur gjaldeyrisbankanna sem nam á árinu 1980 20 708 þús. kr. Tekjuafgangur viðskiptabanka og sparisjóða á árinu 1980, samkv. rekstrarreikningi, áður en opinber gjöld voru dregin frá, nam 134 769 þús. kr. þannig að heildarskattlagningin var þetta ár 27.5% af brúttóhagnaði.

Líta má svo á að landsútsvar viðskiptabankanna komi í stað aðstöðugjaldsins sem lagt er á önnur atvinnufyrirtæki þótt landsútsvarið sé lægra en aðstöðugjald álagt eftir venjulegum reglum. Af meiri háttar opinberum gjöldum eru það þá aðeins tekjuskatturinn og eignarskatturinn sem ekki eru lagðir á viðskiptabankana.

Umræður um skattalega stöðu viðskiptabanka og sparisjóða hljóta því fyrst og fremst að snúast um það, hvaða röksemdir séu fyrir því, að þessar stofnanir njóti áfram undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatta, eða hvort aðstæður hafi nú breyst á þann veg að slík skattlagning sé eðlileg.

Hér á eftir verður fyrst og fremst litið á þetta mál í ljósi núgildandi skattalöggjafar og núverandi stöðu banka og sparisjóða í efnahagskerfinu en litlu rúmi varið til að skýra þá sögulegu þróun sem að baki liggur.

Lögð skal áhersla á að í reynd er eignarskattur ekki annað en viðbótartekjuskattur sem lagður er á nettótekjur síðasta árs og/eða tekjur fyrri ára. Slík skattlagning er mjög óeðlileg þegar bankar og sparisjóðir eiga í hlut þar sem til þeirra eru yfirleitt gerðar mjög strangar kröfur af opinberri hálfu um lágmark eigin fjár í hlutfalli við heildarskuldbindingar, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir. Það hlýtur að teljast mótsagnakennt í meira lagi að setja þessum stofnunum þröngar starfsreglur að þessu leyti og leggja jafnframt árlega hald á hluta þess fjármagns sem ætlað er til að uppfylla lágmarkskröfurnar.

Af þessum ástæðum verður eignarskatturinn ekki tekinn til sérstakrar meðferðar hér á eftir, heldur verður fyrst og fremst rætt um hugsanlega álagningu tekjuskatts á viðskiptabanka og á sparisjóði. Raunar gilda þær röksemdir, sem færðar verða fram gegn álagningu tekjuskatts, einnig um hvers konar aukningu á núverandi sköttum þessara stofnana. Tekið skal fram að orðið „innlánsstofnanir" verður oft notað í merkingunni „viðskiptabankar og sparisjóðir" þótt strangt tekið nái innlánsstofnanakerfið einnig til innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og Póstgíróstofunnar.

3. Eru viðskiptabankar og sparisjóðir tekjuskattsskyldir samkvæmt almennum skattalögum?

Í 4. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, eru taldir upp þeir aðilar sem hvorki skulu greiða tekjuskatt né eignarskatt. Eftirtaldir aðilar eru meðal þeirra sem skattfrjálsir eru samkvæmt þessum almennu ákvæðum:

— Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á.
— Sýslu- og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á.
— Félög, sjóðir, stofnanir og fleiri aðilar sem um ræðir í 2. gr. laganna og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum má skipta í fimm flokka eftir rekstrarformi: Viðskiptabanka í eigu ríkisins, hlutafélagsbanka, sparisjóði í eigu sýslu- og sveitarfélaga með fullri ábyrgð þeirra, sparisjóði í eigu sýslu- og sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð þeirra og ábyrgðarmannasparisjóði. Stærðarhlutföll þessara flokka voru þannig í árslok 1980, annars vegar miðað við innlánsfé og hins vegar við niðurstöðutölu efnahagsreiknings:

Tafla 2.

Rekstrarform innlánsstofnana:

	Innlán %	Niðurstöðutala efnahagsreiknings %
Ríkisviðskiptabankar	64.7	75.8
Hlutafélagsbankar	19.3	13,4
Sparisjóðir í eigu sýslu- og sveitarfélaga með fullri ábyrgð þeirra	0.8	0.5
Sparisjóðir í eigu sýslu- og sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð þeirra	1.7	1.1
Ábyrgðarmannasparisjóðir	13.5	9.2
	100	100

Ríkisviðskiptabankarnir falla í einu og öllu undir framangreind undanþáguákvæði skattalaganna. Að óbreyttum skattalögum væru þeir því undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti, jafnvel þótt áðurnefnd skattfrelsisákvæði væru felld niður úr lögum hvers banka. Í tekjuskattsfrelsi ríkisviðskiptabankanna felst því ekki nein viðbótarundanþága frá almennum lögum um tekjuskatt og eignarskatt, og ef tekjuskattur yrði lagður á þessa banka væri verið að leggja á þá byrðar sem ekki eru lagðar á önnur opinber og hálfopinber fyrirtæki.

Sé næst litið á sparisjóðina í þessu samhengi kemur í ljós að þrír sparisjóðir falla

fortakslaust undir hin almennu skattfrelsisákvæði skattalaganna með sama hætti og ríkisviðskiptabankarnir. Eru það Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu, Sparisjóður Glæsibæjarhrepps og Sparisjóður Hríseyjar. Þessir sjóðir eru í eigu sýslu- eða sveitarfélaga sem bera ótakmarkaða ábyrgð á rekstri þeirra samkvæmt samþykktum hvers sjóðs.

Fjórir aðrir sparisjóðir eru í eigu sýslu- eða sveitarfélaga, en ábyrgð á rekstrinum er takmörkuð við ákveðna upphæð. Hér er um að ræða Sparisjóð Mýrasýslu, Sparisjóð Ólafsfjarðar, Sparisjóð Árskógsstrandar og Sparisjóð Arnarneshrepps. Segja má að varðandi túlkun á 4. gr. skattalaganna falli þessir sjóðir í sama flokk og ábyrgðarmannasjóðirnir sem rætt verður um hér á eftir, en vegna hinna opinberu eignarumráða fá eftirfarandi röksemdir um almennt skattfrelsi ábyrgðarmannasjóðanna aukið vægi þegar þessir fjórir sjóðir eiga í hlut.

En hvernig falla þá ábyrgðarmannasparisjóðirnir að áðurnefndum ákvæðum 4. gr. skattalaganna?

Í 1. gr. laga um sparisjóði segir m. a.: „Sparisjóðir hafa það markmið að taka við innlánsfé og geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, án þess að stofnendur eða aðrir eigendur og ábyrgðarmenn hafi rétt til ágóða af rekstrarafgangi starfseminnar.“ Þá segir í 28. gr. laganna: „Ef sparisjóður leggst niður og engin ákvæði eru í samþykktum sjóðsins um það, hvernig fara skuli um eigur hans, getur hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna er síðast voru í stjórn sjóðsins, að eignunum skuli varið til almenningsþarfa.“ Einnig skal minnt á að viðkomandi sýslunefndir eða bæjarstjórnir eiga fulltrúa í stjórnum ábyrgðarmannasparisjóðanna, þannig að sé stjórnin t. d. fimm manna kjósa opinberir aðilar tvo stjórnarmenn. Samkvæmt lögunum mega þeir ábyrgðarmenn, sem lagt hafa fram stofnfé til sparisjóða, ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fé en „1% umfram innlánsvexti“ viðkomandi sparisjóðs. Stofnfé má ekki endurmeta með útgáfu jöfnunarbréfa. Ábyrgðarmannasparisjóðirnir eru nú 35 talsins og þar af voru 20 án innborgaðs stofnfjár í árslok 1980, en í 15 sjóðum nam innborgað stofnfé samtals 80 þús. nýkr. Ljóst er því að innborgað stofnfé og arður af því skiptir alls engu máli hjá ábyrgðarmannasparisjóðunum í dag.

Þegar til alls þessa er litið verður ekki dregin af því önnur ályktun en sú, að ábyrgðarmannasparisjóðirnir séu í reynd sjálfseignarstofnanir, og í því sambandi, sem hér um ræðir, hefur það sérstaka þýðingu að við slit sparisjóðs er eigin fé hans varið til almenningsþarfa á grundvelli ákvæða í samþykktum eða með hliðsjón af framangreindu ákvæði sparisjóðalaganna. Mjög sterkar röksemdir hníga því í þá átt, að sparisjóðirnir væru allir tekjuskattsfrjálsir að óbreyttum skattalögum jafnvel þótt felld væru niður þau sérstöku skattfrelsisákvæði sparisjóðalaganna sem áður voru nefnd. Í þessu sambandi getur það ekki skipt máli, að hagnaður sparisjóða er ekki greiddur jafnharðan út til almenningsþarfa, enda samrýmist það ekki kröfum um rekstraröryggi innlánsstofnana sem um verður fjallað hér á eftir.

Eftir er þá að gera grein fyrir skattalegri stöðu hlutafélagsbankanna fjögurra samkvæmt almennum skattalögum. Þótt ríkið eigi 28% hlutafjár í Iðnaðarbankanum er ljóst að þessir bankar væru allir skattskyldir samkvæmt almennum reglum ef ekki kæmu til áðurnefnd undanþáguákvæði í lögum hvers banka. En eru þá nokkrar röksemdir fyrir því tekjuskattsfrelsi, sem þessir bankar hafa notið frá upphafi, ef litið er til aðdragandans að stofnun þeirra og almennra lagareglna?

Það, sem hér skiptir meginmáli, er að ekki er til almenn löggjöf hér á landi um stofnun og starfsemi viðskiptabanka með hliðstæðum hætti og t. d. almenn lög um vátryggingarstarfsemi. Lögformlega virðist ekkert því til fyrirstöðu, að stofnaðir verði viðskiptabankar á grundvelli almennra laga um hlutafélög, en ríkisvaldið hefur hins vegar haft á taumhald í þessu efni með því að veita tilteknum aðilum heimild til að stofna og starfrækja banka með þeim hlunnindum að reksturinn sé undanþeginn tekjuskatti. Ljóst er að ríkisvaldið hefur

hingað til ekki óttast að með þessum skattahlunnindum væri verið að skapa stórfellda og óeðlilega hagnaðarmöguleika fyrir hluthafa þessara banka.

Megintilgangurinn með stofnun hlutafélagsbankanna og stuðningi ríkisvaldsins við þá var að tryggja þeim atvinnuvegum og landssamtökum, sem í hlut áttu, betri aðstöðu en fyrr til öflunar lánsfjár á almennum innlánamarkaði. Alls ekki verður séð að aðstæður hafi nú breyst á þann veg að skattahlunnindin geti nú talist óeðlileg hlunnindi fyrir hluthafa bankanna. Þvert á móti hafa auknar kröfur ríkisvaldsins um rekstraröryggi innlánsstofnana og sterkari tök ríkisins á afkomu þessara stofnana og fjárráðstöfunum undirstrikað þá staðreynd, að skattahlunnindi hlutafélagsbankanna og innlánsstofnananna allra eru eðlilegur þáttur í heildaruppbyggingu og stjórn bankakerfisins. Verður gerð nánari grein fyrir þessum atriðum í köflunum hér á eftir.

Niðurstaðan er því sú, að stofnanir, sem eru um 70% bankakerfisins, séu tekjuskattsfrjálsar samkvæmt almennum skattalögum og sama gildi að öllum líkindum um 15% bankakerfisins til viðbótar. Tekjuskattsfrelsi hlutafélagsbankanna, sem eru að samanlagðri stærð um 15% bankakerfisins byggist hins vegar á samkomulagi milli ríkisvalds og fjölmennra landssamtaka sem stóðu að stofnun hvers banka. Verði þetta samkomulag fellt úr gildi hafa skapast ný viðhorf í skipulagsmálum bankakerfisins sem m. a. kalla á setningu almennrar löggjafar um stofnun og starfrækslu viðskiptabanka.

4. Eiginfjárstaða viðskiptabanka og sparisjóða og þróun hennar.

Stofnun, sem tekur við innlánum frá almenningi, fær ekki starfað til lengdar ef brigður verða bornar á getu hennar til að greiða innlánseigendum fé sitt til baka með umsömdum vöxtum þegar þess er krafist. Vegna mikilvægis þessa atriðis hafa í flestum nágrannalöndunum verið lögfest ákvæði um lágmarkshlutfall milli eigin fjár innlánsstofnana annars vegar og innlána og annarra skuldbindinga þeirra hins vegar. Hér á landi eru slík ákvæði í lögum um sparisjóði frá árinu 1941, en lengi hefur verið ljóst að þau ákvæði þarfnast endurskoðunar. Slík eiginfjárákvæði er ekki að finna í löggjöf viðskiptabankanna, en bent skal á að í lögum Verslunarbankans, Samvinnubankans og Alþýðubankans er kveðið á um takmarkanir á heimildum til arðgreiðslu ef hlutfall eigin fjár og innlána er undir tilteknu marki. Á síðari árum hafa komið fram ýmsar ábendingar um nauðsyn lagaákvæða um lágmarkseiginfjárhlutföll viðskiptabankanna, og má t. d. nefna álit bankamálanefndar á árinu 1973 og grein eftir forstöðumann bankaeftirlits Seðlabankans sem birtist í 2. hefti Fjármálatíðinda 1981. Löggjafartillögur um þetta efni komu fram í frumvarpi til laga um hlutafélagsbanka sem lagt var fyrir Alþingi 1977—78 og frumvarpi til laga um sparisjóði 1979—1980. Þessi frumvörp urðu ekki útrædd sem kunnugt er, en þess er að vænta að ekki líði á löngu uns lögfest verða nútímaleg ákvæði um lágmark eiginfjárstöðu innlánsstofnana hérlendis.

Ef ríkisvaldið leggur nýjar skattbyrðar á innlánsstofnanir er að sjálfsögðu vegið beint að getu þeirra til að uppfylla lágmarkskröfur um rekstraröryggi og fjárhagslegan styrk. Hefur rekstrarafkoma innlánsstofnana verið það góð á undanförnum árum að þær geti bæði safnað nauðsynlegu eigin fé og einnig skilað auknum sköttum í ríkissjóð? Eftirfarandi töflur tala skýru máli í því efni.

Tafla 3 sýnir þróun eiginfjárhlutfalls viðskiptabankanna árin 1976—1981. Hlutfallið er reiknað sem eigið fé í árslok á móti heildarskuldbindingum, þ. e. skuldum að viðbættum bankaábyrgðum. Á þessu tímabili urðu breytingar á reikningsskilaaðferðum bankanna, en þær eiginfjárupphæðir, sem notaðar eru við útreikninginn, hafa verið samræmdar að þessu leyti. Eiginfjárhlutföll Búnaðarbankans eru ekki sýnd í árslok 1976 og 1977 þar sem ekki liggja fyrir tölur sem eru sambærilegar við tölur seinni ára. Sama gildir um Útvegsbankann í árslok 1976. Taflan sýnir eiginfjárþróunina án áhrifa hlutafjáraukningar hjá hluta-

félagsbönkunum á tímabilinu. Frá bókfærðu eigin fé þessara banka í árslok er því dregið innborgað hlutafé frá og með 1976, framreiknað með verðbreytingastuðlum. Sama gildir um eiginfjárframlag ríkisins til Útvegsbankans á árinu 1981. Tekið skal fram að arður, sem greiddur var hluthöfum á tímabilinu, er ekki reiknaður með í aukningu eigin fjár hlutafélagsbankanna, enda verður að líta á hann sem eðlilegan fjármagnskostnað. Síðasti dálkur töflunnar sýnir eiginfjárhlutföllin í árslok 1981 ef miðað er við bókfært eigið fé, þ. e. hlutafjáraukning hlutafélagsbankanna frá 1976 er þá meðtalin. Tekið skal fram að veðdeildir og fjárfestingarlánasjóðir, sem tengdir eru bönkunum, eru ekki meðtaldir í töflunni.

Nauðsynlegt er að huga að því, hver eiginfjárþróunin hefði orðið ef lagður hefði verið tekjuskattur á bankana á undanförnum árum. Sá hængur er hins vegar á þeim útreikningi, að ekki liggur fyrir hver tekjuskattsstofninn hefði orðið einstök ár, enda getur oft verið verulegur munur á rekstrarniðurstöðu samkvæmt rekstrarreikningi og tekjuskattsstofni á grundvelli skattalaganna. En til að fá grófa hugmynd um þetta efni var reiknað út hver tekjuskatturinn hefði orðið árin 1978 til 1981 miðað við tekjuskattsprósentu lögaðila og afkomu samkvæmt rekstrarreikningi bankanna með þeirri einu breytingu að reiknuð er verðbreytingafærsla á grundvelli skattalaga frá og með árinu 1979. Þessi útreiknaði tekjuskattur er síðan dreginn frá eigin fé í árslok hverju sinni og einstakar upphæðir framreiknaðar til ársloka 1981 með verðbreytingastuðli. Er þá reiknað með að álagðan skatt hefði átt að greiða á miðju álagningarári. Ný eiginfjárhlutföll voru síðan reiknuð út fyrir bankana í heild eftir skerðingu eigin fjár með þessum hætti. Niðurstöður koma fram í síðustu línu í töflunni hér á eftir.

Tafla 3.

Eigið fé viðskiptabankanna sem hlutfall af heildarskuldbindingum:

	Án áhrifa hlutafjáraukningar						Bókfært eigið fé
	1976 %	1977 %	1978 %	1979 %	1980 %	1981 %	1981 %
Landsbanki	5.9	5.7	5.6	6.1	5.9	5.3	5.3
Útvegsbanki		3.2	4.0	3.9	4.0	5.0	9.7
Búnaðarbanki			6.6	7.4	7.9	8.3	8.3
Iðnaðarbanki	8.9	8.0	7.8	7.6	7.4	7.2	8.4
Verslunarbanki	4.4	7.0	7.0	6.0	7.6	6.1	9.0
Samvinnubanki	5.2	2.5	3.0	3.7	3.8	4.9	8.7
Alþýðubanki	5.9	3.9	4.4	5.2	3.8	3.0	5.7
Viðskiptabankar, samtals:							
Án tekjuskatts			5.5	5.8	5.9	5.8	6.8
Eftir tekjuskatt			4.9	4.9	4.6	4.2	5.2

Taflan sýnir að þróun eiginfjárhlutfalls einstakra viðskiptabanka síðustu sex árin er nokkuð misjöfn, en sé litið á bankana í heild kemur í ljós að síðustu fjögur árin hefur eiginfjárhlutfallið breyst mjög lítið og verið nánast óbreytt síðustu þrjú árin. Taflan sýnir jafnframt að eiginfjárhlutfallið hefði farið lækkandi á tímabilinu ef bankarnir hefðu þurft að greiða tekjuskatt, útreiknaðan með þeim hætti er að framan greinir, eða úr 4.9% í árslok 1978 í 4,2% í árslok 1981.

Næst skal litið á þróun eigin fjár sparisjóðanna á sama tímabili. Hér gildir sama um sparisjóðina og bankana, að breytingar á reikningsskilaaðferðum valda því að ekki liggja fyrir sambærilegar tölur í þessu efni er nái til sparisjóðanna allra. Frá 5 stærstu sparisjóðunum hefur hins vegar verið aflað sambærilegra upplýsinga um eigið fé í árslok 1978—1981, en nokkurn fyrirvara verður þó að hafa um árið 1981 þar sem ársuppgjöri er ekki alls staðar

að fullu lokið. Þá má reikna með því, að fyrirliggjandi tölur um 16 minnstu sparisjóðina séu nokkurn veginn sambærilegar.

Í töflu 4 hér er sýnd þróun eiginfjárhlutfalls 5 stærstu sparisjóðanna í árslok 1978—1981. Einnig er sýnt hvernig þróun eigin fjár hjá þessum 5 sjóðum í heild hefði orðið ef þeir hefðu þurft að greiða tekjuskatt þessi ár. Er útreikningur skattsins með þeim hætti er að framan greinir.

Tafla 4.

Eigið fé 5 stærstu sparisjóðanna sem hlutfall af heildarskuldbindingum:

	1978 %	1979 %	1980 %	1981 %
Sparisjóður Hafnarfjarðar	15.5	15.2	16.5	15.0
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	15.6	15.7	16.0	12.9
Sparisjóðurinn í Keflavík	13.2	13.5	15.6	12.6
Sparisjóður Mýrasýslu	11.2	14.2	13.9	11.6
Sparisjóður vélstjóra	11.7	15.0	13.6	14.3
Samtals:				
Án tekjuskatts	13.9	14.8	15.5	13.4
Eftir tekjuskatt	11.7	11.6	11.1	8.9

Í töflu 5 er sparisjóðunum skipt í þrjá flokka og sýnd eiginfjárþróun hvers flokks 1978—1980 ásamt framangreindu hlutfalli 5 stærstu sjóðanna í árslok 1981. Tölur liggja enn ekki fyrir um aðra sparisjóði í árslok 1981. Tölur í miðflokknum eru ekki fyllilega sambærilegar, eins og áður segir.

Tafla 5.

Eigið fé sparisjóðanna sem hlutfall af heildarskuldbindingum:

	1978 %	1979 %	1980 %	1981 %
5 stærstu	13.9	14.8	15.5	13.4
21 næstu	11.5	11.7	11.9	
16 minnstu	8.8	9.1	8.8	
Samtals, 42 sparisjóðir	12.7	13.3	13.7	

Framanskráðar tvær töflur sýna að hlutfallsleg eiginfjárstaða sparisjóðanna í heild styrkist nokkuð á árunum 1978—1980, en sé nánar litið á málið kemur í ljós að þessi aukni fjárhagslegi styrkur kom svo til allur fram hjá fimm stærstu sjóðunum. Eiginfjárhlutfall 16 minnstu sjóðanna hélst óbreytt og óveruleg breyting varð í heild hjá 21 sparisjóði.

En tafla 4 sýnir jafnframt að veruleg breyting verður í þessu efni hjá fimm stærstu sparisjóðunum á árinu 1981. Eiginfjárhlutfall þeirra hrapar þá í heild niður fyrir það sem var í árslok 1978. Og sé litið á það, hvernig eiginfjárhlutfall þessara fimm sjóða hefði þróast á tímabilinu 1978—1981 ef þeir hefðu þurft að greiða tekjuskatt, kemur í ljós að eiginfjárhlutfallið hefði lækkað ár frá ári, úr 11.7% í árslok 1978 í 8.9% í árslok 1981.

Getur aukin skattlagning samrýmst opinberum kröfum um lágmark eiginfjárstöðu?

Þegar framanskráðar töflur eru skoðaðar verður að spyrja þeirrar spurningar, hvort fjárhagsstyrkur banka og sparisjóða fullnægi þeim lágmarkskröfum sem líklegt er að verði

lögfestar hér á landi áður en langt um líður. Vissulega liggur enn ekki fyrir hverjar þær kröfur verða, en með hliðsjón af lagafrumvörpum, sem þegar hafa komið fram, og opinberum umræðum um þetta efni, má ætla að eiginfjárkröfurnar verði með mjög svipuðu sniði og þær sem í gildi eru á öðrum Norðurlöndum.

Sem dæmi um eiginfjárkröfur innlánsstofnana skal nefnt að í Danmörku er lágmarks-eiginfjárhlutfall 8% og 6.5% í Noregi. Í báðum löndunum er útreikningur þessa hlutfalls þannig að eigið fé er sett í hlutfall við innlán, ábyrgðir og aðrar skuldbindingar að frádregnum tilteknum eignarliðum sem taldir eru áhættulitlir. Lögð skal áhersla á að slíkur frádráttur eignarliða hefur minni áhrif á eiginfjárhlutfallið en ætla mætti í fljótu bragði. Sem dæmi má nefna að þótt sjóðseign viðskiptabankanna og allar innstæður þeirra í Seðlabankanum væru dregnar frá við útreikning eiginfjárhlutfallsins í árslok 1980 mundi meðalhlutfall bankanna ekki hækka nema um 1.4 prósentustig eða úr 6.3% í 7.7%.

Með hliðsjón af framangreindum töflum og því, sem nú hefur verið rakið, má því ætla að núverandi eiginfjárstaða banka og sparisjóða sé að meðaltali nálægt því lágmarki, sem nauðsynlegt er talið í ýmsum nágrannalandanna, og nálægt þeim lágmarkshugmyndum, sem fram hafa komið hér á landi. Sumir stærstu sparisjóðirnir eru reyndar nokkuð fyrir ofan þessi mörk, en ýmislegt bendir til þess, að eiginfjárhlutfall þeirra fari lækkandi á næstu árum þar sem starfsemi þeirra er að færast í sama farveg og starfsemi bankanna, t. d. með auknum afurðalánum og ábyrgðaveitingum. Síðasttalda atriðið mun raunar valda vaxandi eiginfjárþörf allra sparisjóða á næstu árum, en sparisjóðum voru heimiluð ábyrgðaviðskipti með lagabreytingu í árslok 1980. Þá verður einnig að benda á að eiginfjárstaða sumra minni sparisjóðanna er undir framangreindum mörkum.

Í þessu sambandi er eðlilegt að spurt sé hvort nauðsynlegt sé að bankar með ríkisábyrgð uppfylli sömu eiginfjárkröfur og aðrar innlánsstofnanir. Að lítt athuguðu máli mætti ætla að verulegt eigið fé væri ekki nauðsynlegt fyrir ríkisbanka þar sem öryggis innstæðueigenda og annarra kröfuhafa sé gætt með ríkisábyrgðinni. Nánari athugun leiðir þó í ljós að ríkisviðskiptabanka er nauðsynlegt að hafa yfir eigin fé að ráða til jafns við aðrar innlánsstofnanir til að standa jafnfætis þeim rekstrarlega. Þetta hefur reynslan þegar sannað hérlendis. Þá hefur reynslan einnig sannað að sterk eiginfjárstaða er mjög mikilvæg fyrir þá ríkisbanka sem reka gjaldeyrisviðskipti og taka lán erlendis. Þegar grannt er skoðað eru því mjög sterkar röksemdir fyrir því, að ríkisviðskiptabankar séu undir sömu reglu settir um lágmark eigin fjár og aðrar innlánsstofnanir. Um frekari röksemdir í þessu efni má vísa til greinar forstöðumanns bankaeftirlitsins í 2. hefti Fjármálatíðinda 1981.

Það, sem rakið hefur verið hér á undan, talar skýru máli. Að óbreyttum afkomuskilyrðum og án reglubundinna innborgana nýs eigin fjár frá eigendum geta bankar og sparisjóðir ekki innt af hendi auknar skattgreiðslur og samtímis uppfyllt lágmarkskröfur um rekstraröryggi og fjárhagslegan styrk.

Ekki er unnt að gera sér vonir um að hagræðing í rekstri og niðurskurður útgjalda geti haft nein úrslitaáhrif á rekstrarafkomu bankanna og bætt upp áhrif væntanlegrar skattgreiðslu. Hagræðing í rekstri banka er nú á dögum fyrst og fremst tengd aukinni tölvuvæðingu, sem að sínu leyti krefst mjög mikillar fjárfestingar í tækjum og húsnæði. Bankar og sparisjóðir hér á landi hafa starfað saman um margra ára skeið að tölvuvæðingu og er það samstarf víðtækara en þekkist í öðrum löndum. Á næstu árum er fram undan að koma á beinlínuvinnslu eins og nú er komin á í nágrannalöndunum. Skattlagning banka og sparisjóða hlýtur að tefja þessar kostnaðarsömu framkvæmdir og þar með þá hagræðingu og umbætur í þjónustu sem henni fylgja. Þá má einnig minna á að um nærfellt tuttugu ára skeið hefur stofnun útibúa verið undir beinni stjórn ráðuneyta. Þessi þáttur í starfsemi bankanna hefur því ekki verið á þeirra valdi nema að nokkru leyti frekar en svo margir aðrir þættir í starfsemi þeirra.

En er ekki eðlilegt að eigendur innlánsstofnana leggi þeim til aukið eigið fé með vissu

millibili til að viðhalda nauðsynlegu hlutfalli milli eigin fjár og þeirra skuldbindinga sem á þessum stofnunum hvíla?

Vissulega getur ríkið viðhaldið eiginfjárhlutfalli ríkisbankanna með reglubundnum framlögum til þeirra. En varla gæti það talist skynsamlegt að heimta skatta af þessum bönkum með annarri hendinni og rétta þá síðan til baka með hinni.

Um sparisjóðina er það að segja, að uppbygging þeirra er þannig lögum samkvæmt að nánast er útilokað að unnt sé að styrkja fjárhag þeirra með nýjum framlögum frá ábyrgðarmönnum eða stofnfjáreigendum, enda eru flestir sparisjóðirnir í reynd sjálfseignarstofnanir eins og áður er að vikið. Benda má á að þessi staðreynd varð þess valdandi, að fyrir nokkrum árum var fallið frá því í Noregi að leggja tekjuskatt á sparisjóði.

Hlutafélagsbankarnir hafa sérstöðu að þessu leyti þar sem þeir geta leitað til hluthafa sinna og alls almennings um aukningu hlutafjár. Þetta hafa þeir raunar allir gert í verulegum mæli á seinni árum og hafa á þann hátt tryggt eiginfjárstöðu sína og rekstrarmöguleika. Ljóst er hins vegar að aukin skattlagning á bankana mundi stórlega draga úr áhuga manna á að leggja bönkum til hlutafé. Næsta öruggt er því, að hlutafélagsbönkunum mundi ekki takast að bæta sér upp aukna skattheimtu með auknum hlutafjárútboðum þannig að uppfylltar yrðu kröfur um lágmark eigin fjár. Slík tilætlunarsemi af opinberri hálfu væri líka óeðlileg í fyllsta máta og ekki í samræmi við kröfur til annars einkarekstrar í landinu.

Aukin skattheimta á innlánsstofnanir mundi því tvímælalaust kalla á auknar rekstrartekjur þeirra í formi aukins mismunar innláns- og útlánsvaxta og hækkaðra þjónustugjalda. Byrðarnar af aukinni skattheimtu yrðu því bornar af atvinnufyrirtækjunum í landinu, innlánseigendum og öðrum viðskiptaaðilum innlánsstofnana með þeim neikvæðu þjóðhagslegu afleiðingum sem það hefði í för með sér.

Ef nauðsynlegar hækkanir á vaxtamismun og gjaldskrá innlánsstofnana yrðu ekki leyfðar í kjölfar skattahækkunar hefði það mjög alvarlegar afleiðingar. Við þær aðstæður væri grafið undan því trausti sem innlánsstofnanir hafa notið innanlands og utan, og raunar gæti aukin skattheimta fljótlega riðið ýmsum minni innlánsstofnunum að fullu.

6. Er líklegt að óeðlilegur hagnaður verði á rekstri innlánsstofnana og getur raunhagnaður runnið óskattlagður í vasa eigenda þeirra?

Hér að framan hafa verið skýrðar tvær meginröksemdirnar fyrir tekjuskattsfrelsi innlánsstofnana: Annars vegar hin beina eignaraðild opinberra aðila að stærstum hluta bankakerfisins ásamt því hlutverki sem ríkisvaldið gegndi við stofnun hlutafélagsbankanna. Hins vegar þær sérstöku kröfur sem gerðar eru til innlánsstofnana um rekstraröryggi og fjárhagslegan styrk.

En má ekki þrátt fyrir þessar sterku röksemdir halda því fram, að undir vissum kringumstæðum geti verið rétt að skattleggja tekjuafgang innlánsstofnana? Má ekki reikna með því, að vegna sérstakra takmarkana, sem eru á því að hefja rekstur banka eða sparisjóðs, verði hagnaður þessara stofnana, þegar yfir lengra tímabil er litið, meiri en þarf til að uppfylla reglur um lágmark eigin fjár? Er ekki óeðlilegt að hagnaður umfram þetta mark renni óskattlagður í vasa eigenda innlánsstofnana? Er ekki raunar óeðlilegt að aukning á raunvirði eigin fjár, hvort sem hún er innan eða utan tilskilinna eiginfjármarka, renni óskattlögð í vasa eigenda? Litið skal nánar á þessar spurningar.

Viðskiptabankar og sparisjóðir njóta vissulega sérstakra starfsheimilda sem veittar eru með lögum eða eftir ákvörðun ráðherra. En þessum heimildum fylgja margvíslegar kvaðir af hálfu ríkisvaldsins og þær hafa farið vaxandi á seinni árum. Verðlagning á þjónustu þessara stofnana er til dæmis alfarið í höndum hins opinbera, en þar er um að ræða ákvarðanir um vexti og ýmis þjónustugjöld. Innlánsvextir og útlánsvextir eru bundnir í vaxtareglum sem út

eru gefnar af Seðlabankanum. Þjónustugjöldin eru ákveðin í gjaldskrá sem ekki hefur verið breytt til hækkunar á síðustu árum nema með samþykki ráðherra.

Vaxtareglum og gjaldskrá innlánsstofnana er jafnan sniðinn stakkur í samræmi við almenna efnahagsstefnu ríkisvaldsins á hverjum tíma. Framanskráðar töflur sýna að síðustu árin hefur afkomu innlánsstofnana verið stjórnað þannig af opinberri hálfu að hlutfallsleg eiginfjárstaða þeirra hefur nokkurn veginn haldist óbreytt. Engin ástæða er til að ætla að á næstunni verði leyfður umtalsverður tekjuafgangur hjá innlánsstofnunum umfram nauðsynlega eða lögbundna eiginfjármyndun. Hér er að finna enn eina sterka röksemd fyrir því, að tekjuskattur verði ekki lagður á innlánsstofnanir.

En haldist eiginfjárhlutfall óbreytt, þegar raunvirði innlána og annarra skuldbindinga fer vaxandi, þýðir það að raunvirði eigin fjár hefur vaxið og raunhagnaði því verið haldið eftir hjá innlánsstofnunum. Slíkur hagnaður gæti komið til útborgunar til eigenda ef innlánsstofnun hættir starfsemi. Mundi þessi hagnaður ekki sleppa við tekjuskatt eftir núgildandi reglum, og væri það ekki óeðlilegt og í ósamræmi við skattalega meðferð hagnaðar í öðrum atvinnugreinum?

Sé um ríkisviðskiptabanka að ræða skapar þetta að sjálfsögðu ekki vandamál þar sem ríkið á allt eigið fé hans og fengi það útborgað við slit bankans.

Eigi sparisjóður í hlut þarf að hafa það í huga sem áður var að vikið, að eigið fé hans gengur ekki til persónulegra ábyrgðarmanna við slit sjóðsins, heldur er því ráðstafað til almenningsþarfa með samþykki ráðherra. Varla getur það talist óeðlilegt að fjármunir, sem varið yrði til sjúkrahúsa, heimila fyrir aldraða og annarra slíkra almenningsþarfa, verði meiri en ella af því að tekjuskattur hefur ekki verið af þeim heimtur.

En hvað er að segja um hlutafélagsbankana í þessu tilliti?

Komi eigið fé hlutafélagsbanka til útborgunar við félagsslit gilda um skattlagningu þess fjár ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þau ákvæði eru þess efnis, að sé félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða telst til arðs hjá hluthöfum úthlutun til þeirra umfram nafnverð bréfanna, þar með talið nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð sem heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum. Skiptir ekki máli í því sambandi hvenær eða fyrir hvaða verð hlutabréfin hafa verið keypt. Hér er því við að bæta, að eftir árslok 1978 takmarkast útgáfa jöfnunarhlutabréfa við hækkanir sérstakrar vísitölu sem ríkisskattstjóri ákveður. Eftir þann tíma getur útgáfa skattfrjálsra jöfnunarhlutabréfa því ekki verið meiri en sem svarar endurmati á hlutafé í samræmi við almenna verðlagsþróun.

Sé til þessa litið, og þrátt fyrir þær takmörkuðu frádráttarheimildir sem veittar eru samkvæmt 2. tölul. B-liðs 30. gr. skattalaganna, mundi bundinn raunhagnaður hlutafélagsbankanna eftir árslok 1978 því að langmestu leyti koma til skattlagningar hjá hluthöfum við útborgun.

Hér ber því allt að sama brunni. Ríkisvaldið hefur í hendi sér að halda hagnaði og þar með eiginfjármyndun innlánsstofnana nálægt þeim mörkum sem nauðsynleg teljast af öryggisástæðum. Það óskattlagða eigið fé, sem myndast í innlánsstofnunum með þessum hætti, er að langmestu leyti eign ríkisins sjálfs, í öðrum tilvikum gengi það óskipt til almenningsþarfa og í þriðja lagi gæti það greiðst út til eigenda gegn greiðslu fulls tekjuskatts. Öll þessi atriði styðja því eindregið að því, að viðhaldið sé tekjuskattsfrelsi viðskiptabanka og sparisjóða.

7. Niðurstöður.

Þrátt fyrir skattfrelsisákvæði banka- og sparisjóðalaga greiða þessar stofnanir öll meiri háttar opinber gjöld sem lögð eru á atvinnufyrirtæki, nema aðstöðugjald, tekjuskatt og eignarskatt. Í stað aðstöðugjalds greiða bankarnir landsútsvar og gjaldeyrisbankarnir greiða sérstakan skatt til ríkisins sem ekki á sér hliðstæðu í gjöldum á önnur fyrirtæki, þ. e. 60% af

tilteknum tekjum af gjaldeyrissölu. Heildarskattlagning á banka og sparisjóði nam 27.5% af brúttóhagnaði þeirra á árinu 1980.

Innlánsstofnanir hafa þá sérstöðu, að til þeirra eru gerðar mjög strangar kröfur um rekstraröryggi og fjárhagslegan styrk. Í nágrannalöndunum eru þessar kröfur yfirleitt lögbundnar, til dæmis í því formi að krafist er lágmarkshlutfalls eigin fjár á móti heildarskuldbindingum. Í Danmörku er þetta lágmark 8% og 6,5% í Noregi. Búast má við lögfestingu svipaðra reglna hér á landi áður en langt um líður. Flest rök mæla með því, að ríkisviðskiptabankarnir verði ekki undanþegnir slíkum reglum.

Álagning eignarskatts samrýmist alls ekki opinberum reglum um lágmarkshlutfall eigin fjár. En hvaða röksemdir mæla gegn því, að lagður verði tekjuskattur á viðskiptabanka og sparisjóði hér á landi eða skattheimta verði aukin með öðrum hætti?

Tekjuskattsfrelsi viðskiptabanka og sparisjóða er að flestu leyti í samræmi við almenn skattalög þannig að jafnvel þótt skattfrelsisákvæði sérlaga yrðu felld úr gildi yrðu þessar stofnanir að mestu tekjuskattsfrjálsar að óbreyttum almennum lögum. Hlutafélagsbankarnir eru undantekning að þessu leyti, en til þeirra var stofnað með samkomulagi ríkisvalds og fjölmennra landssamtaka á þeim forsendum að þeir yrðu tekjuskattsfrjálsir. Með álagningu tekjuskatts á ríkisviðskiptabanka og sparisjóði væri verið að leggja á þá byrðar sem ekki eru lagðar á aðrar opinberar eða hálfopinberar stofnanir. Með álagningu tekjuskatts á hlutafélagsbankana væri að ástæðulausu verið að fella úr gildi samkomulag sem gert var við stofnun þeirra, og slík stefnubreyting mundi skapa ný viðhorf í skipulagsmálum bankakerfisins og kalla á setningu almennrar löggjafar um stofnun og starfrækslu viðskiptabanka.

Eiginfjárstaða banka og sparisjóða er nálægt þeim lágmarkskröfum sem rætt hefur verið um að lögfesta hér á landi. Ef ekki er tekið tillit til hlutafjáraukningar hlutafélagsbankanna hefur eiginfjárstaðan haldist svo til óbreytt undanfarin fjögur ár sem hlutfall af skuldbindingum. Ef þessar stofnanir hefðu þurft að greiða tekjuskatt á þessu tímabili hefði eiginfjárstaðan rýrnað ár frá ári. Greiðsla tekjuskatts verður ekki bætt upp með hagræðingu í rekstri eða innborgun nýs eigin fjár frá eigendum. Byrðunum af aukinni skattheimtu verður því að velta yfir á herðar lántakenda og annarra viðskiptaaðila innlánsstofnana. Að öðrum kosti leiðir skattheimtan til rýrnandi trausts á innlánsstofnunum og líklegt er að ýmsar minni stofnanir verði að hætta rekstri.

Ríkisvaldið hefur rekstrarafkomu innlánsstofnana alfarið í hendi sér, og allar líkur eru á að mismunur innláns- og útlánsvaxta og þjónustugjöld verði áfram ákveðin þannig að eigið fé aukist ekki verulega umfram lágmarksþarfir. Samkvæmt núgildandi reglum safnast skattfrjáls raunhagnaður fyrir hjá innlánsstofnunum til að þær geti viðhaldið nauðsynlegu eiginfjárhlutfalli. Hagnaður ríkisviðskiptabankanna er alfarið eign ríkisins og gefur því ekki tilefni til aukinnar skattlagningar. Hagnaði sparisjóðanna verður ekki ráðstafað nema til almenningsþarfa þannig að einkahagsmunir koma þar ekki til álita. Samkvæmt almennum skattalögum sleppa hluthafar hlutafélagsbankanna ekki við að greiða tekjuskatt af uppsöfnuðum raunhagnaði bankanna eftir 1978 ef hann kæmi síðar til útborgunar við slit banka.

Áhersla skal á það lögð, að aukin skattheimta í formi einhvers konar veltuskatts hefði að sjálfsögðu hliðstæð áhrif og tekjuskattur á rekstraröryggi og fjárhagsstyrk innlánsstofnana. Raunar er veltuskattur enn varhugaverðari að þessu leyti ef hann er lagður á án fulls tillits til rekstrarafkomu og greiðslugetu einstakra stofnana. Stofnun, sem á í rekstrarörðugleikum, eða er jafnvel rekin með tapi, þyrfti engu að síður að standa ríkissjóði skil á skattinum. Afleiðingin gæti ekki aðeins orðið rýrnun bæði á hlutfallslegri eiginfjárstöðu og raunvirði eigin fjár, heldur gæti í nokkrum tilvikum orðið um neikvæða eiginfjárstöðu að ræða og þar með væri gengið á eignir innstæðueigenda. Með slíkri skattheimtu væri því vegið alvarlega að rekstraröryggi þessara stofnana og hagsmunum innstæðueigenda teflt í tvísýnu.

Eina röksemdin fyrir álagningu tekjuskatts á viðskiptabanka og sparisjóði, eða aukinni

skattheimtu í öðru formi, er því aukin tekjuþörf ríkissjóðs. Þótt sú röksemd megi sín oft mikils hlýtur hún að víkja þegar litið er til allra þeirra þungvægu mótraka sem gerð er grein fyrir hér að framan.

Fylgiskjal II.

IÐNAÐARBANKI ÍSLANDS HF

Reykjavík, 29. apríl 1982.

Til fjárhags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Vér vísum til bréfs vors til fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis, þingskjals 697, fylgiskjals VII. Til viðbótar þeim upplýsingum, sem þar koma fram, viljum vér taka fram:

1. Ekki er eðlismunur á starfsemi Veðdeildar Iðnaðarbanka Íslands hf. og starfsemi Verslunarlánasjóðs og Stofnlánadeildar samvinnufélaga. Hins vegar er til Veðdeildarinnar stofnað með öðrum hætti formlega, því starfsemin er byggð á reglugerð en ekki lögum. Oss sýnist, að fremur beri að líta á eðli starfseminnar en formsatriði, og væntum þess, að háttvirt nefnd fallist á það sjónarmið.
2. Veðdeildinni er sérstaklega ætlað að sinna þeim þörfum handverksmanna fyrir löng lán, sem ekki falla undir lánareglur Iðnlánasjóðs. Oss sýnist ósanngjarnt að búa fjárfestingarlánasjóði þeirra önnur skattkjör en gilda um aðra sjóði iðnaðarins.
3. Af meðfylgjandi greiðsluyfirliti fjárfestingarlánasjóða sem Seðlabankinn birtir, verður ekki séð að aðrar veðdeildir banka séu nú starfandi sem slíkar. Virðist mega ráða af þessu yfirliti að Veðdeild Iðnaðarbankans mundi lenda í algjörri sérstöðu skattalega séð, miðað við aðra fjárfestingarlánasjóði, ef undanþáguákvæði frumvarpsins eru ekki látin ná til hennar.

Vér væntum þess að þessar upplýsingar og röksemdir muni leiða til þess, að háttvirt nefnd muni breyta frumvarpinu á þann veg sem við höfum óskað.

Virðingarfyllst,
Iðnaðarbanki Íslands hf.

Bragi Hannesson. R. Önundarson.

Fylgiskjal III.

SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA.

Til fjárhags- og viðskiptanefndar
neðri deildar
Alþingi.

Reykjavík, 30. apríl 1982.

Í upphaflegri gerð frumvarps til laga um skattskyldu innlánsstofnana voru ákvæði í 6. gr. frumvarpsins um að veltuskattur á árinu 1982 skyldi gilda frá og með janúarmánuði. Í þeirri breyttu gerð frumvarpsins, sem fjárhagsnefnd efri deildar lagði fram, var stefnt að því að komast hjá afturvirkni skattanna og beinni tvísköttun sama skattstofns. Í samræmi við þetta voru ofangreind ákvæði 6. gr. felld niður úr þeirri grein, sem nú varð 7. gr. frumvarpsins.

Greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða

	Veð. + Byggsj. ríkis (1)	Byggsj. verka-manna (2)	Stofn-lánad. landb. (3)	Veð. Bún. banka (4)	Framl. sjóður landb. (5)	Fisk-veiða-sjóður (6)	Versl. lána-sjóður (7)
Hreyfingar í millj. kr.							
Uppruni fjármagns:							
1 Eigið framlag, nettó	−67,1	6,6	−7,8	−3,3	0,5	70,2	3,7
11 Innkomnar afborganir	12,8	1,9	8,5	1,0	0,2	95,5	3,0
12 Innborgaðir vextir	97,9	1,8	11,6	0,8	0,3	164,8	8,4
Frá dregst:							
13 Greiddar afborganir	−123,4	−0,1	−10,6	−1,9	–	−59,2	−2,7
131 Til ríkisins	–	–	−0,3	–	–	–	–
132 Til Seðlabankans	–	–	–	–	–	−3,9	–
133 Til innlánsstofnana	–	–	0,0	0,0	–	−1,5	–
134 Til lífeyrissjóða	−12,3	–	−0,8	−0,1	–	–	−2,2
135 Til Atvinnuleysistryggingasjóðs	−0,5	–	–	–	–	–	–
136 Til Framkvæmdasjóðs	–	−0,1	−9,5	−0,3	–	−44,6	−0,5
137 Endurgreiddur skyldusparnaður	−109,0	–	–	–	–	–	–
138 Aðrar innlendar afborganir	−1,6	0,0	–	−1,5	–	–	–
139 Afborganir til útlanda	–	–	–	–	–	−9,2	–
14 Greiddir vextir	−60,5	0,0	−16,2	−3,2	–	−99,1	−5,4
15 Kostnaður o. fl., nettó	6,1	3,0	−1,1	0,0	0,0	−31,8	0,4
2 Bein framlög án endurgjalds	33,6	71,0	38,9	0,3	3,7	61,6	–
21 Skatttekjur og ríkisframlög	33,6	65,1	38,9	0,3	3,7	61,6	–
22 Framlög sveitarfélaga	–	5,9	–	–	–	–	–
23 Önnur framlög	–	–	–	–	–	–	–
3 Tekin löng lán	250,7	5,5	9,0	–	–	10,0	27,7
31 Frá ríkinu	–	–	–	–	–	–	–
32 Frá Seðlabanka	–	–	–	–	–	–	–
33 Frá innlánsstofnunum	–	–	–	–	–	–	–
34 Frá lífeyrissjóðum	105,4	5,5	9,0	–	–	–	20,7
35 Frá Atvinnuleysistryggingasjóði	24,7	–	–	–	–	–	–
36 Frá Framkvæmdasjóði	–	–	–	–	–	10,0	7,0
37 Innkominn skyldusparnaður	120,6	–	–	–	–	–	–
38 Önnur innlend lán	–	–	–	–	–	–	–
39 Erlendar lántökur	–	–	–	–	–	–	–
4 Bráðabirgðalántökur, nettó	5,4[1]	–	10,0	3,0[2]	–	40,0[3]	0,6[2]
41 Frá Framkvæmdasjóði	–	–	10,0	–	–	15,0	–
5 Uppruni = ráðstöfun (1+2+3+4 = 6+7+8)	222,6	83,1	50,1	–	4,2	181,8	32,0
Ráðstöfun fjármagns:							
6 Útlán	237,4	87,0	46,7	–	1,5	181,8	33,4
61 Löng lán	217,7	29,0	46,7	–	1,5	185,8	33,4
62 Bráðabirgðalán, nettó	19,7	58,0	–	–	–	−4,0	–
7 Greidd framlög og styrkir	–	0,0	2,4	–	3,0	–	–
8 Sjóðs- og innstæðubreytingar	−14,8	−3,9	1,0	–	−0,3	0,0	−1,4

1) Yfirdráttur hjá Seðlabanka.
2) Yfirdráttur.
3) Yfirdráttur hjá Seðlabanka 25,0 m.kr.
4) Yfirdráttur hjá Seðlabanka 5,3 m.kr.

Þegar fulltrúar Sambands íslenskra viðskiptabanka komu á fund háttvirtrar nefndar s. l. miðvikudag, 28. þ. m., töldu þeir, að frumvarpið hefði verið afgreitt frá efri deild í þeirri mynd, sem að ofan greinir. Staðreyndin mun hins vegar vera sú, að breytingartillaga hafi verið samþykkt í efri deild, sem tekur upp í 7. gr. fyrri ákvæði 6. gr. (sbr. þingskjal 722). Með þessu er veltuskattur ársins 1982 að nýju gerður afturvirkur. Sambandið vill vekja athygli háttvirtrar nefndar á þessu atriði.

Virðingarfyllst,
f. h. Sambands íslenskra viðskiptabanka,
Jónas H. Haralz.

janúar—nóvember 1981.

Stofnlánad. samvf. (8)	Iðnlánasjóður (9)	Iðnrekstrarsjóður (10)	Iðnþr. sjóður (11)	Veðd. Iðn. banka (12)	Ferðamálasjóður (13)	Lánasjóður sv.fél. (14)	Byggðasjóður (15)	Landflutn. sjóður (16)	Framkvæmdasjóður (17)	Hreyf. milli sjóða (18)	Samtals (1-17-18) (19)
−1,9	22,0	2,2	33,7	0,5	0,2	4,7	33,0	0,6	41,1	–	138,9
1,5	15,1	0,7	16,1	1,6	0,8	6,9	30,4	0,8	98,6	83,3	212,1
8,2	26,8	1,8	18,7	2,0	4,1	14,0	40,8	0,4	123,6	107,2	418,8
−4,4	−5,0	–	–	−1,0	−1,3	−5,8	−17,2	−0,4	−66,1	−83,3	−215,8
–	–	–	–	–	−0,1	–	−2,4	–	−2,8	–	−5,6
–	0,0	–	–	–	–	−0,3	–	–	−2,9	–	−7,1
–	0,0	–	–	–	–	–	–	–	−1,0	–	−2,5
−3,9	−0,4	–	–	−1,0	–	–	–	–	−7,1	–	−27,8
–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	−0,5
−0,5	−4,4	–	–	–	−1,2	−5,5	−14,8	−0,4	–	−81,8	–
–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	−109,0
–	−0,2	–	–	–	–	–	–	–	−1,3	−1,5	−3,1
–	–	–	–	–	–	–	–	–	−51,0	–	−60,2
−5,8	−11,7	–	−2,8	−1,4	−3,4	−7,5	−13,1	−0,2	−94,7	−107,2	−217,8
−1,4	−3,2	−0,3	1,7	−0,7	0,0	−2,9	−7,9	0,0	−20,3	–	−58,4
–	15,0	7,0	–	–	0,4	13,7	33,3	0,1	–	–	278,6
–	15,0	7,0	–	–	0,4	2,5	33,3	0,1	–	–	261,5
–	–	–	–	–	–	11,2	–	–	–	–	17,1
–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
22,2	–	–	19,9	22,9	–	–	4,6	–	184,9	28,6	528,8
–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
–	–	–	–	–	–	–	–	–	36,2	–	36,2
15,2	–	–	–	22,9	–	–	–	–	55,8	–	234,5
–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	24,7
7,0	–	–	–	–	–	–	4,6	–	–	28,6	–
–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	120,6
–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–
–	–	–	19,9	–	–	–	–	–	92,9	–	112,8
–	42,0	–	−1,1	–	3,0	29,0	19,9[4])	2,1	–	115,5	38,4
–	42,0	–	–	–	3,0	29,0	14,6	1,9	–	115,5	–
20,3	79,0	9,2	52,5	23,4	3,6	47,4	90,8	2,8	226,0	144,1	984,7
11,4	75,3	3,9	34,9	23,9	7,0	47,8	78,5	2,8	178,0	144,1	907,2
11,4	75,3	3,9	34,9	23,9	7,0	47,8	77,5	2,8	62,4	28,6	832,4
–	–	–	–	–	–	–	1,0	–	115,6	115,5	74,8
–	0,3	3,5	0,5	–	–	–	1,7	–	0,3	–	11,7
8,9	3,4	1,8	17,1	−0,5	−3,4	−0,4	10,6	–	47,7	–	65,8

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneytið

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar
Alþings

Ráðuneytið vísar til óska alþingismannanna hr. Matthíasar Á. Mathiesen og hr. Sighvats Björgvinssonar um umsögn ráðuneytisins um þau atriði sem reifuð eru í fylgiskjali I með nefndaráliti minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis, um skattskyldu innlánsstofnana.

Af þessu tilefni sendir ráðuneytið eftirfarandi umsögn, sem þó verður að líta á í ljósi þess skamma tíma, sem gafst við samningu hennar.

1. Heimild til frádráttar frá tekjum vegna niðurfærslu útlána og veittra ábyrgða.

Í umsögn um frumvarpið eru aðallega færð þrenn rök fyrir heimildum innlánsstofnana til niðurfærslu útlána í árslok.

Í fyrsta lagi er vísað til heimildar atvinnufyrirtækja til 10% skattalegrar niðurfærslu vörubirgða og leidd að því rök, að tæknilegir sjóðir vátryggingafélaga séu um sumt hliðstæðir vörubirgðum hjá almennum fyrirtækjum, með öfugum formerkjum þó.

Í öðru lagi er því haldið fram, að vátryggingafélögin njóti 5% niðurfærslu vegna lánastarfsemi sinnar.

Í þriðja lagi er því haldið fram, að útlán og veittar ábyrgðir séu hliðstæðar viðskiptakröfum annarra fyrirtækja og að slík niðurfærsla sé heimil í skattalögum Norðurlanda.

Varðandi fyrstu röksemdina er rétt að vekja athygli á eftirfarandi: Í lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, var ekki gert ráð fyrir þeirri verðbreytingarfærslu sem nú er að finna í 53. gr. tekjuskattslaga. Í fyrrnefndum lögum var heimilt að færa matsverð vörubirgða niður um 30%. Heimild þessari var ætlað að vega á móti verðbreytingum vörubirgða og erfiðleikum fyrirtækja að endurnýja vörubirgðir í verðbólgu. Með lögum nr. 7/1980 var þessi niðurfærsluheimild lækkuð niður í 10%. Þessi lækkun var rökstudd með því, að með ákvæðum 53. gr. tekjuskattslaga um tekju- og gjaldfærslu vegna verðbreytinga væru forsendur niðurfærsluheimildarinnar verulega breyttar. 10% niðurfærsluheimild vörubirgða er því í núgildandi tekjuskattslögum rökstudd þannig að hún sé hugsuð til þess að taka tillit til kostnaðar og áhættu sem ávallt fylgir geymslu og eignarhaldi vörubirgða. Þær forsendur, sem liggja að baki núgildandi heimildar til 10% niðurfærslu vörubirgða, eiga þannig ekki alfarið við um hugsanlega heimild innlánsstofnana til niðurfærslu útlána og veittra ábyrgða í árslok. Samkvæmt frumvarpinu tekur verðbreytingarfærsla skv. 53. gr. tekjuskattslaga að sjálfsögðu til útlána innlánsstofnana með sama hætti og hjá öðrum atvinnufyrirtækjum. Þá er einnig rétt að geta þess, að 5% heimildin til niðurfærslu viðskiptaskulda, sem kom inn í skattalögin 1978, áður en verðbreytingarfærslan var lögtekin, sótti rök sín til niðurfærsluheimildar vörubirgða og var ætlað að hafa hliðstæð áhrif. Enda þótt niðurfærsla vörubirgða hafi síðan með lögum nr. 7/1980 verið lækkuð úr 30 í 10% var niðurfærsluheimild vegna útistandandi skulda látin standa óbreytt þótt segja megi að sömu rök megi færa til lækkunar hennar.

Við þá röksemd, að vátryggingafélög njóti 5% niðurfærsluheimildar vegna útlánastarfsemi sinnar, er gerð sú athugasemd, að niðurfærsluheimild þeirra er að sjálfsögðu bundin við það að um sé að ræða kröfur sem stofnast hafa vegna sölu á tryggingum og að þær falli í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra er stofnað.

Þá er því í umsögn innlánastofnana haldið fram, að útlán og veittar ábyrgðir séu hliðstæðar viðskiptakröfum annarra fyrirtækja og að slík niðurfærsla sé innlánsstofnunum heimil samkvæmt skattalögum annarra Norðurlanda.

Í þessu sambandi skal ítrekað það sem segir í athugasemdum með frumvarpinu, að ákvæði 2. málsliðs 3. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981 gildir almennt ekki um kröfur þær sem aðilar eiga á aðra vegna lánastarfsemi. Í umsögn innlánsstofnana er þessu ekki alfarið mótmælt. Þessu verður að lýsa aðeins nánar. Að sjálfsögðu var litið til ákvæða um þessi atriði í skattalöggjöf annarra Norðurlandaþjóða við samningu frumvarpsins. Forsenda fyrir niðurfærslu bankastofnana þarlendis vegna útlána er ekki sú, að viðskiptaskuldir megi niðurfæra. Í Danmörku t. d. er hlutfallsleg niðurfærsla viðskiptaskulda almennt ekki leyfð. Röksemdin fyrir niðurfærslu vegna tapa á útlánum og ábyrgðatapa banka þar í landi byggist á þeirri forsendu, að bankarnir reka útlánastarfsemi í atvinnuskyni eða veita ábyrgðir í atvinnuskyni. Rökin fyrir frádrætti íslenskra innlánsstofnana vegna slíkra tapa eru á sama hátt þau, að hér sé um atvinnustarfsemi að ræða og að töpin séu fyrst og fremst rekstrarkostnaður skv. 1. mgr. 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Heimild innlánsstofnana til frádráttar vegna slíkra tapa er því skv. eðli sínu víðtækari en heimildir annarra fyrirtækja

skv. 1. málslið 3. tl. 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga. Samkvæmt síðast greindum málslið eru ábyrgðartöp fyrirtækja almennt ekki frádráttarbær. Frádráttur innlánsstofnana vegna útlána- og ábyrgðartapa er þannig ótvíræður samkv. íslenskum skattalögum. Spurningin er sú, hvort innlánsstofnunum eigi að vera heimilt skattalega að taka tillit til áhættu vegna tapa sem ekki hafa orðið vegna útlána eða ábyrgða þeirra. Í frv., eins og það liggur nú fyrir, er það ekki heimilt. Við undirbúning frv. var það kannað, hve bankarnir notuðu háa niðurfærsluprósentu á árinu 1980 vegna þessarar áhættu. Í ljós kom að 2 bankar nota alls ekki niðurfærslu af þessu tagi, en heildarniðurfærsla annarra banka var frá 0.05% til 0.93% og ársniðurfærsla var frá 0.02% til 0.49%.

2. Frádráttarbærni gjalda vegna lífeyrisskuldbindinga.

Svo sem fram kemur í umsögn innlánsstofnana eru ekki að finna bein ákvæði í skattalögum um heimild til frádráttar árlegra hækkana á útreikningum lífeyrisskuldbindinga. Fleiri fyrirtæki en innlánsstofnanir hafa tekið á sig skuldbindingar af þessu tagi án frádráttarheimildar. Ekki þykja efni til að veita innlánsstofnunum skattalega sérstöðu að þessu leyti.

3. Afmörkun vaxta og verðbóta í skattauppgjöri.

Eðlilegast væri að samræming reikningsskilaaðferða innlánsstofnana fari fram á vegum þeirra sjálfra undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

4. Útreikningur verðbreytingarfærslu.

Ekki þótti tímabært að endurskoða ákvæði skattalaga um útreikning verðbreytingarfærslu í tilefni af skattskyldu innlánsstofnana.

5. Sérstakur skattafrádráttur eða skattfrelsi stofnana með veika eiginfjárstöðu.

Rétt þykir að láta þessi atriði bíða athugunar þar til fram komnar löggjafartillögur um þessi efni hafa hlotið afgreiðslu.

6. Ákvörðun skattstofns á fyrsta skattári.

Reynt var að ná til þessara atriða í ákvæðum frv. til bráðabirgða. Í umsögn innlánsstofnana eru nánari ákvörðunaratriði ekki tíunduð sérstaklega.

7. Eignarskattur.

Sjá athugasemdir við tölulið 5 hér að framan.

Að lokum skal vakin athygli á því, að í 2. mgr. ákvæðis V til bráðabirgða er gert ráð fyrir því, að lögin verði tekin til endurskoðunar eigi síðar en í árslok 1984 í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd þeirra.

F.h.r.

Höskuldur Jónsson. Lárus Ögmundsson.

Fylgiskjal V.

Samband íslenskra viðskiptabanka
Reykjavík, 4. maí 1982

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis

Sambandi íslenskra viðskiptabanka hefur borist umsögn fjármálaráðuneytisins um þær greinargerðir, sem sambandið lagði fram varðandi frumvarp til laga um skattskyldu innlánsstofnana. Rétt þykir að gera eftirfarandi athugasemdir við þessa umsögn.

1. Heimild til frádráttar frá tekjum vegna niðurfærslu útlána og veittra ábyrgða.

Í umsögninni segir, að 10% niðurfærsluheimild vörubirgða sé í núgildandi skattalögum hugsuð til að taka tillit til kostnaðar og áhættu, sem ávallt fylgir geymslu og eignarhaldi vörubirgða, og eigi þannig ekki alfarið við um hugsanlega heimild innlánsstofnana til niðurfærslu útlána og veittra ábyrgða í árslok (bls. 2). Þetta getur ekki staðist að því er kostnaðinn snertir, þar sem hann er að öllu leyti frádráttarbær frá tekjum og væri því með þessu móti tvítalinn. Hið rétta er, að með þessu er verið að taka tillit til áhættu, sem fylgir geymslu og eignarhaldi vörubirgða. Nú hagar þannig til, að álitlegur hluti útlána innlánsstofnana eru afurðalán, sem tryggð eru með sjálfsvörsluveði í vörubirgðum. Nákvæmlega sama áhætta fylgir slíkum lánum eins og eign vörubirgðanna sjálfra. Samkvæmt frumvarpinu á hins vegar ekki að taka tillit til þessarar áhættu hjá innlánsstofnunum, enda þótt það sé gert hjá þeim fyrirtækjum, sem birgðirnar eiga.

Um heimild til niðurfærslu viðskiptaskulda um 5% gegnir svipuðu máli. Hún hlýtur einnig að byggjast á þeirri áhættu, sem skuldirnar fela í sér. Nú eru kaup viðskiptaskulda í mynd viðskiptavíxla og, í vaxandi mæli, skuldabréfa, veigamikill þáttur í starfsemi innlánsstofnana. Einnig taka innlánsstofnanir að sér innheimtu slíkra verðbréfa. Hér kemur sama ósamræmið fram og að því er vörubirgðirnar snertir. Liggi skuldin í innlánsstofnunum til innheimtu má afskrifa hana um 5%, en kaupi stofnunin hana er afskriftin ekki lengur heimil, enda þótt áhættan hljóti að vera sú sama.

Í síðustu málsgrein umsagnarinnar um þetta atriði (neðst á bls. 2 og á bls. 3) er því haldið fram, að rökin fyrir frádrætti séu töp á útlánum og ábyrgðum, sem séu hliðstæð þeim töpum, sem verði í annarri atvinnustarfsemi. Þar sem slík töp séu frádráttarbær frá tekjum, sé nóg að gert. Í þessu sambandi er vitnað til skattareglna í Danmörku. Hér er misskilningur á ferðinni. Rökin fyrir frádrættinum eru ekki þau töp, sem orðið hafa, heldur þau töp, sem orðið geta, vegna þess að innlánsstofnanir stunda óvenju áhættusama starfsemi. Þegar töpin raunverulega eiga sér stað, eru þau hins vegar ekki færð til lækkunar tekna, heldur koma til frádráttar þeim skuldalið, sem færður hefur verið utan eigin fjár vegna vafasamra lána. Þannig er á þessi mál litið í öllum þeim löndum, sem upplýsingar liggja fyrir um. Ástæðan er að sjálfsögðu sú, að innlánsstofnanir geta á skömmum tíma orðið fyrir miklum áföllum, t. d. vegna hagsveiflna eða erfiðleika í einstökum atvinnugreinum, sem riðið gætu þeim að fullu, ef nægir varasjóðir væru ekki fyrir hendi. Slíka varasjóði er hins vegar ekki rétt að telja með eigin fé, sem með því móti yrði ofmetið, þar sem ekki væri tekið tillit til áhættunnar. Með hliðstæðum hætti væri verið að skattleggja tekjur, sem væru ofmetnar, ef frádráttur vegna vafasamra útlána væri ekki leyfður. Ástæða er jafnframt til að benda á, að áhætta í útlánum innlánsstofnana hér á landi hefur stóraukist á undanförnum árum með tilkomu verðbótaþáttar vaxta og verðtrygginga.

2. Frádráttarbærni gjalda vegna lífeyrisskuldbindinga.

Því er haldið fram í umsögninni, að fleiri fyrirtæki en innlánsstofnanir hafi tekið á sig skuldbindingar af þessu tagi án frádráttarheimildar. Ekki þyki þess vegna efni til að veita innlánsstofnunum skattalega sérstöðu að þessu leyti.

Hið rétta er, að það eru fyrst og fremst stofnanir og fyrirtæki, sem njóta skattfrelsis, sem tekið hafa á sig slíkar skuldbindingar, þ. e. a. s. ríki og sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki. Það mun heyra til undantekninga, að einkafyrirtæki, sem greiðir fulla skatta, hafi tekið á sig skuldbindingar umfram beinar greiðslur til lífeyrissjóða, sem að sjálfsögðu eru undanþegnar skatti.

3. Afmörkun vaxta og verðbóta í skattauppgjöri.

Talið er í umsögninni, að eðlilegast væri, að samræming þessara atriða færi fram á vegum innlánsstofnananna sjálfra undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabankans. Hér er hins vegar um skattatæknilegt atriði að ræða, sem hvorki innlánsstofnanir né Seðlabankinn geta tekið ákvörðun um og óhjákvæmilega verður því að taka afstöðu til í skattalögum.

4—7. Útreikningur verðbreytingarfærslu, sérstakur skattafrádráttur eða skattfrelsi stofnana með veika eiginfjárstöðu, ákvörðun skattstofns á fyrsta skattári og eignarskattur (liðir 4 til 7, bls. 4).

Um þessi atriði segir umsögnin ekkert utan fyrirsagna og er því frekari umfjöllun um þau óþörf.

Að lokum er rétt að vekja enn á ný athygli á þeim tveimur atriðum, sem fjallað er um í bréfum sambandsins til fjárhags- og viðskiptanefnda efri og neðri deildar Alþingis. Annað þessara atriða er, að samkvæmt frumvarpinu munu innlánsstofnanir einar skattgreiðenda greiða skatta sína á tekjuöflunarárinu, en ekki álagningarárinu. Hitt atriðið er, að innlánsstofnanir mundu samkvæmt frumvarpinu verða að greiða afturvirkan veltuskatt fyrir fyrstu fjóra til fimm mánuði ársins 1982.

Virðingarfyllst,

F.h. SAMBANDS ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Jónas H. Haralz.

Nd. 893. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HÁ, IGuðn, GHall).

Ákvæði til bráðabirgða V orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna skulu bankar þeir, sem versla með erlendan gjaldeyri, greiða ríkissjóði frá gildistöku laga þessara til ársloka 1982 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis.

Lög þessi og lög nr. 40/1969 skulu endurskoðast af starfandi bankamálanefnd fyrir þingbyrjun haustið 1982.

Nd. 894. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. Páll Pétursson ritar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 4. maí 1982.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Magnús H. Magnússon, fundaskr.	Páll Pétursson, með fyrirvara.
Sigurlaug Bjarnadóttir.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Haraldur Ólafsson.

Nd. 895. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til l. um sykurverksmiðju í Hveragerði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum, fengið til viðtals við sig ýmsa hagsmunaaðila og fengið skriflegt álit annarra. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Birgir Ísl. Gunnarsson og Sigurlaug Bjarnadóttir munu skila séráliti.

Alþingi, 4. maí 1982.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Magnús H. Magnússon, fundaskr., með fyrirvara.	Páll Pétursson.
Haraldur Ólafsson.	Pálmi Jónsson.	

Nd. 896. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um lyfjadreifingu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Þetta frv. var afgreitt frá efri deild 30. apríl og tekið samdægurs til 1. umræðu í þessari hv. þingdeild og vísað til nefndarinnar.

Í dag var frumvarpið rætt í nefndinni og kom Ingolf Petersen deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á fund nefndarinnar til viðræðna um efni frv. Við undirritaðir þingmenn Sjálfstæðisflokksins teljum að hér sé um efnismikið og vandmeðfarið frv. að ræða sem nefndin hefði þurft að kynna sér nákvæmlega með tilliti til þeirra umsagna um málið sem nefndinni í efri deild höfðu borist. Formaður nefndarinnar í Nd. lagði mikið kapp á að afgreiða málið á þessum fundi og stóðu báðir fulltrúar Framsóknarflokksins með formanni nefndarinnar að afgreiðslu málsins, þó enginn tími sé til að kynna sér það til hlítar. Mátti þó ætla að til þess gæfist tími, því að skv. frv. á það ekki að taka gildi fyrr en um áramót.

Með tilvísun til þess, að nefndin fær ekki tíma til að afgreiða þetta mál með þinglegum hætti, treystum við okkur ekki til að mæla með afgreiðslu málsins, þó margt sé til bóta í frv. frá gildandi lögum, og hefðum talið eðlilegra að frv. yrði endurflutt í byrjun næsta þings og að því stefnt að afgreiða það á þessu ári.

Alþingi, 4. maí 1982.

Matthías Bjarnason, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 897. Nefndarálit [266. mál]

um frv. til laga um sykurverksmiðju í Hveragerði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum ekki rétt að Alþingi samþykki nú lög um sykurverksmiðju í Hveragerði. Of mörg atriði í undirbúningi þessa máls eru enn of óljós til að unnt sé að gefa heimild til að ríkissjóður leggi fram 29 millj. króna til slíks hlutafélags og veiti ríkisábyrgð fyrir lánum samtals að fjárhæð 43 millj. króna. Gildir eins um það, þótt hlutafjárframlag ríkissjóðs eða ríkisábyrgðir komi ekki til framkvæmda fyrr en aðrir aðilar hafi lagt fram 60% hlutafjár. Alþingi hlýtur að þurfa að leggja sjálfstætt mat á þá áhættu sem því fylgir að leggja fjármagn skattborgaranna í slíkt fyrirtæki.

Óvissuatriðin eru allmörg:

Heimsmarkaðsverð á sykri eru nú mjög lágt og fyrir neðan þau mörk sem verksmiðjan þarf til að bera sig.

Sykur er landbúnaðarafurð og gilda hliðstæðar reglur, höft og innflutningskvótar í sykurræktunarlöndum og gilda almennt um landbúnaðarafurðir.

Nýjar aðferðir til framleiðslu á sætefnum kunna að hafa meiri áhrif í náinni framtíð á sykurverð og sykurframleiðslu en gert hefur verið ráð fyrir í undirbúningi sykurverksmiðju í Hveragerði.

Svo kynni að fara að það yrði forsenda fyrir rekstri verksmiðjunnar, að setja þyrfti sykurlög, sem bönnuðu innflutning á sykri eða takmörkuðu hann, t. d. í formi styrkveitinga eða skattlagningar. Sú var a. m. k. skoðun iðnaðarráðuneytisins í janúar s. l.

Hér er um mikla fjárfestingu að ræða. Stofnkostnaður er áætlaður 241 millj. króna. Framleiðslugeta nægði allri sykurnotkun Íslendinga. Áhættan er mjög mikil.

Áhugi á nýjum atvinnugreinum og nýjungum í framleiðslu er góðra gjalda verður og þeir, sem hafa haft frumkvæði að þessum athugunum, hafa sýnt lofsvert framtak. Æskilegt væri þó að fá þriðja aðila til að endurskoða áætlanir um rekstur og arðsemi eins og oft tíðkast þegar um slík stórfyrirtæki er að ræða. Eðlilegt væri að ríkisstjórnin stæði fyrir slíkum athugunum.

Við leggjum því til að **frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. maí 1982.

Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm. Sigurlaug Bjarnadóttir.

Nd. 898. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um lyfjadreifingu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið Ingolf Petersen deildarstjóra, sem einnig starfaði með heilbrigðis- og trygginganefnd efri deildar, til fundar við sig.

Meiri hluti nefndarinnar hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins eins og það kom frá efri deild. Þó verður að leiðrétta prentvillu sem orðið hefur á þingskjali 771 og 801, og er breytingartillaga lögð fram á sérstöku þingskjali.

Minni hluti nefndarinnar skilar áliti á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 1982.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr., með fyrirvara. Haraldur Ólafsson.

Pálmi Jónsson. Magnús H. Magnússon.

Nd. 899. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til l. um lyfjadreifingu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Upphaf 29. gr. hljóði svo:
Í lyfjaútibúi má ekki o. s. frv.

Nd. 900. Breytingartillaga [28. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr. orðist svo:

1. 43. gr. stafliður h) orðist þannig:
   Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 20 kr. fyrir hverja ferð. Þetta gildir þó ekki á svæðum þar sem í gildi er númerasamningur um læknishjálp.
2. 43. gr. stafliður i) orðist þannig:
   Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að 7/8 hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþega-og flutningsleiðum. Þó greiði samlagssjúklingur aldrei meira en 500 kr. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðast 7/8 af fargjaldi fylgdarmanns jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða.
   Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi, sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

Nd. 901. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið Kristján Guðjónsson deildarstjóra sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins til fundar við sig.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins, en telur nauðsynlegt að gera á því breytingar sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Pálmi Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1982.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Magnús H. Magnússon.
Haraldur Ólafsson.	Ragnhildur Helgadóttir.	Matthías Bjarnason.

Sþ. 902. Þingsályktun [164. mál]

um innlendan lífefnaiðnað.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði.

Sþ. 903. Þingsályktun [199. mál]

um aðgerðir til að efla innlendan iðnað og auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla innlendan iðnað og styrkja stöðu hans. Aðgerðir þessar hafi það að meginmarkmiði að auka atvinnu í iðnaði, stuðla að aukinni sölu og markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu og auka iðnað í hinum dreifðu byggðum landsins.

Sþ. 904. Fjáraukalög [252. mál]

fyrir árið 1978.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 530.

Nd. 905. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það kom strax í ljós við framlagningu þessa frumvarps, hversu undirbúningi þess hefur verið óvenju ábótavant. Þetta hefur komið enn gleggra í ljós við umfjöllun málsins, bæði í nefndum þingsins svo og í þeim umræðum sem þegar hafa farið fram. Þær breytingar, sem gerðar voru á þessu frumvarpi í hv. efri deild, sýna og glögglega að þeir, sem sömdu frumvarpið, virðast ekki hafa gert sér nokkra grein fyrir því verki sem þeir þá voru að vinna.

Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar fékk til viðræðna við sig á fundum sínum fulltrúa Seðlabanka Íslands, fulltrúa viðskiptabankanna svo og sparisjóðanna. Það kom glögglega fram í máli þessara fulltrúa, að ekkert samband hafði verið haft við viðskiptabankana né sparisjóðina, þegar frumvarpið var undirbúið, og lítið samband haft við Seðlabankann. Engra upplýsinga hafði verið aflað um fyrirkomulag skattlagningar innlánsstofnana í næstu nágrannalöndum okkar, sem hafa mætti til hliðsjónar þegar slík löggjöf skyldi sett. Í athugasemdum við frumvarpið var ekki heldur fjallað um veigamestu atriði málsins, eins og það, hvaða áhrif skattlagningin kynni að hafa á innláns- og útlánsvexti og á eiginfjárstöðu innlánsstofnananna, þar með á efnahagsmálin. Þegar svo Seðlabankinn og sambönd viðskiptabanka og sparisjóða höfðu lagt fram ýtarlegar greinargerðir um þetta og önnur atriði málsins voru heldur engar athugasemdir við þær lagðar fram af hálfu fjármálaráðuneytisins fyrr en þess var beinlínis óskað af hálfu fjárhags- og viðskiptanefndar þessarar deildar. Sú umsögn, sem þá kom fram, 30. apríl, varpar hins vegar engu nýju ljósi á þau veigamiklu atriði, sem hér um ræðir.

Í upphaflegri gerð frumvarpsins var beinlínis gert ráð fyrir bæði tvísköttun og afturvirkni. Reynt var að leiðrétta þetta með breytingu sem fjármálaráðuneytið kom á framfæri við fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar og þar var samþykkt. Ekki tókst betur til en það, að í núverandi gerð sinni gerir frumvarpið ráð fyrir afturvirkum veltuskatti fyrir fyrstu mánuði ársins 1982, auk þess sem innlánsstofnunum einum skattgreiðenda er ætlað að greiða tekjuskatt á tekjuöflunarári í stað álagningarárs.

Af þeim greinargerðum, er fram hafa verið lagðar, og þeim umræðum, sem fram fóru í fjárhags- og viðskiptanefnd, er augljóst að skattlagning innlánsstofnana hlýtur að koma niður á viðskiptavinum, þ. e. sparifjáreigendum og lántakendum, eða að öðrum kosti skerða eiginfjárstöðu stofnananna. Það var álit bæði Seðlabankans og fulltrúa stofnananna sjálfra, að eiginfjárstaða þeirra sé það veik og útlit um afkomu þeirra það tvísýnt, að ekki megi koma til skerðingar eiginfjárstöðu. Hlyti þá skattlagningin að leiða til lækkunar innlánsvaxta eða hækkunar útlánsvaxta frá því sem ella hefði verið. Með tilliti til mikilvægis þess, að sparnaður haldist uppi og aukist, virðast mestar líkur til þess, að hækkun útlánsvaxta kæmi til sögunnar. Varla er unnt að gera ráð fyrir að þetta sé það sem vakað hefur fyrir mönnum þegar frumvarpið var undirbúið og lagt fram.

Þegar nefndarmenn áttu viðræður við viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra, sem mættu á fundum nefndarinnar, kom hins vegar skýrt fram, að tækist innlánsstofnununum ekki að mæta þessum auknu útgjöldum með meiri rekstrarhagkvæmni yrði vaxtabreyting til að koma svo fyrir hag stofnananna yrði forsvaranlega séð.

Af því, sem hér hefur verið vakin athygli á, svo og þeim greinargerðum, sem fram hafa verið lagðar, má sjá að hér er um að ræða mál sem hefur hlotið afar takmarkaðan og með öllu ófullnægjandi undirbúning.

Vegna þess svo og þeirra alvarlegu afleiðinga, sem skattlagning innlánsstofnana í þessari mynd hefði í för með sér, leggjum við til, að **frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. maí 1982.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Sighvatur Björgvinsson. Matthías Bjarnason.

Albert Guðmundsson.

Nd. 906. Frumvarp til laga [303. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum sem Skallagrímur hf. tekur til kaupa á nýju ferjuskipi til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipsins.

Áður en ábyrgð er veitt skal hlutafé félagsins aukið í samráði við ríkisstjórnina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 907. Lög [126. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 839.

Nd. 908. Lög [302. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 710.

Ed. 909. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til 1. um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen og Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi, 4. maí 1982.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm.
Kjartan Jóhannsson, fundaskr.
Davíð Aðalsteinsson.
Lárus Jónsson.
Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 910. Frumvarp til laga [242. mál]

um breytingu á lögum nr. 87/1971, um orlof.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:

Atvinnurekandi getur þó ekki ákveðið orlof launþega á tímabilinu 2. maí — 31. maí og 1. sept. — 15. sept., nema samþykki launþega komi til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 911. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til laga um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og hafa m. a. dómsmálaráðherra og biskup Íslands komið á fund nefndarinnar til viðræðna um málið. Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1982.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.
Salome Þorkelsdóttir, fundaskr.
Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm.
Davíð Aðalsteinsson.
Gunnar Thoroddsen.
Jón Helgason.
Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara.

Ed. 912. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 1. okt. 1981, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Alþingi, 4. maí 1982.

Egill Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Helgi Seljan.
Davíð Aðalsteinsson.	Jón Helgason.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Nd. 913. Nefndarálit [279. mál]

um frv. til l. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarp þetta á mörgum fundum. Til fundar við nefndina hafa mætt fulltrúar frá verkefnisstjórn iðnaðarráðuneytisins, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Íslenska járnblendifélaginu, Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun, Orkustefnunefnd, Náttúruverndarráði. Þá hafa nefndinni borist greinargerðir og umsagnir frá Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun, Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, breska fyrirtækinu Resources Development Group, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Eskifjarðarkaupstað, Reyðarfjarðarhreppi, Framkvæmdastofnun, Vinnueftirliti ríkisins, Félagi íslenskra iðnrekenda og fleiri aðilum.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem birtar eru á sérstöku þingskjali. Magnús H. Magnússon skilar séráliti. Birgir Ísl. Gunnarsson og Sigurlaug Bjarnadóttir áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 4. maí 1982.

Skúli Alexandersson, form., frsm.	Páll Pétursson.	Haraldur Ólafsson.
Pálmi Jónsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Sigurlaug Bjarnadóttir.

Nd. **914. Breytingartillögur** [279. mál]

við frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Verði gerðir samstarfssamningar milli ríkissjóðs og annarra hluthafa skal leggja slíka samninga fyrir Alþingi til staðfestingar.
2. Ný grein sem verður 3. gr.:
   Í sambandi við hlutafélag samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 25 000 000 í hlutafé í félaginu á árinu 1982 og taka lán í því skyni.
   Áður en ráðist verður í framkvæmdir við verksmiðjuna og hlutafé félagsins aukið skal stjórn félagsins gera eftirfarandi:
   a) Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.
   b) Gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, svo og nákvæma framkvæmda- og fjármögnunaráætlun, og gera aðrar þær athuganir er máli skipta.
   c) Undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.
   Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir og skal sú skýrsla lögð fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 200 000 000 í hlutafé til viðbótar.
   Þegar ákvörðun um að leggja fram viðbótarhlutafé hefur verið tekin er ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðra aðila til samstarfs skv. 2. gr. laganna.
3. Við 3. gr. sem verður 4. gr.
   a) Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Í sambandi við stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni enn fremur heimilt:
   b) 1. töluliður orðist svo:
      Að taka lán í því skyni að greiða hlutafjárframlag sitt, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna.
   c) 7. töluliður orðist svo:
      Fjárhæðir í 3. gr. og 5. tölulið þessarar greinar miðist við lánskjaravísitölu 1. mars 1982.
   d) Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
      Heimildum ríkissjóðs skv. 1., 2., 4. og 5. tölulið hér að framan verður ekki beitt fyrr en samþykki Alþingis skv. 3. mgr. 3. gr. hefur verið veitt.
4. Við 5. gr. sem verður 6. gr. Aftan við greinina bætist ný setning:
   Enn fremur er félagið undanþegið ákvæði 2. mgr. 47. gr. um kjör meiri hluta stjórnar á hluthafafundi.
5. Við 6. gr. sem verður 7. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn félagsins skipa 7 menn hið fæsta og 9 menn hið flesta og varamenn þeirra.
   Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins og varamenn þeirra til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir formann stjórnar úr hópi þingkjörinna stjórnarmanna.
   Í upphafi, er lög þessi hafa verið samþykkt, skal Alþingi kjósa 7 stjórnarmenn og 7 varamenn þeirra. Þegar aðrir hluthafar en ríkissjóður hafa eignast 10% og allt að 20% hlutafjár félagsins skulu þeir kjósa einn stjórnarmann og síðan einn stjórnarmann fyrir hver 10% hlutafjár til viðbótar. Þegar aðrir hluthafar en ríkissjóður hafa eignast þrjá stjórnarmenn fækkar stjórnarmönnum ríkissjóðs um einn í sex, og þegar aðrir hluthafar

hafa eignast fjóra fulltrúa fækkar stjórnarmönnum ríkissjóðs í fimm. Allar breytingar á stjórn félagsins miðast við aðalfund félagsins.

Atkvæði formanns ræður úrslitum máls þegar atkvæði eru á jöfnu á stjórnarfundum.

6. Við 7. gr. sem verður 8. gr.
   a) Í 2. mgr. á undan orðunum „1.0% af aðstöðugjaldsstofni“ komi orðin: allt að.
   b) 3. mgr. orðist svo:
   Alþingi skal ákveða skiptingu gjaldsins og ráðstöfun áður en rekstur verksmiðju félagsins hefst.
7. Við 9. gr. sem verður 10. gr. Greinin orðist svo:
   Höfnin við Mjóeyri skal vera í eigu hafnarsjóðs Reyðarfjarðarhrepps eða sérstaks hafnarsjóðs, sem stofnað yrði til skv. ákvæðum hafnalaga, og tryggi Reyðarfjarðarhöfn eða nýr hafnarsjóður hlutafélaginu afnot af höfninni með kjörum sem ríkisstjórnin samþykkir.

Nd. 915. Breytingartillaga [279. mál]

við frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni og Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Við 2. gr.

1. Fyrri málsliður orðist svo:
   Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags skv. 1. gr. skal ríkisstjórnin kveðja aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu.
2. Síðari málsliður falli brott.
3. Við brtt. 914, 2. tölul. (ný 3. gr.). 4. mgr. orðist svo:
   Þegar ákvörðun um að leggja fram viðbótarhlutafé hefur verið tekin skal ríkisstjórnin kveðja aðra aðila til samstarfs skv. 2. gr. laganna.

Nd. 916. Nefndarálit [279. mál]

um frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaður telur að leggja beri áherslu á uppbyggingu orkufreks iðnaðar til að auka atvinnu og treysta undirstöður þjóðarbúsins. Slíkar stóriðjuframkvæmdir verður að undirbúa af kostgæfni svo að þær nýtist sem allra best. Einungis á grundvelli vandaðs undirbúnings er rétt að ganga frá eiginlegum efnisþáttum. — Eins og fram kemur í margvíslegum umsögnum um fyrirliggjandi frumvarp er efnisundirbúningi mjög áfátt.

Undirritaður leggur því til að undirbúningi verði haldið áfram og hann falinn sérstakri undirbúningsstjórn. Er það reyndar í samræmi við hugmyndir sem fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks létu í ljós áhuga á auk mín þegar þessi mál voru til umfjöllunar í nefndinni í gær. Á hinn bóginn er fráleitt að taka afstöðu til ýmissa efnisatriða, eins og tillögur meiri hluta nefndarinnar gera nú ráð fyrir, fyrr en fyrir liggur niðurstaða af undirbúningsathugunum þeim sem allir virðast sammála um að nauðsynlegar séu. Þær athuganir eiga auðvitað að ráða úrslitum um hvernig haldið verður á efnisþáttum. Verður að teljast

veruleg þversögn í því að ætla að afgreiða hin margbreytilegustu efnisatriði um framhald málsins meðan undirbúningur stendur enn yfir.

Á þingskjali 917 flytur undirritaður því breytingartillögur við breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar, og gera þær ráð fyrir kosningu sérstakrar undirbúningsstjórnar. Jafnframt geri ég þá ráð fyrir að samið verði nýtt frv. um kísilmálmverksmiðjuna á grundvelli starfs undirbúningsstjórnarinnar.

Ég legg áherslu á eftirfarandi:

1) Auka á orkufrekan iðnað í landinu.
2) Undirbúning slíkra verkefna verður að vanda en mikið skortir á það í þessu tilviki.
3) Af þessum sökum verður að vinna áfram að undirbúningi verksins.
4) Afstaða til einstakra efnisþátta verður að grundvallast á undirbúningsvinnu þeirri sem fram undan er.
5) Þess vegna er rétt að bíða niðurstöðunnar úr starfi undirbúningsstjórnar áður en gengið er frá lagafrumvarpi um sjálfa starfrækslu verksmiðjunnar.

Alþingi, 4. maí 1982.

Magnús H. Magnússon,
fundaskr.

Nd. 917. Breytingartillögur [279. mál]

við frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og við brtt. á þskj. 914.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar (MHM).

1. 1. gr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir áframhaldandi undirbúningi að byggingu og rekstri verksmiðju á Reyðarfirði er framleiði kísilmálm.
2. 2. gr. orðist svo:
   Undirbúningsvinnan skal vera í höndum sjö manna undirbúningsstjórnar sem kosin skal hlutfallskosningu á Alþingi. Iðnaðarráðherra skipar formann undirbúningsstjórnarinnar.
3. 3. gr. orðist svo:
   Verkefni undirbúningsstjórnarinnar eru eftirfarandi:
   1) Að láta halda áfram undirbúningi að hönnun verksmiðjunnar og mannvirkjum henni tengdum og leita staðfestra tilboða í búnað hennar og byggingu mannvirkja.
   2) Að gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað svo og fjármögnunaráætlun og gera aðrar þær athuganir er máli skipta fyrir endanlega ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar.
   3) Að undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.
   4) Að gera tillögur um skatta og gjöld fyrirtækisins.
   5) Að undirbúa samninga um land, hafnaraðstöðu, vatnsréttindi og aðra þá aðstöðu á Reyðarfirði sem nauðsynleg er vegna rekstrar verksmiðjunnar.
   6) Að kanna möguleika á samstarfi við Íslenska járnblendifélagið um byggingu og starfrækslu verksmiðjunnar.
   7) Að láta fara fram rannsóknir, sem nauðsynlegar eru til að fylgjast með áhrifum af rekstri verksmiðjunnar á umhverfi hennar.

8) Að eiga viðræður við sveitarfélög á Austurlandi um eignaraðild þeirra að væntanlegu hlutafélagi til stofnunar og rekstrar kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og að gera tillögur um með hvaða hætti hvetja megi einstaklinga og fyrirtæki til þátttöku í félaginu.
9) Að semja drög að frumvarpi um stofnun kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

4. 4. gr. orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan, að leggja fram allt að kr. 25 000 000 eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt sem starfsfé undirbúningsstjórnarinnar og skoðist það sem fyrir fram hlutafjárgreiðsla ríkissjóðs vegna væntanlegrar hlutafélagsstofnunar.
5. 5. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31/12 1983 eða þar til ný lög taka gildi um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.
6. Aðrar greinar frv. falli niður.
7. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frv. til laga um áframhaldandi undirbúning að stofnun kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Ed. 918. Breytingartillaga [292. mál]

við frv. til laga um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.

Frá Geir Gunnarssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „ár hvert“ komi: annað hvert ár.

Nd. 919. Lög [291. mál]

um breytingu á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 634.

Nd. 920. Lög [253. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1978.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 531.

Nd. **921. Lög** [272. mál]

um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni hf.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 584.

Nd. **922. Lög** [259. mál]

um breytingu á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, lög nr. 59 31. maí 1979, um breytingu á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 545.

Ed. **923. Lög** [303. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 906.

Ed. **924. Lög** [292. mál]

um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 641.

Ed. **925. Lög** [314. mál]

um breyting á lögum nr. 77 1. okt. 1981, um dýralækna.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 837.

Nd. 926. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

1. 43. gr. stafliður h) orðist þannig:
   Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 20 kr. fyrir hverja ferð. Þetta gildir þó ekki á svæðum þar sem í gildi er númerasamningur um læknishjálp.
2. 43. gr. stafliður i) orðist þannig:
   Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að 7/8 hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþega-og flutningsleiðum. Þó greiði samlagssjúklingur aldrei meira en 500 kr. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðast 7/8 af fargjaldi fylgdarmanns jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða.
   Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi, sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 927. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til l. um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingalána til verkefna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 5. maí 1982.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Albert Guðmundsson.	Guðm. J. Guðmundsson.	Sighvatur Björgvinsson.
	Matthías Bjarnason.	

Sþ. 928. Skýrsla

iðnaðarráðherra um núgildandi áætlanir um stofnkostnað og arðsemi sjóefnavinnslu á Reykjanesi (skv. beiðni á þskj. 523).

Beiðni um skýrslu

frá iðnaðarráðherra um núgildandi áætlanir um stofnkostnað og arðsemi sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Sighvati Björgvinssyni, Benedikt Gröndal, Vilmundi Gylfasyni, Árna Gunnarssyni, Geir Gunnarssyni, Magnúsi H. Magnússyni, Karvel Pálmasyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Svar:

Eins og kunnugt er samþykkti Alþingi vorið 1981 lög, sem heimiluðu ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi svo og leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánum vegna hlutafélagsins.

Í greinargerð með ofangreindri beiðni um skýrslu segir m. a.:

„Þessar samþykktir voru gerðar á grundvelli þeirra áætlana sem þá lágu fyrir. Nú hefur komið fram í blaðaskrifum að þessar áætlanir standist ekki. Nauðsynlegt er að Alþingi fái sem gleggstar og réttastar upplýsingar um forsendur rekstrar og framkvæmda. Því er þessi beiðni um skýrslu fram borin."

Í tilefni þessarar fyrirspurnar hefur iðnaðarráðuneytið óskað eftir endurskoðaðri áætlun um stofnkostnað, rekstur og arðsemi sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Svar barst frá stjórn Sjóefnavinnslunnar hf. þann 21. apríl s. l. og fylgir það með sem fylgiskjal I. Í því kemur m. a. fram:

1. **Stofnkostnaður** verksmiðjunnar samkvæmt þeirri áætlun, sem lögð var fyrir Alþingi vorið 1981, færður upp til verðlags í febrúar 1982 samkvæmt byggingarvísitölu, er 213,8 millj. kr., en samkvæmt endurskoðaðri áætlun er stofnkostnaður áætlaður 219,3 millj. kr.
2. **Rekstrartekjur** voru áætlaðar 47,1 millj. kr., en við endurskoðaða áætlun 47,8 millj. kr.
3. **Rekstrarkostnaður,** án afskrifta og stofnlánavaxta hefur samkvæmt endurskoðaðri áætlun lækkað úr 23,2 millj. kr. í 23,0 millj. kr.
4. **Arðsemi.** Afkastavextir miðaðir við 15 ára endingartíma verksmiðjunnar voru áætlaðir um 7,3%, en eru nú áætlaðir um 7,5%.

Þetta eru meginniðurstöður úr endurskoðaðri áætlun Sjóefnavinnslunnar hf., og samkvæmt henni eru forsendur fyrir rekstri sjóefnavinnslu á Reykjanesi í meginatriðum óbreyttar.

Framkvæmdir við saltverksmiðju á Reykjanesi eru þegar hafnar og er áætlað að framleiðsla fínsalts, þar á meðal léttsalts, geti hafist á árinu 1983. Áætlað er að fyrsti áfangi verksmiðjunnar taki til starfa í febrúar 1983 og verði afkastageta þess áfanga um 100 tonn af salti á mánuði sem síðan mun aukast á miðju ári 1983, er nýjar aðveitulagnir verða tengdar við borholu 8.

Í marsmánuði s. l. barst iðnaðarráðuneytinu skýrsla frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda (SÍF) um Saltverksmiðju á Reykjanesi, en skýrsla þessi var unnin af Almennu verkfræðistofunni. Í skýrslunni er fjallað ítarlega um saltmarkað á Íslandi og stærð hans, verðmyndun á innfluttu salti, farmgjald frá Spáni til Íslands og umhverfis land hér ásamt flutningskostnaði með bílum í nágrenni verksmiðjunnar, svo og geymslukostnað á salti við verksmiðju eða útskipunarhöfn. Í lokaorðum skýrslunnar segir m. a.:

„Í ljósi verðþróunar síðustu tveggja ára, með hliðsjón af aukinni tækni við lestun og losun á innfluttu salti, bættum skipakosti og styttri flutningaleiðum verður þrátt fyrir mikla óvissu ekki hjá því komist að álykta að samkeppnisaðstaða saltsins frá Reykjanesi muni á verðgrundvelli verða nokkru lakari en áður greindar fyrri áætlanir gera ráð fyrir."

Af skýrslu Almennu verkfræðistofunnar virðist mega ráða, þótt ekki sé það beinlínis sagt, að tekjur fyrirhugaðrar saltverksmiðju á Reykjanesi af **fisksalti** gætu orðið allt að 10—15% lægri en áætlanir sögðu til um. Þar sem tekjur af fisksalti nema um 44% af áætluðum heildartekjum 40 þúsund tonna saltverksmiðju fæli þessi niðurstaða í sér að tekjur sjóefnavinnslunnar í heild yrðu 4—7% lægri en áætlað hafði verið.

Ráðuneytið skipaði starfshóp til að yfirfara þessa skýrslu og gefa umsögn um hana.

Í starfshópi þessum áttu sæti:

Gamalíel Sveinsson, viðskiptafræðingur, Þjóðhagsstofnun.

Sverrir Þórhallsson, verkfræðingur, Orkustofnun.

Egill Einarsson, verkfræðingur, Iðntæknistofnun Íslands.

Niðurstöður starfshópsins voru þær, að lækkun tekna sjóefnavinnslunnar af fisksalti yrðu minni en niðurstöður Almennu verkfræðistofunnar hf. gæfu til kynna, eða 7% lækkun tekna af fisksalti sem þýddi um 3% lækkun heildartekna. Það er álit starfshópsins, að niðurstöður AV, að teknu tilliti til endurmats starfshópsins, sýni ekki meiri frávik en almennt megi búast við á þessu stigi málsins.

Greinargerð starfshópsins fylgir með svari þessu sem fylgiskjal II.

Stjórn Sjóefnavinnslunnar hf. hefur sent frá sér fréttatilkynningu og efnt til blaðamannafundar um þetta mál og fylgir fréttatilkynningin með sem fylgiskjal III.

Áætlað er, að 34,4 millj. kr. verði varið til framkvæmda við byggingu saltverksmiðju á árinu 1982. Í þessum áfanga er gert ráð fyrir borun einnar holu og byggingu pönnuhúss með tilheyrandi útbúnaði.

Í samræmi við lög um sjóefnavinnsluna frá því í maí 1981 er gert ráð fyrir að frekari framkvæmdir við byggingu saltverksmiðju komi til umfjöllunar Alþingis.

Fylgiskjal I.

Sjóefnavinnslan hf. 21. apríl 1982

Iðnaðarráðuneytið
Hr. ráðuneytisstjóri Páll Flygenring
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Drög að svari iðnaðarráðherra við framkominni beiðni um skýrslu um núgildandi áætlanir um stofnkostnað og arðsemi Sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Sjóefnavinnslan hf. sendir yður hér með endurskoðaðar áætlanir um stofnkostnað, rekstur og arðsemi Sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Áætlun þessi er miðuð við verðlag í febrúar s. l. og inniheldur samanburð á núverandi áætlunum og þeim athugunum sem lagðar voru fram til grundvallar lögum nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Þessi áætlun byggir að því leyti á traustari grunni en fyrri áætlanir, að hönnun mannvirkja og búnaðar er nú lengra komin en þá var.

Svo sem fram kemur var stofnkostnaður verksmiðju, sem miðuð var við 40 000 tonn salts á ári, að viðbættum öðrum efnum, áætlaður kr. 157,65 millj. samkvæmt áætlun þeirri sem lögð var fyrir Alþingi, og miðaðist við verðlag í apríl 1981. Uppfært samkvæmt byggingarvísitölu, sem notuð var til grundvallar núverandi áætlun í febrúar 1982, nemur sú áætlun þá kr. 213,82 millj., en hin nýja áætlun nemur 219,3 millj. kr. eða hækkun um 2,5%.

Rekstrarkostnaður, án afskrifta og stofnlánavaxta hefur samkvæmt samsvarandi umreikningum og endurmati lækkað um 0,78% miðað við fyrri áætlanir.

Rekstrartekjur hefðu orðið kr. 47,05 millj., en reyndust við endurmat kr. 47,79 millj. Tekjur eru því áætlaðar örlítið hærri nú.

Afkastavextir miðaðir við 15 ára endingartíma verksmiðju voru áætlaðir 7,30% en eru nú áætlaðir 7,45%. Afkastavextir fjármuna hafa því hækkað lítið eitt samkvæmt áætlun þessari.

Sá stofnkostnaður, sem þegar hefur fallið til við byggingu verksmiðjunnar, er innifalinn í ofangreindum áætlunum.

Svo sem fram kemur er áætlaður framkvæmdakostnaður árið 1982 mkr. 34,4, verðlag febr. 1982.

Helstu liðir eru þessir.

1) Jöfnun verksmiðjusvæðis, sem er nú lokið. Kostnaður nam kr. 453 000 sem var 70% af kostnaðaráætlun.
2) Borun gufuholu nr. 9.
3) Borun kaldavatnsholu.
4) Fullnaðartenging borholu 8.
5) Bygging saltpönnuhúss um 2 000 m².
6) Bygging mötuneytis.
7) Undirbúningur að fínsaltsframleiðslu, m. a. með stækkun núverandi tilraunaverksmiðju.

Undir þennan lið falla m. a. tilraunir með framleiðslu „léttsalts“ til heimilisnota sem er að ryðja sér til rúms erlendis sem svar við áhrifum natríums til aukningar blóðþrýstings. Er þá kalí blandað neyslusaltinu. Þessi framleiðsla er talin eiga mjög heppileg skilyrði á Reykjanesi.

Áætlað er að framleiðsla hefjist í jan.—febr. 1983 og mun fyrstu mánuðina nema um 100 tonnum á mánuði, en aukast um mitt ár í 400 tonn á mánuði, þ. e. bæði fínsalt og grófsalt.

Þær viðbótarframkvæmdir, sem áætlaðar eru á árinu 1983 og áætlað er að kosti kr. 42,4 millj., eru þessar helstar:

1) Bygging eima.
2) Bygging saltgeymsluhúss.
3) Uppsetning rafstöðvar.
4) Fullbygging fínsaltsdeildar.

Með þessum framkvæmdum verður framleiðsla um 1 000 tonn á mánuði, sem er nokkru meira en áður var áætlað. Sú aukning liggur í því, að fínsaltsdeildin fullnýtir þann saltlög sem til fellur frá grófsaltsvinnslunni og upphaflega var miðað við (8000 tn).

Með þeirri framkvæmdaáætlun, sem hér hefur verið lýst, nýtast allar framkvæmdir að fullu í væntanlegri 40 000 tonna verksmiðju, en í fyrri áætlun var það ekki ráðgert nema að hluta. Enn fremur er nú fyrirhugað að stofna til fínsaltsvinnslu sem m. a. hefur þann tilgang að framleiða svonefnt „léttsalt", svo sem fyrr segir. Þá hefur litlum gufuhverfli verið bætt á framkvæmdaáætlun í stað háspennulínu, og inn koma eimar í stað útiþróa.

Virðingarfyllst,
f. h. Sjóefnavinnslunnar hf.
Finnbogi Björnsson.

Stofnkostnaður sjóefnavinnslu á Reykjanesi.
Grundvöllur: 40 000 t salts/ár

Liðir	Áætlun Sjóefnav. hf. Verðl. febr. 1982 BV = 925 Millj. kr.	Áætlun í greinarg. til Alþingis Verðl. apríl 1981 BV = 682 Millj. kr.
1. Borholur, safnæðar og rafstöð	45,0	26,85
2. Vélar og tæki í verksmiðju	98,6	76,65
3. Byggingar á verksmiðjulóð	48,8	35.67
4. Rafbún., rafl. og stofnlína	13,1	9,06
5. Lóðarfrágangur o. fl.	5,3	1,45
6. Flutningskostn. utan verksm.	8,5	7,97
Samtals m. kr.	**219,3**	**157,65**
Þar af fjárfestingaáform 1982	**34,4**	

Rekstrarkostnaður 40 000 tonna verksmiðju.

	Áætlun Sjóefnav. hf. Verðl. febr. 1982 Þús. kr.	Áætlun í greinarg. til Alþingis Verðl. apríl 1981 Þús. kr.
Ýmis aðföng	4 991	3 680
1. Plastsekkir	1 278	942
2. Varahl. og viðhaldsvörur	3 164	2 333
3. Önnur aðföng	549	405
Orka	239	190
4. Afgjald af orku og hráefnisréttindum	239	190
Laun og launatengd gjöld	9 562	7 175
5. Verksmiðjustjórnun	2 687	2 016
6. Rekstur véla	3 821	2 867
7. Viðhaldsstarfslið	1 157	868
8. Mötuneyti	305	229
9. Launatengd gjöld	1 592	1 195
Flutningskostnaður á SV-landi	3 929	2 897
10. Breytil. flutningskostnaður	3 920	2 897
Aðkeypt viðhald og þjónusta	1 386	1 022
11. Viðhald í gufu- og rafstöðvarmannvirkjum	829	611
12. Ýmis aðkeypt þjónusta	557	411
Skrifstofukostn., tryggingar o. fl.	2 862	2 110
13. Yfirstj. og skrifstofukostn. ót. a.	1 381	1019
14. Tryggingar o. fl.	1 189	877
15. Rekstrarvextir	290	214
Rekstrarkostnaður alls án afskrifta og stofnáætlana	**22 967**	**17 074**

Árlegt söluverðmæti.

	Magn Tonn	Febr. 1982 Ein.verð Kr./tonn	Febr. 1982 Verðmæti Þús.kr.	Apríl 1981 Ein.verð Kr./tonn	Apríl 1981 Verðmæti Þús.kr.
1. Fisksalt, SV-land	20 000	692*)	13 840	483	9 660
2. Fisksalt, með skipum	18 000	423	7 614	312	5 616
3. Matarsalt, gróft	150	3 719	558	2 742	411
4. Fínsalt	2 000	2 091	4 182	1 542	3 084
5. Kalí	4 000	1 208	4 832	891	3 564
6. Kalsíumklóríð	9 000	1 488	13 302	1 097	9 873
7. Vítissódi o. fl.			300		1 696
8. Bróm	115	9 297	1 068	6 855	788
Samtals m. kr.			**47 786**		**34 692**

*) frádráttur $ 4,00 af kr. 730 til vara v/ófyrirséðs kostn.

Niðurstöður.

	Endurmat áætlun febr. '82	Uppfærsla á áætlun apríl '81 samkv. BV	Áætlun apríl 1981	% frávik frá BV
Stofnkostnaður, millj. kr.	219,30	213,82	157,65	+2,56
Rekstrartekjur, millj. kr.	47,79	47,05	34,69	+2,56
Rekstrarkostn. án afskrifta og stofnl.vaxta millj. kr.	22,97	23,15	17,07	−0,78
Afkastavextir m. v. 15 ára endingartíma	7,45	—	7,30	+0,14

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 6. apríl 1982.

Til: Iðnaðarráðuneytisins
Frá: Gamalíel Sveinssyni
Sverri Þórhallssyni
Agli Einarssyni

Efni: Umsögn um skýrslu Almennu verkfræðistofunnar hf. **Saltverksmiðja á Reykjanesi;** Saltverð, flutningskostnaður og geymslukostnaður dags. 26. mars 1982.

Með bréfi mótteknu 2. apríl s. l. var okkur falið að yfirfara og gefa umsögn um skýrslu Almennu verkfræðistofunnar hf. um Saltverksmiðju á Reykjanesi, en skýrsla þessi var unnin að beiðni Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.

Í skýrslunni er fjallað ítarlega um saltmarkað á Íslandi og stærð hans, verðmyndun á innfluttu salti, farmgjöld frá Spáni til Íslands og umhverfis land hér ásamt flutningskostnaði með bílum í nágrenni verksmiðjunnar, svo og geymslukostnaði á salti við verksmiðju eða útskipunarhöfn. Í lokaorðum skýrslunnar segir m. a.:

„Í ljósi verðþróunar síðustu tveggja ára, með hliðsjón af aukinni tækni við lestun og losun á innfluttu salti, bættum skipakosti og styttri flutningaleiðum verður þrátt fyrir mikla óvissu ekki hjá því komist að álykta að samkeppnisaðstaða saltsins frá Reykjanesi muni á verðgrundvelli verða nokkru lakari en áðurgreindar fyrri áætlanir gera ráð fyrir." (Bls. 78 í skýrslu AV).

Við þremenningar höfum yfirfarið þessa skýrslu eftir því, sem við höfum talið ástæðu til og tök hafa verið á, á þeim tíma sem okkur er ætlaður.

Á þeim síðastliðnum 1—2 árum, sem liðin eru frá því skýrslur Iðntæknistofnunar, Undirbúningsfélags Saltverksmiðju á Reykjanesi og Saltvinnslunefndar (SN) voru unnar, hafa ýmsar forsendur breyst nokkuð. Má þar nefna:

a) Markaður fyrir fisksalt er nú áætlaður 65 þúsund tonn á ári, en var í fyrri skýrslum áætlaður um 55 þúsund tonn.
b) Í skýrslu AV er nú reiknað með að farmgjöld til landsins séu um $36 á tonn, en fyrir tveim árum voru þessi farmgjöld áætluð $41 á tonn, hvort tveggja á verðlagi síns tíma. Af þessum sökum er útsöluverð á salti í skýrslu AV áætlað um $4 á tonn lægra en í skýrslu SN. Þessi munur hefur síðan jafnast aftur vegna nýlegrar hækkunar á salti eftir að skýrsla AV var gerð.

Í skýrslu AV er einnig að ýmsu leyti byggt á nokkuð öðrum aðferðum en í fyrri skýrslum. Á þetta einkum við um áætlanir um farmgjöld og skiptingu þeirra milli siglingakostnaðar og biðtíma, en sú uppskipting er síðan notuð m. a. til þess að áætla með ákveðnari hætti en áður áhrif bættrar flutningatækni til lækkunar á farmgjöldum. Eftir sem áður hljóta þó slík matsatriði að vera mikilli óvissu háð. Sama máli gegnir um ýmsar aðrar gefnar forsendur, svo sem um markaðshlutdeild fyrirhugaðrar Saltverksmiðju á SV-landi.

Í skýrslu AV er enn fremur metin meðaltalshækkun á flutningskostnaði saltfisks um $3 eða tæp 5%, ef salt yrði ekki flutt til landsins sem tilbakafrakt. Engar horfur eru á því, að þessi tilbakafrakt muni falla niður, því núverandi áætlanir um saltverksmiðju gera ráð fyrir 25—30 þúsund tonna innflutningi eftir tilkomu verksmiðjunnar eða ríflega tvöfaldri núverandi tilbakafrakt.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerður samanburður á niðurstöðum AV nú og skýrslu Saltvinnslunefndar. Samanburðinum verður skipt í tvennt. Fyrst verður miðað við núverandi flutningatækni en á eftir verður stuttlega vikið að dæmi um lækkun flutningskostnaðar. Ef miðað er við núverandi flutningatækni má rekja mismun á niðurstöðum í skýrslum AV og SN til eftirtalinna fjögurra atriða:

1) Farmgjöld með skipum frá Reykjanesi út á land eru áætluð mun hærri í skýrslu AV. Hækkunin jafngildir nálægt $5,90
2) Rýrnun áætlar AV á bilinu ..... $2,20 til $2,80
3) Akstur í nágrenni verksmiðjunnar áætlar AV lægri. Lækkunin jafngildir um $1,80
4) AV umreiknar útsöluverð á salti frá ársbyrjun 1982 til ársbyrjunar 1980 eftir byggingavísitölu. Saltverð hefur ekki fylgt byggingavísitölu. Mismunur $2,88

Mikilvægi hvers liðar hér að ofan má skoða með hliðsjón af því útsöluverði á salti sem reiknað er með í skýrslu AV, þ. e. $65,60.

Af skýrslu AV virðist mega ráða, þótt ekki sé það beinlínis sagt, að tekjur fyrirhugaðrar Saltverksmiðju á Reykjanesi af **fisksalti** gætu orðið allt að 10—15% lægri en áætlanir SN bentu til. Þá er reiknað með öllum töluliðunum fjórum hér að ofan, og þeir vegnir saman eftir breytilegum forsendum um markaðshlutdeild saltverksmiðjunnar á SV-landi.

Varðandi framangreinda útreikninga teljum við ástæðu til þess að taka fram eftirfarandi:

1) Mismun í farmgjöldum má m. a. rekja til þess, að fyrri áætlun um flutningskostnað byggði á tilboðum skipafélaga, en sú síðari (áætlun AV) er byggð á flutningskostnaðarlíkani AV.
2) Sú rýrnun, sem AV reiknar með í skýrslunni (5—7%), er mun hærri en reiknuð er á innflutt salt, en skv. upplýsingum AV er þar reiknað með 0—3%. Álitamál kann að vera, með hve hárri rýrnun eigi að reikna, en tæpast er þó ástæða til annars en reikna með sem næst hliðstæðri rýrnun og á innfluttu salti.

3) Útreikningar AV gera ráð fyrir að saltverð hafi lækkað um 9% á síðustu tveimur árum miðað við byggingavísitölu. Við teljum ekki ástæðu til þess að taka þessa lækkun með, enda staðfestir nýleg verðþróun að um tímabundna lækkun hefur verið að ræða.

Með hliðsjón af þessum athugasemdum er það niðurstaða okkar, að lækkun á tekjum fyrirhugaðrar Saltverksmiðju af fisksalti sé minni en niðurstöður AV virðast benda til. Munurinn gæti verið nær helmingi þannig að lækkun tekna af fisksalti gæti verið allt að 7%.

Í skýrslu AV er einnig tekið dæmi um lækkun á farmgjöldum vegna bættrar flutningatækni við lestun og losun sem fyrirhuguð er. Að mati AV er þessi lækkun áætluð $7,56 á tonn. Sambærileg lækkun í áætlun SN var metin $4,00. Hér er vissulega um álitaefni að ræða, en endanleg niðurstaða í þessum efnum mun m. a. ráðast af því, hve mikil hækkun verður á innkaupsverði á salti frá Spáni vegna tækniframfara þar.

Allir framangreindir útreikningar eru miðaðir við fisksalt eingöngu. Þegar meta á framangreindar niðurstöður um lækkun tekna af fisksalti um allt að 7% fyrir fyrirtækið í heild er þess að minnast, að fisksalt er áætlað 44% af heildartekjum 40 þúsund tonna saltverksmiðju. Umrædd 7% lækkun tekna af fisksalti þýddi því um 3% lækkun heildartekna. Til samanburðar má geta þess, að séu niðurstöður AV notaðar óbreyttar þýddu þær lækkun heildartekna um 4—7% miðað við óbreytta flutningatækni, en að teknu tilliti til bættrar flutningatækni gæti lækkun heildartekna verksmiðjunnar orðið 10—11% skv. mati AV.

Nýjungar við lestun og losun salts geta lækkað flutningskostnað um $4—8 á tonn eða allt að 12% af saltverði að mati AV. Þetta ásamt fleiru undirstrikar það sem raunar var áður kunnugt, að allar líkur eru á, að markaðsverð á innfluttu salti ætti að geta lækkað, geri samkeppnisaðstæður það nauðsynlegt.

Við mat á áhrifum framangreindrar niðurstöðu fyrir verksmiðjuna í heild er að síðustu rétt að benda á, að endanlegar áætlanir um ýmsa aðra veigamikla þætti, sérstaklega að því er varðar söltun á öðrum afurðum svo og stofnkostnað, liggja ekki fyrir. Það er því okkar álit að niðurstöður AV, að teknu tilliti til okkar endurmats, sýni ekki meira frávik en almennt megi búast við á þessu stigi undirbúnings málsins þótt þær vissulega veiki afkomuhorfur fyrirtækisins.

Fylgiskjal III. 18/4'82

Fréttatilkynning.

Stjórn Sjóefnavinnslunar hf. barst í dag skýrsla S.Í.F., sem unnin hefur verið af Almennu verkfræðistofunni, um áhrif flutningskostnaðar á tekjur Sjóefnavinnslunnar af saltsölu innanlands.

Stjórn Sjóefnavinnslunnar telur gagnlegar upplýsingar koma fram í skýrslunni, en telur rangar ályktanir hafa verið dregnar af niðurstöðum. Með því að nota einungis upplýsingar, sem eru í skýrslunni, telur stjórnin að það, sem talið var allt að 25% tekjurýrnun fyrir Sjóefnavinnsluna, sé í raun allt að 14% tekjuaukning.

Þetta má skýra á eftirfarandi hátt: Helming af þeirri tekjulækkun upp á 25% má rekja til væntanlegra tækniframfara á Spáni í framtíðinni, sem óvíst er hvort skili sér í lækkuðu saltverði á Íslandi. Enn fremur er grunnverð skýrslu S.Í.F. 6.4% lægra en viðmiðunarverð áætlana Sjóefnavinnslunnar, sem orsakast af mismunandi vísitöluforsendum.

Auk þess er í skýrslu S.Í.F. gert ráð fyrir 6% rýrnun á salti við flutning frá verksmiðjunni, en þegar hafði verið tekið tillit til þeirrar rýrnunar í hönnunarforsendum verksmiðjunnar.

Þá bendir stjórn Sjóefnavinnslunnar hf. að lokum á, að ekki hefur verið tekið tillit til verðhækkunar á innfluttu salti og gengismismunar s. l. tvo mánuði, samtals 14%, sem stjórnin telur vera tekjuaukningu miðað við upplýsingar úr skýrslu S.Í.F.

Stjórn Sjóefnavinnslunnar hf.

Fylgiskjal IV.

21/4'82

Blaðamannafundur Hótel Sögu 21. apríl 1982.

1. Niðurstöður tilrauna með söltun á þorski með Reykjanessalti. Tilraunir framkvæmdar um 3ja ára skeið undir umsjá Geirs Arnesen, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
2. Niðurstöður tilrauna með söltun á síld með Reykjanessalti. Tilraunir framkvæmdar undir umsjá Jóns Ögmundssonar, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
3. Tilraunir með gærusöltun með Reykjanessalti, framkvæmdar af Rannsóknastofu búvörudeildar S.Í.S.
4. Tilraunaframleiðsla léttsalts, þ. e. heimilissalts með lágu natríummagni. Félagið stefnir að því að hefja framleiðslu á slíku salti á næsta ári. Aðstæður til þess eru taldar mjög góðar á Reykjanesi sökum hagstæðs efnainnihalds jarðsjávarins.

Fundinn sitja auk fréttamanna:
Guðmundur Einarsson, stjórnarformaður Sjóefnavinnslunnar hf.
Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri.
Geir Arnesen, efnaverkfræðingur, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
Baldur Líndal, efnaverkfræðingur.
Sigurður V. Hallsson, efnaverkfræðingur.
Finnbogi Björnsson, framkvæmdastjóri Sjóefnavinnslunnar hf.

Reykjavík, apríl 1982.

RANNSÓKNASTOFNUN FISKIÐNAÐARINS

Ágrip af skýrslum.

Um samanburðartilraunir með söltun á þorski og síld úr innfluttu þvegnu Miðjarðarhafssalti og tilraunasalti, framleiddu á Reykjanesi.

Haustið 1979 fór Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi þess á leit við R.f. að gerðar yrðu ofangreindar samanburðartilraunir og var ákveðið að verða við þeirri málaleitan.

Söltun á þorski.

Auk nokkurra fortilrauna, sem gerðar voru í húsakynnum R.f. að Skúlagötu 4, voru gerðar 12 samanburðartilraunir úti í verstöðvunum og liggja niðurstöður þeirra nú fyrir.

Af aukasöltum inniheldur íslenska saltið nær eingöngu kalsíumklóríð og mun verksmiðjan geta ráðið magni þess eftir vild. Kopar eða skaðlegt járnmagn hafa aldrei fundist í því við efnarannsókn. Í Miðjarðarhafssaltinu er aftur á móti lítils háttar magn af kalsíumsúlfati (gipsi) og magníumsöltum. Fullstaðinn saltfiskur (pækilsaltaður) úr Reykjanessalti var yfirleitt ljósari á lit og holdið stinnara en á saltfiski úr sambærilegu hráefni söltuðu úr Miðjarðarhafssalti. Bestur árangur náðist með salti með ca. 0.5% kalsíumklóríð. Þegar á heildina er litið flokkaðist þó fiskurinn úr Reykjanessaltinu lítið betur en úr Miðjarðarhafssalti við saltfiskmat. Vægi litblæsins virðist fremur óljóst og losið oft meira en $CaCl_2$-magnið réð við. Að vísu er það svo að fiskurinn verður hvítari og stinnari með hækkandi kalsíumklóríðinnihaldi í saltinu, en jafnframt lækkar söltunarhraðinn (hægari saltupptaka) og verði magnið of mikið fer að bera á sprungum í fiskholdinu og jafnvel hrúðri á yfirborði saltfisksins. Það ætti að vera auðvelt fyrir verksmiðjuna að halda sig innan hæfilegra marka.

Við fyrstu verstöðvatilraunina kom greinilega í ljós að nauðsynlegt er að fjarlægja alla blóðbletti af fiskholdinu fyrir söltun eða með snyrtingu um leið og fiskurinn er tekinn úr körunum. Rauðir blóðblettir verða yfirleitt brúnir við söltunina og erfiðara að fjarlægja þá eftir því sem lengra líður frá söltun. Þessir blettir eru miklu meira áberandi á hvítum saltfiski en dökkleitum. Ef vel var að þvottinum staðið, komu engir brúnir blettir af þessu tagi fram við tilraunirnar. Þyngdarnýtingin var eins úr báðum salttegundum.

Ég hef orðið þess var, að nokkur uggur er í sumum saltendum vegna minni kornastærðar í Reykjanessaltinu en því salti, sem þeir eru vanir að nota. Ég held þó ekki að hér sé um stórt vandamál að ræða, a. m. k. ekki við pækilsöltun, enda mun verksmiðjan líka geta aukið kornastærðina ef þess er óskað, en því fylgir sjálfsagt einhver kostnaðarauki.

Í íslenska saltinu hafa ekki fundist roðagerlar og verður það þrátt fyrir mengunarhættu í fiskhúsunum að teljast ótvíræður kostur.

Geymsluþolstilraunir gagnvart roðaskemmdum, sem gerðar hafa verið við 21° C á fullstöðnum saltfiski beint úr fiskhúsunum, gáfu mun betri raun fyrir fisk úr Reykjanessalti en Miðjarðarhafssalti.

Staflasöltun með Reykjanessalti hefur enn aðeins lítillega verið reynd, en kemur þó vel til greina, sérstaklega ef mikið los er í hráefninu.

Að þessum tilraunum stóðu auk mín, þeir fiskmatsmennirnir Sigurður Óskarsson kennari við Fiskvinnsluskólann, sem sá um ferskfiskmat og verkstjórn, og Jóhann Eiríksson deildarstjóri, við Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sem tók að sér að meta fullstaðna fiskinn. Það er samdóma álit okkar allra að úr Reykjanessalti með hæfilegu kalsíumklóríðmagni megi framleiða a. m. k. eins góðan saltfisk og úr þvegnu Miðjarðarhafssalti.

Um framleiðslukostnað Reykjanessaltsins og önnur viðskiptaleg atriði hefur stofnuninni ekki verið falið að fjalla. Fiskurinn er metinn eftir þeim reglum sem nú gilda um fiskmat, en þess skal að lokum getið, að með bréfi 16. mars 1981 hefur sjávarútvegsráðuneytið falið Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins samningu handbókar, sem að meginefni fjalli um gæðamat á fiskafurðum til notkunar í útgerð og fiskiðnaði, til kennslu og við mats- og eftirlitsstörf.

Ekki skal um það fullyrt að svo komnu máli, hvort þetta muni hafa í för með sér breyttar starfsreglur við fiskmat.

Reykjavík, 14. apríl 1982.
Geir Arnesen.

RANNSÓKNASTOFNUN FISKIÐNAÐARINS

Söltun síldar með íslensku salti.

11. nóvember 1980 var saltað í 10 tunnur af „specialsíld" með salti frá Saltverksmiðjunni á Reykjanesi. Tvenns konar salt var notað og voru 5 tunnur með hvorri tegund. Saltið innihélt ýmist 0.2% eða 0.4% $CaCl_2$.

Meðan söltun stóð yfir var reynt að athuga, hvort íslenska saltið væri á einhvern veg verr fallið til síldarsöltunar en innflutt salt. Ekki virtist kögglamyndun meiri í íslenska saltinu en hinu. Söltunarstúlkur sögðu ekki verra að vinna með íslenska saltinu. Nauðsynlegt er að vigta sérhvern saltskammt, því rúmmálsmælingar eru ónothæfar vegna þess hve íslenska saltið „pakkast" misvel.

Skynmat á verkaðri síld leiddi í ljós, að „specialsíldin" úr íslenska saltinu verkaðist á sama hátt og síld, sem söltuð var með innfluttu salti. Þessi athugun bendir því til þess, að unnt sé að nota íslenskt salt við síldarsöltun, með þeim fyrirvara, að það sé vigtað í hverja síldartunnu.

Reykjavík, 13. apríl 1982.
Jón Ögmundsson.

SAMBAND ÍSLENSKRA SAMVINNUFÉLAGA
RANNSÓKNASTOFA BÚVÖRUDEILDAR

Hr. Gunnar Sveinsson,
Kaupfélagi Suðurnesja.

Reykjavík, 27/11 1979.

Undirritaður skoðaði í dag gærur í gæruhúsi Kaupfélags Suðurnesja í Grindavík.

Söltun á gærunum er til hreinnar fyrirmyndar að því leyti, að gærustæður eru lágar, ca. 1 m á hæð, geilar eru á milli stæðanna og a. m. k. efstu gærurnar virtust vandlega saltaðar.

Nú í haust voru saltaðar nokkrar gærur hjá Kaupfélagi Suðurnesja með salti frá Saltvinnslunni á Reykjanesi.

Notað var salt af tvennum grófleika. Einkum var áberandi við þessar gærur, að þær virtust ljósari en gærur saltaðar með innfluttu salti. Ekki var unnt að merkja annað en gærurnar hefðu saltast vel, þó saltið virtist ekki hafa runnið í sama mæli og innflutta saltið.

Mjög væri æskilegt að þessum gærum væri haldið sér og þær skoðaðar nákvæmlega eftir sútun til að kanna, hvort þetta salt hefur nokkur áhrif á gæði þeirra, til hins betra eða verra.

Með kveðju,
f. h. Rannsóknastofu Búvörudeildar,
Sigurður Örn Hansson.

Nd. 929. Frumvarp til laga [279. mál]

um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálmi og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags skv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðra aðila sem áhuga hafa á málinu. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta. Verði gerðir samstarfssamningar milli ríkissjóðs og annarra hluthafa skal leggja slíka samninga fyrir Alþingi til staðfestingar.

3. gr.

Í sambandi við hlutafélag samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 25 000 000 í hlutafé í félaginu á árinu 1982 og taka lán í því skyni.

Áður en ráðist verður í framkvæmdir við verksmiðjuna og hlutafé félagsins aukið skal stjórn félagsins gera eftirfarandi:

a) Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.
b) Gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, svo og nákvæma framkvæmda- og fjármögnunaráætlun, og gera aðrar þær athuganir er máli skipta.
c) Undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir og skal sú skýrsla lögð fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 200 000 000 í hlutafé til viðbótar.

Þegar ákvörðun um að leggja fram viðbótarhlutafé hefur verið tekin er ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðra aðila til samstarfs skv. 2. gr. laganna.

4. gr.

Í sambandi við stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórnini enn fremur heimilt:

1. Að taka lán í því skyni að greiða hlutafjárframlag sitt, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna.
2. Að láta byggja og reka höfn, sem félagið hafi aðgang að við Mjóeyri í Reyðarfirði.
3. Að láta leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Mjóeyri.
4. Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðju- og hafnarsvæði við Mjóeyri til flutnings á rafmagni til byggingar og reksturs verksmiðju félagsins, til hafnarinnar og til almennra nota þar á staðnum.
5. Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að kr. 300 000 000 eða taka lán að sömu fjárhæð og endurlána félaginu til byggingar verksmiðjunni.
6. Að lækka stimpilgjöld vegna stofnlána sem félagið tekur og fella niður stimpilgjöld af hlutabréfum í félaginu.
7. Fjárhæðir í 3. gr. og 5. tölulið þessarar greinar miðist við lánskjaravísitölu 1. mars 1982.

Heimildum ríkissjóðs skv. 1., 2., 4. og 5. tölulið hér að framan verður ekki beitt fyrr en samþykki Alþingis skv. 3. mgr. 3. gr. hefur verið veitt.

5. gr.

Í sambandi við stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. er landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs og hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, hreppsnefnd Helgustaðahrepps og bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar, sem umráða- og hagsmunaaðilum, heimilt að selja ríkissjóði kristfjárjarðirnar Sómastaði, Sómastaðagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi.

Andvirði hinna seldu jarða skal varið til félagslegra framkvæmda í Reyðarfjarðarhreppi, Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað. Ráðstöfun söluandvirðis skal háð samþykki félagsmálaráðuneytisins, og ráðstöfun söluandvirðis skal vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

Fjármálaráðherra er heimilt að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs kristfjárjarðirnar Sómastaði, Sómastaðagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi ásamt mannvirkjum og ræktun og leigja hlutafélagi skv. 1. gr. lóð úr landi jarðanna undir starfsemi þess og selja hafnarsjóði skv. 10. gr. úr landi jarðanna hentugt jarðnæði vegna hafnar við Mjóeyri í Reyðarfirði.

Verð jarðanna, mannvirkja á þeim svo og ræktunar fer eftir því sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

6. gr.

Tala stofnenda hlutafélagsins skal vera óháð 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978 og tala hluthafa skal vera óháð 1. gr. 17. gr. laganna. Enn fremur er félagið undanþegið ákvæði 2. mgr. 47. gr. um kjör meiri hluta stjórnar á hluthafafundi.

7. gr.

Stjórn félagsins skipa 7 menn hið fæsta og 9 menn hið flesta og varamenn þeirra.

Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins og varamenn þeirra til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir formann stjórnar úr hópi þingkjörinna stjórnarmanna.

Í upphafi, er lög þessi hafa verið samþykkt, skal Alþingi kjósa 7 stjórnarmenn og 7 varamenn þeirra. Þegar aðrir hluthafar en ríkissjóður hafa eignast 10% og allt að 20%

hlutafjár félagsins skulu þeir kjósa einn stjórnarmann og síðan einn stjórnarmann fyrir hver 10% hlutafjár til viðbótar. Þegar aðrir hluthafar en ríkissjóður hafa eignast þrjá stjórnarmenn fækkar stjórnarmönnum ríkissjóðs um einn í sex, og þegar aðrir hluthafar hafa eignast fjóra fulltrúa fækkar stjórnarmönnum ríkissjóðs í fimm. Allar breytingar á stjórn félagsins miðast við aðalfund félagsins.

Atkvæði formanns ræður úrslitum máls þegar atkvæði eru á jöfnu á stjórnarfundum.

8. gr.

Hlutafélagi skv. 1. gr. ber að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld sem almennt eru álögð hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda skv. lögum á hverjum tíma.

Félagið skal greiða árlegt gjald, er nemi allt að 1% af aðstöðugjaldsstofni. Gjald þetta kemur í stað aðstöðugjalds á atvinnurekstur félagsins skv. lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og annarra gjalda er leysa kynnu aðstöðugjaldið af hólmi.

Alþingi skal ákveða skiptingu gjaldsins og ráðstöfun áður en rekstur verksmiðju félagsins hefst.

Gjaldið skal lagt á og innheimt á sama hátt og aðstöðugjald og greiðast á sömu gjalddögum og aðstöðugjald. Taka má gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

9. gr.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingavörum og varahlutum til verksmiðju félagsins og reksturs hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning. Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og/eða söluskatt af vöru eða þjónustu, sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar, í þeim tilgangi að efla aðstöðu innlendra aðila til samkeppni um verkefni í sambandi við bygginguna.

Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á hráefnum og rekstrarvörum, sem beinlínis eru notaðar í framleiðslu á útflutningsvörum frá verksmiðjunni, skal undanþeginn tollum á innflutning og útflutning og söluskatti, svo og sala til útlanda á framleiðsluvörum félagsins.

Rafmagn til reksturs verksmiðjunnar skal undanþegið söluskatti og verðjöfnunargjaldi á raforku.

10. gr.

Höfnin við Mjóeyri skal vera í eigu hafnarsjóðs Reyðarfjarðarhrepps eða sérstaks hafnarsjóðs, sem stofnað yrði til skv. ákvæðum hafnalaga, og tryggi Reyðarfjarðarhöfn eða nýr hafnarsjóður hlutafélaginu afnot af höfninni með kjörum sem ríkisstjórnin samþykkir.

11. gr.

Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Mjóeyri af hennar völdum.

Hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur skulu í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og þá staðla sem settir eru skv. þeim.

Hlutafélagið skal kosta rannsóknir sem hlutaðeigandi stjórnvöld telja nauðsynlegar til að fylgjast með áhrifum af rekstri verksmiðjunnar á umhverfi hennar.

Ef ágreiningur rís um eðli og umfang nauðsynlegra rannsókna skv. 3. mgr. sker ráðherra úr um ágreininginn.

12. gr.

Við kísilmálmverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk

samstarfsnefndarinnar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.

13. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, sem snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 930. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um þá breytingu sem gerð var á frumvarpinu í efri deild eftir afgreiðslu þessarar deildar á málinu.

Samkomulag varð ekki í nefndinni um þá breytingu, en minni hlutinn leggur til að deildin samþykki þá breytingu sem samþykkt var samhljóða í efri deild og félagsmálanefnd þeirrar deildar stóð einhuga að.

Umsögn barst frá BSRB sem mælir með að frv. verði samþykkt, en ASÍ sendi ekki umsögn. Fulltrúar Vinnuveitendasambandsins, sem mættu á fund nefndarinnar, lýstu andstöðu við frumvarpið.

Reykjavík, 5. maí 1982.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Nd. 931. Lög [273. mál]

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 585.

Ed. 932. Lög [28. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 926.

Ed. 933. Nefndarálit [286. mál]

um frv. til laga um jöfnun hitunarkostnaðar.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og samþykkir að leggja eftirfarandi til:

Með skírskotun til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í efri deild í gær og í trausti þess, að þær aðgerðir til jöfnunar hitunarkostnaðar, sem lofað hefur verið fyrir 1. ágúst n. k., verði ákveðnar með sérstöku tilliti til efnisþátta frumvarpsins, samþykkir deildin að **vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Egill Jónsson, með fyrirvara.
Stefán Jónsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.	Stefán Guðmundsson.

Nd. 934. Nefndarálit [242. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta var til meðferðar fyrr í vetur í félmn. Nd. og þá voru gerðar á því breytingar. Í efri deild var frumvarpinu aftur breytt til upprunalegs horfs og sent aftur til neðri deildar.

Nefndinni hafa ekki borist umsagnir um málið, en fulltrúar VSÍ komu á fund nefndarinnar.

Komið hefur fram að aðilar vinnumarkaðarins áttu aðild að samningu orlofslaganna nr. 87/1971. Engin ósk hefur komið frá þeim um að lögunum verði breytt. Kjarasamningar standa yfir milli aðila og þar eru orlofsmál m. a. á dagskrá. Samþykkt þessa frumvarps gæti haft óeðlileg áhrif á þá samninga. Af framangreindum ástæðum leggur meiri hl. félagsmálanefndar til að málið verði nú afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Jóhanna Sigurðardóttir hefur skilað séráliti.

RÖKSTUDD DAGSKRÁ.

Af þeim ástæðum, sem greint er frá í nefndaráliti meiri hl. félagsmálanefndar neðri deildar, telur deildin ekki rétt að afgreiða málið á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. maí 1982.

Alexander Stefánsson, form.	Friðrik Sophusson, fundaskr., frsm.	Guðm. J. Guðmundsson.
Steinþór Gestsson.	Jóhann Einvarðsson.	Eggert Haukdal.

Nd. 935. Frumvarp til laga [30. mál]

um lyfjadreifingu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 30 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum og Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum.

Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

Heimilt er ráðherra að leggja þá kvöð á handhafa lyfsöluleyfis, að hann reki lyfjaútibú og/eða lyfjaforða í héraði sínu. Enn fremur að hann annist faglegt eftirlit með lyfjabirgðum heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana.

Umsóknir um lyfsöluleyfi skulu sendar ráðherra. Þær skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem skipuð er af ráðherra þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands, auk lyfjamálastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Varamenn félaganna eru skipaðir á sama hátt, en varamaður lyfjamálastjóra er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Sæki nefndarmaður um lyfsöluleyfi tekur varamaður sæti hans í nefndinni.

Skipunartími nefndarmanna er þrjú ár. Nefndin lætur ráðherra í té umsögn um faglega hæfni þeirra umsækjenda, sem að hennar áliti eru hæfastir, þó aðeins þriggja hæfustu, ef umsækjendur eru fleiri en þrír.

Nú sækir enginn um tiltekið lyfsöluleyfi eða enginn umsækjandi er talinn hæfur að dómi nefndarinnar og er þá lyfsölusjóði skylt að kaupa viðkomandi lyfjabúð og annast rekstur hennar til bráðabirgða með þeim réttindum og skyldum er því fylgir samkvæmt lögum þessum. Lyfsölusjóður annast rekstur lyfjabúðar í slíku tilviki þangað til umsækjandi gefur sig fram, og er þá lyfsöluleyfi auglýst að nýju eða lyfsöluleyfi úr gildi fellt.

Háskóli Íslands getur öðlast eitt lyfsöluleyfi með sérstöku tilliti til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala. Lyfsöluleyfi, sem Háskóli Íslands hefur þannig hlotið, verður ekki framselt. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um starfsemi slíks háskólaapóteks að fengnum tillögum háskólaráðs.

Háskóli Íslands skal hafa frumkvæði að tímabundinni vistun stúdenta í lyfjaverslun ríkisins, sjúkrahúsapótekum og öðrum lyfjabúðum og lyfjagerðum eftir því sem þörf krefur.

4. gr. hljóðar svo:

Skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi eða fá skipun í stöðu forstöðumanns lyfjabúðar er að umsækjandi hafi starfsleyfi í samræmi við I. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu áfram. Fer um réttarstöðu forstöðumanna þeirra á sama hátt og segir í 1. málsgr. 3. gr.

Áður en leyfisbréf er afhent ber lyfsala að undirrita heit um að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og í samræmi við landslög.

Skilyrði þessarar greinar eiga jafnt við um forstöðumenn sjúkrahúsapóteka, samvinnulyfjabúða, forstöðumann háskólaapóteks og forstöðumenn skv. 1. málsgr. 3. gr.

Umsóknir um slíkar stöður forstöðumanna skulu lagðar fyrir nefnd þá sem um getur í 4. málsgr. 3. gr., og staðfestir ráðherra ráðningu þeirra.

8. gr. hljóðar svo:

Lyfjabúðum er skylt að versla með lyf, sem selja má hér á landi, enn fremur helstu gerðir lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna.

Ráðherra ákveður með reglugerð hverjar lyfjavörur, hjúkrunar- og sjúkragögn sem og aðrar vörur lyfjabúðir mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

Lyfjanefnd skal gera tillögur um reglugerð þessa í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins, Apótekarafélag Íslands og Lyfjafræðingafélag Íslands.

9. gr. hljóðar svo:

Nú tekur lyfsali við rekstri annarrar lyfjabúðar eða fær lausn frá starfi og er honum þá rétt og skylt að reka lyfjabúðina þar til hinn nýi leyfishafi tekur við, sbr. 10. gr., eða lyfjabúðin er lögð niður.

Nú deyr lyfsali og fer þá með réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:

1. Ef erfingjar taka á sig ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda staðfestir ráðherra ráðningu hans. Hafi lyfsöluleyfinu ekki verið ráðstafað að þeim tíma loknum tekur lyfsölusjóður við rekstrinum og annast hann þar til leyfið hefur verið veitt að nýju.
2. Ef erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta annast lyfsölusjóður rekstur lyfjabúðarinnar þar til leyfi til rekstrar hennar hefur verið veitt.

Þegar lyfsöluleyfi fellur niður vegna annarra orsaka ákveður ráðherra hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar, og má þá um stundarsakir reka hana á kostnað lyfsölusjóðs.

10. gr. hljóðar svo:

Handhafi lyfsöluleyfis skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Geta skal í auglýsingu um lyfsöluleyfi, sem laust er til umsóknar, hvenær verðandi lyfsali skuli hefja reksturinn.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt frest þennan séu knýjandi ástæður fyrir hendi.

Nú er það ráðið, að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, og getur sá, er tekur við af honum, ekki krafist þess að hefja reksturinn fyrr en hinn fyrrnefndi hefur hafið rekstur lyfjabúðar þeirrar er hann tekur við, enda hefjist sú starfræksla innan þess frests sem greindur er í 1. og 2. málsgrein.

13. gr. hljóðar svo:

Í fjarveru lyfsala vegna orlofs, sjúkdóms eða af öðrum ástæðum skal hann fela lyfjafræðingi að annast daglega stjórn lyfjabúðarinnar, enda sé ekki um lengra tímabil en tvo mánuði að ræða.

Heimilt er að fela aðstoðarlyfjafræðingi að annast daglega stjórn innan greinds tímabils, ef hann er starfsmaður lyfjabúðarinnar og enginn lyfjafræðingur er fáanlegur til starfa. Samráð skal ávallt hafa við Lyfjaeftirlit ríkisins um setningu staðgengils lyfsala, nema um yfirlyfjafræðing lyfjabúðarinnar sé að ræða.

Líði tveir mánuðir svo, að lyfsali geti ekki annast rekstur lyfjabúðar sinnar eða verði í upphafi að álíta að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn áfram og bera faglega ábyrgð á honum. Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á ráðningu forstöðumanns. Sá forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

21. gr. hljóðar svo:

Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu í hvívetna hlíta fyrirmælum löggiltrar lyfjaskrár.

Ráðherra mælir fyrir í reglugerð um tilhögun lyfjaafgreiðslu og meðferð og geymslu lyfja.

23. gr. hljóðar svo:

Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði.

24. gr. hljóðar svo:

Með afgreiðslurétti á lyfjum og eiturefnum er átt við rétt til að bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og framkvæma lokaeftirlit með að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni. Slíkan rétt hafa lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar.

Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaforða, enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af ráðuneytinu eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í lyfjaforða er heimilt að veita hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður slíkan afgreiðslurétt.

29. gr. hljóðar svo:

Í lyfjaútibúi má ekki framleiða lyf eða aðrar vörur, aðrar en skyndilyf (ordination magistralis), sbr. 7. gr. laga nr. 49/1978, 3. tölul. og er slík framleiðsla háð leyfi ráðuneytisins að fengnum meðmælum Lyfjaeftirlits ríkisins. Í lyfjaútibúi skulu vera til sölu öll algeng lausasölulyf, sem eftirspurn er eftir á viðkomandi svæði, auk allra algengra lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna. Lyfseðilsskyld lyf má afgreiða í lyfjaútibúi samkvæmt lyfjaávísun. Skulu slík lyf geymd í hirslum sem má læsa.

Afgreiðslutími lyfjaútibús skal ákveðinn af ráðuneytinu og skal þar sérstaklega kveðið á um afgreiðslutíma lyfseðilsskyldra lyfja.

39. gr. hljóðar svo:

Starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar og lyfjafræðingar (aðstoðarlyfjafræðingar) í apótekum og sjúkrahúsapótekum mega ekki vera umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda. Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) að sérlyfjainnflutningsfyrirtækjum og lyfjaheildsölum er þó heimil ef enginn þeirra á verulegra hagsmuna að gæta í fyrirtækinu, sbr. ákvæði 3 til bráðabirgða.

41. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsemi fyrirtækja sem flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu, samkvæmt tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins.

42. gr. hljóðar svo:

Íslenska ríkið rekur lyfjaheildsölu og lyfjagerð sem sjálfstæða stofnun undir nafninu Lyfjaverslun ríkisins. Lyfjaverslun ríkisins er skylt að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn, bóluefni, ónæmisefni og sjúkragögn fyrir sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra og aðrar heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríki og sveitarfélögum.

43. gr. hljóðar svo:

Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og sölu til sjúkrahúsa, lyfjabúða, dvalarheimila aldraðra og annarra heilbrigðisstofnana í landinu.

Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og birgðahald Almannavarna.

44. gr. hljóðar svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af fjármálaráðuneyti, hinn þriðji skal vera lyfjamálastjóri og er hann formaður stjórnarinnar.

45. gr. hljóðar svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins. Skal hann vera lyfjafræðingur eða viðskiptafræðingur. Umsóknir um starf forstjóra skulu lagðar fyrir nefnd þá, sem um getur í 3. gr., og stjórn Lyfjaverslunar ríkisins, sem láta ráðherra í té umsögn um hæfni umsækjenda.

46. gr. hljóðar svo:

Um búnað og fyrirkomulag í Lyfjaverslun ríkisins fer eftir þeim reglum sem gilda um lyfjagerðir og lyfjaheildsölur.

50. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að afhenda lyf frá sjúkrahúsi til sjúklinga, sem ekki eru liggjandi á sjúkrahúsinu, með öðrum hætti en um getur í 49. gr.

57. gr. hljóðar svo:

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur heimild til að selja lyfjabúðum og héraðsdýralæknum framleiðslu sína á dýralyfjum og bóluefni í heildsölu, enda fullnægi hún ákvæðum lyfjalaga, nr. 49/1978, um framleiðslu lyfja. Þá getur tilraunastöðin flutt inn og selt sömu aðilum í heildsölu ormalyf sem skráð eru hér á landi eða gerðar eru tilraunir með.

Tilraunastöðin að Keldum getur selt bændum slík lyf og bóluefni í smásölu eftir því sem aðstæður krefjast, enda sé slík sala undir eftirliti dýralækna tilraunastöðvarinnar.

59. gr. hljóðar svo:

Lyfjaeftirlit og annað eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Bráðabirgðaákvæði.

1. Þeir lyfsalar sem höfðu lyfsöluleyfi 1. júlí 1963 og fullnægja ákvæðum laganna eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs.
2. Ákvæði 4. málsgreinar 7. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 um hlutbundið lyfsöluleyfi (Reykjavíkur Apótek) eiga við meðan starfandi er lyfsali, sem öðlast hefur leyfið fyrir gildistöku laga þessara.
3. Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) er heimil að fyrirtækjum sem rekin eru í hlutafélagsformi, ef eignaraðild hvers þeirra fer ekki fram yfir 5% eignarhlut. Fyrirtæki, sem starfa í bága við 39. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 5 ára frest til að aðlaga sig þeim.
4. Lyfjaverslun ríkisins er heimilt, uns ráðherra ákveður, að starfa í rekstrarlegum tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hafa sameiginlegt skrifstofuhald með henni.

Sþ. 936. Þingsályktun [149. mál]

um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.

(Afgreidd frá Sþ. 6. maí.)

Alþingi ályktar með vísun til 2. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver að:

1. Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun. Miðlun umfram 200 Gl verði ekki aukin fyrr en nauðsyn ber til vegna raforkukerfisins. Verði ágreiningur um aukna miðlun skal honum skotið til Alþingis, að fenginni tillögu ríkisstjórnar.
2. Fljótsdalsvirkjun og síðar Sultartangavirkjun verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Eftir því sem orkuþörf gefur tilefni til skarist annars vegar Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun og hins vegar Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun.
3. Samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjunum verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu, með Kvíslaveitum, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og gerð Sultartangastíflu. Búrfellsvirkjun verði stækkuð þannig að núverandi afkastageta vatnsaflsvirkjana á þessu svæði geti aukist um allt að 950 GWst. á ári.

Sþ. 937. Þingsályktun [52. mál]

um íslenska iðnkynningu.

(Afgreidd frá Sþ. 6. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við samtök iðnaðarins og neytenda að hrinda af stað kynningu á íslenskum iðnaði.

Ed. 938. Breytingartillaga [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Guðmundi Bjarnasyni, Helga Seljan, Þorv. Garðari Kristjánssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

Við 7. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:

Heimilt er að veita lánið gegn 2. veðrétti og er lánstími 11 ár. Ef lántaki er 70 ára eða eldri eða er fatlaður og fjárhag hans þannig varið, að sýnt þyki að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láninu o. s. frv.

Ed. 939. Nefndarálit [279. mál]

um frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kallað til viðræðna eftirtalda aðila: Ólaf Davíðsson og Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun, Jóhannes Nordal og Garðar Ingvarsson frá Seðlabanka, Finnboga Jónsson frá iðnaðarráðuneyti, Ólaf Pétursson frá Heilbrigðiseftirliti, Hörð Jónsson, Iðntæknistofnun, Svavar Jónatansson, Almennu verkfræðistofunni, Jón Gauta Jónsson frá Náttúruverndarráði og Jón Sigurðsson frá Járnblendifélaginu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum. Stefán Jónsson ritar undir nefndarálit með fyrirvara. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 7. maí 1982.

Davíð Aðalsteinsson, form.	Egill Jónsson, frsm.	Stefán Jónsson, með fyrirvara.
Þorv. Garðar Kristjánsson.	Stefán Guðmundsson.	Gunnar Thoroddsen.

Ed. 940. Breytingartillögur [279. mál]

við frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Agli Jónssyni.

1. Við 2. gr.
   a) Fyrri málsliður orðist svo:
      Til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags skv. 1. gr. skal ríkisstjórnin kveðja aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu.
   b) Síðari málsliður falli brott.
2. Við 3. gr.
   4. mgr. orðist svo:
      Þegar ákvörðun um að leggja fram viðbótarfé hefur verið tekin, skal ríkisstjórnin kveðja aðra aðila til samstarfs skv. 2. gr. laganna.

Ed. 941. Breytingartillögur [279. mál]

við frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar (KJ).

1. 1. gr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir áframhaldandi undirbúningi að byggingu og rekstri verksmiðju á Reyðarfirði er framleiði kísilmálm.
2. 2. gr. orðist svo:
   Undirbúningsvinnan skal vera í höndum sjö manna undirbúningsstjórnar sem kosin skal hlutfallskosningu á Alþingi. Iðnaðarráðherra skipar formann undirbúningsstjórnarinnar.
3. 3. gr. orðist svo:
   Verkefni undirbúningsstjórnarinnar eru eftirfarandi:
   1) Að láta halda áfram undirbúningi að hönnun verksmiðjunnar og mannvirkjum henni tengdum og leita staðfestra tilboða í búnað hennar og byggingu mannvirkja.
   2) Að gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað svo og fjármögnunaráætlun og gera aðrar þær athuganir er máli skipta fyrir endanlega ákvörðun um byggingu verksmiðjunnar.
   3) Að undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.
   4) Að gera tillögur um skatta og gjöld fyrirtækisins.
   5) Að undirbúa samninga um land, hafnaraðstöðu, vatnsréttindi og aðra þá aðstöðu á Reyðarfirði sem nauðsynleg er vegna rekstrar verksmiðjunnar.
   6) Að kanna möguleika á samstarfi við Íslenska járnblendifélagið um byggingu og starfrækslu verksmiðjunnar.
   7) Að láta fara fram rannsóknir, sem nauðsynlegar eru til að fylgjast með áhrifum af rekstri verksmiðjunnar á umhverfi hennar.
   8) Að eiga viðræður við sveitarfélög á Austurlandi um eignaraðild þeirra að væntanlegu hlutafélagi til stofnunar og rekstrar kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og að gera tillögur um með hvaða hætti hvetja megi einstaklinga og fyrirtæki til þátttöku í félaginu.
   9) Að semja drög að frumvarpi um stofnun kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.
4. 4. gr. orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan, að leggja fram allt að kr. 25 000 000 eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt sem starfsfé undirbúningsstjórnarinnar og skoðist það sem fyrir fram hlutafjárgreiðsla ríkissjóðs vegna væntanlegrar hlutafélagsstofnunar.
5. 5. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31/12 1983 eða þar til ný lög taka gildi um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.
6. Aðrar greinar frv. falli niður.
7. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til laga um áframhaldandi undirbúning að stofnun kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Ed. 942. Nefndarálit [279. mál]

um frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Aukning orkufreks iðnaðar er besta tækifæri Íslendinga til þess að auka atvinnu og treysta lífskjör. Reynslan sýnir á hinn bóginn að orkufrekur iðnaður er vandasamur atvinnurekstur. Efnahagslegt umrót síðustu ára hefur enn fremur skapað meiri sveiflur á verði á ýmsum afurðum orkufreks iðnaðar, svo sem á járnblendi og kísilmálmi, heldur en áður þekktust. Atvinnurekstri sem þessum fylgir því veruleg áhætta. Af þessum sökum er vandaður undirbúningur og traust fjárhagsstaða hvers kyns atvinnurekstrar af þessu tagi höfuðnauðsyn.

Eins og fram kemur í margvíslegum umsögnum fer því fjarri að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt að því er varðar þá verksmiðju sem hér er til umræðu.

Iðnaðarnefnd deildarinnar hefur nánast enginn tími gefist til að fjalla um fyrirliggjandi frumvarp. Svo mikið offors hefur verið á afgreiðslu þess að þrír fundir hafa verið haldnir á einum degi, þeim eina degi sem til umfjöllunar gafst. Slíkt er vitaskuld forkastanlegt með öllu og hljóta nefndarmenn að hafa fyrirvara á ábyrgð sinni á frumvarpinu og afgreiðslu þess þegar mál eru þannig í pott búin. Meiri hluti nefndarinnar hefur hins vegar valið þann kost að afgreiða lagafrumvarpið í þeirri mynd sem það kemur frá Nd. Á frumvarpinu er þó meira að segja alvarleg missmíð sem jafnvel þeir, sem eru samþykkir efni þess og stefnu, hljóta að viðurkenna. Kom þetta til umræðu í nefndinni og var fullur vilji nefndarmanna til að lagfæra þennan ágalla, en „ytri öfl" hindruðu þá í þessum áformum. Hér er um að ræða þá málsgrein sem kveður á um að Alþingi skuli samþykkja niðurstöður skýrslu, sem fyrir næsta Alþingi verði lögð, svo heimild fáist til frekari skuldbindinga af hálfu ríkissjóðs. Samkvæmt þingsköpum Alþingis eru skýrslur ekki lagðar fram til samþykkis eða synjunar. Það er m. a. s. tekið fram í þingsköpum að „um skýrslur má engar ályktanir gera." Hér er því gert ráð fyrir að ganga þvert á ákvæði þingskapa. Að sjálfsögðu hefði átt að tiltaka í samræmi við þingsköp að Alþingi annaðhvort ályktaði um frekari framgang málsins í formi þingsályktunartillögu ellegar staðfesti vilja sinn með lagafrumvarpi.

Við umfjöllun nefndarinnar um mál þetta bar undirritaður fram fáeinar spurningar sem óskað var svara við. Þessum spurningum og svörunum við þeim var ætlað að varpa nokkru skýrara ljósi á þá ákvörðun sem hér er til afgreiðslu. Í spurningunum felst engin stefnumörkun, heldur mundu svör við þeim sýna betur en gert hefur verið til þessa hvernig afkomuhorfur og aðstæður allar eru. Spurningarnar eru þessar:

1) Hver hefur verið jafnaðarafkoma í greininni yfir langt tímabil (10—20 ár) og í hliðstæðum greinum (t. d. járnblendi)? Slík afkoma sé sett fram sem % af sölutekjum og/eða fjárfestingu.
2) Samanburður á stofnkostnaði í heild (verksmiðja, raforkukerfi o. s. frv.) við að reisa verksmiðjuna annars vegar á Reyðarfirði og hins vegar sem viðbót við verksmiðju Járnblendifélagsins á Grundartanga.
3) Útreikningur á afurðaverði á þeirri forsendu að sama samband gildi áfram milli verðs á járnblendi og kísilmálmi eins og verið hefur að undanförnu á grundvelli spár Járnblendifélagsins um markaðsþróun járnblendis. Áhrif á afkomumat.
4) Hvaða áhrif hefur það á rafmagnsskömmtun og afkomu verksmiðjunnar ef aflgeta Kröflu verður 10 MW og steinullarverksmiðja rís á Sauðárkróki?

5) Með tilliti til markaðsspár verkefnisstjórnar (og ráðgjafa hennar) annars vegar og skv. spá í 3) hins vegar, hver eru þá áhrif þess á afkomu verksmiðjunnar:
   a) að hún taki til starfa einu ári seinna en verkefnisstjórn gerir ráð fyrir,
   b) 1½ ári seinna?
6) Uppsetning á heildargjaldeyrisútgjöldum vegna verksmiðjunnar (þ. m. t. útgjöld sem af henni leiðir) og heildargjaldeyristekjum miðað við 20 ára starfstíma skv. því að erlendum lántökum verði hagað eins og ríkisstjórnin gerir ráð fyrir.

Leitað var til Þjóðhagsstofnunar um svör við þessum spurningum. Hún taldi sér ekki fært að svara þeim á þeim skamma tíma sem henni var til þess ætlaður, og er það reyndar að vonum. Engu að síður vil ég ítreka mikilvægi þess, að svör fáist við spurningunum a. m. k. áður en málið kemur á ný til umfjöllunar á Alþingi.

Í framlögðum gögnum á nefndarfundum kemur fram margvísleg alvarleg gagnrýni á undirbúning málsins og ábendingar um þætti sem athuga verði nánar. Í stað þess að rekja efni þeirra frekar hér vísast til þessara gagna, en þau eru birt sem fylgiskjöl I-IX með þessu nefndaráliti.

Í skýrslu frá CRU (Commodities Research Unit Limited) um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði segir svo í lauslegri þýðingu í niðurstöðum varðandi mat á fyrirtækinu:

„Þegar á heildina er litið er það lágur raforkukostnaður, sem gerir fyrirtækið fyrst og fremst lífvænlegt. Allir aðrir kostnaðarþættir eru háir. Þegar litið er á alla þessa þætti í heild, þá er fyrirtækið annaðhvort með háan framleiðslukostnað, ef litið er á áhrif verðbólgu, eða mjög háan, ef ekki er tekið tillit til hennar. Fjármögnun verður því að haga þannig að vaxtagreiðslur séu lágar fyrstu árin."

Niðurlagsábendingar skýrslunnar eru:

„Aðalíhugunarefnin, sem okkur sýnist að taka verði nú tillit til, eru þessi:
— getur fyrirtækið framleitt vöru með þeim samfelldu gæðum sem kísilframleiðendur krefjast,
— er unnt að breyta svo fjármagnskostnaði að hann verði ekki jafnmikill á upphafsárum,
— er rafmagnsverðið 17.5 mill ófrávíkjanlegt?"

Vitaskuld hefur eignarhald áhrif á þann arð, sem ríkisstjórnin óskar eftir að fá af orkuframleiðslu, öndvert við arð af kísilmálmframleiðslu, en hár framleiðslukostnaður gefur til kynna að líta verði á hve fyrirtækinu sé hætt við hverja tímabundna verðlækkun afurða.

Í skýrslu frá RDG (Resources Development Group) eru í niðurlagsorðum sérstakar vangaveltur um hvernig megi renna traustari stoðum undir fyrirtækið:
— með lægra raforkuverði fyrstu árin,
— með því að losna við afborganir af lánum fyrstu árin,
— með meira eigin fé en gert er ráð fyrir.

Þessar ábendingar frá CRU og RDG sýna glögglega að þessum aðilum virðist þurfa að treysta betur undirstöður fyrirtækisins, og í þeim felst vitaskuld það mat, að undirstöður séu heldur veikar, svo ekki sé kveðið fastar að orði. Engin þessara ábendinga var tekin til umfjöllunar í nefndinni og reyndar verður ekki séð að neðri deild eða iðnaðarráðuneyti hafi nokkuð um þær sinnt.

Allt er þetta til marks um það, hve undirbúningi er áfátt. Ber því brýna nauðsyn til að athuga málið allt betur, rasa ekki um ráð fram, en halda áfram undirbúningi.

Undirritaður telur að leggja beri áherslu á uppbyggingu orkufreks iðnaðar til að auka atvinnu og treysta undirstöður þjóðarbúsins. Slíkar stóriðjuframkvæmdir verður að undirbúa af kostgæfni svo að þær nýtist sem allra best. Einungis á grundvelli vandaðs undirbúnings er rétt að ganga frá eiginlegum efnisþáttum. Eins og fram kemur í margvíslegum umsögnum um fyrirliggjandi frumvarp er efnisundirbúningi mjög áfátt.

Undirritaður leggur því til að undirbúningi verði haldið áfram og hann falinn sérstakri

undirbúningsstjórn. Er það reyndar í samræmi við hugmyndir sem fulltrúar Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks létu í ljós áhuga á þegar þessi mál voru til umfjöllunar í neðri deild.

Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur stukku hins vegar frá þessum hugmyndum. Alþýðuflokkurinn telur þær hins vegar eðlilegastar og raunhæfastar við þessar aðstæður.

Það er vitaskuld fráleitt að taka afstöðu til ýmissa efnisatriða, eins og tillögur meiri hluta nefndarinnar gera nú ráð fyrir, fyrr en fyrir liggur niðurstaða af undirbúningsathugunum þeim sem allir virðast sammála um að nauðsynlegar séu. Þær athuganir eiga auðvitað að ráða úrslitum um hvernig haldið verður á efnisþáttum. Verður að teljast veruleg þversögn í því að ætla að afgreiða hin margbreytilegustu efnisatriði um framhald málsins meðan undirbúningur stendur enn yfir.

Á þingskjali 941 flytur undirritaður því breytingartillögur sem gera ráð fyrir kosningu sérstakrar undirbúningsstjórnar. Jafnframt geri ég þá ráð fyrir að samið verði nýtt frv. um kísilmálmverksmiðjuna á grundvelli starfs undirbúningsstjórnarinnar.

Ég legg áherslu á eftirfarandi:

1) Auka á orkufrekan iðnað í landinu.
2) Undirbúning slíkra verkefna verður að vanda, en mikið skortir á það í þessu tilviki.
3) Af þessum sökum verður að vinna áfram að undirbúningi verksins.
4) Afstaða til einstakra efnisþátta verður að grundvallast á undirbúningsvinnu þeirri sem fram undan er.
5) Þess vegna er rétt að bíða niðurstöðunnar úr starfi undirbúningsstjórnar áður en gengið er frá lagafrumvarpi um sjálfa starfrækslu verksmiðjunnar.

Alþingi, 7. maí 1982,

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Fylgiskjal I.

MINNISBLAÐ

til iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis
frá Jóni Sigurðssyni, Íslenska járnblendifélaginu hf.

Efni: Frumvarp til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Iðnaðarnefnd hefur óskað eftir umsögn undirritaðs um ofangreint frumvarp. Fresturinn, sem til stefnu var, er hins vegar svo naumur, að ekki eru tök á að láta í té eiginlega og heillega umsögn. Í því skyni að koma þó til móts við óskir nefndarinnar eru eftirfarandi hugleiðingar settar fram með þessum óformlega hætti.

Ljóst er, að útflutningur á vatnsorku frá Íslandi getur eins og nú standa sakir ekki átt sér stað nema í formi orkufrekra efna. Þau þrjú efni, sem þar koma helst til álita við núverandi tæknistig, eru ál, kísilmálmur og kísiljárn. Ákvörðun um að nýta vatnsorkuna til útflutnings er þannig sjálfkrafa ákvörðun um að hefja framleiðslu þessara efna hérlendis og útflutning þeirra.

Samningarnir um álverið í Straumsvík, járnblendiverksmiðjan á Grundartanga og frumvarp það, sem hér liggur fyrir, eru hvert um sig skref í átt til aukinnar orkunýtingar með þeim hætti, sem að ofan greinir. Þessar framkvæmdir eru þó ekki ávöxtur af samfelldri stefnu

stjórnvalda af því tagi, sem að framan var lýst. Telja verður brýna þörf að slík afgerandi stefna verði mörkuð, en viðskiptaleg sjónarmið taki síðan við um val einstakra kosta til að framkvæma stefnuna og til að tímasetja þá.

Í samræmi við framanritað er ekki spurning um hvort hér eigi að rísa kísilmálmverksmiðja, heldur hvenær og með hvaða hætti tök eru á að gera það. Enginn skyldi halda, að það sé jafnauðvelt verkefni og ætla mætti af þeim gögnum, sem fyrir þingnefndinni liggja. Hér er um að ræða áhættufyrirtæki, sem ætlað er að framleiða vöru inn á markað, sem eðli málsins samkvæmt er sveiflukenndur og þar að auki hefur undanfarið, og mun sýnilega næstu ár, einkennast af framleiðslugetu umfram þarfir heimsmarkaðsins. Því ber að skoða ákvörðun um að ráðast í slíka framkvæmd af fyllsta raunsæi um, að aðgangseyririnn að þessum markaði getur orðið býsna hár og hann verður alltaf háður markaðsóvissunni.

Hinar náttúrulegu forsendur þessarar framleiðslu hér á landi umfram aðra staði verða alltaf eingöngu bundnar við orkuna. Sé hún of dýr í vinnslu, höfum við í samkeppninni um afkomu á markaðnum ekkert til að vega upp á móti því, hversu flestir framleiðendur, sem fyrir eru, eiga mikið af afskrifuðum búnaði til sinnar framleiðslu. Í þessari framleiðslu eins og kísiljárni greiða ýmsir framleiðendur allhátt raforkuverð, en hafa þess í stað óverulegan fjármagnskostnað. Nýjar og dýrar verksmiðjur búa almennt við hagstætt orkuverð. Það að hafa hvort tveggja, hátt rafmagnsverð og háan fjármagnskostnað, gengur ekki upp.

Fyrsta stefnuatriði frumvarpsins er að um verksmiðjuna skuli stofna sérstakt hlutafélag. Ekki hef ég komið auga á neina röksemdafærslu fyrir þessari aðferð í greinargerðum með frumvarpinu, þótt til þess væri full ástæða.

Það skal tekið fram til að forðast misskilning í þessu sambandi, að ég tel þessa verksmiðju ekki eftirsóknarvert viðfangsefni á þessu stigi fyrir járnblendifélagið. Hins vegar er það ljóst, að því aðeins nýtist að fullu sú þekking og reynsla á þessu sviði, sem til er í landinu, að járnblendifélagið byggi og eigi verksmiðjuna, þegar hún er tímabær.

Það að byggja upp nýtt fyrirtæki frá grunni, sem á að færast jafnmikið í fang og svona verksmiðja er, er mikið og dýrt verkefni. Rekstur, sem er í gangi fyrir, verður alltaf styrkur fyrir framkvæmdina, bæði fjárhagslega og ekki síður skipulags- og stjórnunarlega.

Þetta efni sýnist alla vega vera umræðuvert, enda fleiri kostir, sem til greina kæmu, en eign járnblendifélagsins eða nýtt hlutafélag.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir einstaklega klúðruðu skipulagi á stjórn hlutafélagsins. Framkvæmdastjórn á að þjóna tveimur herrum, þar sem annar er stjórn að meiri hluta skipuð af ráðherra, en hins vegar fulltrúanefnd kjörin af Alþingi og starfsmönnum auk fulltrúa iðnaðarráðherra.

Hvorki ákvæði frumvarpsins né greinargerðin með þeim eru mjög sannfærandi um að þetta sé virk leið til að stjórna einu hlutafélagi. Líklegra er, að þetta sé leið til tímasóunar fyrir framkvæmdastjórn, sem ætti að hafa annað mikilvægara að gera, og fyrir hlutaðeigandi nefndarmenn. Ávinningurinn er hins vegar ekki mjög augljós.

Aðferð 7. gr. frumvarpsins við að leggja sérstakt og hátt aðstöðugjald á fyrirtækið án tillits til afkomu þess til að mjólka í sérsjóði til iðnþróunar þykir mér fráleit. Nær væri að leggja skyldur á fyrirtækið sjálft að nýta sína aðstöðu, mannafla og fjármuni til þróunar verkefna á svæðinu.

Varnarleysi félagsins gagnvart kröfum um rannsóknir skv. 10. gr. frumvarpsins er algert. Hugmyndaauðgi rannsóknara á þessu sviði getur verið mikil, og hver ráðherra, sem í hlut á, getur úrskurðað félaginu kostnað án minnstu fjárhagslegrar ábyrgðar, sbr. 4. mgr. 10. gr. og aths. við hana.

Allt eru þetta þó minni háttar atriði samanborið við spurninguna um það, hvort tímasetning framkvæmdarinnar, eins og hér er lagt til, og hvort tæknilegar og fjárhagslegar forsendur hennar gætu verið réttar.

Ég hef haldið því fram í umsögn um áfangaskýrslu verkefnisstjórnar, að allar tímasetn-

ingar undirbúnings þessara framkvæmda séu allt of naumar og allt óðagot í sambandi við útboð og samningagerð sé algerlega ótímabært.

Ég tel, að eftir að stefnan um nýtingu vatnsorkunnar hefur verið mörkuð og þar með bygging kísilmálmverksmiðju ákveðin, þurfi að ætla þeim aðilum, sem falin verður ábyrgð á að reisa og reka þetta mikla mannvirki, rúman tíma og talsverða fjármuni til þess eins að komast að niðurstöðu um hvernig þessari verksmiðju skuli hagað í smáatriðum m. t. t. hagkvæmni í byggingu og rekstri. Þetta var ekki gert í nægilegum mæli þegar Grundartangaverksmiðjan var byggð, m. a. vegna krafna íslenskra stjórnvalda um að byggingunni væri flýtt (vegna þess að Sigalda var fullgerð). Þetta verk geta ekki unnið aðrir en menn, sem hafa þekkingu og reynslu á þessu sviði og geta varið tíma til starfsins.

Án slíkra vinnubragða yrði verksmiðjan dýrari en hún þarf að vera og fleiri hlutir yrðu ekki eins og best yrði á kosið. Ég hef raunar trú á, að kostnaður við þessa vinnu fengist þegar uppi borinn í markvissari stjórn á verkfræðilegri hönnun og því lægri kostnaði við hana.

Slík vinnubrögð féllu auk þess vel að aðstæðum, því að ekki verður séð markaðsleg ástæða til annars en flýta sér hægt að byggja.

Ég er ekki í aðstöðu til að leggja sjálfstætt mat á forsendurnar um verðlag söluvörunnar. Hitt er víst, að mjög náin fylgni er milli verðlags kísilmálms og kísiljárns, þegar litið er yfir lengri tíma. Áætlanir fyrir járnblendifélagið, sem byggðar væru á sambærilegu verði við það, sem hér er gert ráð fyrir, þyrftu ekki að vera óraunhæfar, en ég teldi bjartsýni að miða við þær til að reiða sig á þær. Áhættustigið, sem því fylgir, að þessar lykilforsendur framkvæmdarinnar gætu brugðist er því hátt.

Í gögnum þeim, sem fyrir liggja, eru margs konar útreikningar um afkomu framkvæmdarinnar og næmi þeirrar afkomu gagnvart breyttum forsendum. Það, sem e. t. v. vantar, er tilraun til áhættumats. Gert er ráð fyrir að öll áhættan sé nánast felld á ríkissjóð, og því verður að telja nauðsynlegt, áður en lagt er upp, að ljóst sé hversu mikið þessi afkoma gæti gengið úrskeiðis, svo að enginn gangi þess dulinn, hvaða áhætta er til í dæminu.

Efnahagslegt stefnuatriði, sem gengið er út frá í allri meðferð þessa máls eins og meðferð járnblendifélagsins á sínum tíma, er vert umræðu. Gert er ráð fyrir, að innlendur kostnaðarhluti þessarar verksmiðju verði 57%. Jafnframt er gert ráð fyrir að nánast allt fjármagn, sem til þessa er notað, verði erlent lánsfjármagn, tekið að láni af ríkinu eða félaginu, með eða án ríkisábyrgðar.

Að taka fé að láni til að leggja fram sem áhættufjármagn í atvinnurekstur tel ég ábyrgðarlaust, jafnt fyrir ríkið sem aðra, og að taka erlend lán til að fjármagna innlendan kostnað tel ég efnahagslega skaðlegt og verðbólguhvata. Þessi sjónarmið eru efni í langa umræðu, sem ekki eru tök á að fara nánar út í hér.

Að öllu samanlögðu tel ég tímabært að taka ákvörðun um að kísilmálmverksmiðja skuli reist, í hvers höndum hún skuli vera, og skapa þeim aðila færi á að undirbúa verkfræðilega hönnun. Áður en hafist yrði handa um aðrar undirbúningsframkvæmdir eða byggingarframkvæmdir tel ég eðilegt að fram fari áhættumat á fyrirtækinu og samanburður kosta og tímasetninga í því sambandi. Skipulagning stjórnunar, fjármála og fjárhagslegs eftirlits og annarra nauðsynlegra praktískra hluta taka einnig sinn tíma, ekki síst ef félagið á að byggjast frá grunni og góða menn tekur sinn tíma að fá.

Í hnotskurn tel ég, að framleiðsla af þessu tagi, sem ætlað er að bæta 4—5% við heimsframleiðsluna, muni eiga nógu erfitt uppdráttar í fyrstu þótt öllum ráðum sé beitt fyrir fram til að hún verði eins hagkvæm og frekast eru tök á. Hér er fengist við langtíma viðfangsefni þar sem óðagot á ekki við, þótt sjálfsagt sé að nýta tímann.

P.S. Yfirlýsingar um, að 70% framleiðslunnar séu nánast tryggð í sölu, eru ekki teknar hér til umræðu, enda betra að fjalla um það efni munnlega.

Fylgiskjal II.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

28. apríl 1982.

KÍSILMÁLMVERKSMIÐJA Á REYÐARFIRÐI.

Ábendingar um nokkur atriði frumvarps og áætlana.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur óskað eftir umsögn Seðlabankans um frumvarp til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og tilheyrandi fylgiskjöl. Í bréfi sínu, sem er dagsett 19. apríl s. l., óskar iðnaðarnefndin umsagnarinnar hið allra fyrsta. Þar sem komið er að þingslitum hefur sá tími, sem bankinn hefur haft til ráðstöfunar til að athuga umrætt mál, verið svo naumur, að útilokað er að láta í té raunverulega fullunna umsögn um málið. Þau minnisatriði og ábendingar, sem koma fram hér að neðan, ber því að skoða í því ljósi, að hér er um fyrstu viðbrögð að ræða og að niðurstöður og ályktanir gætu hugsanlega breyst að lokinni ýtarlegri athugun.

Auk frumvarpsins sjálfs hefur Seðlabankinn fengið eftirfarandi skýrslur frá nefndinni:

a) Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði — Niðurstöður hagkvæmniathugunar — lokaskýrsla verkefnisstjórnar iðnaðarráðuneytisins, mars 1982.
b) The International Silicon Metal Market and The Competitive Position of an Icelandic Silicon Metal Producer. Commodities Research Unit Limited, janúar 1982.
c) Icelandic Silicon Smelter, Preliminary Analysis. Resources Development Group, 23. apríl 1982.

Að auki var rætt við Finnboga Jónsson formann verkefnisstjórnar. Tímans vegna hafa af hálfu bankans ekki verið tök á að framkvæma neina sjálfstæða útreikninga eða rannsóknir þannig að hér er aðeins lagt mat á fyrirliggjandi gögn sem getið hefur verið hér að ofan.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir til umsagnar, má skoða sem viðbótarskref í þeirri þróun, sem hófst með samningunum um álverið í Straumsvík fyrir rúmum 15 árum og beinist að því að umbreyta orkulindum landsins í útflutningshæfar vörur. Að mati Seðlabankans er hér tvímælalaust um rétta stefnu að ræða, og ber reyndar brýna nauðsyn til þess, að orkulindir landsins verði nýttar í síauknum mæli til gjaldeyrisskapandi útflutningsframleiðslu. Kísilmálmframleiðsla, eins og gerð er tillaga um í umræddu frumvarpi, er vissulega ein þeirra greina orkufreks iðnaðar, sem helst koma til álita hér á landi vegna mikillar orkunotkunar í hlutfalli við flutningskostnað, svo að hér er ekki spurning um hvort, heldur miklu fremur hvenær, hvar og hvernig slík verksmiðja eigi að rísa.

Forsenda fyrir byggingu stóriðjuvers af því tagi, sem hér er til umræðu, er að raforka sé fyrir hendi, en það á að vera tryggt skv. áætlunum Landsvirkjunar, enda séu gerðar tilteknar ráðstafanir til að auka orkuframleiðslu á Þjórsársvæðinu á næstu árum. Á hinn bóginn er ljóst, að ekki er svigrúm til neinnar annarrar uppbyggingar orkufreks iðnaðar fyrr en eftir að Blönduvirkjun er lokið, ef úr byggingu kísilmálmverksmiðju verður á Reyðarfirði. Þótt þannig sé ljóst, að hér sé verið að útiloka aðrar leiðir til orkunýtingar næstu 5—6 árin, má af öðrum kafla athugasemda með lagafrumvarpinu ráða, að ekki hafi verið gerður samanburður á mismunandi nýtingarmöguleikum þeirrar orku, sem hér um ræðir, miðað við tímasetningu eða annað, eins og eftirfarandi bein tilvitnun sýnir: „Fyrstu almennu athuganirnar, sem fram fóru í þessu efni vorið 1980, gáfu vísbendingu um að framleiðsla á svokölluðum kísilmálmi gæti verið hagkvæmur kostur.“ Þannig vantar þann samanburð, sem máli skiptir, um bestu eða hagkvæmustu nýtingu tiltekins orkumagns fyrir þjóðarbúið.

Þessi skortur takmarkar möguleika á því að skera úr um hvort hér sé verið að leggja til, að því fjármagni, sem til þarf, sé ráðstafað þannig, að hámarksnýting eða afrakstur fáist fyrir þjóðarbúið. Eins og frumvarpið er sett fram, er af því aðeins hægt að meta, hvort hér sé um að ræða framkvæmd, sem geti verið hagkvæm, ef forsendur standast, en ekki það, hvort hér

sé um að ræða hagkvæmasta kost, sem völ er á varðandi næsta skref í stóriðjuuppbyggingu landsmanna. Þó æskilegt hefði verið að fjalla nánar um ýmis atriði, sem fram koma í frumvarpinu sjálfu og athugasemdum með því, m. a. hin þjóðhagslegu áhrif, verður tímans vegna að láta hér staðar numið og taka til við einstök atriði, sem Seðlabankinn vill sérstaklega benda á.

Staðarval.

Í lokaskýrslu verkefnisstjórnar kemur fram, að í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar frá 25. febrúar 1981 er tekið fram, að verkefnisstjórnin skuli miða störf sín við að verksmiðjan rísi á Austurlandi. Hvergi verður ráðið af skýrslu verkefnisstjórnar né athugasemdum með frumvarpinu, að neinn kostnaðarlegur samanburður hafi verið framkvæmdur á áhrifum mismunandi staðsetningar verksmiðjunnar hvort sem er varðandi áhrif á stofnkostnað verksmiðjunnar sjálfrar eða mismunandi fjárfestingu opinberra aðila til að koma upp nauðsynlegri þjónustu fyrir verksmiðjuna. Sama gildir um áhrif staðsetningar á rekstrarkostnað. Ef arðsemi fyrirtækisins væri talin mjög mikil mundi slíkur skortur á samanburði ekki vera talinn mjög bagalegur, þar sem þá mætti segja sem svo, að það skipti litlu máli þó að hluti af hagnaði fyrirtækisins yrði notaður til að vega upp á móti hugsanlegum staðarókostum og þá vegna félagslegra aðstæðna, en því er ekki svo farið í þessu tilviki. Í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins CRU er bent á að hér sé um fyrirtæki að ræða sem í samanburði við önnur kísilmálmfyrirtæki muni hafa mjög háan framleiðslukostnað. Ráðgjafinn telur að leita þurfi leiða til að draga úr fjárfestingarkostnaði, og þá kemur að sjálfsögðu upp spurningin um hvort önnur staðsetning mundi hafa þar áhrif á, svo að um munaði.

Arðsemi og rekstraráætlun.

Við mat á arðsemi fyrirtækisins hefur verkefnisstjórn valið þá leið að gera rekstraráætlun sem byggist á óbreyttu verðlagi, miðað við 1. mars 1982. Nú er það svo, að verðbólga gerir allt arðsemismat fram í tímann erfitt. Sú leið, sem verkefnisstjórn hefur valið, en hún er sú að reikna ekki með neinni verðbólgu, krefst þess, að reynt sé að ná öllum verðbólguáhrifum út úr kostnaðartölum, þannig að eftir standi samanburðarhæfar rauntölur. Þetta getur verið ákaflega erfitt, til dæmis að því er varðar fjármagnskostnað, eins og nánar verður vikið að hér á eftir, en einnig á öðrum sviðum geta komið til erfiðleikar, sem hyggja þarf að. Nægir þar til dæmis að benda á að miklu máli skiptir þegar innlendur kostnaður, t. d. launakostnaður, er yfirfærður yfir í erlenda mynt, eins og í þessu tilviki, hvaða gengisviðmiðun er valin, en þar kemur einnig til fleira, eins og samhengi í þróun innlends framleiðslukostnaðar og gengisskráningu, þ. e. a. s. spurningin um hvort jafnvægi sé þegar kostnaðartölurnar eru teknar upp eða ekki.

Verkefnisstjórn reynir að taka mið af slíkum raunstærðum í arðsemisútreikningum sínum. Þannig kemur í skýrslunni fram skoðun verkefnisstjórnar og ráðunauta hennar, að kísilmálmverð hafi verið í lægð undanfarin tvö ár, því sé ekki hægt að ganga út frá markaðsverði nú um þessar mundir, heldur þurfi að finna raunverð, eða rétt verð, sem grundvöll fyrir arðsemismatið. Niðurstaða verkefnisstjórnar er meðalverð 1525 US$ á tonn, og er þá miðað við að helmingur kísilmálmsins sé seldur til álsteypa á 1485 US$ á tonn og helmingur til silikoniðnaðarins á 1565 US$ hvert tonn. Þetta verð virðist heldur lægra en það raunverð sem ráðunautar verkefnisstjórnar ganga út frá. Þannig er raunverð RDG 1540 US$ hvert tonn, en raunverð CRU heldur hærra. Á hinn bóginn kemur fram hjá ráðgjafarfyrirtækinu CRU, að lykilatriði varðandi hagkvæmni þessarar verksmiðju sé að hún komist inn á silikonframleiðendamarkaðinn. Slíkt tekur að mati fyrirtækisins nokkurn tíma, eða allt að 4 ár ef vel tekst til með gæði framleiðslunnar, þannig að óvarlegt er að gera ráð fyrir þessu raunverði

fyrstu ár rekstrarins. Verkefnisstjórn tekur að vísu tillit til þessa þar sem verðið er lækkað um 10% á fyrsta starfsári og 5% á öðru, en það gæti verið álitamál, hvort hér sé nægileg aðgætni sýnd. Einnig kemur fram hjá ráðunautum verkefnisstjórnar, að ekki er gert ráð fyrir efnahagskreppum af því tagi sem gengið hafa yfir síðan 1979.

Að því er varðar hráefnaverð verður ekki séð að verkefnisstjórn hafi framkvæmt sams konar raunverðsútreikninga eins og varðar söluverðið. Miðað við gengisskráningu, sem lögð er til grundvallar í áætlanagerðinni, er hráefnisverð íslensku verksmiðjunnar um 515 US$ á hvert tonn framleidds kísilmálms. Í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins CRU koma fram áætlanir um framleiðslukostnað hinna ýmsu kísilmálmverksmiðja í heiminum, og virðist þetta íslenska verð vera nokkuð í samræmi við þau verð, þegar tillit er tekið til legu íslensku verksmiðjunnar og þar af leiðandi hærri flutningskostnaðar á hráefnum. Þessi verð, sem ráðgjafarfyrirtækið gefur upp, eru aftur á móti á verðlagi ársins 1981. Það má varpa fram þeirri spurningu, hvort líklegt sé að hráefnissalar til kísilmálmiðnaðar muni sætta sig við nánast óbreytt raunverð á söluvörum sínum, ef markaðsverð fyrir kísilmálm hækkar á bilinu 20—30%.

Þessari spurningu verður ekki svarað hér, en bent skal á að skv. útreikningum verkefnisstjórnar hefur 10% hækkun hráefniskostnaðar verksmiðjunnar í för með sér um það bil 2% lækkun arðsemi fyrirtækisins, metið í afkastavöxtum.

Um verðlagningu á orku til verksmiðjunnar skal ekki fjölyrt hér, en gert er ráð fyrir að verksmiðjan greiði mun hærra verð fyrir orkuna heldur en núverandi stóriðjufyrirtæki greiða, sem bæði munu nú rekin með miklu tapi. Ástæða er til að vekja athygli á því, að báðir hinir bresku ráðgjafar verkefnisstjórnarinnar benda á, að æskilegt kunni að vera að fyrirtækið greiði lægra raforkuverð á fyrstu árum rekstrarins heldur en gert hafi verið ráð fyrir til að arðsemi og fjármagnsstreymi verði viðunandi.

Ýmsir aðrir þættir, sem áhrif hafa á rekstursafkomu verksmiðjunnar, geta einnig komið til álita, en hér skal þó staðar numið. Rétt er þó að benda á að rekstrarfjármagn verksmiðjunnar virðist vanáætlað, eins og nánar verður vikið að, og lækkar það að sjálfsögðu eitthvað niðurstöður arðsemisútreikninga verkefnisstjórnar.

Miðað við þær forsendur, sem verkefnisstjórn gefur sér, eru afkastavextir fjárfestingarinnar 10,4%, og er þá, eins og áður sagði, miðað við fast verðlag. Þessi niðurstaða gefur í sjálfu sér til kynna að hér geti verið um arðbæra fjárfestingu að ræða, ef allt gengur að óskum, en viðkvæmnisútreikningar verkefnisstjórnarinnar sýna greinilega viðkvæmni afkomu fyrirtækisins fyrir söluverði og sölumagni sérstaklega. Niðurstöður ráðgjafa verkefnisstjórnarinnar eru á sömu lund, en þó með nokkrum fyrirvörum. Þannig bendir CRU á að verksmiðjan verði í þeim flokki framleiðenda, sem einna hæstan framleiðslukostnað muni hafa, og geti því lent í erfiðleikum í efnahagskreppum. Niðurstöður bráðabirgðaathugunar RDG eru að miðað við forsendur fáist meðalarðsemi sem sé að vísu ekki sérlega há, en geti verið viðunandi miðað við áhættu. Þessi meðalarðsemi RDG er 18,9% miðað við verðbólguspá þeirra, en 11,9% arðsemi heildarfjármagnsins ef tölur eru hreinsaðar af verðbólguáhrifum. Rétt er að benda á, að svo virðist að hér sé ekki um afkastavexti að ræða, heldur meðalarðsemi. Bæði verkefnisstjórn og RDG hafa athugað áhrif verðbólgu á arðsemi fyrirtækisins. Þó ekki sé ástæða til að horfa sérstaklega á niðurstöður útreikninganna sem slíkra, er þó rétt að benda á, að meðan verkefnisstjórn fær þá niðurstöðu, að verðbólga hafi jákvæð áhrif á arðsemi fyrirtækisins, er niðurstaða RDG gagnstæð, þ. e. a. s. að verðbólga hafi neikvæð áhrif. Mismunurinn virðist skýrast fyrst og fremst af mismunandi meðferð áætlaðs rekstrarfjármagns fyrirtækisins.

Fjármögnun.

Í skýrslu verkefnisstjórnar er mjög lítið fjallað um fjármögnun verksmiðjunnar. Virðist svo að þessi mikilvægi þáttur málsins hafi nánast verið lagður til hliðar. Eftirfarandi kemur þó fram í skýrslunni.

Verkefnisstjórn fjallar stuttlega um áætlaða raunvexti til nota við gerð greiðsluáætlunarinnar. Telur verkefnisstjórn að raunvextir á alþjóðlegum lánamörkuðum í dag séu um 5—6%, sem komi til samanburðar við áætlaða afkastavexti verksmiðjunnar 10,4%. Jafnframt tekur verkefnisstjórnin fram, að þessir raunvextir séu með þeim hæstu sem þekkst hafi á undanförnum áratugum og að líkur séu á að þeir þokist að nýju niður á sitt hefðbundna svið, sem sé 2—4%, á næstu árum. Nú er það svo, að raunvextir hafa undanfarinn áratug farið mjög hækkandi. Enginn getur í dag sagt hvort hér sé um langtíma breytingu að ræða eða hvort þessir vextir muni lækka að nýju þegar og ef jafnvægi kemst á í efnahagslífi í heiminum. Um þetta atriði eru mjög skiptar skoðanir. Í reynd hafa raunvextir farið mun hærra en verkefnisstjórn telur, og réttari niðurstaða um raunvexti í dag er líklega á bilinu 6—10%, allt eftir því hvaða mælikvarðar eru notaðir. Þessi niðurstaða skiptir miklu máli vegna samanburðar við afkastavexti verksmiðjunnar eins og þeir hafa verið áætlaðir.

Í ljósi framangreinds telur Seðlabankinn, að forsendur verkefnisstjórnar varðandi vaxtakjör á lánum til verksmiðjunnar þurfi nánari athugunar við. Sama skoðun kemur reyndar fram hjá ráðgjafarfyrirtækinu RDG, þó óbeint sé, en það fyrirtæki tekur fram varðandi fjármögnunaráætlun sína, að ekki sé hægt að ábyrgjast að fjármagn verði til reiðu á þeim kjörum, sem þeir áætla, og í því formi, sem verksmiðjan þarfnast.

Að því er varðar áætlun verkefnisstjórnar um rekstrarfjármagn, er það skoðun Seðlabankans, að þrátt fyrir það að verkefnisstjórn hafi ekki gert ráð fyrir neinum greiðslufresti á aðföngum, þá sé hér um vanáætlun að ræða. Þessi skoðun kemur einnig fram í greinargerð ráðgjafarfyrirtækisins RDG. Hversu mikið á vantar hafa ekki verið tök á að meta, enda mun það m. a. ráðast af stærðum sem ekki eru þekktar, svo sem greiðslukjörum til umboðsmanna og fleiru slíku.

Í ábendingunum hér að ofan að því er varðar rekstrarkostnað hefur verið nefnt, að í áætlunum er ekki gert ráð fyrir neinum verulegum sveiflum í verðlagi og sölu milli ára. Ef gera á raunhæft mat á stöðu fyrirtækisins verður að gera ráð fyrir því, að meira fé í rekstrarfjárformi þurfi til, öryggisins vegna, til að mæta slíkum sveiflum, ef greiðslugeta fyrirtækisins á að vera tryggð. Nægir í því sambandi að benda á þá fjármagnsþörf sem nú er til umfjöllunar á Alþingi vegna hliðstæðra rekstrarerfiðleika Íslenska járnblendifélagsins hf.

Verkefnisstjórn gerir ráð fyrir að stofnkostnaður verði fjármagnaður þannig að hlutafé verksmiðjunnar sé 30%, útflutningslán fáist fyrir um 30% fjárfestingarinnar og að langtíma fjárfestingarlán verði tekið fyrir 40% stofnkostnaðarins. Um rekstrarlán er sagt að þau verði tekin eftir þörfum og endurgreidd eftir getu. Miðað við þau kjör, sem ríkjandi eru á lánamörkuðum nú, má ætla að áætlaður lánstími, sem er 12 ár frá því að rekstur hefst fyrir fjárfestingarlánið, en 7½ ár fyrir útflutningslánið, sé ekki raunhæfur, svo að til endurfjármögnunar þurfi að koma. Um vaxtakjör hefur þegar verið fjallað. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkissjóður fái heimild til að leggja fram allt hlutafé félagsins, en í athugasemdum er bent á að ekki sé gert ráð fyrir að ríkið muni eiga allt hlutaféð. Jafnframt er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild ríkissjóðs til að ábyrgjast fjárfestingarlán allt að kr. 300 millj. til handa verksmiðjunni. Aftur á móti er gert ráð fyrir að útflutningslán til verksmiðjunnar muni fást án ábyrgðar, sem verður þó að teljast mjög vafasamt, eins og aðstæður nú eru.

Hér er rétt að fjalla nokkuð almennt um veitingu ríkisábyrgða. Það hefur verið stefna stjórnvalda að reyna að halda veitingu ríkisábyrgða vegna erlendra lána í lágmarki. Þannig var lagt mikið kapp á það, þegar Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga var stofnuð, að komist yrði hjá því að veita ríkisábyrgð á fjárfestingarlánum til verksmiðjunnar, og það

tókst. Fyrir þessari stefnu eru augljós rök. Ríkisábyrgð er nánast yfirlýsing um að hætta geti verið á að viðkomandi framkvæmd sé svo áhættusöm eða óarðbær að ekki sé víst að tekjur af henni nægi til að standa undir stofnkostnaðinum. Ábyrgðaraðilinn, í þessu tilviki ríkissjóður, gefur því yfirlýsingu um að hann ábyrgist endurgreiðslu á viðkomandi láni. Lánstraust ábyrgðaraðila, sem byggist á skilvísi hans og áliti hjá lánveitendum, kemur því í staðinn fyrir áhættumat á viðkomandi fjárfestingu. Auk þess ber að hafa í huga, að því fleiri ábyrgðir sem ríkissjóður veitir, því líklegra er að ábyrgðaryfirlýsingarnar muni hafa áhrif á lánstraust hans. Það er því æskilegt að takmarka hversu langt íslenska ríkið gengur í veitingu ábyrgða, og í þessu tilviki er um að ræða stórar ábyrgðir sem koma til viðbótar væntanlegum lántökum ríkissjóðs vegna kaupa á hlutabréfum í fyrirtækinu. Það má því segja að hin almenna stefna, sem hér er lýst, miðist við það að viðhalda lánstrausti íslenska ríkisins sem fyrsta flokks lántakanda. Að því er varðar þetta frumvarp sérstaklega er ljóst, að fyrir fram ákvörðun um ríkisábyrgð á lántökum vegna fyrirtækisins dregur úr því öryggi, sem fólgið væri í áhættumati einstakra lánastofnana á fjárfestingunni, því að með ríkisábyrgð að baki skiptir áhætta í fyrirtækinu miklum mun minna máli fyrir lánveitandann en ella. Þannig má segja að það sé eðlilegra að gefa ekki fyrirheit um tilteknar ríkisábyrgðir fyrr en eftir að alvarlegar viðræður hafa farið fram við hugsanlega lánveitendur. Í þessu felst einnig að Seðlabankinn tekur ekki undir skoðanir verkefnisstjórnar eins og þær eru settar fram á blaðsíðu 89 í lokaskýrslunni í kaflanum um eignaraðild, þar sem talið er æskilegt að nýta sér lánstraust ríkissjóðs til að fá hagkvæmustu lánskjör fyrir verksmiðjuna. Þvert á móti telur Seðlabankinn, að með tilliti til áhættu sé mjög æskilegt að fá fram álit erlendra fjármálastofnana á hagkvæmni fjárfestingarinnar, og jafnframt áhættu, með því að leita eftir lánum án ríkisábyrgðar.

Ef dregið er saman það, sem sagt er hér að ofan um fjármögnun, er niðurstaðan sú, að fjármögnun hinnar fyrirhuguðu verksmiðju hafi ekki verið nægilegur gaumur gefinn af verkefnisstjórn. Það er skoðun bankans að ræða þurfi við hugsanlega lánveitendur áður en lengra er haldið um ákvarðanatöku, þannig að hægt sé að leggja fram raunhæfa fjármögnunaráætlun samhliða öðrum áætlunum, sem verkefnisstjórn hefur unnið að. Meðan slík áætlun er ekki fyrir hendi verður ekki sagt að undirbúningsathugunum sé lokið. Liður í undirbúningi slíkrar fjármögnunaráætlunar væri áhættumat á fjárfestingunni og hinum ýmsu liðum hennar. Eins og áður hefur verið vikið að fælist slíkt áhættumat óbeint í undirtektum lánveitenda við lánsbeiðnum, en væntanlegur eigandi verksmiðjunnar þarf sjálfur að mynda sér skoðun um þá áhættu, sem verið er að taka. Þessi atriði, sem hér eru tekin til umræðu, geta að sjálfsögðu haft áhrif á arðsemi fyrirtækisins til hins betra eða verra.

Stjórnun og framkvæmdaáætlun.

Síðasti kafli í lokaskýrslu verkefnisstjórnar fjallar um framkvæmdaáætlun fyrir verkið. Þar kemur fram, að ef tímasetningar eiga að standast þurfi að vera búið að semja um kaup á ofnum eigi síðar en 1. september 1982. Til þess tíma eru nú fjórir mánuðir. Á þeim tíma þarf að stofna fyrirtækið, ef lögin ná fram að ganga, skipa stjórn og ráða starfsmenn. Taka þarf mikilvægar ákvarðanir varðandi uppbyggingu verksmiðjunnar, semja um fjármögnun að minnsta kosti á þeim hluta er varðar ofnakaupin. Hér er um mikið og vandasamt verkefni að ræða, sem mikið veltur á að vel takist. Þegar Kísiliðjan hf. og Íslenska járnblendifélagið hf. voru stofnuð með þátttöku íslenska ríkisins var sá tími, sem til umráða var til undirbúnings, mun rýmri. Að auki komu í báðum tilvikum til erlendir samstarfsaðilar sem veittu mikilvæga aðstoð að því er varðaði stjórnunarlega uppbyggingu fyrirtækjanna. Í því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er ekki í neinu vikið að því, með hvaða hætti yrði staðið að stjórnunarlegum undirbúningi verksins. Stjórnunarþekking, sem til þarf, kann að vera til í landinu á þessari stundu, t. d. hjá Járnblendifélaginu á Grundartanga, en ekki verður séð af frumvarpinu, að ætlunin sé að nýta hana við uppbyggingu þessa fyrirtækis. Öllum má þó vera ljóst, að á fáu

veltur meira í uppbyggingu og rekstri á svo stóru og áhættusömu fyrirtæki en styrkri og hæfri stjórn.

Niðurlag.

Hér að ofan hefur verið komið á framfæri nokkrum ábendingum um frumvarp og áætlanir um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Eins og kom fram í upphafi þessarar greinargerðar hefur Seðlabankinn einungis haft örfáa daga til að kanna umrætt mál. Það liggur í augum uppi, að á þessum tíma hefur ekki verið mögulegt að gera neina tæmandi eða ýtarlega úttekt á málinu af hálfu bankans. Það, sem hér hefur komið fram, byggist því á fyrstu skoðun og niðurstöður og ábendingar gætu hugsanlega orðið aðrar ef tími væri nægur til að skoða málið eins og með þarf. Eins og fram hefur komið hér að framan er það skoðun Seðlabankans, að kísilmálmframleiðsla, eins og hér er gert ráð fyrir, sé vænlegur kostur til nýtingar innlendrar orku til útflutningsframleiðslu. Á hinn bóginn virðast þær athuganir, sem fram hafa farið að undanförnu á stofnsetningu á kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, ekki vera komnar á það stig, að tímabært sé að taka ákvörðun um að ráðast í framkvæmdir innan þeirra tímamarka sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Það er skoðun Seðlabankans, að áfram eigi að vinna að þessu máli svo að grundvöllur ákvörðunartöku geti orðið traustari en hann nú er.

Fylgiskjal III.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 25/4/1982.

Minnisgrein um nokkur atriði áætlana um Kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

I. Inngangur.

Í því, sem hér fer á eftir, er stuðst við efni eftirtalinna skýrslna:

1. Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði — Verk- og fjárhagsáætlun — Áfangaskýrsla I; 1. júní 1981.
2. Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði — Frumathugun — Áfangaskýrsla II; 15. nóvember 1981.
3. Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði — Niðurstöður hagkvæmnisathugunar — Lokaskýrsla verkefnisstjórnar Iðnaðarráðuneytisins; mars 1982.
4. Commodities Research Unit Limited: The International Silicon Metal Market and the Competitive Position of an Icelandic Silicon Metal Producer (CRU).

Þjóðhagsstofnun hefur kynnt sér efni þessara skýrslna og fengið frekari skýringar frá verkefnisstjórn og jafnframt leitað víðar fanga, meðal annars með samtölum við starfsmenn Landsvirkjunar, Seðlabanka og fleiri.

Hér á eftir verður fjallað um ýmsa afmarkaða þætti þessa máls, sem stofnunin telur sér fært að leggja mat á. Verður einkum fjallað um nokkra liði stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar og um markaðsverð og arðsemismat. Sérstaklega skal tekið fram, að hér verður aðeins lítillega komið inn á raforkuöflun og raforkuverð, enda eðlilegra að Landsvirkjun geri nánari grein fyrir þeim þáttum. Enn fremur er hér ekkert fjallað um fjármögnun fyrirtækisins, sem er þó veigamikið atriði málsins, en eðlilegt að Seðlabankinn athugi það.

Umfjöllun sem þessi er háð þeim veigamikla annmarka, að ekki er um neinn samanburð að ræða við aðra iðnaðarkosti af svipuðu tagi, sem til greina kynnu að koma. Af þeim sökum segja niðurstöður arðsemismats afar takmarkaða sögu, þar sem einungis er unnt að bera arðsemi saman við vexti á fjármagnsmarkaði. Slíkur samanburður er þó varla marktækur

vegna gjörólíkrar áhættu. Skortur á samanburði við aðra kosti takmarkar mjög gildi arðsemismats á einstökum framkvæmdum.

2. Staðsetning.

Við staðsetningu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði verður stofnkostnaður verksmiðjunnar hærri en ef verksmiðjan væri t. d. staðsett í nágrenni þeirra stóriðjufyrirtækja, sem þegar eru risin. Á Reyðarfirði þarf að leggja í kostnað vegna hafnargerðar og raforkuflutnings, sem ekki þyrfti að leggja í t. d. á Grundartanga. Þessi kostnaður rýrir því arðsemi fyrirtækisins miðað við hagkvæmari staðsetningu verksmiðjunnar að þessu leyti.

Í skýrslu breska ráðgjafarfyrirtækisins CRU er gerður samanburður á framleiðslukostnaði íslenskrar kísilmálmverksmiðju og annarra verksmiðja í þessari grein. Niðurstaðan er sú, að íslenska verksmiðjan verði með tiltölulega háan framleiðslukostnað („high cost project"). Ástæðan er ekki síst mikill fjármagnskostnaður í samanburði við eldri verksmiðjur. Staðsetning á Reyðarfirði eykur þennan kostnað umfram það sem væri annars staðar. Þetta skiptir því nokkru máli, þegar um jafnáhættusamt fyrirtæki er að ræða og hér er. Að sjálfsögðu þarf að taka fjölmörg atriði til greina, þegar staðsetning fyrirtækis sem þessa er ákveðin, og kæmi þá til álita að meta þann viðbótarkostnað, sem staðsetning verksmiðjunnar á Reyðarfirði hefði, á móti öðrum markmiðum, sem ynnust við þá staðsetningu.

3. Stofnkostnaður.

Stofnkostnaður tveggja ofna verksmiðju er áætlaður 747,1 m. kr. miðað við verðlag 1. mars 1982. Eins og fram kemur í skýrslu verkefnisstjórnar og greinargerð með frumvarpinu, hefur þá ekki verið reiknað með vöxtum á byggingartíma né kostnaði við þjálfun starfsmanna. Í greinargerð með frumvarpinu er þessi viðbót áætluð 4,5 m. kr.

Til viðbótar þessu kemur svo ýmis annar stofnkostnaður, sem alfarið má rekja til byggingar kísilmálmverksmiðjunnar. Hér er átt við:

a) Hafnargerð við Mjóeyri í Reyðarfirði. Áætlaður stofnkostnaður er um 29,5 m. kr.
b) Gerð vatnsveitu fyrir verksmiðjuna. Áætlaður stofnkostnaður er 10—15 m. kr.
c) Lagning 35 km raflínu frá Hryggstekk í Skriðdal til Reyðarfjarðar. Lauslega áætlaður kostnaður gæti verið 18—20 m. kr.
d) Við tilkomu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði mun Landsvirkjun telja æskilegt að flýtt verði lagningu Sprengisandslínu um 2—3 ár til þess að auka öryggi í orkuafhendingu til verksmiðjunnar. Áætlaður stofnkostnaður línunnar er vart undir 200 m. kr. á núgildandi verðlagi. Á móti þessari flýtingu mundi að vísu sparast styrking á byggðalínukerfinu sem ella yrði óhjákvæmileg. Kostnaðarauki vegna flýtingar framkvæmda, en að teknu tilliti til þeirrar styrkingar á byggðalínu sem mundi sparast, gæti verið á bilinu 5—10 m. kr.
e) Bygging verksmiðjunnar á Reyðarfirði mun í upphafi óhjákvæmilega hafa í för með sér meiri stofnkostnað í byggingu íbúðarhúsnæðis en vera mundi ef verksmiðjan yrði reist í grennd við meira þéttbýli.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða, en þó ekki byggingar íbúðarhúsnæðis, má lauslega áætla að annar stofnkostnaður, sem beinlínis er tengdur tilkomu verksmiðjunnar, gæti verið á bilinu 65—75 m. kr. Hér er um að ræða allt að 10% af tilgreindum stofnkostnaði. Þessi viðbót við stofnkostnaðinn raskar að vísu ekki arðsemismati fyrirtækisins svo neinu nemi, því rafmagnsverði, hafnargjöldum og vatnsskatti er að stærstum hluta ætlað að standa undir þessum stofnkostnaði. Hér er hins vegar um að ræða fjármögnunarþörf, sem nauðsynlegt er að fullnægja engu síður en þeirri, sem eiginlegur stofnkostnaður veldur. Þessi viðbót rýrir hins vegar arðsemi fyrirtækisins í samanburði við aðra staðsetningu, eins og áður var vikið að.

Varðandi aðra liði stofnkostnaðar mætti nefna, að stærð hráefnageymslu er miðuð við tveggja mánaða framleiðslu og svarar það til 21—22 þús. tonna af hráefni. Þessi stærðarmörk kunna að setja verksmiðjunni nokkrar skorður varðandi hagstæð innkaup og flutninga á stórum förmum. Jafnframt má benda á, að rekstrarfjárþörf verksmiðjunnar vegna hráefnainnkaupa er áætluð sem nemur helmingi hámarksbirgða, eða 10—11 þús. tonn. Í reynd felur þetta í sér, að næsti farmur komi ekki fyrr en sá seinasti er búinn. Þetta verður að telja í knappasta lagi og eðlilegra að reikna með einhverjum öryggisbirgðum.

4. Rekstrarkostnaður.

Rúmlega 40% rekstrarkostnaðar eru hráefni, en verð þeirra er byggt á tilboðum hráefnaseljenda að viðbættum áætluðum flutningskostnaði til landsins. Varðandi hráefnisverð hlýtur að skipta meginmáli, hvernig sambandi hráefnaverðs og afurðaverðs er háttað. Í skýrslu verkefnisstjórnar er reiknað með verulegri hækkun afurðaverðs frá því sem nú er, eins og fram kemur hér á eftir, en aftur á móti er ekki reiknað með hækkun á hráefnum. Þetta kann að orka tvímælis, einkum að því er varðar kvarts, sem er um fimmtungur hráefniskostnaðar. Önnur hráefni eru kol og koks um þriðjungur, rafskaut ríflega annar þriðjungur og kurl um áttundi hluti hráefniskostnaðar.

Raforkukostnaður er um 19% rekstrarkostnaðar, og er orkuverðið talið vera 17,5 mill/kwst. Í reynd er það þó nokkru lægra því reiknað er með 15 mill fyrstu 10 árin en 20 mill næstu 10 árin. Þessi skipting hefur hins vegar ekki verið rædd við Landsvirkjun. Um áhrif þessa atriðis á arðsemi fyrirtækisins má vísa til kaflans um arðsemi hér á eftir. Ljóst má vera, að tilfærsla á orkuverði milli ára með þessum hætti hefur í för með sér nokkra tilfærslu á fjármögnunarþörf frá verksmiðjunni til orkuvinnslukerfisins. Þetta skiptir ekki sköpum ef hið opinbera er eigandi orkuvinnslunnar og verksmiðjunnar að fullu. Hins vegar má telja að ein sér yki þessi tilfærsla á raforkuverðinu samanlagða fjármögnunarþörf hins opinbera í upphafi, ef einkaaðilar ættu hlut í fyrirhugaðri verksmiðju.

Um aðra þætti rekstrarkostnaðarins mætti helst nefna, að launakostnaður virðist ekki of lágt áætlaður borið saman við launakostnað hjá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga.

Afurðaverð.

Verðþróun 1971—1981.

Á undangengnum áratug voru afar miklar sveiflur á kísilmálmverði líkt og verið hefur á verði hrávöru og hráefna almennt. Neysluvöruverð, sem oft er notað sem almennur verðbólgumælikvarði, hefur á hinn bóginn hækkað nokkuð jafnt og þétt, þótt hækkunin hafi verið mismikil einstök ár. Einhlítur mælikvarði á heimsverðbólguna er hins vegar vandfundinn, eins og nánar verður vikið að.

Sem dæmi um verðbreytingar á hrávörum má taka verð á málmum, eins og það er skráð á markaði frá degi til dags. Sé litið á breytingar á kísilmálmverði síðasta áratuginn í samanburði við markaðsverð á málmum almennt, hafa sveiflur í kísilmálmverði verið meiri en á meðalverði málma á þessu tímabili. Þetta á einkum við um hina gífurlegu hækkun, er varð á kísilmálmverði um miðjan síðasta áratug og átti sér vafalaust algjörlega tímabundnar ástæður. Við útreikning á meðalverði síðustu tíu ára er því nauðsynlegt að undanskilja árið 1974. Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar kísilmálmverðs í dollurum árin 1971 til 1981 og breytingar á markaðsverði á málmum almennt, eins og þær birtast í verðvísitölu breska tímaritsins The Economist fyrir daglega verðskráningu á markaði. Þessi verðvísitala sýnir þannig markaðsverðið frá degi til dags, en það breytist mun örar en verð í milliríkjaviðskiptum. Þetta þarf að hafa í huga við samanburð á vísitölu The Economist við skráð verð á kísilmálmi í Bandaríkjunum og innflutningsverð til Bandaríkjanna, Bretlands, Þýskalands og Japans.

Breytingar á kísilmálmverði í dollurum og verði á málmum 1971—1981.
Vísitölur, 1971=100

	Bandaríkin		Frjálst markaðsverð í Evrópu	Meðalinnfl.v. til Bretlands, Þýskalands og Japans [1]	Til samanb.: dagl. markaðsv. á málmum skv. The Economist
	Skráð verð	Innflutnings-verð			
1971	100	100	100	100	100
1972	111	86	98	103	105
1973	124	104	147	120	168
1974	205	249	521	232	209
1975	188	172	231	264	142
1976	186	161	235	235	157
1977	192	178	199	241	159
1978	197	163	213	226	166
1979	234	205	314	309	236
1980	258	237	318	333	250
1981 sept.	301	213	290	306	223

1) Innflutningsverð til þessara þriggja landa hefur verið svipað á tímabilinu, nema árin 1972 og 1975, er japanska verðið var óeðlilega hátt. Japanska verðinu er því sleppt árin 1971 og 1975.

Heimildir: CRU, The Economist.

Til að auðvelda samanburð fer hér á eftir yfirlit yfir breytingar á kísilmálmverði í hlutfalli við heimsmarkaðsverð á málmum.

Breytingar á kísilmálmverði í hlutfalli við heimsmarkaðsverð á málmum 1971—1981.
Vísitölur, 1971=100

	Bandaríkin		Frjálst markaðsverð í Evrópu	Meðalinnfl.v. til Bretlands, Þýskalands og Japans
	Skráð verð	Innflutnings-verð		
1971	100	100	100	100
1972	106	82	93	98
1973	74	62	88	71
1974	98	119	249	111
1975	132	121	163	186
1976	118	103	150	150
1977	121	112	125	152
1978	119	98	128	136
1979	99	87	133	131
1980	103	95	127	133
1981 sept.	135	96	130	137

Árið 1973 tók verð á málmum að hækka mjög mikið á heimsmarkaði, enda hafði þá verið mikill uppgangur í heimsbúskapnum um nokkurt skeið. Verð á kísilmálmi hækkaði einnig, en þó minna en málmverðið og fór því hlutfallslega lækkandi miðað við verð á öðrum

málmum. Þetta snarbreyttist hins vegar árið 1974, er gífurleg hækkun varð á kísilmálmverði, eins og áður sagði. Þessi hækkun kom reyndar einkum fram á árinu 1975 í innflutningsverði, þar sem verðsveiflur koma seinna fram í samningsbundnum viðskiptum en í daglegri verðskráningu á markaði. Árin 1976 til 1978 hækkaði verð á málmum á ný, en verð á kísilmálmi var nokkuð stöðugt og fór því hlutfallslega lækkandi gagnvart málmverði. Frá 1978 hefur verð á kísilmálmi og markaðsverð á málmum hins vegar fylgst nokkurn veginn að. Hvort tveggja hækkaði verulega árið 1979 og árið 1980, en hefur síðan lækkað. Undantekning er þó skráð verð á kísilmálmi í Bandaríkjunum, sem er mun hærra en árið 1980. Síðustu árin hefur verið tiltölulega lítill munur á þessu verði og öðrum verðum, sem upplýsingar eru um (innan við 10%), en nú er skráða verðið í Bandaríkjunum 30—40% hærra en önnur verð.

Framangreindur samanburður nær eingöngu til hrávöruverðs, þar sem verð á málmum er tekið sem dæmi um verðþróunina á síðasta áratug. Þessi samanburður segir ekki til um það, hvernig kísilmálmverð hafi breyst með tilliti til verðbólgu í heiminum á þessum tíma, þótt eitthvert samband sé sennilega milli verðbólgu og verðs á málmum.

Í skýrslu verkefnisstjórnar er vísitala neysluverðs í Bandaríkjunum notuð til þess að færa kísilmálmverð einstök ár til sambærilegs verðlags. Afar erfitt er að bera saman verð á kísilmálmi yfir langt tímabil vegna mikillar verðbólgu í heiminum á undanförnum árum. Þetta á reyndar við um allar vörur, sem verslað er með á heimsmarkaði. Ekki er til neinn einhlítur mælikvarði á heimsverðbólguna, og neysluverð í Bandaríkjunum er því ekki nákvæmur mælikvarði í þessum efnum, þótt hann sýni nokkurn veginn þróunina. Annar mælikvarði, sem einnig mætti líta á til samanburðar, er vísitala útflutningsverðs OECD-ríkja í dollurum. Verðbólga, gengisþróun helstu mynta og efnahagsástand í heiminum hafa áhrif á útflutningsverðið með ýmsum hætti. Þessi mælikvarði hefur því ef til vill víðtækara gildi en neysluverð í Bandaríkjunum, einnig með tilliti til þess, að markaður íslenskrar kísilmálmverksmiðju yrði einkum í Evrópu og Japan. Hér á eftir fer yfirlit yfir verðbreytingar á kísilmálmi í hlutfalli við neysluverð í Bandaríkjunum annars vegar en útflutningsverð OECD-ríkja í dollurum hins vegar.

Breytingar á kísilmálmverði í hlutfalli við breytingar neysluverðs í Bandaríkjunum og útflutningsverðs OECD-ríkja í dollurum 1971—1981.

Vísitölur, 1971=100

	Bandaríkin m. v. neysluverð		Frjálst markaðsverð í Evrópu		Innflutningsverð til Bretl., Þýskal. og Japans	
	Skráð verð	Innflutn.-verð	Miðað við neysluverð	Miðað við OECD-verð	Miðað við neysluverð	Miðað við OECD-verð
1971	100	100	100	100	100	100
1972	108	83	95	95	100	100
1973	113	95	134	130	109	106
1974	168	204	427	367	190	163
1975	141	129	174	146	198	167
1976	132	114	167	149	167	149
1977	128	119	133	116	161	141
1978	122	101	132	110	140	116
1979	131	115	175	141	173	139
1980	126	116	156	141	163	148
1981 sept.	131	93	126	134	133	141

Heimildir: CRU, OECD

Þetta yfirlit sýnir svipaða mynd og áður að því er varðar hina miklu verðhækkun um miðjan síðasta áratug, sem síðan gengur til baka að verulegu leyti, en nokkur hluti verðhækkunarinnar (miðað við annað verðlag) stendur þó eftir. Síðan kemur aftur toppur árið 1979, þótt hann sé mun lægri en árið 1974, og verðið lækkar á ný. Yfir tímabilið allt, frá 1971 til 1981, hefur kísilmálmverð þó gert betur en halda í við neysluverð í Bandaríkjunum eða útflutningsverð OECD-ríkja.

Sem fyrr segir hefur verkefnisstjórnin fært verð á kísilmálmi árin 1971 til 1980 til verðlags 1. mars á þessu ári með vísitölu neysluverðs í Bandaríkjunum. Til samanburðar hefur slíkur umreikningur verið gerður með vísitölu útflutningsverðs OECD-ríkja. Niðurstöðurnar eru mjög ólíkar, eins og eftirfarandi tölur sýna. Þar sem ekki er hægt að ganga út frá því sem gefnu, að kísilmálmverð fylgi annarri hvorri vísitölunni yfir langt tímabil (eða annarri betur en hinni), gefa þessi umreiknuðu verð síðustu fimm eða tíu ára afar ónákvæma vísbendingu um líklegt markaðsverð í framtíðinni.

Meðalverð á kísilmálmi í dollurum 1971—1981 reiknað á verðlagi í mars 1982.

Dollarar á hvert tonn.

	Miðað við neysluverð í Bandaríkjunum				Miðað við útflutningsverð OECD-ríkja í dollurum			
	Skráð verð í Bandaríkj.	Innfl.-verð í Bandaríkj.	Frjálst markaðsv. í Evrópu	Innfl.-verð til Bretl., Þýskal. og Japans[1])	Skráð verð í Bandaríkj.	Innfl.-verð í Bandaríkj.	Frjálst markaðsv. í Evrópu	Innfl.-verð til Bretl., Þýskal. og Japans[1])
1971—1981	1 497	1 385	1 550	1 411	1 287	1 183	1 315	1 205
1971—1981 .... án 1974	1 448	1 278	1 304	1 370	1 254	1 102	1 119	1 181
1976—1980	1 507	1 357	1 433	1 531	1 229	1 107	1 167	1 248
1976—1981	1 509	1 314	1 388	1 479	1 277	1 105	1 167	1 246
Til samanburðar: verð að undanförnu	1 519	1 096	1 165	1 220	1 519	1 096	1 165	1 220

1) Japanska verðinu er sleppt árin 1971 og 1975 af sömu ástæðum og áður.

Heimildir: CRU, OECD.

Samkvæmt þessum tölum eru meðalverðin á mælikvarða útflutningsverðs OECD-ríkja 15—20% lægri en á mælikvarða neysluverðs í Bandaríkjunum. Miðað við OECD-verð er verðið nú yfirleitt litlu lægra en meðalverð síðustu sex ára nema skráð verð í Bandaríkjunum, sem er nú mun hærra en meðalverð síðustu ára. Þetta gildir hins vegar ekki, ef miðað er við neysluverðið. Þá er núverandi verð mun lægra en meðalverð síðustu fimm til sex ára, nema skráð verð í Bandaríkjunum er nú svipað og meðalverðið. Árið 1976 var meðalinnflutningsverð til Bretlands, Þýskalands og Japans svipað og skráð verð í Bandaríkjunum, en nú er það um 20% lægra en bandaríska verðið.

Verðviðmiðun fyrir íslenska kísilmálmverksmiðju.

Í skýrslu verkefnisstjórnar er söluverð íslenskrar verksmiðju miðað við innflutningsverð til Bretlands, Þýskalands og Japans árin 1976 til 1980, sem fært er til verðlags í mars 1982 með hækkun neysluverðs í Bandaríkjunum. Eins og áður kom fram, er meðalverðið 1976 til 1980 fært fram með hækkun útflutningsverðs OECD-ríkja 18% lægra en ef miðað er við hækkun neysluverðs. Ef verðið 1981 er tekið með í meðaltalið, þ. e. 1976—1981, verður

það 16% lægra en verkefnisstjórnin miðar við. Verður nú fjallað nokkru nánar um verðþróunina síðustu árin.

Verð á kísilmálmi hækkaði mikið árið 1979, eins og kom fram í töflunum hér á undan. Hið sama gilti um verð á flestum hrávörum og hráefnum. Hagvöxtur í iðnríkjunum hafði verið nokkuð mikill og stöðugur allt frá árinu 1976 og eftirspurn eftir hráefnum því farið ört vaxandi. Á árinu 1979 margfaldaðist síðan olíuverð á ný og hafði það í fyrstu mikil áhrif til hækkunar á hrávöruverði, eins og 1974, þótt hækkunin væri mun minni en í fyrra skiptið. Við þetta bættust síðan áhrif af gengislækkun Bandaríkjadollars gagnvart Evrópumyntum árin 1978 og 1979, sem leiddi til þess, að dollaraverð á hrávörum hækkaði mun meira en verð í Evrópumyntum.

Olíuverðshækkunin og aðgerðir stjórnvalda í iðnríkjunum til þess að draga úr vaxandi verðbólgu leiddu brátt til minnkandi hagvaxtar og samdráttar iðnaðarframleiðslu. Verð á hrávöru og hráefnum lækkaði því almennt, þegar kom fram á árið 1981. Um sama leyti hækkaði gengi Bandaríkjadollars ört og verðlækkunin varð því mun meiri í dollurum en í Evrópumyntum.

Ef litið er á innflutningsverð á kísilmálmi til Bretlands, Þýskalands og Japans, kemur í ljós, að verðið í mynt hvers lands hefur ekki lækkað frá því sem það var 1979 og 1980, þótt það hafi lækkað í dollurum.

Innflutningsverð á kísilmálmi til Bretlands, Þýskalands og Japans 1976—1981.
Verð á hvert tonn (Japan hvert kg).

	Bretland GBP	Þýskaland DEM	Japan JPY	Meðalverð í dollurum
1976	512	2 331	302	957
1977	616	2 007	264	985
1978	500	1 889	182	923
1979	592	2 278	281	1 261
1980	619	2 466	290	1 358
1981 sept.	(600—675)	2 774	294	1 220

Heimild: CRU.

Verðið í þessum löndum er því hærra nú (svipað í Japan) en það hefur verið undanfarin sex ár. Ef tekið væri tillit til verðbólgu í þessum ríkjum á þessum árum (miðað við hækkun neysluverðs í hverju ríki um sig) er verðið nú 5% hærra í Þýskalandi en meðalverð áranna 1976 til 1981, 6% lægra í Japan, en 20—25% lægra í Bretlandi, enda hefur verðbólga verið mun meiri þar en í hinum ríkjunum tveimur. Kísilmálmverð í Bretlandi hefur engan veginn fylgt breskri verðbólgu síðustu fimm til tíu árin.

Miðað við núverandi innflutningsverð til Þýskalands, Bretlands og Japans og núverandi gengi mynta þessara ríkja gagnvart dollar þarf kísilmálmverð að hækka um nær 25% á næstu árum umfram alþjóðlega verðbólgu til þess að ná þeirri verðviðmiðun, sem notuð er í skýrslu verkefnisstjórnar. Þótt gera megi ráð fyrir einhverri hækkun á næstu árum vegna þess að markaður er nú í lægð og ónýtt framleiðslugeta mikil en líkur á vaxandi notkun þessa efnis á næstu áratugum, virðist varasamt að nota viðmiðun verkefnisstjórnar, þegar meta á arðsemi kísilmálmverksmiðju á Íslandi. Hér á eftir verður því einnig tekið dæmi af 10% lægra verði.

6. Arðsemi fyrirtækisins.

Við mat á arðsemi fyrirtækisins hefur Þjóðhagsstofnun reiknað afkastavexti fjárfestingarinnar, þ. e. a. s. þá ávöxtun alls stofnkostnaðar, bæði eigin fjár og lánsfjár, sem fjárfestingin stendur undir á æviskeiði sínu, sem hér er reiknað 20 ár. Þá er byggt á megintilviki verkefnisstjórnar sem grunndæmi, en nokkur dæmi tekin um áhrif breyttra forsendna frá því.

Verkefnisstjórn reiknar með sama vaxtakostnaði á byggingartíma og fjárfestingin skilar á æviskeiði sínu. Afkastavextir fjárfestingarinnar eru hins vegar tvisvar til þrisvar sinnum hærri en þeir vextir, sem reiknaðir eru af fjárfestingarlánum. Ef notaðir eru 5% vextir á stofnkostnað á byggingartíma í stað afkastavaxtanna, verða afkastavextir 0,7% hærri en í útreikningi verkefnisstjórnar.

Dæmi um áhrif breyttra forsendna á arðsemi fyrirtækisins eru sýnd í töflu 1. Þar kemur meðal annars fram, að arðsemin versnar óverulega þótt stofnkostnaði við höfn og vatnsveitu sé bætt við stofnkostnað fyrirtækisins. Ástæðan er sú, að á móti auknum stofnkostnaði falla brott úr rekstrarkostnaði reiknuð þjónustugjöld til hafnar og vatnsveitu. Fyrirtækið fengi þannig auknar tekjur úr rekstri sem dygðu að mestu til þess að mæta auknum stofnkostnaði. Áður hefur hins vegar komið fram, að arðsemi fyrirtækisins yrði meiri, ef það væri staðsett þar sem þessi aðstaða væri þegar fyrir hendi.

Lækkun á afurðaverði hefur afdrifarík áhrif á arðsemina, eins og vænta má. Hér að framan var fjallað ítarlega um markaðsverð og var niðurstaðan sú, að óvarlegt væri að miða arðsemi fyrirtækisins við það markaðsverð, sem verkefnisstjórnin notar. Sé miðað við 10% lægra verð, sem þó er 12—14% hærra en núverandi markaðsverð, minnkar arðsemin um 5,6% að öllu öðru óbreyttu. Hún yrði þá 5,5%.

Ef reiknað er með sama raforkuverði, 17,5 mill, allan rekstrartímann í stað 15 mill fyrstu 10 árin og 20 mill næstu 10 árin, hefði sú eina breyting í för með sér lækkun afkastavaxta um ½%.

Hækkun stofnkostnaðar um 10% frá megintilviki leiddi til lækkunar afkastavaxta um 1,3%.

Í megintilviki verkefnisstjórnar og öllum ofangreindum dæmum er við það miðað, að framleidd séu 25 þúsund tonn af kísilmálmi á ári, og að mati verkefnisstjórnar felur sú forsenda í sér sem næst 90% nýtingu afkastagetunnar. Í skýrslu breska ráðgjafarfyrirtækisins er miðað við að meðalnýting afkastagetu í allri greininni sé 85%, þegar markaður er í jafnvægi. Sé dæmi tekið um 5% minna framleiðslu- og sölumagn lækkar arðsemin um 1,3%, og er þá gert ráð fyrir, að hráefnanotkun og orkukaup fylgi framleiðslumagni að fullu, en annar rekstrarkostnaður breytist ekki.

7. Lokaorð.

Athuganir, sem fyrir liggja, benda til þess, að notkun kísilmálms muni fara vaxandi á næstu áratugum. Spár um vöxt markaðarins eru þó varkárari nú en fyrir ári. Þannig er í skýrslu verkefnisstjórnar nú talað um 5% vöxt á ári, en í fyrstu skýrslunni um málið í júní 1981 var talað um 7% vöxt á ári.

Framleiðslukostnaður íslenskrar kísilmálmverksmiðju er talinn í hærra lagi hér í samanburði við eldri verksmiðjur þótt raforkukostnaður sé í lægra lagi. Ástæðan er fyrst og fremst mikill fjármagnskostnaður nýrrar verksmiðju. Staðsetning fyrirtækisins á Reyðarfirði hefur í för með sér meiri stofnkostnað en ef verksmiðjan væri reist þar sem hafnaraðstaða, flutningskerfi raforku og fleira þess háttar er þegar fyrir hendi.

Markaðsverð hefur sveiflast mjög mikið síðustu tíu árin. Af þessum sökum er erfitt að segja hvort það fylgir verðbólgu til lengri tíma. Meðalinnflutningsverð til Bretlands, Þýskalands og Japans árin 1976 til 1980, fært fram til verðlags í mars 1982, með hækkun neysluverðlags í Bandaríkjunum, gefur takmarkaða vísbendingu um markaðsverð í framtíðinni. Þetta verð er 20—25% yfir núverandi markaðsverði. Innflutningsverð til framangreindra landa hefur ekki lækkað í mynt hvers lands frá því sem það var árin 1979 og 1980. Reiknað í dollurum hefur verðið hins vegar lækkað talsvert. Ástæða virðist til að taka dæmi af lægra markaðsverði en gert er í skýrslu verkefnisstjórnar.

Rekstur kísilmálmverksmiðju er áhættusamt fyrirtæki. Því fylgir bæði tæknileg áhætta

og markaðsáhætta. Þótt kaupa megi tækniþjónustu af framleiðendum ofnanna og komast inn á markað fyrir tilstilli umboðsmanna[1]), þá fylgir því mun meiri áhætta en samvinna við aðra framleiðendur, þótt erfitt sé að meta hana. Íslendingar eiga þegar gott samstarf um orkufrekan iðnað við fyrirtæki, sem á tiltölulega stóran hlut í framleiðslu og sölu á kísilmálmi á heimsmarkaði. Því gæti verið ástæða til að reyna að meta nánar en gert er í skýrslu verkefnisstjórnar það hagræði, sem kynni að vera af því að reisa og reka kísilmálmverksmiðju í samvinnu við Elkem Spigerverket í Noregi.

Að mati verkefnisstjórnar svarar arðsemi fjárfestingar í kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði til 10,4% afkastavaxta á ári. Arðsemi fyrirtækisins er afar næm fyrir söluverði, og sé til dæmis miðað við 10% lægra söluverð minnkar arðsemin í 5,5% að öðru óbreyttu.

Erfitt er að meta niðurstöður arðsemisútreikninga nema í samanburði við aðra iðnaðarkosti, sem unnt væri að meta á svipuðum forsendum um óvissu og áhættu. Með byggingu kísilmálmverksmiðju er meðal annars verið að ráðstafa þeirri raforku, sem fyrir hendi verður til slíkra nota næstu árin áður en næsta stórvirkjun verður tilbúin. Því gæti verið ástæða til að athuga kísilmálmverksmiðju í samanburði við aðra kosti, sem til greina koma á sama tíma. Þar virðist fyrst og fremst um að ræða stækkun þeirra stóriðjufyrirtækja, sem fyrir eru, járnblendiverksmiðjunnar eða álverksmiðjunnar, eða byggingu kísilmálmofna á Grundartanga í tengslum við járnblendiverksmiðjuna, sem mætti, ef ástæða þætti til, breyta í kísiljárnsofna. Slíkur samanburður mundi gefa vísbendingu um hagkvæmustu notkun þeirrar raforku, sem til ráðstöfunar verður á næstu árum, og auðvelda mat á arðsemi kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

1) Með þessu fyrirkomulagi yrði söluverð líklega óstöðugra en ef selt væri í samvinnu við aðra framleiðendur. Erfitt er hins vegar að meta áhrif þess á afkomu fyrirtækisins. Þar sem fjármagnskostnaður, fastur kostnaður, er tiltölulega stór hluti framleiðslukostnaðar í nýrri verksmiðju, á hún óhægar um vik en eldri verksmiðja að taka á sig tímabundna tekjuminnkun, þegar markaður er í lægð.

Tafla 1.
Mat á arðsemi kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði miðað við 20 ára rekstrartíma og breytilegar forsendur.

	Afkastavextir fjárfestingar	
	Dæmi 1	Dæmi 2
	Markaðsverðsforsenda verkefnisstjórnar %	10% lægra afurðaverð en í dæmi 1 %
Grunndæmi A, m. v. 10,4% vexti á byggingartíma	10,4	5,5
Grunndæmi B, m. v. 5% vexti á byggingartíma	11,1	5,5
Dæmi um breyttar forsendur, arðsemi eftir breytingu (miðað við grunndæmi B).		
1. Höfn og vatnsveita meðtalin í stofnkostnaði	10,8	5,2
2. Sama raforkuverð, 17,5 mill/kwst allt tímab.	10,6	5,0
3. 10% hækkun stofnkostnaðar	9,8	4,2
4. Minnkun framleiðslumagns um 5%	9,8	4,2

Ath.:
Ekki er reiknað með hrakvirði í arðsemismatinu. Sé það hins vegar gert og hrakvirði verksmiðjunnar í lok 20 ára rekstrartíma áætlað 10% af upphaflegum stofnkostnaði mundu afkastavextir hækka um 0,2—0,4% í dæmunum hér að ofan.

Tafla 2.
Nokkrar þjóðhagsstærðir m. v. verðlag ársins 1982 og full afköst kísilmálmverksmiðjunnar.

	Millj. ísl. kr. 1 $ = 10,30 ísl. kr.	Millj. $
Útflutningstekjur		
1. F. o. b.-verðm. kísilmálms 25 000 tonn 1 420 $/t[1])	365,6	35,5
2. Áætlaður vöruútflutningur alls 1982	9 700,0	942,0
3. Hlutfall kísilmálms af vöruútflutningi	3,8%	3,8%
Vinnsluvirði		
4. Vinnsluvirði kísilmálmverksmiðjunnar	154,4	15,0
5. Verg landsframleiðsla, tekjuvirði	23 500,0	2 281,0
6. Hlutfall vinnsluvirðis af vergri landsframleiðslu	0,7%	0,7%
Vinnsluvirði og raforkukaup		
7. Vinnsluvirði að viðbættum raforkukaupum	207,3	20,1
8. Hlutfall vinnsluvirðis og raforkukaupa af vergri landsframleiðslu	0,9%	0,9%
9. 7. sem % af 1.	56,7%	56,7%
10. 4. sem % af 1.	42,2%	42,2%

1) Miðað er við markaðsforsendur verkefnisstjórnar.

Fylgiskjal IV.

LANDSVIRKJUN

Herra alþingismaður
Skúli Alexandersson
formaður iðnaðarnefndar
neðri deildar Alþingis

Reykjavík, 27.04. 1982.

Með tilvísun til bréfs yðar um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, dagsett 19. þ. m., og viðræðna nefndarinnar nú í morgun við Jóhann Má Maríusson yfirverkfræðing, leyfi ég mér að senda hjálagt ljósrit af bréfi um sama mál til iðnaðarráðherra dagsett 25. f. m.

Í bréfinu koma fram sjónarmið Landsvirkjunar varðandi hugsanlega raforkusölu til fyrirtækisins, en þau eru í aðalatriðum þessi:

Landsvirkjun lítur svo á, að verði reiknað með því, að fyrirtækið geti séð kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem komin yrði í rekstur árið 1985, fyrir raforku með sæmilegu öryggi, þá þurfi eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

1. Samningar takist milli ríkisins og Landsvirkjunar um byggingu og rekstur nýrra virkjana samkvæmt lögum um orkuver, nr. 60 frá 4. júní 1981, og yfirtöku byggðalína.
2. Kvíslaveitur, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og Búrfellsvirkjunar fullgerðar 1985/1986. Ný virkjun (Blönduvirkjun) verði byggð af Landsvirkjun og komin í rekstur 1987/88. Háspennulína frá Þjórsársvæðinu til Akureyrar fullgerð 1986.
3. Fjárhagsstaða Landsvirkjunar verði tryggð á viðunandi hátt.

Í þeim samningsdrögum um raforkusölu frá Landsvirkjun, sem fyrirtækið hefur gert og fylgja þessu bréfi, kemur fram, að það verð, sem nefnt er (17.5 mill/kWh), verður háð nánara samkomulagi. Það er hins vegar ekki unnt að gera, fyrr en ofangreind atriði skýrast, auk þess sem verðbótaákvæði skipta máli í þessu efni svo og hvort verðið verður í ísl. krónum eða erlendri mynt.

Að öðru leyti en að ofan er rakið vísast til áður tilvitnaðs bréfs til iðnaðarráðherra, meðfylgjandi draga að raforkusölusamningi svo og greinargerðar Landsvirkjunar um framkvæmdaþörf í hinu samtengda raforkuöflunarkerfi á árunum 1982—1988, sem iðnaðarnefndin hefur þegar undir höndum.

Virðingarfyllst,
E. Briem framkvæmdastjóri.

LANDSVIRKJUN

Iðnaðarráðherra
Hjörleifur Guttormsson
Iðnaðarráðúneytið
Arnarhvoli

Reykjavík, 25.03. 1982.

Með bréfi, dags. 18. þ. m., sendi Landsvirkjun ráðuneytinu drög að rafmagnssamningi milli Landsvirkjunar og hins fyrirhugaða Íslenska Málmfélags hf. varðandi hugsanlega rafmagnssölu í þágu kísilmálmframleiðslu við Reyðarfjörð. Voru drög þessi send með fyrirvara þar sem stjórn Landsvirkjunar hafði ekki fjallað um þau, auk þess sem óhjákvæmilegt þótti af skiljanlegum ástæðum að áskilja það fyrirvörum af ýmsum öðrum ástæðum. Stjórn Landsvirkjunar hefur nú fjallað um mál þetta og leyfir sér að vekja athygli á þeim vandkvæðum sem á því eru að ganga, eins og sakir standa, frá endanlegum drögum að hlutaðeigandi rafmagnssamningi. Felst afstaða stjórnarinnar í eftirfarandi ályktun, sem hún samþykkti á fundi sínum í dag hér að lútandi:

„Stjórn Landsvirkjunar hefur fjallað um erindi iðnaðarráðherra, dags. 19. janúar 1982, þar sem óskað er eftir viðræðum við Landsvirkjun um fyrirkomulag á raforkusölu fyrir kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð er tæki til starfa í árslok 1984. Enn fremur er í erindinu óskað eftir að liður í viðræðum þessum verði drög að rafmagnssamningi er taki til hlutaðeigandi orkusölu. Viðræður þessar eru þegar hafnar og hafa þær leitt til þeirra draga að rafmagnssamningi, sem vitnað er til hér að framan og ber að skoða sem vinnuplagg í áframhaldandi viðræðum aðila.

Af ýmsum ástæðum telur stjórn Landsvirkjunar það vandkvæðum bundið að ganga nú þegar frá endanlegum drögum að hlutaðeigandi rafmagnssamningi, og veldur hér einkum sú óvissa, sem enn ríkir um framvindu í orkumálum á næstu árum, svo og fjárhagsleg staða Landsvirkjunar sem óhjákvæmilegt er að verði betur tryggð frá því sem nú er, ekki aðeins til þess að hún geti tekist á við meiri háttar verkefni fram undan, heldur einnig svo vel fari miðað við óbreyttan rekstur.

Stjórn Landsvirkjunar lítur því svo á að ýmsar forsendur þurfi að gefa sér auk almennra fyrirvara, ef reikna á með því, að Landsvirkjun geti með sæmilegu öryggi séð fram á möguleika til orkusölu til kísilmálmverksmiðju sem hefji rekstur í árslok 1984. Meðfylgjandi drög eru því háð eftirfarandi fyrirvörum:

1. Þess verður að vænta, að samningar takist milli ríkisins og Landsvirkjunar um byggingu og rekstur nýrra virkjana samkvæmt lögum um orkuver, nr. 60 frá 4. júní 1981.
2. Gera verður ráð fyrir að Kvíslaveitur verði fullgerðar 1985/86 ásamt stækkun Þórisvatnsmiðlunar og þeirri stækkun Búrfellsvirkjunar sem Landsvirkjun kann að telja nauðsynlega, en greinargerð hér að lútandi og varðandi framkvæmdaþörf í hinu samtengda orkuöflunarkerfi á allra næstu árum verður fljótlega send ráðuneytinu, en hún er gerð í framhaldi af skýrslu Landsvirkjunar um raforkuöflun í hinu samtengda landskerfi frá í nóvember 1981.
3. Ný virkjun (Blönduvirkjun) verði byggð af Landsvirkjun og komin í rekstur 1987/88 og byggðalínukerfið yfirtekið af Landsvirkjun samkvæmt áðurgreindum samningum varð-

andi nýjar virkjanir. Auk þess er talið nauðsynlegt að Landsvirkjun fullgeri 220 kv háspennulínu 1986 frá Þjórsársvæðinu til Akureyrar (Sprengisandslínu).

4. Fjárhagsstaða Landsvirkjunar verði tryggð á viðunandi hátt þannig að hæfilegt fé fáist úr rekstri til fjármögnunar nýrra virkjana án þess að lántökur í því skyni verði meiri en góðu hófi gegnir.

   Markmiði þessu verði náð með því móti, að stjórn Landsvirkjunar geti ákveðið heildsöluverð fyrirtækisins í samræmi við 11. gr. laganna um Landsvirkjun, nr. 59 frá 1965. Stjórninni yrði þá innan handar að hækka gjaldskrá fyrirtækisins eins og nauðsyn krefur á hverjum tíma að fenginni umsögn Þjóðhagsstofnunar og þá svo fullnægt sé nýjum arðgjafarmarkmiðum miðað við nýtt endurmat, sem fram fari á eignum Landsvirkjunar sem undanfari sameiningarinnar við Laxárvirkjun. Verði slík arðgjafarmarkmið sett af stjórn Landsvirkjunar í samráði við Þjóðhagsstofnun og þá með það fyrir augum að arðgjöfin verði viðunandi svo fjármagna megi nýjar fræmkvæmdir með hæfilegu hlutfalli eigin fjár og lánsfjár.

   Telur stjórn Landsvirkjunar breytingu sem þessa mjög brýna svo lánstraust fyrirtækisins leyfi eðlilega fjármögnun nýrra virkjanaframkvæmda. Jafnframt er fyrirsjáanlegt að óbreytt ástand að þessu leyti leiðir óhjákvæmilega til hærra raforkuverðs til almenningsrafveitna en ella þegar til lengri tíma er litið.

5. Leggja verður sérstaka áherslu á að á þessu stigi málsins verður engu slegið föstu um rafmagnsverð til kísilmálmverksmiðjunnar, sem verður óhjákvæmilega háð framvindunni hvað framangreind atriði snertir.

   Eins og kemur fram í samningsdrögunum er verðið háð nánara samkomulagi, sem ekki er unnt að gera fyrr en umrædd atriði skýrast, auk þess sem verðbótaákvæði skipta máli í þessu efni svo og hvort verðið verður í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Niðurstöður yfirstandandi athugana á, hvað telja megi hæfilegt rafmagnsverð til nýrrar stóriðju hér á landi, koma einnig til með að hafa sín áhrif. Sama máli gegnir hvað snertir árangur af viðleitni til hækkunar á orkuverði til stóriðju samkvæmt núgildandi samningum.

Stjórn Landsvirkjunar leyfir sér að vænta þess, að framangreind sjónarmið verði höfð í huga við áframhaldandi meðferð þessa máls og er að sjálfsögðu reiðubúin til frekari viðræðna varðandi framgang þess.“

Virðingarfyllst,
F. h. stjórnar Landsvirkjunar,
Jóhannes Nordal, formaður.

Fylgiskjal V.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis
hr. formaður Skúli Alexandersson
Alþingi

Reykjavík, 21.04. 1982.

Samkvæmt ósk yðar sendum við yður hjálagt greinargerð Rafmagnsveitnanna, dags. 21. apríl 1982, varðandi flutning á raforku til kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, 279. mál.

Kostnaðartölur vegna áætlaðrar styrkingar Norðurlínu á Vesturlandi, sbr. lið 2.1.2, og vegna Sprengisandslínu munum við senda yður á föstudag.

Þess má geta í þessu samhengi, að tilkoma stórnotanda á borð við kísilmálmverksmiðju býr í haginn fyrir væntanlega stóriðju á Austurlandi vegna raforkuflutnings frá virkjuninni til annarra landshluta þegar þar að kemur.

Virðingarfyllst,
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.

VARÐAR FLUTNING Á RAFORKU TIL KÍSILMÁLMVERKSMIÐJU VIÐ REYÐARFJÖRÐ

1. Inngangur.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa á undanförnum árum lagt til, að lokið verði við Suðurlínu og þar með hringtengingu á Byggðalínu á árinu 1983. Í framhaldi af því verði síðan lokið við tvöföldun á Byggðalínu á Vesturlandi með línu frá Brennimel í Hvalfirði að Vatnshömrum í Borgarfirði og þaðan í Glerárskóga í Dölum. Rafmagnsveiturnar hafa metið það svo, að þessi tvöföldun væri nauðsynleg til þess að anna auknu álagi almennra notenda á Vestur-, Norður- og Austurlandi fram til þess tíma er ný virkjun kemst í gagnið á Norður- eða Austurlandi. Rafmagnsveiturnar hafa jafnframt bent á það, að verulega aukin afköst í Kröfluvirkjun umfram það, sem verið hefur, geti ef til vill frestað tvöföldun línunnar.

Með tilkomu kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð 1985, sem þarf 40—45 MW rafafl, er ljóst að meira mun reyna á flutningsgetu byggðalínukerfisins á árunum fram til þess, að ný vatnsaflsvirkjun kemst í gagnið á Norður- eða Austurlandi, heldur en gert var ráð fyrir í upphafi.

Stjórnvöld stefna að því, að næsta virkjun á Norður- eða Austurlandi hefji framleiðslu eigi síðar en á árinu 1987. Það er mat Rafmagnsveitna ríkisins, að með tilurð slíkrar virkjunar verði vart um flutningstakmarkanir að ræða eftir byggðalínukerfinu fram til 1990 þrátt fyrir hið aukna álag af völdum kísilmálmverksmiðjunnar. Það er þó að því tilskildu, að ekki komi til aðrir stórir eða meðalstórir stóriðjunotendur á Norður- eða Austurlandi á þessum árum, svo og því, að Kröfluvirkjun verði í rekstri með a. m. k. 15—20 MW framleiðslugetu. Starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins hafa því athugað flutninga á raforku til kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð á árunum 1985—87.

2. Flutningur á raforku eftir Byggðalínu 1985—87.

2.1 Forsendur.

Í þeirri athugun, sem starfsmenn Rafmagnsveitnanna hafa gert, er gengið út frá eftirfarandi forsendum:

1. 132 kV Suðurlínu lokið 1983.
2. 132 kV línu Brennimelur — Vatnshamrar — Glerárskógar lokið 1985.
3. 1985 verði eftirtalin þéttavirki komin í rekstur:

Akureyri	30 MVAr
Mjólká	10 MVAr
Hryggstekkur	20 MVAr

4. 1985 verði kominn 50 ohma raðþéttir í 132 kV Suðurlínu.
5. Afköst Kröfluvirkjunar verði 20 MW.
6. Álag vegna almennra notenda aukist samkvæmt orkuspá Orkuspárnefndar frá apríl 1981.
7. Afköst kísilmálmverksmiðju verði 45 MW, álagsstuðull 0.975.

Rétt er að geta þess hér, að liðir 1—6 eru óháðir því, hvort kísilverksmiðjan verður reist eða ekki.

2.2 Niðurstöður útreikninga.

Á myndum 1—2 er aflflæði í byggðalínukerfinu sýnt við hámarksálag hjá almennum notendum og er þá gengið út frá því, að kerfið sé rekið hringtengt. Á myndum 3—4 er aflflæði í byggðalínukerfinu sýnt miðað við að kerfið sé rofið í Hryggstekk í Skriðdal.

Á línuriti 1 eru sýndir flutningar til Austurlands eftir byggðalínukerfinu við mismunandi álag hjá almennum notendum á árunum 1985—86 og 1986—87.

Á línuritum 1 og 2 getur einnig að líta hugsanlega afltakmörkun hjá kísilmálmverksmiðjunni á árunum 1985—86 og 1986—87 við mismunandi álag annars vegar með samtengdu kerfi og hins vegar með rofnu kerfi.

2.3 Flutningur á raforku til kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð 1985—87.

Niðurstöður útreikninga miðað við áðurnefndar forsendur sýna eftirfarandi:

1. Við eðlilegar rekstraraðstæður er hægt að anna stöðugt álagi vegna fyrri ofns kísilmálmverksmiðjunnar.
2. Við sömu aðstæður verður að takmarka álag á seinna ofni verksmiðjunnar á tímum mesta álags. Skerðingin verður sem hér segir:
   A. Ef eingöngu eru settar lágmarkskröfur um spennu líkt og gert er í dag getur þurft að takmarka álagið á mesta álagstíma veturinn 1985—86 um allt að 5 MW, en um allt að 10 MW veturinn 1986—87.
   B. Ef settar eru lágmarkskröfur um stöðugleika kerfisins, þannig að ekki komi til víðtækra truflana við bilun, gæti þurft að takmarka álagið veturinn 1985—86 tímabundið um allt að 20 MW, en um allt að 25 MW veturinn 1986—87.
3. Í bilanatilvikum verður að skerða afl- og orkuafhendingu til verksmiðjunnar allt eftir eðli og umfangi bilunar.
4. Ljóst er að með tilkomu kísilmálmverksmiðjunnar 1985 mun reyna til hins ýtrasta á flutningsgetu byggðalínukerfisins á mestu álagstímum á árunum 1985—87. Þetta hefur m. a. það í för með sér, að töp í kerfinu verða nokkuð mikil. Á tímum mesta álags geta töp í kerfinu vegna flutninga til verksmiðjunnar orðið allt að 20%.
5. Spennusveiflur á rafkerfinu geta orðið vandamál fyrir aðra notendur, þar sem tiltölulega veikar flutningslínur eiga í hlut. Hátíðnispennusveiflur má að hluta til minnka með uppsetningu thyristorstýrðra þétta í verksmiðjunni. Spennusveiflur af völdum innsetningar og rofs á ofni á fullu álagi eru hins vegar erfiðari viðureignar og er ástæða til þess að taka tillit til þess við hönnun verksmiðjunnar.
6. Á árunum 1985—87 kemur Kröfluvirkjun til með að gegna mjög mikilvægu hlutverki í rekstri Byggðalínu. Verði umtalsverð aukning á afköstum hennar, getur það aukið svigrúm fyrir stórnotendur á Norður- og Austurlandi á borð við kísilmálmverksmiðjuna, og gagnstætt verði miklir erfiðleikar á rekstri Kröfluvirkjunar.
7. Greinilegt er, að með því að reka byggðalínukerfið samtengt má anna heldur meira álagi hjá kísilmálmverksmiðjunni heldur en næst með því að reka kerfið með rofi í Hryggstekk, þ. e. Austurlína og Suðausturlína ekki samtengdar. Á mesta álagstíma nemur munurinn 5—10 MW.
8. Að lokum er rétt að benda á það hér, að hugsanlega er hægt að auka afhendingaröryggi byggðalínukerfisins með því að beita aukinni liðavernd.

Fylgiskjal VI.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Hr. alþingismaður
Skúli Alexandersson

24.04.82

Að beiðni Kristjáns Jónssonar, rafmagnsveitustjóra, hef ég tekið saman áætlaðan kostnað við nokkrar framkvæmdir í raforkumálum, sem til greina koma á næstu árum. Er hér annars vegar um að ræða styrkingu 132 kV Byggðalínu á Vesturlandi, en hins vegar 220 kV Sprengisandslínu. Línan Brennimelur — Vatnshamrar á 132 kV er þó talin nauðsynleg í báðum tilvikum ásamt auknu spennaafli í Brennimel, en báðar þessar framkvæmdir hafa verið tímasettar 1984.

A. Styrking á 132 kV Byggðalínu á Vesturlandi:	
A.1. Brennimelur — Vatnshamrar (1984)	28 M. kr.
A.2. Vatnshamrar — Glerárskógar (1985)	71 M. kr.
B. Sprengisandslína 220 kV:	
A.1. Brennimelur — Vatnshamrar (1984)	28 M. kr.
B.2. Sigalda — Akureyri (1986)	237 M. kr.

Kostnaðartölur eru á áætluðu verðlagi á miðju árinu 1982 (15% lagt ofan á verðlag 1/4 1982). Rétt er að fram komi, að viðbótarspennir í Brennimel ásamt tilheyrandi búnaði er ekki innifalinn í lið A.1 og B.1, en sú framkvæmd kostar um 20 M. kr. á sama verðlagi.

Vona ég að þessar upplýsingar komi að einhverjum notum, enda þótt nokkuð grófar séu.

Virðingarfyllst,
Steinar Friðgeirsson,
deildarverkfræðingur.

Fylgiskjal VII.

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

27. 04. 1982.

Um frumvarp til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, 279. mál.

Félagi íslenskra iðnrekenda hefur borist bréf yðar, dags. 19. apríl s. l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Óskað er svars hið allra fyrsta.

Þegar ofangreint frumvarp var lagt fram á Alþingi nýverið ákvað stjórn Félags íslenskra iðnrekenda að taka málið til ítarlegrar skoðunar. Var þegar hafist handa um söfnun gagna og er sú vinna enn í fullum gangi. Við gerum ráð fyrir að athugun félagsins á málinu muni taka

nokkurn tíma og er ráðgert að niðurstöður liggi fyrir eftir 3—4 mánuði. Félag íslenskra iðnrekenda getur því ekki á þessu stigi málsins gefið efnislega umsögn um frumvarpið.

Stofnun kísilmálmverksmiðju er afar mikil fjárfesting á íslenskan mælikvarða. Áætlað er að stofnkostnaður slíkrar verksmiðju á Reyðarfirði verði um 750 millj. kr. Er það svipuð upphæð og varið var samtals til allra fjárfestinga í iðnaði, þar með talin álverksmiðja og járnblendiverksmiðja, svo og til vinnslu sjávarafurða á árinu 1981. Það skiptir því afar miklu máli að vel takist til og að allar hliðar málsins séu grandskoðaðar. Félag íslenskra iðnrekenda er þeirrar skoðunar, að enn sé eftir að athuga betur ýmsa þætti, og bendir meðal annars á markaðsmálin svo og kostnaðarsamanburð við að staðsetja verksmiðjuna annars staðar.

Félag íslenskra iðnrekenda leggur því eindregið til, að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað.

Virðingarfyllst,
Félag íslenskra iðnrekenda

Valur Valsson
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal VIII.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT RÍKISINS

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis.

1982-04-82.

Vísað er til erindis yðar, dags. 19. apríl 1982, varðandi umsögn um frumvarp til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, 279. mál. Vegna yfirstandandi leyfis undirritaðs frá störfum hefur dregist að svara erindinu.

Við val á staðsetningu verksmiðja og iðjuvera er mikilvægt að fyrir liggi athuganir sem sýni að staðsetning sé forsvaranleg út frá mengunar- og heilbrigðissjónarmiði. Enn fremur er mikilvægt að fylgst sé með hugsanlegum mengunaráhrifum frá verksmiðjurekstrinum eftir að starfsemi er hafin. Varðandi staðarval á Reyðarfirði fyrir kísilmálmverksmiðju hafa **ekki** farið fram nauðsynlegar forrannsóknir til að ganga úr skugga um að staðsetning hennar megi teljast forsvaranleg. Ákvæði 2. málsgr. 10. gr. frumvarpsins um mengunarvarnir virðist því litlum tilgangi þjóna þar sem staðsetning verksmiðjunnar hefur verið ákveðin án þess að áður hafi verið gengið úr skugga um að hún væri forsvaranleg út frá mengunar- og heilbrigðissjónarmiði.

Varðandi ákvæði 3. málsgreinar 10. gr. frumvarpsins, þá er það í samræmi við kröfur Heilbrigðiseftirlits ríkisins og mótsvarandi mengunaryfirvalda í öðrum löndum. Þykir eðlilegt að sá, er veldur mengun, greiði kostnað af eðlilegum rannsóknum á hugsanlegri skaðsemi hennar á umhverfið. Hins vegar er í 4. málsgrein 10. gr. gert ráð fyrir að ráðherra skeri úr um ágreining um eðli og umfang nauðsynlegra rannsókna samkvæmt 3. málsgrein.

Þar sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur slæma reynslu af framkvæmd mótsvarandi ákvæða t. d. í starfsleyfum, telur stofnunin að faglegur úrskurðar skipti meira máli og sé vænlegri heldur en pólitískur, enda geti aðilar leitað til hlutlausra fagmanna og dómstóla ef ágreiningur rís um nauðsyn og umfang rannsókna af því tagi er um ræðir.

Að gefnu tilefni hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins með stuttum fyrirvara kynnt sér mengunarvarnir við kísilmálmverksmiðjur og leitað álits sérfræðinga um nauðsynlegar mengunarvarnarrannsóknir, sérstaklega með tilliti til kísilmálmverksmiðju í Reyðarfirði í landi Sóma-

staðagerðis. Hefur stofnunin í því sambandi haft samráð við verkefnisstjórn iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráð sérstaklega.

Varðandi mengun frá kísilmálmverksmiðjunni vísast til skýrslna iðnaðarráðuneytisins 1980—1982 um kísilmálmverksmiðju í Reyðarfirði svo og til greinargerðar Heilbrigðiseftirlits ríkisins með starfsleyfistillögum fyrir Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga frá 10. janúar 1977.

Samkvæmt þessum gögnum er mengunar aðallega að vænta frá rafbræðsluofni (útblástur) og við förgun úrgangsefna (aðallega kísilryks). Í útblæstri er aðallega um að ræða eftirfarandi efni og efnasambönd:

— Köfnunarefni og súrefni (andrúmsloft).
— Kolsýra.
— Kolsýrlingur.
— Brennisteinstvíoxíð.
— Ýmis lífræn og ólífræn efni og efnasambönd.
— Kísilryk.

Varðandi förgun úrgangsefna þarf að gæta að efnasamsetningu sigvatns, sérstaklega með tilliti til hugsanlegrar mengunar grunnvatns.

Að mati Heilbrigðiseftirlits ríkisins er, hvað varðar útblástur og mengun andrúmslofts, helst ástæða til að varast mengun af völdum kísilryks og brennisteinstvíoxíðs. Gert er af hálfu iðnaðarráðuneytisins ráð fyrir svipuðum mengunarvörnum og eru við Grundartangaverksmiðjuna. Hins vegar er ekki víst að þessar mengunarvarnir séu fullnægjandi fyrir kísilmálmverksmiðju í Reyðarfirði, sérstaklega hvað varðar útblástur brennisteinstvíoxíðs, vegna annarrar og væntanlega óhagstæðari dreifingar loftmengunar. Að hve miklu leyti þetta getur átt við verður ekki ljóst fyrr en nauðsynlegar rannsóknir hafa farið fram. Í því skyni hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins í samvinnu við Náttúruverndarráð tekið saman yfirlit yfir nauðsynlega rannsóknarþætti á umhverfi og lífríki í Reyðarfirði, sbr. meðfylgjandi skýrslu, og er sérstaklega bent á nauðsyn loftgæðarannsókna og dreifingarútreikninga hvað varðar brennisteinstvíoxíðmengunarhættu áður en starfsleyfi verður gefið út.

Alls er kostnaður vegna nauðsynlegra umhverfis- og lífríkisrannsókna, sbr. meðfylgjandi skýrslu, áætlaður kr. 4 585 000, að ótöldum kostnaði vegna dreifingarútreikninga, sem væntanlega verður að fá erlenda aðila til að annast, en áætlaður er ca. 60—80 þús. kr. Þessi rannsóknarkostnaður er aðeins um 0,6% af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Varðandi nauðsynlegar rannsóknir eftir að rekstur verksmiðjunnar er hafinn er ljóst að fylgjast þarf með árangri hreinsunar hinna ýmsu mengunarefna og styrk þessara efna í umhverfinu. Hins vegar er ekki hægt á þessu stigi að mæla fyrir um einstakar rannsóknir. Í því skyni þarf að bíða niðurstaðna forrannsókna þeirra, sem framkvæmdar verða, svo og ákvæða sem sett kunna að vera í starfsleyfi fyrir verksmiðjuna.

Virðingarfyllst,

Hrafn V. Friðriksson,
forstöðumaður.

Fylgiskjal IX.

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis
c/o Skúli Alexandersson form.

26. apríl 1982.

Efni: Frumvarp til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Vísað er til bréfs yðar, dags. þann 19. 04. 82, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarráðs varðandi frumvarp til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, 279. mál.

Náttúruverndarráð tók saman hjálagða skýrslu í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, þar sem koma fram tillögur sérfræðinga um nauðsynlegar rannsóknir á lífríki og umhverfi vegna fyrirhugaðrar kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Þær tillögur, sem fram koma í skýrslunni, voru samþykktar á fundi Náttúruverndarráðs 23. mars s. l.

Vakin er athygli á því, eins og segir í formála skýrslunnar, að beðið var um sérfræðiálit um mikilvægi og útfærslu einstakra rannsóknaþátta með mjög stuttum fyrirvara og að ráðið leggur að svo stöddu ekki mat á umfang hinna ýmsu verkþátta.

Varðandi 10. gr. frumvarpsins er vísað til 18. gr. frumvarps til laga um umhverfismál frá 1977 (mál 291), þar sem gert er ráð fyrir að sérstakt umhverfismálaráðuneyti hafi ákvörðunar- og úrskurðarvald ef ágreiningur kemur upp um umfang eða nauðsyn einstakra rannsóknarþátta. Ráðið telur því, miðað við núverandi skipan umhverfismála, að enginn einn ráðherra skuli hafa framangreint úrskurðarvald á sinni hendi, heldur muni hvert ráðuneyti fjalla um sinn hluta málsins.

Varðandi 3. gr. frumvarpsins, liði 2—4, vísast til ákvæða í 29. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971.

Að lokum væntir ráðið áframhaldandi samráðs eins og lög gera ráð fyrir.

Með vinsemd og virðingu,

Gísli Gíslason.

Ed. 943. Breytingartillaga [279. mál]

við frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

3. mgr. 3. gr. orðist þannig:

Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir, sem ráðherra leggi fyrir næsta Alþingi, svo og þingsályktunartillögu eða lagafrumvarp til staðfestu á heimild til ríkisstjórnarinnar til að leggja fram allt að kr. 200 000 000 í hlutafé til viðbótar.

Ed. 944. Lög [279. mál]

um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 929.

Nd. 945. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til l. um lyfjadreifingu.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Við 3. gr. Síðasti málsliður 7. mgr. orðist svo:
Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um starfsemi slíks háskólaapóteks að fengnum tillögum háskólaráðs.

Nd. 946. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til laga um lyfjadreifingu.

Frá Matthíasi Bjarnasyni og Svavari Gestssyni.

Við 44. gr. Síðari málsliður orðist svo:
Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af fjármálaráðuneyti, hinn þriðji er formaður, skipaður án tilnefningar.

Nd. 947. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Nd. 948. Frumvarp til laga [215. mál]

um skattskyldu innlánsstofnana.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. maí.)

Samhljóða þskj. 718 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 5. gr. kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1983.

Ákvæði til bráðabirgða IV kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1982 og skal skattur vegna mánaðanna janúar, febrúar og mars greiddur 15. maí ásamt greiðslu fyrir apríl.

Ákvæði til bráðabirgða V hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna skulu bankar þeir, sem versla með erlendan gjaldeyri, greiða ríkissjóði frá gildistöku laga þessara til ársloka 1982 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis.

Lög þessi og lög nr. 40/1969 skulu endurskoðast af starfandi bankamálanefnd fyrir þingbyrjun haustið 1982.

Ed. 949. Frumvarp til laga [30. mál]

um lyfjadreifingu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 7. maí.)

Samhljóða þskj. 30 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum og Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum.

Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

Heimilt er ráðherra að leggja þá kvöð á handhafa lyfsöluleyfis, að hann reki lyfjaútibú og/eða lyfjaforða í héraði sínu. Enn fremur að hann annist faglegt eftirlit með lyfjabirgðum heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana.

Umsóknir um lyfsöluleyfi skulu sendar ráðherra. Þær skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem skipuð er af ráðherra þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands, auk lyfjamálastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Varamenn félaganna eru skipaðir á sama hátt, en varamaður lyfjamálastjóra er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Sæki nefndarmaður um lyfsöluleyfi tekur varamaður sæti hans í nefndinni.

Skipunartími nefndarmanna er þrjú ár. Nefndin lætur ráðherra í té umsögn um faglega hæfni þeirra umsækjenda, sem að hennar áliti eru hæfastir, þó aðeins þriggja hæfustu, ef umsækjendur eru fleiri en þrír.

Nú sækir enginn um tiltekið lyfsöluleyfi eða enginn umsækjandi er talinn hæfur að dómi nefndarinnar og er þá lyfsölusjóði skylt að kaupa viðkomandi lyfjabúð og annast rekstur hennar til bráðabirgða með þeim réttindum og skyldum er því fylgir samkvæmt lögum þessum. Lyfsölusjóður annast rekstur lyfjabúðar í slíku tilviki þangað til umsækjandi gefur sig fram, og er þá lyfsöluleyfi auglýst að nýju eða lyfsöluleyfi úr gildi fellt.

Háskóli Íslands getur öðlast eitt lyfsöluleyfi með sérstöku tilliti til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala. Lyfsöluleyfi, sem Háskóli Íslands hefur þannig hlotið, verður ekki framselt. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um starfsemi slíks háskólaapóteks að fengnum tillögum háskólaráðs.

Háskóli Íslands skal hafa frumkvæði að tímabundinni vistun stúdenta í lyfjaverslun ríkisins, sjúkrahúsapótekum og öðrum lyfjabúðum og lyfjagerðum eftir því sem þörf krefur.

4. gr. hljóðar svo:

Skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi eða fá skipun í stöðu forstöðumanns lyfjabúðar er að umsækjandi hafi starfsleyfi í samræmi við I. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu áfram. Fer um réttarstöðu forstöðumanna þeirra á sama hátt og segir í 1. málsgr. 3. gr.

Áður en leyfisbréf er afhent ber lyfsala að undirrita heit um að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og í samræmi við landslög.

Skilyrði þessarar greinar eiga jafnt við um forstöðumenn sjúkrahúsapóteka, samvinnulyfjabúða, forstöðumann háskólaapóteks og forstöðumenn skv. 1. málsgr. 3. gr.

Umsóknir um slíkar stöður forstöðumanna skulu lagðar fyrir nefnd þá sem um getur í 4. málsgr. 3. gr., og staðfestir ráðherra ráðningu þeirra.

8. gr. hljóðar svo:

Lyfjabúðum er skylt að versla með lyf, sem selja má hér á landi, enn fremur helstu gerðir lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna.

Ráðherra ákveður með reglugerð hverjar lyfjavörur, hjúkrunar- og sjúkragögn sem og aðrar vörur lyfjabúðir mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

Lyfjanefnd skal gera tillögur um reglugerð þessa í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins, Apótekarafélag Íslands og Lyfjafræðingafélag Íslands.

9. gr. hljóðar svo:

Nú tekur lyfsali við rekstri annarrar lyfjabúðar eða fær lausn frá starfi og er honum þá rétt og skylt að reka lyfjabúðina þar til hinn nýi leyfishafi tekur við, sbr. 10. gr., eða lyfjabúðin er lögð niður.

Nú deyr lyfsali og fer þá með réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:

1. Ef erfingjar taka á sig ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda staðfestir ráðherra ráðningu hans. Hafi lyfsöluleyfinu ekki verið ráðstafað að þeim tíma loknum tekur lyfsölusjóður við rekstrinum og annast hann þar til leyfið hefur verið veitt að nýju.
2. Ef erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta annast lyfsölusjóður rekstur lyfjabúðarinnar þar til leyfi til rekstrar hennar hefur verið veitt.

Þegar lyfsöluleyfi fellur niður vegna annarra orsaka ákveður ráðherra hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar, og má þá um stundarsakir reka hana á kostnað lyfsölusjóðs.

10. gr. hljóðar svo:

Handhafi lyfsöluleyfis skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Geta skal í auglýsingu um lyfsöluleyfi, sem laust er til umsóknar, hvenær verðandi lyfsali skuli hefja reksturinn.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt frest þennan séu knýjandi ástæður fyrir hendi.

Nú er það ráðið, að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, og getur sá, er tekur við af honum, ekki krafist þess að hefja reksturinn fyrr en hinn fyrrnefndi hefur hafið rekstur lyfjabúðar þeirrar er hann tekur við, enda hefjist sú starfræksla innan þess frests sem greindur er í 1. og 2. málsgrein.

13. gr. hljóðar svo:

Í fjarveru lyfsala vegna orlofs, sjúkdóms eða af öðrum ástæðum skal hann fela lyfjafræðingi að annast daglega stjórn lyfjabúðarinnar, enda sé ekki um lengra tímabil en tvo mánuði að ræða.

Heimilt er að fela aðstoðarlyfjafræðingi að annast daglega stjórn innan greinds tímabils, ef hann er starfsmaður lyfjabúðarinnar og enginn lyfjafræðingur er fáanlegur til starfa. Samráð skal ávallt hafa við Lyfjaeftirlit ríkisins um setningu staðgengils lyfsala, nema um yfirlyfjafræðing lyfjabúðarinnar sé að ræða.

Líði tveir mánuðir svo, að lyfsali geti ekki annast rekstur lyfjabúðar sinnar eða verði í upphafi að álíta að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn áfram og bera faglega ábyrgð á honum. Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á ráðningu forstöðumanns. Sá forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

21. gr. hljóðar svo:

Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu í hvívetna hlíta fyrirmælum löggiltrar lyfjaskrár.

Ráðherra mælir fyrir í reglugerð um tilhögun lyfjaafgreiðslu og meðferð og geymslu lyfja.

23. gr. hljóðar svo:

Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði.

24. gr. hljóðar svo:

Með afgreiðslurétti á lyfjum og eiturefnum er átt við rétt til að bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og framkvæma lokaeftirlit með að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni. Slíkan rétt hafa lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar.

Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaforða, enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af ráðuneytinu eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í lyfjaforða er heimilt að veita hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður slíkan afgreiðslurétt.

29. gr. hljóðar svo:

Í lyfjaútibúi má ekki framleiða lyf eða aðrar vörur, aðrar en skyndilyf (ordination magistralis), sbr. 7. gr. laga nr. 49/1978, 3. tölul. og er slík framleiðsla háð leyfi ráðuneytisins að fengnum meðmælum Lyfjaeftirlits ríkisins. Í lyfjaútibúi skulu vera til sölu öll algeng lausasölulyf, sem eftirspurn er eftir á viðkomandi svæði, auk allra algengra lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna. Lyfseðilsskyld lyf má afgreiða í lyfjaútibúi samkvæmt lyfjaávísun. Skulu slík lyf geymd í hirslum sem má læsa.

Afgreiðslutími lyfjaútibús skal ákveðinn af ráðuneytinu og skal þar sérstaklega kveðið á um afgreiðslutíma lyfseðilsskyldra lyfja.

39. gr. hljóðar svo:

Starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar og lyfjafræðingar (aðstoðarlyfjafræðingar) í apótekum og sjúkrahúsapótekum mega ekki vera umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda. Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) að sérlyfjainnflutningsfyrirtækjum og lyfjaheildsölum er þó heimil ef enginn þeirra á verulegra hagsmuna að gæta í fyrirtækinu, sbr. ákvæði 3 til bráðabirgða.

41. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsemi fyrirtækja sem flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu, samkvæmt tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins.

42. gr. hljóðar svo:

Íslenska ríkið rekur lyfjaheildsölu og lyfjagerð sem sjálfstæða stofnun undir nafninu Lyfjaverslun ríkisins. Lyfjaverslun ríkisins er skylt að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn, bóluefni, ónæmisefni og sjúkragögn fyrir sjúkrahús, dvalarheimili aldraða og aðrar heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríki og sveitarfélögum.

43. gr. hljóðar svo:

Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og sölu til sjúkrahúsa, lyfjabúða, dvalarheimila aldraðra og annarra heilbrigðisstofnana í landinu.

Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og birgðahald Almannavarna.

44. gr. hljóðar svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af fjármálaráðuneyti, hinn þriðji er formaður, skipaður án tilnefningar.

45. gr. hljóðar svo:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins. Skal hann vera lyfjafræðingur eða viðskiptafræðingur. Umsóknir um starf forstjóra skulu lagðar fyrir nefnd þá, sem um getur í 3. gr., og stjórn Lyfjaverslunar ríkisins, sem láta ráðherra í té umsögn um hæfni umsækjenda.

46. gr. hljóðar svo:

Um búnað og fyrirkomulag í Lyfjaverslun ríkisins fer eftir þeim reglum sem gilda um lyfjagerðir og lyfjaheildsölur.

50. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að afhenda lyf frá sjúkrahúsi til sjúklinga, sem ekki eru liggjandi á sjúkrahúsinu, með öðrum hætti en um getur í 49. gr.

57. gr. hljóðar svo:

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur heimild til að selja lyfjabúðum og héraðsdýralæknum framleiðslu sína á dýralyfjum og bóluefni í heildsölu, enda fullnægi hún ákvæðum lyfjalaga, nr. 49/1978, um framleiðslu lyfja. Þá getur tilraunastöðin flutt inn og selt sömu aðilum í heildsölu ormalyf sem skráð eru hér á landi eða gerðar eru tilraunir með.

Tilraunastöðin að Keldum getur selt bændum slík lyf og bóluefni í smásölu eftir því sem aðstæður krefjast, enda sé slík sala undir eftirliti dýralækna tilraunastöðvarinnar.

59. gr. hljóðar svo:

Lyfjaeftirlit og annað eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Bráðabirgðaákvæði.

1. Þeir lyfsalar sem höfðu lyfsöluleyfi 1. júlí 1963 og fullnægja ákvæðum laganna eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs.
2. Ákvæði 4. málsgreinar 7. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 um hlutbundið lyfsöluleyfi (Reykjavíkur Apótek) eiga við meðan starfandi er lyfsali, sem öðlast hefur leyfið fyrir gildistöku laga þessara.
3. Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) er heimil að fyrirtækjum sem rekin eru í hlutafélagsformi, ef eignaraðild hvers þeirra fer ekki fram yfir 5% eignarhlut. Fyrirtæki, sem starfa í bága við 39. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 5 ára frest til að aðlaga sig þeim.
4. Lyfjaverslun ríkisins er heimilt, uns ráðherra ákveður, að starfa í rekstrarlegum tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hafa sameiginlegt skrifstofuhald með henni.

Sþ. 950. Þingsályktun [239. mál]

um hafnargerð við Dyrhólaey.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Alþingi ályktar:

1. að fram fari frekari athugun á auknum lendingarbótum fyrir smábátaútgerð við Dyrhólaey,
2. að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að kannað verði hvort unnt sé á hagkvæman hátt að gera mannvirki við Dyrhólaey, sem nota má til þess að skipa út frá Kötluvikri í stórum stíl.

Nd. 951. Lög [90. mál]

um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 552.

Nd. **952. Lög** [299. mál]

um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingalána til verkefna.

(Afgreidd frá Nd. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 703.

Ed. **953. Lög** [30. mál]

um lyfjadreifingu.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 949 (sbr. 30).

Ed. **954. Lög** [215. mál]

um skattskyldu innlánsstofnana.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 948 (sbr. 718).

Sþ. 955. Nefndaskipun.

(104. löggjafarþing.)

A. Fastanefndir.

Í sameinuðu þingi:

1. *Fjárveitinganefnd:*

Þórarinn Sigurjónsson, varaformaður,[1])
Lárus Jónsson,[2])
Geir Gunnarsson, formaður,
Friðrik Sophusson,
Karvel Pálmason,
Alexander Stefánsson,
Egill Jónsson,
Guðmundur Bjarnason,[3])
Eggert Haukdal, fundaskrifari.[4])

Mál er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1982 (1, n. 179 (1. minni hl.), n. 180 (2. minni hl.), n. 181 (meiri hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Lárus Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Karvel Pálmason.
   Frsm. meiri hl.: Geir Gunnarsson.
2. Fjáraukalög 1978 (530, n. 835).
   Frsm.: Þórarinn Sigurjónsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Landgræðslu- og landverndaráætlun 1982—86 (184, n. 546).
   Frsm.: Þórarinn Sigurjónsson.
2. Vegáætlun 1981—1984 (490, n. 723).
   Frsm.: Alexander Stefánsson.
3. Atvinnumál á Raufarhöfn og Siglufirði (524, n. 789).
   Frsm.: Lárus Jónsson.

2. *Utanríkismálanefnd:*

Aðalmenn:	*Varamenn:*
Halldór Ásgrímsson,	Guðmundur Bjarnason,
Geir Hallgrímsson, formaður,	Matthías Á. Mathiesen,
Ólafur Ragnar Grímsson,	Guðrún Helgadóttir,
Albert Guðmundsson,	Friðjón Þórðarson,
Benedikt Gröndal, varaformaður,	Karl Steinar Guðnason,
Jóhann Einvarðsson, fundaskrifari,	Guðmundur G. Þórarinsson,
Eyjólfur Konráð Jónsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.

1) Í fjarveru hans, frá 8. til 21. mars, tók sæti hans í nefndinni Böðvar Bragason.
2) Í fjarveru hans, frá 12. til 22. okt., tók sæti hans í nefndinni Vigfús Jónsson.
3) Í fjarveru hans, frá 19. okt. til 8. nóv., tók sæti hans í nefndinni Níels Á. Lund.
4) Í fjarveru hans, frá 2. til 15. nóv., tók sæti hans í nefndinni Jón Þorgilsson.

Fastanefndir Sþ.: Utanríkis- og atvinnumálanefndir.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið milli Íslands og Jan Mayen (118, n. 235).
   Frsm.: Geir Hallgrímsson.
2. Liðsinni við pólsku þjóðina (153).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni (9).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn (275, n. 357 (meiri hl.), n. 370 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Benedikt Gröndal.
   Frsm. minni hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
5. Ráðunautur í öryggis- og varnarmálum (49).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Alþjóðleg ráðstefna um afvopnun á Norður-Atlantshafi (121).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Verndun lax í Norður-Atlantshafi (325, n. 437).
   Frsm.: Geir Hallgrímsson.
8. Málefni El Salvador (331).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Samningar við Færeyjar og Noreg um veiðar á kolmunna (539, n. 600).
   Frsm.: Geir Hallgrímsson.
10. Norðurlandasamningar um vinnumarkaðsmál (562, n. 825).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.

Þingsályktunartillaga sem nefndin flutti:

Stuðningur við pólsku þjóðina (191).
Frsm.: Geir Hallgrímsson.

3. *Atvinnumálanefnd:*
   Halldór Ásgrímsson,[1])
   Eggert Haukdal, formaður,[2])
   Garðar Sigurðsson, fundaskrifari,[3])
   Friðrik Sophusson,
   Magnús H. Magnússon,
   Ólafur Þ. Þórðarson, varaformaður,
   Sverrir Hermannsson.[4])

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Fiskræktar- og veiðimál (22, n. 572).
   Frsm.: Sverrir Hermannsson.
2. Kalrannsóknir (91, n. 632).
   Frsm.: Eggert Haukdal.

---

1) Í fjarveru hans, frá 10. til 29. okt., tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Gíslason, frá 25. febr. til 14. mars Jón Kristjánsson, en á fundi nefndarinnar 22. apríl Davíð Aðalsteinsson.
2) Í fjarveru hans, frá 2. til 15. nóv., tók sæti hans í nefndinni Jón Þorgilsson, en frá 9. til 23. mars Siggeir Björnsson.
3) Í fjarveru hans, frá 19. okt. til 8. nóv., tók sæti hans í nefndinni Baldur Óskarsson.
4) Í fjarveru hans, frá 25. febr. til 14. mars, tók sæti hans í nefndinni Tryggvi Gunnarsson.

3. Stóriðnaður á Norðurlandi (11).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Kornrækt (74, n. 444).
   Frsm.: Ólafur Þ. Þórðarson.
5. Votheysverkun (21, n. 571).
   Frsm.: Eggert Haukdal.
6. Stefnumörkun í landbúnaði (32).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Atvinnutækifæri á Suðurlandi (145).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Landnýtingaráætlun (54).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Iðnaðarstefna (87).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Iðnaðarstefna (162).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Iðnkynning (55, n. 843).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
12. Fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll (88).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Efling atvinnulífs á Vestfjörðum (92).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Kolmunni og vinnslustöð á Austurlandi (173).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Innlendur lífefnaiðnaður (219, n. 827).
    Frsm.: Ólafur Þ. Þórðarson.
16. Efling innlends iðnaðar (329, n. 882 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús H. Magnússon.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
17. Rannsóknir á surtarbrandi á Vestfjörðum (388).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Hafnargerð við Dyrhólaey (446, n. 858).
    Frsm.: Garðar Sigurðsson.
19. Steinullarverksmiðja í Þorlákshöfn (472, n. 878 (meiri hl.), n. 885 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Friðrik Sophusson.
    Frsm. minni hl.: Ólafur Þ. Þórðarson.
20. Virkjunarframkvæmdir og orkunýting (176, n. 844).
    Frsm.: Sverrir Hermannsson.
21. Stefna í flugmálum (284).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Sparnaður í olíunotkun fiskiskipa (533).
    Nefndarálit kom ekki.

Þingsályktunartillaga er nefndin flutti:

Iðnaðarstefna (768).
   Frsm.: Friðrik Sophusson.

4. *Allsherjarnefnd:*
Páll Pétursson,
Halldór Blöndal, varaformaður,
Guðrún Helgadóttir,
Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskrifari,
Jóhanna Sigurðardóttir, formaður,
Guðmundur G. Þórarinsson,
Steinþór Gestsson.[1])

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Fjarskiptalög (8).
Nefndarálit kom ekki.
2. Smærri hlutafélög (12, n. 341).
Frsm.: Halldór Blöndal.
3. Orlofsbúðir fyrir almenning (13, n. 509).
Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
4. Ár aldraðra (20, n. 197).
Frsm.: Halldór Blöndal.
5. Nýting bújarða í þágu aldraðra (31).
Nefndarálit kom ekki.
6. Afstaða símnotenda til jöfnunar símkostnaðar (35).
Nefndarálit kom ekki.
7. Staða og rekstrarmöguleikar félagsheimila (60, n. 687).
Frsm.: Halldór Blöndal.
8. Íþróttamannvirki á Laugarvatni (70).
Nefndarálit kom ekki.
9. Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum (79).
Nefndarálit kom ekki.
10. Umfjöllun þingnefnda varðandi reglugerðir (51).
Nefndarálit kom ekki.
11. Starfsmat fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk ríkisbankanna (68).
Nefndarálit kom ekki.
12. Stefnumörkun í fjölskyldumálum (59).
Nefndarálit kom ekki.
13. Öryggisbúnaður fiski- og farskipahafna (98, n. 495).
Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
14. Almannavarnir (101, n. 343).
Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
15. Fangelsismál (38, n. 511).
Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
16. Sjónvarp einkaaðila (106).
Nefndarálit kom ekki.
17. Sjúkraflutningar (40, n. 556).
Frsm.: Guðmundur G. Þórarinsson.
18. Skattafrádráttur (47).
Nefndarálit kom ekki.

1) Í fjarveru hans, frá 30. nóv. til 9. des., tók sæti hans í nefndinni Sigurður Óskarsson.

19. Verðlagning á orku (115).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Starfslaun íþróttamanna (123).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Orkubú Suðurnesja (125, n. 665).
    Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
22. Upplýsinga- og tölvumál (56, n. 606).
    Frsm.: Guðmundur G. Þórarinsson.
23. Ávana- og fíkniefni (57, n. 603).
    Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
24. Lækningamáttur jarðsjávar við Svartsengi (120, n. 660).
    Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
25. Sjálfsforræði sveitarfélaga (127, n. 698 (meiri hl.), n. 724 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jóhanna Sigurðardóttir.
    Frsm. minni hl.: Páll Pétursson.
26. Íslenskt efni á myndsnældum (297, n. 662).
    Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
27. Kolbeinsey (163, n. 605).
    Frsm.: Páll Pétursson.
28. Listiðnaður (330, n. 730).
    Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
29. Byggðaþróun í Árneshreppi (405, n. 700).
    Frsm.: Halldór Blöndal.
30. „Svört atvinnustarfsemi“ (406).
    Nefndarálit kom ekki.
31. Brú yfir Hvalfjörð (403).
    Nefndarálit kom ekki.
32. Uppbygging flugvalla á Austurlandi (412).
    Nefndarálit kom ekki.
33. Mörk lögsagnarumdæma (440).
    Nefndarálit kom ekki.
34. Hagnýting orkulinda til stóriðju (131, n. 725 (minni hl.), n. 728 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
    Frsm. minni hl.: Páll Pétursson.
35. Slysa-, líf- og örorkutryggingar við björgunarstörf (354, n. 760).
    Frsm.: Haraldur Ólafsson.
36. Aukaþing til að afgreiða nýja stjórnarskrá (522).
    Nefndarálit kom ekki.
37. Röðun jarða til tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun (554).
    Nefndarálit kom ekki.

5. *Kjörbréfanefnd:*
Jósef H. Þorgeirsson, varaformaður,[1])
Ólafur Jóhannesson, formaður,[2])
Birgir Ísl. Gunnarsson,
Skúli Alexandersson,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Tómas Árnason,[3])
Friðrik Sophusson, fundaskrifari.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Baldurs Óskarssonar, 1. (vara)þm. Suðurl., Jóns Þorgilssonar, 2. (vara)þm. Suðurl., Finns Torfa Stefánssonar, 1. landsk. (vara)þm., Hannesar Baldvinssonar, 1. (vara)þm. Norðurl. v., Guðmundar Vésteinssonar, 2. (vara)þm. Vesturl. og Ragnhildar Helgadóttur, 1. landsk. (vara)þm. og lét uppi munnleg álit um þau.

B.

Í efri deild:

1. *Fjárhags- og viðskiptanefnd:*
Davíð Aðalsteinsson, [4])
Eyjólfur Konráð Jónsson, [5])
Ólafur Ragnar Grímsson, formaður,
Lárus Jónsson, [6])
Guðmundur Bjarnason, varaformaður, [7])
Kjartan Jóhannsson, fundaskrifari, [8])
Gunnar Thoroddsen.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Söluskattur (19, n. 384).
Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
2. Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu (42, n. 133 (meiri hl.), n. 140 (1. minni hl.), n. 142 (2. minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
Frsm. 1. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
Frsm. 2. minni hl.: Lárus Jónsson.
3. Söluskattur (37, n. 427 (meiri hl.), n. 543 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
Frsm. minni hl.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 3. til 7. maí, tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.
2) Í fjarveru hans, frá 21. okt. til 9. nóv., frá 16. nóv. til 1. des. og frá 15. febr. til 1. mars, tók sæti hans í nefndinni Haraldur Ólafsson, en frá 19. apríl til 17. maí Sigrún Magnúsdóttir.
3) Í fjarveru hans, frá 5. til 24. apríl, tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Gíslason.
4) Í fjarveru hans, frá 9. til 29. nóv., tók sæti hans í nefndinni Jón Sveinsson.
5) Í fjarveru hans, frá 14. apríl til 2. maí, tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.
6) Í fjarveru hans, frá 12. til 22. okt., tók sæti hans í nefndinni Vigfús Jónsson.
7) Í fjarveru hans, frá 19. okt. til 18. nóv., tók sæti hans í nefndinni Níels Á. Lund.
8) Í fjarveru hans á fundi nefndarinnar 8. apríl tók Eiður Guðnason sæti hans í nefndinni.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og viðskiptanefnd.

4. Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum (78, n. 135 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
5. Lánsfjárlög 1982 (58, n. 222 (meiri hl.), n. 223 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
6. Ábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum (44, n. 691).
   Frsm.: Kjartan Jóhannsson.
7. Lífeyrissjóður Íslands (65).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Almannatryggingar (166, n. 428 (meiri hl.), n. 431 (1. minni hl.), n. 433 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Lárus Jónsson.
9. Tímabundið vörugjald (99, n. 244 (meiri hl.), n. 252 (1. minni hl.), n. 253 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
10. Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (107, n. 245).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
11. Stofnlánadeild samvinnufélaga (104, n. 246).
    Frsm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
12. Tollskrá o. fl. (259, n. 266).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
13. Tollskrá (217, n. 339).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
14. Viðbótarlán til íbúðabyggjenda (185).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Tollskrá o. fl. (303, n. 305 (meiri hl.), n. 306 (1. minni hl.), n. 308 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Lárus Jónsson.
16. Ráðstafanir vegna breytingar á gengi ísl. krónu (314, n. 419 (meiri hl.), n. 429 (1. minni hl.), n. 434 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
17. Skattskylda innlánsstofnana (372, n. 693 (meiri hl.), n. 697 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Guðmundur Bjarnason.
    Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
18. Breytt tekjuöflun vegna ráðstafana í efnahagsmálum (376 (sbr. 337), n. 383 (1. minni hl.), n. 394 (2. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
    Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.

19. Ríkisreikningurinn 1978 (531, n. 759).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
20. Tollheimta og tolleftirlit (561).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Verðtryggður skyldusparnaður (620).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum (557, n. 692).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
23. Tollskrá (617).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Loðdýrarækt (659).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Ríkisbókhald (705, n. 714).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
26. Tekjuskattur og eignarskattur (611).
    Nefndarálit kom ekki.
27. Eftirlaun alþingismanna og eftirlaun ráðherra (690, n. 715).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
28. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (61, n. 755 (1. minni hl.), n. 756 (2. minni hl.), n. 761 (3. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Guðmundur Bjarnason.
    Frsm. 2. minni hl.: Lárus Jónsson.
    Frsm. 3. minni hl.: Eiður Guðnason.
29. Verðlag og samkeppnishömlur (683, n. 758).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
30. Norræn fjárfestingarlán (703, n. 867).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
31. Ábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms (906, n. 909).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
32. Tekjuskattur og eignarskattur (282).
    Nefndarálit kom ekki.

Lagafrumvarp er nefndin flutti:

Stimpilgjald (710).

Fastanefndir Ed.: Samgöngu- og landbúnaðarnefndir.

2. *Samgöngunefnd:*

Stefán Guðmundsson,
Guðmundur Karlsson, varaformaður,
Stefán Jónsson,[1])
Egill Jónsson, fundaskrifari,
Jón Helgason,[2])
Eiður Guðnason, formaður,[3])
Lárus Jónsson.[4])

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Flugmálaáætlun (71).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Sjómannalög (107).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Flutningssamningar (274, n. 371).
   Frsm.: Jón Helgason.
4. Loftferðir (273, n. 588 (meiri hl.), n. 590 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Lárus Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Helgason.

Í samvinnu við samgöngunefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða og völuflutninga. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 233 (frsm.: Stefán Valgeirsson).

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Jón Helgason, [5])
Egill Jónsson, formaður,
Helgi Seljan, [6])
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Davíð Aðalsteinsson, [7])
Eiður Guðnason, fundaskrifari, [8])
Eyjólfur Konráð Jónsson, varaformaður. [9])

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Landgræðsla (360, n. 555).
   Frsm.: Egill Jónsson.
2. Fóðurverksmiðjur (399, n. 782 (1. minni hl.), n. 784 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Jón Helgason.
   Frsm. 2. minni hl.: Egill Jónsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 22. mars til 13. apríl, tók sæti hans í nefndinni Soffía Guðmundsdóttir.
2) Í fjarveru hans, frá 3. til 16. nóv., tók sæti hans í nefndinni Böðvar Bragason.
3) Í fjarveru hans, frá 25. febr. til 10. mars, tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Vésteinsson.
4) Í fjarveru hans, frá 12. til 22. okt. tók sæti hans í nefndinni Vigfús Jónsson.
5) Í fjarveru hans, frá 2. til 16. nóv., tók sæti hans í nefndinni Böðvar Bragason.
6) Í fjarveru hans, frá 25. mars til 13. apríl, tók sæti hans í nefndinni Sveinn Jónsson.
7) Í fjarveru hans, frá 9. til 29. nóv., tók sæti hans í nefndinni Jón Sveinsson.
8) Í fjarveru hans, frá 25. febr. til 10. mars, tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Vésteinsson.
9) Í fjarveru hans, frá 14. apríl til 2. maí, tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.

3. Stofnlánadeild landbúnaðarins (598, n. 752).
   Frsm.: Jón Helgason.
4. Búnaðarmálasjóður (639 (sbr. 400), n. 751).
   Frsm.: Jón Helgason.
5. Dýralæknar (650 (sbr. 643), n. 785 (meiri hl.) n. 791 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Egill Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Eiður Guðnason.
6. Ábúðarlög (379, n. 749).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
7. Jarðalög (380, n. 750).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
8. Dýralæknar (137, n. 912).
   Frsm.: Egill Jónsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Stefán Guðmundsson, formaður,
Guðmundur Karlsson,
Geir Gunnarsson, varaformaður,
Gunnar Thoroddsen,
Guðmundur Bjarnason, fundaskrifari,[1])
Kjartan Jóhannsson,[2])
Egill Jónsson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (138, n. 534).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
2. Útflutningsgjald af grásleppuafurðum (139, n. 535).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
3. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (277, n. 310).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
4. Endurnýjun skipastólsins (280).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (158, n. 206).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
6. Olíugjald (276, n. 436 (meiri hl.), n. 443 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Stefán Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Guðmundur Karlsson.
7. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (476, n. 680).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.

1) Í fjarveru hans, frá 19. okt. til 8. nóv., tók sæti hans í nefndinni Níels Á. Lund.
2) Á fundi nefndarinnar 17. febr. tók sæti hans Eiður Guðnason.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Stefán Guðmundsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Stefán Jónsson, varaformaður,
Gunnar Thoroddsen,
Davíð Aðalsteinsson, formaður,[1])
Kjartan Jóhannsson, fundaskrifari,[2])
Egill Jónsson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Jarðboranir ríkisins (5).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Orkulög (4).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Olíuleitarmál og hafsbotnsrannsóknir (6).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Verðjöfnunargjald af raforku (152, n. 172).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
5. Iðnráðgjafar (183 (sbr. 69), n. 215).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
6. Orkulög (345).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Iðnlánasjóður (545, n. 676).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
8. Kísiliðjan (584, n. 675).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
9. Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði (585, n. 765).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
10. Lagmetisiðjan (634, n. 754 (meiri hl.), n. 762 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Davíð Aðalsteinsson.
    Frsm. minni hl.: Eiður Guðnason.
11. Jöfnun hitunarkostnaðar (619, n. 933).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
12. Iðnfræðingar (204, n. 721).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
13. Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði (929, n. 939 (meiri hl.), n. 942 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Egill Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 9. til 29. nóv., tók sæti hans í nefndinni Jón Sveinsson.
2) Á fundum nefndarinnar 21., 26. og 27. apríl tók sæti hans í nefndinni Eiður Guðnason.

6. *Félagsmálanefnd:*

Stefán Guðmundsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson, formaður,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Salome Þorkelsdóttir,
Guðmundur Bjarnason, fundaskrifari,[1])
Karl Steinar Guðnason, varaformaður,[2])
Guðmundur Karlsson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Sveitarstjórnarlög (82, n. 493).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
2. Orlof (28).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Innheimtustofnun sveitarfélaga (334, n. 448).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
4. Atvinnuréttindi útlendinga (413, n. 547).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
5. Brunavarnir og brunamál (637 (sbr. 43), n. 780).
   Frsm.: Karl Steinar Guðnason.
6. Tekjustofnar sveitarfélaga (85, n. 781).
   Frsm.: Karl Steinar Guðnason.
7. Húsnæðisstofnun ríkisins (633).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Orlof (796, n. 856).
   Frsm.: Karl Steinar Guðnason.

7. *Heilbrigðis- og trygginganefnd:*

Davíð Aðalsteinsson, formaður, [3])
Gunnar Thoroddsen,
Helgi Seljan, varaformaður, [4])
Salome Þorkelsdóttir,
Jón Helgason, [5])
Karl Steinar Guðnason, fundaskrifari, [6])
Lárus Jónsson.[7])

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Lyfjadreifing (30, n. 770).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
2. Almannatryggingar (28, n. 569).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 19. okt. til 8. nóv., tók sæti hans í nefndinni Níels Á. Lund.
2) Í fjarveru hans, frá 9. til 29. nóv., tók sæti hans í nefndinni Finnur Torfi Stefánsson.
3) Í fjarveru hans, frá 9. til 29. nóv., tók sæti hans í nefndinni Jón Sveinsson.
4) Í fjarveru hans, frá 25. mars til 13. apríl, tók sæti hans í nefndinni Sveinn Jónsson.
5) Í fjarveru hans, frá 3. til 16. nóv., tók sæti hans í nefndinni Böðvar Bragason.
6) Í fjarveru hans, frá 9. til 29. nóv., tók sæti hans í nefndinni Finnur Torfi Stefánsson, en á fundi nefndarinnar 14. okt. Eiður Guðnason.
7) Á fundi nefndarinnar 14. okt. tók sæti hans Þorv. Garðar Kristjánsson.

3. Lyfjalög (62, n. 154).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
4. Lyfsölulög (63, n. 326).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
5. Framkvæmdasjóður aldraðra (260, n. 267).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
6. Almannatryggingar (294 (sbr. 261), n. 327).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
7. Lyfjalög (315).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Almannatryggingar (316, n. 328).
   Frsm.: Karl Steinar Guðnason.
9. Öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum (422, n. 656).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
10. Vátryggingarstarfsemi (423, n. 655).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
11. Viðlagatrygging Íslands (541, n. 657).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
12. Almannatryggingar (110, n. 748 (meiri hl.), n. 787 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Davíð Aðalsteinsson.
    Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.

8. *Menntamálanefnd:*

Jón Helgason,[1])
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Ólafur Ragnar Grímsson, formaður,[2])
Salome Þorkelsdóttir, fundaskrifari,
Davíð Aðalsteinsson, varaformaður,[3])
Karl Steinar Guðnason,[4])
Gunnar Thoroddsen.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Útvarpslög (7).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Sinfóníuhljómsveit Íslands (3, n. 367).
   Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
3. Blindrabókasafn Íslands (317, n. 618).
   Frsm.: Jón Helgason.
4. Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar (351, n. 374).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
5. Framhaldsskólar (366).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru hans, frá 3. til 16. nóv., tók sæti hans í nefndinni Böðvar Bragason.
2) Á fundum nefndarinnar 27. til 28. apríl tók sæti hans í nefndinni Ólafur Ragnar Grímsson.
3) Í fjarveru hans, frá 9. til 29. nóv., tók sæti hans í nefndinni Jón Sveinsson.
4) Í fjarveru hans, frá 9. til 29. nóv., tók sæti hans í nefndinni Finnur Torfi Stefánsson, en á fundi nefndarinnar 28. apríl Eiður Guðnason.

6. Listskreytingasjóður ríkisins (591, n. 735).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
7. Grunnskóli (615).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Grunnskóli (613, n. 734).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
9. Námslán og námsstyrkir (702 (sbr. 192), n. 753).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
10. Kirkjuþing og kirkjuráð (641, n. 911).
    Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

9. *Allsherjarnefnd:*

Stefán Guðmundsson,
Eyjólfur Konráð Jónsson, fundaskrifari,[1])
Stefán Jónsson,[2])
Egill Jónsson,
Jón Helgason,[3])
Eiður Guðnason, formaður,[4])
Salome Þorkelsdóttir, varaformaður.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Hæstiréttur Íslands (93, n. 386).
   Frsm.: Jón Helgason.
2. Kosningar til Alþingis (86, n. 137).
   Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.
3. Mannanöfn (108).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Framkvæmd eignarnáms (141, n. 550 (meiri hl.), n. 553 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Helgason.
   Frsm. minni hl.: Eiður Guðnason.
5. Flutningsráð ríkisstofnana (147).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Sveitarstjórnarlög (321).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Veiting ríkisborgararéttar (320, n. 586).
   Frsm.: Eiður Guðnason.
8. Sveitarstjórnarkosningar (164, n. 362).
   Frsm.: Eiður Guðnason.
9. Birting laga (333, n. 551 (meiri hl.), n. 558 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Eiður Guðnason.
   Frsm. minni hl.: Jón Helgason.
10. Sveitarstjórnarkosningar (348, n. 393).
    Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.

---

1) Í fjarveru hans, frá 14. apríl til 2. maí, tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.
2) Á fundi nefndarinnar 17. mars tók sæti hans í nefndinni Helgi Seljan, en í fjarveru hans, frá 22. mars til 13. apríl, tók sæti hans í nefndinni Soffía Guðmundsdóttir.
3) Í fjarveru hans, frá 3. til 16. nóv., tók sæti hans í nefndinni Böðvar Bragason.
4) Í fjarveru hans, frá 25. febr. til 10. mars, tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Vésteinsson.

11. Sveitarstjórnarlög (347, n. 391).
    Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.
12. Kosningar til Alþingis (420, n. 514).
    Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.
13. Umferðarlög (421, n. 474).
    Frsm.: Eiður Guðnason.
14. Hegningarlög (536, n. 599).
    Frsm.: Eiður Guðnason.
15. Skipan dómsvalds (601).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Verslanaskrár og veitingasala (548, n. 816).
    Frsm.: Eiður Guðnason.
17. Lögheimili (130, n. 820).
    Frsm.: Eiður Guðnason.
18. Ríkisborgararéttur (638 (sbr. 255), n. 726).
    Frsm.: Eiður Guðnason.
19. Fangelsi og vinnuhæli (502, n. 727).
    Frsm.: Eiður Guðnason.

C.

Í neðri deild:

1. *Fjárhags- og viðskiptanefnd:*
   Halldór Ásgrímsson, formaður,[1])
   Matthías Á. Mathiesen,
   Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður,[2])
   Albert Guðmundsson,
   Sighvatur Björgvinsson,[3])
   Ingólfur Guðnason, fundaskrifari,[4])
   Matthías Bjarnason.

   Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

   1. Tekjuskattur og eignarskattur (15).
      Nefndarálit kom ekki.
   2. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (61, n. 484 (1. minni hl.), n. 500 (2. minni hl.), n. 505 (3. minni hl.)).
      Frsm. 1. minni hl.: Matthías Bjarnason.
      Frsm. 2. minni hl.: Sighvatur Björgvinsson.
      Frsm. 3. minni hl.: Guðrún Hallgrímsdóttir.
   3. Staðgreiðsla opinberra gjalda (75).
      Nefndarálit kom ekki.
   4. Tímabundið vörugjald (99, n. 149 (minni hl.), n. 156 (meiri hl.)).
      Frsm. minni hl.: Halldór Ásgrímsson.
      Frsm. meiri hl.: Matthías Bjarnason.

1) Í fjarveru hans, frá 10. til 29. okt., tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Gíslason, en frá 25. febr. til 14. mars Jón Kristjánsson. Á fundi nefndarinnar 1. febr. Guðmundur G. Þórarinsson.
2) Í fjarveru hans, frá 20. jan. til 3. maí, tók sæti hans í nefndinni Guðrún Hallgrímsdóttir.
3) Í fjarveru hans, frá 23. mars til 6. apríl, tók sæti hans í nefndinni Gunnar R. Pétursson.
